Alþingi 1941.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1941, laugardaginn 15. febrúar, var fimmtugasta og sjötta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fertugasta og fjórða aðalþing í röðinni, en sjötugasta og fyrsta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Séra Sigurbjörn Einarsson steig í stólinn og lagði út af Jes. 51, 12—13 a.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Bergur Jónsson, þm. Barð.
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
7. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
8. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
9. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
10. Einar Olgeirsson, 4. þm. Reykv.
11. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
12. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
14. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
15. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
16. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
17. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
18. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
19. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
20. Hermann Jónasson, þm. Str.
21. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
22. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
23. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
24. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
25. Jóhann G. Möller, 6. þm. Reykv.
26. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
27. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
28. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
29. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
30. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
31. Ólafur Thors, þm. G.-K.
32. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
33. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
34. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
35. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
36. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
37. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
38. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.
39. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
40. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.
41. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
42. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
43. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.
44. Þorsteinn Briem, þm. Dal.
45. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi, nema 8. landsk. þm., þm. G.-K. og báðir þm. N.-M.,* sem boðað höfðu veikindaforföll. En ókomnir voru til þings:

1. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
2. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
3. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk.
4. Thor Thors, þm. Snæf.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Hermann Jónasson,** og las upp opið bréf ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, svo hljóðandi:

„Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds, Gerir kunnugt:

Að það samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 hefur ákveðið, að Alþingi komi saman til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1941.

Um leið og þetta er birt, er öllum þeim, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

Gert í Reykjavík, 3. febrúar 1941.

Hermann Jónasson

Eysteinn Jónsson — Jakob Möller
Ólafur Thors — Stefán Jóh. Stefánsson

Hermann Jónasson.

Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1941."

Síðan las forsætisráðherra bréf ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, svo hljóðandi:

„Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,
Gerir kunnugt:

Að það veitir hér með forsætisráðherra, Hermanni Jónassyni, umboð til þess í nafni ráðuneytisins að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1941.

Gert í Reykjavík, 3. febrúar 1941.

Hermann Jónasson

Eysteinn Jónsson Jakob Möller
Ólafur Thors Stefán Jóh. Stefánsson

Hermann Jónasson.

Bréf ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, um setningu Alþingis."

Forsætisráðherra kvaddi nú elzta þingmanninn, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til þess að stýra fundi, þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látins þingmanns.

Aldursforseti (IngP): Frá því er síðasta þingi sleit hefur fallið frá úr þingmannahópnum merkur maður á bezta aldri, Pétur Halldórsson, borgarstjóri í Reykjavík. Hann andaðist 26. nóvember f. á. eftir þunga og langa legu. Vil ég, áður en Alþingi tekur til starfa að þessu sinni, minnast þessa þingbróður vors nokkrum orðum.

Pétur Halldórsson fæddist í Reykjavík 26. apríl 1887, sonur Halldórs bankaféhirðis Jónssonar og konu hans, Kristjönu Pétursdóttur, organleikara Guðjohnsens. Hann lauk stúdentsprófi í lærða skólanum í Reykjavík 1907 og ári síðar heimspekiprófi við Kaupmannahafnarháskóla, en hvarf síðan frá frekara námi og fluttist heim, keypti 1. janúar 1909 Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar og rak þá verzlun til dauðadags, þótt sonur hans stjórnaði henni hin síðustu árin.

Þótt Pétur Halldórsson muni verið hafa að eðlisfari maður óframgjarn, hóglátur og friðsamur, kom snemma í ljós áhugi hans á almennum málum, skoðanafesta og einbeitni, samfara ljúflyndi og lipurð í framkomu, og hlóðust því brátt á hann ýmis vandasöm störf og ábyrgðarmikil. Ekki mun hann þó sjálfur hafa leitað á um þá hluti, heldur einatt látið undan fortölum og áeggjan samverkamanna, sem til hans báru jafnan mikið traust. Í góðtemplararegluna gekk hann þegar á barnsaldri, var félagi hennar upp frá því og einn hinna helztu forvígismanna í bindindismálunum. Hann var æðsti maður reglunnar hér á landi (stórtemplar) í 5 ár samfleytt, 1917—1922. Í bæjarstjórn Reykjavíkur var hann kosinn 1920 og átti þar sæti æ síðan, var forseti bæjarstjórnar í mörg ár, bæjarráðsmaður frá 1932, en borgarstjóri frá 1935, eftir fráfall Jóns Þorlákssonar. Þingmaður Reykvíkinga var hann frá 1933, kosinn fyrst aukakosningu 22. október 1932. Auk þeirra starfa, sem hér hafa verið talin, má nefna það, að Pétur Halldórsson átti um langt skeið sæti í skólanefnd og söknarnefnd í Reykjavík. Hann var og einn forgöngumanna að stofnun gagnfræðaskóla Reykvíkinga 1928 og formaður skólanefndar hans alla tíð. Í mörg ár hafði hann og verið formaður íslenzka bóksalafélagsins. — Bækling ritaði hann og gaf út árið 1925: „Góðæri og gengismál. Hugleiðingar stýfingarmanns". — Af málum þeim, sem hann beittist fyrir í bæjarstjórn og á Alþingi, má einkum nefna hitaveitumálið. Á því máli hafði hann einlæga trú og lagði fram mikið starf því til framgangs, þótt óvænt örlög hafi svo til hagað, að honum auðnaðist ekki að sjá því að fullu borgið.

Pétur Halldórsson átti mikinn þátt í að glæða tónlistarlíf bæjarins. Sjálfur var hann afburðagóður söngmaður og smekkvís að sama skapi.

Þótt sumir telji Pétur Halldórsson hafa verið um of íhaldssaman og fastheldinn við forna háttu, einkum á sviði fjármála og félagsmála, leikur það ekki á tveim tungum, að hann hafi verið maður stefnufastur, heill og hreinskiptinn, og ekki hvikað frá því, er hann taldi rétt vera í hverju máli. Og um hitt eru allir sammála, þeir er af honum höfðu kynni, að hann hafi verið mannkostamaður, hjálpfús og greiðvikinn, prúðmenni í allri framgöngu, ljúfur og mannþýður, enda átti hann óvenjulegum vinsældum að fagna, einnig meðal andstæðinga.

Ég vil biðja háttv. þingmenn að votta minningu þessa látna alþingismanns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Þingmenn risu úr sætum.]

Fundi frestað til mánudags.

Mánudaginn 17. febr., kl. 1 miðdegis, var fundinum fram haldið. Af þeim fjórum þingmönnum, sem ókomnir voru til þings á laugardag, var nú kominn Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm. Voru á fundi allir þeir þm., er til þings voru komnir, nema 1. þm. Reykv., sem boðað hafði forföll.

Kosning forseta.

Aldursforseti kvaddi sér nú til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjarna Bjarnason, 2. þm. Árn., og Bjarna Snæbjörnsson, þm. Hafnf., og lét síðan ganga til kosninga um forseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.,
með 21 atkv. — Pétur Ottesen, þm. Borgf., fékk 1 atkv., en 19 seðlar voru auðir.

Gekk þá hinn kjörni forseti til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Pétur Ottesen, þm. Borgf.,
með 20 atkv. — 20 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og var kosinn

Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.,
með 23 atkv. — 18 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var BjB, en á B-lista JJós. — Þar sem ekki voru fleiri til-

nefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn., og
Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista voru EÁrna, VJ, BJ, en á B-lista GSv, ÞÞ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru í kjörbréfanefnd án atkvgr.:

Einar Árnason,
Gísli Sveinsson,
Vilmundur Jónsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Bergur Jónsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 18. febr., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosning allra nefndanna komu fram tveir listar, A og B, og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Af A-lista: Jónas Jónsson,
Bjarni Bjarnason,
Emil Jónsson,
Helgi Jónasson,
Páll Hermannsson.

Af B-lista: Pétur Ottesen,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Sigurður E. Hlíðar,
Sigurður Kristjánsson.

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:

Af A-lista: Bergur Jónsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Jónas Jónsson.

Af B-lista: Magnús Jónsson,
Jóhann Jósefsson,
Garðar Þorsteinsson.

Varamenn:

Af A-lista: Gísli Guðmundsson,
Páll Zóphóníasson,
Haraldur Guðmundsson,
Pálmi Hannesson.

Af B-lista: Ólafur Thors,
Bjarni Snæbjörnsson,
Árni Jónsson.

3. Allsherjarnefnd.

Af A-lista: Einar Árnason,
Jörundur Brynjólfsson,
Finnur Jónsson,
Páll Zóphóníasson.

Af B-lista: Gísli Sveinsson,
Árni Jónsson,
Þorsteinn Briem.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var 1. fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
4. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
5. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
6. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
7. Hermann Jónasson, þm. Str.
8. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
9. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
10. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
11. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
12. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
13. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
15. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.
16. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Allir deildarmenn voru á fundi, nema 10. landsk. þm., sem var ókominn til þings, og 1. þm. Reykv., sem boðað hafði forföll.

Forsætisráðherra, Hermann Jónasson, kvaddi elzta þingmann deildarinnar, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pál Hermannsson, 2. þm. N.-M., og Bjarna Snæbjörnsson, þm. Hafnf.

Kosning forseta og skrifara.

Var þá gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,

með 13 atkv. — 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.,

með 13 atkv. — 1 seðill var auður.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.,

með 12 atkv. — 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var PHerm, en á B-lista BSn. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M., og
Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.

Sætaskipun.

Forseti lýsti yfir því, að þingflokkarnir hefðu komið sér saman um, samkv. 7. gr. þingskapa, að skipa sér til sætis eftir flokkum, og héldist því sama sætaskipun og á síðasta þingi.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 18. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Af A-lista: Bernharð Stefánsson, Erlendur Þorsteinsson.
Af B-lista: Magnús Jónsson.

2. Samgöngumálanefnd.
Af A-lista: Bernharð Stefánsson, Páll Zóphóníasson.
Af B-lista: Árni Jónsson.

3. Landbúnaðarnefnd.
Af A-lista: Páll Zóphóníasson, Erlendur Þorsteinsson.
Af B-lista: Þorsteinn Þorsteinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd.
Af A-lista: Ingvar Pálmason, Sigurjón Á. Ólafsson.
Af B-lista: Jóhann Jósefsson.

5. Iðnaðarnefnd.
Af A-lista: Páll Hermannsson, Erlendur Þorsteinsson.
Af B-lista: Bjarni Snæbjörnsson.

6. Menntamálanefnd.
Af A-lista: Jónas Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson.
Af B-lista: Árni Jónsson.

7. Allsherjarnefnd.
Af A-lista: Ingvar Pálmason, Sigurjón Á. Ólafsson.
Af B-lista: Magnús Gíslason.

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Einar Olgeirsson, 4. þm. Reykv.
6. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
7. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
8. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
9. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
10. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
12. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
13. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
14. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
15. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
16. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
17. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
18. Jóhann G. Möller, 6. þm. Reykv.
19. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk.
20. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
21. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
22. Ólafur Thors, þm. G.-K.
23. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
24. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
25. Sigurður Hlíðar, þm. Ak.
26. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
27. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
28. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.
29. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
30. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
31. Thor Thors, þm. Snæf.
32. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.
33. Þorsteinn Briem, þm. Dal.

Voru framangreindir þingmenn allir á fundi, nema Jón Ívarsson, þm. A.-Sk., og Thor Thors, þm. Snæf., sem báðir voru ókomnir til þings.

Fjármálaráðherra, Jakob Möller, aldursforseti deildarinnar, setti fundinn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Eirík Einarsson, 8. landsk. þm., og Steingrím Steinþórsson, 2. þm. Skagf.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,
með 18 atkv. — 10 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Að lokinni kosningu lýsti forseti yfir því, að kosinn væri

Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.,
með 17 atkv., en 11 seðlar væru auðir.

***Ísleifur Högnason:** Ég vil biðja hæstv. forseta að athuga kosninguna. Það geta ekki verið rétt úrslit, að Gísli Sveinsson hafi fengið 17 atkv. og 11 seðlar verið auðir, því að ég kaus ekki Gísla Sveinsson og skilaði ekki auðu, en kaus þó.

Forseti (JörB): Ég skal athuga það. (Leitar í seðlahrúgunni). Hér kemur til dæmis einn seðill. Á honum stendur G. Sveinsson. Ekki vænti ég, að það sé seðill hv. þm.? **(ÍslH:** Nei). Hér er annar seðill, og á honum mun standa nafnið Eiríkur Einarsson. Ég bið afsökunar á því, að ég mun ekki hafa gætt hér að eins vel og skyldi, en af því að hv. þm. hefur kvartað, vil ég spyrja hann, hvort hann muni ekki eiga annan hvorn þessara seðla. **(ÍslH:** Ég hirði ekki um að svara því). Þá get ég látið mér þetta í léttu rúmi liggja. Vil ég biðja skrifara að leiðrétta atkvgr. Gísli Sveinsson hefur fengið 16 atkv., Eiríkur Einarsson 1 atkv., og 11 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosinn var

Finnur Jónsson, þm. Ísaf.,
með 16 atkv. — 11 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var EmJ, en á B-lista EE. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

Emil Jónsson, 6. landsk. þm., og
Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

7. sæti hlaut Sveinbjörn Högnason,
8. — — Sigurður Kristjánsson,
9. — — Haraldur Guðmundsson,
10. — — Jón Pálmason,

11. sæti hlaut Bjarni Bjarnason,
12. — — Þorsteinn Briem.
13. — — Jón Ívarsson,
14. — — Steingrímur Steinþórsson,
15. — — Stefán Stefánsson,
16. — — Sigurður E. Hlíðar,
17. — — Ásgeir Ásgeirsson,
18. — — Gísli Guðmundsson,
19. — — Héðinn Valdimarsson,
20. — — Bergur Jónsson,
21. — — Helgi Jónasson,
22. — — Vilmundur Jónsson,
23. — — Finnur Jónsson,
24. — — Einar Olgeirsson,
25. — — Pétur Ottesen,
26. — — Skúli Guðmundsson,
27. — — Ísleifur Högnason,
28. — — Gísli Sveinsson,
29. — — Pálmi Hannesson,
30. — — Thor Thors,
31. — — Garðar Þorsteinsson,
32. — — Bjarni Ásgeirsson,
33. — — Jóhann G. Möller.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 18. febr., fóru fram kosningar í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosning allra nefndanna komu fram tveir listar, A og B, og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Af A-lista: Sveinbjörn Högnason,
Skúli Guðmundsson,
Haraldur Guðmundsson.
Af B-lista: Jón Pálmason,
Stefán Stefánsson.

2. Samgöngumálanefnd.

Af A-lista: Steingrímur Steinþórsson,
Sveinbjörn Högnason,
Vilmundur Jónsson.
Af B-lista: Gísli Sveinsson,
Eiríkur Einarsson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson,
Steingrímur Steinþórsson,
Ásgeir Ásgeirsson.
Af B-lista: Jón Pálmason,
Pétur Ottesen.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Af A-lista: Gísli Guðmundsson,
Skúli Guðmundsson,
Finnur Jónsson.
Af B-lista: Sigurður Kristjánsson,
Sigurður E. Hlíðar.

5. Iðnaðarnefnd.

Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson,
Pálmi Hannesson,
Emil Jónsson.
Af B-lista: Eiríkur Einarsson,
Jóhann G. Möller.

6. Menntamálanefnd.

Af A-lista: Bjarni Bjarnason,
Pálmi Hannesson,
Ásgeir Ásgeirsson.
Af B-lista: Gísli Sveinsson,
Þorsteinn Briem.

7. Allsherjarnefnd.

Af A-lista: Bergur Jónsson,
Gísli Guðmundsson,
Vilmundur Jónsson.
Af B-lista: Garðar Þorsteinsson,
Jóhann G. Möller.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Fjárlög 1942.

Á deildafundum 24. febr. var útbýtt frá Sþ.: **Frv. til fjárlaga fyrir árið 1942** (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (HG): Þá verður gengið til dagskrár og tekið til meðferðar eina málið á dagskránni, frumv. til fjárlaga fyrir árið 1942, til 1. umr., sem samkv. þingsköpum er útvarpsumr., og tekur fyrstur til máls hæstv. fjármálaráðherra, Jakob Möller.

Fjmrh. (Jakob Möller): Fjárlögin fyrir árið 1940 voru undirbúin í ársbyrjun 1939. Fjárlagafrumvarpið, eins og það var lagt fyrir Alþingi í febrúarmánuði það ár, var að sjálfsögðu sniðið eftir reynslu undanfarinna ára. Og þótt ekki væri frá fjárlögunum gengið endanlega fyrr en í janúarbyrjun 1940, þá er það ekki nema að vonum, að þau hafi mótazt meira af liðna tímanum en af þeirri þróun, sem þá var að vísu byrjuð og samfara hefur orðið styrjaldarástandinu, sem hófst í lok ársins 1939. En afkoma ríkissjóðs varð þá líka allt önnur á árinu 1940 en gert var ráð fyrir í fjárlögunum, og í rauninni þannig, að segja má nærri því, að ekki standi steinn yfir steini í þeim áætlunum, sem gerðar voru um tekjur og gjöld ríkissjóðs á því ári.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti, sem ríkisbókhaldið hefur gert yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 1940, hafa rekstrarútgjöldin orðið kr. 21615000.00, en voru áætluð í fjárlögunum kr. 17857000.00 og hafa þannig í heild farið fram úr áætlun um kr. 3758000.00. Hins vegar hafa tekjurnar orðið kr. 26490000.00. Þær voru áætlaðar kr. 18594000.00 og hafa þannig farið fram úr áætlun um kr. 7896000.00 og tekjuafgangur á rekstrarreikningi því orðið kr. 4875000.00.

Einstakir gjalda- og tekjuliðir voru áætlaðir og hafa orðið, eftir því sem að svo stöddu verður næst komizt, sem hér segir: (sjá bráðabirgðayfirlit yfir tekjur og gjöld ríkisins, bls. 23—26).

Samkvæmt því hafa gjöldin í heild farið fram úr áætlun um kr. 3758000.00, en einstakir liðir um samtals kr. 4162000.00, en þar frá dragast 404 þús., sem sparazt hefur á nokkrum liðum. Þess er þó að gæta, að af þessari upphæð eru kr. 2012000.00 gjöld, sem ekkert er áætlað fyrir í fjárlögunum, og er þar þó að mestu um lögboðin gjöld að ræða. Samkvæmt lögum um verðlagsuppbót hafa þannig verið greiddar kr. 636000.00, sem ekkert var áætlað fyrir, samkvæmt lögum um jöfnunarsjóð kr. 700000.00 og samkvæmt ýmsum öðrum lögum kr. 278000.00. Þannig hafa verið greiddar samkvæmt lögum um hýsing preststsetra 11 þús., lögum um innflutnings- og gjaldeyrisnefnd 35 þús., lögum um meðferð einkamála í héraði 11 þús., jarðræktarl. (um vélasjóð) 35 þús., lögum um lestrarfélög og kvikmyndir 34 þús., lögum um matjessíld 10 þús., lögum um lífeyrissjóð ljósmæðra 20 þús., lögum um sölu og útflutning á vörum 6 þús., lögum um friðun Eldeyjar 8 þús., framfærslul. 43 þús., lögum um náttúrurannsóknir 13 þús. En samtals nema þessar greiðslur samkv. sérstökum lögum kr. 1614000.00.

Samkvæmt þingsál. hafa verið greiddar 33 þús. kr. og skv. 22. gr. fjárlaga 5 þús. kr.

Aukagreiðslur án sérstakrar heimildar, sem ekkert hefur verið áætlað fyrir og því verða teknar upp í fjáraukalög, hafa orðið þessar:

Til Íslandsdeildar heimssýningarinnar	65 þús.
Viðgerð á kennaraskólanum	12 —
Til handíðaskólans	8 —
Kostnaður vegna flutnings verðmætra skjala	4 —
Rannsókn búfjársjúkdóma	40 —
Rekstrarhalli kreppulánasjóðs	15 —
Til Petsamofarar Esju	150 —
Kostnaður vegna loftvarna	42 —
Til h/f Skallagríms	5 —
Til öldubrjóts á Siglufirði	6 —
Aukalögregla á Siglufirði	5 —
Ýmislegt	8 —
Samtals kr.	360 þús.

Þá skal ég gera nokkra grein fyrir umframgreiðslum á einstökum gjaldaliðum, sem áætlaðir eru í fjárlögum.

Gjöld samkv. 10. gr. I., stjórnarráðið o. fl., voru áætluð 369 þús. kr., en urðu 479 þús. kr., eða 110 þús. umfram áætlun.

Í fjárlögum ársins 1939 voru þessi gjöld áætluð kr. 292046.00, en hafa orðið kr. 431466.33, og er augljóst af því, að þau hafa verið of lágt áætluð í fjárlögum 1940, jafnvel þó að áætlunarupphæðin hafi verið hækkuð nokkuð. Af umframgreiðslunum koma 90 þús. kr. á skrifstofukostnað stjórnarráðsins sjálfs, 12 þús. á ríkisfjárhirzlu og bókhald, 3 þús. á útgáfu stjórnartíðinda og 5 þús. á viðhald stjórnarráðshúss og

ráðherrabústaðar. Hins vegar er mismunurinn á þessum kostnaði árið 1939 og 1940 ekki nema 48 þús., og af því telur ríkisbókhaldið, að allt að 25 þús. eigi að dreifast á aðra liði fjárlaganna, og er þá aukinn kostnaður ekki orðinn verulegur, þegar þess er gætt, að skipulagsbreyting sú, sem gerð var á árinu 1939, kom ekki í framkvæmd fyrr en í fjórða mánuði ársins, en auk þess hefur ekki orðið komizt hjá að auka nokkuð við starfsliðið, t. d. við endurskoðunina í sambandi við lögfesting tollskrárinnar o. fl.

Gjöld samkv. 10. gr. III., utanríkismál, voru áætluð kr. 231250.00, en hafa orðið 426 þús. og umframgreiðslur þannig 195 þús. Kostnaður við utanríkismál og vegna samninga við erlend ríki hefur ekki verið áætlaður nema 231 þús. árið 1940. Árið 1939 varð þessi kostnaður kr. 237484.00 og er áætlaður 293 þús. árið 1942. Á árinu 1940 hafa fallið allveruleg útgjöld á ríkissjóð vegna Íslendinga erlendis, og er nokkur hluti þess kostnaðar eða greiðslur í Svíþjóð, innifaldar í þessum kostnaðarlið. Þá hefur einnig kostnaðurinn við samninganefndina í London haustið 1939 verið færður til gjalda á þessu ári, en ekki árinu 1939, eins og gert var ráð fyrir í yfirliti síðasta árs, en umframgreiðslan á ríkisreikn. 1939 hefur þá einnig orðið þeim mun minni en gert var ráð fyrir.

Gjöld samkv. 11. gr. A, til dómgæzlu og lögreglustjórnar, verða samkv. bráðabirgðayfirlitinu 1976 þús. kr., en voru áætluð 1530 þús., og umframgreiðslur nema samkv. því 446 þús. kr. Fyrir árið 1939 voru þessi gjöld áætluð 1523 þús., en urðu samkv. ríkisreikningi fyrir það ár 1900503.43, eða kr. 377500.00 meiri, að viðbættum rúmum 20 þús. kr. samkv. sérstökum lögum. Áætlunarupphæðirnar eru svo að segja jafnar bæði árin og ná bersýnilega ekki nokkurri átt, samkvæmt fenginni reynslu. Af umframgreiðslunum ber mest á hluta ríkissjóðs af kostnaði við lögreglu í Reykjavík, sem hefur farið 120 þús. kr. fram úr áætlun 1940, samkv. bráðabirgðayfirlitinu, og orðið um 100 þús. kr. meiri en 1939, og stafar sá kostnaður af óhjákvæmilegum ráðstöfunum vegna þess ástands, sem nú ríkir í landinu.

Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík hefur einnig aukizt mjög verulega og umframgreiðsla á þeim lið orðið 83 þús. kr., í stað 27 þús. árið 1939, miðað við svipaðar áætlunarupphæðir, en í þeim greiðslum er innifalin verðlagsuppbót til alls skrifstofufólksins, aukinn húsnæðiskostnaður og verðhækkun allra nauðsynja.

Tollgæzla í Reykjavík og toll- og löggæzla utan Reykjavíkur var áætluð 212 þús. kr. 1940, en hefur farið fram úr áætlun um 84 þús. kr. Þessi kostnaður varð tæp 1256 þús. kr. 1939 og hefur þannig hækkað um 40 þús. á árinu 1940. Á árinu hefur orðið að fjölga tollgæzlumönnum í Reykjavík og auka löggæzluna utan Reykjavíkur frá því, sem áður var, og stafar hækkunin af því, auk þess sem verðlagsuppbót og önnur kauphækkun til samræmis við kaupgjaldið í landinu er innifalin í þessum greiðslum.

Skrifstofukostnaður lögreglustjóra og sakadómara hefur farið 56 þús. kr. fram úr áætlun. Í fjárlögunum var ekki áætlað fyrir þessum kostnaði nema tæp 67 þús. kr., en tilsvarandi kostnaður varð á árinu 1939 full 88 þús., en þar við hlutu að bætast allveruleg útgjöld vegna skiptingar embættisins, og hefur sú aukning þannig numið um 35 þús. kr.

Loks hefur skrifstofukostnaður sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra farið fram úr áætlun um 42 þús. kr. og orðið 195 þús., en árið 1939 varð þessi kostnaður hins vegar orðinn 168 þús., og nemur hækkun hans á þessu ári ekki nema 27 þús. — Nokkrar umframgreiðslur hafa orðið á einstökum liðum öðrum, ýmist nokkru minni eða nokkru meiri en árið áður. Hins vegar verður að gæta þess, þegar bornar eru saman heildarupphæðir umframgreiðslna þessara tveggja ára, 1939 og 1940, að fyrra árið varð kostnaður við landhelgisgæzlu 48 þús. kr. hærri en áætlað hafði verið, en samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu fyrir 1940 hefur engin umframgreiðsla orðið á þeim lið.

Gjöld samkv. 11. gr. B, sameiginlegur embættiskostnaður, hefur hækkað mjög verulega frá því, sem hann varð 1939, og fór hann þó mjög fram úr áætlun það ár. Árið 1939 var þessi kostnaður áætlaður 329 þús. kr., en varð 486 þús. Árið 1940 var hann áætlaður 461 þús. kr. og hefur því samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu orðið 119 þús. kr. meiri, eða 580 þús. Aðalumframgreiðslurnar eru:

Skattstofan í Reykjavík og skattanefndir	25 þús.
Fasteignamatið	60 —
Eyðublöð og auglýsingar	30 —

Gjöld samkv. 13. gr. A, til vegamála, hafa farið 475 þús. kr. fram úr áætlun.

Umframgreiðslurnar skiptast þannig á fjárlagaliðina:

Stjórn og undirbúningur	43 þús.
Nýir þjóðvegir	10 —
Viðhald þjóðvega	110 —
Þjóðvegir af benzínskatti	247 —
Brúargerðir	50 —
Sýsluvegir	6 —
Til malbikunar	9 —

Árið 1939 urðu útgjöldin til stjórnar og undirbúnings rúm 85 þús., en 1940 urðu þau 121 þús., eða 36 þús. kr. hærri. Stafar sú útgjaldaaukning að sjálfsögðu aðallega af því, að framkvæmdir í vega- og brúargerðum urðu miklu meiri á þessu ári.

Viðhald þjóðvega hefur farið fram úr áætlun á hverju ári að undanförnu, enda hefur fjárveiting til þess verið hækkuð í fjárlögum yfirstandandi árs nokkurn veginn sem því svarar, sem kostnaðurinn hefur numið þetta síðasta ár.

Til þjóðvega af benzínskatti hefur verið varið úr ríkissjóði 247 þús. kr. umfram áætlun, aðallega til Öxnadalsvegar, Ellíðaárvegar, Hafnarfjarðarvegar og vegarins um Svínahraun og Kamba.

Til brúargerða hefur verið varið 50 þús. kr. umfram áætlun, 6 þús. til sýsluvega og 9 þús. til malbikunar.

Gjöldin samkv. 14. gr. A, til kirkjumála, hafa farið 36 þús. kr. fram úr áætlun, og er það hækkun á framlaginu til prestlaunasjóðs.

Gjöld samkv. 14. gr. B, til kennslumála, hafa samkv. bráðabirgðayfirlitinu farið 153 þús. kr. fram úr áætlun og urðu 2171 þús. Árið 1939 urðu þessi útgjöld 2164914.26, og er hækkunin því aðeins um 6 þús. kr.

Umframgreiðslurnar skiptast þannig:

Háskólinn	20 þús.
Barnafræðslan	38 —
Gagnfræðaskólar	26 —
Ýmsir skólar o. fl.	69 —

Umframgreiðslur á 15. gr., til vísinda, bókmennta og lista, hafa orðið 28 þús. og skiptast þannig:

Söfnin	9 þús.
Safnhúsið	7 —
Friðun Þingvalla	6 —
Ýmsir liðir	6 —

Gjöld samkvæmt 16. gr., til verklegra framkvæmda, hafa farið 268 þús. kr. fram úr áætlun. Af þeirri upphæð hefur ⅔ hlutunum verið varið til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, eins og það nú er kallað, og verið ráðstafað að mestu leyti af nefnd þeirri, sem skipuð var samkvæmt löggjöf frá haustþinginu 1939. Til Búnaðarfélagsins hafa verið greiddar 12 þús. kr. umfram áætlun, gjöld samkv. jarðræktarlögum hafa farið fram úr áætlun um 19 þús. kr., veðurstofan 21 þús., aðallega vegna birtingar veðurfregna, kostnaður við fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndum 14 þús., skrifstofa húsameistara 10 þús. og verðlagsnefnd 12 þús.

Gjöld samkv. 17. gr. hafa farið 116 þús. fram úr áætlun, þ. e. berklavarnir 38 þús., alþýðutryggingar 60 þús. og framlag til barnaverndar 18 þús. — Útgjöldin til alþýðutrygginga hafa verið áætluð eins bæði árin 1939 og 1940. 1939 fóru þau tæp 20 þús. kr. fram úr áætlun, en þar við bætist, að á Alþingi 1940 var ákveðið að greiða uppbót á ellilaun og örorkubætur úr ríkissjóði, sbr. lög nr. 73 7. maí 1940, og stafar hækkun þessara útgjalda af því. Umframgreiðslan til barnaverndar stafar af sérstökum ráðstöfunum, sem gerðar voru til þess að koma börnum úr stærstu bæjum landsins til sumardvalar í sveit síðastliðið sumar.

Óviss útgjöld samkv. 19. gr. hafa orðið 296 þús. kr., og eru stærstu liðirnir þessir:

Kostnaður við peningasendingar til útlanda	24 þús.
Málskostnaður	10 —
Samning frumvarpa	17 —
Til skrifstofu „Íslenzk ull“	10 —
Brezk-íslenzk leigumatsnefnd	20 —
Til Eskifjarðarhrepps	30 —
Bifreiðakostnaður stjórnarráðsins	15 —
Erlendir gestir	8 —
Kostn. vegna grafreits á Þingvöllum	17 —
Vegagerð við Reykjavík (öryggisráðst.)	8 —
Fálkaorðan	5 —
Nefndakostnaður	5 —
Kostnaður vegna flutnings vélbáta	10 —
Greitt samkvæmt reikningsúrskurði	4 —
Manneldisrannsóknir	5 —
Rannsókn og endursk. vegna mjólkursölu	8 —
Samtals	196 þús.

Undir áætlun urðu:

Gjöld samkv. 7. gr., um 83 þús., og stafar það af því, að vextir af lausum skuldum urðu þeim mun lægri en áætlað var.

Gjöld samkv. 12. gr., til heilbrigðismála, urðu 87 þús. kr. undir áætlun, og veldur þar um bætt afkoma ríkisspítalanna í sambandi við hækkun daggjalda sjúklinga.

Gjöld samkv. 13. gr. B, strandferðir, urðu 202 þús. kr. undir áætlun, og stafar það af utanlandssiglingum Súðarinnar.

Gjöld samkv. 13. gr. C., til hafnargerða og lendingarbóta, urðu 30 þús. kr. undir áætlun.

Um gjöldin í heild má segja, að allar líkur hafi mátt telja til þess fyrir fram, að þau mundu fara til stórra muna fram úr áætlun. Því var það líka, að Alþingi veitti ríkisstjórninni heimild til þess að lækka öll ólögbundin gjöld fjárlaganna um 20%, ef ekki þætti verða hjá komizt. Um tekjurnar var allt öðru máli að gegna, og miklu meir rennt blint í sjóinn um, hvað þær yrðu. Og lengi fram eftir árinu virtist svo sem tekjurnar myndu ætla að bregðast að meira eða minna leyti. Fram til maíloka voru innheimtar ríkissjóðstekjur af sköttum og tollum svipaðar því, sem þær höfðu verið árið áður.

Í júnílok voru þær orðnar 600 þús. lægri en á sama tíma árið áður. Í júlílok voru þær um fullum 500 þús. lægri. Í ágústlok 400 þús. lægri.

Á þessu tímabili hafði fjármálaráðuneytið ekki séð sér annað fært en að gera ráð fyrir því, að nota yrði fjárlagaheimildina til að lækka ólögbundnu gjöldin.

Jafnframt var þá einnig ákveðið að gera ráðstafanir til sölu á ríkisskuldabréfum, til greiðslu á yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Landsbankanum, sem lofað hafði verið að lækka að verulegum mun á árinu. Hins vegar var tekin sú ákvörðun í ágústmánuði að lina nokkuð á innflutningshömlunum, og í voninni um, að tolltekjurnar myndu þá fara að aukast verulega, var fallið frá niðurskurði lögbundnu gjaldanna. Í lok septembermánaðar voru skattar og tollar orðnir um ¾ millj. kr. hærri en á sama tíma árið áður, og í lok októbermánaðar 1½ millj. hærri. Á sama tíma voru innborganir frá tóbaks- og áfengiseinkasölunum einnig farnar að aukast mjög verulega. Og í árslok voru tollar og skattar orðnir rúmum 5 millj. hærri en árið áður og tekjur af ríkisstofnunum 2 milljónum hærri.

Af tekjuliðunum urðu aðeins 4 undir áætlun: aukatekjur, vitagjald, póstmál og bifreiðaeinkasalan.

Siglingar til landsins, sem greidd eru gjöld af í ríkissjóð, hafa dregizt mjög mikið saman vegna ófriðarástandsins, og veldur það þessari rýrnun aukateknanna og vitagjaldanna. Póstflutningar til útlanda hafa að miklu leyti lagzt niður, einnig af völdum ófriðarins. Mátti raunar vita það fyrir fram, að veruleg vanhöld mundu verða á þessum tekjum. Tekjur af bifreiðaeinkasölunni máttu hins vegar heita að standast áætlun.

Af þeim 29 tekjustofnum fjárlaganna öðrum, sem áætlun hefur verið gerð um, hafa 6 gefið af sér hátt á sjöundu milljón kr. umfram áætlun: Tekju- og eignarskattur 581 þús., útflutn-

Bráðabirgðayfirlit yfir tekjur og gjö

	Gjöld	Fjárlög	Reikningur	Umfra fjárlö
7. gr.	Vextir	2071	1988	÷ 8
8. gr.	Borðfé konungs	75	75	
9. gr.	Alþingiskostnaður	246	246	
10. gr. I.	Stjórnarráðið	369	479	11
10. gr. II.	Hagstofan	74	82	8
10. gr. III.	Utanríkismál	231	426	19
11. gr. A.	Dómsmál	1530	1976	44
11. gr. B.	Kostnaður við embættisrekstur	461	580	11
12. gr.	Heilbrigðismál	860	773	÷ 8
13. gr. A.	Vegamál	1679	2154	47
13. gr. B.	Strandferðir	385	181	÷ 20
13. gr. C.	Vitamál	698	668	÷ 3
13. gr. D.	Flugmál	24	24	
14. gr. A.	Kirkjumál	465	501	3
14. gr. B.	Kennslumál	2018	2171	15
15. gr.	Vísindi, bókmenntir og listir	307	335	2
16. gr.	Verkleg fyrirtæki	4211	4479	26
17. gr.	Styrktarstarfsemi	1707	1823	11
18. gr.	Eftirlaun	346	346	
19. gr. a.	Óviss útgjöld	100	296	19
19. gr. b.	Verðlagsuppbót	....	636	63
22. gr.	Heimild Alþingis	....	5	
	Þingsályktanir	....	33	3
	Væntanleg fjáraukalög	....	360	36
	Sérstök lög	....	978	97
		17857	21615	375
	Tekjuafgangur	737	4875	40
	Samtals	18594	26490	416

ingsgjald 765 þús., vörumagnstollur 1502 þús., verðtollur 2280 þús., áfengisverzlun 953 þús. og tóbaksverzlunin 758 þús., eða samtals 6839 þús. Af vörumagnstollunum hefur tóbakstollurinn farið 1 milljón fram úr áætlun, áfengistollur rúm 200 þús., en aðrir tollar tæp 300 þús. En með tilliti til þess, að innflutningur almennra vörutollsvara hefur vafalaust verið mjög með minna móti, verður þó ekki annað sagt en að tollskráin muni ætla að halda sæmilega áætlun. Innflutningur á aðalverðtollsvörunum hefur þó vafalaust verið miklum mun minni hlutfallslega, og auðvitað stafar það einvörðungu af gífurlegri verðhækkun þeirra vara, hversu mjög verðtollurinn hefur farið fram úr áætlun.

Um rekstrarhagnað áfengis- og tóbaksverzlananna er það að segja, að þeir tekjuliðir hafa verið áætlaðir mjög varlega. Árið 1939 varð hagnaður áfengisverzlunarinnar 1825497.85. Í fjárlögunum fyrir árið 1940 var hann áætlaður 1688 þús., en hefur orðið 2641 þús. Þegar fjárlögin voru samin, var allt í óvissu um afkomu almennings í landinu, og gat algerlega brugðið til beggja vona um hana. Hins vegar hefur verð á áfenginu verið hækkað að miklum mun á árinu, en áfengiskaupin þrátt fyrir það aukizt, eftir því sem lengra leið á árið og afkoma manna batnaði. Og jafnvel skömmtunin á áfenginu síðasta ársfjórðunginn virðist lítil áhrif hafa til þess að draga úr þeim kaupum, þó að

ríkissjóðs 1940 (allar upphæðir í þús. kr.).

	Tekjur	Fjárlög	Reikningur		Umfram fjárlög
	Skattar og tollar:				
2. gr. 1.	Fasteignaskattur	445	516		71
2.—3.	Tekju-, eignar- og hátekjuskattur	1800	2380		581
4.	Lestagjald af skipum	55	69		14
5.	Aukatekjur	600	508		÷ 92
6.	Erfðafjárskattur	56	60		4
7.	Vitagjald	390	244		÷ 146
8.	Leyfisbréfagjöld	28	36		8
9.	Stimpilgjöld	500	769		269
10.	Stimpilgjöld af ávísunum	75	107		32
11.	Bifreiðaskattur	410	783		68
12.	Benzínskattur	305			
13.	Útflutningsgjald	650	1415		765
14.	Áfengistollur	1000	6302		1502
15.	Tóbakstollur	1300			
16.	Vörumagnstollur	2500			
17.	Verðtollur	4000	6280		2280
18.	Gjald af innlendum tollvörum	400	737		337
19.	Skemmtanaskattur	135	258		123
20.	Veitingaskattur	100	165		65
	Samtals	14749	20630		5881
	÷ Endurgreiddar og niðurfærðar eftirstöðvar		389	20241	÷ 389
					5492
3. gr. A.	Ríkisstofnanir:				
	Póstmál	31	÷ 30		÷ 61
	Landssíminn	717	1080		363
	Áfengisverzlun	1688	2641		953
	Tóbaksverzlun	692	1450		758
	Ríkisútvarp og viðtækjaverzlun	23	168		145
	Ríkisprentsmiðja	50	60		10
	Landssmiðja	17	132		115
	Bifreiðaeinkasala	63	60		÷ 3
	Grænmetisverzlun		8		8
	Vífilsstaðabú		11		11
	Kleppsbú		18		18
		3281	5628		2317
	÷ Halli á rekstri póstmála		30	5598	
3. gr. B.	Tekjur af fasteignum	8		8	
4. gr.	Vaxtatekjur	506		530	24
5. gr.	Óvissar tekjur	50		113	63
	Samtals	18594		26490	7896

sú hafi að sjálfsögðu verið raunin og þau hefðu orðið enn þá meiri, ef skömmtuninni hefði ekki verið komið á. Svipað er að segja um rekstrarhagnað tóbakseinkasölunnar. Verð á ýmsum tóbaksvörum hefur verið hækkað, en tóbakskaupin þrátt fyrir það aukizt hlutfallslega enn þá meira, samfara batnandi hag almennings, enda engar hömlur á þau lagðar. Hins vegar hefur verið farið enn varlegar í áætlun um hagnað þessarar verzlunar en áfengisverzlunarinnar, og þess sennilega ekki verið gætt, að hagnaður hennar árið 1939, sem áætlunin hefur verið miðuð við, var óeðlilega lítill, vegna mikils gengistaps á erlendum skuldum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að gera fleiri tekjuliði sérstaklega að umtalsefni. En samtals hafa einstakir tekjuliðir farið fram úr áætlun um 8587 þús. kr., en þar frá dregst niðurf. eftirst. og endurgreiðslur 389 þús. og vanhöld á 4 tekjuliðum 302 þús., samtals 691 þús., og verða þannig tekjur umfram áætlun í heild, eins og áður segir, 7896 þús. kr.

Af sjóðsyfirlitinu sést það, að þrátt fyrir góða afkomu ríkissjóðs á árinu hefur þó fleira verið gert en að borga skuldir. Það hafa líka verið tekin lán og auk þess verið eytt af innstæðu í bönkum. En það hefur þó einnig verið gert í því skyni að gera frekari skil á skuldbindingum ríkissjóðs, og jafnframt því einnig að greiða fyrir viðskiptunum við önnur lönd.

Sjóðsyfirlit 1940. (Samkvæmt bráðabirgðauppgerð).

Inn:	Fjárlög	Reikningur
Í sjóði frá árinu 1939		1810000.00
Tekjur samkv. rekstrarreikningi		26490000.00
20. gr. I. Fyrningar	390000.00	
20. gr. II. Útdregin verðbréf	62000.00	
20. gr. III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	15000.00	
20. gr. IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	145000.00	612000.00
Seld ríkisskuldabréf	1455000.00	
Tekið lán í Ameríku	2195000.00	
Mynduð skuld í Danmörku vegna afborgana og vaxta af dönskum lánum	288000.00	
Lækkun á innstæðum í bönkum	1426000.00	
Fyrirfram greitt 1939	55000.00	5419000.00
	....	34331000.00

Út:	Fjárlög	Reikningur	
Gjöld samkv. rekstrarreikningi			21615000.00
20. gr. I. Afb. lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:			
1. Ríkissjóðslán:			
Innlend lán	423000.00		
Dönsk lán	200000.00		
Ensk lán	615000.00	1238000.00	
2. Lán ríkisstofnana:			
Landssíminn	247000.00		
Ríkisútvarpið	89000.00		
Skipaútgerðin	179000.00	515000.00	
20. gr. II. Til eignaaukn. og rekstrar ríkisstofnana:			
Landssíminn	175000.00		
Ríkisprentsmiðjan	60000.00		
Landssmiðjan	50000.00		
Áburðarsalan	110000.00		
Viðtækjaverzlunin	120000.00		
Tóbakseinkasalan	300000.00		
Vitamál	55000.00		
Skipaútgerðin	230000.00		
Ríkisspítalar	120000.00	1220000.00	
20. gr. III. Til nýrra vita	....	65000.00	
20. gr. IV. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna	....	50000.00	3088000.00
Greidd víxilskuld við Hambro's Bank	....	2483000.00	
Greidd skuld á hlr. 1727	....	2244000.00	
Lækkuð skuld í Handelsbanken	....	130000.00	
Veitt lán til ýmissa	....	380000.00	
Til jarðakaupa	....	82000.00	
Til kaupa á húseignum	....	75000.00	
Greiddar víxilsk. o. fl. lausaskuldir	....	840000.00	6234000.00
Sjóður í árslok 1940:			
Hjá ríkisféhirði	....	2794000.00	
Innistæða á hlr. 1727	....	600000.00	3394000.00
Samtals	....	....	34331000.00

Þess er þá fyrst að geta, að í aprílmánuði var ákveðið að taka viðskiptalán í Bandaríkjunum, að upphæð 1 milljón dollara. Var það hagstætt lán, með 3½% vöxtum og átti að greiðast á 5 árum. Var ákveðið að skipta láninu á milli bankanna, þannig að Landsbankinn fengi umráð yfir ⅝ hlutum þess, en Útvegsbankinn yfir ⅜. Um þann hlutann, sem Landsbankanum var ætlaður, varð það hins vegar að ráði síðar, að honum skyldi varið til greiðslu á 100 þús. sterlings-

punda víxilláni því, er ríkissjóður hafði fengið í Hambros Bank árið 1938, en krafizt var fullnaðargreiðslu á í árslok 1939 og Landsbankinn tók þá að sér fyrir hönd ríkissjóðs, að því áskildu, að ríkissjóður greiddi skuldina eins fljótt og unnt væri í sterlingspundum, eða þá í gjaldeyri, sem auðvelt væri að skipta á fyrir sterlingspund. Af þessu ameríska láni hefur ekki enn verið tekið nema 574400 dollarar, og fékk Útvegsbankinn af því 225600 dollara, en ríkissjóður tók að sér afganginn, 348800 dollara, og var sá afgangur greiddur Landsbankanum upp í 100 þús. sterlingspunda skuldina, og er það sú upphæð, sem talin er tekna megin í sjóðsyfirlitinu, 2195 þús. krónur, eins og Landsbankinn hefur reiknað ríkissjóði andvirði dollaranna til tekna. Sterlingspundaskuldina reiknaði bankinn hins vegar 2483 þús. ísl. krónur, eins og greint er í sjóðsyfirlitinu gjalda megin. En um uppgerðina á þessum viðskiptum er ágreiningur milli bankans og ráðuneytisins, sem ekki hefur tekizt að jafna enn.

Við það, að ríkissjóður greiddi upp sterlingspundavíxillánið, losnaði innstæða í Landsbankanum, sem myndazt hafði af andvirði nokkurs hluta sterlingspundalánsins 1938, sem seldur hafði verið ýmsum aðilum til að greiða með afborganir af enskum lánum, og var sú innstæða nú greidd inn í aðalviðskiptareikning ríkissjóðs við bankann, og er það meginhluti þess innstæðufjár, eða 1376 þús. af 1426 þús., sem í sjóðsyfirlitinu er talið sem lækkun á innstæðum í bönkum, en afgangurinn, 50 þús., smærri innstæður, sem staðið höfðu á sérreikningum. Loks hafa á árinu verið seld ríkisskuldabréf fyrir 1455 þús. kr., og var það gert til að standa við gerða samninga við Landsbankann um greiðslu yfirdráttarskuldarinnar, eins og ég gerði grein fyrir hér á undan. En í júlílok, áður en áðurgreindar innstæður voru greiddar upp í skuldina, var hún fullar 5 milljónir króna og í ágústlok var hún enn um 3½ milljón. Í september voru svo seld ríkisskuldabréf fyrir 1200 þús. kr. og andvirðið greitt upp í skuldina. Í septemberlok var skuldin þó enn fullar 2 milljónir, og má af því sjá, hve seinfenginn var sá gróði, sem ríkissjóði áskotnaðist á árinu, eins og líka ljóst var af samanburði þeim, sem ég gerði hér á undan á innheimtum skatta- og tollatekjum ríkissjóðs fyrstu 10 mánuði áranna 1939 og 1940.

Enn er talin í sjóðsyfirlitinu tekna megin skuld, sem myndazt hefur í Danmörku vegna afborgana og vaxta af dönskum lánum, sem ekki hefur verið unnt að greiða. Tilsvarandi afborgun af þessum skuldum er svo talin gjalda megin, og hefði að sjálfsögðu eins mátt sleppa henni og telja sjálfa skuldina óbreytta, en tilfæra aðeins ógreidda vexti sem nýja skuld.

Gjalda megin er ein upphæð, sem rétt er að gera nánari grein fyrir, en það er „veitt lán til ýmissa", 380 þús. kr. Í þessari upphæð felast allmiklar greiðslur til stjórnarskrifst. í Khöfn, til styrktar Íslendingum í Danmörku, og er mest af því fé talið lán til þeirra.

Samkvæmt gjaldahlið sjóðsyfirlitsins hafa samtals verið greiddar á árinu skuldir og afborganir af skuldum ríkissjóðs og ríkisstofnana, sem nema ..... 7450 þús.
en tekna megin að ný lán hafa verið mynduð, sem nema ..... 3938 —

Mismunur, sem ætti að vera lækkun skulda, nemur þá ..... 3512 þús.

Samanburður á skuldum ríkissjóðs og ríkisstofnana í árslok 1939 samkv. ríkisreikningi, sem nú liggur fyrir prentaður, og bráðabirgðaskýrslu ríkisbókhaldsins um skuldirnar í árslok 1940 sýnir þó að vísu nokkuð annað.

Í árslok 1939 voru skuldirnar taldar þannig:

I.	Föst lán ríkissjóðs	í þúsundum:	
	1. Innlend lán		3596
	2. Dönsk lán:		
	a. vegna ríkissjóðs	770	
	b. vegna kaupa á bankavaxtabréfum	6536	
			7306
	3. Ensk lán		34282
II.	Lausar skuldir		7012
III.	Erl. lán vegna ríkisstofnana		4452
			56648

Í árslok 1940 eru skuldirnar taldar þannig:

I.	Föst lán ríkissjóðs	í þúsundum:	
	1. Innlend lán		4946
	2. Dönsk lán:		
	a. vegna ríkissjóðs	570	
	b. vegna kaupa á bankavbr.	6304	
			6874
	3. Ensk lán[1])		33772
	4. Lán í N.-York[2])		3739
II.	Lausar skuldir:		
	Danskt lán (Handelsb.)	505	
	Skuldir í Danmörku vegna afborgana og vaxta af lánum ríkissjóðs	288	
	og lánum vegna kaupa á bankavaxtabréfum	489	
	Ýmsar lausaskuldir innanlands	590	
			1872
III.	Lán vegna ríkisstofnana:		
	1. Landssíminn. Lán innanlands		626
	2. Síldarverksm., ensk lán		1404
	3. Ríkisútvarp, ensk lán		713
	4. Skipaútgerðin vegna Esju		1204
			55150

Samkvæmt þessu er skuldalækkunin 56648 þús. ÷ 55150 þús., eða aðeins 1498 þús. kr., í stað þess, að sjóðsyfirlitið sýnir skuldalækkun 3512 þús. kr. — En þetta misræmi stafar af því, að í skuldaframtali ríkisreikningsins eru ekki aðeins taldar þær skuldir ríkissjóðs, sem hann sjálfur á að standa straum af, heldur einnig hluti bankanna í lánum ríkissjóðs, og af því enn fremur, að gengisbreytingar á erlendum skuldum koma ekki fram á sjóðsyfirliti og ný lán hafa verið stofnuð, sem ekki koma fram á sjóðsreikningi.

Þannig er talið með skuldum ríkissjóðs í ríkisreikningi:

1) Af þessari upphæð skulda bankarnir 7645.
2) Af þessari upphæð skuldar Útvegsbankinn 1469.

Hluti Útvegsbankans í láni í New-York, teknu á árinu 1940		1469 þús.
Gengishækkun á enskum skuldum, sem ekki kemur fram í sjóðsyfirliti		684 —
Innlend lán, sem hvíla á húsum og jörðum, sem ríkið hefur keypt		316 —
	Samtals	2469 þús.
Hins vegar eru skuldalækkanir, sem ekki koma fram á sjóðsyfirliti:		
Greiðslur bankanna af enskum lánum	295 þús.	
Gengishagnaður á 100 þús. strl.pd. víxlinum	90 —	
Greiðslur síldarverksm. af lánum þeirra	70 —	
		455 þús.
	Mismunur	2014 þús.

sem eru skuldahækkanir, sem ekki koma fram á sjóðsyfirlitinu, en ef þar við er lögð skuldalækkunin samkv. samanburði á ríkisreikningi 1939 og skuldaskýrslu 1940, 1498 þús., kemur fram sama upphæð og á sjóðsyfirlitinu.

Þá hefur og sjóðseign aukizt um 1584 þús. á árinu.

Læt ég svo útrætt um liðna tímann, en sný mér þá að fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1942.

Samkvæmt frumvarpinu eru rekstrartekjur ríkissjóðs árið 1942 áætlaðar kr. 22584411, en rekstrarútgjöld kr. 21088144, og verður þá rekstrarafgangur kr. 1496267.00, en hagstæður greiðslujöfnuður á sjóðsyfirliti kr. 101220.00. Rekstrarútgjöldin eru þannig áætluð mjög svipað því, sem þau urðu síðastliðið ár, en tekjurnar 4 milljónum króna lægri en þær urðu á því ári.

Skattar og tollar eru áætlaðir kr. 18905 þús., en urðu á síðasta ári kr. 1700 þús. hærri. Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar kr. 3108750, en urðu á síðasta ári kr. 5598000.00 eða því nær 2½ milljón kr. hærri.

Að svo stöddu verður ekkert um það sagt, hvernig ástandið muni verða hér á landi eða í umheiminum á árinu 1942. Ef ófriðarástandið helzt, er hætt við því, að af því leiði vaxandi erfiðleika fyrir okkur á flestum sviðum. Ef því linnir, má gera ráð fyrir, að mögnuð viðskiptakreppa komi í kjölfar þess. Og þó að ég líti svo á, að tekjuáætlun þessa fjárlagafrumvarps sé sæmilega varleg, þá er ómögulegt að fullyrða neitt um það, hversu vel hún muni standast.

Ég geri ráð fyrir því, að mörgum muni þykja tekju- og eignarskatturinn of lágt áætlaður, 3 milljónir króna, eins og nú horfir um afkomu sjávarútvegsins að minnsta kosti. En í rauninni vitum við ekkert um það að svo stöddu, hver raunin verður á um afkomu atvinnuvega okkar á þessu ári. Það eru aðeins liðnir 2 mánuðir af árinu, og enginn veit, hverju fram kann að vinda þá 10 mánuði, sem eftir eru. En svo ber þess að gæta, að til frádráttar á skattskyldum tekjum, sem skatt á að greiða af á árinu 1942, koma miklir skattar, sem lagðir verða á á yfirstandandi ári.

Vörumagnstollurinn og verðtollurinn, sem áætlaðir eru samtals 11½ millj. í þessu frv., urðu síðasta ár fullar 12½ millj. Það, að fært þykir að áætla þessa tolla svo hátt á árinu 1942, byggist á því, að það er kunnugt, að innflutningsmagn var langt fyrir neðan meðallag á síðasta ári, og tók svo að segja fyrir innflutning á ýmsum vörum, sem allháir tollar voru greiddir af. Hins vegar kynni þó svo að fara, að innflutningur yrði engu meiri árið 1942. Hugsanleg væri verðlækkun á verðtollsvörum, en þá eru líkurnar hins vegar meiri fyrir því, að innflutningur yxi og það jafnaði metin.

Tekjur af áfengis- og tóbakseinkasölunum eru áætlaðar samtals kr. 2372 þús. í frumvarpinu, en urðu fullar 4 milljónir árið 1940. Tekjurnar eru nú áætlaðar nokkru hærri en forstjórar fyrirtækjanna hafa lagt til. En hins vegar þótti ekki ná nokkurri átt að leggja hinar miklu tekjur verzlananna á síðasta ári til grundvallar fyrir áætluninni 1942. Tekjur af öðrum ríkisstofnunum eru áætlaðar svipað því, sem er í núgildandi fjárlögum, og aðallega farið eftir tillögum forstjóranna.

Um áætlun gjaldanna þarf ég ekki að vera margorður. Rekstrarútgjöldin eru yfirleitt áætluð með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára, og er því frekar ástæða til að óttast það, að áætlunin reynist of lág en of há, þegar tillit er tekið til þess, að allt verðlag í landinu fer nú hækkandi og litlar líkur verða að teljast til þess, að um nokkra verulega lækkun verði orðið að ræða á árinu 1942. Af þessum sökum hafa gjöldin samkv. 9.—11. gr. verið hækkuð um 580 þús. kr. frá því, sem þau eru áætluð í fjárlögum yfirstandandi árs, og gjöld samkv. 14. og 15. gr. um 153 þús.

Framlög til verklegra framkvæmda hafa verið hækkuð nokkuð. T. d. eru nú ætlaðar 1792 þús. kr. til þjóðvega og vegaviðhalds, í stað 1544 þús. í fjárl. yfirstandandi árs, og nokkur hækkun til brúargerða og sýsluvega og malbikunar á vegum í kaupstöðum og verzlunarstöðum.

Nokkur hækkun er einnig á framlögum samkv. 16. gr., þar á meðal er framlagið til Búnaðarfélagsins hækkað um 70 þús. kr., til sandgræðslu 14 þús., til verkfærakaupasjóðs 35 þús., til skógræktar 10 þús. og til Fiskifélagsins 32 þús.

Rétt er að taka það fram, af því að nokkrar umræður voru um það í fyrra, að framlagið til nýbýla og samvinnubyggða og endurbyggingarstyrkir eru óbreyttir eins og í fjárlögum árins 1941 og eins og þessi framlög hafa verið í nokkur undanfarin ár. Jarðabótastyrkurinn er áætlaður eins og í fjárlögum yfirstandandi árs, 350 þús., og eru litlar líkur til þess, að sú fjárveiting verði notuð til fulls. Jarðabótastyrkur í fjárlögum 1940, fyrir jarðabætur unnar á árinu 1939, var áætlaður 580 þús., og hefur sú upphæð verið notuð til fulls. Í fjárlögum 1941 var styrkurinn áætlaður 350 þús., en jarðabætur unnar á árinu 1940 svara ekki til meiri styrks en 300 þús., svo að fjárveitingin 1941 verður ekki notuð að fullu. Nú eru litlar líkur til þess, að eins mikið verði unnið að jarðabótum á þessu ári eins og síðasta ár, svo að því síður kemur til þess, að þörf verði fyrir þessa fjárveitingu alla árið 1942. Hins vegar skiptir það hreint engu máli, hvaða áætlunarupphæð er sett í fjárlögin, þar sem styrkurinn er lögákveðinn og ekki

kemur til greiðslu á meiri styrkjum en unnið verður fyrir.

Gjöldin samkvæmt 17. gr. til almennrar styrktarstarfsemi hefur orðið að hækka allverulega. Kostnaður við berklavarnir er áætlaður 965 þús., í stað 690 þús. í ár, og styrkur til sjúklinga skv. lögum um sjúka menn og örkumla hefur verið hækkaður úr 355 þús. í 550 þús. Nemur hækkunin á þessum tveim liðum 470 þús., og stafar hún af hækkun daggjalda á sjúkrahúsum. Ef daggjöldin hefðu hins vegar ekki verið hækkuð, hefði þessi útgjaldahækkun komið fram á rekstri ríkisspítalanna og gjöld samkv. 12. gr. þá hækkað sem því svarar. Framlagið til alþýðutryggingganna hefur verið hækkað úr 545 þús. í 750 þús., eða um 205 þús., og er það afleiðing af breyttri löggjöf varðandi ellitryggingar og örorkubætur. Þá hefur loks þótt rétt að taka upp í þessa grein lögákveðið framlag til jöfnunarsjóðs sveitar- og bæjarfélaga, 700 þús. kr., sem greitt hefur verið í nokkur ár án þess að nokkuð væri áætlað fyrir því í fjárlögum. Öll nemur þessi gjaldahækkun 17. gr. þannig 1375 þús. kr.

Verðlagsuppbót á laun starfsmanna ríkisins er áætluð kr. 1200000.00.

Loks skal ég svo vekja athygli á því, að í 22. gr. er endurtekin heimildin til ríkisstjórnarinnar um að lækka ólögbundin gjöld ríkissjóðs um 35%, sem veitt er í fjárl. yfirstandandi árs. Það má, ef mönnum sýnist svo, skoða það sem vangá, að þessi heimild var látin standa í frv., og þykir ef til vill betur fara á því að fella hana niður. — Hins vegar mætti einnig líta á það sem ekki allskostar óþarfa eða ástæðulausa áminningu um, að þó að árið 1940 hafi orðið hagstætt ríkissjóði og allar horfur séu taldar á því, að svo verði einnig um árið 1941, þá geti orðið allt öðru máli að gegna um árið 1942.

Forseti (HG): Hæstv. fjmrh. hefur nú lokið máli sínu. Næst tekur til máls hæstv. viðskmrh., Eysteinn Jónsson, og talar fyrir hönd Framsfl. í allt að 30 mínútur.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Hæstv. fjármálaráðherra hefur nú gefið yfirlit um afkomu ríkissjóðs á árinu 1940. Samkvæmt því hefur tekjuafgangur orðið kr. 4.875 milljónir, og er það óvenjumikill rekstrarafgangur. Hæstv. ráðherra hefur einnig skýrt frá því, að tekjur ríkissjóðs hafi farið á síðastl. ári nálega 8 millj. króna fram úr áætlun, en gjöldin farið um kr. 3.7 millj. fram úr áætlun, — eða öllu heldur rúmar 3 millj. króna, þar sem eigi verður talið, að framlag til jöfnunarsjóðs sveitar- og bæjarfélaga sé umframgreiðsla í sjálfu sér, enda þótt það sé nú talið með gjöldum, en hafi í fjárlögunum verið fært til frádráttar tekjum.

Í sambandi við þessa fjárhagsafkomu ríkissjóðs vakna ýmsar spurningar, og þó sú fyrst og fremst, hverjar séu hinar eiginlegu orsakir þess, að afkoman er svo miklum mun betri en fjárlögin gerðu ráð fyrir og tekjuafgangurinn óvenjulega ríflegur.

Hæstv. fjmrh. hefur að vísu svarað þessari spurningu að verulegu leyti, en ég mun þó ræða þetta atriði nokkuð.

Útgjöld ríkissjóðs á rekstrarreikningi síðastl. ár hafa numið 21,6 millj. kr., en árið 1939 námu þau 19,5 millj. kr. og árið 1938 kr. 17,8 millj. Útgjöld síðasta árs hafa því verið um 2 millj. kr. hærri en rekstrarútgjöld ríkissjóðs árið 1939, og 3,7 millj. kr. hærri en árið 1938.

Að vísu er það auðsætt þegar af þessum tölum, að tekjuafgangurinn á ekki rætur sínar að rekja til lækkunar á heildarútgjöldum ríkissjóðs, þar sem þau fara ört hækkandi. Þó er rétt, að þetta atriði sé athugað nánar, vegna þess að talsverð útgjaldahækkun hefur orðið vegna styrjaldarinnar, og skiptir því máli í þessu sambandi, hvort eldri útgjöld ríkissjóðs hafi verið lækkuð til þess að mæta nýjum hækkunum.

Ég hef kynnt mér nokkuð, hversu þessu er háttað, og þó sérstaklega hvaða útgjaldaliðir það eru, sem á árinu 1940 eru lægri en þeir voru árin 1938 og 1939. Við þessa athugun hefur komið í ljós, að aðeins örfáir útgjaldaliðir hafa orðið lægri vegna niðurskurðar árið 1940 en hin tvö fyrrnefndu ár, og eru þessir liðir helztir: Tillag til Byggingar- og landnámssjóðs hefur verið lækkað um 75 þús. kr., tillag til Eimskipafélags Íslands hefur verið lækkað um 82 þús. króna, tillag til verkfærakaupasjóðs um 35 þús. og tillag til fiskimálasjóðs hefur lækkað um 200 þús. kr. miðað við árið 1939, en 300 þús. kr. miðað við 1938.

Þetta eru því í aðalatriðum þær lækkanir, sem gerðar hafa verið árið 1940, miðað við það, sem áður var og nokkru máli skiptir. Má vera, að einhverjir smærri liðir hefðu getað talizt hér með, en þeir eru þá svo smáir, að ekki tekur að telja þá upp.

Á móti þessum lækkunum koma svo ýmsir nýir útgjaldaliðir, er komið hafa til sögunnar eða hækkað á árinu 1940, enda þótt þeir standi ekki í sambandi við styrjöldina. Hirði ég eigi að telja þá upp, en drjúgum munu þeir vega á móti þeim útgjaldaliðum, er niðurskornir hafa verið og greindir voru áður.

Þá er og rétt að geta þess, þótt það verði ekki beinlínis til niðurskurðar talið, að útgjöldin til strandferða ríkissjóðs hafa nær horfið á árinu 1940. Stafar þetta sumpart af því, að nýja Esja hefur reynzt mjög hagkvæm í rekstri, og sumpart af hækkunum á far- og farmgjöldum strandferðaskipanna. Einnig kemur hér til greina, að Súðin hefur, vegna utanlandssiglinga, verið rekin með ágóða á árinu í stað taps áður. Hefur rás viðburðanna mestu ráðið um það, að þessi útgjaldaliður hefur horfið.

Þá hefur framlagið til landhelgisgæzlu lækkað um ca. 150 þús. kr., sem sumpart stafar af minnkaðri landhelgisgæzlu og sumpart af því, að annað varðskipið hefur verið leigt til fiskveiða með mjög verulegum ágóða.

Það liggur því fyrir, að útgjöld ríkisins hafa ekki lækkað frá því, sem verið hefur, þótt frá séu teknar hækkanir vegna stríðsins.

Það verður ljóst af því, sem sagt hefur verið, að hinn mikli tekjuafgangur á rætur sínar eingöngu að rekja til þess, hve tekjur ríkissjóðs hafa farið fram úr áætlun. Mun aðeins eitt

dæmi til þess, að tekjur ríkissjóðs hafi farið jafnmikið fram úr áætlun, og það var árið 1924, þegar þær voru áætlaðar 8 milljónir, en reyndust 16 milljónir.

Vil ég þá fara nokkrum orðum um ríkistekjurnar og aðdragandann að þeirri gífurlegu aukningu, sem nú hefur orðið á þeim.

Árið 1934 var tekjuhalli á rekstri ríkissjóðs, sem nam um 1,8 millj. króna. Á því ári byrjuðu Spánverjar að loka saltfisksmarkaði okkar, þótt eigi kæmi þá þegar verulega að sök. Næstu ár eftir voru á margan hátt mjög örðug, og er óþarfi að rifja upp þá sögu enn einu sinni. Hún hefur svo oft verið sögð. Innflutningurinn fór minnkandi, einkum á hátolluðum vörum, og verzlunarviðskipti landsins við útlönd námu í heild árlega aðeins 100—120 millj. króna. Jafnframt varð ríkissjóður að taka á sig þungar byrðar vegna atvinnuleysisins og margháttaðra fjárhagsvandræða í landinu, og þar að auki á sama tíma framlög til nýrra atvinnugreina. Samtímis þessu varð að snúast við því að stöðva tekjuhallarekstur ríkissjóðs. Til þess að mæta öllu þessu varð óhjákvæmilegt að gerbreyta tolla- og skattakerfi landsins. Til þess að afla ríkissjóði nægilegra tekna varð að hækka skattstigana, vegna þess hve tekjur almennt lækkuðu, og tolla á ýmsum aðfluttum varningi var óhjákvæmilegt að hækka, til þess að vega upp tolltapið, er fram kom vegna takmörkunar á innflutningi. Enda þótt heildartekjur ríkissjóðs, eða sjálf skattabyrðin, ykjust ekki verulega, þá hækkuðu skattstigar og tollstigar.

Smátt og smátt komst skatta- og tollalöggjöfin á þessum árum í það horf, að hún tryggði ríkissjóði, þrátt fyrir margháttaða erfiðleika, nægilegar tekjur til þess að standast útgjöldin og hafa þó talsverðan afgang árlega til afborgana af skuldum. Þannig var tekjuafgangur ársins 1938 kr. 1,76 millj.

Það var öllum ljóst, að undireins og árferði batnaði og tekjur landsmanna ykjust frá því, sem verið hafði um nokkurt árabil, þá mundu tekjur ríkissjóðs, að óbreyttri tolla- og skattalöggjöf, aukast stórkostlega. Skatta- og tollalöggjöfin var miðuð við að afla ríkissjóði nægra tekna í mjög erfiðum árum og undir þeim kringumstæðum, að innflutningi ýmissa neyzluvara væri haldið í lágmarki.

Eftir að þjóðstjórnin var mynduð, árið 1939, voru samin fjárlög fyrir árið 1940. Gerðu menn sér þá að sjálfsögðu ljóst, hvers við mundi þurfa um skatta- og tollaálögur. Á því þingi var samþykkt ný tollalöggjöf, sem miðuð var við, að ríkissjóður hefði eigi minni tolltekjur en áður var, og þar með raunverulega framlengd öll gildandi tollaákvæði. Jafnframt voru framlengd öll ákvæði um beina skatta, er áður höfðu gilt. Í hinni nýju tollalöggjöf var gerð sú breyting frá eldri ákvæðum, að verðtollur skyldi reiknast af verði varanna að viðbættum flutningskostnaði til landsins. En fjármálaráðherra var jafnframt heimilað að reikna eigi toll af hærri flutningsgjöldum en tíðkuðust fyrir styrjöldina.

Í reyndinni mun nýja tollskráin hafa gefið ríkissjóði meiri tekjur en eldri tollákvæði hefðu gert. Veldur því hækkun flutningsgjaldanna á síðastl. ári, eða réttara sagt eftir að stríðið skall á.

Þannig er forsaga þeirrar skatta- og tollalöggjafar, sem á síðastl. ári hefur aflað ríkissjóði hinna miklu umframtekna, og þarf engan að undra, þótt tekjur ríkissjóðs yxu drjúgum, þegar þess er gætt, að tekjulöggjöfin öll er miðuð við öflun nægilegra tekna í ríkissjóð við allt önnur og gerólík skilyrði en þau, er fyrir hendi voru á síðastl. ári. Þannig hefur inn- og útflutningur á árinu 1940 numið um 200 millj. króna samtals, í stað 100—120 millj. kr. undanfarin ár, og öll innanlandsviðskipti aukizt stórkostlega og þjóðartekjurnar væntanlega vaxið í hlutfalli við þessar tölur, og vel það. — Í þessu sambandi má geta um það, að þrátt fyrir mikla erfiðleika við að ná í vörur hefur innflutningur ýmissa hátollaðra vara aukizt.

Sem dæmi um þróun viðskiptanna yfirleitt má nefna, að ágóði af tóbakseinkasölunni hefur numið síðastl. ár 1,45 millj. kr., í stað 660 þús. árið 1939, og ágóði áfengisverzlunar ríkisins hefur hækkað úr 1,825 millj. kr. í 2,641 millj. króna.

Á heimsstyrjaldarárunum 1914—1918 og næstu árum þar á eftir var fjárhagur ríkissjóðs mjög bágborinn. Ríkissjóður var rekinn með halla ár eftir ár og vanrækt að afla fjár til þess að standast gjöldin. Reyndist þessi hallarekstur ríkissjóðs hættulegur afkomu þjóðarinnar í heild á því tímabili. Eins og nú horfir ætti ekki að vera hætta á því, að sú saga endurtaki sig, og veldur því tolla- og skattalöggjöf sú, sem komið hafði verið á áður en þessi styrjöld hófst. Ætti að vera auðvelt að koma í veg fyrir slíka þróun, eins og nú horfir að minnsta kosti, og ættu menn að minnast þessarar reynslu frá síðasta stríði, jafnframt því sem menn endurskoða nú á þessu Alþingi þá löggjöf, sem tekjur ríkissjóðs eru byggðar á.

Þegar litið er á áhrif stríðsins á hag ríkissjóðs, þá verður eigi annað sagt en að þau hafi verið mjög hagstæð enn sem komið er. Tekjur hafa aukizt stórkostlega og nokkur lækkun orðið á sumum gjaldaliðum, vegna stríðsins, eins og t. d. tillagi til strandferða og landhelgisgæzlu. Hins vegar hafa ýmsir útgjaldaliðir að sjálfsögðu hækkað allverulega af sömu orsökum, t. d. laun embættismanna, vegna verðlagsuppbótarinnar, en heildarhækkun útgjaldanna nemur þó ekki neitt svipaðri fjárhæð og aukning teknanna.

Ríkissjóður hefur ekki orðið fyrir neinum sérstökum óhöppum af völdum styrjaldarinnar, og vegna hins óvanalega góðæris og hagstæða atvinnuástands hefur áreiðanlega verið minni ánauð um fjárframlög úr ríkissjóði en nokkru sinni fyrr á síðari árum, og getur vel orðið svo enn um skeið.

Hins vegar er áríðandi, að menn geri sér grein fyrir því nú þegar, að eftir styrjöldina má búast við, að þetta viðhorf breytist gersamlega, — þá má gera ráð fyrir, að tekjustofnarnir bregðist og að um leið aukist þörfin fyrir framlög úr ríkissjóði, til þess að mæta atvinnuþörf landsmanna og til þess að styðja margs konar

framfarir, sem óhjákvæmilegt verður að hrinda í framkvæmd að styrjaldarlokum.

Mun ég víkja að þessu síðar í sambandi við afkomuhorfur á þessu ári og ráðstafanir í því sambandi.

Í fjárlagafrumv. fyrir árið 1942, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir um 21 millj. króna útgjöldum á rekstrarreikningi, og er það um hálfri millj. lægri fjárhæð en gjöldin reyndust árið 1940, en rúmlega 3 millj. meira en rekstrarútgjöldin árið 1938 og um 1,6 millj. kr. hærra en þau reyndust 1939.

Að sjálfsögðu má þó gera ráð fyrir, að gjöldin reynist hærri en ráð er fyrir gert í frumvarpinu, en þó verður í raun réttri engu spáð um viðhorfið á árinu 1942.

Annars er ekki veruleg ástæða til þess að gera fjárlagafrumvarpið fyrir 1942 að umræðuefni, eins og það liggur fyrir, þar sem útgjaldahlið þess mun í höfuðdráttum vera eins og gildandi fjárlög og fjárlögin fyrir árið, sem leið, að því undanskildu, að gert er ráð fyrir nokkrum hækkunum vegna aukinnar dýrtíðar og hækkunar á verðlagsuppbót starfsmanna.

Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að útgjöld síðustu ára standi yfirleitt óbreytt, að viðbættum hækkunum vegna styrjaldarinnar og talsvert auknum kostnaði við almenna starfrækslu ríkisins.

Sérstök ástæða er til þess að taka það fram, að óhjákvæmilegt virðist að hækka framlög til verklegra framkvæmda, t. d. vegamála, sem svarar auknum kostnaði við framkvæmdir. Séu sömu upphæðir veittar til þessara framkvæmda nú eins og verið hefur, þá eru framlögin raunverulega lækkuð frá því, sem þau eru nú.

Framsóknarmenn munu beita sér fyrir hækkuðum framlögum til atvinnuveganna í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna fyrir 1942, ekki síst til nýbýlaundirbúnings og ræktunar yfirleitt og endurbyggingar sveitabæja, en ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þau atriði nánar, en kem að þeim síðar í öðru sambandi.

Annars hljótum við að gera ráð fyrir, að endurskoðuð verði í ársbyrjun 1942 þau fjárlög, sem nú eru samin, — svo langt er frá því, að Alþingi hafi nú í raun réttri nokkra hugmynd um, hvað henta muni því ástandi, sem þá verður komið á.

Þá vil ég víkja nokkuð að fjármálahorfum á þessu ári og þeim viðfangsefnum, sem skapazt hafa vegna þess, hve allt viðhorf hefur gerbreytzt frá því að Alþingi, sem sat snemma á árinu 1940, gekk frá fjárlögum fyrir þetta ár, og annarri löggjöf, sem snertir afkomu ríkissjóðs.

Á þessu þingi verður skattalöggjöfin endurskoðuð. Fyrst og fremst verður að gerbreyta þeim lögum, sem nú eru í gildi um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja. Breytingin verður að vera fólgin í því, að útgerðarfyrirtæki og útgerðarmenn greiði skatta og útsvör til jafns við aðra landsmenn, en að útgerðinni verði um leið gert kleift að nota það tækifæri, sem nú gefst, til þess að greiða upp gömlu töpin og safna nokkrum varasjóðum til þess að standast þau töp, sem því miður munu óhjákvæmileg verða að stríðslokum, og til þess að endurnýja skipastólinn. Jafnframt verður að gera breytingar á skattalöggjöfinni, sem hindri, að beinu skattarnir þyngist á mönnum með vaxandi dýrtíð og lækkandi verðgildi peninga, miðað við verðlag. Fyrst og fremst ber að hækka verulega persónufrádráttinn frá því, sem nú er. Væri og sanngjarnt, að skattar á miðlungstekjur og minni yrðu lækkaðir, þar sem skattar á þeim tekjum, sem nú mega teljast í meðallagi, hafa verið talsvert háir undanfarin ár, vegna fjárhagsörðugleika þjóðarinnar. Þá er loks tvímælalaust rétt og sanngjarnt að lögleiða stríðsgróðaskatt á hæstu tekjurnar eftir að tillit hefur verið tekið til rekstrartaps útgerðarinnar undanfarin ár og stofnað til eðlilegra varasjóða.

Enn fremur er nauðsynlegt að athuga tollalöggjöfina með tilliti til þess, hve allar ástæður hafa nú gerbreytzt síðan hún var lögleidd, þó eigi sé nema rúmt ár síðan. Ber þá sérstaklega að athuga, hvort eigi er tímabært að lækka eða fella niður tolla á brýnustu nauðsynjavörum, og yrði það þá einn liðurinn í þeim ráðstöfunum, sem Alþingi hlýtur að gera til þess að vinna gegn dýrtíðinni í landinu. Þá virðist sjálfsagt, að eigi sé lengur innheimtur verðtollur af þeirri hækkun á farmgjöldum, sem stafar af styrjöldinni.

Á slíkum tímum, sem nú eru, hlýtur Alþingi að setja markið miklum mun hærra um afkomu ríkissjóðs en á venjulegum tímum. Ekki er við annað unandi en að verulegur hluti af þeim stríðsgróða, sem þjóðinni hefur borizt, verði notaður til þess að bæta fjárhag ríkisins og til þess að gera ríkissjóði kleift að leggja fram mikið fé til nytsamlegra framkvæmda í þágu alþjóðar, þegar tímabært verður.

Það er nú þegar auðséð, að eftirköst styrjaldarinnar hljóta að verða alvarleg fyrir Íslendinga. Sá uppgangur, sem nú hefur orðið um skeið, á sér tvær meginorsakir: hátt fiskverð og margs konar viðskipti við setuliðið, sem hér dvelur.

Allir muna enn, hversu hér var ástatt um fiskverzlun og fiskframleiðslu fyrir rúmu ári síðan. Það má nú hiklaust gera ráð fyrir, að þegar stríðinu er lokið og fiskveiðar hefjast almennt á ný, þá sæki í sama horfið í þeim efnum. Geta menn þá gizkað á afleiðingarnar, þegar þess er gætt, hvert kaupgjald verður þá orðið hér á landi, eftir því, sem horfir í þeim málum.

Allir vonumst við eftir því, að hernám landsins eigi sem skemmstan aldur og að sá tími komi, að enginn erlendur her dvelji á Íslandi. Hins vegar þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, að við brottför setuliðsins falla niður margs konar viðskipti og atvinna, sem ýmsir byggja á eins og nú standa sakir.

Undanfarið hefur verið margt og mikið talað um flutning fólks í bæi og kauptún úr sveitum landsins. Aldrei hefur meiri hætta verið slíkum flutningi samfara en einmitt nú. Það er beinn þjóðarvoði, ef menn yfirgefa nú staðfestu sína í sveitum landsins, flykkjast til sjávar og ætla sér að byggja framtíð sína á þeirri bráðabirgðavelgengni, sem nú er svo mikið talað um og byggð er á háu þorskverði, sem allt í einu hríð-

lækkar, og Bretavinnu, sem vonandi hverfur fyrr en varir, vegna brottfarar setuliðsins.

Það verður að vinna gegn þessari þróun með ýmsu móti, og m. a. með miklu stórfelldari átökum í nýbýla- og ræktunarmálum, bæði í sveitunum sjálfum og við sjávarsíðuna, en áður hafa þekkzt hér á landi, þótt mikið hafi verið að gert áður.

Að því leyti, sem ekki er unnt að koma slíkum ráðstöfunum beint í framkvæmd nú, vegna skorts á vinnuafli og efni, verður að safna fé til þeirra af stríðsgróðanum og þeirri peningagnægð, sem fyrir hendi er. Unga fólkið í landinu verður að vita það nú þegar, að ætlunin er að sinna nýju landnámi svo um munar, og þá er hægt að ætlast til þess af því, að það láti ekki stundarhagnað þann, sem nú er fáanlegur, trufla framtíðarfyrirætlanir sínar.

Stríðsgróðann verður að festa, til þess að ríkissjóður verði þess megnugur að leggja fram að lokinni styrjöldinni verulega fjármuni í þá baráttu, sem þá verður háð gegn atvinnuleysi og erfiðleikum og til þess að koma á jafnvægi eftir það umrót og los, sem styrjöldin og hernám landsins virðist ætla að hafa í för með sér.

Þá er ekki annað sjáanlegt en að styrjaldarárin verði að mörgu leyti kyrrstöðuár. Allar horfur eru á því, að nýsköpun í atvinnumálum verði lítil og að fjármunir muni í þess stað safnast fyrir sem innieignir erlendis. Má þá nærri geta, hvers við muni þurfa um öflun nýrra atvinnutækja og almennar framfarir, þegar þessu tímabili lýkur.

Verði því tækifæri sleppt, sem nú er fyrir hendi til þess að efla sjóði af stríðsgróðanum og því fjármagni, sem nú er í umferð yfirleitt, þá verður ríkissjóður févana, þegar til á að taka, og það af þeirri einföldu ástæðu, að þegar kreppan byrjar, lækka tekjur ríkissjóðs, einmitt þegar framlaga hans verður mest þörf.

Nú vill svo vel til, að skatta- og tollalög þau, sem í gildi eru, minnka mjög líkurnar fyrir því, að Alþingi vanrækti þetta tækifæri, og þar að auki virðist vaxandi skilningur á því, að breyta þurfi skattalöggjöfinni, til samræmis við breyttar ástæður og að festa beri verulegan hluta stríðsgróðans til sameiginlegra þarfa og til þess að koma þjóðnytjamálum í framkvæmd.

Hljóti skattamálin sómasamlega lausn á þessu þingi, svo sem verður að vera, ætti fjárhagsafkoma ríkissjóðs að verða enn betri á þessu ári en 1940, — ef ekki henda einhver alveg sérstök óhöpp. Er auðséð, hvers vænta má, þegar þess er gætt, að á þessu ári verða á lagðir og innheimtir beinir skattar af tekjum ársins 1940, og um leið hins, hver afkoma ríkissjóðs var árið 1940, enda þótt tekjuaukning þess árs ætti rætur sínar að rekja nær eingöngu til hækkana á tollum og einkasölutekjum. Hækkun á tekjum vegna beinu skattanna er því nær alveg ókomin fram enn.

Eins og nú háttar um rekstur atvinnuveganna og horfur eru um atvinnu yfirleitt, er ekki ástæða til þess að auka framlög til verklegra framkvæmda á þessu ári, nema þá til samræmis við kauphækkanir. Hins vegar væri réttmætt að gera einstakar undantekningar vegna sérstakra áríðandi framkvæmda, þar sem nægilegt fé er fyrir hendi, svo sem vegalagninga á nokkrum stöðum, þar sem koma þarf heilum byggðarlögum í samband við mjólkurbú o. s. frv., en gæta verður þess vandlega, að opinber vinna dragi vinnuaflið ekki um of frá framleiðslustörfum um hásumartímann.

Rekstrarafgangur ríkissjóðs á þessu ári verður því mjög mikill, ef að líkum lætur. Ég álít því rétt og nauðsynlegt, að á þessu Alþingi verði sett sérstök lög um ráðstöfun þeirra umframtekna, sem fyrirsjáanlegar eru á þessu nýbyrjaða ári. Mér finnst, að ákveðinn hundraðshluti af umframtekjunum ætti að leggjast í sérstakan sjóð, til þess að standast kostnað við þau framfaramál, sem efst hljóta að verða á baugi með þjóðinni, þegar tímabært þykir að hefjast handa um framkvæmdir yfirleitt. Vil ég í því sambandi enn nefna nýbýlamálið og ræktun við kauptún og kaupstaði, — nýtt landnám í sveit og við sjó, — endurbyggingu sveitabæja, rafmagnsmál sveitanna, sandgræðslu og skógrækt, endurnýjun bátaflotans og skipaflotans, efling fiskimála- og fiskveiðasjóðs, rannsóknir á náttúruauðæfum landsins og skilyrðum til þess að hagnýta þau. Mætti fleiri telja, en þessi eru þau mál, er að mínum dómi hljóta að eiga að ganga fyrir, og sum hefur verið aðkallandi að leysa nú um mörg ár, en fjármagn skort til þess að taka á þeim sem skyldi.

Þeim hundraðshluta af umframtekjum ríkissjóðs, sem ekki gengi til þessara framkvæmda, yrði varið til lækkunar á skuldum ríkisins. Þannig væri hið óvænta góðæri, sem nú er, notað jöfnum höndum til þess að bæta afkomu ríkissjóðs og undirbúa framtíðina.

Þannig væru ráðstafanir gerðar til þess, að hið gífurlega fjármagn, sem mönnum hefur í hendur borizt með alls óvæntu móti og í stærri mæli en nokkur dæmi eru til áður í sögu þjóðarinnar, verði ekki allt eyðslueyrir, heldur verði ríflegur hluti þess notaður til þess að bæta og fegra líf þjóðarinnar.

Haraldur Guðmundsson: Það hefði verið freistandi við þessa umr. að gera nokkurn samanburð á frv. og grg. hæstv. fjármálaráðherra og staðhæfingum flokksmanna hans um fjármálastjórn undanfarinna ára. En hæstv. viðskiptamálaráðherra hefur tekið þetta til svo rækilegrar athugunar, að ég þarf ekki miklu við að bæta. Þó vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp lítinn kafla úr fjárlagaræðu sama ráðherra, þeirri, er hann hélt á síðasta þingi. Þar segir meðal annars svo:

„Mér þykir það nú allmikilli furðu gegna, ef nokkrum hv. þm. getur komið það til hugar, að ég hefði ekki helzt kosið að geta gert till. um verulegar lækkanir á beinum rekstrarkostnaði ríkisins."

Síðan gerir ráðherrann grein fyrir, hvers vegna hann beri eigi fram slíka till., og á hvaða liðum hækkun undanfarinna ára hafi verið:

„Vaxtagreiðslur og afborganir hafa hækkað um 1700 þús., dómgæzla og lögreglustjórn um 1150 þús., samgöngumál um 1442 þús., kennslumál um 936 þús., verklegar framkvæmdir um

2550 þús., styrktarstarfsemi um 580 þús. Dómgæzlu og lögreglustjórn væri hægt að lækka með því t. d. að fella niður tollgæzluna, sem mjög hefur vaxið síðustu árin. En verður það talið fært, eins og tekjuöflun ríkissjóðs er nú háttað? Eða að minnka löggæzluna? Eða vill hv. Alþingi stíga svo stórt skref til baka í kennslumálunum, að verulegur sparnaður verði að? Eða vill það fella niður alþýðutryggingarnar, sem aðallega valda gjaldaaukningunni til styrktarstarfseminnar? Ég er reiðubúinn til þess að ræða þessar leiðir við hv. fjárveitinganefnd, en ég geri mér, satt að segja, litlar vonir um, að samkomulag geti náðst um þær.

Þá eru eftir tveir útgjaldaflokkar, því að væntanlega dettur engum í hug að skera niður vaxta- og afborganagreiðslur, því að hjá því verður ekki komizt að inna þær af hendi, nema þá með þeim hætti að taka ný lán til að standast þær, og það get ég ekki séð, að fært muni vera, eins og nú er komið. Og ég hef ekki getað séð möguleika til útgjaldalækkunar í svipinn, sem nokkuð munaði um, aðra en þá að lækka enn framlög til samgöngumála og verklegra framkvæmda."

Þetta er nú niðurstaðan, sem hæstv. fjármálaráðherra þá hefur komizt að, eftir að hafa gegnt embætti sínu um hríð. Og þessa sömu niðurstöðu staðfestir frv. hans nú. En þar með hefur hann afsannað öll fyrri gífuryrði flokksmanna sinna og flokksbræðra, sem fullyrtu, að auðvelt væri að skera niður milljónaútgjöld úr fjárlögum fyrri ára, án þess að valda erfiðleikum eða óþægindum öðrum en bitlingamönnum og beinasníkjum. Nú er ekki hægt að skera niður annað en verklegar framkvæmdir. Ég segi þetta ekki hæstv. ráðherra til lasts, heldur lofs, því að af þessu er auðséð, að hann metur meira staðreyndir en órökstudd vígorð. Ég hef farið yfir fjárlagafrumvarp þetta eins og fjárlagafrumvarp síðasta árs, og ég hef hvergi getað fundið milljónasparnaðinn þar, fremur en hæstv. ráðh. hefur lánazt að finna óþarfa milljónaeyðslur undanfarinna ára. Þetta fjárlagafrumvarp er yfirleitt með svipuðu sniði og fyrri frv. til fjárl. Munurinn er aðeins sá, að það er hærra, langtum hærra en nokkurt fjárlfrv. hefur áður verið. Og þó er fullvíst, að frv. hlýtur að hækka mjög verulega í meðförum þingsins, og alveg bersýnilegt, að margir liðir eru þar of lágt áætlaðir, þótt eingöngu sé miðað við þá dýrtíð, sem þegar er fram komin. Er ég með þessu engan veginn að ámæla hæstv. ráðherra. Ég viðurkenni fyllilega, að það er eðlilegt og óhjákvæmilegt, að fjárl. þurfi að hækka stórlega, eins og nú er ástatt, til þess að standa straum af þeim greiðslum, sem halda þarf uppi, því að kostnaðurinn hefur ekki minnkað á nokkurn hátt, en dýrtíðin aftur stóraukizt. Hins er þó ekki að dyljast, að ráðh. hefur talið sig þurfa að hækka marga liði alveg án tillits til dýrtíðarinnar.

Ég mun þá víkja nokkrum orðum að einstökum atriðum frv., aðeins mjög stuttlega, því að Alþýðuflokkurinn mun að venju sýna afstöðu sýna til frv. og einstakra liða þess með brtt. og við atkvgr.

Ég hafði búizt við því, með tilliti til bættrar afkomu ríkissjóðs og líka vegna ummæla hæstv. atvmrh. í útvarpserindi nú eftir áramótin, að framlög til nauðsynlegra verklegra framkvæmda, svo sem vega, hafna og lendingarbóta, yrðu hækkuð verulega, ekki sízt þegar þess er gætt, að hæstv. fjármálaráðherra tekur upp í frv. heimild til að lækka ólögbundin útgjöld ríkissjóðs um 35%. Enginn veit, hvernig atvinnuástæður verða árið 1942, og því væri mikil óforsjálni að gera ráð fyrir, að allir hafi þá nóg að starfa án opinberra aðgerða. Ef svo færi, að ekki yrði þörf framkvæmdanna til atvinnuaukningar, væri hægurinn hjá að geyma fé þar til síðar, er til þess þyrfti að taka. Sama máli gegnir, ef takmarka yrði t. d. framkvæmdir til hafnargerða o. þ. h. vegna skorts á erlendu efni.

Mér voru það því vonbrigði, að framlög til þessara mála hafa svo að segja ekki hækkað frá því, sem var á fjárl. þessa árs. Vegafé er að vísu hækkað um hér um bil 300 þús. kr., eða um 15%, en framlög til hafnargerða o. þ. h. er lækkað um nærfellt 150 þús. kr. Þegar þess er gætt, að kaupgjald hækkar í samræmi við dýrtíðina, sem nú mun vera orðin 148 stig, verður ljóst, að hér er verið að draga mjög úr þessum nauðsynlegu framkvæmdum. Ég vil vona, að Alþingi geri hér lagfæringu á og að tilgangur hæstv. ráðherra með því að taka ekki upp í frv. hærri fjárhæðir í þessu skyni hafi verið sá að láta Alþingi kveða á um upphæð fjárins og skiptingu þess, en ekki hinn, að skera þessar framkvæmdir niður.

Þá er tillag til byggingarsjóða verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum áætlað aðeins 120 þús. kr. og ekki gert ráð fyrir, að neitt af ágóða tóbakseinkasölunnar renni til þeirra. Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðherra sé fús til að bæta hér um. Þörfin er svo augljós og aðkallandi, að um hana þarf ekki að fjölyrða. Húsnæðiseklan er orðin svo mikil og þröngbýlið, bæði hér í Reykjavík og fleiri kaupstöðum, að bein hætta er af. Og fjöldi íbúða, sem notazt er við, getur varla talizt til þess hæfar. Með hverju ári, sem líður án þess, að nokkuð sé byggt að ráði, versnar ástandið. Hæstv. ráðherra sagði á síðasta þingi, að þá áraði ekki til að safna í sjóði. Nú hefur árað vel fjárhagslega. Ef svo skyldi fara, að ekki yrði hægt að ráðast í verulegar byggingar vegna efnisskorts, á einmitt að nota tímann til að safna í sjóði til slíkra framkvæmda, því að vandséð er, hve lánsfé verður auðfengið, þegar aðflutningur verður greiðari aftur.

Hæstv. ráðherra sagði, að tillag til alþýðutrygginga hefði hækkað mikið. Þetta er rétt. En ég vil leyfa mér að benda á, að þetta tillag er þó enn áreiðanlega áætlað verulegri upphæð lægra en telja má fullvíst, að það verði, jafnvel þótt dýrtíð aukist lítið eða ekkert frá því, sem nú er. Útgjöld tryggginganna til ellilauna, örorkubóta og sjúkrahjálpar hljóta að hækka með vaxandi dýrtíð og hluti ríkissjóðs af þessum kostnaði að aukast að sama skapi. Ég hygg, að hæstv. ráðherra muni vera mér sammála um þetta. Mér er ánægja að viður-

kenna, að hann hefur jafnan sýnt skilning á nauðsyn og gildi tryggínganna.

Ég sé, að hæstv. ráðherra gerir í frv. ráð fyrir, að verðlagsuppbótin hækki upp í 1200 þús. kr. Í því sambandi vil ég leyfa mér að spyrja, hvort ekki megi vænta bráðlega frá honum eða hæstv. ríkisstjórn frv. um breytingu á þeim ákvæðum, sem nú gilda um verðlagsuppbót til opinberra starfsmanna, þannig að hún verði framvegis ákveðin í samræmi við dýrtíð á hverjum tíma, upp að ákveðnu launamarki, en miðist ekki aðeins við hluta af dýrtíðinni, eins og nú er. Verkamenn hafa yfirleitt fengið fulla dýrtíðaruppbót með samningum, auk nokkurrar hækkunar á grunnkaupi víðast hvar. Starfsmenn bankanna hafa einnig samkvæmt ákvörðun bankaráða fengið fulla uppbót, svo og starfsmenn Reykjavíkurbæjar. Ég verð að telja sjálfsagt, að hið sama verði látið gilda um starfsmenn ríkisins. — Hér er um að ræða þúsundir manna, sem eiga yfirleitt við lág laun að búa og hafa orðið mjög hart úti síðastl. ár.

Höfuðgalli frv. í mínum augum er þó sá, að þar er enga viðleitni að finna til þess að búast undir að mæta breytingum frá því ástandi, sem við eigum nú við að búa. Enginn veit, hvaða atburði kann að bera oss að höndum. En ekkert vit er í því að gera ráð fyrir sama fjárhagslega góðæri framvegis. Vér verðum að nota gróðann, sem fenginn er, til þess að vera sem bezt búnir við hverju einu.

Ef styrjöldin stendur lengi enn, má telja víst, að erfiðleikar á flutningum og siglingum fari vaxandi og torvelt verði að fá til landsins nauðsynlegar vörur. Er ekki sjálfsagt að nota eitthvað af þeim peningum, sem streyma nú inn í landið, til þess að gera okkur betur sjálfbjarga en við erum nú? Nokkur athugun hefur verið gerð á möguleikum til sementsvinnslu hér á landi og kostnaðarhlið þess máls. Sama er að segja um verksmiðju til að búa til áburð. En einmitt áburður og byggingarefni eru okkur lífsnauðsyn. Flutningsgjöld eru nú gífurlega há og munu verða svo árum saman að stríðinu loknu. Er ekki sjálfsagt að gera nú þegar gangskör að því að ljúka nauðsynlegum undirbúningi og jafnvel reyna að koma þessum fyrirtækjum upp, ef þess er nokkur kostur? Er líklegt, að peningarnir séu betur komnir annars staðar? Og sé þess ekki kostur að fá efni til þessara fyrirtækja, meðan á stríðinu stendur, á þá ekki samt að ganga frá undirbúningi og tryggja sér fé? Margt fleira mætti nefna, svo sem þurrmjólkurgerð, vinnslu ostefnis úr mjólk, herzlustöð fyrir síldarlýsi, rannsókn byggingarefna, skipasmíðar, að ógleymdri ræktun, sérstaklega við kaupstaði og kauptún. Slík fyrirtæki væru okkur ómetanleg björg, ef siglingar tepptust. Þegar stríðinu lýkur og Bretar fara héðan, sem við vonum að verði sem fyrst, þá má búast við verðhruni og atvinnuvandræðum. Væru þá þessi fyrirtæki komin upp, eða svo vel undirbúin, að tafarlaust mætti byrja á því að reisa þau, þá mundi það bæta verulega úr atvinnuleysinu.

Mér er það vel ljóst, að þess er ekki að vænta, að hæstv. ríkisstjórn geti komið öllu þessu fram í skjótri svipan og að litlar líkur eru til, að samkomulag geti tekizt um það, að ríkissjóður stofni, eigi og reki öll þessi fyrirtæki. En ég hygg ólíklegt, að þessu verði komið fram, nema með atbeina ríkisstj. og nokkru framlagi hins opinbera. Og hvernig hyggst hæstv. ríkisstjórn að mæta því ástandi, sem blasir við jafnskjótt og Bretavinnan fellur niður? Eða ef siglingar til Englands teppast? Eða því verðhruni, sem víst er, að kemur að stríðinu loknu, og afleiðingum þess?

Mér er líka ljóst, að til þessa alls þarf mikið fé, ekki einasta mikla skatta í ríkissjóðinn, heldur þarf líka að beina fé einstaklinga til þeirra framkvæmda og fyrirtækja, sem þjóðinni er mest nauðsyn á. En nú stendur einmitt svo á, að við erum ríkari af peningum en nokkru sinni áður. Það, hversu happadrjúgir þessir peningar verða okkur, fer eftir því, hversu vel okkur tekst að breyta þeim í varanleg verðmæti.

Samkvæmt yfirliti hagstofunnar höfum við síðastliðið ár flutt út vörur fyrir hér um bil 60 millj. kr. meira en andvirði allrar innfluttrar vöru. En við það bætist, að brezka setuliðið hefur greitt hér geysimiklar fjárhæðir á okkar mælikvarða, sennilega svo tugum millj. skiptir, síðastl. ár. Enda mun nú svo komið, að innistæður í Englandi nema um 80 millj. kr., eða meira en tvöfaldri þeirri upphæð, sem ríki og bankar skulda þar. Samkvæmt yfirliti um ísfisksöluna í Englandi hafa togararnir, 35 að tölu, selt þar ísfisk fyrir hér um bil 63 millj. kr., eða sem svarar 1 millj. og 800 þús. kr. hver. Auk þess hafa línuveiðiskip og vélbátar, 41 að tölu, selt þar ísfisk fyrir 21 millj. kr., eða hálfa millj. hver. Mig brestur skilríki til að segja með nokkurri vissu, hve mikið af þessum geipifjárhæðum er hreinn gróði. Margir, sem þessum málum eru kunnugir, ætla, að allt að helmingur þessara upphæða sé hreinn hagnaður, eða 40 millj. kr. Jafnvel þótt þessi ályktun kynni að vera rífleg, er það víst, að gróðinn er gífurlegur. Og allt þetta fé hafa íslenzkir bankar keypt af útgerðarmönnum fyrir 26.22 kr. sterlingspundið. Hér er um að ræða hreinan happafeng, ef svo mætti segja um stríðsgróða. Enginn getur haldið því fram, að þessi gróði sé til orðinn fyrst og fremst fyrir sérstaka atorku eða fyrirhyggju skipaeigenda. Það er því sjálfsagt og réttmætt, að ríflegur hluti þessa gróða renni til þjóðfélagsins, eins og hitt er réttmætt, að nægilegt sé skilið eftir til þess að fjárhagur útgerðarfyrirtækjanna geti talizt á öruggum grundvelli.

Ég hef veitt því athygli, að hæstv. fjmrh. hefur ekkert látið uppi um það, að hann muni nota heimild laga um bráðabirgðatekjuöflun fyrir ríkissjóð og fleira til að innheimta á þessu ári tekjuskatt samkvæmt skattstiga þeirra laga, né hitt, hvort hann muni nota heimildina til að innheimta skattinn með 12% viðauka. Hins vegar hefur hæstv. ráðherra lagt fram sérstakt frv. um benzínskatt, sem að efni er samhljóða ákvæðum í þessum sömu lögum, og virðist mér það benda til þess, að hann hugsi sér ekki að fara fram á framlengingu laganna.

Skattfrelsislögin eru enn í gildi, og þótt liðnar séu þrjár vikur, síðan Alþingi kom saman,

hefur hæstv. ráðherra enga tillögu lagt fram um afnám þeirra, enda er tekju- og eignarskattur í fjárlfrv. áætlaður aðeins þrjár millj. króna.

Aðalefni skattfrelsislaganna er þetta:

1. Útgerðarfyrirtæki (félög) fá skattfrjáls 90% af því fé, sem þau leggja í varasjóð.
2. Heimilt er að fella niður útsvar á togarafyrirtækjum, en sé lagt á þau útsvar, má það ekki vera hærra en það var 1938, en þá greiddu togarafyrirtækin samtals aðeins 40—50 þús. kr. í útsvar hér í Reykjavík.
3. Tap, sem útgerðarfyrirtæki hafa orðið fyrir síðan 1931, má draga frá við ákvörðun skattskyldra tekna.

Þegar þessi lög voru sett, átti útgerðin, togaraútgerðin sérstaklega og raunar yfirleitt, við mikla fjárhagserfiðleika að stríða, þó að nokkur fyrirtæki hefðu stöðugt komizt sæmilega af. En yfirleitt hafði orðið mikið tap á rekstrinum vegna aflabrests, verðlækkunar og markaðsörðugleika. Lögin voru því eðlileg, þegar þau voru sett, og tilgangur þeirra sá einn að gera þessum fyrirtækjum kleift að komast á réttan kjöl. En nú er ástandið gerbreytt orðið. Öll togarafyrirtækin, eða því sem næst, hafa greitt að fullu skuldir sínar og flest safnað gildum sjóðum að auki. Þær forsendur, sem lögin voru reist á, eru burtu fallnar. Það, sem telja mátti réttmætt og eðlilegt, þegar lögin voru sett, yrði hróplegt misrétti og ranglæti nú. Allur almenningur ber þungar byrðar tolla og skatta. Beinir skattar á láglaunafólki og fólki með miðlungstekjur hafa verið auknir einmitt vegna skattfrelsisins. Segjum, að þetta hafi verið óhjákvæmilegt á sínum tíma. En nú er ekki um það að ræða. Hvaða vit er í því að hafa einmitt stríðsgróðann skattfrjálsan, en hvern smápening almennings skattaðan og tollaðan? Svo búið má ekki lengur standa. „Hver maður sinn skammt". Þjóðstjórnin lýsti yfir því, að allir ættu jafnt að taka á sig byrðar erfiðleikanna, hver eftir sinni getu. Skömmtun hefur verið upp tekin á ýmsum helztu nauðsynjum, að vísu svo rifleg, að fyrir flesta hina efnalitlu hefur verið erfiðast að borga skammtinn, en fyrir hina efnaðri að torga honum! En sleppum gamni. Ég vil ekki trúa því, að ætlun hæstv. ríkisstjórnar hafi verið sú, að þessi regla ætti aðeins að gilda, þegar hart er í ári, og aðeins fyrir þá, sem erfiðast eiga. Ég ætla, að hún eigi að gilda jafnt, þó að vel ári fyrir einstaka menn og stéttir. Þeir, sem mest græða, eiga að taka á sig mest af byrðunum.

Ég vil vona, að það sé ekki ætlun hæstv. fjmrh., að togaraútgerðin eigi að geta komizt hjá því að greiða skatt með því að leggja fram upphæð, sem svarar einni góðri sölu í Englandi, til sjómannaskóla. Hæstv. ríkisstjórn ætti ekki að verða nein skotaskuld úr því að reisa skólann, ef ríkissjóður fær réttmætan skatt.

Má vera, að hæstv. ráðh. segi, að því hafi hann ekki flutt mál þetta, að milliþn. hafi nú skattalöggjöfina til athugunar. Mér er kunnugt um, að bæði fulltrúar Alþfl. og Framsfl. hafa þegar fyrir nokkru lagt þar fram ákveðnar tillögur, en ég veit ekki til, að fulltrúi Sjálfstfl. hafi gert það enn þá, og er þó vissulega tími til kominn, þar sem liðnar eru nær þrjár vikur af þingtímanum.

Meginatriði í tillögum alþýðuflokksfulltrúans í nefndinni eru þessi:

1. að skattfrelsislögin verði afnumin,
2. að ákveðinn hluti þess, sem lagt er í varasjóð, verði skattfrjáls,
3. að það fé, sem lagt er í nýbyggingarsjóð til þess að endurnýja skipastólinn, fiskiflotann, njóti sérstakra ívilnana frá skatti, enda sé tryggt, að fénu verði eingöngu varið til þessa.
4. að á skattskyldar tekjur, sem fara fram úr ákveðnu hámarki og ekki eru lagðar í nýbyggingarsjóðinn, sé lagður stighækkandi stríðsgróðaskattur, til viðbótar hinum almenna skattstiga, og skiptist skatturinn milli ríkissjóðs og hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélags. Útsvör og skattar fari þó aldrei yfir 90% af tekjunum.
5. að skattar á láglaunafólki og fólki með miðlungstekjur verði lækkaðir nokkuð, persónufrádráttur hækkaður og tillit tekið til rýrnunar á verðgildi peninga til lífsþarfa við ákvörðun skattsins.

Ég mun að sjálfsögðu ekki ræða þessar tillögur nú, vildi aðeins láta það koma fram, að drátturinn á því, að málið komi til Alþingis, stafar ekki af því, að Alþfl. hafi ekki tillögur sínar tilbúnar. En í framhaldi af því, sem ég sagði áður um nauðsyn þess að nota gróðann til að tryggja undirstöðu atvinnulífsins, vil ég aðeins benda á, að hvergi er þessi nauðsyn meira aðkallandi en á sviði sjávarútvegsins. Það er alkunna, að flest hinna stærri skipa, togarar og línuveiðiskip, eru gömul, dýr í rekstri og viðhaldi, jafnvel hættuleg, og hljóta að verða algerlega ónothæf innan skamms tíma. Einmitt þess vegna er það blátt áfram lífsnauðsyn, að ráðstafanir séu gerðar nú þegar til þess að tryggja það, að unnt verði að afla nýrra veiðiskipa í þeirra stað sem allra fyrst. Auk þess er þegar höggvið stórt skarð í flotann. Einn togari fórst í haust. Annar er nú talinn af. Bátar og smærri skip týna og tölunni, og er skemmst að minnast tjónsins af ofviðrinu nú fyrir nokkrum dögum. Þessi skörð þarf að fylla og auka við.

Auk þess er hætt við, ef gróðafé er ekki sett fast til slíkra framkvæmda, að það beinist í aðrar áttir. Vextir bankanna freista ekki. Nú þegar er farið að bera á því, að keypt séu upp hús, lóðir, jarðir o. s. frv. Verður þetta til að ýta undir alls kyns spákaupmennsku og auka á verðbólguna, sem einmitt ríður á að halda í skefjum.

Kem ég þá að annarri hlið á sama máli. Segja má, að gróðinn sé bjarta hliðin, og er sjálfsagt að meta hann að verðleikum. En ástandið hefur líka sínar dökku hliðar, þó að eingöngu sé á það litið frá sjónarmiði fjárhags- og efnalegrar afkomu. Dýrtíðin hefur aukizt hröðum skrefum, og ekki verður annað séð en hún haldi áfram að aukast, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir það. Af vaxandi dýrtíð leiðir hækkandi framleiðslukostnað og vöruverð innanlands, sem eykur aftur dýrtíðina, og svo koll af kolli. Er ljóst, að slíkt

kapphlaup getur ekki endað nema á einn veg: að framleiðslukostnaðurinn verði meiri en svo, að söluverð afurðanna erlendis nægi til að greiða hann, því að engin skynsemi er í því að ætla, að það haldi stöðugt áfram að hækka. Einhvern tíma stöðvast sú hækkun, að stríðinu loknu, ef ekki fyrr.

Síðasta stríð færði okkur glögglega heim sanninn í þessu efni. Fyrsta stríðsárið, 1915, var þá sem nú mesta velti- og gróðaár. Útflutningurinn tvöfaldaðist að verðmæti og komst upp í 40 millj. kr. Verzlunarjöfnuðurinn var hagstæður um 15 millj. kr. Sparisjóðirnir fylltust af peningum eins og nú. — Dýrtíðin jókst, hægar í fyrstu en verðhækkun útflutningsvara, matvöruvísitalan hækkaði um 30 stig fyrstu 12 mánuði stríðsins. Annað stríðsárið, 1916, var sæmilegt ár. En svo snerist allt við. Dýrtíðin magnaðist. Framleiðslukostnaðurinn hélt áfram að aukast, oft meira en útflutningsvísitalan. Var þó hvorki um að kenna sköttum né kauphækkun, því að hún náði ekki dýrtíðinni fyrr en löngu eftir stríð. Samt var framfærsluvísitalan komin upp í 340 árið 1918, en útflutningsvísitalan nam þá aðeins 240, hvort tveggja miðað við 100 árið 1914. Enda var þá stríðsgróðinn fljótur að hverfa.

Nú er svo að sjá sem við séum á sömu leið. Þróunin er aðeins miklu örari. Matvöruvísitalan hækkaði fyrstu 12 mánuði þessa stríðs um 53 stig, eða nærfellt helmingi meira en á sama tíma í síðasta stríði. Nú má telja fullvíst, að heildarhækkun verðlagsins sé orðin 50%, og hefur þó húsaleigan ekkert hækkað og nokkrir aðrir liðir lítið.

Samkvæmt útreikningi hagstofunnar var matvöruvísitalan í janúar komin upp í 168 stig. Innlendar matvörur höfðu hækkað úr 100 í 172, en erlendar úr 100 í 158.

Matvöruhækkun er því stórum meiri en verðlagshækkun yfirleitt, og sérstaklega er það athyglisvert, að verðhækkun innlendra matvara er orðin miklum mun meiri en erlendra. Þetta er þeim mun athyglisverðara, þegar þess er gætt, að um ¾ af því fé, sem Reykvíkingar nota til matarkaupa, gengur til kaupa á innlendum vörum, en aðeins ¼ fyrir útlendar.

Samkv. nóvembervísitölu nam þá verðhækkun á árskaupum af innl. matvörum 754 kr. og á erlendum 208 kr. fyrir meðalfjölskyldu í Reykjavík, miðað við verðlag í jan.—marz 1939. Og síðan hefur verið enn hækkað og heldur áfram að hækka.

Það er alveg ljóst, að í fullkomið óefni er stefnt, ef svo heldur áfram. Að því er erlendu vörurnar snertir tel ég líklegustu leiðina til að hafa hemil á verðhækkuninni, að ríkið tæki að sér innkaup á nauðsynlegustu vörunum og að tollar á þeim séu afnumdir með öllu. Að því frágengnu sé ég ekki aðra leið en strangt verðlagseftirlit, er einnig taki til farmgjalda.

Í þessu sambandi vildi ég spyrja hæstv. ráðherra, hvort hann hyggst enn að halda áfram að innheimta verðtoll af farmgjöldum.

Að því er innlendu vörurnar snertir, virðist mér þurfa að taka regluna um verðlagsákvörðun þeirra til gaumgæfilegrar endurskoðunar, og láta þær ná til fleiri vörutegunda en nú er. En það skal játað, að litlar líkur virðast til þess, að sú leið sé einhlít, því að það liggur í augum uppi, að framleiðendur þeirra þurfa auðvitað að fá fyrir þær hærra verð, þegar framleiðslukostnaðurinn eykst. Alþýðuflokkurinn hefur stungið upp á því, að tekið sé sérstakt gjald af þeim vörum, sem seldar eru til útlanda með mestum hagnaði, og það fé, sem þannig fæst, notað til að lækka og halda niðri útsöluverði á þeim íslenzkum vörum, sem þýðingarmestar eru í neyzlu almennings.

Að minni hyggju verða aðalviðfangsefni þessa þings í innanlandsmálum skattamálin og ráðstafanir gegn dýrtíðinni. Undir því, hvernig þau verða leyst, er það að miklu leyti komið, að hverju gagni sá mikli gróði, sem stríðið hefur fært og enn færir þjóðinni, verður.

Ég gerði mér vonir um, að hæstv. ríkisstjórn mundi þegar í þingbyrjun leggja fram ákveðnar tillögur í þessum málum, en ekkert bólar á þeim enn þá. Og í fjárl.frv. og ræðu hæstv. *fjármálaráðherra* verður ekki séð, að hann geri ráð fyrir nokkrum sérstökum aðgerðum í þessum efnum. Þetta má ekki svo til ganga. Hver vikan, sem líður án þess að eitthvað sé aðhafzt, getur orðið dýr. Ég vil í lengstu lög vænta þess, að hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar geti orðið sammála um skjóta og heppilega lausn á þessum málum.

Það er engu minni vandi að gæta fengins fjár en að afla þess.

Það þótti lítill búhnykkur, þegar mögru kýrnar átu feitu kýrnar. Hitt væri þó enn þá slysalegra, ef svo skyldi til takast, að feitu kýrnar ætu sig sjálfar.

Á hverju eiga þá þær mögru að lifa?

Einar Olgeirsson: Það ber það ekki með sér fjárlagafrumvarpið, sem hér er lagt fram, að það hafi verið samið eftir að einhver mesta umbreyting hefur orðið á efnahag og pólitískri afstöðu þjóðarinnar út á við, sem Íslandssagan greinir frá. Það vottar þar hvergi fyrir viðleitni til þess að bæta hag verkamanna, bænda, fiskimanna eða annarra vinnandi stétta frá því, sem var, — en hátekjuskatturinn á auðmennina er brott felldur, einmitt þegar auðmennirnir eru margfalt ríkari en nokkru sinni fyrr. Það sér ekki heldur á, að það eigi að lækka tollana, sem eru að sliga almenning í dýrtíðinni, — og því síður að efla skuli gagnlega íslenzka atvinnu fólksins. — Og þótt leitað væri með logandi ljósi, þá sést ekki í þessu fjárlagafrumvarpi vottur um það, að við lifum nú í herteknu landi, þar sem þjóðinni væri nauðsyn á að hervæða sig á sinn máta, efla stórkostlega menntun fólksins, opna skólana fyrir alþýðu, styðja og efla bókmenntir vorar og önnur þjóðleg verðmæti, — nei, í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að sami afturhalds- og ofsóknarandinn drottni einnig áfram á því sviði, — andinn eða andleysið, sem kennt er við menntamálaráð.

Það, sem fyrst og fremst verður því að gera í umræðum um þetta fjárlagafrumvarp, er að kryfja til mergjar sjálfa fjármálapólitík ríkisstj. og ekki sízt þá hlið hennar, sem hæstv.

fjmrh. í framsöguræðu sinni algerlega sneiddi hjá og hæstv. viðskmrh. líka varðist að koma inn á.

Þegar þjóðstjórnin kom til valda, hét hún þjóðinni að beita sér fyrir því að koma á réttlæti í þjóðfélaginu og hindra, að einstakar stéttir eða einstaklingar færu að ota sínum tota og hagnast á þjóðarheildinni. Kjörorðið var, að eitt skyldi yfir alla ganga. Engin stjórn, sem setið hefur að völdum á Íslandi, hefur haft aðra eins möguleika til að standa við loforð sín eins og þessi stjórn. En hvernig hefur hún efnt þau?

Á árinu 1940 flytjum við Íslendingar út vörur fyrir 60 milljónir króna meir en við fluttum inn. Þjóðarbúið ætti þannig að hafa hagnazt um 60 milljónir króna, ef allt væri með felldu, vegna vöruútflutnings eins saman á því ári. En þar við bætist svo, að til þjóðarbúsins eru auk þess greiddar a. m. k. 12 milljónir króna í sterlingspundum fram yfir það, sem við þurftum að greiða út úr landinu. Er þetta fé, sem brezka setuliðið greiddi fyrir vinnu, leigur og þess háttar. Hagur þjóðarbúsins hefur því raunverulega batnað um 72 milljónir króna gagnvart útlöndum, eins og hagskýrslurnar líka sanna.

En hvað hefur nú orðið um þessar búsbætur?

Það var tvennt, sem hlaut að verða fyrsta skylda hverrar heiðarlegrar stjórnar í meðferðinni á þessu fé.

Það fyrsta var að koma því í raunveruleg verðmæti. Og það næsta var að sjá um, að það yrði þjóðarheildinni allri til gagns.

Til þess að fullnægja fyrra skilyrðinu þurfti ríkisstjórnin að stuðla að því af öllum mætti, að landsmenn flyttu inn þarflegar vörur fyrir peningana, því peningarnir — sterlingspundin — voru þó ekki annað en ávísun á verðmæti, ávísun, sem varð því ótryggari og minna virði, því lengra sem leið. En ríkisstjórnin virðist hafa þjáðst af oftrú á gildi peninganna. Hún virðist hafa haldið, að seðlainneign í Englandi væri sígild eign, sem hvorki mölur né ryð mætti granda. Hún heldur áfram mestallt árið að tefja fyrir innflutningnum frá Bretlandi, einmitt meðan tækifærið var til að ná vörum þaðan. Og afleiðingin af þessari haftapólitík ríkisstj. er svo sú, að í árslok 1940 sitja Íslendingar uppi með 60 millj. króna inneign í sterlingspundum í Englandi, en með landið svo að segja vörulaust og birgðalaust, enda innflutningurinn 1940 minni að magni en undanfarin ár. Og meðan ríkisstjórnin safnaði þannig sterlingspundum í Englandi, en hindraði Íslendinga eftir mætti að ná vörum þaðan, héldu vörurnar áfram að stíga og pundið að falla í gildi.

Það þarf ekki að lýsa því með neinum sterkum orðum, hvílíkt hámark heimsku í stjórnarfari og fjandskapur við þjóðina slík verzlunarpólitík sem þetta er. Meira að segja blöð stjórnarinnar viðurkenna, að þjóðinni hafi verið bakað tjón, sem nemi tugum milljóna króna með þessu háttalagi, m. ö. o.: að eins miklu eins og öllum tekjum ríkisins á einu eða tveimur árum hafi verið kastað í sjóinn með þessu háttalagi ríkisstjórnarinnar.

Og ég vil spyrja:

Til hvers er fyrir þingmenn þjóðarinnar að koma hér saman til að semja fjárlög fyrir þjóðina, ef nokkrir æðstu embættismenn hennar eiga að hafa rétt til að henda því, sem samsvarar öllum tollum og sköttum, sem þjóðin borgar, í sjóinn án þess að verða að standa þjóðinni reikningsskap á?

Þingmenn Sósialistafl. í neðri deild hafa lagt fram þáltill. um, að skipuð verði nefnd til að rannsaka hverjir beri ábyrgð á þessu tjóni. Afgreiðsla þeirrar tillögu mun verða mælikvarði á heiðarleik og ábyrgðartilfinningu þingsins gagnvart þjóðinni í þessum málum.

Nú kunna menn að segja: það er nógu gott að koma eftir á og finna að þessu. Því er til að svara, að við sósialistar höfum auk þess sem við á síðasta þingi börðumst fyrir afnámi haftanna í blaði okkar, Þjóðviljanum, hvað eftir annað í allt sumar og haust krafizt þess, að þing yrði kallað saman til að taka ákvarðanir um þetta mál og önnur stórmál. Hefði það tvímælalaust verið gert hvar sem heiðarleg lýðræðisstjórn hefði farið með völd.

En þing var ekki kallað saman. Stjórnin hélt áfram að gera það, sem henni þóknaðist, upp á eigin ábyrgð.

Og hér verður nú að kryfja til mergjar, hvaða öfl voru að verki til að hindra það, að nokkur breyting yrði á afstöðu stjórnarinnar, og til að hindra það, að þjóðin og þingið fengju þar nokkru um áorkað.

Frammi fyrir þjóðinni er nauðsynlegt að fletta vægðarlaust hjúpnum af því baktjaldamakki, sem olli þjóðinni hinu gífurlega tjóni, sem hún hefur beðið.

Það er ekkert launungarmál, að það var Framsfl., sem hélt í innflutningshöftin. Blöð Sjálfstfl. hafa öðru hverju verið að ráðast á þau. En af hverju gerði Sjálfstfl. ekkert til að fá innflutningshöftin afnumin?

Til þess að svara þeirri spurningu þarf að athuga annað höfuðmálið, sem ég drap á í upphafi máls míns: hvernig þeim 72 millj. króna, sem þjóðarbúinu áskotnuðust á síðasta ári, yrði ráðstafað í þágu þjóðarheildarinnar.

Nú vitum við, að vegna hins alranga verzlunarmáta hefur þjóðin ekki fengið verðmæti er nemur þessum 72 milljónum, heldur aðeins pappírspeninga lagða inn á banka úti í Englandi. Meðan því háttalagi var fylgt, hefði það verið eðlileg afleiðing af þessari vitleysu að yfirfæra ekki þau sterlingspund í íslenzkar krónur, sem engin verðmætisaukning átti sér stað fyrir hér innanlands.

En það gerir ríkisstjórnin og landsbankaráðið hennar ekki. Þau eru ekki einu sinni rökföst í vitleysunni.

Þvert á móti. Þau yfirfæra 60 milljónir króna í íslenzkar krónur, þó að engin verðmætisaukning fari fram hér innanlands. Og til þess að bíta höfuðið af skömminni, þá borga þau þessar 60 millj. króna sem gróða til skattfrjálsra stórútgerðarmanna og braskara.

Og hér erum við komin að öðru höfuðhneykslinu í fjármálastjórn Íslands á síðasta ári. Skattfrelsi stórútgerðarinnar er látið haldast og yfir 40 — ef til vill allt að 60 — millj. króna gróði

útborgaður til hennar í íslenzkum krónum. Það þýddi í rauninni, að hinum skattfrjálsu stríðsgróðamönnum var gefin ávísun á að kaupa upp þau verðmæti, sem landsmenn áttu fyrir: hús, jarðir, fiskiskip, vörur og annað, enda hafa þeir óspart gert það.

Pólitík ríkisstj. hefur með öðrum orðum verið þessi:

Í stað þess að gera þjóðarheildina ríkari, með því að leyfa innflutning á verðmætum og láta þau renna til þjóðarinnar allrar, þá hefur ríkisstj. í fyrsta lagi svipt þjóðina því að fá þessa verðmætisaukningu, með því að hindra innflutning, og svo í öðru lagi gert þjóðina enn fátækari en hún var áður, með því að fá nokkrum skattfrjálsum stríðsgróðamönnum tugi milljóna af íslenzkum krónum í hendur til að kaupa upp eignirnar, sem hún átti fyrir.

Pólitík ríkisstj. hefur því falizt í því að rýja þjóðarheildina vægðarlaust til ágóða fyrir nokkra útvalda gæðinga hennar hér í Reykjavík.

Nú er því ekki að leyna, að það er Sjálfstfl. undir stjórn Kveldúlfs, sem harðast hefur barizt fyrir því, að stríðsgróðamennirnir héldu skattfrelsinu. Blöð Framsfl. þykjast hafa verið á móti því. En af hverju hefur Framsfl. ekkert gert til þess að fá skattfrelsið afnumið?

Sósíalistafl. hefur í sumar og haust hvað eftir annað krafizt þess, að Alþingi væri kallað saman til að afnema þetta hneykslanlega skattfrelsi stórútgerðarmannanna. En ríkisstj. hefur skellt skollaeyrunum við.

Af hverju hefur Sjálfstfl. ekkert gert gegn innflutningshöftunum og Framsókn ekkert gert gegn skattfrelsinu?

Af hverju hefur Sjálfstfl. horft á það aðgerðarlaus, að þjóðarbúið yrði fyrir tugmilljóna tjóni fyrir ranga verzlunarpólitík? — og af hverju hefur Framsókn horft á það aðgerðarlaus, að nokkrir stríðsgróðamenn í Reykjavík sölsuðu undir sig tugi milljóna af eignum þjóðarinnar í krafti skattfrelsisins?

Að þessu spyrja kjósendur Sjálfstfl. og Framsóknar um land allt.

Og það er aðeins til eitt svar við því, og það er þetta:

Ólafur Thors, hæstv. atvmrh., sem fulltrúi stórútgerðarmanna í Reykjavík, hefur viljað allt til vinna að halda skattfrelsinu. Eysteinn Jónsson, hæstv. viðskmrh., sem fulltrúi Framsóknarembættismannanna í Reykjavík, hefur viljað allt til vinna að halda innflutningshöftunum. Þess vegna hafa togaraeigendurnir í Sjálfstfl. og embættismennirnir í Framsókn samið um það, að hvor skyldi halda sínu, togaraeigendur skattfrelsinu og embættismenn höftunum.

Þannig var gerður sá dýrasti samningur, sem saga Íslands getur um. Tvær klíkur valdhafanna hér í Reykjavík semja um að skaða þjóðina um tugi milljóna króna, til að geta safnað auði og aukið völd sjálfra sín. Ríkisstjórnin og bankaráðið þjóna þessum klíkum. Og til þess að hindra, að þjóðin fengi nokkuð aðgert, meðan hún var þannig fjötruð, svikin og seld í hendur stríðsgróðamönnunum til arðráns, — og það af embættismönnum þjóðarinnar sjálfrar, — þá var það hindrað, að Alþingi kæmi saman aftur á árinu 1940. Svikamyllunni hefði getað stafað hætta af því.

Vér sósíalistar ákærum þetta framferði frammi fyrir þjóðinni.

Vér ákærum ráðherra og foringja Sjálfstfl. fyrir að hafa svikið eitt höfuðstefnumál flokksins til að skapa togaraeigendum milljónagróða.

Vér ákærum ráðherra og foringja Framsfl. fyrir að hafa svikið eitt aðalhagsmunamál bænda, til þess að geta þóknazt stríðsgróðamönnunum í Reykjavík og unnið áfram í samvinnu við þá.

Vér þurfum hins vegar ekki að áfellast ráðherra Alþfl. fyrir svikin, sem hann hefur framið í þessum málum. Það bjóst enginn við öðru en svikum þaðan, þjónustan við auðmenn landsins virðist vera orðin æðsta boðorðið í þeim herbúðum, næst undirgefninni undir innrásarherinn.

Það er til lítils að ræða og samþykkja fjárlög, ef sú stjórn á að fara áfram með völd, sem tekur sér einræðisvald, þvert ofan í þjóðarvilja og þjóðarhag, til að ráðstafa mestu stórmálum landsins að eigin geðþótta, en í þágu nokkurra auðmanna í Reykjavík, til að gera þá margfalt ríkari, voldugri og hættulegri þjóðarheildinni en þeir hafa nokkurn tíma verið áður.

Skattfrelsið og viðhald innflutningshaftanna eru slík stórhneyksli, að í hverju lýðræðislandi hefði sú stjórn tafarlaust verið felld, sem gert hefði sig seka um slíkt, — en hér, þar sem einræði milljónamæringanna þrímennir á fjármálaspillingu stjórnmálamannanna, hefur þetta verið látið viðgangast í heilt ár.

Og þó eru ekki öll fjármálahneyksli þjóðstjórnarinnar þar með talin.

Dýrtíðin hefur verið aukin jafnt og þétt. Og það er eins og þjóðstjórninni finnist, að stríðið og stríðsgróðamennirnir væru ekki nógu stórvirkir í aukningu dýrtíðarinnar, svo að hún hljóp sjálf undir bagga til að hækka lífsnauðsynjar almennings með tollalögunum nýju, en þó einkum og sér í lagi með því að láta tollana leggjast á hin hækkandi farmgjöld. En síðasta þing hafði einmitt gefið ríkisstjórninni heimild til að hækka ekki tollana á vörunum að því er hækkun farmgjalda næmi, ef þau hækkuðu vegna stríðsins. En þó tollarnir færu 3 millj. fram úr áætlun, notaði ríkisstj. ekki þessa heimild, heldur notaði tækifærið til að rýja almenning með aukahækkun þessari. Og þegar við þingmenn Sósíalistafl. á síðasta þingi spurðum, hví fjmrh. notaði ekki heimildina, sem þingið gaf honum til hækkunar tollanna, þá neitaði þingið að láta hann svara fyrirspurninni. Þetta var barátta þjóðstjórnarinnar gegn dýrtíðinni.

Nú skyldu menn halda, að stjórn, sem setið hefur að völdum í mesta veltiári, sem yfir Ísland hefur komið, hefði þó að minnsta kosti ráðizt í miklar atvinnuframkvæmdir og látið allar íslenzkar hendur vinna landi og lýð til gagns. Nóg eru verkefnin. Og jafnvel þó erlent efni kynni að skorta í sumt af því, sem menn vildu láta gera, þá voru þó ógerðir vegir, hafnarbætur, svo ekki sé talað um óræktaða jörðina, sem hrópar á mannshöndina, o. fl. — allt krafðist þetta vinnukraftar þúsunda verkamanna.

En ekki heldur á þessu sviði hefur stjórnin sýnt lit á að vinna gagnlegt starf. Í stað þess að ráðast í stórfelldar atvinnuframkvæmdir, hefur hún skipulagt atvinnuleysi og rekið svo verkamenn með atvinnuleysissvipunni til að vinna hjá innrásarhernum störf, sem hverjum Íslendingi er raun að sjá unnin hér og flestöll eru landi og lýð til tjóns eða a. m. k. einskis nýt. Hins vegar er ekki nema eðlilegt, að atvinnulausir verkamenn taki slíkri vinnu fegins hendi, því frá þeirra sjónarmiði séð reynist herstjórn innrásarhersins þeim skár en stjórn þeirra eigin lands.

Borgunin, sem þjóðin fær fyrir að láta vinnuafl sona sinna vinna í þjónustu innrásarhersins, eru sterlingspund, sem leggjast inn í Englandi, þar til eftir stríð. Íslendingar lána Bretum með öðrum orðum: allt vinnuaflið í Bretavinnunni upp á borgun eftir stríð, — eins og þeir líka hafa lánað þeim 60 milljónirnar, sem inn komu fyrir ísfiskinn.

En valdhöfunum virðist ekki koma til hugar, hvert þjóðartjón þeir vinna með þessum aðförum sínum. Þeir virðast líta á vinnuaflið sem eitthvert vandræðafyrirbrigði, sem þeir séu guðsfegnir að losna við í Bretann. Að vinnuaflið sé dýrmætasta aflið, sem þjóðin á, og að hver sú stund sé þjóðinni glötuð, sem vinnuaflið er látið ónotað eða illa notað, — það virðist þessum Bakkabræðrum íslenzkra stjórnmála, þjóðstj.flokkunum þrem, ekki koma til hugar.

Þetta kom m. a. greinilega í ljós í orðum hæstv. viðskmrh. áðan, er hann talaði um sjóðamyndun til notkunar eftir stríðið, — en gerir sér ekki ljóst, að hinum raunverulegu sjóðum þjóðarinnar, vinnuafli þúsunda af landsbúum, er verið að sóa til einskis nú sem stendur.

Svo er auðvitað annað mál í sambandi við Bretavinnuna. Það er sú hliðin, sem að þjóðarmetnaðinum snýr, að láta verkamenn vinna hjá innrásarher, þegar hægt væri að láta hvern einasta þeirra fá næga, gagnlega íslenzka vinnu; — en það mun víst enginn ætlast til þess, sem kynnzt hefur framferði þjóðstjórnarinnar á síðasta ári, að hún þekki þjóðarmetnað eða umhyggju um þjóðarhag og þjóðfrelsi.

Þessi stjórn vissi um, að hertaka landsins var yfirvofandi, og hún leyndi þing og þjóð því. Þessi stjórn fékk beinlínis bréf frá brezku ríkisstjórninni um málið mánuði fyrir hertökuna, og hún leyndi Alþingi því og varð þannig sek um að vera í vitorði um innrásina. Þessi stjórn hefur síðan hilmt yfir með þeim mönnum, er gerzt hafa landráðamenn, með því að reyna að fá brezka setuliðið til að kúga íslenzkan verkalýð, — en hins vegar hefur hún ofsótt þá Íslendinga, sem reynt hafa að hindra það, að brezki herinn yrði notaður til tjóns íslenzkum hagsmunum. Þessi stjórn hefur lagzt svo lágt að taka beinlínis við fyrirskipunum frá Bretum um, hvernig haga skuli okkar innanlandsmálum. Hafa blöð hennar t. d. viðurkennt, að eftir kröfu Breta væru frílistarnir afnumdir og brezka auðvaldinu gefin raunveruleg einokun á íslenzkri verzlun.

Þessi stjórn hefur gefið út hver lögin eftir önnur til að þóknast innrásarhernum, til að löghelga þannig ofbeldi hans, svo sem lögin um ölbruggið. En hámarki sínu nær þó undirlægjuháttur ríkisstj. við þann her, sem traðkað hefur sjálfstæði landsins undir fótum og eyðilagt hlutleysi þess, þegar hún dirfist að höfða mál á móti Íslendingum fyrir landráð við Ísland, ef þeir hafa gert eitthvað, sem brezkri herstjórn þótti miður, þótt það frá íslenzku sjónarmiði gæti sízt talizt ámælisvert. Hefði verið einhver snefill eftir af sómatilfinningu í slíkri ríkisstjórn, hefði hún hlotið að fyrirverða sig, þegar hershöfðingi hins erlenda innrásarhers birtir það í blöðunum hér, að ríkisstjórnin hafi lofað sér því að kæra þessa Íslendinga fyrir landráð, af því m. a. að þeir, Íslendingarnir, höfðu að hans áliti brotið hlutleysi landsins! — En blöð stjórnarinnar birtu öll þetta dæmalausa plagg athugasemdalaust.

Skýringin á öllum gerðum stjórnarinnar, jafnt í fjármálum sem sjálfstæðismálunum, felst í þessu eina: Hún er stjórn nokkurra milljónamæringa, sem ekkert takmark hafa nema auðinn, peningana, — og hún svífst einskis og fórnar öllu, jafnt hagsmunum þjóðarinnar sem heiðri og frelsi hennar, til þess að hjálpa herrum sínum til að ná þessu marki.

Sósialistafl. mun á þessu þingi sem hingað til halda áfram baráttu sinni gegn þessari stefnu Reykjavíkurauðvaldsins, baráttu sinni fyrir því, að hin vinnandi þjóð þessa lands fái sjálf að ráða auðlindum þess og atvinnutækjum, fái sjálf að njóta ávaxtanna af erfiði sínu.

Sósialistafl. hefur á undanförnum þingum lagt fram margar tillögur, er miðuðu að því að bæta hag verkamanna, bænda, fiskimanna og annarra vinnandi stétta. Flokkurinn hefur verið spurður, hvar hann ætlaði að taka peninga til þessara kjarabóta. Og flokkur vor hefur alltaf getað bent á tekjulindirnar, sem dygðu.

Nú á þessu þingi mun Sósialistafl. leggja fram tillögur, sem fara fram á umbætur á hag allrar alþýðu til sjávar og sveita í stærri stíl en nokkru sinni hefur verið lagt til fyrr hér á Alþingi. Og hver mun nú þora að segja það, að „það séu engir peningar til"? Svo ósvífnir munu engir af flokkum milljónamæringanna í Reykjavík þora að vera gagnvart staðreyndunum og gagnvart „háttvirtum kjósendum" svona rétt fyrir kosningar.

Sósialistafl. mun á þingi sem utan þings berjast fyrir stórfelldum atvinnuframkvæmdum hins opinbera, — fyrir því, að nú þegar sé hafizt handa um að byggja atvinnulíf Íslendinga á heilbrigðum grundvelli, endurnýja framleiðslutækin og skapa ný, stórvirk atvinnufyrirtæki (sements- og áburðarverksmiðjur, skipasmíðastöðvar o. fl.). Sósialistafl. mun berjast fyrir því, að ræktun landsins sé aukin stórkostlega, að fátækir bændur og nýbýlafólkið sé ríflega stutt til að sigra í baráttu sinni við erfiðleikana. Sósialistafl. mun bæði í sambandi við fjárlögin og með sérstökum frumvörpum beita sér fyrir endurbótum á tryggingum alþýðu, húsnæðismálunum, menningarmálunum og öllu því öðru, sem sífellt hefur verið skotið á frest af afturhaldinu á undanförnum árum undir yfirskini þess að „peningar væru ekki til".

En oss er það ljóst sósialistum, að meðan nýríku milljónamæringarnir í Reykjavík ráða þingi og stjórn, þá er engra slíkra umbóta að vænta, heldur aðeins smábita, sem látnir eru detta af borðum hinna ríku fyrir kosningar, til að reyna að sefa hinar vinnandi stéttir fram yfir kosningadaginn.

Þess vegna er fyrsta skilyrðið til þess, að nokkuð, sem um munar, fáist áorkað til hagsbóta fyrir alþýðuna, það, að þjóðstjórnin verði að víkja sakir réttlátrar reiði þess fólks úr öllum flokkum, sem hún hefur féflett og blekkt. Þegar þær þúsundir manna í Sjálfstfl., sem nú þegar leynt og ljóst eru teknir að rísa upp gegn oki Thorsaranna, — þegar þær þúsundir af fylgjendum Framsóknar í dreifbýlinu, sem nú þegar eru fullar gremju út í bitlingastórlaxa flokksins í Reykjavík, — þegar þær þúsundir verkamanna, sem þegar eru komnar með annan fótinn út fyrir Alþfl., þegar allar þessar þúsundir hinna óánægðu í þjóðstjórnarflokkunum taka höndum saman við Sósialistafl. til að hrista af sér ok milljónamæringanna í Reykjavík, — þá er kominn tími dómsins yfir þjóðstjórninni. Þann dóm eru þjóðstjórnarflokkarnir þegar farnir að óttast, jafnvel óttast, að hann kynni að vera felldur í komandi kosningum. Þeir eru farnir að rífast innbyrðis Bakkabræðurnir í íslenzkri pólitík og kenna hver öðrum um hneyksli. Og sá þeirra, sem hræddastur er við dóm alþýðunnar, Alþýðuflokkurinn, er þegar farinn að ákalla fasismann (auk brezka hersins) sér til hjálpar, heimta bann á Sósialistaflokknum.

En munið það, Íslendingar, að sameiginlega hafa foringjar þessara flokka drýgt hneykslin, sameiginlega hafa þeir rúið fólkið til að fylla hít milljónamæringanna skattfrjálsu, og sameiginlega eiga þeir að falla á gerðum sínum.

Ráðið til að fella þjóðstjórn milljónamæringanna og bitlingastórlaxanna í Reykjavík er að mynda samfylkingu fólksins sjálfs, skapa þau sterku órjúfanlegu samtök, sem megna að gera Ísland frjálst af oki auðmannanna, erlendra sem innlendra. Og það er leiðin, sem Sósialistafl. berst fyrir, að farin verði. Og sú barátta verður háð til sigurs, hvaða ráðum, sem stríðsgróðamennirnir kunna að beita, eins þótt þeir í skjóli erlends innrásarhers kunni að varpa oss í fangelsi fyrir næstu kosningar. Það megnar enginn máttur að brjóta þá baráttu okkar á bak aftur, því hún er lífsbarátta þjóðarinnar sjálfrar.

Þorsteinn Briem: Herra forseti! Margur kannast við sögu skipbrotsmannanna. Skip sökk úti á hafi. En skipverjar komust í bátana. Á tveim bátum tóku menn með sér vistir og vatn og bönnuðu allan farangur annan. En á þriðja bátnum voru gullnemar, nýkomnir frá Klondyke, eða einhverri annarri gullnámu. Tóku þeir með sér eins og báturinn bar af gullsandi, en gleymdu vatni og vistum.

Eigi voru þeir langt komnir, er þeir sáu mistök sín.

„Einn poka af gulli fyrir brauð!“ kölluðu þeir til hinna bátanna.

Ekkert svar.

„Tvo poka gulls fyrir brauðhleifinn,“ hrópuðu þeir aftur.

Ekkert svar.

„Allt gullið fyrir hálft brauð og vatnssopa!“ hrópuðu þeir síðast.

„Eigið þið sandinn sjálfir,“ var svarið.

Sagan er af sama toga og munnmælin gömlu um, að einhverju sinni hafi maður selt „Garðinn fríða“, Grund í Eyjafirði, fyrir eitt sauðarlæri, — en bóndinn á Stóra-Kroppi látið af hendi óðal sitt fyrir kindarkropp.

Eigi að síður flytja þessar sögur oss tímabæran lærdóm. Þær sýna, hvernig allt mat á verðmætum getur breytzt.

Vér höfum hætt viðskiptum „eftir gömlu lagi“ og miðum verðmætin við seðlapappír, en ekki við vættir, álnir og fiska, eins og áður fyrr.

Því fylgir alltaf nokkur áhætta að miða verðmætin við pappírinn, en eigi við nauðsynjar lífsins. Þar af kom hið alranga hlutfall milli pappírsins og þeirra nauðsynja, sem framleiddar voru til lands og sjávar, áður en gengisbreytingin fyrsta komst á fyrir tveim árum, í aprílmánuði 1939.

Allt gerist nú í stökkum. Vér, sem áður stóðum á fjárhagslegum glötunarbarmi, teljum oss nú stórgróðaþjóð.

Útflutningur síðasta árs er talinn nema 132 milljónum, en innflutningur 72 milljónum, „og þá eru 60 milljónir í afgang, auk „setuliðsfjárins“, segja þeir, sem mest finnst til um „gróðann“.

Rekstrarafkoma ríkissjóðs er kölluð góð.

Verkafólk hefur næga atvinnu og 50% kauphækkun.

Sjómenn fá stundum 100—200—300 króna róðrarhlut og allt eftir þessu.

„Kallarðu þetta peninga,“ sögðu drengirnir við jafnaldra sinn, sem ekki hafði fengið „nema“ 800 króna hlut frá haustnóttum til jóla.

Þeim lærist furðu fljótt að líta venjulega fjármuni smáum augum, sem horfa á stórupphæðirnar. Og sá er nú að verða hugsunarhátturinn meðal þessarar „nýríku“ þjóðar. Eru því margir ósparir á brigzlyrði um kotungshugsunarhátt í garð þeirra manna, sem ekki hafa enn getað áttað sig á ríkidæminu nýja.

Við, sem erum í þeirra flokki, spyrjum nú í mestu einfeldni: Er ekki þetta nýja ríkidæmi vort býsna áþekkt sandinum í sögunni? Vér höfum að vísu ekki gullsald, heldur seðlasand. Í byrjun heimsstyrjaldarinnar fyrri nam seðlaútgáfan 4—5 milljónum. En Íslandsbankinn gamli fékk leyfi til að auka hana smám saman upp í 11 milljónir. Nú í stríðsbyrjun voru 12—13 milljónir í umferð, en á síðastl. ári var seðlaútgáfan aukin upp í 25 milljónir eða rúmlega það. Fordæmi gamla Íslandsbanka hefur verið fylgt trúlega, svo vel sem það gafst, þegar verðhrunið kom.

Ekki vantar því „sandinn“. Þjóðin hefur tvöfalt meiri „peninga“ handa í milli en hún hafði áður. En menn gæta þess ekki, að pappírspeningar eru ekki fjármunir í sjálfu sér, heldur ávísun á fjármuni. En ef fjármunirnir, sem á er vísað, hafa ekki aukizt, minnkar raunveru-

legt verðgildi seðlanna að sama skapi sem seðlaútgáfan eykst.

Hafa þá fjármunir þjóðarinnar vaxið að sama skapi sem þeir pappírspeningar, er menn hafa fengið milli handa síðastl. ár?

1. Hafa jarðirnar verið bættar umfram venju, eða bústofn aukinn?
2. Hafa húseignir þjóðarinnar aukizt meira en venjulega?
3. Hefur skipastólinn verið bættur eða aukinn sérstaklega síðastl. ár?
4. Eru vörubirgðir landsmanna meiri nú en áður?
5. Eða hafa aðrir fjármunir þjóðarinnar aukizt á árinu?

Svörin við 1.—4. spurningunni liggja beint við:

1. Jarðabætur hafa stórlega minnkað og raunverulegt verðmæti jarðanna því vaxið minna en í venjulegu árferði, ef unnar jarðabætur á s. l. ári gera þá við mikið betur en að jafnast á móti fyrningu eldri jarðabóta. En um bústofninn er kunnugt, þó að engar skýrslur séu til.

2. Húsabyggingar hafa nálega stöðvazt bæði til sveita og við sjó, nema þar, sem menn hafa verið áður búnir að afla sér erlends efnis, og er þar því ekki um innflutt verðmæti að ræða á s. l. ári.

Hins vegar er það upplýst, að ef þjóðin hefði getað aflað sér byggingarefnis og annarra nauðsynja í sama mæli sem undanfarin ár, þá mundi verzlunarjöfnuðurinn fyrir það eitt vera 30 milljónum lakari en nú er. Og væri þá horfinn hæsti kúfurinn af „stríðsgróðanum“ í innieignum erlendis.

3. Skipaaukningin hefur verið 670 smálestum **minni** s. l. ár en árið áður. — Skipastóll landsmanna hefur að vísu verið bættur þann veg, að nokkrar fleytur, sem áður voru ekki sjófærar, hafa nú verið endurbættar, svo að þær gætu flotið í bili. En vart munu þær umbætur í heild sinni meiri en svo, að svari til viðhalds. Aftur er hitt kunnugt, að mörg hinna stærri skipa eru orðin svo gömul, að ekki er um viðgerðir að ræða til frambúðar. Eitt skipið er t. d. orðið hálfsjötugt.

4. Nákvæmar skýrslur um vörubirgðir landsmanna um áramót munu ekki hafa verið gerðar, þó að nokkur athugun hafi farið fram. En víst er, að birgðirnar voru yfirleitt ekki meiri í s.l. árslok en í ársbyrjun. T. d. eru kolaverzlanir höfuðstaðarins nú taldar nær vörulausar. En áður fyrr var það ekki talið búmannlegt að vera eldiviðarlaus fyrir miðgóu.

5. Hvað öðrum fjármunum þjóðarinnar viðvíkur mun helzt verða bent á innieignina í Bretlandi. Er hún að vísu allmikil. Þó þess sé að gæta, að vér höfum hins vegar hvorki getað greitt vexti né afborganir, sem skylt var, af skuldum vorum við önnur lönd en Bretland.

En hver væri sú innieign, ef vér hefðum haldið í horfi um verklegar framkvæmdir s.l. ár? Erlenda, aðkeypta efnið eitt hefði lækkað upphæðina um 30 milljónir.

Ætla má, að við gerðum ekki svo stórum betur en að standa í járnum um greiðslujöfnuðinn, ef á öllum sviðum hefði verið haldið í fullu horfi um verklegar framkvæmdir og greiðslu afborgana og vaxta.

Hver veit svo um raunverulegt verðgildi innieignanna erlendis?

Bretar hafa að vísu lofað að láta það, sem vér nauðsynlegast þurfum af innieign vorri til innkaupa vestan hafs, af hendi við oss á umsömdu viðskiptagengi £, þ. e. 4,03 $ á móti £. Svo er þó að skilja sem það loforð sé aðeins bundið við brýnustu og óhjákvæmilegustu nauðsynjar. En hvað er um þær innieignir, sem ekki verða þannig notaðar?

Erfitt mun vera að segja, hvers virði þær eru nú á frjálsum peningamarkaði, og enn erfiðara að spá nokkru um verðmæti þeirra í framtíðinni.

Að gömlu lagi eiga að vera tæpir 4,9 Bandaríkjadollarar í sterlingspundinu. En Íslendingar vestra, er fengið hafa eign sína hér flutta vestur um haf í sterlingspundum, fengu í haust 2,9 Bandaríkjadollara fyrir pundið. Þess er vart að vænta, að mjög standi á stöðugu í frjálsri sölu um gjaldeyri ófriðarþjóða, þó auðugar séu. Og sjálfsagt mundu fleiri vilja selja en kaupa bundnar vaxtalausar innieignir hjá hvaða ófriðarþjóð sem er.

Hvað sem um þessar innieignir verður, þá mundi a. m. k. fáum þykja ótryggara að hafa eignazt jarðabætur, aukinn bústofn, ný hús, **meiri vörubirgðir** og betur viðhaldin hús og skipastól í þeirra stað, — og það þótt lítið væri umfram það að halda vel í horfi um framkvæmdir og **viðhald.**

Þá munu menn benda á aukningu sparifjárins. Samkvæmt skýrslum hafa sparisjóðsinnieignir í bönkum vaxið á árinu 1940 úr 79 milljónum upp í 130 milljónir. „Fullar 50 milljónir! Það er þó laglegur skildingur“, segja menn.

En hafa menn athugað, að ekki verður nema einu sinni etin sama brauðsneiðin. Hin raunverulega sparifjáraukning hér heima er sama féð, sem nú liggur bundið og vaxtalaust erlendis. Þjóðbankinn hefur svarað því út í seðlum, eða í reikninga manna hér heima. En sú greiðsla er í rauninni ekki annað en ávísun á hið erlenda fé, sem bankinn tekur þar með ábyrgð á.

En nú er ekki öll þessi sparifjáraukning raunveruleg eignaaukning.

Væntanlega eru innieignir manna á hlaupareikningi þarna með taldar, svo sem venja er. Og munar þar mest um fé verzlana, sem geymt er á hlaupareikningi og vex, án þess þjóðareign aukizt, þegar verzlun er minni en að venju. Þar mun t. d. það fé varðveitt, er venjulega stendur í verzlun með byggingarefni, svo að nefnt sé eitt dæmi af mörgum.

Mikill hluti sparifjáraukningarinnar stafar því ekki af eignaaukningu, heldur af hinu, að fjármagn, sem venjulega er bundið í þjónustu framkvæmdalífsins, hefur verið fengið bönkunum til varðveizlu, af því að vissar greinar starfslífsins hafa stöðvazt, svo sem húsabyggingar og viðhald húsa í landinu.

Enginn maður getur talið það til eignaaukningar þjóðarinnar, þótt sparifé hækki af þess-

um ástæðum. Hitt er aftur á móti margvitað, að dráttur á viðhaldi húsa og flestra annarra mannvirkja hefur margfaldan kostnað og eignarýrnun í för með sér, þó að oft komi ekki fyrr en síðar að fullu í ljós. Sparifjáraukningin er því síður en svo algildur mælikvarði á efnaaukningu þjóðarinnar, þegar svo stendur á sem nú.

En svo er eitt, sem sjaldan er athugað við venjulegan lestur hinna opinberu skýrslna um innlögin. Og það er, að þar geta stórar upphæðir verið tví- og jafnvel þrítaldar í aðalupphæðinni.

Þessu víkur þannig við, að fyrst er innlánsfé lagt inn í einhvern sparisjóðanna. Og á þessu næstliðna ári hefur sérstaklega oft staðið svo á í sparisjóðunum sumum, að þeir hafa ekki þurft á fénu að halda til útlána í bili, vegna kyrrstöðunnar í öllum framkvæmdum. Þá hafa sparisjóðirnir lagt þetta afgangsfé inn í Landsbankann á hlaupareikning, og ef upphæðin stendur þar kyrr yfir mánaðamót, þá er hún þar líka talin með öðru innlánsfé bankans, og er þá upphæðin tvítalin.

En nú hafa ekki allir sparisjóðir sín aðalviðskipti við Landsbankann, heldur Búnaðarbankann eða Útvegsbankann. Nú ber það oft við, að t. d. Útvegsbankinn leggi innlánsupphæðir, sem hann þarf ekki á að halda í bili til útlána, inn á hlaupareikning í Landsbankanum, og ef slíkar upphæðir standa þar yfir mánaðamót, þá kemur féð þrítalið fram í heildarskýrslunum yfir innlögin.

Þetta má að vísu leiðrétta með því að athuga hlaupareikningsféð. En mönnum sést venjulega yfir það, þegar þessum skýrslum er hampað.

Af ýmsum ástæðum má ætla, að hinn tvíeða þrítaldi hluti sparifjárins sé tiltölulega miklu meiri síðastl. ár en áður. Og verða þá sparifjárskýrslurnar enn ótryggari mælikvarði á eignaaukningu þjóðarinnar.

Ekki eru við höndina skýrslur um það, hve mikið er talið með sparisjóðsfé á innlána- eða hlaupareikningi af fé setuliðsmannanna og af innifrosnu fé frá Norðurlöndum eða hinum ófriðaraðilanum. En allir vita, að það fé hefur ekki getað minnkað á síðastl. ári, með því að ekki hefur verið unnt að yfirfæra neitt til þessara landa næstliðið ár.

Nú hefur þegar verið sýnt fram á, að sparifjáraukningin stafar að nokkru leyti af því, að fé, sem áður hefur verið bundið í verzlun með vissar nauðsynjar, er nú varðveitt í bönkum, meðan sú verzlun stöðvast. Í öðru lagi af því, að allmikið af því fé hverfur nú í bili til bankanna, sem áður hefur verið varið til nýrra framkvæmda. Og í þriðja lagi af því, að kyrrstaðan nær einnig til viðhaldsins, en venjan er sú, að hvern þann eyri, sem sparaður er til viðhalds mannvirkjum, verður að greiða margfaldan síðar. — Enn fremur er nokkuð af svonefndu sparifé eign erlendra setuliðsmanna, innifrosin erlend skuld og eyddur forlagseyrir námsfólks erlendis. Og loks er allmikið af sparifénu tvítalið í hinum opinberu skýrslum. En þó er það ótalið, sem þyngst vegur nú í augnablikinu, og það er verðrýrnun sparifjárins.

Ef verðgildi sparifjárins er miðað við þá verðhækkun, sem orðin er á almennustu lífsnauðsynjum frá því í stríðsbyrjun, þá jafngilda þessar 130 milljónir bankainnstæðufjár um 87 milljónum 1. sept. 1939. En ef þeim ætti að verja til innkaupa á byggingarvörum eða öðrum sérstökum nauðsynjum til viðhalds og framkvæmda, mundu þær reynast enn minna virði til innkaupa, eins og nú er komið.

Það er því, þegar alls þessa er gætt, síður en svo algildur mælikvarði á verðmætaaukningu þjóðarinnar, þó spariféð hafi vaxið svo mjög að krónutali sem raun er á. Krónutalan villir mörgum sýn.

Margur þykist nú vel stæður, sem áður taldi sig fátækan, af því að eign hans telst meiri að krónutali, þótt hann sé nú engu efnaðri að raunverulegum fjármunum en áður. Slík sjálfsblekking er bæði ríkinu sjálfu og einstaklingum jafnóholl. Einstaklingarnir verða eyðslusamari og óaðgætnari um efni sín, svo sem glöggt sér merkin í samkomulifi almennings í margmenninu. Eru og allar horfur á, að víða muni sannast, í þessari styrjöld sem hinni fyrri, hin fornu orð Salómons konungs, að „skjótfenginn auður minnkar“. (Orðskv. 13, 11.).

Því verður ekki neitað, að margur hefur efnazt að krónutali, þó að raunverulegri verðmætaaukningu sé óvíða fyrir að fara, nema að því leyti sem útvegurinn hefur, vegna hagstæðs verðlags á ísfiski og þorskalýsi, getað rifið sig úr þeim rekstrartapsskuldum fyrri ára, er svo mjög höfðu hann áður lamað.

Aftur á móti hafa allir hinir mörgu og smáu eldri sparifjáreigendur tapað verðmætum sínum að þriðjungi vegna dýrtíðarinnar, ef til þess fjár þarf að taka nú þegar. Því að til kaupa á almennum lífsnauðsynjum duga nú ekki 60 milljónir meira en 40 áður, og kemur því þar fram 20 milljóna tap, er vex jöfnum skrefum við dýrtíðina í landinu.

Þetta allt ber að athuga, þegar litið er á hag þjóðarinnar í heild.

Ég veit, að nú lítur margur svo á, að vér séum nú orðin stórgróðaþjóð og munum því færir í flestan sjó. Svo litu menn líka á í heimsstyrjöldinni 1914—18. Tvö fyrstu stríðsárin voru oss þá mjög hagstæð, og fyrsta árið jafnvel enn hagstæðara en nú. Innieignir hlóðust upp erlendis. Sparisjóðsfé óx stórlega. Og krónan komst um stund upp fyrir gullverð.

Ég minnist þess, að roskinn og ráðinn íslenzkur hagfræðingur komst þá svo að orði í blaðagrein, að það ætti ekki lengur við að syngja hinn alkunna sálm séra Matthíasar, af því að þar væri í niðurlaginu á það minnt, að vér værum fátækir og smáir. „Fáir erum vér enn að vísu“, sagði hagfræðingurinn, „en fátækir ekki“.

Þetta var á árinu 1916. En hvað stóð sú auðlegð lengi?

Þegar á næsta ári, 1917, byrja vandræðin, svo að það eina ár etur, þrátt fyrir lítinn innflutning, að mestu upp innieignirnar frá fyrri árum erlendis. Og eftir greiðsluhalla síðasta

striðsársins erum vér komnir í erlendar milljónaskuldir, og höfðum vér þó ekki haldið í horfi um búfjáreign né fiskiskipaflota, en stórkostlega kippt aftur um húsabyggingar, viðhald og jarðabætur.

Síðan komu hin eftirminnilegu verðfallsár, þegar erlendu skuldirnar jukust alls hjá ríki, bönkum og einstaklingum um 40 milljónir á 5 árum. Og þrátt fyrir einstök sérstæð góðæri, eins og 1924 og að nokkru leyti 1928, er þó aftur til þessara síðustu striðsára og næstu ára eftir striðið að nokkru að rekja orsakir þess, hve atvinnuvegirnir reyndust veikir fyrir, þegar síðara verðhrunið kom, eftir 1930. Svo illa búnaðist oss þá síðari striðsárin og næstu árin þar á eftir, að vel mætti það vera oss minnisstætt.

En nú eru allar horfur á, að oss fari á sömu lund. Þeir, sem fyrir dagkaupi eða mánaðarkaupi vinna, þykjast nú ef til vill hafa bætt kjör sín, með kauphækkun að þriðjungi eða rúmlega það. Embættismenn og starfsmenn hins opinbera ganga nú í spor þeirra og heimta sams konar launauppbót. Eitt býður öðru heim. En hafa menn reiknað út, hve mikið af þessum launahækkunum hverfur aftur í stighækkandi skatta og gjöld? Ég hygg, að menn geri sér varla ljóst, hvers menn biðja í þessu efni. En þeir munu, að óbreyttri skattalöggjöf, reka sig á það, þegar að gjalddögum kemur, að þó launin séu hækkuð með fullri verðlagsuppbót, þá tekur hið opinbera ekki lítið með annarri hendinni af því, sem rétt er með hinni. Með því að stefna launagreiðslum í hámark er einnig verið að stefna skattgreiðslunum í hámark. En því þyngri gjöld, sem á almenningi hvíla, því meir vex dýrtíðin og knýr fram hækkaða verðlagsuppbót, en sú hækkun knýr aftur fram enn nýja hækkun skattgjalda, og þannig verður koll af kolli sífellt vafið utan af hnyklinum jafnóðum og vafið er upp á hann. Hver almenn kauphækkun hefur vöruhækkun í för með sér. Hún verður að koma fram í samsvarandi verðhækkun á mjólk, kjöti og öðrum innlendum afurðum. Sú hækkun hækkar aftur verðlagsuppbótina, en þá hækkar enn mjólk og aðrar nauðsynjar, og þar af leiðandi aftur verðlagsuppbótin og svo koll af kolli, svo árangurinn verður enginn annar en síminnkandi verðgildi peninganna.

Ég sé ekki betur en að með þeirri stefnu, sem nú er uppi í þjóðlífinu, þá sé haldið beina leið til gengishruns. Því að það er fjárhagslögmál, að peningagengið út á við hlýtur alltaf fyrr eða síðar að laga sig eftir verðgildi peninganna innanlands.

Til þess að afstýra því lögmáli nægja engir gengissjóðir eða erlendar innieignir til lengdar. Allar tilraunir til þess að halda við röngu gengi verða aðeins svipa á atvinnuvegina, og þar með líka að síðustu á þá, sem undir þeim eiga atvinnu sína. En þó að ég væri á sínum tíma gengislækkun eða gengisréttingu fylgjandi, þá vil ég ekki vísvitandi stuðla að því, að gengi peninganna þurfi að lækka enn meir.

Það mun ekki nema eitt álit um það hjá fræðimönnum á þessum sviðum, að ef hver maður, hár og lágur, heimtar fulla uppbót fyrir vaxandi dýrtíð á verðbólgutímum, þá sé þar með ekki aðeins stofnað til æ meiri dýrtíðar, heldur og að lokum til gengishruns.

Og hverjir eiga þá mest í hættu? Engir aðrir en þeir sjálfir, sem fulla uppbót hafa heimtað.

Það er mikil skammsýni, þegar menn heimta það, sem þeim kemur óhjákvæmilega sjálfum í koll síðar. Og sérstaklega ætti að mega vænta þess af starfsmönnum ríkisins og þeim, sem starfa í peningastofnunum landsins, að þeir spenni bogann ekki hærra en svo, að von sé til, að aftur skapist eðlilegt verðlag, en ekki sí-hrynjandi gildi þeirra peninga, sem laun þeirra eru greidd í.

Í fjárlfrv. því, sem hér liggur fyrir, eru áætlaðar 1200000 kr. til dýrtíðaruppbótar, og mun þar því gert ráð fyrir fullri verðlagsuppbót. Ég veit, að fordæmin hafa örvað starfsmenn ríkisins til að gera kröfur í þessa átt. En þó er ég ekki í minnsta vafa um, að þeir, sem framsýnastir eru innan þessara starfsstétta, kjósa heldur almenna skattalækkun en fulla verðlagsuppbót, með framtíðina fyrir augum.

Frv. til nýrra skattal. eru ekki enn komin fram, og vart vitað enn, hvernig þau verða gerð úr garði. Gert mun ráð fyrir, að útvegnum verði ekki gert að greiða skatt af greiðslum þeim, sem fara til þess að borga rekstrartapsskuldirnar sem komið höfðu þeim atvinnuvegi á kné. Það væri grár leikur gagnvart þeim fjölda manna, og ekki allra stórra, er beint og óbeint eiga afkomu sína undir viðgangi útvegsins, ef hann væri ekki a. m. k. þannig studdur til þess að bæta um hag sinn, þá loks er honum skapast skilyrði til þess að komast á réttan kjöl.

En þá má þess og minnast, að hinn höfuðatvinnuvegurinn hefur einnig búið við rekstrartöp frá fyrri árum. Þess má minnast, að engum atvinnuvegi hérlendum er jafnerfitt um að standa undir þungri skuldabyrði eins og landbúnaðinum. Auðvitað er langur vegur frá því, að landbúnaðinum hafi skapazt neitt lík aðstaða til þess að grynna á gömlum rekstrartapsskuldum sem útveginum. En hafi sú aðstaða skapazt hjá einhverjum bændum, að þeir geti vegna minni framkvæmda lækkað gamlar skuldir, þá ættu þær greiðslur að vera skattfrjálsar líka. Væri það hvatning til þess að styrkja þannig framtíðarhag sinn, og mun koma sér vel síðar að hafa þannig létt á gömlum byrðum, þegar ný kreppa byrjar. Er þetta því sanngjarnara, sem það er kunnugt, að vegna þess að bændur fæða verkafólk sitt, greiða þeir að tiltölu meiri tolla af nauðsynjavörum en aðrar stéttir.

Skuldir og skattar hafa verið þyngstu byrðarnar á atvinnuvegunum og allri þjóðinni undanfarin ár. Það er því eðlilegt, að jafnskjótt sem eitthvað sér fram úr sortanum, taki þjóðfélagið að litast um eftir tækifærum til þess að borga skuldir.

Í sambandi við það gaf ráðuneytið út bráðabirgðal. um heimild til 5 millj. kr. lántöku innan lands, til þess að geta notað vaxtalausa inni-

eign þjóðarinnar erlendis upp í greiðslu á rúmlega 500 þús. sterlingspunda brezku láni frá 1930. Væntanlega verður sú heimild aukin nú á Alþ., til þess að hægt verði að greiða þá skuld að fullu.

Mun öllum vera ljóst, að hin bundna eign vor er ekki trygg. Hins vegar hafa bankarnir tekið á sig ábyrgð á henni með því að leysa hana út hér heima í krónum. Aftur á móti skiptir það ríkið eigi litlu, á hvaða verði sterlingspundin eru reiknuð, þegar skuldirnar eru greiddar.

Skapar það erfiðleika í þessu sambandi, að bankarnir munu hafa byrjað of seint að draga að sér um fullar yfirfærslur þess hluta aflasöluverðsins, sem telja má umfram framleiðslukostnað, því að þegar á síðastl. hausti mun hafa mátt sjá, hvert stefndi í þessu efni, þótt engar ráðstafanir væru gerðar fyrr en í janúar.

Ég skil, að það hefur vakað fyrir bönkunum, að með þessu móti gætu þeir fengið tapskuldir útvegsins greiddar nú þegar, en hins vegar óvíst um afkomu hans fram undan. En þegar einhverjar þvílíkar ráðstafanir þarf að gera, eins og þær að leggja allan þann afgang, sem einn atvinnuvegur hefur umfram framleiðslukostnað sinn, inn á lokaðan biðreikning, þar sem fé er ótiltækt og vaxtalaust og að öllu tekið undan ráðstöfunarrétti eiganda, þó að allar verðbreytingar hins erlenda gjaldeyris séu á hans ábyrgð, þá mundi hafa verið affarasælla að gera þessar ráðstafanir fyrr, en ef til vill ekki eins róttækar. Það mundi hafa reynzt heppilegra að gera þetta þegar í september eða október, því að þá hefði að líkindum verið unnt að láta útveginn fá til umráða a. m. k. eitthvað af því, sem aflinn seldist umfram framleiðsluverð.

Þá hefði og væntanlega verið hægt að kaupa af útvegnum þessi bundnu sterlingspund á frjálsu gengi til skuldalúkningar í Englandi. Því að væntanlega hefði hann fremur kosið að selja ótiltæka og vaxtalausa innieign sína við því gengi en að eiga hana að nafninu til áfram í þeirri óvissu, sem nú er. Og gat það verið gróði frá því, sem nú er, fyrir báða aðila, ríkið og útveginn.

Í þessu sambandi vil ég spyrja hæstv. ríkisstj.:

1. Eru innstæðurnar í sjálfum Englandsbanka?

2. Var það bein eða óbein krafa Breta, að gengi sterlingspundsins væri haldið föstu gagnvart íslenzkri mynt, þannig að kr. 26.22 væru í sterlingspundi?

Mér skilst, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru í janúar s. l. um, að Þjóðbankinn taki ekki ábyrgð á nokkrum hluta þess afurðasöluverðs, sem vér fáum í £, sé óbein yfirlýsing ríkisstj. og Þjóðbankans um, að £ sé ekki öruggt með því gengi, sem á því er nú, móti íslenzkri mynt. En ef svo er, þá er það vissulega rannsóknarefni, hvort annað reynist fært til lengdar en að haga skráningu £ í samræmi við það.

Þetta skiptir svo miklu máli í fleiri áttir en eina, að óhjákvæmilegt virðist, að Þjóðbankinn og ríkisstjórnin taki það, að undangenginni rannsókn, til rækilegrar athugunar. Og mér skilst, að sú rannsókn þurfi að fara fram á undan og jafnhliða því, sem ríkið greiðir £-skuldir sínar.

Mér skilst, að þarna sé veikasta virkið í landvörn vorri, og því megi þar sízt sofa á verði, ef vel á að takast.

Að vísu hafa margar góðar og gildar ástæður þegar verið færðar fyrir því, að breyta þurfi erlendu ríkisskuldunum í innanríkislán. En auk þeirra vil ég minna á eina mjög ríka ástæðu, þegar litið er til reynslunnar frá lokum hinnar fyrri styrjaldar. Og það er sú hætta, sem oss getur stafað af of miklum útlánum úr bönkum og sparisjóðum.

Þegar bankar og sparisjóðir liggja með jafnmikið fé sem nú, þá er sú hætta nærri, að eigi sé ávallt gætt þeirrar varfærni í útlánum, sem nauðsynleg er. Enda er nú á orði, að svo sé nú skipt um tón í ýmsum peningastofnunum, að sá þyki nú betri viðskiptavinur, sem biður um lán, en sá, sem leggur inn peninga til ávöxtunar.

Að því er tekur til sjálfra bankanna, þá gefa skýrslur að vísu ekki beinlínis til kynna, að svo sé, því að útlán þeirra voru rúmum 5% minni um s. l. áramót en árið áður. En þá horfði líka margt öðruvísi við en nú. Þá voru flestöll útvegsfyrirtæki í skuldahámarki. Nú munu margar þær skuldir greiddar. Þá var enn nokkur saltfisksverkun í landinu, og batt hún lánsfé um langan tíma. Nú er mestallur fiskur seldur jafnóðum. Þá höfðu menn ráðizt í venjulegar framkvæmdir á árinu, og höfðu því venjulega lánsþörf. En nú á þessu s. l. ári var sú kyrrstaða í ýmsum greinum framkvæmdalífsins, sem mjög hefur dregið úr lánsþörfinni.

Að þessu athuguðu virðist það ekki mikil lækkun, þótt útlán minnki um 5% um áramót. Og það því síður, sem sparisjóðir og aðrir sjóðir munu sízt hafa dregið að sér um útlán.

Á slíkum tímum sem þessum er ekkert hættulegra en lánsfjárútþenslan, ef ekki er haft ríkt aðhald um það, til hvers lánsféð sé notað. Lánsféð leitar þá í alls konar spekulationir, eins og í næstsíðasta stríði, þegar allir þóttust ríkir og margir gættu sín ekki fyrr en allt var komið á höfuðið. Það verður ekki nú fremur en þá spákaupmennskan, sem gerir þjóðina ríka, heldur sjálfstæð og heilbrigð framleiðsla.

Framleiðslan þarf mikils með, ef hún á að geta yngt sig upp bæði til lands og sjávar og orðið fær um að standast og veita öllum brauð, þegar verðhrunið kemur. Þess vegna þarf að styrkja hana af öllum mætti, en ekki ofþyngja henni, eins og hingað til hefur verið gert.

Það er alkunnugt, að þegar gull finnst óvænt í jörðu, þá er sem hugarfar manna og lífsvenjur snöggbreytist víða vegu þar út frá. Menn miða þá ekki aðeins við það fé, sem í hendi er, heldur og ófengið fé. Almennt verðlag hækkar og allir þykjast auðugir, af því að nógir peningar eru í umferð. En menn gæta þess ekki, að gullið sjálft hefur aðeins lækkað í verði eins og sandurinn í dæmisögunni, þar sem brauðið eitt hélt sínu óhagganlega verðgildi.

Fjármunir geta færzt til, þegar svo stendur á. En venjulega vakna menn upp af draumi ríkidæmisins við það, að þeir eru jafnfátækir sem áður.

Í fyrri styrjöldinni breyttist hugarfar hlutlausu þjóðanna og lífsvenjur þeirra á sama hátt sem við gullfund. Og er oss þar kunnast dæmið af sjálfum oss.

Nú örlar aftur á sama hugarfarinu. Fyrir stríðið var þjóðin komin í fjárhagslegt skipbrot. En nú hyggst hún að bjarga sér frá borði með gullsand í bát. Hún gerir það því aðeins, að hún muni eftir brauðinu. En brauðið er framleiðslan, og allt, sem hún þarf til þess, að hún geti eflzt og blómgazt sem bezt.

Forseti (HG): Þá hefur hv. þm. Dal. lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hæstv. fjmrh. og talar í 15 mínútur.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ræður hv. þm., sem til máls hafa tekið, hafa í rauninni ekki verið þannig, að ég þurfi miklu að svara í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, fjárlagafrv. Yfirleitt hafa hv. þm. stillt orðum sínum mjög í hóf, nema ef segja mætti „að undanteknum amtmanninum", hv. 4. þm. Reykv. Hans ræðu get ég alveg leitt hjá mér vegna þess, að ræður þeirra þm., hans og þeirra, sem honum fylgja, eru yfirleitt ekki hátíðlega teknar, hvorki hér á Alþingi né af þjóðinni, að ég hygg. Aðrir ræðumenn töluðu ekki þannig, að ég eigi neitt sérstaklega sökótt við þá.

Í sambandi við ræðu hv. þm. Seyðf. datt mér í hug þessi vísa eftir Tómas Guðmundsson:

Hárin mér á höfði rísa,
er hugsa ég um kærleik þinn.
Þetta er annars ágæt vísa,
einkum seinni parturinn.

Að vísu var það fyrri parturinn af ræðu hv. þm. Seyðf., sem mér féll vel í geð, þar sem hann las upp úr ræðu minni við þetta sama tækifæri, fjárlagaræðunni frá síðasta þingi. En að það hafi verið af kærleik til mín eða minna flokksmanna, að hann las upp þann ræðupartinn, gæti ég efazt um, sérstaklega af því, að hann las ekki ræðuna eins og ég mundi hafa gert. Hv. þm. mun hafa valið þennan ræðupart með tilliti til þess, sem hann þurfti að halda fram. Hann lét sem sig undraði mjög, að í frv. því, sem hér liggur fyrir, skyldi ekki vera gerð tilraun til þess að framfylgja stefnuskrá Sjálfstfl. um það að spara sem mest rekstrarútgjöld ríkissjóðs. Ef hv. þm. hefði lesið áfram í þessari ræðu minni, þá hefði hann ekki þurft að lýsa þessari undrun sinni svo mjög, vegna þess að ég sagði, án þess að slá nokkru föstu um það, hversu réttlát gagnrýni Sjálfstfl. hefði verið á stjórnarháttu undanfarinna ára, að ég teldi ekki, að til þess gæti komið, að þeirri stefnuskrá yrði framfylgt að svo stöddu. Ef slíkri breyt. ætti að vera hægt að koma fram, þá þyrfti að endurskoða löggjöfina að mjög miklu leyti, og yfirleitt allt stjórnarkerfið, og það eru ekki miklar líkur til þess, að hægt væri að ná samkomulagi um þær breyt. Ég segi heldur ekkert um það, að tiltækilegt væri að koma slíkum breyt. í framkvæmd eins og nú er komið, og ég get bætt því við, að það má vel vera, þó að gagnrýni Sjálfstfl. væri réttlát á sínum tíma, að ekki gæti talizt rétt, eins og nú er, að breyta um þá löggjöf, sem sett hefur verið á síðari árum. Ég skal taka til dæmis tryggingalöggjöfina, en gegn henni var á sínum tíma nokkur andstaða innan Sjálfstfl. Ég vil þó ekki segja, að Sjálfstfl. vildi afnema þá löggjöf nú. Ef nú á að fara að gera þá kröfu til Sjálfstfl., að hann framkvæmi sína stefnuskrá, þá verður að veita honum þá aðstöðu, sem hann þarf til þess að hafa meiri hluta á Alþingi. Með þessari viðbót frá mér held ég, að vísan verði annars betri en ágæt, sem hún var þó, einkum seinni parturinn, eins og ég sagði.

Hæstv. viðskmrh. talaði hér fyrst, en á engan hátt þannig, að ég þurfi við hann að deila. Hann var að vísu að inna að því, að til athugunar þyrfti að koma að endurskoða skattalöggjöfina, vegna þess að tollar væru orðnir óhæfilega háir og ættu sinn þátt í vaxandi dýrtíð. Hann talaði sérstaklega í þessu sambandi um tolla af innflutningsvöru, verðtoll og innflutningsgjöld, og að hin mikla hækkun á verðtollinum ætti rót sína að rekja til þess, að tollar væru einnig teknir af flutningsgjöldum. Þetta er náttúrlega mjög orðum aukið, því að höfuðhækkunin er aukning verðtollstekna og sjálf verðhækkun varanna. Þó að farmgjöld séu að vísu há og hafi hækkað vegna ófriðarins, þá er sú viðbót við verð varanna engan veginn svo mikil, að það hafi verulega þýðingu fyrir tollana, samanborið við verðið, sem á vörunum er, að viðbættu flutningsgjaldi. Þó að verðtollur af flutningsgjöldum væri felldur niður, þá mundi almenningur verða sáralítið var við þann létti, sem af því yrði. Hins vegar safnast, þegar saman kemur, og ríkissjóð getur munað nokkuð um þann toll, þótt almenningur verði hans lítið var. Og þess er að gæta, að í sjálfu sér er þetta lítill skattur á stríðstekjur og stríðsgróða, svo mjög sem nú er talað um skatt af stríðstekjum. Ég hef álitið rétt að nota heimild til þess að fella niður toll af flutningskostnaði, og gerði ég grein fyrir því óbeinlínis í sambandi við það, er ég upplýsti, hvernig afkoma ríkissjóðs var framan af árinu, einnig í sambandi við erfiðleika á innflutningi varanna til landsins. Nú eftir að séð er, hvaða tekjur ríkissjóður hefur fengið á þessu ári, þrátt fyrir horfurnar framan af árinu, þá verður að taka það til athugunar, að það er engin vissa fyrir því, að áframhald verði á þessum mikla gróða ríkissjóðs. Ég lít að þessu leyti öðrum augum á tollana en hv. þm. Seyðf. og sennilega hæstv. viðskmrh. Ég tek fremur til greina, að verðtollurinn, þar sem hann er hæstur, er að svo miklu leyti óhófsskattur, sem kallað er, þar sem eru vörur, sem almenningur gæti við sig sparað. En telji þingið það fært, þá getur það náttúrlega gert ráðstafanir til þess, að breytt verði framkvæmdum í þessu efni.

Hv. þm., sérstaklega hv. þm. Seyðf. og hæstv. viðskmrh., gerðu einnig að umtalsefni, hvað úr mundi verða um skattamálin, og töluðu um væntanlega miklar tekjur af tekjuskattinum,

sérstaklega hv. m. Seyðf. Mér skildist hann telja óþarflega lágt áætlað um tekjuskattinn (3 millj. kr.). Ég gerði einnig grein fyrir því í minni frumræðu, að ég hefði ekki að svo stöddu talið ástæðu til þess að áætla hann hærri. Ég get bætt því við, að það er alveg óráðið, hvernig skattalöggjöfin verður að því er tekur til þeirra tekna, sem þá koma til skatts. Hitt er augljóst, ef framkvæmd verður á því, sem báðir þessir þm., hv. þm. Seyðf. og hæstv. viðskmrh., virtust ganga út frá, að útgerðinni yrði gefið tækifæri til þess að komast á réttan kjöl og stofna sæmilega varasjóði til þess að hafa upp á að hlaupa, þá er fyrst það að athuga, að tekjur þær, sem nú falla til, mundu skerðast nokkuð, en hins vegar veit enginn, hver endirinn á þessu verður. Þó að vel léti nú í ræðum þessara hv. þm. um það að standa við þessi gefnu loforð, kveður dálitið við annan tón í blöðum þeirra og sumra flokksbræðra þeirra um þessi mál. Ég veit ekki til, að um neinn ágreining sé að ræða innan Sjálfstfl. í þessum efnum, en hitt er annað mál, hvort samkomulag getur orðið um það í framkvæmd. Af þessum ástæðum er ekki auðvelt að segja um það, hvað t. d. mikill tekjufrádráttur kemur frá skattskyldum tekjum á næsta ári. Það fer eftir því, hvernig framkvæmdin verður meðal annars í þessu efni. Annars er þetta mál varla komið á það stig, að ég telji tímabært að leiða það inn í umr. hér.

Hv. þm. Seyðf. var að upplýsa, að það hefðu komið fram till. frá a. m. k. tveimur flokkum, Framsfl. og Alþfl. Það mun að vísu rétt, að einhverjar till. hafi komið fram í þessum málum, en engar till. hafa enn til mín komið. Annars geri ég ráð fyrir því, að ýtt verði á eftir því úr þessu, að reynt verði að komast að einhverri niðurstöðu í þessum efnum.

Hv. þm. Seyðf. virtist kvarta yfir því, að í fjárlfrv. væri minna ætlað til verklegra framkvæmda en æskilegt væri á næstu árum, og hugsaði sér, að það mundi ef til vill vera af því, að ég gerði ráð fyrir því, að Alþ. vildi sjálft ráðstafa þeim umframtekjum, sem verja ætti til aukinna verklegra framkvæmda. Þetta er ekki alls kostar rétt. Eins og ég lýsti í frumræðu minni, þá tel ég í rauninni ekki fullkomlega forsvaranlegt að áætla tekjur ríkissjóðs neitt verulega hærri en gert er í frv. Þess vegna er ekki um neinar öruggar umframtekjur að ræða. En að sjálfsögðu getur hv. fjvn. breytt þessari áætlun og hækkað hana til stórra muna. Ég geri ráð fyrir, að slíkt mætti rökstyðja allvel með því, að vera sem bjartsýnastur á framtíðina, en það verður einnig að gera ráð fyrir því, að brugðið geti til beggja vona í þessum efnum.

Hv. þm. Seyðf. var að tala um það, að það væri leitt til þess að vita, þegar mögru kýrnar ætu þær feitu, en verst væri þó, þegar feitu kýrnar ætu sjálfar sig.

Mér finnst þetta góður texti fyrir þennan hv. þm. og hans flokk að leggja út af, því að mér finnst enginn flokkur líklegri til þess að geta orðið það á, að einmitt feitu kýrnar ætu sjálfar sig.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 4. fundi í Sþ., 7. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 9. fundi í Sþ., 28. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég vil aðeins mælast til þess, að fjárlfrv. verði vísað til 2. umr.

Forseti (HG): Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur það verið venja, að við frh. 1. umr. fjárl. færu fram almennar umr. og þeim útvarpað. Nú hef ég að þessu sinni tilmæli frá þingfl. um það, að ekki yrðu útvarpsumr. viðhafðar við þessa umr. fjárl. Þar með er ekki sagt, að þetta sé brot á þingsköpum, því að þau mæla svo fyrir, að ekki sé skylt að hafa útvarpsumr. nema ósk um það komi frá þingfl. Það verða því ekki að þessu sinni viðhafðar útvarpsumr.

***Magnús Jónsson:** Það hefur verið siður undanfarin ár, að frh. 1. umr. fjárl. hafi verið notað til þess að koma með almenna gagnrýni á stjórnarfarið og umr. um það almennt, svo kallaður „eldhúsdagur“. En það var alls ekki minn tilgangur með því að kveðja mér hljóðs, að hefja slíkar umr. Mér þykir það mjög leitt, að það atvikaðist svo, að það þurfti að kalla þm. aftur saman til fundar til þess að hefja þessa umr., því að ég hefði náttúrlega getað geymt þessi orð mín til 2. umr. En hins vegar er ekki hægt að neita því, að eftir þingsköpum ber að hafa almennar umr. um málið við 1. umr., en ekki aðra. Það, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs, er nál. fjvn., sem mér þykir að sumu leyti alleinkennilegt plagg, og vildi ég minnast nokkrum orðum á þá fjármálastefnu, sem sýnist koma fram í þessu nál.

Hv. fjvn. lýsir því í byrjun nál., að starfið hafi verið tvíþætt. Ég skal þó geta þess, að 3 nm. skrifa undir nál. með fyrirvara að því er snertir nokkurn hluta þess. Eins og kunnugt er, hefur hv. fjvn. tekið það upp í seinni tíð að hafa tvíþætt starf, þ. e. a. s.: fyrst það mál, sem henni er falið að fást við, en hins vegar annan þátt, sem ýmsum sýnist henni í rauninni ekki koma við, nema að því leyti, að þeir menn, sem eru í n., hafa náttúrlega sinn þingmannsrétt til þess að fást við almenn þingmál og gefa út um það sín álit. T. d. eins og þegar fjvn. ber fram frv. um ýmsa hluti, sem varða ekki sjálft fjárlfrv. frekar en önnur mál, og er skemmst að minnast hins fræga frv., sem n. bar fram í fyrra og fékk nafnið „höggormurinn“, eins og um það mál fór líka í meðferð þingsins.

Nú hefur n. enn tekið upp tvíþætt starf. Fyrri þátturinn, en um hann ræðir á 1. bls. nál., er eingöngu um meðferð fjárl. yfirstandandi árs, m. ö. o. þau gildandi fjárl. Það hefur verið álitið, að yfirleitt væri það starf fjvn. að fara

yfir frv. það, sem fyrir liggur, en láta liggja milli hluta a. m. k. þau gildandi fjárl., sem n. hefur farið yfir næsta þing á undan og gert þá sínar till. um. Náttúrlega mætti hafa þetta þannig, að þingið bæri fram aukafjárl., ef menn vildu bæta við fjárveitingar á því ári, sem nú stendur yfir, og fyndist þörf á því að veita nú meira fé til ýmissa framkvæmda en ákveðið er í gildandi fjárl. Það virðist svo sem n. hafi litið þannig á, að á árinu 1940 mundu verða mjög ríflegar tekjur, og sérstakt útlit fyrir það nú eftir á, að t. d. tekjuskatturinn mundi verða mikill á því ári, og meiri en búizt var við á sínum tíma, vegna þess að nú er í landinu ákaflega mikið fjármagn. Vinnukrafturinn í landinu er nú mjög upp tekinn af ýmsum framkvæmdum, og þá finnst n., að það beri að ráðast í sérstaklega miklar verklegar framkvæmdir. Mér finnst þetta svo einkennileg stefna, að ég vildi strax við 1. umr. andmæla henni vegna þess, að það hefur alltaf verið mín stefna, og að ég hélt þess flokks, sem ég tilheyri, að þessu bæri að haga þveröfugt við það, sem n. leggur til. Það hefur verið borið fram bæði í ræðu og riti, innan þings og utan af Sjálfstfl., að þegar vel lætur í ári og mikið fé yfirleitt starfandi og menn hafa góð atvinnuskilyrði, þá beri ríkinu að draga sig í hlé og gerast ekki keppinautur atvinnuveganna. Það hefur oft verið tekin til dæmis gamla sagan um Jósef í Egyptalandi og talað um að nota góðærin til þess að safna í kornhlöður og geyma til góðu áranna. Það er sérstaklega sú stefna, er kemur fram í nál. fjvn., sem gerir það að verkum, að ég gat ekki annað en andmælt því, a. m. k. frá mínu sjónarmiði. Það segir í nál., að það beri að nota þessar miklu tekjur, sem ríkissjóður hefur hlotið, annars vegar til að létta skuldabyrði ríkisins og á hinn bóginn til þess að koma í framkvæmd ýmsum nauðsynlegum umbótum á sviði verklegra framkvæmda og ráðast í þær nú þegar á þessu ári. Það er svo skýrt frá því, að n. hafi gert till. um að hækka ýmsar fjárveitingar á þessu ári, sem samtals nema 1,6 millj. kr., og gefið til kynna, að fjvn. ætli sér að bera fram till. um þetta við 2. eða 3. umr. fjárl. Þetta er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo, að n. ætli sér að gera till. um, að ráðizt verði í miklar framkvæmdir. Nú er hins vegar í nál. talað um það, að það kunni að verða skortur á vinnuafli. Þess vegna er mér ómögulegt að skilja þetta plagg öðruvísi en þannig, að ríkissjóður eigi í lengstu lög að keppa um vinnukraftinn.

Ég vil einnig segja það um till. n. um fjárlfrv. sjálft, að þar kemur einnig fram sama bjartsýnin. Þar er fyrirhugað, eftir því, sem sagt er í nál., að aukatill. n. nemi 1 millj. 669 þús. 244 kr. Það er auðséð, þó að halda eigi aths. um það, að ríkisstj. sé heimilt að lækka útgjöld fjárl., að það eitt út af fyrir sig, að afgr. fjárl. svona há, mundi skapa ríkisstj. stórkostlega erfiðleika um að draga þar úr, ef árferði yrði svipað að því leyti, að erfitt yrði um vinnukraft. Það er hætt við því, að erfitt yrði fyrir ríkisstj. að standa á móti einstökum héruðum, sem fá loforð um verklegar framkvæmdir. Það hefur alltaf verið mín skoðun í fjármálum, og því hefur ekki verið andmælt af mínum fl., að góðærin ætti yfirleitt að nota til þess að byggja upp, þegar illa árar. Það er alls ekki svo, að það geti ekki verið nauðsynlegt að hefja framkvæmdir, en það verður að líta á það, að atvinnuástandið ræður nú meiru um það, að draga verður úr framkvæmdum. Hins vegar verður að ráðast í þær framkvæmdir, sem miða að því að viðhalda verðmætum; slíkt má auðvitað aldrei vanrækja.

Þá kemur sú spurning, hvað eigi að gera þau árin, þegar einhverjar ástæður veita miklu fé inn í ríkissjóð. Það er bent á eina aðferð í nál., sem er sú, að borga skuldir, og það mál er tvíþætt mál. Annars vegar að borga erlendar skuldir og gera ráðstafanir til þess að ná upp innlendum lánum í þeim tilgangi að greiða þær. Hins vegar er svo það, að greiða innlent lán aftur. Það er ekki víst, að þetta sé eins auðvelt eins og það virðist vera. Það hefur verið talað um að gefa út ríkisskuldabréf og greiða skuldir á þann hátt. En það, að farið yrði að losa féð á þennan hátt, er mjög hættulegt á þessum tímum; a. m. k. verður að fara mjög gætilega í þeim efnum. Þá er sú aðferð að safna í sjóði. Að vísu er það gott og blessað, en þó er það svo, að ef um mikið fé er að ræða, kannske margar millj., hefur það stórkostleg áhrif á verðgildi peninganna í landinu. Það verður að geyma þessa sjóði ákaflega vel, og það er ekki hægt að geyma þá öðruvísi en að loka þá inni. Það, að lána svona mikið fé út, yrði auðvitað til þess að auka stórkostlega þau vandræði, sem nú eru í landinu út af of miklu fé. Við hér á Íslandi erum óvanir að fást við slíkt, því að það hefur alltaf verið til of lítið fé. Það hefur alltaf orðið að leita uppi féð og sækja það til annarra landa. Ýmis ríki hafa orðið að berjast við hið gagnstæða, sem sé of mikið fé, og hefur það komið fram t. d. í Svíþjóð. Þar skapaðist kreppa fyrir það, hvað mikið fé var til. Við eigum nú við þetta að stríða, og getur vel verið, að við misstígum okkur, ef við förum ekki mjög varlega. Það er sennilega ekki um annað að ræða eins og nú er en að geyma féð inni án þess að það gefi nokkuð af sér, og lána það alls ekki út. Mönnum finnst kannske einkennilegt, að þetta gerist á sama tíma og vandræði eru með að byggja. En það er augljóst, að ef farið yrði nú að auka verklegar framkvæmdir, gæti það haft mjög hættulegar afleiðingar. Þó að hvert einstakt hérað taki fegins hendi við því, að farið yrði eitthvað að gera, þá er þess að gæta, að allt efni er nú bæði óhæfilega dýrt og lítt fáanlegt til landsins, og eins hitt, að vinnukraftur er lítt fáanlegur. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að nú er sú ástæða, sem oftast var borin fram, að óhætt væri að ráðast í framkvæmdir, sem ekki þyrfti nema íslenzkt efni til, burtu fallin. Það var lengi fullgild ástæða, að það bæri að ráðast t. d. í vegagerðir, þar sem ekki væri um miklar brýr að ræða, af því að þar væri nær eingöngu um íslenzkt efni að ræða. Nú er þessi ástæða alveg burtu fallin. Nú er svo um skipt fyrir okkur, að við verðum að kaupa efni frá Bretlandi, og eins og ástatt er um siglingar

þangað, er ekki sjáanlegt, að auðið verði að ráðast í miklar framkvæmdir að sinni. Auk þess er vinnukraftur svo dýr, og þar að auki nær ófáanlegur, að alls ekki er hugsanlegt, að um framkvæmdir geti verið að ræða. Vinnukrafturinn er nú orðinn það, sem erlend innkaup voru áður. Það þarf að fara mjög varlega í að stofna til sérstakrar samkeppni við setuliðið um vinnukraftinn. Ég skal ekki fara út í þá hættu, út af fyrir sig, sem stafar af hinum brezku framkvæmdum, en það er öllum hv. þm. ljóst, að sú hætta er alveg gífurleg. Það eru hundruð manna eða jafnvel þúsund, sem vinna hér að verkefnum, sem engar líkur eru til, að við höfum nokkurt gagn af. Og í rauninni eru það Íslendingar sjálfir, sem kosta þetta allt. Það er tekinn vinnukrafturinn frá framleiðslunni og nauðsynlegum störfum þjóðfélagsins og settur í framkvæmdir, sem þjóðin hefur ekki gagn af fyrir sína afkomu. Þetta er síðan allt borgað með gjaldeyri, sem við látum af hendi í íslenzkum peningum. Hins vegar vitum við ekki, hvað mikils virði hin ensku pund kunna að verða á sínum tíma. Þannig má segja, að Íslendingar framkvæmi þetta allt upp á sinn kostnað. Þegar svona stendur á, ætti það að vera augljóst, að það getur verið mjög varhugavert að ráðast í stórfelldar framkvæmdir.

Hættan, sem yfir okkur vofir, er fyrst og fremst af verðhruni peninganna, því að hin vaxandi dýrtíð er ekkert annað en verðhrun peninganna. Þetta er mönnum vel ljóst, enda hafa verið gerðar ýmar ráðstafanir af hálfu þess opinbera, og sumar hverjar mjög harkalegar, til þess að hamla á móti verðhruninu. Það hafa verið boðin út stór innlend lán. Þetta er vitaskuld gert til þess að festa fé og á þann hátt reynt að ná milljónum króna úr umferð. Það hefur verið gripið til þeirra mjög harkalegu ráðstafana að binda sterlingspundainneignir manna í Englandi. Lögleg eign manna er þannig fest í gjaldeyri, sem mörgum þykir vonarpeningur. Þetta er gert til þess að flytja ekki meira af peningum inn í landið, sem mundu spyrja eftir verðmætum þar.

Þá er ein ráðstöfunin enn, það er að taka mikinn hluta af gróða útgerðarfélaganna og binda hann í hinum svonefnda nýbyggingarsjóði. Þetta er sumpart gert til þess að geyma fé, þar til betur árði með að fá ný skip, en það er líka gert til þess að binda peningana.

Það þyrfti líka, þótt harkalegt þætti, að gera einhverjar ráðstafanir viðvíkjandi Bretavinnunni. Það er ómögulegt fyrir ríkisvaldið að horfa upp á það, að verið sé að framkvæma aðgerðir á okkar kostnað, sem við kærum okkur ekki um. Lægi ekki nærri að segja við verkamennina: Þið verðið að binda nokkurn hluta af hinum óvenjulegu vinnulaunum, t. d. með því að leggja til hliðar og geyma þar til vinna þverrar, svo þið hafið eitthvað fyrir ykkur að leggja.

Þegar á allt þetta er litið, er ómögulegt að verja það, að ríkið fari svo að hækka gjöld til verklegra framkvæmda og gerast keppinautur í þeim tryllta dansi, sem nú á sér stað og hlýtur að enda í verðhruni og þeirri mestu kreppu, sem sögur fara af.

Ég sé, að þrír nefndarmenn hafa skrifað undir nál. með fyrirvara einmitt um þetta atriði, að auka framkvæmdir á yfirstandandi ári, og gera till. um meiri framkvæmdir á næsta ári. Mér þykir vænt um það, því það hefur þá einnig komið fram í n., hvílík hætta hér er á ferðum.

Þetta mál er mjög víðtækt og mætti ræða það lengi, en ég læt það nægja, sem ég hef hér sagt. Ég vildi aðeins benda á þetta til viðvörunar, þar sem till. n. hafa nú verið afhentar ríkisstj. til athugunar, en svör hennar hafa ekki borizt enn.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Það er ekki nema eðlilegt, að þingmenn vilji ræða um fjárl. og fjárlfrv., sem fyrir liggur, svo sem oft hefur verið venja, eða að halda hinn svonefnda eldhúsdag, en þær umræður hafa þá mest snúizt um fjármálastjórn undanfarins árs og þá einnig að sjálfsögðu um fjárlfrv. Hins vegar hefur það ekki verið venja, að þingmenn gerðu brtt. fjvn. og nál. að umtalsefni við þessa umr. Eins og hv. þm. vita, hefur fjvn. ekki fengið tækifæri til þess enn þá að mæla með till. sínum og gera grein fyrir áliti nefndarinnar. Ég hef verið valinn frsm. fjvn., og mun ég skýra till. n., þegar sá tími kemur, sem til þess er ætlaður. Má vera, að ef hv. 1. þm. Reykv. hefði beðið þangað til ég hafði skýrt till. n., að hann hefði þá betur skilið, hvað fyrir n. vakir. Ég mun því ekki svara hv. þm. fyrr en í framsöguræðu minni og vænti, að hann muni þá fá svör bæði beint og óbeint að því er snertir störf n., sem geri honum ljóst, hvað fyrir n. vakir með till. sínum.

***Pétur Ottesen:** Hv. 1. þm. Reykv. hefur horfið að því ráði að hverfa ekki alveg frá eldhússtörfunum, enda þótt hann hafi ekkert við framferði stj. að athuga, og gerir hann eldhúsdag að störfum fjvn.

Eins og hv. 2. þm. Árn. og frsm. fjvn. tók fram, hefði verið eðlilegra að láta þetta bíða þar til við 2. umr. fjárlfrv. eða þar til till. nefndarinnar lágu fyrir til umr. En það er ekki svo að skilja, að fjvn. sé ekki við því búin nú eins og síðar að ræða við hv. þm. um stefnu þá, sem felst í áliti n., og þær till., sem settar hafa verið fram í því sambandi. Ég mun því ræða við hv. 1. þm. Reykv. nú að því er veit að sjálfu fjárlfrv., en hv. þm. sveiflaði sér nokkuð víða og lét hugann renna um fjármálaviðhorfið í heild, m. a. um einn þátt skattamálanna og Bretavinnuna, sem vitanlegt er, að atvinnuvegum vorum stafar mikil hætta af. Slíkar almennar umræður mun ég leiða hjá mér. En áður en ég sný mér að aths. hv. þm., get ég ekki látið hjá líða að geta þess, að mér finnst hann hafa gengið fram fyrir skjöldu fyrir hæstv. fjmrh., því að þegar rætt er um till. fjvn., er það fjmrh., sem fyrst tekur til máls út af þeirri meðferð, sem fjárlfrv. hefur fengið hjá n. Ég hef auðvitað ekkert við því að segja, þótt hv. þm. gangi fram fyrir skjöldu fyrir hæstv. fjmrh.; hann hefur til þess sinn fulla þingmannsrétt, en ég vildi aðeins benda á þetta.

Hv. 1. þm. Reykv. hóf mál sitt á því að átelja fjvn. fyrir það, að hún hefði í raun og veru

gengið út fyrir sitt verksvið, þegar hún fer að athuga fjárlögin fyrir yfirstandandi ár. Ég veit satt að segja ekki til, að verksvið fjvn. sé svo einskorðað, að þetta sé átöluvert. Það er vitað, að fjárlfrv. er ekki eina málið, sem Alþ. ætlast til, að fjvn. fjalli um. Það er algengt, að ýmsum till., sem snerta fjármál landsins yfirleitt, sé vísað til nefndarinnar. Það er því ekki með rétti hægt að átelja n., þótt hún eins og á stóð gerði till. í þá átt, sem hún hefur gert. Það var heldur engan veginn ætlun n. að fara fram hjá Alþ., því það er skýrt tekið fram í nál., að vitanlega taki Alþ. endanlega ákvörðun hvað þær snertir, ef ríkisstjórnin treystir sér til þess að mæla með því, að inn á þessa braut verði farið. Hv. þm. og aðrir, sem kunna að hafa eitthvað að athuga við hækkunartill. til verklegra framkvæmda í ár, fá þá væntanlega tækifæri til þess að láta ljós sitt skína, þegar till. koma til meðferðar.

Mér þykir einkennilegt, hvernig hv. þm. (MJ) hefur lesið nál. Það bendir allt til þess, að hv. þm. hafi lesið það eins og viss persóna les ákveðna bók, sem ætti að vera hv. þm. vel kunn. Hann túlkar nál. alveg ranglega og fær með því grundvöll fyrir átölur sínar í garð n., að hún ætli að fara að stofna til samkeppni við atvinnuvegi landsmanna með því að láta vinna fyrir þetta fé á yfirstandandi ári. Það kemur einmitt alveg skýrt fram í nál., þótt hv. þm. hafi hagrætt þessu þannig, til að koma að ádeilu sinni, að n. gengur út frá, að það sé ekki hægt að vinna fyrir þetta fé á þessu ári, og leggur n. því til við ríkisstj., að þetta fé sé geymt, þar til betur byrjar. Hvernig á nú bæði að leggja féð til hliðar og vinna fyrir það samtímis? Ég undra mig stórlega á því, að hv. þm. skuli geta lesið það út úr grg. n., að hún fyrirskipi að vinna fyrir þetta fé nú og stofna þannig til óheilbrigðrar samkeppni við atvinnuvegi landsmanna.

Annars er ekki þörf á að útskýra þetta nánar, því að niðurlagið á þeim málslið, sem um þetta fjallar, sýnir ljóslega, hvað fyrir n. vakir með till.. þ. e. að fé sé lagt til hliðar, þar til atvinnuástandið er á þann veg, að hvort tveggja fari saman, að njóta gagnsins af þeim framkvæmdum, sem fyrir það fást, og uppfylla um leið atvinnuþörf landsmanna. Hv. þm. vitnar í það, að 3 nm. skrifi undir nál. með fyrirvara hvað þetta atriði snertir. Þetta er ekki alveg rétt. Þessir 3 nm. voru ekki samþykkir því, að n. byggi til sundurliðaðar till. og einskorðaði þær við ákveðin verk, heldur vildu þeir láta leggja féð til hliðar og ákveða síðar, á sínum tíma, til hvaða verka það skyldi renna.

Ég ætla, að ég hafi nú leiðrétt þann misskilning, sem hv. þm. byggði átölur sínar í garð n. á, en hann taldi og, að stefna n. væri í andstöðu við stefnu hans flokks.

Nú erum við báðir, hv. þm. og ég, í sama flokki, Sjálfstfl., og ætti mér því að vera jafnkunnugt um stefnu flokksins og honum. — En ég veit ekki betur en að þetta sé einmitt stefna Sjálfstfl., að nota óvæntar tekjur til þess að létta skuldabyrði ríkissjóðs og efla verklegar framkvæmdir. Þetta er ekki aðeins stefna Sjálfstfl. í orði, heldur og á borði. Vænti ég, að hv. þm. mæli því ekki í gegn.

Þá er hitt atriðið, hvernig á því stóð, að n. fór að taka til athugunar fjárlög þessa árs. N. leit öll svo á, að þegar svo miklar óvæntar tekjur bærust ríkissjóði, væri ekki nema eðlilegt, að reynt væri að tryggja það, að þær rynnu ekki úr greipum ríkisvaldsins án þess að marka spor í framkvæmdum á verklega sviðinu. Ég fyrir mitt leyti vil standa á því, að það sé réttmætt, þegar svona stendur á, að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja, að eitthvað af þessum miklu tekjum verði geymt og notað til þess að hrinda nauðsynjamálum í framkvæmd.

Það kann að vera, að skoðanamunur hjá mér og hv. 1. m. Reykv. um þetta atriði byggist á því, að hann hafi erfiðari aðstöðu til þess að fylgjast með nauðsyn þessara verklegu framkvæmda, t. d. vega, hafnarbóta, landþurrkunar o. s. frv., en við, sem lifum á landsbyggðinni og verðum að berjast áfram yfir veglausar torfærur. Við nefndarmenn allflestir þekkjum meira til þessa en hann, og er því ekkert eðlilegra en að álykta, að því leyti, sem um skoðanamun milli hans og okkar er að ræða, þá byggist hann á aðstöðumun, þar sem hann hefur ekki jafnnáin kynni af þessum erfiðleikum og við.

Mér þótti heldur vandast málið hjá hv. þm., þegar hann komst að þeirri niðurstöðu, að þær miklu tekjur, sem við getum búizt við, að verði á þessu ári, þótt ekki sé víst hvernig verður á því næsta, mætti ekki nota til verklegra framkvæmda, ekki til þess að greiða skuldir og ekki leggja þær í sjóð. Hann taldi svo mikla annmarka á þessum þrem leiðum, að leitt gæti beinlínis til ófarnaðar fyrir íslenzku þjóðina. — Það er auðvitað mál, að það verður að viðhafa alla fyrirhyggju um það, hvaða leið verður farin í þessu efni, en ég vænti þó, að Alþ. verði ekki í neinum vandræðum með að ráðstafa því fé, sem aflögu verður, á þann veg, að það verði til velfarnaðar í framtíðinni og styrktar, þegar erfiðleika ber að höndum. Ummæli hv. þm. um allar þessar leiðir gáfu mér tilefni til þess að benda á þetta, af því að mér virtist, að hann hefði ekki yfirstigið þá erfiðleika, sem voru því fylgjandi, hvor leiðin sem farin væri.

Viðvíkjandi fjárlfrv., sem fyrir liggur, og ummælum hv. þm. um það, sem hann átaldi, er það að segja, að honum þótti við í n. vera allt of stórtækir og ekki gæta nægilegrar varfærni í till. okkar. Ég skal aðeins geta þess í sambandi við það, sem snertir till. n. um afgreiðslu fjárlfrv. fyrir árið 1942, að þó að hv. þm. færi ekki inn á það atriði nál., þá býst ég við, að hann sé líkt á vegi staddur og n. um það, að erfitt sé að ákveða um það, hvernig árferði muni verða hér á landi á næstu árum, eða 1942. Það kemur mjög greinilega fram í nál., að þar sé úr vöndu að ráða. Eiginlega ber nál. það með sér, að n. gafst alveg upp við það að fara að geta í þær eyður, sem kynnu að verða eða mættu okkur á árinu 1942. N. tók því þann kostinn, sem ríkisstj. hefur tekið, sem náttúrlega hlaut að líta mjög svipað á þetta mál og n.,

að miða fjárlfrv. fyrir 1942 við sæmilega gott verzlunar- og atvinnulífsárferði.

Nú var það svo, að í frv. voru allmiklar eyður, sem gerðar voru vitandi vits, en ekki þannig, að ekki væri ætlazt til, að fyllt væri upp í þessar eyður í frv., heldur var það látið bíða þangað til þing kæmi saman til að gera till. um það. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að í 13. gr. hafa ekki verið tekin upp nein framlög til hafna eða lendingarbóta, heldur eru þar eingöngu framlög, sem ríkið hefur átt vangreidd til þeirra staða, sem búnir eru að koma þessum framkvæmdum í verk. Það var fullt samkomulag um það í n., og líka var á það minnzt við ríkisstj. að taka upp nokkuð svipaða fjárhæð í þessu skyni eins og gert hefur verið á undanförnum árum, að undanteknu því, að þar er tekin upp ein stór upphæð, 250 þús. kr., sem er til hafnarbyggingar við sunnanverðan Faxaflóa, og þessi upphæð er flutt af n. fyrir ósk hæstv. atvmrh. N. fannst sjálfsagt að verða við þessari till., með tilliti til þess, hvað okkur er brýn nauðsyn á að bæta hafnarskilyrðin við sunnanverðan Faxaflóa. Við vitum, hvaða slys henti þar síðastl. vetur, og við vitum líka, hvað þessi slys kosta mikið. Það situr þarna á bak við hv. 1. þm. Reykv. maður, sem er forstöðumaður þeirrar stofnunar, sem endurtryggir fiskibáta. Hann gæti kannske borið um það, hvaða tjón hafi hlotizt á síðastl. vetri af hafnleysinu við sunnanverðan Faxaflóa. Í sambandi við þetta hefur n. enn fremur gert till. fyrir árið 1942 um nokkra hækkun á vegafénu, sem er nokkuð í samræmi við þær hækkanir, sem n. hefur lagt til, að gerðar verði á yfirstandandi ári. Enn fremur hefur hún gert ýmsar aðrar till., sem snerta verklegar framkvæmdir í landinu. Þó að bætt hafi verið ýmsu við, höfum við fyllt út í eyðurnar í fjárlfrv., sem að sjálfsögðu var ætlazt til, að yrði gert. Auk þess höfum við lagt til að hækka nokkuð fjárframlög til nauðsynlegustu framkvæmda. Þó hygg ég, að ekki sé hægt að segja annað en það, að þarna hafi verið fylgt sömu stefnu og kemur fram í fjárlfrv. hjá ríkisstj., og að því leyti, sem ræða hv. 1. þm. Reykv. var ádeila á n. fyrir hennar stefnu í þessu atriði, má segja, að hún sé líka ádeila á hæstv. ríkisstj., sem lagði grundvöllinn að þessu fjárlfrv. Ég segi þetta ekki af því, að hann hafi ekki jafnan rétt til þess að deila á ríkisstj. eins og n. fyrir hennar fjármálastefnu. Það hefur hann vitanlega rétt til að gera.

Hv. þm. leit svo á, að sú heimild, sem gefin væri í fjárlfrv. til þess að færa niður um allt að 35% þau útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, mundi engan veginn vera fullnægjandi, ef illa færi í þessu efni, og þar af leiðandi hefði fjvn. litla afsökun að því leyti sem hún vitnaði til þessarar heimildar. Hv. þm. hljóp alveg yfir niðurlagið á þessari málgr., eftir að n. hafði vitnað í þessa 35% heimild til niðurskurðar, en það hljóðar svo: „Ef í nauðirnar rekur, verður að sjálfsögðu að taka enn dýpra í árinni um niðurfærslu útgjalda.“ Og þetta byggist á því, að fjárlfrv. er miðað við sæmilegt verzlunar- og atvinnuárferði, — það er ekkert gert til þess að leyna því, að svo sé. Fyrst og fremst sýnir fjárlfrv. það sjálft, eins og það liggur fyrir ásamt brtt. n., að ekkert er gert til þess að leyna því, heldur er gengið út frá því sem sjálfsögðum hlut, að það geti brugðizt svo verulega um árferði og tekjumöguleika ríkissjóðs, að þessu takmarki verði hvergi náð. Og meira að segja gæti þetta brugðizt svo, að þessi niðurskurður hrökkvi ekki heldur til þess, að tekjur og útgjöld stæðust á. Þá tekur n. það fram sem sína skoðun, að ef nauðsyn beri til, þá verði að sjálfsögðu að taka enn dýpra í árinni um þennan niðurskurð. Ég vil bæta því við, að það getur vel verið, að það fari svo, að það verði að taka svo djúpt í árinni, að það verði líka að ganga út yfir fjárhæðir, sem á fjárlögum standa. Við megum á þessum tímum sannarlega vera við öllu búnir í þessu efni. Ég ætla, að fjvn. hafi ekki getað gert hreinna fyrir sínum dyrum en með því að benda á, að gera þurfi allróttækar ráðstafanir í sambandi við það, að fyrir gæti komið, að erfitt yrði um tekjuöflun til ríkissjóðs. Ég held, að ekki sé heldur hægt að deila á fjvn. fyrir neina óvarfærni í þessum till., þar sem ekki er sleginn sá varnagli, að fyrir n. vaki fyrst og fremst, að fyllstu varfærni sé gætt. Enn fremur má benda á það, að ekki eru allar þessar upphæðir í fjárlfrv. miðaðar við það að efla verklegar framkvæmdir, ef kringumstæður eru fyrir hendi, því að n. hefur orðið að taka upp samkv. till. hæstv. fjmrh. 600 þús. kr. hækkun, sem er verðlagsuppbót á launagreiðslur til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana. Hv. þm. fór ekki út í það að deila á einstakar till. n., heldur málið í heild. Þess vegna flutti hann heldur ekki ádeilu á n. fyrir að hafa tekið inn í frv. svona háa tölu. Og ef það dýrtíðarástand, sem við nú lifum við í þessu landi, helzt, þá skildist mér á hæstv. fjmrh., að það mundi geta brugðizt til beggja vona um það, að þessi upphæð nægði, heldur gæti þrátt fyrir þessa hækkun farið svo, að bæta yrði nokkru við þessa 1 millj. og 800 þús. kr. Alþingi hefur nýlega afgr. lög, sem fólu í sér þessa miklu hækkun á verðlagsuppbótinni, og varð ég ekki var við, að hv. 1. þm. Revkv. væri með nein varnaðarorð um það, að það væri kannske vafasamt að binda ríkissjóði svo þungan bagga sem gert væri með þessu.

Mér þykir svo ekki ástæða til að fara lengra út í þetta mál. Úr því að þessi venja var tekin upp að þessu sinni, að fara að ræða fjárlfrv. áður en það í raun og veru lá fyrir til umr., og hv. frsm. n. vildi með eðlilegum hætti halda sér við þá venju, sem fylgt hefur verið alla tíð. að tala ekki um till. n. fyrr en til þess kæmi að það lægi eðlilega fyrir, þá vildi ég þó út af ræðu hv. þm. leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá honum og hann byggði átölur sínar til n. á. Hann hélt því fram, að n. ætlaðist til, að það fé, sem hún vildi tryggja í verklegar framkvæmdir fram yfir það, sem í fjárlfrv. er áætlað, ætti að koma fram sem samkeppnisvinna. Ég vildi leiðrétta þennan misskilning og jafnframt sýna fram á, að það væri ekki með réttu hægt að bera n. það á brýn, að full varfærni fælist ekki í þessum till., og að því leyti

sem það nægir ekki, sem ég hef borið hér fram fyrir þessu, þá snertir þetta bæði fjvn. og líka hæstv. ríkisstj. að nokkru leyti.

Hv. þm. fór nokkuð út fyrir þetta, eins og ég minntist á í upphafi máls míns. Hann fór að ræða um nýbyggingarsjóð þann, sem gert er ráð fyrir í skattalögunum, sem nú liggja fyrir Alþingi, og þær skattaívilnanir, sem útgerðarmenn eigi að njóta í sambandi við hann. Ég get alveg tekið undir það, sem hv. þm. sagði um þetta atriði, því mér er það fullkomlega ljóst, að eins og það er nauðsynlegt að mínum dómi að revna að tryggja það, að þær miklu tekjur fari ekki allar út í veður og vind, þá held ég, að rétt sé að ganga svo frá því, að nauðsynlegar framkvæmdir í landinu geti notið meira gagns af því en gert er ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs. Ég er líka sammála hv. þm. um það, að það er hin mesta nauðsyn fyrir framtíð okkar lands, að útgerðin fái að vissu marki að njóta ríflegs hluta þeirra tekna, sem henni hafa hlotnazt, til þess að endurnýja skipaflotann og til þess að tryggja það, að við getum átt á að skipa skipum af þeirri gerð, sem henta því viðhorfi, sem við komum til með að horfast í augu við, þegar þessum hildarleik linnir. Þetta er mikil nauðsyn, og það er mikið undir því komið, að Alþingi tryggi þetta eins og bezt má verða.

Hitt er annað, sem ég er líka sammála hv. þm. um, að atvinnuvegum okkar stafar hin mesta hætta af hinni geigvænlegu Bretavinnu í landinu, sem er byggð upp á því að framkvæma hér ýmsa hluti, sem ekki marka nokkurt spor í framtíð þessa lands né leggja grundvöll að framþróun, heldur verður allt til ónýtis fyrir okkur, þegar hernaðarástandinu léttir. Af þessu stafar okkur geysilegur voði, því þó það sé illt og ekki rétt að fara í samkeppni með atvinnuvegina, þá er þó sá stóri munur á okkar vinnu og Bretanna, að okkar verk eru mikils virði og undirstaða þessa þjóðfélags í framtíðinni. Á þessu tvennu er því allmikill eðlismunur. Og ég vil taka undir það, að það er óeðlilegt að stofna til slíkrar vinnu eða vinnubragða í landinu með þeim hætti, að það gangi út yfir það, að okkar eiginn atvinnurekstur hafi ekki á að skipa nægilegum vinnukrafti. En það er nú vitað, að ríkisstj. og Alþingi og sömuleiðis landbn. eru nú að vinna að þessu máli og reyna að leggja grundvöll að því, að á þessu verði nokkur bót ráðin, hvernig sem það tekst, en það er vitað, að í þessu efni er við ramman reip að draga. Það er sá munur á þessu og öðrum árekstrum við setuliðið, að þar hefur þjóðfélagið staðið saman sem einn maður með ríkisstj. að fá ráðnar bætur á, en þarna klofnar þjóðfélagið í tvennt, annars vegar í þá menn, sem líta á hinar háu upphæðir, sem Bretarnir borga, og hins vegar í atvinnurekendur, sem sjá fram á þann voða, sem af því leiðir fyrir þjóðfélagið, ef við verðum að fella mikinn hluta af búpeningi landsmanna á næsta hausti, sem óhjákvæmilegt er, ef ekki fæst breyting á þessu. Það er augljóst mál, hverjar afleiðingarnar af þessu verða einmitt á þeim tímum, sem siglingar okkar til þeirra landa, sem við sækjum nauðsynjar okkar til, eru að lokast. Það er þess vegna aldrei ofgert, og má segja, að það sé ekki nema rétt og eðlilegt, að þetta og önnur tækifæri á Alþingi séu notuð til þess að rifja upp þann þjóðfélagsvoða, sem við horfumst þarna í augu við.

Ég skal nú ekki fara lengra út í þetta, því ég þykist hafa gert hér þá grein fyrir stefnu n. og það hreint fyrir hennar dyrum að því er stefnu hennar snertir í þessu máli, að hún þurfi ekki að bera neinn kinnroða fyrir. Það er svo vitanlega undir ákvörðun Alþingis komið, hvernig þessari stefnu n., sem ég vil kalla varfærnisstefnu, verður mætt. Það sýnir sig náttúrlega við 2. umr. þessa máls, og um það er vitanlega ótímabært að tala að svo stöddu.

Ég vænti, að ég hafi leiðrétt svo þann misskilning, sem komið hefur fram hjá hv. þm. um stefnu n. og hann las út úr fyrri hluta álitsins, að hann þurfi ekki hér eftir að flaska á því skeri, og miklar umr. um það atriði þessa máls þurfi ekki að verða eftirleiðis.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Sþ., 29. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti! Það hafði ekki verið ætlun mín að tala hér við þessa umr. En þar sem þetta nál. á þskj. 257 er tekið til umr. og rætt efni þess, þá þykir mér rétt að skýra frá því með örfáum orðum, á hverju sá fyrirvari er byggður, sem ég hef gert við þetta nál.

Yfirleitt get ég sagt það, að það var ekki mikill ágreiningur í fjvn., enda þótt við þrír nefndarmenn skrifuðum undir nál. með fyrirvara. Sérstaklega var fyrirvari minn um það, hvernig varið skyldi því fé, sem rætt er um í nál. af þessa árs tekjum. Og ágreiningurinn var um það, hvort heimilt skyldi vera að greiða út fé nú, þann hluta af því, sem kynni að verða fram yfir tekjur á þessu ári, eða það skyldi geymast til seinni tíma. Við vitum ekki í raun og veru, hvað það er, sem kemur hér til úthlutunar, því að nú er lítið liðið af árinu, og um tekjur er ákaflega vafasamt. Við vitum ekkert um það, hverjar tolltekjurnar verða, og sennilega verða þær heldur minni heldur en síðastl. ár. En aftur á móti horfir þannig við, að tekjuskattur verður hærri, ef gott árferði verður, en vafi er á því, að hann borgist allur inn til ríkissjóðs, ef ástand stórversnar. Enda þótt tekjur verði miklu hærri en áætlað var, verða gjöldin langt fram yfir áætlun, og umframgreiðslurnar verða án efa geysilegar. Og einmitt til verklegra framkvæmda verður að greiða eftir áætlun fjvn., nái hún fram að ganga, þegar í vor, en þá er allt í óvissu um tekjur ársins í ár, svo það er nokkuð fljótt að borga út tekjuafganginn áður en nokkur veit, hver hann er, ef hann þá verður nokkur.

En þó að þetta yrði allt til staðar og ég játi og geti undirstrikað, að þörf sé fyrir verklegar framkvæmdir fyrir landið, svo sem samgöngubætur yfirleitt, hafnargerðir o. fl., þá er það og hefur verið mín skoðun, að ríkið ætti, þegar nóg er um atvinnu hjá einstökum atvinnuveit-

endum, að draga að sér höndina á þeim árum, en búa sig undir það, þegar atvinnuskilyrði verða lakari, að hafa efni á að geta þá aukið mjög vinnu og hlaupið þannig undir bagga, þegar atvinnuleysi er í landinu. Ég get tekið það fram, að ég býst við, að á einstaka stöðum verði hægt að vinna fyrir það, sem ætlað hefur verið til verklegra framkvæmda, en á öðrum stöðum, í það minnsta hér nærlendis, verður ekki hægt að vinna, vegna mikillar eftirspurnar eftir vinnukrafti, fyrir þá fjárveitingu, sem ætluð er til verklegra framkvæmda. En því er svo varið um flesta, að þegar einn hefur ástæður til þess að nota sinn hlut af þessari veitingu til verklegra framkvæmda og notar hann, þá þykir öðrum hart að láta sinn hlut bíða. Og ég geri ráð fyrir, að ef ekki tækist að geyma þetta fé í sjóði, þá mundi erfitt seinna að láta fjárveitingu til verklegra framkvæmda, og gæti þessi fjárveiting nú orðið til þess, að meira væri unnið nú að verklegum framkvæmdum en góðu hófi gegndi.

Nú er, eins og allir vita, nauðsynlegt fyrir alþjóð manna, að sem mest sé unnið að framleiðslunni í landinu og að bændur geti unnið sem mest að heyvinnu og búframleiðslu til þess að þurfa ekki að fækka búpeningi þeirra. Þegar hafnbann er á landinu, ríður því ekki á öðru meira en að afurðirnar séu sem nægilegastar fyrir hendi í landinu fyrir fólkið til þess að lifa af, því að við vitum ekki, hvað við munum geta sótt mikið til annarra þjóða í þessum efnum.

Ég verð að segja það, að mér hefði verið það skapi næst, — og getur verið að það komi seinna fram —, að flutt verði frv. hér á þessu þingi um heimild fyrir ríkisstj. til þess að leggja fé til hliðar í sérstakan sjóð, sem notaður yrði síðar til þess að hlaupa undir bagga um verklegar framkvæmdir o. fl. En auðvitað nær þetta ekki lengra, ef það fer þannig á þessu ári, að tekjurnar verða ekki meiri en gjöldin. En ég álít, að það sé vert að athuga þetta. Við þurfum að tryggja okkur sem bezt fyrir hvers konar erfiðleikum, sem að okkur kunna að steðja af völdum ófriðarins.

Ég get tekið það fram, að skoðanamunur var yfirleitt ekki mikill hjá okkur í n., og ég bjóst því við, að takast mætti að brúa bilið á milli þeirra skoðana, sem komu fram hjá hv. þm., þó að það tækist að vísu ekki alveg í þetta skiptið.

En það var við þessa umr., sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að fjvn. væri að vasast í hlutum, sem henni kæmu ekkert við, og sagði, að hún hefði verið svo djörf að bera fram frv., sem tiltæki fjárveitingu og fyrirmæli um óskyld efni. En ég mótmæli þessu alveg. Það frv., sem hv. þm. talaði um, höggormurinn, var borið fram af þrem þm. Ed., sem rétt höfðu til þess samkv. þingmannsrétti þeirra, og er ekki ástæða til þess að vera að sletta neinu í fjvn. út af því. Annars hefur fjvn. reynt, eins og á undanförnum þingum, að vinna að fjármálum landsins á þann farsælasta hátt, sem henni virðist. En einum þykir of langt gengið og öðrum of skammt um sama atriði.

*Magnús Jónsson: Það var aðeins út af því, sem hv. 5. landsk. þm. sagði nú síðast um störf fjvn. og það frv., sem kom fram og kallað var höggormur. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það var borið fram af einstökum þm., sem í n. voru. En það var meðfram sjálfsagt af því að fjvn. er valin og starfar í Sþ., og það liggur því fyrir utan hennar möguleika að bera fram almenn frv., svo að þau frv., sem klakið er út hjá þeirri n., verða að vera borin fram af einstökum þm. Ég skil það ekki, að hv. fjvn. skuli vera að bera það af sér, að till. þær, sem komu fram, hefðu verið samdar í fjvn. og n. hefði varið miklum tíma til þess að undirbúa frv. og koma því af stað. En mér þykir vænt um að heyra það, að hv. 5. landsk. þykir þetta fyrir utan starfssvið fjvn., því að hann bar það af henni, að hún starfaði að þessu.

Fjvn. þykist kannske vera nokkurs konar yfirþing, af því að hún er svo fjölmenn. Og hún lætur sér svo koma við hluti, sem henni koma í raun og veru ekkert við.

Ég þarf annars ekki miklu að svara hv. frsm. n. Hann sagði, að það væri ekki vanalegt að ræða nál. mikið við framhald 1. umr., og skal ég því láta hann í friði. Hv. frsm. er víst að semja ræðuna, sem hann ætlar að flytja við 2. umr. En hv. form. n. var aftur öllu greiðari í svörum, og þakka ég honum fyrir það. Hann flutti langa ræðu um margt, sem ég kom ekki inn á í minni ræðu, því að ég ætlaði alls ekki að gefa tilefni til langra umr. Hann sá ofsjónum yfir því, að ég væri að fara í eldhúsdag. Ég minntist á það, sem hv. fjvn. setti fram í nál., og vildi, að það kæmist að nú þegar, sakir þess, sem í nál. stendur, að till. þessar væru sendar til ráðh. og að n. væri með þetta á döfinni. Og ég vildi koma mínum aths. að. Ég held, að það hafi komið fram bæði hjá hv. frsm. n. og form. hennar, að þetta væri brot á þingsköpum. Og mér skildist á form. n., að hvorki lægi fyrir til umr. frv. eða nál. En það stendur á dagskránni, að þetta mál sé til umr., og vitnað í þessi 2 þskj. Mér þykir ákaflega undarlegt, ef tekið er á dagskrá það, sem ekki má tala um. En till. eru að vísu ekki til umr., og ég minntist ekki á eina einustu af þeim. En þau þingskjöl, sem hæstv. forseti lætur prenta á dagskránni, tel ég mér heimilt að taka til umr. Hv. form. n. sagði, að ég hefði, út frá nál., sveiflað mér miklu víðara og rætt fjárhag ríkisins og um fjármálaástandið yfirleitt í landinu. Og ég skal ábyrgjast, að hv. þm. Borgf. hefur a. m. k. skilið það oft áður í meðferð fjárl., að meðferð fjárl. hefur veruleg áhrif á fjármálin í landinu. Og ábyrgð hvílir á fjármálastj., eins og hann hefur oft tekið fram, og það var beinlínis það, sem ég ætlaði mér að tala um. Og ég fór ekki út í einstakar till. En ég gat ekki lesið nál. öðruvísi en svo, að hér væri ýtt undir ríkisstj. um það að verja fé á þessu ári til verklegra framkvæmda. Og þó að mín ræða væri að nokkru leyti um það, hvaða áhrif þetta gæti haft á verðhrun peninga o. fl., þá hefur þó hv. þm. Borgf. sveiflað sér miklu hærra á eftir mér í sinni ræðu, því að hann flutti miklu röggsamlegri ræðu um þetta. Og ég þakka honum fyrir

þá ræðu; hún sýndi það, að við erum báðir góðir sjálfstæðismenn, því að þar kvað við annan tón en í nál.

Hv. þm. minntist á eina brtt. og á þann veg, að mér virtist hann vera að sneiða svolítið að mér þar; ég veit ekki, hvort það var persónulega. Hann furðaði sig á 600 þús. kr. tillaginu, sem ætti að fara til embættismanna ríkisins. Það er ekki í fyrsta skipti, sem talað er um þessa hluti. En ég vil þó spyrja hv. þm. og Alþ. að því, hvort það séu ekki flestar stéttir í landinu, sem fá verðlagsuppbót. Og ég veit ekki, hvers vegna starfsmenn ríkisins ættu að verða þar sérstaklega út undan, þar sem svo að segja allir landsmenn aðrir hafa fengið slíka uppbót. Ég veit ekki betur en að allar stéttir manna til lands og sjávar hafi tryggt sér þessa verðlagsuppbót. Og verðlagsuppbót til embættismanna ríkisins er alls ekki hærri en almennt gerist. En það merkilegasta var, að ég minntist ekki á neina till., og þá var ekki von, að ég minntist á þessa heldur. En það var ágætt, að hv. þm. minntist á hana, því að hún kemur mínu máli mikið við. Hún sýnir, hvað er í húfi, ef peningarnir velta úr gildi sínu. Ég hef hreyft því, ekki á Alþingi, en þó minnzt á það í sambandi við skattamál og minnzt á það á flokksfundi, hvað ákaflega mikils virði væri einmitt fyrir Alþingi nú, eftir að búið væri að ákveða verðlagsvísitöluna í landinu, að gæta að því, að dýrtíðin verði ekki meiri en hún þarf að verða. Þessi tillaga kemur því þessu máli mikið við. Það er ekki sjálft ákvæðið um upphæðina, sem skapar hæstu tölurnar um útgjöld til starfsmanna ríkisins, heldur það, hver verðvísitalan verður, og Alþingi á að hafa þá hollu og góðu afstöðu að gera það, sem í þess valdi stendur, — og það hefur nú gert það á ýmsum sviðum, — til að sporna við því, að verðlag á vörum fari upp úr öllu valdi. Í þá átt stefna þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að binda £ í Englandi, binda fé í nýbyggingarsjóðum og bjóða út stór lán, sem binda fé landsmanna, svo að þeir komi ekki til að spyrja eftir því litla verðmæti, sem til er í landinu, og auka þannig á dýrtíðina, því að verðlagið hlýtur hér eins og endranær að skapast af framboði og eftirspurn. En nú er verið að raska þessu, ekki af okkar völdum, heldur þeirra, sem hafa heimsótt okkur hér, þar sem nú er veitt inn í land okkar milljón eftir milljón og milljónatug eftir milljónatug af svokölluðum peningum, án þess að nokkurt verðmæti skapist á móti. Þessi hætta vofir yfir okkur, og Alþingi er skylt að vinna á móti þessu með öllum ráðum, sem það hefur, og því gat ég ekki annað en staðið upp, þegar ég sá álit fjvn., af því að mér virtist, að þar væri stefnt í öfuga átt í þessu höfuðvandamáli þingsins.

Hv. form. segir, að ég hafi hlaupið fram fyrir skjöldu, þar sem ég hafi tekið mér hlutverk hæstv. fjmrh. Hann ákveður, hvenær honum þóknast að taka til máls um fjárl., og hann hefur þegar tekið til máls um þau í sinni miklu og merkilegu fjárlagaræðu og mun sjálfsagt koma fram, þegar honum býður svo við að horfa, og ég vona, að hann erfi það ekki við mig, þó að ég noti minn þingmannsrétt til að ræða nú þessi atriði.

Ég veit ekki, hvort ég á að karpa við hann um það, að gefnu tilefni frá hv. 5. landsk., hvað sé verkefni fjvn. Hann segir, að hún sé ekki bundin við fjárlfrv., því að ýmsum till. sé til hennar vísað. Þó það væri nú, að hún mætti tala um það, sem til hennar er vísað. En hefur núgildandi fjárl. verið til þennar vísað? Ég held ekki. Á síðasta þingi var unnið að því máli, og nú eru það fullgild l., og þeim hefur alls ekki verið til hennar vísað. Hins vegar geta allir tekið hin og þessi mál upp, en það er ekki sambærilegt við að taka fyrir núgildandi fjárl., fyrst n. fór ekki þá leið að ganga frá fyrirframfjáraukal. Það var einu sinni gert, svo að tvenn fjáraukalagafrv. lágu fyrir, annað, sem borið var fram um yfirstandandi ár, og svo það venjulega frv., sem borið var fram, eftir að ríkisreikningur hafði verið endurskoðaður, en um slíkt er ekki að ræða hér, heldur í raun og veru breyt. á þeim fjárl., sem gengið var frá á síðasta þingi.

Ég get varla annað, af því að hv. þm. gerði mér þann vafasama heiður að líkja mér við skrattann, en að minnast lítið eitt á það. Hann nefndi hann að vísu ekki, en hann sagði, að ég hefði lesið nál. eins og viss persóna les vissa bók. Ég vona, að jafnmikill munur sé á mér og þessari persónu og er á þeirri bók og nál. En eftir ræðu hv. form. fjvn. skil ég þetta nál. betur en í upphafi. Hann segir, að n. hafi aldrei dottið í hug að ausa út fé á þessu ári, því að það standi hvergi í nál., að fénu skuli eytt á þessu ári. En ég hefði gaman af að vita, hvernig hægt væri að lesa álitið öðruvísi en þannig, að mönnum blandaðist ekki hugur um, að fénu skyldi varið til verklegra framkvæmda á þessu ári. „Starf n. hefur verið tvíþætt að þessu sinni," segir í upphafi nál. „N. hóf starf sitt á því að taka fjárl. yfirstandandi árs til nýrrar meðferðar." En hvers vegna er það gert, ef ekki til þess að koma með till. um viðbótarfjárveitingar á þessu ári, því að ef það er ekki, hvers vegna var þá verið að taka þau fyrir? Nei, það getur ekki verið átt við neitt annað en að ætlazt hafi verið til, að fénu yrði varið á þessu ári. Svo segir: „Einkum og sér í lagi voru það fjárveitingar til verklegra framkvæmda, sem endurskoðun n. beindist að." Svo hefur n. látið gera útreikninga um það, hvað vegalagningar og brúargerðir mundu kosta meira en þegar hefur verið áætlað. Sem sagt, allur stríðsundirbúningurinn er gerður með það fyrir augum að hefja framkvæmdirnar á þessu ári. Svo er talað um, að sams konar útreikningar og athuganir hafi verið gerðar um fjárframlög til ýmissa annarra verklegra framkvæmda, eins og t. d. hafnargerða og lendingarbóta, húsabóta, sandgræðslu, skógræktar, fyrirhleðslna, landþurrkunar o. fl. Síðan segir svo: „Allt eru þetta framkvæmdir, sem mjög mikils er um vert fyrir þjóðina, að hægt sé að hraða sem allra mest, en fjárveitingar til þeirra höfðu af eðlilegum ástæðum verið mjög skornar við neglur, þegar gengið var frá fjárlögum yfirstandandi árs." Ef ekki átti að veita þetta fé til framkvæmda á

yfirstandandi ári, þá veit ég ekki, hvað hefur átt að þýða að taka fjárlög yfirstandandi árs til nýrrar meðferðar og gera allar þessar athuganir og útreikninga.

Næst er vikið að því, hvað tekjurnar hafi orðið miklar umfram áætlun, og undir slíkum kringumstæðum beri að leggja mesta áherzlu á tvennt, skuldagreiðslur og verklegar framkvæmdir. Síðan segist n. hafa gert sundurliðaðar till. um auknar fjárveitingar til verklegra framkvæmda á þessu ári og sent ríkisstjórninni. Hvað á að gera með till. um auknar fjárveitingar á þessu ári, ef ekki á að veita féð á þessu ári? En eins og ég tók skýrt fram, þá segir n., að ef erfitt yrði um vinnuafl, ætlast hún til, að þetta fé sé geymt, en ég vil bara benda á, að ekki yrði auðveldara að standa á móti ásóknum eftir fé til þessara framkvæmda, ef búið er að raða þessu niður, heldur en ef það er látið liggja kyrrt. Sömuleiðis er með þessu gefið undir fótinn um að ganga út í sem ýtrasta samkeppni við aðra um að fá vinnuaflið til þessara framkvæmda. Síðan segir: „Fjárveitinganefnd gengur út frá því, að tekin verði ákvörðun um þessar tillögur eigi síðar en einhvern tíma milli 2. og 3. umr. fjárlaganna.“ Þetta sýnir, að það hefur verið fullur ásetningur n. að láta þessi nýju fjárl. um framkvæmdir á þessu ári vera um garð gengin, áður en fjárl. fyrir árið 1942 yrðu afgr. Ég veit sannast að segja ekki, til hvers þessi fyrsta blaðsíða nál. er skrifuð, ef það hefur ekki verið meiningin að veita viðbótarfé til verklegra framkvæmda á þessu ári. Annars hefði n. getað sagt, að hún ætlaðist til, að hinar miklu umframtekjur yrðu varðveittar vel og ætlaðar til verklegra framkvæmda á sínum tíma, þegar það þætti fært. Ég verð að segja, að ef sú persóna, sem hér var nefnd, les ekki vissa bók verr en ég hef lesið þetta nál., þá get ég ekki sagt, að það sé slæmur lestur. Hitt er annað mál, að mér þótti ákaflega vænt um að fá ræðu hv. þm. Borgf., form. fjvn., með þeim útskýringum, sem komu þar fram, og ræða hans sýndi, að þetta var aðeins fært óheppilega í stílinn, og ég er honum sammála um svo að segja allt, sem hann sagði þar. Það, sem ég er þá hv. form. og n. sennilega ósammála um, er það, að ég tel miklu auðveldara fyrir fjármálastjórnina að geyma þetta fé, ef því er ekki skipt fyrir fram til einstakra verklegra framkvæmda, því að það liggur í augum uppi, að hversu óheppileg sem of mikil fjáreyðsla er fyrir þjóðina, þá er eðlilegt, að þeir, sem hlut eiga að máli, mundu hver toga sinn skækil, og að það er alveg eðlilegt. Menn langar til að fá veg á þessum stað, brú á þessum stað og hafnarbætur á þessum stað, og er eðlilegt, að hver maður hugsi ekki svo mikið um hag alþjóðar, að hann sjái ekki bezt það, sem næst honum er, en það er ekki auðveldara fyrir fjármálastjórnina að halda í þetta fé, ef farið er að úthluta því fyrir fram, svo að hver og einn veit, hvað honum er ætlað. Það er miklu heppilegra, eins og hv. 5. landsk. vill láta gera, að safna fénu í sérstakan sjóð, sem svo sé geymdur til verklegra framkvæmda, og þá er hægt að spara sér fyrstu blaðsíðu þessa nál., en það er hún, sem 3 hv. nm. hafa fyrirvara um.

Í raun og veru gæti maður sagt, að skoðanamunurinn milli mín og hv. form. fjvn. stafi af mismiklu trausti á fjármálastjórninni. Ég veit ekki, hvers konar fjármálastjórn það væri, sem allt ætti hér að eyðileggja og eyða þessum peningum í ég veit ekki hvað. Mér finnst sjálfsagt, ef stj. fær afgang af tekjum þessa árs, að hæstv. fjmrh. sjái um þetta fé, þangað til þingið ráðstafar því. Ég ber það traust til núverandi fjmrh., að hann þurfi enga fjárveitinganefnd til þess að hafa vit fyrir sér í þessu efni. Ef það er meining n., að ekki eigi að nota féð á þessu ári, sé ég ekki, að n. þurfi neitt um það að segja, svo framarlega sem hún treystir hæstv. fjmrh. til að fara með þetta fé og hann hefur ekki heimild til að gera neitt við það vel og hyggilega.

Hv. þm. Borgf. hélt, að skoðanamunurinn milli okkar mundi kannske stafa af því, að ég skilji ekki eins vel þarfir manna úti um land. Ég skal játa, þó að ég sé alinn upp í sveit fram á fullorðinsár og hafi oft komið í sveit síðan, þá hef ég nú lengi verið í kaupstað, og má því vel vera, að þeir, sem koma utan af landsbyggðinni og hafa starfað þar alla tíð, þekki betur, hversu miklar þarfirnar eru. En það má mikið vera, ef þessi aukna þekking hv. þm. gerir það að verkum, að hann taki heppilegustu stefnuna. Það er sem sé alls ekki víst, að sá, sem hlut á að máli, sé bezt fær til að kveða upp réttan dóm. Þegar á að kveða upp dóma, er yfirleitt reynt að velja til þess þá menn, sem ekki eiga hlut að máli, og ég get vel trúað, að viðkvæmni fyrir því, hvað þarfirnar eru miklar, sem ég og allir viðurkenna, geti vel leitt menn inn á einhverja braut í þeirri almennu fjármálastjórn, sem er ekki eins heppileg fyrir almenning og vera ætti. Einmitt það, hvað þessi hv. þm. þekkir vel og skilur þessar þarfir, getur orðið til þess, að hann verði helzt til veikur á svellinu, þó að alþjóðarheill í raun og veru heimti annað, en betra sé í þessu efni að hafa þann óháðari dómara. Og það er áreiðanlegt, að í þessu máli fer ekki saman heill alþjóðar og hinna einstöku byggðarlaga, sem að skiljanlegum hætti finna til þarfarinnar og óska eftir ýmiss konar verklegum framkvæmdum.

Mér skildist hálfpartinn á hv. þm. Borgf., form. fjvn., að hann teldi, að ég lenti í vandræðum með þessa peninga, sem kynnu að koma umfram í ríkissjóð, því að ég áliti, að það mætti ekkert við þá gera. Það mætti ekki borga skuldir, það mætti ekki verja þeim til verklegra framkvæmda, og það mætti helzt ekki geyma þá. Það er dálítið til í þessu hjá hv. þm., ef hann tekur það einhliða. Ég benti á, að ekkert af þessu væri vandalaust, ekki einu sinni að geyma þá. Ég benti líka á örðugleikana við að borga skuldir, sem ég veit ekki, hvort n. hefur gert sér ljósa. Ég skal ekki ábyrgjast, hvort ríkisskuldabréfin eru með innlausnarkvöð, en ég hygg, að miklir erfiðleikar yrðu við að borga þær skuldir, sem eru í ríkisskuldabréfum, því að ég veit ekki, hversu viljugir menn væru á að afhenda þau, nema þá með miklu umframverði.

En um verklegar framkvæmdir erum við sammála, ef hann vill fallast á það, sem ég sagði, að ekki eigi að ráðast í þær nú, meðan atvinnuástandið er eins og það er nú, en ég er honum sammála um, að féð eigi að fara til verklegra framkvæmda. Ég viðurkenndi, að nauðsynlegt væri með þeirri miklu óvissu, sem nú er um allt, að heimild sé á fjárl. til að draga úr útgjöldum, og ég er honum sammála um, að verið getur, að ganga þurfi lengra, að það þurfi ef til vill ekki aðeins að nota þessa heimild, heldur kannske líka að samþ. l., sem heimili að lækka einnig einhver lögboðin gjöld, en ég get trúað, að hvenær sem þyrfti að beita slíkum ákvæðum, þá mundu þau verða ákaflega erfið í framkvæmd fyrir þá, sem ættu að sjá um slíka framkvæmd.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að lengja miklu meira umr. um þetta, því að ég er hv. þm. að miklu leyti sammála. Mér þótti vænt um að heyra ræðu hans og tel, að tilgangi minum með þessum aths. hafi verið vel náð. Hann segir, að stefna n. sé varfærnisstefna, og það er til varfærni, sem ég hvet, en einskis annars. Það er langt frá, að ég vilji deila á þá, sem vilja fara varlega. Hann segir, að svo geti farið, að fram verði bornar lækkunartill. við fjárlfrv., og þá gefist kostur á að sjá, hver helzt vilji fara varlega. Ég held, að við séum að þessu leyti mjög samrýmdir, og ég veit ekki, hvor okkar er meiri sparnaðarmaður. Það hefur stundum verið svo þing eftir þing, að ég hef ekki borið fram eina einustu till. um hækkun, nema kannske um 300—400 kr., og ég hef ætíð verið í flokki þeirra, sem hafa viljað hindra, að ofvöxtur væri í fjárl. Nú reynir á þolrifin. Það er ekkert að vera sparsamur í vondu árferði. Ég vil vitna í orð Jóns Þorlákssonar, sem var mjög glöggur maður. Hann sagði, að það væri enginn vandi að vera fjmrh. á erfiðleikatímum, þegar allt ætti að spara, en það væri vandi að stjórna, þegar góðæri væri. Þetta eru virkilega sönn orð. Þess vegna reynir nú á fjvn. og Alþingi að stjórna fjármálunum varlega, þó að nóg sé í ríkissjóðnum. Mér virtist vera nokkur misbrestur á því í nál., og þess vegna kom ég með þessar aths. Mér þykir því vænt um, að ég hef eytt öllum misskilningi, sem kannske hefur verið frá minni hendi um þetta atriði, því að ræða hv. form. gaf annað í skyn en að fjvn. ætlaði að hvetja til óhóflegrar eyðslu.

Ísleifur Högnason: Þegar þessi fundur var settur, var ég ekki var við, að hæstv. forseti gæfi skýringu á því, hvers vegna hér færu ekki fram útvarpsumr., en samkv. þingsköpum er skylt að gera það. En það má segja, að svo megi illu venjast, að gott þyki, því að síðan þjóðstjórnin tók við, hefur þessi regla verið þverbrotin, og í krafti meiri hluta þings hefur hún þannig brotið lög og rétt stjórnarandstæðinga. Ég ætla samt sem áður nú þegar að mótmæla þessu og krefjast skýringar, hvers vegna eigi ekki að útvarpa áframhaldsumr. eins og lög standa til og venja hefur verið. Ég sé, að hér er enginn þingkosinn ráðh. staddur, heldur aðeins einn, sem situr hér í óþökk alþjóðar, en með leyfi þjóðstjórnarinnar og þingmeirihlutans (Forseti hringir.), svo að það þýðir ekki mikið að hefja hér eldhúsdagsumr. fyrir hennar störf, en það veit alþjóð, að þessi þjóðstjórn hefur ekki stjórnað betur en það, að nægt tilefni er til að deila á hana fyrir framferði hennar. Annars er í blaði hæstv. atvmrh. í morgun yfirlýsing um, að sú íslenzka stj. muni ekki hafa mikil völd, heldur mun það vera Bretinn, sem ræður hér mestu, og þó er það einkennilegt, ef stj. og forseti Sþ. hafa ekki ráð yfir útvarpinu, þar sem það er leyft, að Jósef Göbbels fái aðgang að útvarpinu þrisvar á dag til að boða andbrezkan áróður, þegar Bretar hér á landi banna blað stjórnarandstæðinga og þar að auki taka ritstjóra blaðsins og þm. höndum og flytja af landi burt. Í þessu blaði, Morgunbl., blaði hæstv. atvmrh., sér maður á grein, sem þar birtist í morgun, að það hefur enginn hugur fylgt máli hjá ríkisstj., þegar mótmælin gegn handtökunni voru borin fram. Þeir, sem lesa þessa grein um handtökurnar, sjá óheilindin, sem bak við hana liggja, því að í greininni er næstum afsakaður verknaður Bretanna í garð alþm. og ritstjórnar Þjóðviljans með því, að það er sagt, að blaðið hafi skrifað ógætilega og óheppilega, þó að enginn rökstuðningur fylgi þeim ummælum að neinu leyti eða nein sönnun á hendur ritstjórnarinnar. Enn fremur er þar talað um, að það hafi verið óheppileg aðferð, sem Bretarnir hafi haft, og muni ekki ná tilgangi sínum, að múlbinda stjórnarandstöðuna og flytja af landi burt helztu menn úr andstöðu ríkisstj. Aumingjalegri mótmæli en þessi hef ég ekki lesið. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að fara hér með niðurlag þessarar Mbl.greinar:

„Almenningi verður það vafalaust ljósara en áður, að við búum í hernumdu landi. En við erum varnarlausir. Við getum aðeins mótmælt. Alþingi hefur þegar mótmælt. Ríkisstjórnin ætlar að mótmæla. Öll þjóðin mótmælir."

Gerðir ríkisstj. í þessu máli hafa ekkert verið annað í rauninni en blekking, til þess að strá sandi í augun á fólkinu. Ég tek ekki af skarið um það, að af meiri hl. hv. þm. hafi mótmælin verið borin fram af óheilindum. En af blaði atvmrh., sem ég verð að álíta, að túlki skoðanir hans í stjórnmálum landsins, verð ég að álíta, að þessi mótmæli séu útþurrkuð með þessari druslulegu yfirlýsingu í niðurlagi greinarinnar.

Það hefur verið tæpt á því í hinum einkennilegu eldhúsumr. hér í dag, að með gjaldeyrismálin muni ekki allt vera með felldu og að fjármálaástandið sé ekki eins glæsilegt og tölur sýna. En það liggur í augum uppi, að með gjaldeyrisl. er fyrsta sporið stigið til þess að fullnægja kröfu stórútgerðarinnar til þess að draga til sín aukinn hluta af gróða landsmanna. Þegar stríðið byrjaði og fiskverðið hækkaði, var þörfin eða ástæðan fyrir lækkun krónunnar úr sögunni, og gróðinn valt í milljónum yfir útgerðina. En með því að öll völd í þessu máli virtust í höndum atvmrh. og jafnvel ráðin yfir Landsbankanum, þá uggðu bankarnir ekki að sér, en létu hann ráða því að borga upp skuldir Kveldúlfs, meðan þetta háa verð var á afurðunum og peningarnir því í lægra verði en á

venjulegum tímum. Á stuttum tíma voru þessar skuldir borgaðar upp og stórgróði kominn í nokkurra manna hendur í landinu, en gildi krónunnar móts við sterlingspundið hefur verið allt of lágt. Nú er svo komið, að gildi sterlingspundsins á frjálsum markaði vestan hafs mun ekki vera yfir 7 til 8 kr. í íslenzkum peningum. En hér er það enn þá skráð á kr. 26.22, og sjást engin merki þess, að það eigi að breyta út frá þeirri venju, sem verið hefur um skráningu sterlingspundsins, og hlýtur það að enda með því, með áframhaldandi falli þess, að dýrtíðin mun fara hraðvaxandi, og mætti því komast svo að orði, að hún sé í byrjun. Mér þykir ekki ólíklegt, að ísl. kr. eftir 1 til 2 ár verði orðin helmingi minna virði en hún er í dag. Þá gefur auga leið, hve mikið er byggjandi á þeirri fjárhagsáætlun fyrir ríkissjóð, sem Alþingi er nú að ganga frá fyrir árið 1942. Og það er ekki að undra, þótt fjvn. og þingfl. yfirleitt verði í vandræðum með að skýra og mæla með till. sínum til þingsins um fjárframlög á næsta ári, vegna þess hve allt er í óvissu með sömu áframhaldandi stjórn bankanna og fjármálin í landinu yfirleitt.

Þegar við sósíalistar fórum yfir fjárlfrv. fyrir tveim dögum, komum við með till. um, að hækka mætti útgjöld ríkissjóðs um 35% til að halda áfram verklegum framkvæmdum, og finnst mér þetta koma að miku meira liði heldur en niðurskurður um 35%, því að það má búast við, að krónan haldi áfram að hrapa, og hrapið verði gífurlegra síðar heldur en verið hefur. Og ef valdið verður í höndum Breta um þetta, en ekki ríkisstj., getur farið svo, að íslenzka krónan verði einskis nýt hér á landi og að við verðum að fara að nota sterlingspund sem gjaldmiðil.

Auðvitað raskar þetta óeðlilega gengi peninganna öllum efnalegum hlutföllum í landinu. Stóreignamenn nota peningana til þess að kaupa t. d. jarðir, sem ættu að vera margfalt hærra verði seldar, þegar tekið er tillit til hins lága gengis, en eru ekki metnar eftir sama mælikvarða og peningarnir, þannig að sanngjörn sala gæti farið fram, og braskið gengur úr hófi fram. Þetta tjón kemur að lokum niður á bændunum og smáeignamönnum, sem láta villast af þessum falska gjaldmiðli, sem ísl. krónan er nú.

Það virðist nú vera vilji hæstv. Alþ. að ná inn sköttum af stórgróðanum, hvernig sem því máli reiðir nú af að lyktum. En takmarkanir í sambandi við það og fleiri ákvæði, sem í frv. felast, eru að mínu áliti svo mjög hliðholl stórútgerðinni, að ég tel vafasamt, hve mikið ríkissjóður fær í tekjur af þessu, því að stórútgerðin á að fá að draga frá skattskyldum tekjum sínum svo mikið tap undanfarinna ára, sem hlýtur að geta valdið því, að þetta geti orðið svo framkvæmt, að ríkið fái sama og engar tekjur af stórgróða útgerðarinnar.

Loks mótmæli ég því, að hér fara ekki fram útvarpsumr., og krefst þess af hæstv. forseta, að þær verði látnar fara fram. Og þær afsakanir, að Bretar banni þær, met ég að engu, meðan fasistinn Göbbels fær að túlka sitt mál í íslenzka útvarpinu þrisvar sinnum á dag.

*Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Þar sem ég var einn af þeim fjvnm., sem skrifuðu undir nál. um fjárlfrv. með fyrirvara, þykir mér hlýða að gera með örfáum orðum grein fyrir mínum fyrirvara. Skal ég ekki þreyta menn með löngu máli og ekki blanda mér inn þær umr., sem hér hafa farið fram fyrir utan málið, sem er til umr.

Þegar þingheimur fékk það upplýst af hæstv. fjmrh. snemma á þinginu, að tekjuafgangur hafi orðið allríflegur á síðasta ári, eða 4 millj. 875 þús. kr., þá þótti fjvn., sem hafði með væntanleg fjárl. að gera, ástæða til að líta á þessa góðu afkomu ríkissjóðs og hugsaði sér til hreyfings um, að margt mætti nú gera; nú mætti fylla upp skörðin og bæta upp það, sem við höfum hin önnur ár orðið að fara sparnaðarleiðina með. Og þess vegna var það, að sú skoðun varð ofan á í n., að meiri hl. n. var með því að nota eitthvað af þessu fé til þess að veita það til frekari verklegra framkvæmda á yfirstandandi ári heldur en n. hafði lagt til á síðastl. ári með núverandi fjárl. Þess vegna var það, að meiri hl. n. kom sér saman um að semja till. í þessa átt og senda ríkisstj. til athugunar, eftir að ríkisstj. hafði verið boðuð á fund n. til þess að athuga þessar till. lauslega. En svar hæstv. ríkisstj. er enn ekki komið við till. n.

Út af þessum till. eða í sambandi við þær myndaðist sú fyrirvaraafstaða mín og annarra hv. nm. tveggja, að við gátum ekki fallizt á einstaka liði till., eins og þeir voru útlistaðir.

Fyrst og fremst vakti það fyrir mér, að þessar umframtekjur ríkissjóðs yrðu notaðar til þess að greiða með þeim skuldir. Ég hafði hins vegar ekkert á móti því, ef eitthvað væri þá aflögu, að það yrði lagt til hliðar og því væri varið til verklegra framkvæmda, þegar meiri væri þörf fyrir að láta vinna þær heldur en nú er. Ég gat ekki litið svo á, að á þessu ári væri bein þörf á að auka fjárframlög til verklegra framkvæmda, vegna þess að eins og útlitið hefur verið hingað til þetta ár, virðist allt benda til, að atvinna verði mjög mikil í landinu á þessu ári, og þess vegna áleit ég, að Alþ. þyrfti ekki sérstaklega að skerast í leikinn um að auka atvinnu nú. Auk þess þóttist ég vita, að svo gæti farið, að framkvæmdir Breta hér á landi gætu raskað áformum þessa árs til verklegra framkvæmda. Og í öðru lagi var hættulegt fyrir okkur að auka mjög umfram fjárlög á þessu ári verklegar framkvæmdir, sem gæti orðið til þess að trufla framleiðsluna í landinu, bæði til lands og sjávar.

Ég er alls ekki á móti því, að lagt verði fé til hliðar nú, til þess að geta mætt kannske örðugri árum — við vitum ekki, hvað næsta eða næstnæsta ár hefur okkur að bjóða, — og nota það til verklegra framkvæmda eitthvað í áttina við þær till., sem hv. meiri hl. n. hefur samþ. og sent hæstv. ríkisstj.

Þessa vildi ég aðeins láta getið, til þess að það kæmi skýrt fram, hvað fyrir mér vakti með því að skrifa undir með fyrirvara. Mér finnst óvarlegt að verja nú á þessu ári 1.6 millj. kr. til verklegra framkvæmda, og sérstaklega til verklegra framkvæmda eins og það er sundurliðað af hv. meiri hl. n.

Forseti (HG): Út af ummælum hv. 4. landsk. (ÍslH) vildi ég leiðrétta tvennt hjá þessum hv. þm.

Hann sagði, að forseti hefði skýrt frá því, að breytt yrði frá venju með því að hafa ekki útvarpsumr. við þessa umr. fjárl. Þetta er rangt. Ég sagði, að samkvæmt tilmælum þingfl. yrðu ekki útvarpsumr. hafðar við þessa umr., en jafnframt tilkynnti ég, að ef einhver hv. þm. óskaði eftir að hafa útvarpsumr., þá yrði leitað atkv. þm. um breyt. út frá þessari venju.

Það er ekki rétt heldur, að það sé brot á þingsköpum að hafa ekki útvarpsumr. nú við þessa umr. Í 55. gr. þingskapa Alþ. stendur:

„Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annarra þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu, þegar samþykki allra flokka kemur til."

Eftir þessu ákvæði hefur verið farið og ekki breytt neitt á móti þingsköpum í þessu efni að neinu leyti, svo að hv. 4. landsk. hefur yfir engu að kvarta í þessu efni. Og um útvarp 1. umr. fjárl. er skýrt tekið fram í 51. gr. þingskapa, hverju útvarpa skuli af þeirri umr., en það er framsöguræða fjmrh. um fjárlfrv. og, ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annarra þingfl., enda hefur fjmrh. þá rétt til stundarfjórðungs svarræðu. Meiru er ekki skylt að útvarpa af 1. umr. fjárl., nema þegar samþykki allra flokka kemur til samkv. 55. gr. þingskapa. Hér hafa því á engan hátt verið brotin þingsköp.

***Pétur Ottesen:** Ég þarf nú ekki jafnmiklu að svara hér eins og hin langa ræða hv. 1. þm. Reykv., þar sem hann hóf nokkrar ádeilur á fjvn., hefði gefið tilefni til, m. a. af því að mér virðist, að ræða mín í gær hafi eytt þeim misskilningi, sem ádeilur hans á n. voru að langmestu leyti byggðar á. En áður en ég vík að ræðu þessa hv. þm., vil ég aðeins segja nokkur orð viðvíkjandi þeim ræðum, sem hafa verið haldnar af hv. 5. landsk. (ÞÞ) og hv. þm. Ak. (SEH). Eins og vænta mátti, kom það mjög skýrt fram hjá hv. 5. landsk. þm., að fyrirvari hans var ekki byggður á því, að hann væri á móti því, að lagt væri fé til hliðar til verklegra framkvæmda, heldur vildi hann hafa annað form á þessu heldur en það, sem meiri hl. n. vildi, sem sé að miða það við vissar og ákveðnar verklegar framkvæmdir. Það kom einmitt skýrt fram hjá hv. 5. landsk. þm., að hann var til með að ganga lengra en n. gerði till. um, þ. e. a. s., að meira fé væri lagt til hliðar í þessu skyni heldur en n. gerði till. um. Till. n. er um 1600000 kr., en hann var til með að verja í þessu skyni allt að 2 millj. kr.

Ég skal svo í sambandi við svar mitt til hv. 1. þm. Reykv. koma nokkuð inn á það atriði, hvers vegna meiri hl. n. valdi frekar þessa leið, að miða þetta við einstakar framkvæmdir, heldur en að gera till. um að leggja fé í sjóð, sem svo yrði varið ótiltekið og óábent af n. til einhverra slíkra hluta.

Hv. 1. þm. Reykv. viðurkenndi nú, að í raun og veru féllu saman skoðanir hans og n., þær, sem ég túlkaði hér með minni ræðu í gær, og að það væri varfærnisstefna og sama stefna, sem hann vildi fylgja í málinu yfirleitt. Og þar sem hann gerði þetta, virðist mér niður fallin ádeila hv. þm. á n. fyrir till. hennar, bæði viðvíkjandi auknum fjárframlögum til verklegra framkvæmda á þessu ári og svo till. n., sem ganga í þá átt að auka nokkuð verklegar framkvæmdir á fjárl. fyrir árið 1942. Það, sem þá er eftir af þessu að gera upp við hv. 1. þm. Reykv., eftir að hann hefur gefið hér þessa yfirlýsingu, er það, að ræða mín hefði ekki verið í samræmi við það, sem í nál. stendur. Og til þess nú að fá einhvern grundvöll undir þessa viðurkenningu, þá varð hv. þm. að byggja þetta á því, að annað fælist í nál. heldur en það, sem fram kom hér í minum orðum. Ég ætla að taka það hér fram, að menn almennt — að undanteknum hv. 1. þm. Reykv. einum — hafa lesið þetta nál. og lagt í það þann skilning, að álit manna hafi á því fallið alveg á sömu lund eins og sú túlkun á því fól í sér, sem fram kom hér í minni ræðu. Þess vegna er þetta álit hv. 1. þm. Reykv. á nál. alveg sérstætt, og því varð mér á að miða við fyrirbrigði, sem við höfum heyrt hér getið um og lifað hefur í munnmælum gegnum aldirnar, og hv. þm. hóf svo nokkra ádeilu á þeim grundvelli. Og svo að ég fari nokkuð út fyrir þingið að því er þetta atriði snertir, get ég vitnað til þess, að í blaðafrásögn um þetta atriði stóð í fyrirsögn fyrir grein um afgreiðslu fjvn. á fjárl., að með því ætti að leggja fé til hliðar í þessu augnamiði, og markar það vitanlega alveg réttan skilning á nál., sem stendur þar fyrir flestra manna sjónum, að ég ætla, skýrum stöfum. Því að eins og ég tók fram í gær, er það vitanlega alveg ómögulegt að gera hvort tveggja, að verja þessu fé öllu til verklegra framkvæmda á þessu ári og leggja fé til hliðar til þess að vinna fyrir það þau sömu verk, þegar kringumstæðurnar eru orðnar breyttar, þannig að meiri þörf sé fyrir að láta vinna fyrir féð.

Mér þykir svo ekki ástæða til að fara frekar út í þetta atriði út af fyrir sig. En hitt get ég vel skilið, að það er ekki nema mannlegt, þó að hv. 1. þm. Reykv. færi nú að nýju yfir nál. og reyndi enn af nýju með miklum heilabrotum og áreynslu síns styrka heila að finna út úr nál. með sínu mikla ímyndunarafli eitthvað til þess að undirbyggja skoðanir sínar, samtímis því, sem hann viðurkennir réttmæti þess, sem í nál. felst, og lýsir yfir, að það falli saman við sínar skoðanir.

Þessi hv. þm. komst einhvern veginn þannig að orði, að hann vildi lesa það út úr þessu tilvitnaða dæmi, sem ég minntist á, að ég gæti kannske líkt nál. við þá heilögu bók bibliuna. En þetta datt mér ekki í hug að gera. En hitt þætti mér ekki óeðlilegt, að líkja nál. við bókina Pál postula, sem prof. hv. 1. þm. Reykv. skrifaði á sínum tíma, því að það er sameiginlegt um nál. og þá bók, að hvort tveggja er það mannaverk. Og þegar hv. 1. þm. er að tala um, hvað ætti að þýða að skrifa sumt, sem í nál. stendur, þá get ég eins sagt: Til hvers var

prófessorinn að skrifa Pál postula? Heimildirnar um Pál postula eru í bibliunni, og þangað geta menn sótt heimildir um þennan merkilega trúboða fornaldarinnar. Ég skýt þessu fram af því að hv. 1. þm. Reykv. fór að brjóta upp á þessum samanburði.

Þá kem ég að því, sem þessi hv. þm. var að deila á og sagði, að væri ástæðulaust, að vera að gera slíkar ráðstafanir um fjárl. í ár sem í till. n. er vikið að, því að ef afgangur yrði þar til ráðstöfunar, þá skyldi leggja hann í einn sjóð, án þess að tiltaka neitt um það, hvernig honum skyldi varið. Ég skal með fáeinum orðum gera grein fyrir því, hver rök liggja fyrir því að velja þessa leið.

Fjvn. fannst ekki óeðlilegt, með því breytta viðhorfi, sem nú er, að slík hækkun yrði gerð á fjárveitingum til verklegra framkvæmda í ár, að með þeim verklegu framkvæmdum fengjust álíka afköst og fengizt hefðu fyrir það fé, sem var ákveðið í fjárl. síðast, á þeim tíma, sem það var ákveðið.

Hv. 1. þm. Reykv. taldi eðlilegt, eins og fram kom hjá hv. 5. landsk., að leggja þetta í sjóð, og yrði ekkert ákveðið um notkun hans að svo stöddu. Nefndinni fannst ekki óeðlilegt, að með því breytta viðhorfi, sem er, væri eindregið gert ráð fyrir að beina til verklegra framkvæmda eigi minna fé en telja má, að þurfi til þess, að jafn árangur náist nú og náðst hefur með fjárveitingum til þeirra hluta á undanförnum árum. Féð, sem um ræðir, mundi ekki nema rétt hrökkva til þess, ef það væri notað nú að fullu, en sú notkun þess væri að líkindum miður skynsamleg, og því er lagt til að geyma í sjóði. — Við vitum, að vegamál landsins og brúargerðir eru felld í fast kerfi og sömuleiðis hafnargerðir og allar helztu verklegar framkvæmdir. Því áleit n. rétt, að jafnframt því, sem ákveðnar verða viðbótarframkvæmdir á þessum sviðum, sé ákveðið, að þær falli inn í kerfið. — Ég hygg, að tillögur n. um þetta hvort tveggja séu á rökum reistar. Það má segja, að slíkt megi alltaf ákveða síðar, þegar til úthlutunar komi á fénu. En það er rétt, sem rétt er, og fé, sem Alþingi vill, að renni til verklegra framkvæmda, á það að taka ákvörðun um vífilengjulaust.

Hv. 1. þm. Reykv. hefur gert árangurslausar tilraunir til að finna aðra niðurstöðu í nál. fjvn. en í orðum mínum hér, og get ég ekki elt ólar við fálm hans né eytt tíma frá umr. um skattalög o. fl. brýn mál, sem bíða hér á dagskrá Nd. næst á eftir, til að svara hverju smáatriði í hans löngu ræðu.

Í byrjun þessa fundar fór ég til hæstv. fjmrh. og spurði hann, hvort hann vildi ekki taka til máls um stefnu stjórnarinnar, sem um leið er stefna fjvn. í þessu máli, þar sem ádeila væri hafin á þá stefnu. En ráðh. áleit, að umr. um þetta ættu ekki við að sinni, við frh. 1. umr. fjárl., og því mundi hann ekki segja sitt álit fyrr en málið kemur til 2. umr. — Þess er þá að bíða.

Gísli Guðmundsson: Úr því að þessar umr. hafa orðið nú þegar um álit hv. fjvn., vildi ég drepa á tvö atriði, sem eiga heima í sambandi við þær. Einstakar till. n. ræði ég auðvitað ekki við þessa umr.

Fyrst er það atriði í sambandi við till. meiri hl. fjvn. um að ákveða að verja umframtekjum ársins 1941 til verklegra framkvæmda. N. hefur ritað fjmrh. um málið, en býst ekki við að geta lagt fram endanlegar till., fyrr en milli 2. og 3. umr. fjárl. Ég tel það eiginlega óhjákvæmilegt, að þessar till. liggi fyrir við 2. umr. fjárl., því að þær verður að ræða í sambandi við brtt. við frv. til fjárl. fyrir 1942. Ég hygg, að margt mæli með þeirri leið, sem n. hefur valið, þótt orkað geti tvímælis um einstakar tillögur. Ég skýt því til fjvn., að hún reyni að sjá til þess, að till. geti legið fyrir Alþingi við 2. umr. Yfirleitt er það ákaflega óheppilegt, að mikið af brtt. komi ekki fram fyrr en við síðustu umr.

Í sambandi við fjárlfrv. fyrir 1942 vildi ég aftur drepa á það, að mér finnst það geti verið ákaflega athugaverð stefna, bæði í frv., eins og það er frá hendi ráðh., og í till. fjvn., að lækka framlög til verklegra framkvæmda, svo sem gert er. Krónutalan lækkar að vísu ekki og hækkar sums staðar, en það eru verðminni krónur en voru og því minni framlög. Nær allar upphæðir til annarra hluta eru líka hækkaðar samkv. gildisbreytingu peninganna. Þetta hefur ekki aðeins þau áhrif, að minna verði framkvæmt fyrir framlögin 1942 en undanfarin ár, heldur er hætt við, að þegar allt færist í venjulegt horf og barningurinn byrjar á ný fyrir fjmrh. að hafa fé til nauðsynlegra útgjalda, verði þungur róðurinn að fá að nýju aukin framlögin til verklegu framkvæmdanna, ef þau hafa verið látin lækka svo mjög móts við önnur gjöld, meðan fjárhagur er rúmur. En vera má, að nefndin eigi í fórum sínum einhverjar tillögur, þar sem girt sé fyrir þá galla, sem mér virðast vera á ráði hennar.

Ísleifur Högnason: Herra forseti! Ég verð líklega að trúa því, sem ég heyri yfir lýst, að einstakir þm. eigi engan kröfurétt á, að umr. sé útvarpað, það sé baktjaldamál stjórnarflokkaforingjanna. En mér virtist 53. gr. þingskapanna gera ráð fyrir því sem almennri venju, að útvarpað sé eldhúsumr., frh. 1. umr. fjárl., og gæti sú venja ekki fallið niður, ef nokkur þm. bæri fram eindregna ósk um, að henni skyldi haldið, og ekki sízt, ef sú ósk fengi stuðning allmikils hluta þm. Ég óska þess hér með, að útvarpsumr. fari fram við þessa umr. og að forseti láti atkvgr. skera úr um, hvort hún skuli fram fara eða ekki. Samkv. anda þingskapanna hlýtur að vera skylt að leita þingviljans um slíkt atriði, er ágreiningur rís um það.

Þar sem hæstv. forseti telur, að ég hafi rangt fyrir mér, er ég vitna til 53. gr. þingskapanna, vil ég, með leyfi hans, lesa fyrstu málsgr. hennar: „Við framhald fyrstu umr. fjárl. mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðu um fjárlög að fullu lokið.“ Ég get ekki skilið betur en svo V. kafla þingskapanna, sem er allur um útvarp umræðna, en að 53. gr. fjalli um þær umræður einar, sem sjálfsagt sé talið, að útvarp-

að verði undir öllum venjulegum kringumstæðum. Sá, sem lögin hefur samið, hefur áreiðanlega ætlazt til þess, að útvarpað yrði frh. 1. umr. fjárl.; því mun seint verða hnekkt með forsetaúrskurðum og lagakrókum, og um þá reglu mun ekki hafa risið ágreiningur, meðan fylgt var fullum lýðræðisvenjum. Þegar neitað er um útvarpsumr. eldhússdags, getum við stjórnarandstæðingar ekki skilið það öðruvísi en brotinn sé réttur á okkur, brotinn réttur lýðræðisins í landinu, og afsakanir á því að undirlagi ríkisstj. séu að engu hafandi. Því óska ég, að atkvgr. þm. skeri úr.

Forseti (HG): Það hefur þegar verið ákveðið af réttum aðilum, að útvarpsumr. fari ekki fram við þessa umr. fjárl. Það er 51. gr., sem segir alveg tæmandi til um það, hverju skylt sé að útvarpa. Það er þingsetning og þinglausnir, framsöguræða fjmrh. um frv. til fjárl. og, ef óskað er, hálfrar stundar ræður af hálfu annarra þingflokka ásamt svarræðu fjmrh. Síðan segir 55. gr., sbr. 56. gr., til um það, að þingflokkar einir hafi rétt til að óska útvarpsumræðna, og eru formenn flokkanna réttir aðilar fyrir þeirra hönd, en engir aðrir. — Er þá umr. um þetta atriði lokið.

***Magnús Jónsson:** Herra forseti! Það er þingmannsréttur að fá orðið til að bera af sér sakir, og þá hlýt ég að hafa rétt til að fá að bera fram þakkarávarp til hv. þm. Borgf. fyrir þann ritdóm, sem hann felldi áðan um bók mína, Pál postula, og taldi hana ganga næst biblíunni og meira að segja líkjast mjög nál. fjvn., sem hann mun meta mest allra rita sem stendur. (**PO:** Það er hver góður fyrir sinn hatt). Ég hef skrifað margar bækur síðan og datt ekki í hug að fá nú um síðir ritdóm um þessa bók, og það í sjálf Alþingistíðindin. Því ber ég fram þakkir mínar.

Ég verð að mótmæla því, að við þessa umr. hafi ræður mínar ekki átt við. Um fjárlög er höfð önnur meðferð en mál almennt, þar sem nál. fjvn. er lagt fram áður en 1. umr. lýkur. Tilgangurinn með því hlýtur að vera sá, að hin almennu atriði þessa máls megi ræða áður en 1. umr. er slitið. Hvorki hv. þm. Borgf. né hæstv. forseti geta neitað, að það sé þinglegt, er ég ræði um nál. almennt og stefnu þess í fjármálum.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði tekið aftur ummæli mín um nál. Ég er svo brjóstgóður, að ég held ég verði að lofa honum að lifa í þeirri sælu trú, ef það skyldi vera honum sáluhjálparskilyrði. Hann sver nú og sárt við leggur, að í ræðu sinni hafi hann sagt hið sama og standi í nál. Mér virðist hins vegar, að í nál. standi allt annað. (**PO:** Það er biblíuskýring.) En hafi orðin í nál. átt að þýða þetta, sem hann segir, er það ágætt, og ber sú skýring svo af biblíuskýringum sem nál. af ritningunni á sinn hátt.

Nefndin er að bollaleggja um fjárl. 1941. Það sýnir, að henni hefur komið til hugar, að fé, sem um ræðir, yrði notað á þessu ári, enda þótt ég skildi ummæli hennar svo, að hún gerði ráð fyrir að ráðstafa fénu strax, trúa ekki síðari þingum fyrir því, en geyma það til framkvæmda síðar. Mér skildist, að minni hl., sem skrifaði undir með fyrirvara, hefði álitið, að fé ætti tvímælalaust að geymast. Og þá vil ég taka undir orð n. um óvissuna. Við vitum ekki, nema þau tíðindi kunni að gerast, að á fénu þurfi að halda til að bæta úr einhverjum váveiflegum hlutum, sem borið getur að höndum hvenær sem er, jafnvel áður en þessi dagur er liðinn. Og það hygg ég affarasælast að styrkja ríkisstj. til þess að eiga í ríkissjóði eins ríflegan varasjóð og kostur er á til að nota, þegar þrengist um atvinnuskilyrði í landinu. Það verður að mestu gagni bæði heildinni og þeim, sem vinnunnar njóta.

***Pétur Ottesen:** Ég vil enn mótmæla því hjá hv. 1. þm. Reykv., að ræðu minni og nál. hafi í nokkru borið á milli. Ég vil gjarnan festa í umr. þingtíðinda málsgr. þá úr nál., sem tekur af allan vafa um það, sem þessi hv. þm. efast mest um. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „... Þá hefur nefndin gert það að tillögu sinni, að fé, fjárveitingarnar í fjárlögunum, að viðbættum þeim upphæðum, sem í tillögunum greinir, verði lagt til hliðar og geymt, þar til betur byrjar um framhald þessara verka."

Það er vitanlega óþarfi að fara um þetta fleiri orðum. Ræður mínar um þetta mál eru í fullu samræmi við það, sem í nál. stendur, og er það ekkert þakklætisvert. Er misskilningur hv. þm. á þessu atriði þar með leiðréttur. Vænti ég þess að fá fulla viðurkenningu fyrir að hafa ekki skorazt undan að ræða við hv. þm. um þetta atriði, því að raunverulega lá það nú ekki fyrir utan umræðurnar, þó að óvenjulegt sé að hefja umr. um nál., fyrr en við 2. umr.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Aðeins örfá orð. — Ég ætla ekki að þrátta við hv. 1. þm. Reykv. um þetta mál, því að ég er sömu skoðunar og ég var í gær, að umr. á þessu stigi hafi snúizt um allt annað en æskilegast var. Ég held, að þessar umr., sem fram hafa farið um nál. fjvn., sýni það glöggt, hvað það hefur að þýða að halda sig við form. Nú vil ég á engan hátt fullyrða neitt um það, hvort nál. þetta sé formlega séð til umr. eða ekki, en sé nál. tekið til umr., þá hljóta till. að vera það einnig. Ég vil ekki heldur þrátta neitt um dagskrána við hv. 1. þm. Reykv., en ég held, að nál. sé getið á dagskránni aðeins til staðfestingar á því, að nú sé tími kominn til að vísa málinu áfram. Eitt er víst, að síðan 1934 hef ég fylgzt með umr. um fjárl. á Alþingi, og framh. 1. umr. hefur næstum eingöngu snúizt um fjármálastjórnina á síðastl. ári, ef til vill að einhverju leyti um frv. sjálft, en ekki um álit og till., sem fyrir lágu og ekki hafði verið talað fyrir. En nú var það svo, að hv. 1. þm. Reykv. fannst engin ástæða til að minnast á fjármálastjórn síðastl. árs, og má vel vera, að þess hafi ekki verið þörf, þrátt fyrir það, sem áður hefur tíðkazt um meðferð þessara mála.

Vera má, að hv. þm. hafi grætt eitthvað á þeim umr., sem fram hafa farið. Þær hafa ein-

göngu snúizt um till. þær, sem getið er um í nál. og fjvn. hefur sent hæstv. ríkisstj. til athugunar. En mitt álit er, að miklu réttara sé fyrir hv. þm., ekki sízt fjvn., að skilja ekki svo við þetta þing, að hún geri ekki einhverjar áætlanir eða l. um, hvað gera skuli við það fé, sem umfram kann að verða þær tekjur, sem fjárlög yfirstandandi árs gera ráð fyrir. Annars ætla ég ekki að tala meira um þetta atriði að sinni, en mun gera grein fyrir málinu í heild í framsöguræðu minni. En ég vil segja hv. 1. þm. Reykv. það, að ég er ekki sá fyrirhyggjumaður að semja ræðu, sem ég veit ekki, hvenær á að flytja, enda verður hún hvorki svo flókin eða löng, að langan tíma þurfi til undirbúnings.

Ég sé ekki ástæðu til að svara ræðu hv. form. fjvn., enda talaði hann frá sínu sjónarmiði, sem hann var líka sjálfráður um. Hv. þm. N.-Þ. taldi, að í frv. og í till. fjvn. væru gerðar of lágar áætlanir um fjárframlög til verklegra framkvæmda, miðað við vaxandi dýrtíð. Má segja, að komið hafi fram nokkuð skiptar skoðanir á þessu efni, þar sem hv. 1. þm. Reykv. veitti fjvn. ámæli fyrir of háar áætlanir í þessu skyni og taldi, að hún sæi ekki fótum sínum forráð. En fjvn. telur ekki auðvelt atriði að ákveða tekjur og gjöld ársins 1942, og er sammála um að reyna eftir megni að fara gætilega í sakirnar. Við vitum nú ekki, hve mikil dýrtíð verður um 1942, þó að líkur séu til, að hún verði mikil og mikið fé þurfi því til verklegra framkvæmda. Enn hefur ekki verið haggað við heimildinni til að draga úr ýmsum fjárframlögum, ef þörf krefur. Enn fremur lætur n. skína í það í nál., að Alþ. hafi ráðrúm til þess á næsta þingi að ráðstafa því fé til verklegra framkvæmda, sem umfram kann að verða, en vill áætla gætilega í fjárlögum. Þannig lítur fjvn. á málið, og ég vona, að þetta verði þau endanlegu sjónarmið, sem fjárlögin verða afgr. eftir á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, 256, n. 257 og 303, 274, 366).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 366. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Sú venja að hafa „eldhúsumræður" hefur af eðlilegum ástæðum lagzt niður að mestu. Nær allt þingið vinnur í sameiningu að lausn þjóðmálanna og ber því sameiginlega ábyrgð á því, sem gert er, jafnt á lausn fjármála sem öðrum athöfnum og ákvörðunum.

Meðan svo er, sæma ekki flokkadeilur um þau þjóðmál, sem fá afgreiðslu með samkomulagi. Hitt er annað mál, hvort þjóðstjórn, sem studd er af 45 eða 46 þm. af 49, ætti ekki oftar en um áramót eða í þingbyrjun að kynna þjóðinni ýmislegt varðandi fjárhagsafkomuna og önnur vandasöm, mikilsvarðandi mál.

Þessi aðstaða útilokar vitanlega ekki skiptar skoðanir og deilur innan þings og utan í ýmsum atriðum, bæði flokkslegar og manna á milli.

Við frh. 1. umr. fjárl. var t. d. gerð nokkur árás á fjvn. fyrir vinnu hennar, og nál. lagt til grundvallar ádeilunni. Hv. 1. þm. Reykv. hélt alllanga ræðu, þar sem hann deildi á fjvn., einkum fyrir það, að n. hefði leyft sér að ræða við hæstv. ríkisstj. um það, hvernig skyldi varið þeim tekjum, sem væntanlega — og vitanlega — verða umfram fjárlagaáætlun yfirstandandi árs. N. gerir grein fyrir þessu starfi sínu í nál., og þetta hneykslaði hv. þm. og máske fleiri, þótt þeir létu það ekki í ljós.

Hv. þm. hafði þau ummæli, að sér þætti skörin vera farin að færast upp í bekkinn, þegar fjvn. leyfði sér að fást við tekjur yfirstandandi árs í sambandi við gildandi fjárl. þrátt fyrir rækileg svör hv. form. fjvn., grg. tveggja nm., sem undirrituðu með fyrirvara, og nokkur orð í sama anda frá mér sem frsm. n.

Mun ég þó bæta hér nokkru við, að gefnu tilefni. Hv. 1. þm. Reykv. vítti fjvn. beinlínis fyrir það að leyfa sér að ræða við ríkisstj. um, hvernig verja skuli umframtekjum þessa árs, gengið út frá, að þær verði verulegar. Hvort sem væri, að hv. þm. teldi eðlilegra, að einstakir þm. gerðu till. í einhverju formi um þetta eða ríkisstj. væri alveg sjálfráð um það, hvernig hún verði því fé, sem þannig yrði handbært, þá lítur fjvn. svo á, að engri n. þingsins, enn síður einstökum þm., beri frekar að ganga fram í því að gera till. um slík fjármál en einmitt þeirri n., sem hefur mest áhrif á það, í sambandi við fjárl., hvernig tekjum ríkissjóðs er varið.

Enn fremur mun fjvn. ekki telja rétt að skilja þannig við þetta þing, að slíkt vald sé lagt algerlega í hendur hæstv. ríkisstj., hvernig skuli með það fé fara, sem líkindi eru til, að ríkissjóði áskotnist umfram tekjuáætlun fjárl. ársins 1941.

Hér með hef ég gert grein fyrir skoðun fjvn. á þessari hlið málsins, og mun n. ekki falla frá því sjónarmiði, að hún hafi ekki einungis haft rétt til að gera umræddar till., heldur hafi það verið eðlilegt, að hún gerði þær, og meira að segja henni skylt.

Hæstv. ráðh. hafa ekki kvartað yfir þessum vinnubrögðum, enda fór n. kurteislega að, svo sem skylt var, og baðst umsagnar ríkisstj. um málið.

Sú fjárhæð, sem n. gerði till. um, nemur rúml. hálfri annarri millj. kr. og snertir að mestu verklegar framkvæmdir, miðað við að sömu afköst fengjust í ár, með tilliti til verðlags og kaupgjalds, eins og gert var ráð fyrir, þegar fjárl. voru afgr. fyrir árið 1941.

Till. snerta, eins og fyrr er nefnt, verklegar framkvæmdir nær eingöngu: vega- og brúagerðir, hafnargerðir og lendingarbætur, vitabyggingar, húsabætur, sand- og skóggræðslu, landþurrkun, áveitur, fyrirhleðslur o. fl. Verk sem þau, er nú voru nefnd, miða að því að bæta aðstöðuna við framleiðsluna til lands og sjávar, græða upp landið, bæta lélegustu húsakynnin o. þ. h.

Þetta mundi að sjálfsögðu hvorki verða að fullu ákveðið af ríkisstj. né fjvn., ekki heldur af þessum aðilum sameiginlega, heldur mundi sjálft Alþingi taka lokaákvarðanir hér að lútandi.

Ég skal játa, að ég veit, að athuga ber, hvort ekki skuli leggja fé til hliðar til að létta neytendum þá dýrtíð, sem fyrirsjáanlega er framundan. Landbúnaðarvörur hljóta að hækka til mikilla muna nú á næstunni, og kemur þá einnig til greina, við hliðina á fyrrnefndum till., sjóðsmyndun til stöðvunar takmarkalausri verðbólgu.

Þetta er þá í stuttu máli viðfangsefni, sem eru framundan og Alþingi verður að gera ákvörðun um.

Kem ég þá að fjárlfrv. og brtt. fjvn.

Þrátt fyrir það, þótt fjárlfrv. það, sem ríkisstj. lagði fyrir Alþ. í febr. síðastl., væri hærra en nokkru sinni fyrr og fjvn. hafi ekki gert lækkunartill., sem neinu nemur, taldi n. með öllu ókleift að komast hjá að gera till. um margar breyt. til hækkunar, eða alls um 1,610 millj. kr., sem er nokkru meira en nam áætluðum tekjuafgangi á frv. stj. Búast má og við, að ekki verði komizt hjá nokkrum hækkunum enn. Tekjuliðirnir eru enn til athugunar, og sennilegt þykir mér, að óhætt muni að hækka nokkra þeirra eitthvað.

Fjvn. og vitanlega öllum hv. þm. er ljóst, að fjárl.upphæðir fyrir næsta ár, 1942, er erfiðara en nokkru sinni fyrr að áætla þannig, að nokkur vissa sé fyrir því, að þær standist. N. gat þó ekki leitt hjá sér að ganga út frá, að árið 1942 yrði sæmilegt tekjuár. Reynist þetta á annan veg, er sjálfsagt að ganga þannig frá, sem gert var í gildandi fjárl., sem sé að gefa ríkisstj. heimild til að draga úr greiðslum þeirra liða fjárl., sem ekki eru bundnir af öðrum l. Hvaða gildi þær fjárhæðir hafa, sem nú verða samþ., veit enginn. En n. telur ekki ástæðu til né hyggilegt að hækka alla liði fjárlfrv. í samræmi við dýrtíðina eins og hún er nú. Margt getur breytzt, áður en farið verður að framkvæma þessi væntanlegu fjárl.

Hliðstætt þeirri varfærni að gefa ríkisstj. heimild til að draga úr greiðslum fjárl., ef tekjur bregðast, er það, að næsta Alþingi samþykki í einhverju formi auka- eða viðbótarfjárveitingar við ákveðna liði fjárl. 1942, ef það sýnir sig, að það ár verði gott tekjuár, en gildi peninga lítið.

Munu flestir telja hyggilegt að haga þessu eins og nú hefur verið lýst. Enda kemur það fram í nál., að meiri hl. fjvn. leggur til, að á þessu ári verði ákveðið að hækka ýmsar greiðslur fjárl. til verklegra framkvæmda sem nemur hækkun þeirri á vinnu og efni, síðan fjárl. voru afgr. fyrir árið 1941, þ. e. a. s. ef tekjur yfirstandandi árs leyfa. Hins vegar leggur meiri hl. fjvn. ekki áherzlu á, að unnið verði fyrir þetta fé á komandi sumri nema hagkvæmt þyki, en það verði þá lagt til hliðar í þessu tiltekna og ákveðna augnamiði, sem nú á þessu þingi yrði ákveðið.

Till. um þetta efni frá fjvn. eru hjá ríkisstj. til athugunar, svo sem skýrt er frá í nál.

Minni hl. fjvn., eða 3 þm., vilja fara nokkuð aðra leið, ef tekjuafgangur verður þetta ár. Hafa sumir þeirra þegar gert grein fyrir sinni skoðun á umræddu efni. Munurinn er í raun og veru aðeins sá, að meiri hl. n. vill ákveða, hvernig fénu skuli varið, en minni hl. vill leggja það í sjóð, án ákvæða um meðferð þess.

Mun ég nú láta þennan inngang nægja, en koma að sjálfum till.

Um fyrstu 7 till. er ekki þörf að fjölyrða. Þær liggja ljósar og einfaldar fyrir, og vísa ég því til nál. um þær. Um 1. till. vil ég þó upplýsa það, að nokkur breyting er orðin á framkvæmd einkasímal. Reynslan hefur sýnt, að viðhald einkalína er vanrækt. Línurnar grotna niður, og þeir, sem eiga að kosta viðhaldið, geta það ekki. Símamálastjóri framkvæmir þetta því þannig nú orðið, að hann lætur landssímann leggja línurnar gegn vissu stofngjaldi og flutningi á staðinn, sem miðast við vegalengdir o. þ. h. Og árgjald hækkaði úr 10 kr. í 40 kr. Símamálastjóri telur þetta miklu hagkvæmara fyrirkomulag, enda mjög eftirsótt. Nafninu hefur verið breytt þannig, að í stað „einkasíma“ kemur „notendasími“. N. leggur til, að sú upphæð, sem varið verður í þessu skyni, nemi 70 þús. kr.

Þessar till. snerta 3 greinar, 10., 11. og 12. gr. frv., og með því að orðun till. felur algerlega í sér það, sem þarf um þær að segja, mun ég ekki ræða um þær, en kem að 8. brtt., við 13. gr. fjárl. Við þessa gr. eru rúml. 50 brtt. Alls nema hækkunartill. n. við þessa gr. um 180—190 þús. kr. til veganna, þar af til um 20 nýrra vega nálega 116 þús. kr. Hv. þm. verða að gera sér ljóst, að slíkt kapp, sem að jafnaði er lagt á það að koma vegum í þjóðvegatölu, hefur kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Ég ætlast til þess, að hv. þm. gangi að því með opnum augum, að þjóðvegakerfið þarfnast orðið mikils fjár, bæði til nýbygginga og viðhalds, og enn fer samgönguþörfin vaxandi, eftir því sem virðist án takmarka.

Suðurlandsbrautin var felld niður, þegar fjárlfrv. var samið, en n. hefur tekið hana upp í till. sínar með sömu upphæð og fyrr. Hins vegar er ekki hægt að komast hjá að ljúka við ákveðna vegalengd á komandi sumri, sem kostar miklu meira fé en ætlað er til brautarinnar á fjárl. Hygg ég, að menn fáist til verksins. En með því að þetta liggur ekki beinlínis fyrir til umr. öðrum vegagerðum fremur í sambandi við fjárlfrv., læt ég útrætt um það mál að þessu sinni.

Hækkunin til ferjuhalds samkv. 9. till. er ætluð ferju á Skorradalsvatni, en hækkun styrksins samkv. 10. till. Tryggva Einarssyni í Miðdal.

Það er augljóst, að ekki er ástæða til að fara að ræða um hvern einstakan veg. Hv. þm. þekkja hver um sig það, sem þeir hafa áhuga fyrir í því efni, er þeir lesa brtt., og vita, að hér eru ekki till. um aðra vegi en þá, sem nauðsyn er á á hverjum stað.

11. brtt. er við 13. gr. frv. og er um hafnargerðir. Þær hafnargerðir, sem hér eru nefndar, eru að verulegu leyti samkv. sérstökum hafnarl., og engin af þeim hafnar- eða lendingarbótum, sem getur um hér í 11., 12. og 13. brtt., eru nýjar. Það munu allt vera framkvæmdir, sem hefur margsinnis verið rætt um hér á hæstv. Alþ., og eru það því kunn verkefni, og sé ég enga ástæðu til að lengja mál mitt með því að

lýsa því í sambandi við hvert einstakt verk, hvað það er, sem þar á að gera. Um 13. brtt., sem er um bryggjugerðir og lendingarbætur gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að, skal ég geta þess, að í fyrstu 6 till. undir 13. brtt. er kannske frekar um samgöngubætur að ræða heldur en hafnarbætur eða lendingarbætur af öðrum ástæðum.

Aðrar brtt. viðvíkjandi þessum flokki brtt., þar sem jafnmikið kemur úr ríkissjóði og annars staðar að, held ég, að þurfi ekki frekar að skýra. Ég vildi þó aðeins minnast hér á c- og d-lið 13. brtt. C-liður er um framlag til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa, 250 þús. kr. D-liður er um hafnargerð við Lónsfjörð, 10 þús. kr. Það er að vísu nokkuð rausnarlegt að gera till. um 250 þús. kr. fjárveitingu til hafnargerðar á óákveðnum stað að öðru leyti en því, að hafnargerðin á að vera við sunnanverðan Faxaflóa, og þar af leiðandi liggur ekki fyrir áætlun um það, hvernig framkvæmd verksins verður, og ekki kostnaðaráætlun, af því að staðurinn er ekki ákveðinn. Þess má geta, að þeir staðir hér við sunnanverðan Faxaflóa, sem koma til greina í þessu sambandi, hafa allir verið rannsakaðir, þannig að þegar staðurinn verður ákvarðaður, þá hefur vitamálastjóri sjálfsagt á reiðum höndum niðurstöður um athuganir að því, er snertir skilyrði til hafnargerðarinnar, og um kostnað. Fjvn. hefur skilizt, að þetta verk sé nauðsynlegt, þar sem hvergi er hér við Faxaflóa sunnanverðan góð höfn nema hér í Reykjavík. Og fiskiflotinn verður fyrir tjóni árlega vegna lélegra hafna við þau auðugu fiskimið, sem hér eru úti fyrir þessu umrædda svæði. Út frá því sjónarmiði má telja hyggilegt að fara að leggja fé til hliðar í þessu skyni.

Þá er d-liðurinn, framlagið til hafnargerðar við Lónsfjörð. Eins og hv. þm. sjá, er þessi fjárveiting bundin því skilyrði, að vitamálastjóri álíti, að þetta verk hafi þýðingu, þ. e. að rannsókn leiði í ljós að hans áliti, að verkið komi að tilætluðum notum. En rannsókn hefur enn ekki farið fram á þessu, og er það öðruvísi en venja er til, því að venjulega er fyrst látin fara fram rannsókn og síðan veitt til framkvæmdarinnar nokkurt fé. En ef það sýnir sig, að staðurinn er góður til þessa, þá er þarna fjárveiting til þessa verks, að gera þarna lendingarbætur, og þessi staður er nálægt fiskimiðum. En hins vegar hefur verið bent á, að þar nálægt sé góð höfn, þar sem er Höfn í Hornafirði, og heyrzt hafa raddir um, að af þeim ástæðum sé þetta ekki nauðsynleg hafnargerð.

Síðasta brtt. við 13. gr. er um flugmál, að liðurinn hækki úr 30 þús. upp í 35 þús. kr. N. hefur gert till. um, að þessum 5 þús. kr., sem lagt er til að hækka þennan lið um, verði varið til þess að kosta efnilegan ungan mann til flugnáms. Slíkur maður mundi verða valinn eftir till. kunnugra manna.

Þá er b-liður 14. brtt. við 13. gr., sem er nýr liður, til flugskýlis á Melatanga í Hornafirði, þó ekki yfir ⅔ kostnaðar, en ⅓ kostnaðar komi annars staðar að. Þetta skýli er komið af stað, en ekki fullgert. En þar sem flugferðir aukast nú mjög með suðurströnd landsins, má telja sjálfsagt, að þarna komi flugskýli. — Þar með er lokið brtt. við 13. gr.

Við 14. gr. eru nokkrar brtt., en yfirleitt eru þær ekki stórvægilegar og eins um þær eins og margar aðrar brtt., að í raun og veru felur orðun brtt. algerlega í sér tilgang till. Og til þess að lengja ekki mál mitt sé ég ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þær till. Þó vil ég skýra einstakar till. af þeim.

Þá er þess fyrst að geta, að ætlaðar eru 2000 kr. til dr. Eiríks Albertssonar til fyrirlestrahalds við guðfræðideild háskólans. Þetta er nýtt starf. Séra Eiríkur er heilsuveill maður og vill fara frá sínu prestakalli. Hann hefur sótt um að mega halda fyrirlestra í háskólanum, og guðfræðideildin mælir með því, að hann fái styrk til þess að halda fyrirlestra þar um guðfræðileg efni.

Þá er 17. brtt., c-liður, til verkfærasafns á Hvanneyrarskóla, 1000 kr. Það mun vera hugmyndin að koma upp safni með ýmsum gerðum af verkfærum, eldri og yngri. Virðist vel viðeigandi, að annar bændaskólinn haldi við slíku til sýnis síðar, til fróðleiks um framfarir á verklega sviðinu.

Um 24. brtt., sem er tillag til námsflokkastarfsemi undir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar, er það að segja, að þessi starfsemi er að vísu ekki gömul, en tiðkast mjög erlendis, og hefur gefið ágæta raun það, sem af er. N. telur rétt að hlynna að þessari starfsemi, sem getur verið mikil hjálp við hlið þeirra skóla, sem við höfum, og hjálpað því fólki, sem ekki hefur ástæður til að njóta skólanna. Og þessi viðleitni er í þá átt, að sem allra fæstir, sem hug hafa á að nema, fari á mis við það. Námsflokkastarfsemin gerist aðeins heima hjá því fólki, sem áhuga hefur fyrir þessu, og hún hefur staðið hér á landi yfir 2 ár. Og eftir áliti margra kunnugra manna, hefur þessi starfsemi gert ótrúlega mikið gagn.

Þá er 26. brtt., um húsmæðraskólann á Laugalandi, að til skólans verði veitt til stofnkostnaðar það, sem vangoldið er af ríkissjóði, og svo í öðru lagi tillag til að greiða fyrir því, að skólinn geti lagt rafmagnslínu til skólans og byggt háspennustöð. Þetta er að vísu ekki nema nokkur hluti þess, sem farið var fram á. En n. taldi rétt að byrja með þessa upphæð. Það er hægt að bæta við síðar, þegar vitað er um kostnað, sem af þessu verki leiðir. Hins vegar er öllum ljóst, að erfiðleikar eru alls staðar í sambandi við litlar rafstöðvar, sérstaklega þær, sem ekki eru vatnsaflsstöðvar, því að þær vilja bila og verða dýrar í rekstri. Fjvn. telur þetta ráðlegt fyrir skólann, ef hægt er að koma því í framkvæmd.

Þá er næst 27. brtt., sem er nýr tölul., laun til Lárusar Rist. Hann er þjóðkunnur maður og hefur verið einkar óeigingjarn í sínu starfi. Hann flutti fyrir fáum árum frá Akureyri austur í Árnessýslu og skapaði þar strax starf fyrir sig, ekki til þess að taka laun, heldur til þess að koma í framkvæmd þjóðnytjaverki, byggingu stórrar sundlaugar í Hveragerði. Með því að verk þetta er mjög vel á veg komið, er fyrirsjáanlegt, að það kemst á, en Lárus er hins

vegar orðinn aldraður maður og ekki víst, að hann geti verið við þessa laug til lengdar. N. leggur til, að hann fái 2000 kr., en væntir þess, að hann geti starfað þarna við ríkisskóla, sem þar er, og máske eitthvað meira.

Þar með er lokið brtt. við 14. gr.

Brtt. við 15. gr. mun ég algerlega hlaupa yfir. Þær þurfa ekki skýringa við. En aðeins vil ég geta þess, að brtt. um það að fella niður af 15. gr. þá Sigvalda Kaldalóns, Árna Pálsson og Guðmund Finnbogason er gerð vegna þess, að n. vill halda sig við ákvörðun síðasta Alþ. um það, að ekki verði einstakir menn teknir upp á fjárl. í þessari gr. Hins vegar ætlast n. til, að þeim verði greiddar svipaðar upphæðir af fé því, sem menntamálaráð úthlutar.

Kem ég þá að brtt. við 16. gr., sem eru 37., 38. og 39. brtt. — 37. og 38. brtt. þurfa ekki skýringa við. Um 39. brtt. er það að segja, að garðyrkjufélagið hafði síðasta ár 5 þús. kr. styrk, og hafði þá fyrir augum að ráða sér garðyrkjumann til leiðbeininga. Úr þessu mun þó ekki hafa orðið. N. leggur þó til, að félagið haldi 2 þús. kr. styrk til leiðbeiningastarfsemi í garðrækt og þá sérstaklega að því er snertir smærri bletti, sem mun hér vera að ræða um. En hins vegar er Ragnar Ásgeirsson, — hann vinnur hjá Búnaðarfélagi Íslands. N. leggur til, að honum verði veittar 4 þús. kr. til leiðbeiningastarfsemi. En nokkurn hluta launa sinna tekur hann svo sem ráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

Um hækkunartill. til skóggræðslu og sandgræðslu þarf ekki að fjölyrða. Þessi starfsemi er orðin óskabarn þjóðarinnar og árangurinn svo greinilegur af friðun landsins, og enda sáningu líka, að ekki þarf að efast um, að Alþ. hefði hug á að styrkja þessa starfsemi miklu meira en gert hefur verið og meira heldur en brtt. liggja fyrir um. (Ég verð þó að stilla mig um að minnast á það, sem kom hér fram í dag).

Þá er 41. brtt. um fyrirhleðslu í Hjaltadalsá, Norðfjarðará og Kaldaklifsá. Þessu fé, sem n. leggur til, að veitt verði í þessu skyni, á að verja til þess að hefta spjöll, ef till. verður samþ. Er nú að vakna áhugi manna fyrir því, að reyna að halda ám í þeim farvegum, þar sem þær gera minnstan usla.

Þá koma nokkrar till. um áveitur og landþurrkun í 4. lið 41. brtt. En í þeim lið er prentvilla. Þar stendur: Þó ekki yfir ¼ kostnaðar, en á að standa: þó ekki yfir ⅓ kostnaðar. Þessi starfsemi, sem þarna er um að ræða, er framkvæmd samkvæmt skurðgröful., og þar er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram ⅓ kostnaðar. Annars er um þessi lönd það að segja yfirleitt, að þetta eru sléttlendi með kúgæfu heyfalli, og má þurrka þetta allt, en mun vera fullerfitt án skurðgröfu. Þegar skurðakerfið er komið, heldur verkið áfram, sem sé flóðgarðahleðsla og áveitur. Því fé, sem varið er til landþurrkunar og áveitu, er vel varið, einkum þó þar, sem gulstarargróður er.

42. brtt., sem er leiðréttingar á fjárhæðum, þarf ekki skýringa við. Um aðrar brtt. við þessa gr. (16. gr.), svo sem styrki til kvenfélaga og kvenfélagasambanda, þarf ekki að fjölyrða. Þessar fjárveitingar eru allar gerðar í því augnamiði að styrkja húsmæðrafræðsluna í landinu á einn eða annan hátt.

Loks er síðasta brtt. við 16. gr. (47. brtt.) um styrk til verkstjóranámskeiðs. Það hefur verið um það rætt áður, að verkstjórarnir okkar væru ekki allir svo starfi sínu vaxnir sem æskilegt væri. Og öllum er ljóst, að það að hafa góða verkstjóra er mjög þýðingarmikið atriði. Og þó að verklegar framkvæmdir í landinu hafi notið nokkuð góðrar leiðsögu margra manna, þá er það ósk þeirra, sem nú starfa sem verkstjórar, að þeir fái viðeigandi þekkingu í sambandi við starf sitt. Fjvn. telur, að því fé, sem varið er í þessu skyni, sé vel varið. Það stendur hér í brtt., að þetta námskeið eigi að vera undir eftirliti vegamálastjóra. N. gekk út frá því, að skólar, og sérstaklega iðnskólinn í Reykjavík, hefðu þessa starfsemi með höndum.

Brtt. við 17. gr. er aðeins ein, um styrk til félagsins „Sjálfsbjargar“, og n. leggur til, að þessu félagi verði veittar 2000 kr. Starfssvið þessa félags er að greiða fyrir lömuðum einstaklingum á þann hátt, að þeir geti fengið vinnuskilyrði, og það þarf að athuga það, hvort ekki er rétt að veita meira fé í þessu skyni, ef þetta líknarfélag getur komið því til leiðar, að svona stórkostlega fatlað fólk geti unnið fyrir sér fyrir atbeina félagsins.

Brtt. við 18. gr. sé ég enga ástæðu til að gera að umtalsefni, að undanteknum tveimur þeirra. Aðrar brtt. eru sumpart leiðréttingar, máske smáhækkanir og eitthvað tekið inn af nýju fólki og þá eftir óskum einstakra hv. þm. Ein af þessum brtt., 53. brtt., er nýr liður, þar sem lagt er til, að veittar verði 3600 kr. til Lárusar Bjarnasonar skólastjóra í Flensborg. Hann er þjóðkunnur maður, nokkuð aldraður, hefur alla tíð unnið af mikilli trúmennsku og kappi að kennslustörfum. Hann lætur nú af skólastjóra- og kennarastörfum, og telur fjvn. rétt að veita þessum duglega og trúa kennara nokkur persónuleg laun.

Það er ein brtt. við 19. gr., sem sé hækkun á verðlagsuppbót samkvæmt gildandi l. Það er vitanlega verulega hækkuð dýrtíðaruppbótin, sem er nú ætlað að verði eftir þessari till. 1 millj. og 800 þús. kr. Sú tala, sem tekin hefur verið hér upp, er tekin í samráði við hæstv. fjmrh., sem mun fara næst því allra manna, hvað þessi tala eigi að vera há. En þar sem nú hefur verið greidd dýrtíðaruppbót eftir verðlagsvísitölu samkvæmt l., þá er að sjálfsögðu rétt að gera ráð fyrir því í væntanlegum fjárl.

Við 20. gr. er aðeins ein brtt., að framlagið til nýrra vita sé hækkað úr 65 þús. kr. upp í 100 þús. kr. Þrátt fyrir þá almennu verðhækkun, sem orðið hefur á efni til vita, er það upplýst, að ljósatæki til vita fást nú frá Englandi með sæmilegu verði. Með því að n. er ljóst, hve það er mikils virði, að vitastarfsemin sé í góðu lagi, vill hún taka upp 35 þús. kr. hækkun á þennan lið.

Þá er brtt. við 22. gr. IV., nýr liður, að Ólafi Magnússyni, fyrrv. prófasti í Arnarbæli, séu greiddar 1400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju. Var þetta samþ. á

síðasta þingi, en ekki tekið upp í fjárlfrv. það, sem hér liggur fyrir. N. ætlaðist til, að hann fengi þetta árlega, meðan hann lifir.

72. og 73. brtt. eru um það, að þeir liðir, sem þar um ræðir, falli niður, vegna þess að þær fjárveitingar voru teknar upp á öðrum stað.

74. brtt., við 22. gr., er í 3 liðum. Í a-lið er lagt til að heimila stj. að kaupa hálfa jörðina Stóra-Hraun hjá Eyrarbakka til afnota fyrir vinnuhælið á Litla-Hrauni, sem liggur þarna að. Væri mjög hagkvæmt fyrir hælið að hafa ráð á þessari jörð, og mundi það gera hælinu auðveldara að framleiða ýmislegt, sem það þarfnast. Ég býst við, að allir séu sammála um það, að æskilegt sé, að hægt sé að láta fangana vinna sem mest að því að framleiða það, sem til hælisins þarf. Kaupverð jarðarinnar er óákveðið að svo stöddu, en líklega verður það ekki mjög ósanngjarnt, sennilega 30 þús. kr. — Þá er b-liðurinn. Þar leggur n. til, að keypt sé húseignin á Fríkirkjuvegi nr. 11, ef viðunandi samningar takast um kaupin. Ég ræði ekki hér um þann tilgang, sem þarna er á bak við, en fullyrði, að óskir fleiri en fjvn., bæði ráðamanna á Alþ. og ríkisstj., hníga í þá átt, að þessi kaup fari fram.

Með c-liðnum er farið fram á, að menntamálaráði og Þjóðvinafélaginu sé bætt upp með fjárframlagi sú verðhækkun, sem orðið hefur árin 1940 og 1941 og verða kann á árinu 1942 á bókaútgáfu, miðað við útgáfukostnaðinn árið 1939, og er þá gert ráð fyrir, að verð bóka til áskrifenda haldist óbreytt. Meðlimir menntamálaráðs hafa lýst yfir því, að þeir vilji engar launabætur hafa fyrir starf sitt.

Læt ég svo þetta nægja, en vil aðeins að lokum gefa stutt yfirlit. Hækkanir samkvæmt till. n. nema alls 1679100 kr., en lækkanir 9856 kr., og er þá hækkunin umfram lækkun 1669244 kr. Af þessari upphæð teljast 1634244 kr. til rekstrarreiknings, en 35000 kr. til sjóðsyfirlits. Samkvæmt till. n. verða því gjöld á rekstrarreikningi 22722388 kr. Rekstrarhalli verður þá 137977 kr. og greiðslujöfnuður óhagstæður um 1568024 kr. Hér með er ekki talin hækkun á fjárveitingu til brúargerða, né hækkunartill. sameinaðra samgöngumálanefnda.

Hækkunartill. n. eru því nokkru hærri en hagstæður jöfnuður var á rekstrarreikningi. N. hefur ekki haft tekjuliðina til athugunar enn þá, en það er nú verið að athuga þá. Var talið rétt að láta bíða að gera till. um þá, en telja má líklegt, að forsvaranlegt sé að gera einnig nokkra hækkun á tekjuliðunum.

Læt ég svo máli mínu lokið og legg till. n. undir umr.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Herra forseti! Eins og menn heyrðu skýrt frá hér við frh. 1. umr., undirrituðum við 3 fjvnmenn álit n. með fyrirvara að því er snertir till. n. um umframgreiðslur á fjárhagsári því, er nú er að líða. Tveir af nm. þeim, sem þennan fyrirvara höfðu, gerðu grein fyrir honum við frh. 1. umr. Ég leit svo á, að þetta ætti heldur að gera við 2. umr., og lét ég því bíða að gera grein fyrir minni afstöðu. Nú vil ég þó ekki rifja upp þær umr., sem þá fóru fram, og tek ég því það ráð að lesa upp stutt bréf, er ég skrifaði hæstv. fjmrh. sem grg. fyrir mínum ágreiningi í n., en ríkisstj. hafði verið boðið á fund n. til að hlusta á þessar till. Meiri hl. stj. kom á fund hjá n. hinn 4. apríl. — Þetta stutta bréf ætla ég að láta nægja sem grg. af minni hálfu, en það er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík, 17. apríl 1941.

Fjárveitinganefnd hefur með bréfi, dags. 4. þ. m., sent yður tillögur meiri hluta nefndarinnar um það, að varið verði kr. 1666000 af tekjuafgangi áranna 1940 og 1941 til verklegra framkvæmda o. fl. fram yfir það, sem í fjárlögum er heimilað. Framkvæmdir þessar eru taldar í bréfinu.

Þrír nefndarmanna, Sigurður Kristjánsson, Sigurður E. Hlíðar og Þorsteinn Þorsteinsson, gerðu í nefndinni aðrar tillögur um það, hvernig væntanlegum tekjuafgangi þessara ára verði varið. Gerði ég grein fyrir vilja mínum í þessu efni á fundi nefndarinnar 4. þ. m., þar sem mættur var meiri hluti hæstv. ríkisstjórnar. Leyfi ég mér að endurtaka hér aðalatriði þeirrar greinargerðar.

Ég tel of snemmt að ráðstafa tekjuafgangi ársins 1941, meðan ósýnt er, að hann verði nokkur. Ég tel hættulegt, að ríkið keppi að óþörfu við framleiðendur í landinu um vinnuaflið, þegar verkafólksekla er alls staðar í landinu. Ég tel enn fremur sterkar líkur fyrir því, sökum styrjaldarástandsins, sem ríkir, að til stórfelldra útgjalda geti komið, án þess hægt hafi verið að ætla fé til þeirra í fjárlögum. Loks má telja ríka nauðsyn á því, að grynnt verði sem mest á skuldum ríkisins.

Tillögur mínar eru því þær, að ef tekjuafgangur verður, svo verulegu nemi, á árinu 1941, þá verði honum fyrst og fremst varið til þess að greiða af skuldum ríkissjóðs, og þar næst til sjóðsöfnunar.

Ef ríkisstjórnin hins vegar tekur það ráð að auka framkvæmdir fram yfir það, sem í fjárlögum segir, er ég yfirleitt samþykkur því, að fyrir valinu verði þær framkvæmdir, sem í bréfi fjárveitinganefndar eru greindar.

Virðingarfyllst Sigurður Kristjánsson.“

Ég mun nú auk þessa nota þetta tækifæri til þess að mæla með V. brtt. á þskj. 366, frá mér og hv. þm. S.-Þ., þó að hún þurfi raunar ekki mikilla skýringa við. Till. er um byggingarstyrk til Djúpbátsins í Norður-Ísafjarðarsýslu. Fyrir þinginu liggur nú frv. um styrk til Djúpbáts. Við umr. um þetta frv. í Nd. virtist koma fram eindreginn vilji í þá átt, að framlaginu til Djúpbátsins yrði breytt þannig að formi, að það yrði ekki hlutafjárframlag, heldur byggingarstyrkur. Gert var ráð fyrir 100 þús. kr. hlutafé og 50 þús. kr. lánsábyrgð. Má gera ráð fyrir, að þetta sé í rauninni 150 þús. kr. framlag, því að ekki er hægt að búast við, að slíkt fyrirtæki sem þetta beri sig. Nú hefur orðið gott samkomulag í fjvn. um það, að þessi breyting verði gerð á formi frv., en n. þótti betur fara á því, að till. um breytinguna kæmi fram frá einstökum þm. sem brtt. við fjárlfrv., og mundi þá n. styðja brtt.

Í till. okkar er gert ráð fyrir, að framlagið sé greitt í tvennu lagi. Þá er gert ráð fyrir því, að stj. fyrirtækisins sé að meiri hl. kosin af sýslun. Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstj. Ísafjarðarkaupstaðar, ef kaupstaðurinn leggur fram fé til bátssmíðarinnar, en annars af sýslun. einni saman. Það hefur verið regla, að sýslun. kysi meiri hl. stj., svo að þetta er í rauninni engin breyting.

Þar sem hv. fjvn. er á einu máli um þetta, vænti ég þess, að það mæti engri mótspyrnu í hv. Alþ.

***Frsm. samvn. samgm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Eins og nál. samvinnun. samgöngumála á þskj. 303 ber með sér, hafa samgmn. beggja hv. þingd. verið þeirrar skoðunar, að ekki yrði komizt hjá því að taka tillit til óska ýmissa héraða um styrki til flóabátaferða. Liggur það í augum uppi, að ástæðurnar fyrir hækkun þessara styrkja eru eðlilegar, vegna þeirra örðugleikatíma, sem nú eru og verða sennilega enn um skeið. Þessi viðbótarstyrkur, sem áætlaður er 29000 kr., er þó minni en margur hafði búizt við, en þó ekki miklu minni en óskað var. Hv. fjvn. hefur ekki séð sér annað fært en ganga inn á örðugleika þessa árs, og er ég henni alveg samþykkur í því efni, og sérstaklega hlaut að fara svo, að samgmn. deildanna yrðu sammála um þetta, þar eð hér er um að ræða úthald, sem nauðsyn ber til, að haldið sé við, því að það getur ekki verið tilgangurinn, að n. á Alþ. hindri nauðsynlegar framkvæmdir, heldur hitt, að þær leiti ráða til að halda þeim uppi, meðan kostur er.

Í nál. er gerð rækileg grein fyrir ástandinu í þessum efnum og kostnaðarhlið málanna. Hefur fyrir bæði árin, 1941 og 1942, orðið að gera ráð fyrir talsverðri hækkun, og þó meiri fyrir síðara árið, en að því, er það ár snertir, er að mestu um áætlun að ræða. Í nál. er úthlutunin tilgreind, eins og vant er, og geta hv. þm. af því áttað sig á því, hvernig þessum styrk er niður jafnað, þó að fullt samræmi hafi ekki getað orðið.

Að því, er snertir hina almennu hlið þessa máls, get ég þess, að Skipaútgerð ríkisins hefur undanfarin ár haft eftirlit og umsjón með þessum ferðum, og tel ég það óhjákvæmilegt. Ég veit ekki betur en góð samvinna hafi orðið meðal skipaútgerðarinnar og hlutaðeigenda í héruðum, sem haldið hafa úti strandferðabátum. Hefur verið mikill áhugi um að koma þessum málum í sem bezt horf. Menn hafa yfirleitt viljað láta sér nægja það, sem Alþ. hefur viljað láta af mörkum, en það hefur komið niður á ferðunum og valdið því, að þær hafa ekki verið eins tíðar og annars hefði orðið. En hér kemur einnig það til greina, að ýmsir menn í héruðum hafa óskað örari samgangna á sjónum, þótt flutningar til sumra þessara staða á landi hafi margfaldazt.

Skipaútgerð ríkisins hefur átt að samræma þessar ferðir. Reynslan hefur verið sú, að flutningataxtar flóabáta hafa verið 10% undir töxtum skipaútgerðarinnar. Hefur það komið í ljós, að þessir taxtar flóabátanna hafa ekki verið nógu háir, og hefur því orðið að samkomulagi við skipaútgerðina, að hámark flutningataxta flóabátanna verði hið sama og skipaútgerðarinnar. Er þetta nauðsynlegt.

Í þessu nál. eru landsfjórðungarnir sundurliðaðir þannig, að tilgreindar eru þær upplýsingar, sem komið hafa fram frá hverjum hluta, svo að hv. þm. geti áttað sig á, hvernig farið er með málin yfirleitt. Vænti ég, að þm. hlutaðeigandi héraða hafi þegar fellt sig við þetta fyrirkomulag. A. m. k. hafa n. ekki orðið varar við sérstakar athugasemdir við þetta, síðan nál. var prentað.

Ég vil sérstaklega minnast á það, eins og raunar kemur fram í nál., að Vestfjarðasamgöngurnar eru nú að komast á nýjan grundvöll, þar sem stendur til, að nýtt skip komi til þessara samgangna. Verður það þá undir öllum kringumstæðum styrkt að verulegu leyti úr ríkissjóði. Hve mikið það verður, er ósagt, og mun ég láta það hlutlaust. En samgmn. urðu ásáttar um að leggja til við Alþ. þennan styrk, sem greindur er í frv. um smíði Djúpbátsins. En á þskj. 366 (þar eru brtt. fluttar af einstökum þm.) er lagt til, að haft verði á þessu nokkuð annað fyrirkomulag. Er mér ekkert kunnugt um fylgi við þá brtt.

Um Norðurlandsferðir varð samkomulag um að láta sama fyrirkomulag halda sér, nema hvað ferðunum yrði fjölgað og styrkurinn hækkaður eitthvað. Skagafjarðarferðirnar hafa hér þó dálitla sérstöðu. Það hafa komið fram raddir úr Skagafirði um, að einn bátur geti ekki annað þessum ferðum svo vel sé. Hafa komið fram uppástungur um að skipta styrknum þar á milli tveggja báta, þannig að aðalstyrkurinn renni til Sauðárkróksbátsins, eins og áður, en svo fái Fljótabáturinn líka einhvern lítinn styrk. Enda þótt n. hafi ekki trú á þessum ráðagerðum, þá hefur hún samt fallizt á til reynslu að mæla með, að Fljótabáturinn verði styrktur með 1000 kr., en reynslan verður að skera úr um það, hvort hægt verður að halda þar úti viðunandi farkosti eða hverfa til þess, sem áður var gert ráð fyrir, að einn bátur nægði til að halda uppi flutningum um Skagafjörð. Það mun væntanlega sýna sig á þessu sumri, hvort þessi Fljótabátur geti borið sig, svo að nokkur fengur verði í.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í einstök atriði, en vildi aðeins geta þess um Faxaflóaferðirnar, að það liggur nokkuð á lausu með þær ferðir. Eins og hv. þm. vita, hefur að undanförnu Laxfossi verið ætlaður styrkur til Faxaflóaferða, og ekki einungis til Faxaflóaferða. heldur einnig til þess að fara sérstakar ferðir til Breiðafjarðar. Nú er þetta skip komið nokkuð inn á aðrar brautir, eins og getið er um í nál. Er þó í síðustu áætlun tekinn upp nokkur styrkur til Faxaflóaferða, þ. e. a. s. Borgarnesferða, sem nú er lagt til, að verði hækkaður lítið eitt. Vitanlega er þetta því skilyrði bundið, að skip fáist til þessara ferða og að nauður reki til að greiða fé fyrir þessar samgöngur.

Að öðru leyti er þessum styrkveitingum haldið í sama formi og að undanförnu, og er ætlazt til þess, að styrkirnir verði greiddir út á sama hátt og áður eftir till. Skipaútgerðar ríkisins, sem á að taka við skýrslum og reikningum yfir

ferðirnar, auk þess, sem henni ber að fullvissa sig um, að ferðunum hafi verið haldið uppi á þann hátt, sem til er ætlazt af Alþ. og ríkisstjórn.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessi atriði og býst við, að þeim hv. þm., sem hlut eiga að máli og mest koma við þessar flóabátaferðir, sýnist eins og n., að hér sé farið með málið svo allir aðilar megi við una.

Forseti (HG): Útbýtt er í þinginu brtt. á þskj. 376, og verður að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að þær megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég á hér engar brtt. og þarf því ekki að tala fyrir þeim. En ég hef skrifað undir nál. frá samvn. samgm. með fyrirvara, og mun ég gera grein fyrir því. Það eru tvö atriði, sem ég er ósamþykkur, og mun ég koma með brtt. um þau við 3. umr. Ég er ósamþykkur hinum nm. um það að veita styrk til báta, sem fara hver á eftir öðrum sömu leið. Það er t. d. veittur styrkur til þess að fara á milli Siglufjarðar og Sauðárkróks í tvennu lagi, þ. e. a. s. fyrst til Skagafjarðarbáts, og er sá styrkur hækkaður nokkuð, og í öðru lagi er veittur aukastyrkur til Fljótabáts, sem ekki hefur verið áður, en fer nokkuð af sömu leiðinni, sem Sauðárkróksbáturinn á að fara. Að þessu leyti er ég ósamþykkur nál., og getur vel verið, að ég komi með brtt. um það við 3. umr.

Í öðru lagi vil ég sérstaklega nefna Fagranesið, sem siglir sömu leið og báturinn, sem fer til Borgarness. Þarna fara tveir bátar sömu leiðina, og er ætlun n. að styrkja þá báða. Nú hagar að vísu svo til, að sá bátur, sem hefur flutt fólk til Borgarness, getur ekki, a. m. k. mikinn hluta úr árinu, annazt daglega mjólkurflutninga af Akranesi, og vegna þessa var Fagranesið á sínum tíma tekið upp með styrk í stað báts, er áður sótti mjólk í Hvalfjörð. En nú er talað um það, að fólksflutningarnir í sumar leggist um Akranes, og verði svo, þarf Fagranesið ekki styrk, og fái það hann engu að síður, ætti að skylda það til að flytja mjólkina 1942 með óbreyttum flutningsgjöldum.

En það, sem ég vildi tala um fyrst og fremst, er það fé, sem ætlazt er til, að greitt verði á þessu ári eftir nokkurs konar aukafjárl. Ég vil ákveðið benda á það, að nú hagar ákaflega misjafnt til í landinu. Sums staðar er eftirspurnin eftir vinnuafli það mikil, að verkafólk er ekki til til þess að vinna brýnustu nauðsynjaverk, en á öðrum stöðum hagar þannig til, að fólkið hefur ekki enn flutt sig neitt til til þess að leita eftir þessari vinnu, en vinnur í þess stað að framleiðslunni.

Ég legg mikla áherzlu á það, að það verði unnið mikið að verklegum framkvæmdum á þeim stöðum, þar sem fólk er enn nægilegt, svo að það flytjist ekki einnig þaðan, og þá þangað, sem eftirspurnin er mest eftir vinnukrafti og þá um leið burt frá framleiðslunni. Ég vil benda á það, að ég tel ekki rétt að nota þessa aukafjárveitingu, nema það sé nauðsynlegt til þess að halda fólkinu áfram í sveitunum, en í hverri sveit er fleira og færra fólk, sem vantar vinnu að vorinu. Þá vinnu þarf það að fá í vor, til þess að það fari ekki annað í vinnuleit og tapist svo frá framleiðslunni að sumrinu og komi alls ekki aftur heim í átthagana. Þetta vil ég mjög ákveðið biðja stjórnina að athuga, og það vel.

Þá vil ég telja það mjög illa farið, að fjvn. gengur nú meira inn á þá braut að fela í fjárl. ýmsar upphæðir undir einum lið, sem ætti að vera sundurliðaður. Þegar byrjað var á þessu, var það sundurliðað í nefndaráliti; svo var t. d. um brúargerðir, laun til skottudýralækna, laun til vegaverkstjóra, barnakennara, sem ekki komu undir lífeyrissjóð, og ýmislegt fleira. Þetta hélzt um nokkur ár. En nú er þessu hætt. Til brúargerða er ætluð ein upphæð, og maður fær ekkert að vita, hvaða brýr á að byggja. Er ekki rétt, að Alþ. fái að sjá, hvaða ár það eru, sem ætlazt er til, að verði brúaðar fyrir þetta fé? Ég get sagt það til dæmis, að í fyrra fékk ég bréf frá einum manni, sem hafði orðið einn af þeim, sem fá laun á þennan hátt, sem skottudýralæknir á ákveðnum stað í S.-Múlasýslu. Stjórnarráðið hafði ekki hugmynd um, hvort þessi maður væri einn á þessum lið, og gat ekki gefið upplýsingar um það. Svo varð ég að bíða, þangað til fjvn. kom saman og staðfesti þetta, og skrifaði ráðun. bréf um það, að þessi maður hefði komið til greina. Þetta er engin afgreiðsla og er allt öðruvísi en það á að vera. Ef þetta á að vera til þess að spara umr., þegar verið er að fela þessi nöfn, má ekki minna vera en að það komi fram í nál., a. m. k. í framsögu, hvernig þessir liðir eiga að sundurliðast.

Hið sama gildir um einkasíma í sveitum. Hvar á að leggja þá 1942 fyrir það fé, sem til þeirra er ætlað, og hver á að ákveða það? Er það Alþingi, fjárveitinganefnd, ríkisstjórn eða bara símamálastjóri?

Hverjir hafa gögn í höndunum til að taka á móti því fé? Ég veit það ekki; hv. fjvn. veit það kannske og gerir till. um það til ríkisstj., hverjir það eiga að vera. Það væri mjög æskilegt, að hv. fjvn. sundurliðaði þessa liði, svo að menn þurfi ekki að verða í vandræðum með það að sjá, hverjir hafa komið til greina og hverjir ekki. Það þarf einnig að vera hægt að sjá, hvaða ár á að brúa. Ég gæti nefnt fleiri dæmi en eitt um það, að það hefur verið varið til brúa miklu minna fé, og þó af Alþingi ákveðið, hvaða ár skyldi brúa, en síðan farið var að fela þessa liði. Það er þingið, sem á að segja um þetta, en ekki fjvn. á bak við tjöldin.

Í öðru lagi tel ég varhugavert, þó að vel ári fyrir ríkissjóðinn með tekjur, að leggja stórar upphæðir til fyrirtækja, sem svífa í lausu lofti. Enginn veit, hvar framkvæmdir eins og hafnargerð við Faxaflóa eiga að vera, það er aðeins sagt, að hún eigi að vera einhvers staðar við Faxaflóa. Fjvn. hefur ekki heldur hugmynd um það, hvort 250 þús. kr. nægja til þessara framkvæmda. Það hefur alltaf verið venja, að legið

hafi fyrir áætlanir, og ákveðið, á hvaða stað skyldi hefja framkvæmdir, en ekki veitt fé bara út í loftið. Ég tel það mjög misráðið að veita stórfé á þeim stöðum, þar sem einstakir menn eiga landið. Framkvæmdir verða til þess að hækka lóðir landsins í kring á tiltölulega fáum árum, og féð, sem varið var til hafnargerðarinnar, hverfur inn í landverðið og auðgar landeigendur. Síðasta Alþ. samþ. þáltill., sem fór í þá átt að fela stj. að athuga, hvað hægt væri að gera til þess að fyrirbyggja, að grætt yrði á svona framkvæmdum, sem koma eiga almenningi að notum. Mér virðist stj. ekkert hafa gert, a. m. k. liggur það ekki fyrir enn. Ég tel það varhugaverða stefnu, að veita stórfé til hafnargerðar, þegar höfnin er í eigu einstakra manna, og hitt tel ég einnig sérstaklega vítavert, að veita fé til hafnargerðar, sem enginn veit, hvar á að standa og því síður hvað kostar.

Þá vil ég gera dálitla aths. við það, að ákveðið er, að Lárus Rist fái laun fyrir sundkennslu. Ég viðurkenni hans hæfileika og hans starf sem sérstaklega óeigingjarnt og þarft fyrir sundíþróttina. En eins og liðurinn er orðaður gæti það leitt til þess, að margir aðrir sundkennarar gætu átt rétt til slíkra launa. Þess vegna hefði ég talið eðlilegra, að viðurkenningin til Lárusar væri í öðru formi, t. d. að honum væru veitt laun til að kenna sund við garðyrkjuskóla. Þá kem ég næst að því, að ríkið ætlar að stofna til landbúnaðarverkfærasafns á Hvanneyri. Ég teldi miklu réttara, að það yrði á Hólum í Hjaltadal. Hér eru uppi till. um það að varðveita gamla bæi. Bærinn á Hólum er einn gamli bærinn, sem ætti að varðveita og koma fyrir í svona safni. Er einnig tilvalið að framkvæma þessar tvær hugmyndir í einu, að varðveita gamla bæinn og hafa verkfærasafn þar. N. áætlar að veita þúsund kr. til verkfærasafnsins. Við 3. umr. mun ég koma með brtt. um það, að verkfærasafnið verði að Hólum.

Þá þykir mér gæta tvískinnungs í því, ef þingið ætlar að halda áfram að styrkja einstaka sjúkrasjóði. Ég veit ekki, hvers vegna sjúkrasamlagslögin voru sett, ef nú á að fara að styrkja einstaka sjóði, sem standa utan við þau. Þetta eru að vísu smávægilegar upphæðir í hvern stað, en það eru engin heilindi í svona vinnubrögðum.

Ég vænti þess svo, að þessar aths. verði teknar til athugunar, að þessi liður, sem nú er hafður í einu lagi, verði sundurliðaður. Ég vænti þess að fá að sjá það í framhaldsnál., og tel ég það mikilsvert, því sannast að segja er það að öðrum kosti annað tveggja, að n. telur sig hafa ástæðu til þess að fela eitthvað fyrir þm., eða þá hitt, að hún hefur tilhneigingu til þess að ráða ein þeim málum, sem þingið á að ráða. En ég vona, að hvorugt sé, heldur stafi það af gleymsku n. eða athugaleysi, að hún hefur ekki látið þingið vita, hvernig þessir liðir eiga að sundurliðast.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég tók svo eftir, að frsm. fjvn. byrjaði ræðu sína á því að lýsa því yfir, að ekki mundi verða útvarpsumr. við 2. umr. fjárl. að þessu sinni. Hann sagði, að það væri ekki þörf á því að hafa útvarpsumr., vegna þess að nú væri svo ástatt, að mikill meiri hl. þingsins stæði á bak við ríkisstj. En ég vil spyrja: Hvaðan hefur hv. þm. þá vissu, að mikill meiri hl. þjóðarinnar standi á bak við ríkisstj.? Þegar flokkarnir, sem nú standa að stj., gengu til kosninga 1937, háðu þeir harða baráttu hver gegn öðrum, og þá töldu þeir hver um sig beinlínis þjóðarvoða, ef andstöðufl. fengi meirihlutaaðstöðu á þingi. Stefna þjóðstj. er þess vegna í algerðri andstöðu við þá stefnu, sem fl. þeir, sem að stj. standa, tóku gagnvart kjósendum sínum 1937. Undir slíkum kringumstæðum virðist sérstök ástæða til þess að hafa útvarpsumr., og alveg sérstök ástæða til þess að krefjast þess, að stjórnarandstöðunni sé ekki varnað máls. Þegar útvarpsumr. hafa verið, sem mjög sjaldan hefur verið síðan ríkisstj., sem nú situr, tók við stjórnartaumunum, þá hafa deilurnar eingöngu staðið milli stjórnarfl. annars vegar og stjórnarandstöðunnar, þ. e. a. s. Sósialistafl., hins vegar. Stjórnarfl. hafa þá haft nærri fimmfaldan ræðutíma á við þm. Sósialistafl., og skyldi maður þá ætla, að þeir hefðu ekki óttazt slíkar umr. Það er nú samt svo, að ferill þjóðstj. virðist ekki fegurri en svo, að hún óttast það, að ræður stjórnarandstöðunnar fái að heyrast nokkrar mínútur í útvarpinu, og það á þeim tíma, sem blöð stjórnarandstöðunnar, blað flokksins, er bannað. Því hefur verið haldið fram af málgagni stærsta stjórnarfl., að það væri mjög erfitt að hafa kosningar undir þeim kringumstæðum, að blað stjórnarandstöðunnar væri bannað. Þetta er alveg rétt, að ekki er hægt að hafa lýðræðislegar kosningar undir slíkum kringumstæðum. En nú virðist heldur lítið samræmi í því að neita stjórnarandstöðunni um að fá túlkað mál sitt, um leið og slíkum skoðunum er haldið fram. Annars hefur maður haldið eftir því, sem á undan er gengið, að ríkisstj. hefði ekki eina sál. Ríkisstj. og Alþ. hafa á mjög myndarlegan hátt mótmælt ofbeldi hins erlenda hervalds, er það nú hefur flutt þrjá íslenzka ríkisborgara, þar á meðal einn alþm., af landi brott. Blað utanríkismrh. hefur aftur á móti ekki aðeins varið þessar aðgerðir, heldur beinlínis bent á aðra alþm., sem ástæða væri til að gera sömu skil. Blað stærsta stjórnmálafl. í landinu, Sjálfstfl., hefur með réttu stimplað flokk utanrmrh. í þessum málum sem beinlínis handbendi hins erlenda valds, gegn ríkisstj. og Alþ. Það má þess vegna furðu gegna, ef utanrmrh. verður ekki tafarlaust látinn fara úr stj., og verði það ekki gert, þá er ekki hægt að neita því, að ríkisstj. er öll samábyrg utanrmrh. Það er ekki við því að búast, að hið erlenda vald taki mótmæli slíkrar ríkisstj. mjög hátíðlega. Við þm. Sósialistafl. höfum krafizt þess, að útvarpsumr. færu fram um fjárl. annaðhvort við 2. eða 3. umr. Við teljum, að brotin séu l. á okkur, ef það er ekki gert. Samkv. þingsköpum á að útvarpa við frh. 1. umr. fjárl., en svör út af fyrirspurnum um þetta efni eru enn ókomin frá flokkunum, nema Alþfl., — hann hefur svarað neitandi eins og vænta mátti.

Þá ætla ég að snúa mér að þeim brtt., sem

hér liggja fyrir frá mér og hv. 4. landsk. Menn höfðu búizt við því, að fjárlfrv. fyrir árið 1942 og sömuleiðis till. fjvn. yrðu með öðrum hætti en undanfarin ár, og ber þar tvennt til:

1) að dýrtíðin í landinu hefur vaxið með þeim fádæmum, sem raun ber vitni.

2) að nú er til nóg fjármagn til þess að ráðast í miklar framkvæmdir og ljúka þeim verkum, sem hafin eru.

En frv. og till. fjvn. eru með allt öðrum hætti en við mátti búast. Framlög til verklegra framkvæmda hafa ekki verið hækkuð að sama skapi og dýrtíðin hefur aukizt, og er því lagt til, að framlögin verði raunverulega minni en í fjárl. yfirstandandi árs. Samkv. till. fjvn. hafa framlög til samgöngumála aðeins verið hækkuð um ⅓, enda þótt dýrtíðin hafi skv. vísitölu hækkað um 50%. Er þó almennt álitið, að vísitalan sýni of litla hækkun. Framlög til verklegra framkvæmda samkv. 16. gr. telst mér, að hækki um 7—8%. Nú má búast við því og er enda fullvíst, að dýrtíðin verður meiri 1942 en hún nú er, þótt ekkert verði um það sagt, hvernig hér verður umhorfs að öðru leyti. Till. fjvn. eru því næsta furðulegar.

Við höfum nú heyrt rök n., en þau eru í stuttu máli þessi: Það er þá fyrst og fremst, að skortur sé á vinnuafli í landinu og því eigi ríkið ekki að stofna til samkeppni um vinnuaflið. Ójá, það er nú svo, en við hvern er að keppa? Stærsti atvinnuveitandinn nú er erlendur innrásarher. Það væri fróðlegt að heyra, hve mikið hinu brezka hervaldi er afhent í innlendu fé til þess að greiða með framkvæmdir vegna hernaðaraðgerða. Ég hef heyrt, að það muni vera allt að 8 millj. kr. á mánuði. Þessar framkvæmdir brezka innrásarhersins greiðir ríkið í raun og veru. Á móti kemur innieign í sterlingspundum, sem eins og er er lítils virði og getur orðið einskis virði. Með þessu móti er verið að leiða hrun yfir okkar litla þjóðfélag.

Væri nú ekki skynsamlegra að nota þessar milljónir til nytsamlegra framkvæmda, til þess að afla matfanga og annarra nauðsynja? Því er borið við, að ekki sé unnt að fá vinnuafl nema með þegnskylduvinnu eða öðrum þvinguarráðstöfunum. Ég held, að þetta sé sagt út í bláinn. Ef íslenzka ríkið býður sömu kjör og Bretarnir og skírskotar til þjóðhollustu manna, fengjust nógir menn. Sama máli gegnir um landbúnaðarframkvæmdir. Ef ríkisstjórnin vildi stuðla að því, að hægt væri að bjóða sömu kjör og Bretarnir bjóða, fást nógir menn.

Það, sem landinu ríður á, er að breyta pappírspeningunum í mat, föt og önnur verðmæti. Þess sjást engin merki, að þm. hafi gert sér þetta ljóst, þvert á móti hefur komið fram tilhneiging að safna þessum pappírspeningum í gilda sjóði.

Eins og tekið er fram í nál. fjvn., verður ekki komizt hjá því að setja sérstaka löggjöf um aukafjárveitingar. Í þá átt að breyta pappírspeningunum í mat, í föt, mannvirki og ýmiss konar verðmæti stefna till. okkar þm. Sósíalistaflokksins.

Það er jafnvel enn erfiðara að finna rök fyrir þeirri stefnu að skera við neglur framlög til vísinda og lista. Á því sviði er einnig hægt að skapa þau verðmæti, sem eru meira virði en pappírspeningar. Þess vegna flytjum við till. til hækkunar framlaga til menningarstarfsemi. Alls nema till. okkar nokkuð á þriðju milljón króna og þar af til verklegra framkvæmda tæpar 2 millj. kr. Þetta er ekki stór upphæð, þegar borið er saman við þau ógrynni fjár, sem brezka herstjórnin ver til hernaðaraðgerða hér á landi, framkvæmda, sem við verðum raunverulega að greiða.

Ég mun ekki ræða einstakar till. sérstaklega. Við höfum einkum lagt áherzlu á aukin framlög til vegagerða á aðalsamgönguleiðunum og auk þess lagt til, að framlög til viðhalds vegum hækki um ½ millj. kr., sem mun ekki af veita. Þegar þess er gætt, að hver km í vegi kostar víða um 20—30 þús. kr., þá sér hver heilvita maður, að hrökkva skammt þessar fáu þús. kr., sem nú er verið að veita í vegina hingað og þangað um landið. Yfirleitt er þessi píringur í vegina óheppilegt búskaparlag, og höfum við þm. Sósíalistafl. alltaf verið því mótfallnir.

Þá leggjum við til, að framlag til brúagerða hækki ríflega og skuli þar af veitt til brúar á Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga 45000 kr. Þessi brú er á brúalögum og er þýðingarmikil samgöngubót. Höfum við áður flutt till. hér að lútandi, og er það von manna eystra, að þessi till. nái nú fram að ganga.

Þá eru nokkrar hækkanir til hafnargerða, og þarf ég ekki að fjölyrða um þær till. Til framleiðslubóta höfum við lagt til, að veitt verði 1 millj. kr. í stað ½ millj. eins og frv. gerir ráð fyrir, enda er ærin þörf fyrir hærra tillag til framleiðslubóta, m. a. til aukinna ræktunarframkvæmda, og enginn veit nema á árinu 1942 kunni að vera þörf fyrir atvinnubótafé.

Loks leggjum við til, að ríkisstj. verði heimilað að hækka framlög til verklegra framkvæmda um 35% á árinu 1942. Það er meiri þörf á að veita ríkisstj. heimild til að hækka framlögin um 35% en að lækka þau um sama hundraðshluta, eins og lagt er til í till. fjvn. Slíka heimild til lækkunar tel ég hættulegt vald í höndum ríkisstj., en hækkun er óhjákvæmileg, því að hversu hátt dýrtíðin verður komin 1942, er ekki hægt að segja. Ef gert er ráð fyrir, að farið verði eftir fjárl., er hækkunarheimildin nauðsynleg, en mér heyrist á sumum fjvnm., að dregið sé í efa, að svo verði gert.

1. brtt. á þskj. 366 frá okkur þm. Sósíalistafl. þarf skýringar við. Er það nýr liður: Kostnaður við ráðstafanir til að koma á þrifnaði og betri aðbúð fyrir fangana á Litla-Hrauni, 5000 kr. Á Litla-Hrauni er þrifnaði mjög áfátt. Þar er óþriflega farið með mat, óþriflega gengið um húsakynni, og þar liggur meira að segja lús í landi. Álít ég það ekki vansalaust, ef ekki er úr þessu bætt.

Þá koma till. okkar um styrki til menntamála. Aðaltill. er um hækkun á styrk til skálda, vísindamanna og listamanna og um breyting á aðild við úthlutun styrksins. Í stað þess að menntamálaráð úthlutar styrknum nú, leggjum við til, að bandalag íslenzkra listamanna sjái um úthlutun styrks til listamannanna, en há-

skólaráð til vísindamanna. Ætla ég ekki að ræða þessa till. frekar, þar sem ég býst við, að hv. meðflm. minn geri henni frekari skil. Þá er lagt til, að fjárveiting til bókakaupa og handrita hækki í 150 þús. kr. úr 24 þús. kr. Nú er tækifæri til þess að gera bókakaup í Bretlandi fyrir innifrosin sterlingspund og bæta þannig úr þeirri þörf að gera mönnum kleift að stunda vísindi hér á landi.

Loks er hækkun á tillagi til bókasafna um 100% og til slysavarna 100000 kr. í stað 8000 kr. Þarf ég ekki að eyða neinum orðum um nauðsyn slysavarnanna, en við teljum ekki vansalaust, að slík starfsemi skuli þurfa að lifa á bónbjörgum á þessum tímum.

Læt ég svo útrætt um till. okkar að sinni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 379,I) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Ísleifur Högnason: Hv. síðasti ræðumaður gat þess, að ég mundi gera skil einni brtt. okkar, við 15. gr. fjárlfrv., um styrk til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna, að styrkurinn verði hækkaður upp í 250 þús. kr. Í hinu upprunalega fjárlfrv. er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á þessum lið. Gegnir það furðu, að þess skuli ekki hafa verið gætt í upphafi, að þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, þurfa að njóta dýrtíðaruppbótar sem aðrir. Ég sé reyndar, að í brtt. fjvn. er þessi liður hækkaður í 90 þús. kr., en það nær vitanlega engri átt að hækka ekki lífeyri skálda og listamanna nema um 12%, þegar vísitalan hefur hækkað um 50%. Ef þessi liður hefði átt að haldast óbreyttur með tilliti til aukinnar dýrtíðar, hefði hann átt að vera 120 þús. kr. — Nú er það vitað, að tekjur ríkissjóðs fara langt fram úr áætlun, en fjárveiting til skálda og listamanna hefur verið skorin mjög við neglur á undanförnum árum; er því þessi hækkun vel verjandi.

Þá kem ég að hinu atriði till., að breyta til um það, hverjir skuli hafa úthlutun styrksins á hendi. Tvö undanfarin ár hefur menntamálaráð úthlutað styrknum. Ég þykist ekki fara með neinar öfgar, þegar ég segi, að óréttlætið við úthlutun þessarar fjárveitingar fer stöðugt vaxandi, sem er ekki að undra, þegar formaður menntamálaráðs, hv. þm. S.-Þ., er maður, sem mjög leikur á tveim tungum, hvort hægt sé að taka alvarlega. (Forseti hringir.) Nægir í því sambandi að vísa til ummæla hans í síðasta tölublaði Tímans, sem eru svo gróf og fjarri öllum sanni, að mig furðar á, ef framsóknarmenn fyrirverða sig ekki fyrir að hafa þennan mann í formannssæti flokksins stundinni lengur. (Forseti hringir). Ég hef ekki gengið lengra í ummælum mínum en algengt er hér á þingi, og ef ég hefði þingtíðindin hér við höndina, gæti ég sannað hæstv. forseta, að hv. þm. S.-Þ. hefur margsinnis viðhaft hér verri orð.

Með leyfi hæstv. forseta vil ég taka dæmi úr umræddri grein máli mínu til sönnunar, að það sé ekki vansalaust að láta formanni stærsta þingflokksins líðast slík skrif, en Alþingi hafði þá, sem kunnugt er, mótmælt handtöku og brottflutningi þriggja íslenzkra þegna, þar á meðal eins alþm.

Hv. þm. S.-Þ. segir í upphafi greinarinnar, að Alþ. hafi gert skyldu sína að mótmæla handtökunni. Sjálfur uppfyllti hv. þm. ekki þá skyldu, því að hann stökk burt af fundi ásamt hæstv. atvmrh., áður en gengið var til atkvæða. — Síðar í greininni reynir hann að draga úr mætti mótmæla Alþingis með því að saka þann flokk, er hér átti hlut að máli, um þá glæpi, að það væri óverjandi, ef satt væri, að hafa þessa menn lausa í þjóðfélaginu.

Hv. þm. segir t. d. í umræddri grein, með leyfi hæstv. forseta: „Þeir hafa (þ. e. kommúnistar, og á hann þar við Sósialistafl.) reynt að frysta tilfinningu landsmanna fyrir þjóðerni og sjálfstæði.“ — Og enn segir hann: „Þegar þjóðinni dauðlá á, að sjómenn gætu fengið vernd við störf sín, prédikuðu kommúnistar, að sjómenn ættu að vera verndarlausir og réttdræpir, hvar sem til þeirra næðist.“

Það er formaður stærsta flokksins á Alþ., sem leyfir sér að viðhafa slíkar fullyrðingar og í þeim tilgangi að gera að engu þau mótmæli, sem Alþ. hafði samþykkt fyrir viku síðan. Ég nenni ekki að hafa yfir allan þann orðaflaum, smekkleysur og ósannindi, sem þm. ber á borð fyrir þjóðina í þessu blaðaskrifi, en ég treysti því, að þeir þm., sem meintu eitthvað með mótmælunum, geri ráðstafanir til þess að forða Alþingi frá þeirri smán í framtíðinni, að slíkur áróður sé liðinn gegn samþykktum þess.

Áður hefur verið getið þeirrar óhæfu, að blað utanríkismálaráðherrans skuli viðhafa sams konar málflutning.

Ég vænti, að þm. fallist á að taka styrkveitingar þessar úr höndum menntamálaráðs og fá þær réttum aðilum, sem eru bandalag íslenzkra listamanna og háskólaráð. Eru mörg fordæmi fyrir því, að slíkar styrkveitingar eru fengnar í hendur þeim samtökum, sem þeirra eiga að njóta, t. d. Búnaðarfélagi Íslands, verklýðsfélögum o. fl.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég hef ekki ástæðu til annars en þakka fjvn. fyrir meðferð hennar á frv. samkv. brtt. og nál., sem lagt hefur verið fram. Í sambandi við fyrsta þátt nál., þar sem rætt er um ráðstafanir á handbæru fé ríkissjóð skv. yfirliti um hag ríkissjóðs á síðastl. ári, og þau ummæli hv. frsm., að n. kysi helzt, að ríkisstjórnin hefði ekki algert einræði um ráðstafanir á því fé, vil ég vekja athygli á, að til eru l. um jöfnunarsjóð ríkisins frá 1932, þar sem settar eru sérstakar reglur um það, þegar tekjur ríkissjóðs fara verulega fram úr áætlun, og yrði ríkisstj. bundin við fyrirmæli þeirra laga.

Hins er ekki að dyljast, að n. hefur í till. sínum um ráðstafanir á þessu fé farið talsvert lengra en gert er ráð fyrir í þessum lögum. Ég skal ekkert um það segja, hvort ástæða sé til að fara eftir þeim fyrirmælum óbreyttum, en tel hins vegar ekki heimild til þess að fara í bága við gildandi lagaákvæði. Annars skal ég ekki gera þessar till. n. að frekara umræðuefni, því að ríkisstj. hefur ekki enn haft tækifæri til þess að taka afstöðu til þeirra. En það er

enginn vafi á því, að stjórnin mun gera sér far um að fara eftir óskum n. svo sem unnt er.

Nú ber hins vegar þess að gæta, að þó að nokkuð þætti tvísýnt um afkomu ársins 1942 og jafnvel yfirstandandi árs, þegar fjárlfrv. var lagt fram hér á þingi, þá getur engum dulizt, að nú er enn þá tvísýnna um hvort tveggja. Eins og við vitum, hafa siglingar stöðvazt nú um hríð, og enn þá vitum við ekki, hvernig til tekst um aðdrætti til landsins á næstunni. Af þessu leiðir, að allt er í óvissu um tekjur ríkissjóðs af innfluttum vörum til landsins, allar tolltekjur. Það gæti vel farið svo, jafnvel þó við vitum, að allmikill tekjuskattur muni falla til ríkissjóðs á þessu ári af tekjum síðastl. árs, að afgangurinn yrði minni heldur en menn hefðu búizt við, jafnvel svo, að það gæti verið þung áminning um það að fara enn varlegar í afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1942 heldur en fram að þessu hefur verið búizt við, að ástæður leyfðu. Ég er ekki með þessu á nokkurn hátt að áfellast n. fyrir afgreiðslu hennar á frv. Því fer fjarri, að ég hafi nokkra ástæðu til að gera ágreining við hana um þær till., sem hún hefur komið með, miklu frekar mætti segja, að eftir því, sem allt virtist horfa við þá, hafi hún farið miklu frekar varlega í sakirnar heldur en hitt.

Eins og hv. frsm. skýrði frá, þá leggur n. til, að gjöld ríkissjóðs verði aukin um 1.6 millj. kr. Þar af eru 600 þús. kr. leiðréttíng á áætlun um verðlagsuppbót. Af þeirri rúmri millj., sem þá eru eftir af hækkunartill., sé ég, að 830 þús. munu vera til verklegra framkvæmda samkv. 13. gr. og 112 þús. samkv. 16. gr. Það eru þá ekki miklar upphæðir, sem fara til annars en þarflegra hluta, sem n. leggur til, að lagt verði í. Ég skal taka það fram út af sumum hækkunartill., að í frv. var að vísu gert ráð fyrir nokkurri hækkun til ýmissa þeirra hluta, sem n. vill gera, en það er náttúrlega matsatriði hjá hverjum og einum, hvað eigi að verja miklu fé á hverjum tíma, jafnvel til nauðsynlegustu hluta. Samkv. frv. var t. d. gert ráð fyrir því að auka framlög til nýrra þjóðvega um 100 þús. kr. Nefndin leggur til, að það hækki enn um 186 þús. Framlög til hafnagerða og lendingarbóta eru að mestu leyti nýjar till. frá n. Ég skal í sambandi við þetta taka það fram, að fyrir fjármálaráðuneytinu lágu ekki neinar till. um fjárframlög til þessara hluta, og hefur það líklega stafað mest af því, að menn hafa ekki búizt við, að fært yrði að leggja mikið í slíkar framkvæmdir á næstunni, og ég tel að sjálfsögðu ekki neina ástæðu til að amast við því, að þær fjárveitingar verði settar inn í fjárlögin. Þar sem n. hefur látið haldast heimildina til ríkissjóðs til að lækka ólögbundnar greiðslur úr ríkissjóði, eins og í frv. fyrir yfirstandandi ár stóð, þá er náttúrlega síður en svo ástæða til að amast við því. Hins vegar verður að gera sér ljóst, að maður veit lítið, hverju fram vindur um afkomu ríkissjóðs á þessu ári, eins og ég hef áður tekið fram. Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja mjög um þetta frekar. Af einstökum till. hef ég tekið eftir því, að n. hefur lagt til breyt. um styrk til verzlunarskólanna, sem óvenjuleg eindrægni virtist vera um á síðasta þingi, þ. e. a. s., að styrkur úr ríkissjóði til þessara skóla yrði veittur í hlutfalli við nemendatölu, eins og yfirleitt tíðkast um styrk til skóla. Nefndin leggur til, að þetta sé fært í gamla horfið, að framlögin til þessara skóla verði jöfn. Ég tel þetta ekki sanngjarna breyt. og teldi réttara að halda uppteknum hætti um fjárveitingu til þeirra.

Hækkun n. á styrknum til skálda og rithöfunda um 10 þús. tel ég í sjálfu sér sanngjarna. Ég skil það þó ekki þannig, að þetta eigi að vera eins konar verðlagsuppbót á þessa styrki, því mér er skylt að taka það fram, að verðlagsuppbót hefur verið greidd á þessa styrki, ef til vill með lítilli heimild, en það þótti ekki verða hjá því komizt vegna þeirra mörgu manna, sem hafa þessa styrki svo að segja eingöngu sér til framfærslu. Ég lít því svo á, að þessi hækkun miði frekar að því að veita menntamálaráði frjálsari hendur um styrkveitingar, og er það þá líka í samræmi við till. n. um að fella niður styrkinn til þriggja ákveðinna manna, sem ráðuneytið hefur greitt styrk samkvæmt tilmælum menntamálaráðs, vegna þess að menntamálaráð vildi síður veita styrk til manna, sem sæti áttu í því.

Ég held það séu nú varla fleiri till. frá n., sem ástæða er til fyrir mig að gera að umtalsefni, og held, að ég geti með þessu látið útrætt um málið að þessu sinni. Ég vildi þó vekja athygli á því, að ég er hræddur um, að í uppgerðinni síðast í nál. muni koma fram einhver skekkja, sem þá leiðréttist að sjálfsögðu, þegar frv. verður prentað upp.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Þessar umr., sem fram hafa farið, hafa ekki gefið fjvn. mörg tilefni til andsvara. Þau fáu atriði, sem fram komu, vildi ég þó aðeins minnast á.

Ég vil byrja á því að láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. fjmrh. lét yfirleitt falla vinsamleg orð til n. í þá átt, að hún hefði farið fremur gætilega að í till. sínum. Það hefði verið eðlilegt, að bæði hann og aðrir hv. þm. byggjust við því, að n. mundi gera stórkostlegar hækkanir, þar sem dýrtíðin hefur stóraukizt og fengið viðurkenningu á sem sagt öllum sviðum. Það var þannig búið að gefa fjvn. fulla bendingu um það, að hún ætti í raun og veru að ganga út frá því, að væntanleg fjárlög hækkuðu í nokkuð svipuðu hlutfalli og greiðslur hafa hækkað á yfirstandandi ári. Nefndin gerði grein fyrir þessu í nál. og enn fremur gerði ég grein fyrir því í ræðu minni, að hyggilegra væri, að þingið hefði þessi tvö atriði til meðferðar jöfnum höndum, sem sé þau að heimila ríkisstj. að draga úr greiðslum, ef tekjur ríkissjóðs brygðust að verulegu leyti, og hins vegar að bæta við framkvæmdir þær, sem gert er ráð fyrir í fjárlögunum, þegar sæist fyrir, hvernig dýrtíðin væri. Ég skal viðurkenna það, að hæstv. fjmrh. benti á, að til væru lög um jöfnunarsjóð ríkissjóðs, en þrátt fyrir þau ákvæði mun ríkisstj. hafa nokkuð rúmar hendur um það að greiða sanngjarnar greiðslur, ef fé er til. Um það má náttúrlega lengi deila, hvað er sanngjarnt og hvað ósanngjarnt, og það er alveg

sérstakt viðhorf, sem þjóðstjórn hefur í þessu efni. Það er í raun og veru allt önnur aðstaða en hjá flokksstjórn, og lögin um jöfnunarsjóð eru fyrst og fremst miðuð við ríkisstj., sem er studd af einum sérstökum flokki í þinginu. Þjóðstjórn getur leyft sér ýmislegt, sem flokksstjórn getur ekki, enda er beinlínis ætlazt til þess, því þjóðstjórn er til og studd vegna þess, að tímarnir eru erfiðir, og með því er ætlazt til, að ríkisstj. verði á þann hátt sterkari.

Hæstv. ráðh. minntist hér aðeins á örfáa liði. Ég get svarað honum, hvað vakti fyrir n. viðvíkjandi verzlunarskólunum. Það er alveg rétt, að það var samþ. á síðasta þingi till. um að skipta styrknum eftir höfðatölureglunni, en margir hv. þm. munu frekar hafa litið á það sem gamansemi heldur en það ætti svona djúpar rætur. Nefndin leggur til, að fjárveitingin verði á sama grundvelli og áður var, en gerir það ekki að neinu kappsmáli.

Það er rétt athugað hjá hæstv. ráðh., að þessi hækkun á listamannastyrknum er ekki miðuð við dýrtíðina, heldur við það, að úthlutunin geti orðið dálítið rýmri við þessa hækkun. Viðvíkjandi þeim einstaklingum, sem n. leggur til, að felldir verði niður af 15. gr., þá er það rétt, að manni getur virzt það óviðkunnanlegt, að menn, sem eru í stjórn menntamálaráðs, úthluti sér styrkjum, en því hefur einmitt verið slegið föstu, að beinlínis væri ætlazt til, að þessum mönnum verði greiddar þessar fjárhæðir af því fé, sem menntamálaráð hefur yfir að ráða, svo að það gæti ekki á nokkurn hátt verið móðgandi fyrir þessa virðulegu menn.

Ég minnist ekki, að hæstv. ráðh. hafi gefið tilefni til frekari athugasemda nema viðvíkjandi því, sem hann sagði síðast. Hann taldi vafasamt, að niðurstöðurnar væru réttar samkvæmt ræðu minni áðan og nál. því, sem fyrir liggur. Þetta er rétt athugað, en mér láðist að geta þess, að í nál. er hrapalleg villa, sem stafar af misritun. Þar á að standa: Greiðslujöfnuður óhagstæður um 1568024 kr.

Enn fremur vil ég benda á viðvíkjandi brtt. á þskj. 274, þar sem n. leggur til, að framlagið til brúargerða hækki úr 40 þús. upp í 100 þús., að þessi till. er á sérstöku þskj. og mér hefur láðst að breyta niðurstöðu nál. í samræmi við þetta, og ekki eru heldur tekin með þau útgjöld, sem sameinaðar samgöngumálanefndir gera ráð fyrir í sínu nál.

Viðvíkjandi því, sem einstakir hv. þm. hafa tekið hér fram, vildi ég fyrst minnast á það, sem hv. fyrri þm. N.-M. sagði. Það, sem hann gerði að umtalsefni, voru nokkrar smáupphæðir, sem eru í heild í fjárlögum, en eiga að deilast niður á ýmsa liði eða einstakar persónur. Ég get vel viðurkennt, að það er rétt að taka fram, hvað fyrir fjvn. vakir, svo að ekki leiki vafi á, en ég vil hins vegar leggja áherzlu á, — og fjvn. mun vera sammála um það eins og nú er —, að það fari betur að veita ýmsar upphæðir í einu lagi, án þess að því sé beinlínis skipt í sjálfum fjárlögunum. Má þar nefna smástyrki til einstakra manna, t. d. kennara, sem eru hættir að vinna, pósta og símastarfsmanna og ýmislegt þess konar, sem eru smáatriði og auðvelt að geta um það í framsögu, hvað fyrir n. vakir. Um verklegar framkvæmdir er það langoftast gert að jafna fjárveitingum niður eftir sjónarmiði n., — þó er að nokkru leyti undantekning með brúargerðir. Ég minnist ekki, síðan ég fór að vinna að þessum málum, að það sé sundurliðað í fjárl., heldur komi það fram í nál. eða í framsögu, hvernig n. ætlast til, að fénu verði varið. Það getur vel verið, að þetta hafi breytzt í seinni tíð, og þá aðallega vegna þess, að fé, sem veitt hefur verið til brúargerða, hefur verið svo takmarkað, að n. hefur tæplega þótt taka því að skipta því niður, því það hefur verið svo langt fyrir neðan þær óskir og kröfur, sem gerðar hafa verið í þessu efni. Ef þessi brtt. yrði samþ., þá er vel athugandi, hvaða brýr það eru, sem fyrst koma til greina. Ég veit líka, að vegamálastjóri vildi, að fjvn. legði eitthvað til þeirra mála. Ég get vel fallizt á það, að það sé nokkuð annað með smástyrki, sem ætlaðir eru til einstakra manna, heldur en fjárhæðir til verklegra framkvæmda, sem einhverju verulegu nema.

Það kom fram í ræðu hv. 1. landsk. í sambandi við vinnuhælið á Litla-Hrauni, að þar væri léleg umgengni. Ég er nú dálítið kunnugur þar og hef ekki orðið var við þetta. Þó skal ég játa, að ég hef sjaldan komið inn í húsið, en ég þekki forstjórann vel og veit, að hann er myndarmaður, og þykir mér það dálítið einkennileg aðdróttun, þó ég geti hins vegar ekki tekið af skarið um það, hvort þetta er rétt. Ég hygg, ef þessi ásökun er borin á þessa sérstöku stofnun, að þá megi margir gæta að sér, hvort þrifnaði sé ekki ábótavant, og vil ég sízt gera lítið úr því, að lögð sé áherzla á, að á opinberum stöðum sé gætt fyllsta þrifnaðar. Ég mun styðja allar réttmætar till., sem fram koma um það, en efast um, að aðdróttunin í þessu tilfelli sé réttmæt.

Um þær brtt., sem hér liggja fyrir, tel ég, að þær, sem snerta vegina, séu ekki með öllu sanngjarnar. Fjvn. hefur hækkað verulega tillög til vega. Til þess að mæta óskum hv. þm. Mýr. hefur tillag til Álftanesvegar verið hækkað úr 10 þús. upp í 12 þús. og til Hraunhreppsvegar úr 3½ þús. upp í 5 þús., en hann vill ekki sætta sig við þetta, heldur kemur hann með brtt., þar sem hann mun fara fram á þær ýtrustu hækkanir samkv. sínum óskum. Þetta fékk enginn hv. þm., og var þess vegna ekki að vænta, að n. gerði honum hærra undir höfði en öðrum. Ég vildi mælast til þess, að hann tæki þessar till. sínar aftur til 3. umr., og mætti þá athuga, hvort hægt væri að mæta óskum hans, en sem frsm. vil ég ekki mæla með því, að till. verði samþ.

Hv. þm. V.-Sk. hefur borið fram brtt. um hækkun til vega þar. N. er kunnugt um það, að í frv. voru teknar upp þær fjárhæðir, sem lágu a. m. k. mjög nærri till. vegamálastjóra. Það er sama um þessar till., að ég hefði viljað óska, að hv. þm. vildi taka þessar till. aftur, því að ég sé mér ekki fært að mæla með því, að þær verði samþ.

Um aðrar brtt. mun ég ekki tala. Ég get viðurkennt, að það eru hér margar till. frá hv. 1. landsk. og hv. 4. landsk., sem sjálfsagt eiga

fullan rétt á sér. Flestu því, sem þar eru gerðar till. um, mun vera gert ráð fyrir í fjárlagafrv., og ég geri ráð fyrir, að Alþingi sjái sér ekki fært að verða við óskum þeirra um þær miklu fjárhæðir, sem þeir leggja til í sínum brtt. Ég mun hins vegar ekki skipta mér af því, hvort þeir vilja geyma till. sínar til 3. umr. eða láta fara fram atkvgr. um þær nú.

Ég minnist ekki, að ég hafi fengið tilefni til að svara fleiru, sem fram hefur komið. Það var allt mjög hógvært og heldur veigalítið, og bendir það til þess, að n. hafi starfað sómasamlega, sem ég vil og vænta, að hafi verið, og það gleður mig sannarlega, að hv. þm. hafa ekki gert fleiri aths. né komið með fleiri brtt. en enn eru komnar.

Ég geri ráð fyrir því, að einhverjar brtt. komi við 3. umr., en það verður líka tími á milli umr. að athuga þá nánar óskir manna.

ATKVGR.

Afbrigði um tvær skrifl. brtt. (sjá þskj. 379, II og III) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Ég á hér tvær brtt. á þskj. 376. Hv. frsm. fjvn. fór nokkrum orðum um þessar brtt. og kvaðst ekki geta mælt með þeim, enda hefði ég fengið mínar óskir uppfylltar umfram aðra þingmenn. Ég fór þarna fram á, eftir beiðni kjósenda minna, ríflegri upphæð en talað er um. Og ég get getið þess, að það, sem ég fór fram á, er aðeins lítið brot af því, sem þeim, sem eiga hlut að máli, datt í hug, enda er vegaþörfin þarna — í Álftanes- og Hraunhreppi — mjög brýn. Þegar ég las yfir brtt. fjvn., fannst mér vera of skammt gengið gagnvart mér. Þess vegna vildi ég gera tilraun til að bæta um. — Hins vegar mun ég verða við ósk hv. frsm. fjvn. að taka aftur till. mínar til 3. umr., og lýsi ég því hér með yfir.

Jón Ívarsson: Það eru aðeins tvö atriði í till. fjvn., sem ég vildi leita upplýsinga um. Má vera, að það sé vegna þess, að ég er ókunnari gangi mála hér á þingi en aðrir hv. þm., enda hef ég verið hér skemur. Annað atriðið er c-liður við 13. gr., til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa, 250 þús. kr. Af því að hér er um stóra upphæð að ræða og ég er ókunnugur þessu, þá þætti mér æskilegt að fá frekari upplýsingar um þetta áður en til atkv. er gengið, enda þótt hér kunni að vera um nauðsynlegt fyrirtæki að ræða. Mér virðist „við sunnanverðan Faxaflóa“ vera rúmt hugtak, og því væri gott að fá um þetta nánari skýringar og greinargerð um þann undirbúning, sem kynni að hafa farið fram þessari hafnargerð viðkomandi. Hitt atriðið er undir d-lið við sömu gr., til hafnargerðar við Lónsfjörð, 10 þús. kr. Mig langar til þess að spyrja um, hvort hér á að veita fjártillag úr ríkissjóði án þess að nokkuð sé lagt fram frá öðrum þeim, sem hlut eiga að máli. Ég tel sjálfsagt, að allir hlutaðeigendur fái að vita um þetta, og þá einnig þingm., áður en þeir eiga að greiða atkv. um fjáveitinguna. Mörg fjárframlög til hafnargerða eru þannig, að tilskilið er, að viðkomandi bæjarfélag eða hreppsfélag leggi eitthvað tiltekið fram á móti ríkissjóðstillaginu, en hér er ekkert um það greint, og vil ég því óska skýringa um það.

Skúli Guðmundsson: Það var eitt atriði í till. fjvn., sem ég ætlaði að gera að umtalsefni, en hv. síðasti ræðumaður tók að mestu af mér ómakið. Það er till. um hafnargerð við Faxaflóa, 250 þús. kr. Ég veit, að mikil þörf er fyrir hafnargerð á þessum slóðum, en ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að eðlilegt sé, að menn fengju, áður en fjárhæðin er veitt, upplýsingar um, hvar höfnin eigi að vera.

Á undanförnum þingum hafa verið samþ. lög um hafnargerðir á ýmsum stöðum og þá ákveðið, að ríkissjóður legði fram ⅔ kostnaðar, en ríkisstjórnin hefði enn fremur heimild til að ábyrgjast, f. h. ríkissjóðs, upphæð, sem næmi öðrum ⅔, en ⅓ átti viðkomandi staður að leggja fram án ríkisábyrgðar. Enn þá hafa engin lög verið sett um hafnargerð við sunnanverðan Faxaflóa. Ég hef heyrt, að athugað hafi verið, hvar höfnin ætti að vera, en ekkert hefur verið lagt fyrir þingið, hvorki kostnaðaráætlanir eða annað. Ég geri ráð fyrir, að hv. þingmenn vildu fá upplýsingar um þetta.

Ég vildi skjóta því fram, hvort ekki mundi rétt, ef þetta yrði samþ., að geyma þetta fé, þar til lög yrðu sett um hafnargerð á þessum stað. Ég vil skjóta því til hv. fjvn., hvort hún vildi ekki flytja viðbótartill. við þennan lið, um að slík ráðstöfun yrði gerð.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég ætla ekki að fjölyrða almennt um fjárlögin né heldur um brtt. fjvn. Ástæðan til þess, að ég tek til máls, er sú, að fram hafa komið fyrirspurnir frá tveim hv. þm., þeim hv. þm. A.-Sk. og hv. þm. V.-Húnv., varðandi till. fjvn. um hafnargerð við sunnanverðan Faxaflóa, 250 þús. kr. Eins og hv. þm. muna, þá var samþ. á síðasta Alþingi að veita 100 þús. kr. til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa, og þó ekki séu nein ákvæði um, að þessum 100 þús. verði varið á sama hátt og 250 þús., þá er ekki hægt að fullyrða nema svo kunni að fara. — Hér er um brýna nauðsyn að ræða til hafnargerðar, og hv. þm. hafa viðurkennt þessa þörf. Vitamálastjóri hefur látið rannsaka ýmsa staði, en mun hafa fallið frá ýmsum þeirra, sem til mála hafa komið, eins og t. d. Keflavík, sem mörgum datt í hug sem framtíðarhöfn. Hins vegar er ekki hægt að segja um, að endanlegar ákvarðanir hafi verið teknar, en vitamálastjóri mun láta fara fram meiri rannsóknir. Þessi höfn hefur verið hugsuð með öðrum hætti en aðrar hafnir, sem hér hafa verið gerðar. Venja hefur verið, að ríkissjóður leggi fram vissan hluta kostnaðar og taki ábyrgð á öðru, en þó gegn framlagi frá viðkomandi hrepps- eða bæjarfélögum. Þessi höfn er hugsuð sem landshöfn og að ríkið legði allt fé til hennar. Ekki einungis til að bæta um fyrir mönnum hér við Faxaflóa, heldur öllum landsmönnum. Það er venja, að smærri bátar flytja sig hvaðanæva að og hafa bækistöðvar á þessum slóðum á vetrarvertíð, og á þessi höfn fyrst og fremst að vera þeirra griðastaður.

Ég geri ráð fyrir, að ekki verði hafizt handa um byggingu þessarar hafnar strax, og ekki án þess að hér verði lagt fram á Alþ. frv. um það áður. Þó er hugsanlegt, að ríkisstj. fengi vald til að ráða stað til hafnargerðar, í samráði við sérfræðinga, og þá fyrst og fremst vitamálastjórnina. Ég veit, að óskir hafa komið fram um að hefjast handa eins fljótt og auðið er um byggingu hafnar eða umbætur frá því, sem nú er. Og þær raddir, sem komið hafa fram um þetta, hafa fengið fylgi almennings, vegna slysa, sem skeð hafa á þessum útgerðarstöðvum hér og margir þekkja.

Ég vildi nú, að þetta fé, a. m. k. þessar 250 þús., yrði lagt í sjóð í vörzlu vitamálastjóra, til notkunar síðar, þegar þörfin verður aðkallandi, en hins vegar vil ég mælast til, að hv. Alþ. samþykki þessa till. á þeim grundvelli, að hér er um óvenjulegt mannvirki að ræða, og að ríkisstj. yrði gefin heimild til að hefjast handa, þegar henni virtist tími til kominn. — Þetta á við 250 þúsundirnar, að þær yrðu lagðar í sjóð, og gæti einnig komið til mála með 100 þús., sem fengizt hafa til þessara þarfa.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það eru tvö atriði, sem ég vildi minnast á. Hið fyrra er um framlag til byggingar brúa. —

Mér virðist það ekki rétt, að fjvn. ein fái að ráða öllu, er að því lýtur. Mér virðist, að það ætti að leggja slíkt fyrir þingið, því ég vil einnig hafa tillögurétt í því.

Hitt atriðið er till. um 250 þús. kr. til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa. Hæstv. atvmrh. sagði í sinni ræðu, að þessi höfn væri hugsuð nokkuð á annan veg en aðrar hafnir. Þetta ætti að verða nokkurs konar landshöfn.

Nú er svo, að aðkomubátar, sem stunda sjó hér við Faxaflóa á vetrarvertíð, þurfa að gjalda mjög hátt viðlegugjald til þeirra, sem landið eiga, og jafnvel hefur þetta keyrt svo úr hófi fram, að allur sá hagnaður, sem þeir höfðu af aflanum, fór í þetta, og þeir gengu slyppir og snauðir frá borði. Þess vegna þyrfti, ef þetta ætti að vera fríhöfn, að tryggja það, að eigi færi allur hagnaðurinn í eintóm viðlegugjöld og væri gleyptur af landeigendum. Þetta ætti hv. fjvn. að taka til athugunar. — En hitt skil ég ekki, hvernig hæstv. atvmrh. ætlar að tryggja öryggi Keflavíkurbátanna, úr því að höfnin á ekki að verða þar.

Skúli Guðmundsson: Ég vil aðeins þakka hæstv. atvmrh. fyrir þær upplýsingar, er hann hefur gefið. Það kom fram í ræðu hans, að líklega yrði ekki hafizt handa strax, og ég bjóst reyndar ekki við því. Ég vænti þess, að hann og hv. fjvn. fallist á till. mína um, að féð verði geymt, þar til Alþ. hefur sett l. um hafnargerð á þessum slóðum.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég hafði ætlað að láta koma fram í ræðu minni áðan, að ríkisstjórnin mundi óska þess, ef ástæður þættu til, að þetta fé yrði lagt til hliðar, eins og hv. þm. V.-Húnv. sagði. Hins vegar vildi ég láta koma fram, að ríkisstj. fengi heimild til að hefjast handa, ef þörf krefði, og í samráði við dómhæfa menn. Þess vegna vildi ég helzt, að þessi brtt. hv. þm. kæmi ekki fram. — Málið hefur verið rætt á þessum grundvelli á stjórnarfundum.

Svo ég víki að ræðu hv. 1. þm. N.-M., þá treysti ég mér ekki til að leysa þá þraut, hvernig öryggi Keflavíkurbátanna verður tryggt. En ég hefði þó hugsað mér, að það mætti með því að byggja höfnina í Njarðvíkum, og að Keflavíkurbátarnir yrðu fluttir þangað. Það má gera ráð fyrir, að höfnin verði ef til vill reist í Njarðvíkum, en það verður nú rannsakað nánar síðar. —

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég mun leiða hjá mér að svara fyrirspurn um höfn við sunnanverðan Faxaflóa, eftir að hæstv. atvmrh. hefur haldið sína ræðu. Annars skal ég geta þess, að ég gerði allskilmerkilega grein fyrir því, hvað vekti fyrir fjvn., þegar ég gerði grein fyrir þessari till. Hv. þm. geta ekki ætlazt til þess, að frsm. hafi tíma til þess að svara fyrirspurnum um atriði, sem búið er að lýsa, þó að þeir hafi ekki verið við, þegar grein var gerð fyrir till.

Það kom sérstaklega fyrirspurn um Lónsfjörð, um það, hvort hugsað væri, að lagt væri fé fram á móti þessari fjárveitingu. Nefndinni var skýrt frá, að búið væri að leggja í þetta verk a. m. k. 15 þús. kr. Hins vegar liggur það ekki skýrt fyrir, hvort það hafi komið að fullu gagni, sem búið er að vinna þar, því að vitað er um, að nokkuð hefur fyllzt upp af grefti, sem búið var að gera þar.

Enn fremur lá fyrir ósk og lausleg áætlun frá vitamálastjóra um það, að það þyrfti að leggja í þetta verk 20—30 þús. kr. (**PZ:** Með núlli aftan við). Nú geri ég ráð fyrir, að ef farið yrði að vinna þarna og notaðar þessar 10 þús. kr., sem heimilaðar eru nú samkv. till. fjvn. og þá samkv. fjárl., ef till. verður samþ., þá sé sú hugsun bak við þetta, að verkinu verði lokið. Og þá þarf til þess, eftir þessu dæmi, svo mikið fé, að þessar 10 þús. kr. yrðu ekki nema ⅓ eða ¼ af því, sem verkið kostaði allt.

Sú trygging, sem fjvn. setur fyrir þessum 10 þús. kr., er, að þær verði því aðeins greiddar, að vitamálastjóri telji, að verkið sé framkvæmanlegt og geti komið að fullum notum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 6. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 256,1 samþ. með 27 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 256,2 samþ. með 33:1 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 256,3 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 366,I.1 felld með 30:3 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 256,4—7 samþ. með 37 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 256,8.a samþ. með 31 shlj. atkv.
— 366,I.2 felld með 29:2 atkv.
— 256,8.a.2 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 376,I.1 tekin aftur.
— 256,8.a.3 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 376,I.2 tekin aftur.
— 256,8.a.4—20 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 366,I.3 felld með 25:4 atkv.
— 256,8.a.21 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 366,I.4 felld með 29:4 atkv.
— 256,8.a.22—30 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 366,I.5 felld með 30:3 atkv.
— 256,8.a.31—34 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 366,II teknar aftur.
— 256,35—37 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 366,III.1 felld með 29:4 atkv.
— 256,8.b samþ. með 33 shlj. atkv.
— 366,III.2 felld með 26:4 atkv.
— 274 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 256,9—10 samþ. með 35:1 atkv.
— 366 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 379,I samþ. með 31 shlj. atkv.
— 366,V samþ. með 28 shlj. atkv.
— 366,VI.1 felld með 25:3 atkv.
— 256,11.a samþ. með 35 shlj. atkv.
— 366,VI.2 felld með 26:4 atkv.
— 256,11.b—c samþ. með 36 shlj. atkv.
— 256,12.a—b samþ. með 34 shlj. atkv.
— 366,VI.3 felld með 31:3 atkv.
— 256,12.c—d samþ. með 36 shlj. atkv.
— 256,13.a samþ. með 38 shlj. atkv.
— 256,13.b samþ. með 31:2 atkv.
— 256,13.c samþ. með 32:2 atkv.
— 256,13.d samþ. með 25:7 atkv.
— 256,13.e samþ. með 34 shlj. atkv.
— 379,II tekin aftur.
— 256,14 samþ. með 33 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 256,15—17 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 256,18 tekin aftur.
— 256,19—27 samþ. með 39 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 366,VI.4 felld með 25:3 atkv.
— 366,VI.5 felld með 25:6 atkv.
— 256,28—32 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 366,VI.6 felld með 25:6 atkv.
— 256,33—36 samþ. með 25:2 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 366,VI.7 felld með 34:2 atkv.
— 256,37—38 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 366,VI.8 felld með 28:3 atkv.
— 256,39—40 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 379,II.2 tekin aftur.
— 256,41—47 samþ. með 39 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 366,VI.9 felld með 27:6 atkv.
— 366,VI.10 felld með 26:4 atkv.
— 256,48 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 366,VI.11 felld með 27:3 atkv.
— 366,VI.12 felld með 25:3 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 256,49—68 samþ. með 37 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 34:1 atkv.
Brtt. 256,69 samþ. með 30 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 256,70 samþ. með 31 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 256,71 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 256,72—73 samþ. án atkvgr.
— 366,VI.13 felld með 32:3 atkv.
— 256,74.a samþ. með 30 shlj. atkv.
— 256,74.b samþ. með 25:1 atkv.
— 256,74.c samþ. með 24:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, JÍv, JPálm, JJ, JörB, PHerm, PHann, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EE, EmJ, EystJ, HelgJ.
nei: ÍslH, JakM, JJós, JGM, JóhJón, MG, ÁJ, BrB, GÞ.
PZ, VJ, ÞBr, FJ, GSv, HG greiddu ekki atkv.
10 þm. (HermJ, HV, MJ, ÓTh, SvbH, TT, BJ, BSn, ErlÞ, GG) fjarstaddir.
Brtt. 379,III samþ. með 25 shlj. atkv.
— 376,II, svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 417, 594, 597, 604, 619).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 619. —Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Fjvn. hefur nú að mestu leyti lokið sínum störfum, og brtt. hennar liggja nú fyrir til umr. Mun ég fylgja þessum till. úr hlaði með nokkrum orðum. Þrátt fyrir það, að n. gerir sér far um að vera viðsýn og taka tillit til sem flestra nauðsynjamála, gat hún ekki tekið til greina nema nokkurt brot af því, sem óskir liggja fyrir um. Vel má vera, að fjvn. hafi ekki með öllu valið það úr, sem réttast var. Samt hefur það verið reynt, og um ágreining var ekki að ræða, svo að teljandi sé. Brtt. þær, sem fyrir liggja frá öðrum hv. þm. en fjvn., benda ekki í þá átt, að n. hafi gengið of langt, því að þeir ganga lengra hvað nokkrar upphæðir snertir, þó að hv. þm. sé ljóst, að allverulegur greiðsluhalli verður á fjárl.

Ég ætla þá að snúa mér að brtt. sjálfum og skýra þær dálítið. Eru þá fyrst brtt. á þskj. 594. Fjvn. hefur ekki séð sér fært að hækka tekjuliðina umfram það, sem frá er greint á þessu þskj. Hæstv. fjmrh. taldi einnig öllu réttara að afgreiða fjárlögin með greiðsluhalla heldur en að hækka tekuliðina umfram það, sem hóf væri á. Hækkunartill. við tekjuliði fjárlfrv. eru aðeins við 2. og 3. gr., eins og brtt. á þskj. 594 sýna. Um lækkun á fjárlfrv. sjálfu hefur ekki verið að ræða. Fjvn. hefur ekki séð sér þess nokkurn kost að gera lækkunartill. um þær fjárveitingar, sem fjárlfrv. gerir ráð fyrir, svo að teljandi sé. Ég læt þessi fáu orð nægja um brtt. fjvn. snertandi tekjuliðina, en mun nú víkja nokkuð að hækkunartill.

Fyrsta hækkunartill. er við 12. gr. Eru það smá-læknisvitjanastyrkir, sem hv. þm. er kunn-

ugt um, enda eru þeir einnig í fjárlfrv. og fjárlögum undanfarinna ára, og þurfa þær því ekki skýringar við. Einnig eru hækkanir á upphæðum, sem ætlaðar eru til þess að byggja læknisbústaði og sjúkraskýli, og munu þær hækkanir aðallega vera í sambandi við sjúkraskýli á Höfn í Hornafirði. Enn fremur eru nokkrir vaxtastyrkir, sem ekki þurfa skýringar við. Er þarna einn nýr liður, Hróarstunguhérað með 900 kr., en hinir vaxtastyrkirnir munu vera í frv. sjálfu. Þá eru ekki fleiri brtt. við 12. gr.

Við 13. gr. á fjvn. allmargar brtt., og er ekki ástæða til að fjölyrða um þær. Þessar brtt. eru í þá átt að hækka fjárveitingu til einstakra vega, sem n. hefur fallizt á við endurskoðun á sínum fyrri verkum, snertandi þá gr. — 7. till., við 13. gr., er um byggingu á ferjubát á Dýrafjörð, sem notaður væri til samgangna á firðinum. En með því að samgmn. beggja d. hafa gert till. um, að greiddur verði á þessu ári 2500 kr. styrkur í sama skyni, án þess þó að þessa sé getið í sundurliðun nefndarálitsins, þá get ég að sjálfsögðu fallið frá þessari till., ef það kemur fram hjá hv. frsm. samgmn., að hún ætlist til, að veittar verði 2500 kr. í þessu skyni á árinu 1941. Ég vildi láta þessi orð falla, af því að þessarar fjárveitingar er getið síðar í nál., þar sem sundurliðunin er gerð. (GSv: Má ég skjóta því inn í, að sundurliðunin er fyrir árið 1942.) Ég þakka fyrir skýringuna. Ég hafði ekki athugað þetta og álít betra fyrir þetta litla fyrirtæki, að till. samgmn. nái fram að ganga. Að fenginni þessari skýringu frá frsm. samgmn. get ég fyrir hönd fjvn. tekið aftur 7. till. á þskj. 594.

Næst koma till. snertandi hafnarbætur, og sé ég enga ástæðu til að fara að ræða um hverja eina þeirra. Þær eru í sjálfu sér hliðstæðar vegunum, og hv. þm. er vel ljóst, að þetta eru aðallega lendingarbætur, sem um leið eru samgöngubætur. Á þessu þskj. eru ekki fleiri brtt. við 13. gr. En á þskj. 604 eru tvær brtt. við 13. gr. Önnur er um 5000 kr. framlag til Meðallandsvegar, nýr liður, sem hafði fyrir vangá ekki komizt inn á þskj. 594, og er hér með tekinn upp. Hvað snertir 2. brtt. á þskj. 604 er aðeins um að ræða breytingu á orðalagi frá því, sem er í frv. Þar er gert ráð fyrir, að þessi 50000 kr. fjárveiting til hafnargerðar á Skagaströnd sé lokagreiðsla, en með því að áætlun um þetta fyrirtæki hefur nokkuð breytzt, sér n. ekki ástæðu til annars en fella þetta ákvæði niður.

Þá koma brtt. við 14. gr. á þskj. 594, og er þá fyrst til Björns Guðfinnssonar til kennslu í setningafræði og málfræði nútímaíslenzku, 2000 kr. Þetta mál hefur nokkuð verið athugað, bæði í menntmn.. Nd. og einnig í fjvn. Háskólaráðið hefur lagt nokkra áherzlu á stofnun dósentsembættis við heimspekideild háskólans í setningafræði og málfræði nútímaíslenzku. Einnig hefur háskólaráðið þau sjónarmið í þessum efnum, að slíkur kennari æfði einnig nemendur sína í því að kenna móðurmálið. Ráðuneytið er þessu máli fylgjandi, en þó hefur dregizt nokkuð, að eitthvað væri gert í málinu. Ráðuneytið segir í bréfi sínu til menntmn., að það álíti eðlilegra að heimila aðeins framlög til greiðslu á þessu, meðan reynsla er að fást um gagnsemi slíks embættis, en ef þessi skipan gæfist vel, mætti alltaf stofna fast dósentsembætti síðar. Nú má vel vera, að þessi fjárupphæð sé nokkru lægri heldur en þarf til þess að launa dósent, en fjvn. leit svo á, að þetta gæti verið sem byrjun, og ríkisstjórnin hefði þá framkvæmt annað eins og það að bæta við þessa fjárupphæð, ef hún teldi þess þörf. Þetta fyrirhugaða embætti hefur að vísu verið bundið við nafn þessa sérstaka manns, Björns Guðfinnssonar, en hann er nú kennari í menntaskóla Reykjavíkur, og ýmsir líta svo á, að hann geri hvergi meira gagn en þar, og vilja því ófúsir flytja hann í háskólann. En vitanlega þurfa í báðum þessum skólum að starfa vel færir kennarar, til þess að vinna gegn því, að móðurmálskunnáttu hraki. Ýmsir málsmekksmenn telja, að málið sé í afturför og mikilli hættu.

Þá koma tvær till. um styrk til einstakra manna, og er þá fyrst styrkur til Ólafs Jóhannessonar til að stunda lögfræðinám í Ameríku, 2000 kr. Hann ætlar sér að nema sérstaklega ameríska réttarlöggjöf og mun þurfa til þess langt nám. Hann kvað vera mjög góður námsmaður, enda hefur hann meðal annars notið þess, þegar þessi fjárveiting var samþ. í n.

Þá er annar ungur maður, Bjarni Jónsson, sem hér er lagt til, að fái 2000 kr. styrk til framhaldsnáms í Ameríku.

14. brtt. er um Snorragarð í Reykholti, og er það mál öllum kunnugt. Hugmyndin var, að Snorragarður yrði fullbúinn á 700 ára dánarafmæli Snorra Sturlusonar, en það er í haust. Hvort þetta tekst, skal ég ekki segja um, en fjárveitingin er hækkuð með það fyrir augum, að hægt sé að koma þessu verki sem mest áfram í sumar.

Þá er till. um að hækka framlag til íþróttasjóðs úr 60 þús. kr. upp í 75 þús. kr. Íþróttanefnd átti tal við fjvn. og mæltist til þess, að upphæðin yrði hækkuð í 100 þús. kr., vegna hinna mörgu beiðna um fjárframlög til íþróttamála. Nú hefði fjvn. fús viljað verða við óskum íþróttan., en með því að fjvn. getur aldrei fullnægt óskum manna, gerði hún það ekki heldur hvað þetta snerti, en vill hækka liðinn um 15 þús. kr., þó með þeim skilmálum, sem íþróttan. er ljóst, að 5 þús. kr. fari til sundlaugarinnar í Hveragerði, og er það áhugi Lárusar Rist og þarfir ýmissa skóla og íþróttafél. á Suðurlandi, sem þarna er tekinn til greina; Lárus Rist hefur unnið manna mest að byggingu þessarar sundlaugar, og sundskyldan krefst fjölgunar á sundlaugum.

Þá er till. um framlag til íþróttahúss skóla og íþróttafélaga Akureyrar, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að, 100 þús. kr. Skólar og íþróttafélög á Akureyri hafa orðið sammála um að óska eftir aðstoð til þess að byggja sameiginlegt íþróttahús. Einn skóli er þó hér undanskilinn, en það er menntaskóli Akureyrar. Telur skólameistari, að skólanum sé nauðsynlegt að fá eigið íþróttahús, og telur menntaskólann ekki geta hagnýtt sér þetta sameigin-

lega íþróttahús bæjarins. Hann skrifaði fjvn. ýtarlegt bréf um þetta mál og einnig önnur mál, og n. viðurkennir fyllilega, að hans málstaður eigi rétt á sér. Hins vegar telur n., að vel sé kleift fyrir menntaskólann sem aðra skóla bæjarins og íþróttafélög að nota eitt og sama hús, ef það væri vandað og byggt á góðum stað. En í sambandi við þetta vil ég geta þess, að Sigurður Guðmundsson skólameistari hafði einnig nokkuð annað í huga, þegar hann bað um styrk til byggingar íþróttahúss við menntaskólann, sem sé, að hægt yrði að bæta úr því, að bókasafn skólans, náttúrugripasafn og eðlisfræðisafn er geymt í timburhúsi við mikla brunahættu. Þetta er íhugunarvert, og ég vil beina því til hæstv. ríkisstj., að þó að fjvn. sjái sér ekki fært að taka þessa fjárveitingu upp nú, er mikil þörf þess, að málið verði tekið til athugunar. Það er á það bent í bréfinu, að bæði eru í náttúrugripasafninu ágætir gripir og fágætar og dýrar bækur í bókasafninu.

Á þessu þskj. eru ekki fleiri brtt. við 14. gr., en á þskj. 597 eru 2 brtt. við 14. gr. Sú fyrri er þess efnis, að 24000 kr. komi til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum. Hefur farið fram athugun á því, hvernig ástatt er um byggingar á prestssetrum, og hefur komið í ljós, að ástandið er víða bágborið, en til þess að bæta nokkuð rækilega úr þessu, þyrfti a. m. k. 50 þús. kr. N. hefur ekki séð sér fært að taka upp alla þá upphæð, enda mætti gera nokkrar verulegar húsabætur fyrir það fé, sem lagt er til, að varið skuli til þessa. Yrði síðan sennilega haldið áfram á sömu braut.

Þá kemur 2000 kr. styrkur til Þorbjörns Sigurgeirssonar, til framhaldsnáms í eðlisfræði og stærðfræði. Hann kvað vera mesti snillingur í þessum fræðigreinum, og n. fannst, að hann mundi vera styrksins maklegur.

Við 15. gr. eru nokkrar brtt. á þskj. 594. Fyrst að styrkur til bókmenntafélagsins hækki upp í 8000 kr. og til norræna félagsins upp í 3000 kr. Þurfa þær brtt. ekki skýringar við. Þá kemur nýr liður, til Hallgríms Helgasonar, til útgáfu á þjóðlagasafni, 2500 kr. Hallgrímur er áreiðanlega mjög vel að sér í sinni grein og mörgum Íslendingum að góðu kunnur úr útvarpinu. Hann er mjög þjóðlegur á sviði sönglistarinnar.

Þá kemur smáhækkun til þjóðræknisfélags Íslendinga, úr 3000 kr. í 5000 kr.

Á þskj. 597 eru 3 brtt. við 15. gr. Til bæjarbókasafns Reykjavíkur nokkur hækkun, upp í 8000 kr. Til stj. þjóðvinafél. og menntamálaráðs, til útgáfu 1. bindis Íslendingasögu, nýr liður, 6000 kr. Um þessa útgáfu er það að segja, að það er ákveðið að hefja útgáfu á Íslendingasögu allt frá landnámstíð til 1918. Er áætlað, að hún verði í 10 bindum, og komi út 1 bindi á ári, fyrsta bindið, sem út kemur, verður sennilega ritað af prof. Árna Pálssyni.

Þá hefur verið í fjárl. undanfarin ár 1200 kr. styrkur til leiklistarskóla Soffíu Guðlaugsdóttur. Ungur leikari, Lárus Pálsson, hefur einnig sótt um styrk til leiklistarskóla. N. vildi sinna honum eitthvað og setja þetta hvort tveggja í einn lið, 2400 kr., 1200 kr. til hvors. — Þá eru ekki fleiri brtt. við 15. gr.

Við 16. gr. eru eins og oft vill verða fjárfrekustu till. Fyrst kemur hækkun til bygginga í sveitum, úr 125 þús. kr. í 300 þús. kr. Fyrir þinginu liggur nú frv. til l. um breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð. Í 1. gr. þess er gert ráð fyrir, að styrkur til byggingar- og landnámssjóðs hækki í 300 þús. kr. og enn fremur, að niður falli tillag tóbakseinkasölu ríkisins. Þá er í 2. gr. ákveðið, að ríkissjóður leggi árlega fram 250 þús. til að styrkja endurbyggingar. Till. fjvn. er í samræmi við væntanleg l. um þetta efni. Þá er brtt. um jarðakaupasjóð. N. hefur skipt þeirri fjárhæð, sem um er að ræða, í tvennt, a-lið, til rekstrar 100 þús. kr., og b-lið, til jarðakaupa 30 þús. kr. Það leiðir af sjálfu sér, að ef keyptar eru jarðir, sem eru svo skuldum hlaðnar, að bændur geta ekki undir risið, þarf að ganga þannig frá skuldunum, að möguleiki sé fyrir ábúanda að rísa undir þeim. Það hefur í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð, og n. hefur orðað þetta til rekstrar.

Þá er 22. till. á þskj. 594, til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna, að fyrir 120 þús. kr. komi 250 þús. Þetta er einnig í samræmi við frv., sem nú liggur fyrir þinginu. Í 1. gr. þess er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi árlega í þennan byggingarsjóð 150 þús. kr., og jafnframt falli niður tillag til sjóðsins samkv. l. um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Þá eru nokkrir liðir um fyrirhleðslur á vatnasvæðum. Þverá og Markarfljót eru alþekkt vatnasvæði, en um b-lið þessarar till. 1 og 2 er það að segja, að það mun vera á leiðinni brtt. við þá, og vil ég því bíða með að skýra þá nánar.

24. brtt. er um styrk til dýralækninga, hækkun úr 3050 kr. upp í 4900 kr., og er hækkuninni skipt þannig:

Til nýrra dýralækna eða manna, sem dýralækningar stunda:

Sigtryggs Jakobssonar	300 kr.
Kristjáns Þórðarsonar	300 —
Sigurðar Gíslasonar	300 —

Hækkanir til þeirra, er áður hafa notið styrks:

Guðmundar Andréssonar	200 kr.
Ágústs Jónssonar	200 —
Eggerts Magnússonar	100 —
Brands Einarssonar	150 —
Ólafs Guðmundssonar	150 —
Valdimars Stefánssonar	150 —
Samtals	1850 kr.

Þá kemur nýr liður, til Odds Magnússonar, til mjólkurfræðináms, 800 kr. En næsta till. er um að veita 8000 kr. til kaupa á bókasafni dr. Bjarna Sæmundssonar handa fiskideild, en hún er tekin aftur, vegna þess að sams konar brtt. er á öðru þskj., ofurlítið víðtækari.

27. till. er nýr liður, til vegar í Seljalandsdal á Ísafirði til að greiða fyrir samgöngum vegna mótekju.

28. till. er um 2000 kr. styrk til Jóhanns Kristjánssonar, til að smíða eldavél. Eldavélar hans eru orðnar nokkuð útbreiddar og þykja ágætar. Hann mundi verðskulda að fá meira fé til

styrktar þessari starfsemi. Hann vantar vinnustöð til að geta framleitt svo mikið, að hann fullnægi eftirspurninni.

29. till. er um hækkun til landssambands iðnaðarmanna, að fyrir 6500 kr. komi 10 þús. kr. Það má skoða þetta hliðstætt fjárveitingu til Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands. Má vel vera, að sambandið verðskuldi meira en þetta. En n. hefur nú ekki gert hærri till., en þar sem iðnaðarstarfsemi færist í aukana, er sambandinu nauðsyn að fá þetta.

Þá kemur nýr liður til skrifstofunnar Íslenzkrar ullar, 10 þús. kr. Það hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um, hvernig sú starfsemi er framkvæmd, en ég tel, að hér sé um verk að ræða, sem er þess vert, að því sé gaumur gefinn. Undanfarið hafa verið á markaðnum prjónavörur úr íslenzkri ull, sem hafa verið til skammar. En þær tvær konur, sem hér er um að ræða, hafa bætt íslenzkan ullariðnað stórkostlega. Á þeirra vegum er ekki verzlað með annað en fyrirmyndarvinnu. Það er einnig til ætlazt, að þessi starfsemi eigi að verða til leiðbeiningar, fræðslu og fyrirgreiðslu um starfið, en þessar áhugasömu konur telja ekki unnt að reka starfsemina styrklaust. Í tvö ár hefur ríkisstj. veitt til þessa álika upphæð hvort árið og hér er lagt til. Báðar þessar konur eru þekktar að myndarskap og forustuhæfileikum. Ég verð því að telja, að því fé sé vel varið, sem þeim er veitt.

Á þskj. 597 eru enn nokkrar brtt. við 16. gr. Það er þá fyrst nýr liður, til Höskuldar Björnssonar málara, byggingarstyrkur, 2000 kr. Hann hefur eitt sinn áður fengið nokkurn styrk, og var talið, að vilyrði væri fyrir framhaldsstyrk, en fyrir því liggja engin gögn.

Þá koma nokkrar smáhækkanir, fyrst til mæðrastyrksnefndar úr 2000 kr. í 3000 kr. Starf mæðrastyrksnefndar er orðið þekkt hér í bænum, og n. hefur unnið mikið gagn í þágu kvenna, sem eiga við erfið kjör að búa.

Næst er hækkun til Ungmennafélags Íslands, að styrkur til skóggræðslu og bindindisstarfsemi verði 4000 kr., en til ræktunarleiðbeininga komi 2000 kr. Erlendis eru æskulýðsfélögum veittar fjárhæðir til að geta stofnað til ferðalaga á milli ungmennafélaga til að leiðbeina í ræktunarstarfsemi. Þetta mun vera sniðið eftir fyrirmyndum frá nágrannaþjóðunum.

Á þskj. 604 er brtt. um nýjan lið, til Ásgeirs Einarssonar dýralæknis, til rannsókna á smitandi júgurbólgu í kúm, 1000 kr. N. taldi rétt að verða við þessu, þar sem júgurbólga er smitandi og gæti orðið stórhættuleg fyrir landbúnaðinn. Ef dýralæknar gætu bætt eitthvað um í þessu efni, er fé til þess vel varið.

Þá er á sama þskj. till. um 10000 kr. fjárveitingu til kaupa á bókasafni og vísindaáhöldum dr. Bjarna Sæmundssonar. Það hefur eindregið verið óskað eftir því frá kennslumrn. og fiskideild háskólans, að fé yrði veitt í þessu skyni. Auk merkilegs bókasafns er hér einnig um að ræða smásjá og önnur rannsóknargögn.

Við 17. gr. eru tvær brtt.: Til Rauðakrossins, að fyrir 2000 kr. komi 4000 kr., og til slysavarna, að fyrir 8000 kr. komi 15000 kr. Starfsemi Slysavarnafél. er þjóðkunn, og þyrfti langt mál til að skýra frá henni. Ég mun því ekki eyða tíma í það nú, en með því að bæði það og Rauðikrossinn eru þjóðkunn félög, er hafa aflað sér mikilla vinsælda og trausts, veit ég, að þessu verður vel tekið af hv. þm. Fjvn. hefði fúslega viljað gera enn betur við þau, en hún verður hér eins og endranær að fara varlega í sakirnar.

Ég held, að ég hafi hlaupið yfir eina till. við 16. gr., smáupphæð til bandalags ísl. farfugla. N. leggur til, að því verði veittar 1500 kr. Markmið þess er gagnlegt og athyglisvert og í stuttu máli þetta: Að efla og þroska íslenzku æskuna; að gefa þessari æsku tækifæri til að njóta aukinnar útivistar og útiveru; að koma upp gistihúsum til þess að gera mönnum kleift að ferðast um landið gangandi eða hjólandi; að gefa út rit um ferðalög og ferðaminningar. Það er rétt, að þessi hreyfing eða þetta mál varðar alla þjóðina.

Þá er enn brtt. við 17. gr., um lítils háttar hækkun til mæðrastyrksnefndarinnar. Það er vitað, að þessi nefnd hefur hér í Reykjavík beitt sér fyrir því, að dvalarheimili séu rekin fyrir mæður, sem eiga erfitt með að veita sér dvöl utan bæja, og er hér um að ræða smáaukningu til þessarar nefndar, 500 kr.

Um brtt. við 18. gr. mun ég ekki tala, því að það eru persónulegir styrkir, sem skýra sig sjálfir, og enn fremur niðurfellingar einstakra dáinna einstaklinga.

Þá er hér 42. brtt., við 22. gr., um að endurgreiða nokkrum kennurum úr lífeyrissjóði, og þarf hún engrar skýringar við.

43. brtt. er um að veita Jóni Engilberts listmálara styrk til húsbyggingar. Þessi maður kom til Íslands, þegar Danmörk var hernumin, og eftir því, sem nefndin hefur fengið upplýsingar um, þá er hann illa settur hvað húsnæði snertir. Um listir hans vil ég ekki fjölyrða hér. Ég held, að honum hafi gengið sæmilega, meðan hann var erlendis, en ég mun ekki dæma um það, hvort hann verðskuldar þessa aðstoð. N. er ljóst, að J. E. er efnalaus maður og í miklum vandræðum vegna húsnæðisleysis.

Þá er 44. brtt., um að kaupa verkstæðishús og tilheyrandi áhöld Valgerðar Helgadóttur, ekkju Bjarna í Hólmi. Þetta mál var til umr. í fyrra, og var þá samþ., en á nokkuð öðrum grundvelli. Ýmsir hv. þm. eru vantrúaðir á, að þarna sé hægt að framleiða túrbínur til rafmagnsstöðva fyrir lægra verð en þar, sem aðstæður virðast vera betri. En ef ég kærði mig um, þá gæti ég nefnt dæmi, sem sýna það, hvað túrbínur eru ótrúlega miklu ódýrari austur í Hólmi en hér í höfuðstaðnum. Og munurinn er svo gífurlegur, að hann er mjög ósennilegur, og vildi ég óska þess, að það sýndi sig í framtíðinni, að með því að reka þetta iðjuver áfram, þá takist að ná því takmarki að létta undir með þeim mönnum, sem ráðast í að reisa rafmagnsstöðvar út um land. Enn fremur vænti ég þess, að reynslan fyrir þessu geti verkað þannig, að sú tortryggni, sem er hjá ýmsum mönnum í þessu efni, hverfi.

Þá er 45. brtt., um að gera nauðsynlegar ráð-

stafanir til þess að vernda hina fornu skálabyggingu á Keldum frá skemmdum. Þessi skáli er sagður mjög gamall og talinn merkur forngripur. Hann mun vera frá dögum Sturlunga, og er hann vel stæðilegur, enda vel við haldið enn þá, og er ekki að undra, þó að fornminjavörður og aðrir, sem áhuga hafa fyrir fornum hlutum, hafi einnig áhuga fyrir því, að þessi skáli eyðileggist ekki. Vitanlega er hann orðinn svo gamall, að hans bíður ekkert annað en tortíming, verði ekki hafizt handa um viðhald hans og verndun.

Þá er síðasta brtt. á þskj. 594, sem er við 23. gr., að heimila Búnaðarbanka Íslands að greiða í eitt skipti fyrir öll tveim þar til greindum einstaklingum dálitla fjárupphæð.

Þá er brtt. við 22. gr. á þskj. 597. Það er 11. till. á því þskj., að greiða nokkurn útgáfustyrk til Þjóðvinafélagsins og menntamálaráðs vegna útgáfu á Heimskringlu Snorra Sturlusonar. Þrátt fyrir það, að fornritaútgáfan er mjög vönduð, þá er hún þó ekki keypt nema lítið í byggðum landsins, og þykir hún bersýnilega of dýr. Í sumum sýslum eru jafnvel ekki seld nema 4 til 5 eintök. Umtal hefur farið fram milli formanns fornritaútgáfunnar og menntamálaráðs, að samstarf verði um útgáfu Heimskringlu, í 3 bindum, og kemur fyrsta bindið út í haust, á 700 ára dánarafmæli höfundarins. Þá er ráð fyrir gert, að fornritaútgáfan gefi út sérstaka útgáfu af þessu riti fyrir fasta áskrifendur og kaupendur, en menntamálaráð gefi út sama texta á góðan, en þunnri pappír, til þess að reyna að koma þessari útgáfu inn á þúsundir heimila, sem fram að þessu hafa ekki getað keypt hana.

Það má vel vera, að mér hafi láðst að skýra einhverja brtt. en þó er ég ekki viss um, að svo sé, en ef svo er, þá bið ég meðnm. mína og aðra hv. þm. að gera sínar athugasemdir.

Hækkunartill. n. við þessa umr. eru því sem hér segir:

12. gr.		5900 kr.
13. gr. A	34500 kr.	
13. gr. B	2000 —	
13. gr. C	85500 —	
		122000 —
14. gr.		149000 —
15. gr.		15200 —
16. gr.		572150 —
17. gr.		10500 —
18. gr.		1980 —
		876730 kr.
		÷ 1018 —
		875712 kr.

Hækkanir eru því 876730 kr., og lækkanir 1018 kr., eða hækkanir umfram lækkanir 875712 kr.

Tekjur á rekstrarreikningi eru því, með hliðsjón af brtt. fjvn. í frv. eins og það liggur nú fyrir, 23464411 kr., en gjöld 23753870 kr., og er rekstrarhalli því 289459 kr., en greiðslujöfnuður óhagstæður um 1719506 kr.

Þannig er þá niðurstaða fjárlagafrv. eftir till. fjvn. N. er það vel ljóst, að slík útkoma er á annan veg en æskilegt má telja.

Á venjulegum tímum væri óforsvaranlegt að afgreiða fjárlögin með greiðsluhalla, sem nemur, eins og fyrr er greint, fyllilega 1.7 millj. kr., en með hliðsjón af því, hversu óútreiknanlegt allt fjármálaviðhorf er nú, og með tilliti til þess, að þjóðstjórn fer nú með völd í landinu, með heimild frá Alþingi til þess að taka til sinna ráða, ef gjöldin reynast óviðráðanleg, þá má segja, að þetta sé afsakanlegt.

Ég vil og geta þess, að hæstv. fjmrh. lagði frekar til, að fjárlögin yrðu afgreidd með greiðsluhalla, en að tekjurnar væru áætlaðar ógætilega háar og á þann hátt gerður jöfnuður.

Ástæða er til þess að vekja athygli á því, að hér liggja fyrir nokkrar brtt. frá einstaka þm., sem eru nokkuð háar, og ef mikið af þeim verður samþ., mun það verka til enn óhagstæðari fjárlaga ársins 1942. Þessar till. munu hafa í för með sér hækkun, sem nemur hátt á annað hundrað þús. kr., og fleiri munu vera á leiðinni. Eftir því, sem ég hef heyrt um þessar brtt., gæti ég hugsað mér, að upphæð þeirra mundi nema ekki undir 1 millj. kr., en væntanlega verður talsverður hluti þeirra felldur.

Á þessu sést, að þm. er ekki fullnægt með till. fjvn., og enn á eftir að sýna sig, hvað samþ. verður af þeim brtt., sem fyrir liggja. Nefndin hefur ekki haft tækifæri til þess að athuga brtt., sem fram hafa komið, og mun ég því ekki minnast á þær nú, bæði vegna þess, að það er venja að ræða ekki um brtt., fyrr en flm. hafa rökstutt þær, og eins af því, að ég hef ekki umboð frá fjvn. til þess að leggja með þeim eða móti.

Þrátt fyrir óhagstæða niðurstöðu fjárlagafrv., vildi ég þó vænta þess, að brtt. fjvn. verði samþykktar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta að svo komnu máli.

Bernharð Stefánsson: Ég er riðinn við 4 brtt. á þskj. 619. Ekki skal ég fara um þær mörgum orðum, því það mun hvort sem er ekki bera mikinn árangur að halda hér langar ræður.

1. brtt., sem mér kemur við, er undir tölul. XII. og er um hækkun styrks til bókasafns Siglufjarðar úr kr. 1000 í kr. 2500. Sem rökstuðning fyrir till. nægir í sjálfu sér að benda á, að í öllum stærri kaupstöðum landsins hefur bókasöfnum verið veittur þessi styrkur, kr. 2500, á Akureyri, Ísafirði, Seyðisfirði og Hafnarfirði. Það skiptir engu máli í þessu sambandi, þótt sum þeirra séu kölluð amtsbókasöfn, því ömtin eru löngu afnumin. Þetta eru aðeins bæjarbókasöfn, eins og á Siglufirði. Þá er einungis að meta, hvort þörfin er eins mikil á Siglufirði og á hinum stöðunum, þar sem söfnin fá kr. 2500. Ég held því hiklaust fram, að þörfin sé eins mikil, og í raun og veru meiri, vegna þess að bókasafnið á Siglufirði er tiltölulega nýtt og þarf því meira fé til að efla sig en þau, sem eru orðin gömul og standa á gömlum merg. Enn fremur vil ég benda á það, sem ég reyndar hef oft gert áður hér á hæstv. Alþ., að það, sem veitt er til menningarmála á Siglufirði yfirleitt, það er veitt til landsmanna víðsvegar að af landinu jafnframt því, sem það er veitt Siglfirðingum, því að undanteknum höfuðstaðnum,

mun ekki vera nokkur kaupstaður eða annar staður hér á landi, sem utanhéraðsmenn sækja eins mikið til, eins og einmitt Siglufjörður vissan tíma úr árinu. Eins og allir vita, margfaldast íbúatalan þar yfir síldveiðitímann. Nú má að vísu segja, að það fólk, sem er á Siglufirði yfir síldveiðitímann við störf þar að lútandi, hafi þá annað að gera en að lesa bækur. En það hygg ég þó, að á landlegudögum sjómanna og við ýmis önnur tækifæri sé það gott fyrir þetta fólk að geta átt aðgang að góðu bókasafni og fengið þar bækur til þess að lesa, og að það muni stundum ekki verja tímanum betur á annan hátt, a. m. k. ekki meðan ekki tekst að koma vegi yfir Siglufjarðarskarð, svo að það fólk geti komizt eitthvað út úr brælunni, sem þarna er nú á sumrin, og andað að sér hreinu lofti í sveitinni. En ég geri ráð fyrir, að hið háa Alþ. geri nú einnig ráðstafanir til þess að flýta því mikið, að vegur komist yfir Siglufjarðarskarð. En ég ætla nú ekki að ræða um það, því að ég býst við, að það verði gert af öðrum síðar.

Næsta brtt., sem ég flyt ásamt þrem öðrum hv. þm., er um það að veita Eggert Stefánssyni fyrrv. símafulltrúa á Akureyri eftirlaun. Hv. Nd. samþ. fyrir nokkrum árum að veita þessum manni eftirlaun, hærri heldur en hér er farið fram á, eða 1800 kr., ef ég man rétt, á 18. gr. fjárl. En það var á þeim árum, meðan fjárl. þurftu að ganga gegnum báðar d. En þegar til Ed. kom, þá var þessu breytt, og þessi upphæð, sem þessum manni var ætluð, var þá tekin út af 18. gr. fjárl. og sett á 16. gr., og maðurinn fékk þennan styrk þar af leiðandi aðeins í eitt ár. En svo féll styrkurinn aftur út af fjárl. En það var mikið fylgi fyrir því í hv. Ed., þó ekki væri það meirihl.fylgi, að láta þetta standa á 18. gr. fjárl., og þá mundi hann hafa haldið þessum eftirlaunum frá þeim tíma og allt til þessa dags. Það liggur því alveg fyrir, að á þessu þingi, sem ég hef talað um, eða 1927, þegar þetta mál var hér til umr., þá var meirihl.fylgi í Alþ. fyrir því, að þessi maður fengi eftirlaun. Ég lít því svo á, að hér sé ekki um annað en endurveitingu að ræða, sem Alþ. hafi í sjálfu sér samþ. áður, og er tæplega forsvaranlegt, hvað það hefur dregizt að bæta úr þessu. Ég ætla þó ekki svo mjög að kvarta yfir því, því að maðurinn hefur getað unnið fyrir sér til þessa. En nú er hann að gerast aldraður maður, og má því búast við, að það gangi verr fyrir honum hér eftir en hingað til að vinna fyrir sér. Ég skal geta þess, að ég tel, að Eggert hafi orðið fyrir miklum óréttí, þegar hann missti starf sitt, og hef ég áður fært rök að því hér á Alþ., svo ég fer ekki lengra út í það nú. Vona ég, að hið háa Alþ. líti með sanngirni á þetta mál og sérstaklega minnist þess, að það liggur að vísu ekki samþykkt, en þó þingvilji áður fyrir því að veita honum eftirlaun, og það hærri heldur en hér er farið fram á, að hann fái, þó að það kæmist ekki inn á fjárl. á annan hátt en ég hef greint, sökum deildaskiptingar og vegna þess, að fjárl. voru þá afgr. eins og önnur l. í báðum d.

Þá er þriðja brtt., sem ég er við riðinn, nr. XXV á þskj. 619, um að veita Haraldi Indriðasyni, fyrrv. síldarmatsmanni á Hjalteyri, 300 kr. Ég veit, að það hefur ekki verið venja að veita fyrrv. síldarmatsmönnum slíka styrki sem þennan. Aftur á móti hefur fjöldi af fyrrv. fiskimatsmönnum verið tekinn upp á fjárl., eins og allir vita. Sé ég í fljótu bragði ekki, á hverju sá munur byggist, sem í þessu efni er gerður á fiskimatsmönnum og síldarmatsmönnum. En hvað sem um þetta er, tel ég, að þessi maður eigi styrk skilið fram yfir flesta, ef ekki alla aðra fiskimatsmenn, sökum þess, hve hann hefur unnið lengi í þessu starfi og hvað hann hefur gegnt því trúlega. Hann er skipaður til starfsins 26. júní 1915 og hefur gegnt því síðan, en er nú orðinn gamall maður, kominn hátt á áttræðis aldur, og er að verða óvinnufær. Það þýðir nú ekki að fara að telja eða lesa þetta allt saman upp, sem ég hér held á. En þessi bunki, sem ég held hér á, sem hv. þm. geta kynnt sér, ef þeir óska, er allt saman vottorð og áskoranir frá ýmsum mætum útgerðarmönnum fyrir norðan um það, að þessi maður hafi gegnt starfa sínum sérstaklega vel, og eindregin tilmæli um, að honum verði veitt einhver lítils háttar viðurkenning. Þetta eru 7 skjöl, og undir sum þeirra hafa margir menn skrifað. Ég skal gjarnan afhenda þetta hv. frsm. fjvn. aftur, áður en hann flytur næstu ræðu, en hv. nefnd eru skjöl þessi kunn.

Þá er næsta brtt., sem ég flyt, nr. XXVI, á þskj. 619, um að hækka styrk eða eftirlaun Jóhannesar Jörundssonar, leiðsögumanns í Hrísey, úr 500 kr. upp í 1200 kr. Þessi maður er búinn að vera leiðsögumaður skipa (á Eyjafirði) yfir 60 ár, eða síðan um 1880, og það hygg ég, að fáir eigi jafnlangan starfsferil að baki í opinberri þjónustu. Það hefur aldrei neitt slys hent þau skip, sem hann hefur veitt leiðsögu, hvorki fyrr né síðar. — Hann er nú 83 ára gamall, svo þó að hæstv. Alþ. samþ. nú þetta, þá eru vitanlega engar líkur til þess, að það verði um mörg ár að ræða, sem ríkissjóður þyrfti að greiða þessa upphæð, því að það er sjaldgæft, að menn nái öllu hærri aldri heldur en hann hefur þegar náð. Nú hefur hann látið af starfi, og þar af leiðandi hverfa þær tekjur, sem hann hefur haft af leiðsögu skipa. Hann er fátækur maður og hefur ekkert annað til að lifa á heldur en þann litla styrk, sem honum er ætlaður á fjárl., og sjá allir, að 500 kr. hrökkva ekki til þess. Og till. mín er miðuð við það að greiða honum þá lægstu upphæð, sem ég get hugsað mér, að hann geti lifað á, því að kona hans er á lífi enn og er fjörgömul eins og hann, og verða þau auðvitað bæði hér eftir óvinnufær og ómagar. Ég vona, að hæstv. Alþ. taki þessu með velvilja.

***Frsm. samvn. samgm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Eins og kom fram í framsöguræðu hv. frsm. fjvn., hv. 2. þm. Árn., þá hefur ein brtt. frá hv. fjvn., eftir því sem á þskj. greinir, verið á nokkrum misskilningi byggð, sem nú er leiðrétt, sem sé Dýrafjarðardragferja. En samgmn. tóku upp í sínar till. viðbót á þessu ári til flóabátaferða, og sést það á þskj. 303, að samvinnun. samgöngumála hefur lagt það til, að flóabátastyrkurinn yrði hækkaður

um 29 þús. kr. Þessi upphæð er óviðkomandi því, sem greint er á sama þskj. (303) og á að gilda fyrir 1942, þar sem lagt er til, að flóabátastyrkurinn fyrir árið 1942 verði kr. 136300, og er sú upphæð þegar komin inn á fjárl., 13. gr. B.2; var sú upphæð samþ. við 2. umr. fjárl. En í þeirri upphæð er aðeins rekstrarstyrkurinn. En í viðbót á þessu ári er ætlazt til, að greiddur verði styrkur til flóabáta, þó að ekki hafi það komizt í fjárl., 29 þús. kr. fram yfir það, sem nú er á fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Á 2. bls. í nál. á þskj. 303 er gert ráð fyrir 2500 kr., sem ríkissjóður leggi fram í eitt skipti fyrir öll til smíðis dráttarbáts (til ferjudráttar) á Dýrafirði, og er það kaupfélag Dýrfirðinga, sem heldur ferjunni úti. Þessi till. samvinnun. samgöngumála er 500 kr. hærri heldur en till. hv. fjvn. um þetta sama efni á þskj. 594,7, við 13. gr. B, þar sem gert er ráð fyrir 2000 kr. til byggingar á þessum ferjubáti, og auk þess á þessi brtt. fjvn. við framlög 1942, en till. samvinnun. samgöngmála á við þetta ár. Það er því rétt, sem hv. frsm. fjvn. tók fram, að þessi brtt. á 7. lið þskj. 594 megi falla niður og um hana þurfi ekki að greiða atkv., því að þessu er borgið á annan hátt.

Um annað held ég, að ég þurfi ekki að tala viðkomandi starfi samgöngumálanefnda, sem komið hafi fyrir eftir að þær luku starfi og allt var tilgreint við 2. umr. fjárl. Í þessum brtt. hv. fjvn. er þar af leiðandi ekkert, sem samgöngumálanefndir hafa talið ástæðu til að taka sérstaka afstöðu til, hvorki í heild né í einstökum atriðum, frekar heldur en einstakir nm. sem þm. taka afstöðu til þeirra.

Þá skal ég leyfa mér, ekki í umboði n. eða sem frsm. hennar, heldur sem þm., að taka fram nokkur atriði, þau sem ég vildi, að fram kæmu viðvíkjandi nokkrum brtt., sem nú munu prentaðar og útbýtt er og sumpart eru frá hv. fjvn. og sumpart frá einstökum hv. þm. og þar með mér. Ég skal geta þess viðvíkjandi brtt. hv. fjvn. á þskj. 594,12, við 14. gr., þar sem ætlað er til kennslu í setningafræði og málfræði nútímaíslenzku 2000 kr. Ég tek undir það með hv. frsm. fjvn.. að enda þótt menntmn. Nd. hefði tekið málið að sér og ætlazt til þess, að heimild yrði veitt óákveðið til þess að greiða kostnað af þessu starfi eins og hann yrði á næsta ári, og hv. fjvn. hefur tekið það upp að setja þetta í ákveðna upphæð til ákveðins manns, sem að vísu var talað um, að tæki að sér þetta starf, þá sé ég ekki ástæðu til þess að taka neina afstöðu gegn þessu, þó að það sé ekki alls kostar í samræmi við það, sem menntamálanefndir hugsuðu sér samkv. ósk hæstv. kennslumrh. Miklu fremur tel ég þetta vera spor í rétta átt, og beri að hallast að þessu með þeirri skýringu, sem hv. frsm. fjvn. gat og ég vil undirstrika, að þetta starf verði sett á stofn af ríkisstj. og að það verði að rækja þetta starf og ríkisstj. verði að sjá fyrir því að greiða milli þinga það, sem óhjákvæmilegur kostnaður verður fram yfir þessar 2000 kr. af þessu starfi. Ég tel, að þar sem hæstv. kennslumrh. hefur áhuga fyrir þessu — og þetta er beint komið frá háskólanum — og ég tel það fullnægja því, sem menntmn. vilja og hafa viljað, að styðja að því, að þetta mikilvæga starf verði sett á fót, þá beri að gera það á þennan veg og kosta það svo sem með þarf til þess að það geti haldizt uppi. Það gerist þá fyrst og fremst með því, að fjárveiting verði samþ. til þess með því fororði, að ríkisstj. verði að greiða það, sem á vantar til þess að þessu sé fullnægt.

Ég vil þá víkja með nokkrum orðum að brtt., sem ég og þrír aðrir hv. þm. höfum leyft okkur að bera fram á þskj. 619,XIV, þar sem lagt er til, að við 15. gr. komi nýr liður: Til samningar íslenzkrar samheitaorðabókar 5000 kr. Menntmn. Nd. hafði fengið þetta mál til meðferðar, og n. féllst á, — mér er óhætt að segja öll n. féllst á það, að þetta væri þess vert, að það yrði tekið til greina. Hins vegar varð það ekki úr, af ýmsum ástæðum, að n. flytti brtt. um þetta, heldur er nú brtt. flutt af meðlimum menntmn. nema einum, sem á sæti í fjvn. og er frsm. hennar og þess vegna taldist ekki algerlega frjáls að því að vera á slíkri brtt., þó að hann gæti væntanlega á hana fallizt. Ég býst einnig við, að svo sé um þessa brtt., að fyrir hv. fjvn. liggi erindi, sem um hana fjalla, og að hv. fjvnm. hafi óbundnar hendur um sín atkv. í þessu máli. En í þessu máli liggur þannig, að komið hefur fram umsókn frá Birni Sigfússyni magister um styrk til þess að vinna að samheitaorðabók íslenzkrar tungu. Síðan hafa komið fram yfirlýsingar frá fleirum um þá nauðsyn, sem liggi til grundvallar samningu slíkrar orðabókar. Einnig hefur hæstv. kennslumrh. látið í ljós, að hann væri sérstaklega fylgjandi þessu og vildi styðja að því, að þetta starf yrði af hendi leyst. Við höfum nú komið með brtt. um þetta, en höfum ekki greint neitt nafn, sem skiptir ekki máli, því að ef einn maður er til þessa fær og ekki hafa komið fram upplýsingar um, að aðrir menn mundu vinna að þessu en sá maður, sem ég nefndi, þá býst ég við, að hann mundi standa næst því að taka að sér verkið. En það eru ekki aðeins meðlimir menntmn. og hæstv. kennslumrh., sem telja þessa brýna þörf, heldur er mikill áhugi vakandi fyrir þessu meðal menntamanna landsins og ýmissa annarra, með því að menn finna sárt til þess, að þá vantar einmitt slíkt safn, sem aðgengilegt sé öllum, sem hafa ekki aðeins skyldu til, heldur líka vilja til þess að skrifa íslenzka tungu rétt og þjált og þannig, að talað og ritað mál fari sem bezt. Ég býst við, að ég tali hér fyrir eyrum, sem eru opin og vakandi fyrir þessu, sem ég geri ráð fyrir, að hv. þm. séu, og skal ég þá geta þess, að hér liggur fyrir yfirlýsing frá 24 kennurum og menntamönnum, þar sem þeir lýsa því áliti sínu, að það megi ekki dragast úr þessu að gera samheitaorðabók íslenzkrar tungu. Þetta bréf, sem dagsett er 25. marz s. l., vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp. Það hljóðar svo:

„Það er álit vort, að ekki megi dragast úr þessu að gera samheitaorðabók íslenzkrar tungu. Til þessa liggja ekki aðeins hin almennu rök, að flestar menningarþjóðir þurftu og fengu slíkar bækur um móðurmál sín á 19. öld og hafa síðan haldið þeim við á einn eða annan hátt.

Nú eru sérstakar, brýnar ástæður að koma betur í ljós en fyrr, ýmist í sambandi við varhugaverða orðfæð, misnotkun á merkingum orða og óíslenzkt málfar eða í sambandi við auðgun og þróun tungunnar á mörgum sviðum. Þessi orðabók þarf að ná yfir málið allt, og fyrir utan frumkröfur, sem fullnægja skal í samheitaorðabók, ættu þar m. a. að vera sem flestar algengar útlenzkuslettur og málvillur merktar viðvörunarmerkjum — við hlið hinna merkingarskyldu orða, sem um er að velja til að nota í staðinn.“

Þarna eru tekin fram höfuðatriði málsins. Það er ekki aðeins þörf á þessari samheitaorðabók til þess að stuðla að því, að menn kunni að fara með tunguna og nota viðeigandi orð, heldur einmitt forðist að viðhafa jafnvel algeng orð, sem illu heilli eru komin inn í málið, sem eru slettur og prýða ekki móðurmál vort, heldur níða. Það er tvennt, sem þarf að vinnast með þessu, að málið verði í munni og penna landsmanna sem hreinast og þjálfaðast og einnig hitt, að forðast málfar, sem ekki er íslenzka og ekki er samboðið okkar tungu að nota. Ég vænti, að ekki þurfi frekar að mæla með þessari brtt. Allir menntmnm. eru með þessari brtt. og sjálfsagt allir, sem fallast á rökin fyrir brtt.

Viðvíkjandi þessum tveimur brtt., sem ég hef getið, hefur hv. fjvn. gengið inn á brautina rétta semkv. þeim skýringum, sem ég hef nú gefið. Og síðari brtt. varðar það, sem við teljum einna dýrmætast til þess að halda við þjóðrækni og þjóðlegu fari Íslendinga, og segja mætti halda við Íslendingum sem sérstakri þjóð í sérstöku landi með þau séreinkenni, sem gera þá að sérstakri þjóð, og þegar um slíkt er að ræða, er tungan efst á blaði.

Skal ég svo víkja að nokkrum sérbrtt., sem ég er meðflm. að eða hef áhuga fyrir.

Brtt. 619,I er svo lítil tillaga á þessum tímum, þegar vaðið er í fjárveitingum á fjárl., þannig að þær skipta ekki hundruðum og ekki þúsundum, heldur tugum og hundruðum þús., að ég tel alveg sjálfsagt, að hún verði samþ., þar sem ég og hv. þm. N.-Þ. (GG) förum fram á, að leiðrétt verði það, sem við teljum, að misfarið hafi hjá hv. fjvn., þar sem hún ákvað 200 kr. til hvors af tveimur hreppum í læknisvitjanastyrk. En til samræmis við aðra hreppa, sem á fjárl. eru, ættu þessir hreppar að fá 300 kr. hvor. Nú er verið að setja löggjöf um sérstaka aðferð við þessar styrkveitingar, sem sé l. um læknishéraðasjóði, en það varð að gera þessum hreppum, sem komnir voru á skrá hjá hv. fjvn., ef svo mætti að orði kveða, fulla úrlausn. Hitt er annað mál, þó að þeir verði látnir bíða, sem settir voru áður, en eru nú orðnir of lágir, eftir að krónan féll, hvað þá á þeim tímum, sem nú ríkja. Ég vænti þess, að allir hv. þm. greiði þessari litlu till. fúslega fylgi sitt.

Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir, að hún hefur með 1. brtt. á þskj. 604 fallizt á að taka upp till. um fjárframlag til Meðallandsvegar, sem er í þjóðvegatölu, en ekkert fé veitt til, en vegamálastjóri hefur talið sannsýnilegt, að veguinn fengi þessa fjárhð til að byrja með, og er þar ekki farið fram á neina ósanngirni. Þessi till. kom fram við 2. umr., en var tekin aftur þá og sömuleiðis tvær aðrar till., um Síðuveg og Mýrdalsveg. Vona ég, að hv. fjvn. fallist á þá litlu viðbót, sem færir þessa vegi til samræmis við aðra vegi víða um land.

Ég þarf svo ekki fleira fram að taka að sinni um þessar till. Hér eru fleiri till., sem aðrir munu mæla fyrir, sem ég hef gerzt meðflm. að og eru að sjálfsögðu allar góðar. Vona ég og, að menn líti á og athugi alla málavexti, og efast ég þá ekki um, að þeir muni komast að þeirri niðurstöðu, að þær eigi fullan rétt á sér.

*__Jörundur Brynjólfsson:__ Ég hef leyft mér ásamt nokkrum öðrum hv. þm. að bera fram brtt. við 22. gr. Það er XXIX. till. á þskj. 619, um heimild fyrir ríkisstj. að kaupa Kröggólfsstaði í Ölfusi. Þessi jörð mun vera ein af allra beztu engjajörðum í Ölfusi, ef ekki sú bezta, þá önnur sú bezta þar í sveit. Nú er verið að framkvæma mikla engjarækt í Ölfusinu, þurrka forirnar og hlaða stíflugarða. Þessar framkvæmdir kosta mikið fé, en vegna þeirra koma til notkunar allstór svæði, sem engin leið hefur verið að vinna hingað til, sökum þess hvað þetta land hefur verið bleytumikið og illt viðfangs að vinna það. Nú hagar svo til í Ölfusinu, að margar jarðir hafa of litlar engjar, og hafa ábúendur þeirra fengið lánaðar engjar, bæði hjá prestinum í Arnarbæli og eins frá þessari jörð, Kröggólfsstöðum. Enn fremur er í ráði, eins og kunnugt er, að stofna nýbýli í sveitinni. Afkoma þeirra hlýtur að byggjast, næst ræktuninni heima fyrir, á engjunum niðri í Ölfusi. Það er því óumflýjanlegt, ef engin mistök eiga að eiga sér stað, að tryggja sveitinni yfirráð þessara engjajarða. Það þarf engar sérstakar ráðstafanir að gera með Arnarbæli, þar sem það er opinber eign og fullkomið samkomulag um skiptingu á engjum þar, eftir því sem ég veit bezt, en það er nokkuð öðru máli að gegna með þessa jörð, Kröggólfsstaði, ef eigandinn þar selur hana. Nú veit ég til þess, að honum leikur hugur á að selja þessa jörð. Samkv. landslögum á að vísu sveitarfélagið forkaupsréttinn, en ég þekki gerla til þess, að það mun vera nokkrum erfiðleikum bundið fyrir sveitarfélagið að kaupa jörðina, bæði verður þar um verulega fjárhæð að ræða og það er engin trygging fyrir því, þó að það vildi nota forkaupsréttinn, að það treysti sér til að standa straum af kaupunum. Hins vegar er fyrir þetta sveitarfélag, bæði bændurna, sem búa á jörðunum í kring, og ekki síður fyrir þau nýju býli, sem í ráði er að byggja í sveitinni, þetta svo þýðingarmikið atriði, að ekki má láta undir höfuð leggjast að tryggja sveitinni yfirráð yfir þessu landi. Bæði þarf þetta fólk að geta notað landið, og þá er ekki síður á það að líta, að það opinbera hefur lagt mikið af mörkum til umbóta á þessum engjalöndum. Það er því verulega illa farið, ef svo tækist til, ef jörðin yrði seld ef til vill manni úr fjarlægu héraði, sem gæti orðið til þess, að sveitin hefði lítil eða engin not af þessum löndum. Af þessari nauðsyn og brýnu þörf er það, að þessi till. er fram

borin, og vil ég vona, að þingið líti sömu augum á þetta og við flm. og vilji gera sitt til þess að tryggja þeim mönnum, sem þarna búa og hafa landsins mikla þörf, að það komi þeim til nota. — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa till.

Ég á till., sem ég hef borið fram ásamt hv. samþm. mínum. Hún er nú í prentun og hefur því enn ekki verið útbýtt. Veit ég því ekki, hvort hæstv. forseti leyfir mér að fara nokkrum orðum um hana nú. **(Forseti:** Jú, jú). Fyrst hæstv. forseti vill það, mun ég nota mér leyfi hans. Þessi till. er um að heimila ríkisstj. að ábyrgjast lán fyrir Sandvíkurhrepp, Eyrarbakkahrepp og Stokkseyrarhrepp til að koma upp rafmagnsleiðslum frá Sogsvirkjuninni niður í þessar sveitir. Undirbúningi þessa verks er nú alveg lokið. Þó að telja megi, að nú sé eigi mikið rafmagn aflögu við Sogsstöðina, þá er þessi notkun svo lítilvæg, að stöðina munar ekkert um það afl, sem þarf til að lýsa þessa staði, en kostnaðurinn er það mikill við þessa leiðslu, að án lánstrausts er þessum sveitarfélögum ómögulegt að koma henni á. Ef það stæði í valdi þessara sveitarfélaga að koma rafmagninu heim til sveitarbúa frá Sogsstöðinni, mundu þeir fyrir löngu hafa verið búnir að því, en bæði er það, að þeir geta ekki af eigin rammleik leitt rafmagnið heim til sín og einnig er það kunnugt, að á þessu tímabili hefur verið svo mikill gjaldeyrisskortur, að ekki hefur verið hægt að fá gjaldeyri til að kaupa það efni, sem hefur þurft til þessarar leiðslu. Nú hefur að vísu orðið stórkostleg hækkun á því, sem þarf til þessara hluta. Fyrir stríð mun kostnaðurinn ekki hafa verið nema um 300 þús., eða tæplega það. Nú mun hann vera orðinn nærri því þrefalt meiri, svo að ef ætti að hafa líka tilhögun á þessu og ég sé, að lagt er til á þskj. 622 í till. um ábyrgðarheimild fyrir rafvirkjun fyrir Ólafsvík og Sand og Neshrepp utan Ennis, þá mundi þessi ábyrgðarheimild nema 720 þús. kr. Það er talsvert fjölmenni og iðnaður á þessum þrem stöðum, og vitanlega mundi iðnaður þar vaxa mikið, ef kauptúnin hefðu yfir þessu afli að ráða í þennan iðnað. Ég þarf ekki að tala langt mál um það fyrir hv. þm., því að þeir munu vafalaust vera á einu máli með okkur flm. um þá miklu þörf, sem er fyrir þessa menn að fá þetta afl til umráða. Ég vona því, að Alþingi sjái sér fært að verða við þessari beiðni, þar sem hér er um að ræða línu, sem hefur verið undirbúin til fulls fyrir mörgum árum, aflið hefur verið látið ónotað, en aðeins skort fé og framkvæmd til að leiða rafmagnið niður til kauptúnanna. Fólki í þessu byggðarlagi er þetta auðvitað mjög mikið áhugamál, og það væri ekkert undarlegt, þó að það furðaði sig á því, ef Alþingi synjaði nú um ábyrgðarheimild fyrir þessa tiltölulega litlu fjármuni, sem þarf til þess að koma rafmagninu niður í þetta byggðarlag, þegar það hefur á undanförnum árum gengið í ábyrgð fyrir svo tugum milljóna hefur skipt fyrir önnur byggðarlög og bæjarfélög til þess að leysa þessi mál fyrir fólkið þar.

Ég mun þá ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég vona, að hv. þm. geri það bezta, sem þeir treysta sér frekast til í þessu efni, en ég er fyrirfram fullviss um það, að svo framarlega sem farið verður að sinna þessum málum, þá verður þessi lína eitt af því fyrsta, sem framkvæmt verður til þess að koma rafmagninu út um sveitir landsins.

Ég vil svo að endingu til viðbótar við það, sem ég hef tekið fram, benda á það, að öll sú mikla raforka, sem hér um ræðir, er tekin í héraðinu sjálfu, og íbúarnir hafa ljósin fyrir augum sér á hverju kvöldi, þegar dimma fer, og það segir sig náttúrlega sjálft, að það eykur ekki lítið á óskir þeirra og þrá að fá þetta ljós og þetta afl leitt heim til sín.

Forseti (PO): Áður en lengra er gengið, vildi ég leita afbrigða fyrir brtt. við fjárlfrv., sem nú hefur verið útbýtt á þskj. 622.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Jóhannes Jónasson: Herra forseti! Við 2. umr. fjárlfrv. var felld brtt. frá hv. samflokksmönnum mínum, hv. 1. landsk. og hv. 4. landsk., við 44. lið 15. gr., þar sem lagt var til, að styrkur til lista og vísinda væri hækkaður og enn fremur að aðrir aðilar skyldu ráða úthlutun hans. Ég hef nú við þessa umr. á þskj. 619,XV leyft mér að bera fram nýja brtt. við þennan sama lið, sem er samhljóða þeirri fyrrnefndu að öðru leyti en því, að fjárhæðin er hér lægri.

Ég get ekki látið hjá líða í þessu sambandi að skýra nokkuð afstöðu mína til þessara mála yfirleitt, og þá ekki síst þennan þátt, sem mest hefur verið um deilt á síðustu árum, nefnilega styrkveitingar til skálda og rithöfunda.

Það er nokkuð athugavert fyrirbrigði og óþægileg skýring á afstöðu Alþingis til andlegrar menningar Íslendinga, að samtímis því, sem óvenjumikið fjármagn flæðir yfir landið og óvenjuríflegar fjárveitingar eru ætlaðar til margvíslegra efnislega hluta, þá eru fjárveitingar til lista og vísinda látnar standa í stað, því að sú 10 þús. kr. hækkun, sem fjvn. hefur ákveðið við þennan lið, mun fyrst og fremst vera ætluð þremur mönnum, sem þangað hafa verið færðir annars staðar að.

Á hátíðum og tyllidögum, þegar sanna skal tilverurétt vor Íslendinga meðal annarra menningarþjóða heims, eru þjóðmálaskörungar okkar vanir að staðfesta af miklum fjálgleik, að það séu bókmenntirnar, sem hafi tryggt oss þennan tilverurétt, og það sé hin andlega mennt, sem verið hafi fjöregg vort í hinu harða stríði aldanna, að það sé viðleitnin til listsköpunar og vísindalegrar raunhyggju, sem hafi gert oss að siðuðu fólki og merkilegu. Á slíkum stundum er það, að menn tala um það með grátstafinn í kverkunum, hvernig liðnar kynslóðir hafi vanmetið skáld sín og snillinga. Menn tala með undrun og fyrirlitningu um þann rangsnúna hugsunarhátt, sem þótti ófínt að ganga um göturnar með Jónasi Hallgrímssyni. Menn hrista höfuðið yfir meðferðinni á Bólu-Hjálmari og Sigurði Breiðfjörð. Menn eiga engin orð yfir þann nánasarskap, sem birtist í 600 krónunum

hans Þorsteins Erlingssonar, o. s. frv. En um leið og þeir gráta örlög löngu liðinna merkisbera íslenzkrar menningar, gerast þau undur, að þeir standa í harðri styrjöld gegn skáldum eigin kynslóðar, svo að hér á landi hefur ekki verið barizt af meiri hita og kappi í neinu öðru máli upp á síðkastið. Sú barátta beinist ekki fyrst og fremst að því, að hér sé svo mjög skorið við neglur sér, heldur er það úthlutunaraðferðin, sem styrinn stendur fyrst og fremst um. Eins og hv. þm. er kunnugt, hélzt sá háttur, þar til nú fyrir tveim árum, að styrkurinn til lista og vísinda var veittur beint frá sjálfu Alþingi. Þetta fyrirkomulag var að ýmsu leyti óviðunandi, og í blóra við þá staðreynd var hafin barátta fyrir því, að svokölluðu menntamálaráði væri falið að úthluta allri þeirri fjárveitingu, sem ætluð er til bókmennta, lista og vísinda. Þetta gat í sjálfu sér verið hyggileg ráðstöfun, ef til hennar hefði verið stofnað af einlægum áhuga fyrir viðgangi þessara menningargreina, án tillits til lífsskoðunar eða pólitískrar afstöðu. En því var ekki að heilsa. Baráttan var þvert á móti háð í þeim tilgangi að ná enn betur aðstöðu til algerðrar yfirdrottnunar á vettvangi þessara mála. Ég mundi ekki leyfa mér að bera fram aðra eins staðhæfingu og þessa, svo ósvífið sem innihald hennar í raun og veru er, ef réttmæti hennar hefði ekki verið margsannað af sjálfum formanni menntamálaráðs, hv. þm. S.-Þ., enn fremur af hæstv. fjmrh. við umræðu hér á hv. Alþingi í fyrravetur, þar sem hann ákærði menntamálaráð fyrir sviksemi við vilja Alþingis um það að útiloka algerlega nokkra hættulega höfunda, sem hann svo nefndi, frá styrk til bókmenntalegrar starfsemi. Hafði þó þetta ráð þá þegar sýnt allskörulega viðleitni í þessa átt. Ég ætla ekki að lýsa nánar einræðisviðleitni menntamálaráðs, sem lauk eins og kunnugt er með sigri þess, alltæpum þó. En strax við fyrstu úthlutun kom í ljós, hvert stefndi. Tveir rithöfundar vorir, sem tvímælalaust mega heita höfðingjar í íslenzkri orðlist, voru þegar lækkaðir gífurlega, annar, mesti skáldsagnahöfundur vor fyrr og síðar, lækkaði úr 5 þús. kr. niður í 1800 kr. Allir vissu, að þetta var gert vegna þess, að þessir höfundar voru sósíalistar að lífsskoðun og hafa flestum fremur beitt sér miskunnarlaust gegn öngþveiti þess þjóðskipulags, sem nú er að syngja út sinn eiginn útfararsálm.

Skal ég nú víkja lítillega að réttmæti þeirrar stefnu að ráðast með eins konar hungurárásum á róttæka rithöfunda. Það er öllum vitanlegt, sem það vilja vita, að það er eðli meiri háttar skálda og rithöfunda að skynja næmar og sárar mein samfélagsins en aðrir menn. Þeir eru eins konar brennipunktur þeirra þjáninga og óska, sem hrærast með kynslóð þeirra, þeir eru samvizka samtíðarinnar, það eru þeir, sem hrópa á þá framtíð, sem fólkið innst inni þráir. Getur nú nokkur furðað sig á, þótt slíkir menn „tali strítt“ á tímum slíkum sem þessum, þegar sjálf tilvera mannkynsins og menningarinnar er í veði, — er nokkuð undarlegt, þó að þeir prédiki fánýti þeirrar fleytu, sem hefur strandað á skeri og er að sökkva, er það nokkur furða, þó að þeir bendi á „annað skip og annað förunneyti“, ef það er sannfæring þeirra, að með því móti megi takast að bjarga lífi mannkynsins? Hið eina, sem menn þessir hafa unnið til saka, er það, að þeir eru ófáanlegir til að berja höfðinu við stein staðreyndanna. Þeir vilja endurfæðingu menningarinnar, en ekki hrun hennar, þeir vilja lifa, en ekki deyja. Byltingin, sem sumir þeirra boða, er ekki ósk þeirra, heldur blátt áfram viðurkenning á illri, en óhjákvæmilegri nauðsyn. Þeir vita, að ef svo fer sem horfir, þá hlýtur hún að koma á sínum tíma, hvort sem þeir vilja eða ekki, og þeir skoða það sem hlutverk sitt að skapa henni menningarlegt innihald og bjarga öllu því, sem bjargað verður, í stað þess að hún brjótist út sem þjófur á nóttu, blóðug og blind og tortímandi eins og einhver óviðráðanlegur náttúrufyrirburður. Fyrir þetta eru róttækir rithöfundar um víða veröld auðvaldsins rógbornir og hundeltir eins og óargadýr, ást þeirra á fegurðinni kölluð klám, ást þeirra á sannleikanum guðlast, gegnumlýsing þeirra á eðli staðreyndanna fals og lygi.

Því hæfari og listfengari sem höfundurinn er, því kappsamlegri og lævísari eru ofsóknirnar. Skýrt dæmi um það er hin íslenzka saga um Halldór Kiljan Laxness. Það er eins og þessi frábæri höfundur, sá fyrsti nútímahöfundur vor, er hafið hefur móðurmál sitt til viðurkenningar á heimsmælikvarða, hafi aldrei skrifað neitt annað en sögu eina um „lúsuga tík“ í koti, og þessa sögu á hann að hafa skrifað þjóð sinni til eilífrar svívirðingar í augum umheimsins. Hér gerist á nýjan leik ævintýrið um Bólu-Hjálmar og valdsmennina í Akrahreppi, nú aðeins í enn stórbrotnara formi, — hér er enn um það að ræða, hvort þjóðin á að fá að hlusta á rödd samvizku sinnar eða hvort hún á að þagga niður í henni fyrir fullt og allt. Og svo kemur gamall skólabróðir minn, Halldór Guðjónsson í Vestmannaeyjum, og setur Halldór Guðjónsson frá Laxnesi á kné sér og segir: Jæja, nafni minn, nú skal ég kenna þér íslenzku. Sjáðu nú til: Í síðustu bók frá þinni hendi voru 4000 villur, miðað við venjulegan barnaskólastíl. Hvað heldurðu, að verði úr málinu okkar með þessu lagi?

Er nú ekki von, að vesalings rithöfundurinn spyrji: Erum við staddir í Timbúktú?

Það er auðvitað ekkert auðveldara en að ofsækja rithöfunda fyrir lífsskoðanir þeirra, — þetta er aldagamall siður, sem valdhafar allra þjóða og alda hafa meira eða minna stundað sér til sálubóta. Það er ekkert auðveldara en að kalla þá landráðamenn, föðurlandsleysingja, klámhunda og guðlastara. Það er ekki mikill vandi að ljúga því upp á þá, að þeir lifi á erlendum áróðursmútum. Það er ekki mikill vandi að æpa: Moskva! Moskva! — hvenær sem þeir gerast of skorinorðir um lífskjör íslenzkrar alþýðu og höggva of nærri hagsmunum sérréttindastéttanna. Hitt mun reynast örðugra, að þurrka sannleikann út úr list þeirra, en örðugast mun þó verða að koma í veg fyrir dóm sögunnar. Mér er sem ég sjái og heyri fyrirlitningu komandi kynslóða, þegar þær fara að læra þann

kaflann í bókmenntasögunni sinni, sem fjallar um viðskipti íslenzkra valdhafa við skáld og listamenn þessa merkilega tímabils, sem nú stendur yfir. Þær munu meðal annars spyrja sjálfar sig undrandi þess, hvernig í ósköpunum hafi getað á því staðið, að broddborgurum vorra tíma hafi þótt jafnófínt að ganga um götuna með þeim manni, sem fegurst hefur skrifað um Jónas Hallgrímsson, hugsjónir hans og óskir, eins og samtíð Jónasar þótti ófínt að ganga með honum sjálfum. En ég vil óska þess og vona, að þær nýju kynslóðir framleiði enga broddborgara til þess að ofsækja sín skáld og listamenn.

Norður í landi búa tveir aldraðir bændur, Sandsbræður, báðir góð skáld, þótt með ólíkum hætti sé. Undanfarið hefur styrkur til annars þeirra farið hækkandi, til hins lækkandi, þar til hann var með öllu afnuminn á þessu ári. Ég skal ekki fara út í neinn samjöfnuð á list þeirra, en hitt er kunnugt, að sú hækkandi stjarnan hefur fylgt hvers konar afturhaldi fast að málum, hinn, sem horfinn er, hefur hins vegar hneigzt til róttækra skoðana.

En nú kem ég að því, sem furðulegast er í þessu máli: Mat menntamálaráðs á verðleikum höfunda virðist ekki einu sinni fara eftir stjórnmálalegum viðhorfum einum, heldur einnig stundum eftir einhverjum öðrum dularfullum duttlungum. Kem ég þar að Gunnars sögu Gunnarssonar, bónda í Skriðuklaustri. Hann er enn einn sá höfundur íslenzkur, sem engra tvímæla orkar um, — maður, sem hefur getið sér mikils frægðarorðs með framandi þjóðum og er nú nýlega fluttur hingað heim, eftir harða, en glæsilega útivist. Honum var þá líka tekið sómasamlega fyrst í stað, heiðraður allra skálda hæst, 4000 kr. — veskú! En Adam var ekki lengi í Paradís. Við úthlutun þessa árs kom í ljós, að þessi frægi og stórbrotni höfundur hafði fallið í verði um þúsund krónur. Enginn veit til, að hann hafi haft í frammi neins konar pólitíska áróður. Hér var svo sem ekki um neinn Moskvamann að ræða, því síður mann, sem staðinn hafði verið að neinum sóðaskap. Ekki er sjáanlegt, að maðurinn hafi nokkurn skapaðan hlut til saka unnið, annað en það að frumrita sína fyrstu skáldsögu á móðurmálinu, og það jafnvel skáldsögu fulla af þeirri sveitarómantík, sem liggur víðsfjarri hvers konar snertingu við allan byltingarhug.

Hvernig á nú að skilja slíka atburði? Er það meiningin að leika sér að skáldum og listamönnum eins og köttur að mús? Er meiningin að minna þá árlega á það, að þeir séu eins konar volaðir þurfalingar, sem eigi allt sitt undir einhverri himinhárri náð og megi þakka fyrir hvern mola, sem hrýtur af borðum húsbændanna? Slíkt mætti kannske bjóða smærri spámönnunum, eins og mér og mínum líkum. En að sýna höfuðskáldum þjóðarinnar slíka og þvílíka móðgun, — það er meira en gömul bókmenntaþjóð getur leyft sér að þola. Það væri heldur ekki úr vegi að minna hæstv. Alþ. og hv. menntamálaráð á það, að það eru engir einkafjármunir þeirra manna, sem þessum styrkveitingum stjórna, sem þeir eru þar að ráðstafa, heldur fjármunir alþjóðar, sem hún hefur trúað þeim fyrir að skipta svo réttlátlega sem verða má. Enginn skal fúsari játa það en ég, að örðugt getur verið að dæma í millum verðleika manna frá hinu eina sjónarmiði, sem fært er: sjónarmiði listarinnar. En ég er þess fullviss, að íslenzk alþýða mundi krefjast þess, ef hún ætti á því tök, að fulltrúar tungu hennar og menningar séu ekki hafðir að leiksoppi og látnir hrekjast í öryggisleysi frá ári til árs, og hún mundi ekki síður krefjast hins, að þeir megi hafa og boða þá lífsskoðun, er þeir telja sannasta og réttasta og heiminum öllum til mestrar blessunar.

Nú mun sagt verða, að mér sé mál þetta of skylt til þess að viðhafa um það gagnrýni, þar sem ég sé sjálfur einn styrkþeganna, sem hér er um að ræða. En nú vill svo vel til, að persónulega hef ég ekki yfir neinu að kvarta um gerðir menntamálaráðs. Í hið fyrra skiptið var mér ætluð sama upphæð sem áður frá hæstv. Alþ., í síðara skiptið, síðastl. vetur, voru að vísu klipnar 200 kr. af upphæðinni, og skoðaði ég það fremur sem meinlaust grín upp á valdbeitingu ráðsins en hegningu fyrir „hættulegar skoðanir".

Annars er þessi byltingahneigð menntamálaráðs gagnvart einstaka rithöfundum mér hreinasta ráðgáta. Ég skil formann ráðsins, hv. þm. S.-Þ., mætavel, hann hefur svo rækilega og oft gert opinbera grein fyrir sinni afstöðu til þessara hluta, og ég ætla því ekki að fara að stökkva neinu vatni á þá þjóðkunnu gæs. Það eru hinir aðrir meðlimir ráðsins, sem ég get ómögulega áttað mig á. Að vísu er til þjóðsaga um það, að þeir séu allir „í vasa Jónasar", eins og það er orðað. En á maður að trúa slíku ævintýri? Á maður að trúa því, að jafnstórir og myndarlegir menn og háskólakennarinn í sögu, landsbókavörður, þjóðskjalavörður og rektor menntaskólans, hv. 1. þm. Skagf., komist allir fyrir í þessum eina vasa? Fyrr mætti nú vera vasinn. Og er þessi vasi þá svo djúpur, að ómögulegt sé að klifra upp úr honum og komast til forsvaranlegra ráðs? En verkin sýna að vísu merkin, því miður, — það hefur svo sannarlega verið á meirihlutavaldi þessara annars svo ágætu manna að koma í veg fyrir þá sögulegu niðurlægingu, sem hér hefur átt sér stað.

En það er einmitt vegna þeirrar sorglegu staðreyndar, sem ég hef tekið upp aftur till. flokksbræðra minna um það, að úthlutun hinna umræddu styrkveitinga verði falin nýjum aðilum: Bandalagi íslenzkra listamanna að því er skáld og listamenn snertir, en háskólaráði að því er til vísindamannanna kemur. Þetta er í fullu samræmi við hina eðlilegustu lausn málsins. Ég veit ekki, hverjir eiga að fjalla um slík mál. ef ekki þeir, sem hafa hina nauðsynlegu sérþekkingu til brunns að bera, og kemur sú skoðun algerlega heim við álit hinna 14 myndlistarmanna, er sent hafa Alþ. ávarp, þar sem þeir mótmæla aðgerðum menntamálaráðs fyrir sína hönd. Það er því óhætt að fullyrða, að brtt. þessi hefur að baki sér óskipt fylgi mikils meiri hluta íslenzkra skálda og listamanna, og vænti ég þess, að hæstv. Alþ. taki þá þýðingarmiklu

staðreynd til greina. Reynist ekki svo, verður að líta þannig á, að fulltrúar þjóðarinnar hér á þessari virðulegu samkomu virði einskis merkisbera hinnar andlegu menningar í landinu, — og hvað er þá orðið um þann tilverurétt þessarar fámennu þjóðar, sem básúnaður hefur verið við hátíðleg tækifæri? Hversu lengi streymir nýtt blóð um æðar vorar með því einu að vegsama hinn holdsveika öreiga Hallgrím Pétursson, af því að hann er svo löngu rotnaður í gröf sinni? Hversu lengi nærist hinn andlegi meiður þjóðlífsins á því að byggja kirkjur í Saurbæ, Skálholti og á Þingvöllum, ef hin lifandi musteri listarinnar eru óvirt og brotin svo sem verða má?

Þá hef ég enn fremur lagt til, að framlagið til þessara mála verði hækkað úr 90 þús. kr. upp í 120 þús. kr. Ætti ekki að þurfa að mæla með svo lítilfjörlegri hækkun til jafnþýðingarmikillar starfsemi, en nægja að benda á það, að ef íslenzk menning á að sleppa sem ósköðduðust úr því blóðuga gullregni, sem nú dynur yfir þessa þjóð, þá kann ég aðeins eitt ráð: að margfalda umhyggjuna fyrir hinum andlegu verðmætum í landinu.

Ég skora á hæstv. Alþ., sem ber ábyrgð á kosningu til menntamálaráðs, að sjá svo um, að þetta stríð gegn listinni verði niður lagt og nýr og sæmilegri háttur upp tekinn. Ekki þó sá háttur að semja frið um ósómann, heldur sá, að leyfa samvizku þjóðarinnar að tala, hversu sáryrt og miskunnarlítil, sem hún kann að verða.

Ég ræð þeim, sem unna heilagri ritningu, til að yfirvega vandlega orð Gamalíels, hins lögfróða og vel metna Farísea: Látið þessa menn eiga sig og sleppið þeim, því að ef þetta ráð eða verk þetta er af mönnum, verður það að engu; en ef það er frá Guði, þá megnið þér ekki að yfirbuga þá.

Íslenzk skáld, íslenzkir listamenn, íslenzkir vísindamenn munu aldrei láta kúga sig til auðsveipni, þeir munu heldur svelta. En það er yðar siðferðilega og menningarlega skylda sem fulltrúa þjóðarinnar að votta lífi þeirra og list þá virðingu og hollustu, sem vera ber, því þjóðin öll krefst þess, að helgasta tilverurétti hennar sé ekki glatað.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Við 2. umr. fjárl. gat ég þess, að ég teldi mjög miður, að fjvn. hefur ár frá ári gengið meira og meira inn á þá braut að draga undan áhrifum Alþ. ýmsar upphæðir og viljað ráða ein, hvernig þeim væri varið. Þetta byrjaði, eins og ég þá lýsti, með því, að hætt var að sundurliða upphæðirnar í fjárl., heldur voru þær sundurliðaðar í nál. Svo var smám saman hætt að sundurliða upphæðirnar einnig í nál. og liðirnir settir saman í eina kássu á fjárl. Ég veit ekki, hvað á að gera við brúaféð, sem nú er á fjárl. Hvað á að gera við brúaféð? Hvað á að gera við féð til dýralækninga, sem leikmenn eiga að fá? Hvaða ólærðir dýralæknar eiga að fá það? Hvaða línur á að leggja til viðbótar einkasímum á næsta ári? Hvaða uppgjafaverkstjórar eiga að fá styrk? Hv. frsm. fjvn. gat þess í svari sínu til mín, að þetta væru misfellur, og ég vænti þess þá, að n. mundi skila framhaldsnál. og koma með sundurliðun um það, hvaða ár ætti að brúa, hvaða leikmenn ættu að fá styrk til dýralækninga, hvaða uppgjafaverkstjórar ættu að fá styrk, hvaða nýjar símalínur ætti að leggja o. s. frv. Ekkert slíkt nál. hefur komið fram, og í ræðu sinni nú hefur hann ekkert minnzt á þetta frekar. Mér finnst, að valdið um þetta eigi ekki að draga í hendur neinnar n. og að það eigi ekki að fela það fyrir hv. þm., hvað þeir eigi að greiða atkv. um. Til þess að ráða nokkra bót á þessu, hef ég gert till. um, að partur af brúafénu verði látinn ganga til að byggja ákveðna brú. Ég hefði viljað sundurliða liðinn allan. En af því að ég hafði ekki hugmynd um, hvaða ár stæði til að brúa, þá vildi ég láta það vera til samkomulags, því að það mun vera n. sjálf, sem á að ráða því, en ekki hæstv. Alþ. En brtt. mín um þetta, sem fram er komin, byggist á þeirri þörf, sem á því er að brúa þetta vatnsfall, og líka á því, að það er alveg óforsvaranleg afgreiðsla hjá hv. fjvn. að slengja svona saman liðum og fela fyrir hæstv. Alþ., hvað verið er að gera.

Þá minntist ég á það í ræðu, sem ég hef ekki fengið svarað, hve mikil nauðsyn væri á því, að unnið væri á þessu ári aukalega í ýmsum sveitum landsins, þar sem fólkið enn þá er og vantar þó atvinnu að vorinu, til þess að tryggja, að sá vinnukraftur, sem þar er fyrir, færi ekki annað til þess að leita sér atvinnu, og kæmi þá kannske ekki aftur í viðkomandi sveit. Mér skildist á umr. hv. 1. þm. Reykv. (MJ) og hv. form. fjvn. (PO), að í fjvn. væri ágreiningur um þetta, n. væri búin að skrifa hæstv. ríkisstj. eitthvað um þetta, sem hæstv. Alþ. veit náttúrlega ekkert um, hvernig er varið, því að það er líka falið. Ég veit ekki heldur, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur tekið í þetta mál. Ég tel höfuðnauðsyn á því í mörgum sveitum landsins nú, þar sem fólkið enn er og hefur eins og vanalega heldur lítið að gera yfir vortímann, að ríflega verði lagt fram fé til vegavinnu eða slíkra framkvæmda annarra á þessu ári, til þess að þetta fólk leiti ekki annað að atvinnu, og komi þá kannske aldrei aftur heim í sína sveit.

Brtt. á ég hér nokkrar. Ég benti á það við 2. umr. líka, að ég teldi mjög óviðeigandi að samþ. lið, sem þá var samþ. af meiri hl. hv. þm., um hafnargerð við innanverðan Faxaflóa. Því var þá yfir lýst, að þetta ætti að vera landshöfn fyrir báta, sem bátar af fjarlægum landssvæðum gætu átt víst að fá viðlegu í. En ekki var ákveðið, hvar höfnin ætti að vera. Nú mun ekki vera hægt að gera þessa höfn nema þar, sem landið er einstakra manna eign. Og þegar höfn væri byggð, mundi vegna verðhækkunar á landinu, þar sem höfnin væri gerð, hækka gjaldið fyrir þá báta, sem þar fengju að liggja. Til þess að reyna að láta þetta ekki verða eins og nú er, að viðlegugjöld þeirra báta eru svo há, að það, sem bátarnir fá meira fyrir sinn afla með því að stunda veiðar hér syðra heldur en með því að gera út þar, sem hver þeirra um sig á heima, fer í viðlegugjald, þá hef ég komið með aths. við liðinn, sem ég ætlast til, að verði

til þess, ef hún verður samþ., að tryggja það í framtíðinni, að ekki verði okrað á þessum bátum, og til þess að það, sem hæstv. Alþ. hefur samþ. viðkomandi þessari höfn, verði til nota fyrir alla, sem sækja þessa höfn, en ekki fyrir þá, sem landið eiga þar, sem höfnin er sett.

Ég sé, að þrír aðrir hv. þm. hafa komið með aths. við þennan sama lið, sem mér finnst réttmæt. Ég veit ekki, hvernig þessar till. ber að við atkvgr., hvor þeirra kemur á undan. Ég fyrir mitt leyti get verið með báðum till., því að hafnarl. um þetta á að setja, og finnst mér eðlilegt, að inn í þau hafnarl. væri sett það ákvæði, þar sem þessa höfn er ráðgert að gera af ríkisfé, án þess að framlag komi þar á móti, að bátar, sem þangað leita, geti legið þar þannig, að það væri ódýrt fyrir þá. Þessir tveir liðir koma því ekkert í bága hvor við annan.

Þá minntist ég á það við 2. umr., að ég teldi réttara heldur en að samþ. þann lið, sem þá var samþ. um að koma upp safni af landbúnaðarverkfærum á Hvanneyri, að hafa það safn á Hólum í Hjaltadal. Þar er til gamall bær, og þar sem hæstv. Alþ. hefur sýnt nokkra viðleitni um að halda við gömlum bæjum til minja, vil ég benda á, að þar á Hólum er gamall bær, sem ríkið á, sem má gera góðan og hafa fyrir geymslu fyrir slíkt safn. Þessu hefur hv. fjvn. ekki viljað sinna, og liðurinn um Hvanneyri var samþ. Nú legg ég ekki til, að þetta verði tekið frá Hvanneyri. En ég legg til, að veittar verði 3000 kr. til þess að gera við þennan gamla bæ og til að byrja á að koma þar fyrir landbúnaðarverkfærasafni. Ég skil ekki annað en öllum hv. þm. þyki þessi brtt. alveg sjálfsögð. Það hafa allir hv. þm. verið með því að viðhalda gömlum bæjum, þó að ríkið ætti þá ekki, hvað þá þegar ríkið á bæinn og þessi bær er þar, sem eins margir koma eins og á Hólum. Jafnsjálfsagt er líka hitt, að koma upp safni af landbúnaðarverkfærum, og finnst mér þá alveg tilvalið að geyma það í gamla bænum.

Þá sé ég á brtt. hv. fjvn., að hún leggur til, að tekinn verði upp 10000 kr. liður til fyrirtækis, sem nefnt er „Íslenzk ull“. Ég skal ekki leggja dóm á starf þess fyrirtækis. En til þess að ekki fari eins mikið tvennum sögum af því fyrirtæki eins og nú á sér stað, vil ég, ef þessi fjárveiting verður samþ., leggja til, að fjárveitingin verði bundin því skilyrði, að ríkisstj. láti endurskoða reikninga stofnunarinnar og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda eða endurskoðendum. Þetta hef ég lagt til, til þess að fénu verði ekki fleygt í þetta fyrirtæki án þess að nokkur vissa sé fyrir því, hvað um þetta fé verður.

Þá á ég brtt. á þskj. 622,V með hv. 2. þm. Skagf., um að við 16. gr. bætist nýr liður: Til tilrauna í jarðrækt og búfjárrækt samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1941 40000 kr. Það er búið að samþ: hér áður l. um tilraunir í þágu landbúnaðarins. Þar er tekið fram, að ríkið taki smám saman við þeim tilraunum, sem nú eru starfandi til eflingar landbúnaðinum, og víkki þær út eftir því, sem tímar líða. Nú hefur hv. fjvn. ekki fundizt nein ástæða til að taka upp till. um neitt fjárframlag í þessu skyni. Ég veit ekki, hvort hún hefur hugsað sér, að sú tilraunastarfsemi, sem nú er rekin á Sámsstöðum og hjá Ræktunarfél. Norðurlands, eigi að detta niður. Ég vona, að þetta tómlæti sé ekki sprottið af því, að hv. n. bresti skilning á því, að íslenzkir bændur þurfa að byggja sinn búskap á miklu meiri tilraunum heldur en enn hafa verið gerðar. Það er beinlínis undirstöðuatriði fyrir landbúnaðinn að fá úr skorið með vísindalegum tilraunum, hvað bezt henti bæði í jarðrækt og búfjárrækt, sem búskapurinn þarf að byggjast á. Þess vegna vil ég vona, að það hafi verið gleymska, sem olli því, að hv. fjvn. hefur ekki tekið neitt upp í sínar brtt. til þessara tilrauna, en ekki hitt, að þetta hafi verið af ásettu ráði. Ég vona, að hv. fjvn. mæli með því sem heild við hæstv. Alþ., að þessu verði kippt í lag og að Alþ. sýni fullan skilning á því, hve sjálfsagt það er að viðhalda þessum tilraunum og auka þær, en ekki leggja niður.

Þá eru nokkrar spurningar út af brtt. hv. fjvn. Þar eru ætlaðar 20 þús. kr. til Norðfjarðarvegar. Hann liggur frá Eskifirði yfir um fjallið rétt fyrir ofan Vöðlavík, og er nú búið að koma honum allt til Viðfjarðar, en þaðan verður hann að liggja um ófærur inn fyrir botn Hellisfjarðar, þar sem hann þarf á mörgum stöðum að höggvast í hamra, eða sprengja verður kletta úr leið. Ef átt er við þennan veg, er ég á móti brtt.

Hins vegar er til vegur um Oddsskarð og er ekki kallaður Norðfjarðarvegur. Hann mundi kosta margfalt minna. Ef það er hann, sem nú á að skíra Norðfjarðarveg, þá er ég með till. Sá vegur er eins sjálfsagður og hinn er mikil vitleysa.

Þá eru í till. fjvn. 2 þús. kr. til Jóhanns Kristjánssonar til smíða á eldavél. Ég er í sjálfu sér ákaflega eindreginn með þessum lið. En ég er hræddur um, að ef Alþingi vill koma hér til aðstoðar, sé þessi upphæð þýðingarlaus. Sannleikurinn er sá, að Jóhann Kristjánsson er búinn að smíða eldavél, sem heldur afar lengi lífi í eldinum, er ákaflega eldiviðarspör og hitar upp hús eins og miðstöð væri. Það, sem þarf, er að gefa honum aðstöðu til að koma upp fullkomnu verkstæði eða verksmiðju, til þess að hann geti fullnægt pöntunum, sem honum berast og mundu berast í stórum stíl, ef menn vissu, að þessar vélar fengjust smíðaðar fyrir svipað eða litlu hærra verð en aðrar eldavélar. Þetta getur hann ekki aðstæðna vegna. Mér er kunnugast um þrjár pantanir, sem um mínar hendur hafa farið, hin fyrsta í sept. s. l., og honum er ekki unnt að verða við beiðnunum. Hann þyrfti nokkuð mikið fé að láni eða með ábyrgð. Vélarnar eru þær beztu, sem kostur er á fyrir þorra manna úti um landsbyggðina. Ég skýt því til hv. fjvn., hvort hún sjái sér ekki fært að leysa á einhvern veg úr þessu máli, t. d. í sambandi við landssmiðjuna.

Hv. frsm. hefur nú lagt fyrir mig lista yfir það, hverjir eigi að fá hlutdeild í styrk til dýralækninga. Það er gott, að ég á að fá að sjá það, þó að hv. alþm. sýnist yfirleitt ekki ætlað að fá að sjá það. En honum láðist að leggja einnig fram lista yfir þær brýr og síma, sem

eiga að vera í einni kássu saman, og ég vona fastlega, að hann eigi eftir að koma með hann fram í dagsljósið.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég þarf ekki margt að segja að þessu sinni. Hv. frsm. gerði grein fyrir því, hvernig niðurstaða fjárl. mundi verða, ef till. fjvn., sem fram eru komnar, næðu samþykki. Og þótt um allverulegar hækkunartillögur væri að ræða frá n., sem nema hátt á 9. hundrað þúsunda, er í sjálfu sér ekki mikið við það að athuga, — því að sumpart má segja, að þetta séu aðeins leiðréttingar, svo sem brtt. við 16. gr., þar sem lagt er til að færa ýmsar fjárgreiðslur úr ríkissjóði til samræmis við fyrirmæli laga, sem ýmist eru þegar sett eða alveg að því komið, að verði sett, framlög til bygginga- og landnámssjóðs, endurbyggingar sveitabæja, verkamannabústaða í kaupstöðum o. fl. slíkt, sem ráðuneytið bjóst við, að mundi hækka, en vildi láta Alþingi gera um það úrslitatillögurnar. Þetta stendur í sambandi við þá ákvörðun undanfarinna þinga að fresta fjárveitingum, er ýmis lög ákváðu. Nú var hugmyndin að reyna að losna við það, vegna þess að greiðzt hefur úr fjárhagsörðugleikum ríkissjóðs um sinn, hversu langt eða skammt sem verða kann að bíða þess, að hverfa verði aftur að því óyndisúrræði að fresta þessum greiðslum. Þessar hækkanir eru yfirleitt til verklegra framkvæmda, sem gott og nauðsynlegt er að geta hrundið fram, ef fé verður fyrir hendi. En um það er fátt hægt að segja að svo stöddu.

Mér þykir vænt um, að hv. fjvn. hefur fallizt á þá skoðun, að tekjur yrðu að vera nokkuð varlega áætlaðar. Brtt., sem hún hefur gert á þeim liðum, eru í fullu samræmi við reglur ráðuneytisins um tekjuáætlanir. Fasteignaskatt hefur hún hækkað um 50 þús., eða 10%, en tekju- og eignarskatt aðeins um 150 þús., eða 5%, og er sú hækkun svo smávægileg, eins og ástandið er, þegar nákvæm áætlun er óhugsandi, að hún mun ekki valda mótmælum. Áætlunin um tekjur ríkisverzlana er hækkuð frá því, sem er í frv., en ekki svo mikið, að það geti talizt óforsvaranlegt. Síðastl. ár urðu þær miklu meiri, en óvarlegt er að gera ráð fyrir því árið 1942. Sú hækkun er verjandi, sem gerð er, sérstaklega þar sem ekki er líklegt, að horfið verði að því að lækka þar vöruverðið, fremur verði það hækkað; um söluna er hins vegar allt í óvissu.

Þessar hækkanir svara sem næst til þeirra hækkana, sem n. leggur til að gera á útgjaldaliðum, og verður því útkoman eða greiðsluhallinn nálega eins og var í frv. eftir 2. umr., rekstrarhallinn 289 þús., en greiðsluhallinn 1719 þús. kr. Til afborgana af lánum eru ætlaðar 1644 þús. kr., og munar þá minnstu, að það jafnist á við greiðsluhallann. Afkoman ætti eftir því ekki að verða verri en það, að skuldir ættu að standa sem næst í stað. Ef illa tekst til með tekjur ríkissjóðs, hefur nefndin, sem kunnugt er, fallizt á að halda í fjárl. heimild til þess að lækka ólögboðin útgjöld ríkissjóðs, eftir því sem þá þætti þurfa til að taka, um allt að 35%.

Síðan gengið var frá frv. við 2. umr., hefur komið fram frv. um tollalækkun, sem ætla mætti, að heimtaði lækkun á áætluðum tolltekjum að sama skapi. Lagt er til að fella niður toll af kornvörum og lækka sykurtoll um helming. En þess ber að geta, að áætlunin byggist á innflutningi ársins 1940, sem var alltakmarkaður á miklu af hinum tolluðu vörum. Ef við gerum ráð fyrir venjulegri verzlun árið 1942, mætti ætla, að þessi brottfelling tolls ynnist upp með auknum innflutningi annarra vörutegunda tollskyldra. Um þetta er náttúrlega hvort tveggja til, en ég lít svo á, að ekki sé ástæða til að telja áætlunina óforsvaranlega. Eins og um margt annað er þarna ekkert hægt að fullyrða.

Mér þykir einnig vænt um, að n. viðurkennir, að ekki sé rétt að fela það fyrir sér og öðrum, hvaða afkoma getur orðið fyrir ríkissjóði, og að menn verði heldur að horfast í augu við halla á fjárl. en hitt, að skáka í því skjólinu, að tekjur hljóti að fara fram úr áætlun. Ég veit, að Alþingi verður mér sammála um þetta meginatriði í afgreiðslu fjárl. Ég hef svo ekki fleira að segja um frv. almennt.

Hins vegar er ég flm. að tveim brtt. á þskj. 619. Fyrri till. er X. tölul. og á við 14. gr., um að hækka framlag til verzlunarskólans í Rvík og verzlunarskóla sambands samvinnufélaganna úr 10 þús. í 15 þús. og skiptist það milli þeirra í réttu hlutfalli við nemendafjölda þeirra skólaárið 1940—41. Ég hafði gert mér von um, að hv. fjvn. féllist á að skipta þannig milli skólanna, því að það er hin almenna regla, t. d. er héraðsskólar eiga í hlut, að skipta eftir nemendafjölda. En við 2. umr. kom frá n. brtt. um að hafa þetta eins og nú er í fjárl. og skipta til helminga milli skólanna 10 þús. kr. Mér þykir hins vegar rétt, að framlagið hækki samkvæmt vísitölu úr 10 í 15 þús., og yrðu þá sem svarar 40 kr. á nemanda í hvorum skóla um sig.

Aðra brtt. á ég ásamt hæstv. forsrh. á þskj. 619,XXX, við 22. gr., um að kaupa Gullfoss í Hvítá fyrir allt að 15000 kr., eftir því sem um semst, — endurheimild, sbr. fjárveiting í fjárl. 1938, sem hefur ekki verið notuð. Ég kýs endurheimildina heldur en fara eftir l. frá 1938, en tel víst, þar sem sama þing situr og þá var, að till. nái samþykki, — að þingið standi við fyrri vilja sinn að koma í veg fyrir, að fossinn lendi í höndum manna, sem kynnu að vilja nota eignarrétt sinn á kostnað almennings, sem nýtur fegurðar hans, eða hann komist í hendur erlendra manna.

Enn er á leiðinni frá mér brtt. við 22. gr., og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, gera grein fyrir henni, fyrst ég er staðinn upp. Hún er um að heimila að greiða Gústaf Sveinssyni lögfr. allt að 2 þús. kr. fyrir samningu efnisyfirlits yfirréttardóma. Þessi maður hefur unnið að þessu verki undanfarið og fengið til þess nokkurn styrk bæði frá málfærslumannafélagi Íslands og háskólanum. Ef það á að komast í fulla framkvæmd, þarf til þess meira fé, og því er farið fram á að heimila ríkisstj. þessa greiðslu, ef um verkið semst og útgáfu þess, er þar að kemur. Verk þetta er talið hafa verulega þýðingu fyrir lögfræðingastéttina og dómgæzlu í landinu, og fleiri aðilar hafa áhuga fyrir því.

Má nokkuð marka þetta af styrkveitingunum. Tel ég því rétt, að heimildin sé veitt, og er stj. þá að sjálfsögðu skylt að sjá um, að styrkurinn komi að því gagni, sem verða má.

Skúli Guðmundsson: Ég ætla ekki að gera frv. almennt að umtalsefni eða þær tillögur, sem fyrir liggja. En á það vil ég benda, að þrátt fyrir greiðsluhallann, sem ýmsum þykir nokkuð hár eftir 2. umr. og útlit er fyrir, að vaxi, ef margt verður enn samþ. af brtt., þá sýnist mér allmikið vanta á, að teknar hafi verið gjaldamegin í frv. allar greiðslur, sem fyrirsjáanlegt er, að ríkið verður að inna af höndum á næsta ári. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að nauðsynlegt er að hafa áætlun fjárl. eins gætilega og rétta og unnt er. Þó má ekki láta vanta liði eins og þá, sem ég skal nú drepa á.

Það er búið að afgreiða hér lög um fjarskipti, sem gera ráð fyrir, að þau gjöld, sem hvílt hafa á einstökum héruðum vegna rekstrar á símstöðvum II. og III. flokks, falli niður, og þær verði reknar eingöngu á kostnað landssímans. Af þessu hlýtur að leiða nokkra útgjaldahækkun hjá landssímanum, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárlfrv. Það getur vel verið, að þetta komi ekki að sök, af því að tekjurnar muni reynast meiri en áætlað er. Þá vil ég benda á það, að Alþ. er nú búið að samþ., að lagðar verði fram frá ríkinu til lánadeildar smábýla 100 þús. kr. á ári í næstu 3 ár, og sú upphæð hefur ekki verið tekin inn í fjárlfrv. Sama máli gegnir um framlag til Samábyrgðarinnar, sem hefur þegar verið lögfest, það er 50 þús. kr. framlag á ári í næstu 10 ár. Þá má einnig benda á l., sem nýlega voru samþ. um gjaldeyrisvarasjóð. Í þeim er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði Landsbankanum vaxtahalla af þeirri upphæð, sem hann á eftir þeim l. að leggja í gjaldeyrisvarasjóð. Enn vil ég nefna breyt. á l. um iðnlánasjóð, sem hafa í för með sér 40 þús. kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs til þess sjóðs, en ekki hefur enn verið gert ráð fyrir í brtt. við fjárlfrv. Sömuleiðis hafa verið sett l. um læknisvitjanasjóði, sem hafa einhver útgjöld í för með sér. Að síðustu vil ég minna á þá breyt., sem nýlega hefur verið gerð á l. um fiskveiðasjóð, en samkv. þeirri breyt. á fiskveiðasjóður að fá ¼ hluta af útflutningsgjaldi sjávarafurða, og verður það til þess, að tekjur ríkissjóðs rýrna um verulega fjárhæð.

Þá eru enn, auk þess, sem ég hef nefnt, nokkur lagafrv., sem nú hafa ekki fengið fullnaðarafgreiðslu, en liggja fyrir þessu þingi og vel má búast við, að nái samþykki áður en þingi lýkur, en hafa í för með sér allmikil útgjöld. Ég get nefnt frv. til l. um sjómannaskóla, sem liggur nú hér fyrir Nd., en hefur þegar fengið afgreiðslu í Ed. Mér sýnist útlit fyrir, að frv. nái samþykki, þar sem sú n., sem hefur málið til meðferðar, hefur skilað áliti og lagt til, að frv. verði samþ. Í þessu frv., er gert ráð fyrir 300 þús. kr. útgjöldum á næsta ári, ef ég man rétt. Hér horfir málið þannig, að búast mætti við því, að fram kæmu till. um enn meiri framlög í þessu skyni. Mér þykir ástæða til þess að vekja athygli á þessu, að það eru veruleg útgjöld, sem fyrirsjáanlegt er, að ríkissjóður mun þurfa að greiða á næsta ári, en vantar inn í fjárlfrv.

Ég vil þá þessu næst víkja að þeim 2—3 brtt., sem eru mér viðkomandi. Fyrst vil ég minnast á eina brtt. frá fjhn., það er 10. till. á þskj. 594, um framlag til lendingarbóta á Hvammstanga, 7 þús. kr. Þar hefur hv. fjvn. tekið ósk mína til greina um það framlag. En ég vil aðeins benda á það, að þetta fé, ef notað verður, verður notað til bryggjugerðar á þessum stað. Ríkið hefur þegar lagt fram, fyrir tveim árum, 12—13 þús. kr. til að byrja þessa bryggjugerð, en það er gert ráð fyrir því að auka þar við, þegar tækifæri gefst, og í því skyni fór ég fram á, að þetta fé yrði veitt. Ég hef ekki borið fram brtt. við orðalag till. Þar hefði átt að standa „til bryggjugerðar“, en ekki „til lendingarbóta“. En ég geri ráð fyrir, að þetta komi í sama stað niður, vegna þess að á þessum lið 13. gr. eru í einu lagi framlög til bryggjugerða og lendingarbóta á þeim stöðum, þar sem ríkið leggur fram ⅓ af kostnaði við þær framkvæmdir, og þetta kemur undir þann lið.

Ég vil þá minnast á till., sem ég hef flutt ásamt hv. þm. A.-Sk. og hv. 1. þm. Rang., og er hún á þskj. 619. Er hún um það, að fé það, sem eftir fjárlfrv. á að leggja til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa, skuli geymt þar til Alþ. hefur sett l. um þessa hafnargerð. Þetta er í samræmi við það, sem ég hélt fram við 2. umr. fjárl. Það mun hafa verið venja, að fjárveitingar væru ekki teknar upp í fjárl. fyrr en búið er að setja l. um hafnargerðir. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, af því að ég gerði grein fyrir skoðun minni um þetta atriði við 2. umr. málsins. Sama máli gegnir um aðra brtt. okkar, sem er um hafnargerð við Lónsfjörð, sem nú hefur verið samþ. við 2. umr. og veitt fé til. Það er eins um þessa fyrirhuguðu höfn eins og hina, að um hana hafa engin l. verið sett enn, og viljum við því láta gilda það sama um þá fjárveitingu, að fé verði geymt þar til l. hafa verið sett um hafnargerðina.

Að lokum vil ég minnast á eina litla brtt. á sama þskj. (619), það er 15. liðurinn á því þskj., og er till. sú frá mér og hv. 2. þm. Eyf. Brtt. er um það að veita frú Bergljótu Benediktsdóttur í Garði 600 kr. styrk til þess að greiða fyrir útbreiðslu og notkun á íslenzkum jurtalitunarefnum. Þessi kona er ekkja, sem býr í Garði í Aðaldal. Hún hefur unnið að því með góðum árangri að nota íslenzk jurtaefni til litunar á ullarbandi, og við flm. teljum það vel viðeigandi, að henni verði veitt þessi viðurkenning. Við flm. till. höfum hins vegar ekki athugað það í tíma að koma þessari till. á framfæri við hv. fjvn., en væntum þess, þar sem um svo litla fjárhæð er að ræða, að bæði fjvnm. og aðrir hv. þdm. geti á það fallizt að samþykkja þessa tillögu.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 26. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 417, 594, 597, 604, 619, 622).

Bergur Jónsson: Ég á fáeinar brtt. á þskj. 619 og 638, sem ég hygg rétt að gera nokkra grein fyrir. Er þá fyrst 2. brtt. á þskj. 619. Þar er um að ræða tvo vegi í Vestur-Barðastrandarsýslu, Barðastrandarveg og Patreksfjarðarveg til Bíldudals. Hefur verið unnið að lagningu þessara vega nú um nokkurt skeið, en ávallt hefur verið veitt mjög lítið fé til þeirra, þótt nauðsyn sé brýn. Um Patreksfjörð er það að segja, að þar er allstórt kauptún, vel fallið til útgerðar, en gróðurleysi er þar afskaplegt og ræktunarmöguleikar mjög takmarkaðir, því að jarðvegur er óvenjugrýttur og grunnur. Þá er annað, sem er nærri því verra: Í nánd við þorpið eru naumast nokkrir bithagar fyrir kýr. Þarna eru nú um 800 íbúar, og hljóta því að vera þar miklir erfiðleikar um mjólk, nema hægt sé að hafa samband við nærlæga staði, en þangað er yfir sjó að fara eða fjallvegi. Þessar leiðir liggja að sveitum, þar sem er nokkuð mikil ræktun, en bændur eiga í miklum erfiðleikum vegna samgönguvandræða. Einkum eru samgönguerfiðleikar miklir á Barðaströnd. Þá er vegurinn um Tálknafjörð, sem er góð sveit, en gæti verið betur ræktuð, ef samgöngur væru betri. Það væri einnig kostur, sem leiddi af bættum samgöngum, að hafskip þyrftu ekki að koma nema á annan fjörðinn, og mætti þá flytja vörur til hins á bifreiðum.

Ég hafði farið fram á það, að framlagið til Barðastrandarvegar og Patreksfjarðarvegar til Bíldudals yrði hækkað úr 8000 kr. upp í 15 þús. kr. fyrir hvorn um sig, en hv. fjvn. féllst á að hækka það upp í 10 þús. kr. Ég fer nú fram á 12 þús. kr. framlag og tel það ekki ósanngjarnt. Þá hefur hv. n. ekki séð sér fært að taka upp meira en 2500 kr. fjárveitingu til Tálknafjarðarvegar, en ég hafði farið fram á 5000 kr. Ég fer nú að þessu sinni fram á 4000 kr.

Þá er V. brtt. á þskj. 619, þar sem ég fer fram á, að fjallvegafé sé hækkað um 5000 kr., með þeirri aths., að þessum 5000 kr. sé varið til vegabóta á hálsum og heiðum í Austur-Barðastrandarsýslu. Hér er um að ræða mjög stórt svæði, en samgönguleiðir eru þar aðallega um fjöll og hálsa, það er Þingmannaheiði og hálsarnir Klettsháls, Gufudalsháls, Ódrúgsháls og Hjallaháls. Hefur ekki til þessa verið gert ráð fyrir neinu framlagi til vegalagninga á þessu svæði sérstaklega, og teldi ég því sanngjarnt, að þessar 5000 kr. yrðu veittar til þess, en hins vegar hef ég ekki viljað skerða af þessum ástæðum fjallvegafé til hinna sýslnanna á landinu. Hins vegar er til gamalt ákvæði um það, að 5000 kr. skuli renna til fjallvega í Barðastrandarsýslu, þótt það hafi eigi verið haldið að fullu, enda sagði einn ráðh. einu sinni, að sýslan væri þannig löguð, að ekki veitti af, þó að allt fjallvegafé rynni til hennar, og var það vel og réttilega mælt. Þá kröfu vil ég samt ekki gera.

Þá eru XXIII. og XXVII. brtt. á sama þskj. Er þar farið fram á aðeins 100 kr. hækkun á styrk til tveggja aldraðra manna, Ingivaldar Nikulássonar og Jóns Sigurðssonar. Báðir eru þeir orðnir óvinnufærir. Voru öðrum ætaðar 200 kr., en hinum 300. Ætti hv. þm. ekki að vaxa það í augum, þó að bætt væri 100 kr. við hvorn þeirra. [Frh.]

Forseti (BÁ): Má ég biðja hv. þm. að fresta ræðu sinni litla stund, á meðan ég leita afbrigða fyrir brtt. á þskj. 638, sem útbýtt hefur verið í þessu.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Bergur Jónsson [Frh.]: Þá vil ég minnast á XXIV. brtt., sem við hv. þm. Mýr. eigum á þessu þskj. Er þar farið fram á 300 kr. styrk til Vilborgar Torfadóttur, ekkju Eyjólfs Sveinssonar kennara. Þessi till. er í samræmi við ýmsar slíkar fjárveitingar á fjárl. Er mikil ástæða til að samþ. þessa till., því að ekkjan er ákaflega illa efnum búin. Maður hennar hafði verið kennari í 30 ár, valinkunnur maður. Vil ég geta þess, að fræðslumálastjóri hefur mælt með því eindregið, að henni yrði veitt þessi upphæð, og jafnframt vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp bréf þessu viðvíkjandi frá skólastjóra Rauðasandsskólahverfis til fræðslumálastjóra. Þar segir svo:

„Ég vil hér með skýra yður frá því, herra fræðslumálastjóri, að hinn 8. þ. m. andaðist Eyjólfur Sveinsson kennari á Lambavatni, 55 ára að aldri, eftir langan og þjáningarfullan hjartasjúkdóm. Hann lætur eftir sig ekkju, Vilborgu Torfadóttur, og þrjá syni, 4 ára, 10 ára og 13 ára að aldri. Eyjólfur sál. var kennari hér í sveit um 30 ára skeið, að undanteknum stuttum millibilum. Hann stundaði starf sitt með alveg óvenjulegri ósérplægni og alúð og fylgdist vel með og las mikið. Hann var brautryðjandi ungmennafélagsskaparins hér um slóðir og starfaði að þeim félagsmálum með lifandi áhuga til dauðadags. Hann stundaði mikið náttúrufræðiathuganir hér vestra í samvinnu við Bjarna Sæmundsson. Eyjólfur var gagnfræðingur frá Flensborgarskóla og stundaði framhaldsnám við skóla á Jaðri í Noregi.

Ekkjan mun, eftir því sem ég bezt veit, standa uppi mikið til með tvær hendur tómar með börn sín og vera upp á annarra hjálp komin. Eyjólfur gat engum manni neitað um hjálp, og mun það lítið hann eignaðist, aðallega áður en hann giftist, hafa mest lent í lánum, en lítið af því hafa komið aftur, hvorki vextir né afborganir.“

Svo eru tilmæli skólan. þess efnis, að ekkjunni og börnum hennar séu útvegaðir styrkir eða hún sett á eftirlaun, en ég legg til, eftir venju, að henni verði veitt 300 kr. eftirlaun á fjárl.

Þá er XXVIII. brtt. á sama þskj. um 300 kr. styrk til Maríu G. Jónsdóttur, ekkju Ásbjörns Nikulássonar fiskimatsmanns. Maðurinn hafði stundað fiskimatsstarf lengi og naut mikils álits. Ekkjan er illa stæð fjárhagslega. Maður hennar dó tiltölulega snögglega úr krabbameini og var þá ekki kominn á eftirlaunal., svo að ekkjan hefur ekki orðið eftirlauna aðnjótandi, en hins vegar er ekkert réttlæti í því að láta hana gjalda þessa.

Þá er XXXII. till. á þessu þskj., sem ég flyt ásamt þrem öðrum hv. þm. Er hún um allt að 15 þús. kr. framlag til að koma upp talstöðvum á afskekktum sveitabæjum og leggja ódýra jarðsíma í tilraunaskyni. Það er augljóst, að kostnaðarsamt mundi vera að leggja síma um allt landið með stauralagningu og vönduðum sæsíma. Því förum við fram á, að stj. sé heimilt að veita þessa fjárhæð í áðurnefndu skyni. Hugsum við okkur, að talstöðvar þessar geti komizt í samband við landssímann, eins og talstöðvar í bátum.

Það er kunnugt eftir því, sem ég hef séð á erlendum ritum, og eftir því, sem ég hef fengið upplýst af sérfræðingum um það efni, að nú í styrjöldinni hafi verið mikið notaðar jarðsímalagningar, vegna þess hve ódýrar og fljótlagðar þær eru. Má vera, að við rannsókn á þessu komi einnig í ljós, að hér á landi verði hægt að leysa erfiðleikana á því að koma afskekktum bæjum í símasamband með þessu móti, að leggja jarðsíma, á miklu ódýrari hátt heldur en með því að hafa talstöðvar, hvað þá heldur með stauralagningum. Get ég ekki annað skilið en að með sanngirni verði litið á þessa brtt., því að auk þess sem tilgangur hennar er að veita þeim mönnum nokkurt hagræði, sem erfiðast eiga með að fá símasamband, þá er hún í raun og veru sparnaðartill., ef samþ. þessarar brtt. verður til þess að sanna, að hægt sé að fullnægja símaþörf afskekktra bæja með ódýrum símalagningum.

Þá eru tvær brtt. á þskj. 638, II. og VI. liður, sem ég ber fram með hv. þm. N.-Ísf. og hv. þm. Vestm., um nokkra hækkun á styrk til Kollabúðaheiðarvegar. Þessi Kollabúðaheiðarvegur ætti að réttu lagi að heita Vesturlandsvegur, vegna þess að hann er framlenging á þeim vegi, sem lagður hefur verið um Suðvesturland um Geiradal og Reykhólasveit og nú er kominn nokkuð inn fyrir Þorskafjörð. Og þessi vegur á að vera einn liður í akvegakerfi landsins. Það nær ekki nokkurri átt, að Vestfirðingafjórðungur sé svo settur út undan, að á sama tíma sem varið er mörgum hundruðum þús. — og ef lengri tími er tekinn milljónum — til þess að koma öðrum landsfjórðungum í vegasamband við aðalvegi landsins, þá skuli vera verið að píra með 10—15 þús. kr. fjárveitingar til þessa akvegar, sem þó, sem betur fer, kostar aldrei meira að leggja en 100000—200000 kr. Þessi vegarlagning er ekkert sérmál Vestfirðingafjórðungs, enda hefur einn hv. þm. úr Sunnlendingafjórðungi gerzt meðflm. að þessari brtt., heldur er hér um að ræða till., sem ætti að vera einn liður í áætlun um það, hvernig öllu aðalvegakerfi landsins sé fyrir komið. Þetta er alls ekki sérmál Barðastrandarsýslu. Að vísu njóta tveir hreppar, Geiradalshreppur og Reykhólahreppur, þessarar lagningar akvegar um Kollabúðaheiði og norður yfir Langadal að Ísafjarðardjúpi. En þetta er þó ekki síður mál Dalamanna, Mýramanna, Borgfirðinga, Reykvíkinga og þeirra, sem heima eiga á Suðurlandsundirlendinu, og þeirra Norðlendinga, sem vilja hafa eitthvert samband við Vestfirði. Ég vona, af því að þessum brtt. er mjög í hóf stillt, þar sem við bætum aðeins 20 þús. kr. við þær 15 þús. kr., sem til þessa vegar eru ætlaðar á fjárl., þá verði þeim sýnd sanngirni af hæstv. Alþ. og hv. þm. geri sér ljóst, að hér er ekki um neitt sérstakt kjördæmamál að ræða, heldur um hitt, að komast eitthvað í áttina til sanngirni og réttlætis í skiptingu vegafjár milli landshluta.

Fleiri brtt. hef ekki borið fram. Og enda þótt þessar brtt. séu nokkrar talsins, þá er heildarupphæð þeirra mjög lítil móts við þær upphæðir, sem nú eru á fjárl., og miðað við upphæðir á sumum brtt., sem bornar hafa verið fram.

Um eina brtt. á þskj. 597, frá hv. fjvn., um 24 þús. kr. fjárveitingu til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum, vil ég taka fram, að ég tel það mjög vel farið, að sú till. skuli hafa komið fram, og mun ég því greiða atkv. með henni. En ég vil taka það fram, að ég tel ekki réttlátt, að það sé gert neitt upp á milli prestssetra, þar sem prestar nú eru, og þeirra prestssetra, þar sem bændur eru, vegna þess að prestar fást ekki til að fara þangað, eins og t. d. er um Brjánslæk. Þar hefur búið ágætur og dugandi bóndi um mörg ár. En bara vegna þess, að það er prestssetur, sem hann býr á, þ. e. a. s. að ekki er búið að leggja það niður að l. sem prestssetur, þá hefur hann ekki getað fengið neitt fé til endurbóta á húsi, sem er margra tuga ára gamalt og í raun og veru manndrápskofi, sem ekki er hægt að ætlast til, að menn búi í. Og ég er sannfærður um, að enda þótt einhver prestur vildi fara að Brjánslæk, sem er þægileg jörð og góð bújörð, þó hún sé lítil, mundi þetta standa í vegi fyrir því, að sæmilegur prestur fengist þangað. Það er ekkert réttlæti í því að gera svona upp á milli manna, að láta bónda ekki fá endurbyggingarfé, sem kannske gerir jörðinni betri skil heldur en prestur, og bíða með að endurbæta byggingar á þessum jörðum, þangað til einhver prestur, kannske pokaprestur, kæmi þangað.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Ég hef orðið þess var, að sumir hv. þm. hafa látið nokkra undrun í ljós út af því, að ég hef gerzt meðflm. að brtt. um að hækka lítils háttar styrk til vega á Vestfjörðum, af því að það er ekki líklegt, að það skipti miklu fyrir mitt kjördæmi. Það má nú segja, að svo sé. En ég sannfærðist af þeim rökum, sem lögð voru fyrir mig um það, að þessir vegir hafa orðið út undan. Og það er almennt viðurkennt, að Vestfirðingafjórðungur hafi orðið nokkuð mikið út undan um framlög vegafjár á undanförnum árum. Þess vegna vildi ég nú greiða fyrir því máli eins og öðrum málum, sem mér þykir eiga rétt á sér.

Annars, þegar talað er um vegi, þá vil ég taka það fram, að mér fannst hv. fjvn. ætla mínu kjördæmi nokkuð lítið af því fé, sem inn kæmi af benzínskatti, þar sem því eru ætlaðar aðeins 3000 kr. af þeim skatti. Og hef ég leyft mér að leggja fram brtt. um að hækka það upp í 6000 kr. Er þó með þeirri till. ekki farið lengra en svo, að það nemur tæplega þeim hluta benzínskattsins, sem eftir notkun benzíns í Vest-

mannaeyjum ætti að réttu lagi að koma í þeirra hlut af því fé. Skal ég ekki fjölyrða um það frekar, en með tilliti til þess, sem annars er varið hér til vega, finnst mér ekki ósanngjarnt, þó að hér sé farið fram á þessa litlu viðbót.

Auk brtt. á þskj. 638, þar sem talað er um Vestmannaeyjaveg, að fyrir 3000 kr. komi 6000 kr., þá hef ég farið fram á, að hækkað yrði tillag til Vestmannaeyjabókasafns og það gert hliðstætt bókasafni Hafnarfjarðar. Það er hér önnur brtt. á ferð um hækkun styrks til bókasafns á Siglufirði. Sá hv. þm., sem mælti fyrir henni, bar fram þau rök, sem eru jafngild um bókasafnið í Vestmannaeyjum. Það er líkt ástatt um bókasafnið á Siglufirði og bókasafnið í Vestmannaeyjum. Og að því leyti, sem þessi bókasöfn snerta aðra landsmenn, eru enn þá meiri rök fyrir því að styrkja það bókasafn, sem er í Vestmannaeyjum, því að það er vitanlegt, að þó að á Siglufirði sé um sumartímann ekki líklegt, að tíminn sé mikið notaður til lestrar, þá er það þó svo, að þar koma oft landlegudagar, og því gott, að sjómenn geti horfið að því að ná í góðar bækur, þegar þeir hafa tíma til lestrar, frekar en að gera sumt annað. Og sama má segja um Vestmannaeyjar. Þar eru verkamenn á vetrarvertíðinni, fyrir utan heimilisfólk, og þetta aðkomufólk notar bókasafnið mikið og hefur til þess enn þá meiri tíma heldur en þeir, sem stunda sjó frá Siglufirði á sumrin. Meðfram vegna þessa og líka til þess að hafa nokkurt jafnrétti með þessum bókasöfnum, hef ég leyft mér að fara fram á, að sams konar hækkun verði gerð á framlagi til Vestmannaeyjabókasafns eins og farið er fram á til Siglufjarðarbókasafnsins og það verði gert hliðstætt við bókasafnið í Hafnarfirði.

Ég hef nokkrum sinnum bent á það hér á Alþ., að landeigna í Vestmannaeyjum, sem enn eru í eigu ríkisins, þyrfti að gæta fyrir skemmdum, og þar þyrfti ríkssjóður að gæta sinna hagsmuna og þeirra, sem á jörðunum búa. Þess vegna hef ég lagt til, að nokkru af tekjum af þessum jörðum yrði varið til varnar landbroti af völdum sjávar á Vestmannaeyjajörðum.

Þetta mál fékk talsverða áheyrn um tíma, og var nokkuð unnið að þessu. En ekki hefur fengizt samþykkt Alþingis fyrir þessu. Síðan hefur hæstv. ríkisstj., án þess að samþ. hafi verið á fjárl. fyrir því, styrkt þetta verk dálítið, þó ekki nægilega. En hér er um að ræða allmikið verk, sem verður að vinnast á allmörgum árum, að verja austurströnd Eyjanna fyrir sjávargangi. Tel ég engum skyldara að gera það heldur en þeim, sem landið á. Og að verja einhverju fé til þessa er nauðsynlegt, og finnst mér þá ekki óeðlilegt að verja til þess einhverjum hluta af jarðarafgjöldunum í Vestmannaeyjum. Fjárl. hækka tölulega ekkert við þetta, og það er líka lagt á vald hæstv. ríkisstj., hve miklu hún ver í þessu skyni. Finnst mér sanngjarnt, að hv. Alþ. féllist á að setja heimild í 22. gr. fjárl. eins og hér er farið fram á til þessa verks.

Ég hef séð, að ýmsir af þeim, sem hafa verið við matsstörf á fiski eða lýsi eða öðru slíku, hafa fengið lítils háttar styrk sem nokkurs konar eftirlaun hjá ríkinu, þar á meðal Guðlaugur Hansson. Hann hefur um tíma fengið 200 kr. styrk á ári fyrir margra ára starf í þessu efni. Af því að mér finnst þetta nokkuð lítið og af því að í fæstum tilfellum er nú gert ráð fyrir, að slíkir menn fái minna en 300 kr. styrk, hef ég borið fram brtt. um að hafa þennan mann á svipuðum fæti og aðra matsmenn. Hann hefur fulla þörf fyrir það; hann er nú hniginn mjög á efri ár og er tekjulítill eða tekjulaus að öðru leyti. Fyrir utan það, að hann hefur verðleika til að bera til þess að eiga sama rétt á þóknun frá ríkinu fyrir unnin matsstörf eins og aðrir, þá hefur hann verið mikið riðinn við opinber störf, án þess að bera neitt úr býtum fyrir. Vona ég, að hæstv. Alþ. geti fallizt á þessa litlu hækkun.

Ég vil ekki gera að umtalsefni aðrar brtt., sem hér eru fram komnar. Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Barð. sagði um endurbætur á prestssetrum landsins. Ég tel það mjög vel til fallið, að hv. fjvn. hefur hafizt handa í þessu efni, því að þess mun full þörf. Og kjör sveitapresta eru að öðru leyti ekki það góð, að þeim verði neitt ofbætt, þó að þessari fjárhæð eða einhverri líkri sé varið til þess að bæta íbúðarhús þeirra.

*__Finnur Jónsson:__ Ég á hér brtt. á þskj. 638, XIX með hv. þm. Ak., um að heimila ríkisstj. að greiða stofnkostnað og styrk til húsmæðraskóla samkvæmt lögum um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Hæstv. Alþ. er nýbúið að samþ. l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, og samkvæmt þeim er heimilt að stofna húsmæðraskóla, þegar fé er veitt til þess á fjárl. Nú liggja ekki upplýsingar fyrir um það, hvar slíkir skólar mundu vera stofnaðir á árinu 1942, né heldur um stofnkostnað þeirra, svo að ekki er unnt að leggja fram í þessu máli ákveðnar till. Hins vegar, þar sem búið er nú að bíða eftir þessum l. í nokkur ár, sýnist vera rétt, að hæstv. Alþ. liðkaði þannig til, að ef hægt yrði að stofna húsmæðraskóla einhvers staðar í kaupstað á þessu eða næsta ári, þá væri þessi heimild veitt til fjárframlags til þess, eins og við hv. þm. Ak. förum hér fram á, að samþ. verði. Við höfum lagt þessa brtt. fram sem brtt. við brtt. hv. fjvn. um stofnkostnað fyrir héraðsskóla (rómv. 18 á brtt. 638). Nú hef ég átt tal um þetta við hæstv. fjmrh., og höfum við hv. þm. Ak. lagt þessa brtt. fram í samráði við þann hæstv. ráðh., og ég vænti þess, að hv. frsm. fjvn. taki það til sérstakrar athugunar, ef fjvn. heldur fund áður en gengið verður til atkv. um brtt. við fjárl.

Það hefur verið leidd athygli mín að því, að í 14. gr. fjárl. XVI., tölul. 1, sé ákvæði um styrk til húsmæðraskóla samkv. lögum og mundi því ekki þurfa að vera heimild á fjárl. til hækkunar þessum lið til húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Það má vel vera, að orðin „og styrk“ megi falla niður úr þessari brtt. Hins vegar er ekki hægt að stofna húsmæðraskóla í kaupstöðum samkv. fjárlagafrv., nema því aðeins, að slík heimild komi til, sem hér er farið fram á að veita. Og vænti ég þess því, að ef yfirgnæfandi meirihl.-

fylgi hefur verið fyrir því í þinginu að samþ. frv. um húsmæðrafæðslu í kaupstöðum, þá fái þessi brtt. góðar undirtektir hjá hv. fjvn. og hjá öllum hv. þm.

*Magnús Jónsson: Ég hef nú ekki að þessu sinni frekar en að undanförnu verið mjög fjölþreifinn til að koma með brtt. við fjárl. Ég held, að mitt nafn sé við tvær brtt. á þskj. 622. Skal ég ekki minnast neitt á þá fyrri, því að ég er þar á kafi í fjölda nafna, þ. e. við brtt. VI, og býst ég við, að annar muni mæla fyrir þeirri brtt. En ég er einn um IX. brtt. á sama þskj., sem er um það, að ríkisstj. heimilist á 22. gr. að greiða 10 þús. kr. til rekstrar húsmæðrakennaradeildar í sambandi við húsmæðraskóla í Reykjavík. Ég bar þessa brtt. fram eða skrifaði hana og sendi hana áður en frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum var afgr. Mér þótti þess vegna viðkunnanlegra að setja þetta sem heimild, ef l. yrðu samþ. og kæmust í framkvæmd. Og nú er frv. þetta orðið að l. Mér þótti því rétt að taka upp þessa heimild fyrir ríkisstj. til þessarar fjárgreiðslu, því að í 11. gr. þessara l. er ákveði um, að heimilt sé að setja á stofn húsmæðrakennaradeild í sambandi við húsmæðraskóla í Reykjavík, þegar fé sé veitt til þess á fjárl. Ég skal ekki segja um það, hvað hv. fjvn. segir um þessa brtt. En ég hef sett hana hér fram, án þess að ég haldi henni til streitu að nokkru leyti, ef á annað borð er litið svo á, að ríkisstj. hafi hvort sem er heimild til þess að greiða þann kostnað, sem verður við það að setja upp húsmæðrakennaradeild hér í Reykjavík.

Ég skal ekki ræða nú sérstaklega um nauðsyn á húsmæðrakennarafræðslu. En það liggur í augum uppi, að eftir því sem húsmæðraskólum fjölgar, — og það virðist eindreginn þingvilji fyrir því að auka húsmæðrafræðslu landsins, ekki aðeins til sveita, heldur einnig í kaupstöðum, — þá er augljóst, að það verður að hafa húsmæðrakennarafræðslu. Því að það er verra en ekki neitt að setja upp hóp af húsmæðraskólum, ef ekki eru til virkilega fullfærir kennarar til þess að annast fræðslu við þessa skóla. Það er nú þegar til heimild um slíka fræðslu við einn skóla í sveit, og það væri eðlilegt, að slík heimild væri líka til viðkomandi einum slíkum skóla í kaupstað, sem búast má þá við, að verði í Reykjavík.

Vona ég, að það, sem þessi brtt. fer fram á, fái góðar undirtektir, bæði hjá hæstv. þingi og ríkisstj.

*Einar Árnason: Það var hér snemma á þinginu, sem við nokkrir þm. bárum fram þáltill. í sameinuðu þingi um að hraða byggingu Siglufjarðarskarðsvegar. Þessi þáltill. hefur nú ekki enn verið tekin til umr. Og nú er komið að þinglokum, svo að það er nokkurn veginn séð, að sú þáltill. kemst tæplega til þeirrar meðferðar á þinginu, að maður geti búizt við því, að nokkur árangur fáist af flutningi hennar.

Út af því, að svo hefur nú farið um þessa þáltill., höfum við þessir sömu þm., sem fluttum þáltill., nú borið hér fram brtt. við fjárl. á þskj. 638 um framlag ríkissjóðs til byggingar Siglufjarðarskarðsvegar.

Það eru nú liðin 6 ár síðan byrjað var á þessum vegi yfir skarðið, og það er búið að leggja þar á annað hundrað þús. kr. í þennan veg. En þó er hann ekki enn kominn nema hálfan hlutann af leiðinni frá Siglufirði að Hraunum í Fljótum. Og þar að auki mun þurfa um 100 þús. kr. til þess að framlengja veginn til þess að hann geti komizt í það vegasamband, sem nú er frá Skagafirði, og er þessi framlenging vegarlagningin frá Hraunum að Brúnastöðum. Það er því einsætt, að ef ekki er lagt meira fé til þessa vegar árlega heldur en á undanförnum árum, þá mun það taka tvo tugi ára að leggja þennan veg. Það er nú svo um þennan veg, að þó að hann sé ekki mjög langur, þá mun þarna vera eitthvert hið örðugasta vegarstæði, sem byrjað er að leggja veg um hér á landi, svo að vegurinn hlýtur að verða ákaflega dýr. En þar sem mikil nauðsyn er á því fyrir Siglufjarðarbæ — og í raun og veru allt landið — að koma Siglufirði í vegarsamband við aðra hluta landsins, þá er það ákaflega óhyggileg fjármálapólitík að geyma fé í þessum vegi, áður en hægt er að nota hann. Við höfum því lagt til, að í staðinn fyrir það, sem ætlað er á fjárl. til vegarins, verði framlagið hækkað úr 25 þús. kr. upp í 100 þús., og að það verði fyrsta greiðsla af fimm, sem lagðar verði fram á næstu árum. Jafnvel þótt lagðar verði til 100 þús. kr. á ári í fimm ár, mun vanta eitthvað enn til þess að vegurinn geti orðið fullgerður alla leið. En þegar svo er komið sem hér er ætlazt til, að 500 þús. kr. eru komnar í veginn, þá er von um, að hægt sé að nota hann eitthvað, með því að ryðja suma kafla. Við flm. væntum þess, að Alþingi sjái, að það er ákaflega mikil nauðsyn á því að hefjast nú þegar handa til að hrinda þessu máli áfram, svo að framkvæmdirnar geti farið að koma að einhverju gagni. Það er óhugsandi, að hægt sé að una við það, að það gangi tugir ára til að fullgera þennan veg.

Ég skal svo snúa mér að brtt., sem ég flyt einn á sama þskj., og er brtt. við till. fjvn. á þskj. 594. Fjvn. leggur til, að Jóni Engilberts listmálara verði veittar 15 þús. kr. til húsbyggingar. Það er síður en svo, að ég vilji verða meinsmaður þess, að Jón Engilberts fái þetta lán. Heldur álít ég, að allt réttlæti mæli með því, að annar listmálari einnig, Eggert Guðmundsson, gæti komið til greina á sama hátt og fái 10 þús. kr. lán í sama skyni. Eggert Guðmundsson listmálari hefur sótt til þingsins um 10 þús. kr. aðstoð til að koma sér upp húsnæði, en það hefur nú verið daufheyrzt við þeirri beiðni. En mér er persónulega kunnugt, að þessi maður er svo á vegi staddur nú, að hann getur hvergi nokkurs staðar fengið húsnæði til að vinna í, og hann er því algerlega útilokaður frá því að geta unnið að málaralist sinni. Sjá allir, að það er ómögulegt fyrir þennan mann að halda uppi sínu heimili með því að vera útilokaður frá að stunda sína list, sem er líka hans atvinna. Eggert Guðmundsson er mjög þekktur sem málari. Hann hefur haft málverkasýningar bæði erlendis og hér í Reykjavík

og hlotið lof fyrir mörg af sínum málverkum. Þessi maður er þannig gerður, að hann er hlédrægur og óframfærinn, sækir ekki fast það, sem honum er þó nauðsyn á að fá. Því er hætt við, að hann verði kannske settur aftur fyrir þá, sem annars sækja nokkru fastar róðurinn um að koma sínu máli fram. Ég vil vona, að hv. alþm. sjái, að það er ákaflega mikil sanngirni og réttlæti, að þessum mönnum báðum verði veitt lán. Ég hygg, að það sé fyrirhugað hjá þessum tveimur listamönnum, ef þeir fá báðir slíka hjálp, að byggja í félagi, sem verður þeim vafalaust eð einhverju leyti ódýrara.

Ég hef ekki leitað mér liðs um þessa till. Ég byggi á því, að hv. þm. sjái að hér er aðeins farið fram á sanngirni, að hjálpa slíkum manni í þeim vandræðum, sem hann er nú í. Fleiri till. hef ég ekki flutt, en vænti, að þessar fái hlýlegar viðtökur hjá hv. þm.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti! Ég flyt hér eina brtt. á þskj. 619, við 23. gr., sem er heimild handa ríkisstj. til að greiða ekkju Vilhjálms Þorsteinssonar stýrimanns eftirlaun eftir svipuðum reglum sem greidd eru eftirlaun til ekkna stýrimanna hjá Eimskipafélaginu, og þessi fjárhæð verði svo greidd af Skipaútgerð ríkisins.

Þannig er háttað um þessa ekkju, að maður hennar hafði um margra ára skeið unnið hjá Skipaútgerð ríkisins, og hans endalok urðu þegar hann var í þjónustu sömu útgerðar, því að eins og kunnugt er, fórst hann í höfn í Englandi s. l. vetur, þegar hann var að bjarga mönnum frá drukknun. Þessi maður hefur unnið hér sem stýrimaður við strandsiglingar um 20 ára skeið. Og ég held ég leyfi mér að halda fram, þar sem ég þekki hvorar tveggja, strandsiglingar og aðrar siglingar, að á þeim mönnum hvíli ef til vill meiri vandi heldur en mörgum öðrum farmönnum. Það er mikið starf og þjóðnýtt, sem þessir menn inna af hendi fyrir land sitt, að sigla hér kringum strendur landsins allan ársins hring, eins um myrka nótt sem bjarta, undir öllum þeim erfiðu skilyrðum, sem við eigum við að búa, og fylgja strangri áætlun með hlaðin skip af vörum og yfirfull af fólki o. s. frv. Og ég held það leiki ekki á tveim tungum, að síðan við fengum strandsiglingarnar í okkar hendur, sé landslýður nokkru betur tryggður og ánægðari með þann skipakost og ekki síður mannval, sem annast þær siglingar.

Vilhjálmur heitinn var einn af þeim mönnum, sem vann hylli allra, sem með honum voru, hvort heldur voru yfirmenn eða aðrir samstarfsmenn eða ferðamenn. Er slíkt ekki lítill kostur á opinberum starfsmanni, sem þarf að hafa samneyti við svo margar þúsundir manna.

Eins og kunnugt er, hefur Eimskip myndað sjóð til þess að tryggja alla þess yfirmenn með eftirlaunum, og sá sjóður nýtur að sjálfsögðu styrks árlega af hálfu Eimskipafélagsins og vex ár frá ári. Vilhjálmur heitinn byrjaði sem stýrimaður hjá því félagi, meðan það hafði strandferðirnar með höndum. En eftir að Skipaútgerð ríkisins tók strandferðirnar 1930, tók hann við starfi þar. Nú finnst mér ekki óeðlilegt, að Skipaútgerð ríkisins, eins og Eimskipafélagið, leggi ekkjum sinna stýrimanna nokkurt fé, eins og ég fer fram á í þessari till. Við höfum nokkur fordæmi um þetta efni, því að í 23. gr. fjárl. eru ýmsar ekkjur látinna stýrimanna, sem gert er ráð fyrir að greiða mismunandi stórar upphæðir. Ein upphæð er þar nákvæmlega hliðstæð, til ekkju Þórólfs Becks, sem var skipstjóri á fyrri Esju. Hann féll frá á bezta aldri, og ekkjan hefur notið styrks, sem er jafnhár og hjá Eimskipafélaginu. Því tel ég, að Alþingi megi fallast á þá röksemd, sem felst í minni till.

Í öðru lagi má benda á, að Alþ. samþ. fyrir nokkrum árum að greiða eftirlaun einum stýrimanni, sem varð öryrki á þann hátt, að hann missti sjónina. Hann hafði unnið alllengi hér við land að strandferðum, einkum hjá Eimskip. En það þótti rétt, að ríkið tæki að nokkru leyti þátt í þeim styrk, sem honum var veittur.

Um till. mína vil ég að lokum taka fram, að konan, sem um er að ræða, er ekki heilsusterk og á erfitt með að stunda nokkra vinnu, sem kostar nokkurt líkamlegt erfiði. Enn fremur er mér kunnugt, að efnahagur er enginn slíkur, að hægt sé að lifa af í náinni framtíð, því að þótt ekki sé ómagafólk mikið, hafði Vilhjálmur foreldra sína ellihruma á sínu framfæri, þar til þau féllu frá. Ættu þessar ástæður að stuðla hver með annarri að því, að ekkja þessi mætti hljóta eftirlaun.

Ég vildi í sambandi við þessar umræður beina fyrirspurn annaðhvort til formanns fjvn. eða frsm. hennar, út af till. á þskj. 604, 5. till., sem er um slysavarnir. Fyrirspurnin er, hvort hér sé ekki alveg tvímælalaust að ræða um styrk til Slysavarnafélags Íslands. Ég skal játa, að þetta er nákvæmlega eins orðað í fjárlfrv. Vitanlegt er, að Slysavarnafélagið hefur sótt um styrk fyrr og síðar og sækir nú um hækkaðan styrk. Vil ég þakka hv. fjvn. fyrir góðan skilning á óskum þessarar stofnunar, þar sem hún leggur til að veita allt að helmingi hærri upphæð en er í fjárlfrv., sem er upphæð undanfarinna ára. En ég tel nauðsynlegt, að það komi skýr yfirlýsing, annaðhvort frá formanni fjvn. eða frsm., að hér sé um Slysavarnafélagið að ræða, svo að það sé tvímælalaust.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég flyt till. um 600 kr. eftirlaun til Hólmgeirs Jenssonar dýralæknis. Hólmgeir hefur verið síðustu 40 árin eini dýralæknirinn á Vestfjörðum. En nú er kominn dýralæknir á Ísafirði og Hólmgeir farinn að eldast, svo að mér þykir réttara, að hann fái sín eftirlaun á 18. gr. heldur en að hans tekjur séu greiddar af þeirri upphæð, sem ætluð er ólærðum dýralæknum. Af þeirri upphæð fékk hann á þessu ári 400 kr., en hafði áður 800 kr. Ég legg til, að hans eftirlaun verði 600 kr.; og ef það verður samþ., geri ég ráð fyrir, að honum verði ekki greitt af þessum almenna dýralæknastyrk. Aftur á móti ef varatill. um 300 kr. verður samþ. og menn kjósa það heldur, þá vil ég gera ráð fyrir, að hann fái áfram sínar 400 kr. eins og hann hefur fengið, og þessar

300 kr. verði þá bara til viðbótar, svo að hann njóti hér eftir áþekkra launa við það, sem hann hefur áður haft. Þessu vildi ég gera grein fyrir, áður en gengið er til atkv., hvernig stendur á varatill.

*__Pálmi Hannesson:__ Ég hef gerzt hér flm. ásamt ýmsum öðrum hv. þm. að nokkrum brtt. við fjárlagafrv. Ég mun ekki gera hér grein fyrir mörgum af þessum till., og munu aðrir hv. þm. gera það, þegar þeir taka til máls. Þó eru hér tvær brtt., sem ég vildi leyfa mér að fara fáum orðum um. Sú fyrri er á þskj. 619,XVII, og er hún um, að nýr liður bætist við útgjöldin vegna veiðimála, til Þórs Guðjónssonar til að nema vatnafræði og fiskifræði. Eins og hv. þm. mun kunnugt, hefur verið gerð sú breyting á l. um lax- og silungsveiði á þessu hv. Alþ., að bráðabirgðaákvæðin hafa verið felld niður, og þar með fallnir úr gildi þeir kaflar l., sem ákváðu, að framkvæmd þessara l. yrði slegið á frest. Samkv. einum þessum kafla, um stjórn veiðimála, ber að skipa veiðimálastjóra, sem hefur umsjón með öllu, er að veiðiskap lýtur. Ég skal játa það, að í nokkur ár undanfarið hef ég verið á hnotskóg eftir slíkum manni, sem ég teldi hæfan til að takast á hendur nám í þessum greinum, og ég þykist hafa fundið hann í Þór Guðjónssyni stúdent, og brtt. mín fjallar um þetta. Nú er svo komið, að engin leið er fyrir slíkan námsmann að leita fræðslu í þessum greinum annars staðar en í Ameríku, og þá er þess ekki kostur, að hann geti af sjálfsdáðum tekizt veiðimálastjórastarfið á hendur. Þess vegna er þessi brtt. borin fram, og er þetta ekki almennur heldur sérstæður styrkur, sem að nokkru leyti hlýtur að standa í sambandi við þær samþykktir, sem þetta Alþ. hefur nú gert. Ég vil því vona, að hv. alþm. taki tillit til þessa, þegar til afgreiðslu kemur um þessa brtt.

Þá á ég hér ásamt 9 öðrum hv. þm. brtt. á þskj. 622,VI um breyt. á fjárframlagi til skógræktarstarfs. Við höfum orðið ásáttir um að bera fram till. um slíka hækkun, og er hér um að ræða 15 þús. kr. hækkun til skóggræðslu, 5 þús. til skógræktarfélaga. Vissulega skal það viðurkennt, að hv. fjvn. hefur tekið með skilningi á málum skógræktarinnar að þessu sinni. Okkur virtist þó æskilegt, að nokkru meira fé væri varið til þeirra mála. Vil ég leyfa mér að geta örfárra atriða í þessu sambandi.

Fram að þessu hafa skógræktarmálin á vissan hátt hvílt á skáldlegri afstöðu hjá þjóðinni. Menn hefur langað til, að landið klæddist skógi, eins og það var á fyrstu dögum, þegar þjóðin tók við því. Þetta er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt. En fjárframlög hafa miðazt við þetta og skorin mjög við neglur sér og ekki áunnizt annað en að nokkrar skógarleifar hafa verið friðaðar. Menn hafa verið í varnarstöðu gagnvart þeim öflum, sem gengið hafa á íslenzku skóganna. Það er ekki nokkur vafi á því, að á síðustu áratugum hafa horfið skógarleifar, sem annars hefðu haldizt til þessa tíma. Hver hv. þm. getur skoðað í hendi sér, hve óvíða eru skógargirðingar, og játað, að þær eru allt of óvíða. Nú er það ekkert álitamál, að skógræktin hefur ekki einasta skáldlegt gildi, heldur er hún geysimikið hagsmunamál. Þetta hafa Norðmenn séð fyrir löngu, að vísu undir forystu skálda sinna, — og hafa þeir skógrækt í stærri stíl heldur en þekkist annars staðar í Evrópu. Árangurinn er sá, að skógarhögg er nú aðalatvinnuvegur landsmanna.

Nú munu menn ef til vill segja, að ekki borgi sig að rækta greniskóg hér og birkiskógur verði ekki útflutningsvara. Þessu er því til að svara, að skógur er ekki aðeins notaður sem byggingarefni, heldur er hann fyrst og fremst iðnaðarvara, t. d. er skógarviðurinn undirstaða fyrir framleiðslu á pappír og ýmsum öðrum lífsnauðsynjum. Ég tel birkið engu síður þarflegt en grenið, og það væri geysimikið hagsmunamál fyrir Íslendinga að geta fengið byggingarefni úr skógum landsins, og það er öðru nær en að slíkt sé útilokað. Eins og hv. þm. er kunnugt um, er góð von um, að rækta megi hér barrtegund, sem mætti síðan nota sem byggingarefni. Þessi barrtegund var fengin frá Alaska.

Þá vík ég aftur að því, að hingað til höfum við verið í varnarstöðu um skógræktunina. En nú finnst mér tími kominn til að gera nokkuð meira. Má segja, að sjávarafurðir hafi gefið þjóðinni mikinn auð á þessu ári. Þess vegna virðist okkur flm. mjög svo tímabært að verja tiltölulega stórri upphæð af þessu fé til skóggræðslu. Það, sem vakir fyrst fyrir, er að friða allt skóglendi, sérstaklega girða af skógarleifar, og svo fjölga trjáplöntunum. Hingað til höfum við ræktað skógarplöntur í hundraðatali, en eigi árangurinn að verða góður, verðum við að hugsa í hundruðum þúsunda plantna, þegar um skóg er að ræða. Þá fyrst má búast við, að náist sá árangur, sem gæti orðið til verulegra nytja fyrir landið. Mér virðist mjög eðlilegt, þegar af mjög óvenjulegum ástæðum berst mikill auður inn í landið, að menn hugsi þá til þess að gefa landinu sjálfu nokkuð, sem mætti kalla til landsþakka. Ég efast um, að þeirri upphæð yrði betur varið á annan hátt en til þess að auka skógræktina í landinu. Þetta eru í stuttu máli rök mín fyrir þessum 2 till., sem ég vildi sérstaklega mæla fyrir.

Ég vil nú ekki lengja mál mitt mikið. Ég er hér, ásamt tveimur öðrum hv. þm., flm. að till. um nokkra hækkun á framlagi til íþróttasjóðs, og skal ég ekki fjölyrða mikið um það. Eins og nú horfir, þá virðist, því miður, koma fram mikill misbrestur á dug og þrótti unga fólksins í landinu. Ég og aðrir þeir, sem við uppeldi hafa fengizt, sjáum ekki aðra leið til bóta heldur en efla íþróttastarfsemi í landinu.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á 11. till. á þskj. 638. Er hún flutt af atvmrh., nýr liður, til byggingar sjómannaskóla, 1. greiðsla, 500 þús. kr. Mér þykir furðulegt að sjá svo stóra upphæð koma inn í brtt. við 3. umr. fjárl., ekki sízt með tilliti til þess, að hér hefur legið fyrir frv. um byggingu sjómannaskóla, sem hefur gengið í gegnum nokkrar umr. og búast má við, að verði að l. Þessi brtt. felur í mínum augum í sér grun um, jafnvel þó mér finnist óeðlilegt að bera fram svo seint jafnháa brtt., að

það muni tæplega verjandi að koma ekki með svipaða till. um þann skóla, sem ég veiti forstöðu. Öllum er kunnugt um, að húsnæði menntaskólans í Reykjavík var tekið af brezkum hernaðaryfirvöldum á síðastl. ári. Hann, einn allra skóla í landinu, hefur orðið að búa húsvilltur síðan. Fyrst þegar stofnunin var að hverfa úr sínu gamla húsi, var því lofað af þeim, sem tóku húsið, að því skyldi skilað fyrir 1. okt. 1940. Þegar leið að þeim tíma, var það loforð ekki haldið og skólanum fengið húsnæði á tveim öðrum stöðum. Ég veit ekki, hvort hv. þm. gera sér það ljóst, að fyrir gamla skóla, eins og menntaskólann, er það erfiðara en ætla mætti að vera rifinn upp frá húsnæði sínu og látinn hafa húsnæði án allrar geymslu, jafnvel þó að í nýju húsi sé. Ég skal enn fremur upplýsa það, að fyrst var skólahúsið notað fyrir yfirherstjórnina brezku hér, en síðastl. haust flutti hún burt, og þá var húsið gert að sjúkrahúsi fyrir herinn yfir vetrartímann. Þá var enn skipt um og inn komu flugliðar, og eftir því, sem mér er tjáð af þeim, sem þar ráða húsum nú, er engin von til þess, að skólinn fái húsnæði sitt aftur fyrr en að stríðinu loknu. Þrátt fyrir að skólanum bregði nú við að missa sitt gamla húsnæði verður það aldrei fullnægjandi sem skólahús í framtíðinni. Fyrir 100 árum var tekin ákvörðun um að byggja skólahús, og var flutt í það 1846. Mætti telja eðlilegt, þó að hernámið hefði ekki komið til sögunnar, að hugsað yrði til þess að endurnýja þetta húsnæði, þegar að því líður, að það verði 100 ára. Þar sem skólahúsið er nú í hers höndum, ætti að vera enn brýnni ástæða til þess, að fyrirsvarsmenn hans myndu eftir því, að hann þarf húsnæðis við. Hér er farið fram á mjög mikla upphæð sem fyrstu greiðslu til byggingar sjómannaskóla. Og allir eru sammála um, að nauðsynlegt sé að reisa sjómannaskóla. En sjómannaskólinn hefur samt miklu betra húsnæði en menntaskólinn og sæmilega rúm fyrir sinn nemendafjölda. Ég hefði því, ef mig hefði grunað, að slík till. kæmi fram nú, talið mér skylt að bera fram till. um svipaða upphæð handa menntaskólanum í Reykjavík, og ég hlýt að telja það réttlætiskröfu til ríkisstj., að hún gleymi ekki elztu menntastofnun landsins og láti hana ekki vera lengi á hrakningi. Ég veit ekki, hvort það muni þykja tiltækilegt, en ég mun leita þess við forseta, hvort hann vill taka við brtt. á þessu stigi málsins, eða hvort réttara er að bíða næsta þings, en verði till. um sjómannaskóla samþ., vil ég vænta þess, að Alþ. telji sér eðlilegt og skylt að standa að fjárveitingu til að reisa hús undir menntaskólann í Rvík, þegar unnt er.

Hv. þm. V.-Sk. hefur getið um till., sem ég er meðflm. að, þskj. 619,XIV. Hann flutti svo mikil rök að henni, að ég sé ekki ástæðu þar við að bæta. Eins hefur hv. 2. þm. Eyf. getið um till. okkar um aukna fjárveitingu til Siglufjarðarskarðs, svo að ég þarf ekki annað en aðeins að minna hv. þm. á þessar till. Að síðustu vil ég aðeins endurtaka það, að ég vænti þess og vil skjóta því til hv. form. fjvn., sem nú situr í forsetastóli, að n. vilji taka vel till. minni um námsstyrk til að nema vatnalíffræði og till. okkar tveggja þm. til aukins styrks til skógræktarmála landsins.

*Steingrímur Steinþórsson: Ég er við riðinn allmargar brtt., en mun láta mér nægja að tala um þær, sem ég er aðalflm. að, en minna um hinar.

Fyrsta till., sem ég er aðalflm. að, er á þskj. 619,III, við 13. gr. Við þm. Skagf. flytjum þar brtt. í tveim liðum, um lítils háttar hækkun til tveggja vega í Skagafirði, til Gönguskarðsvegar 6000 kr., í stað 4000 kr., og til Hólavegar alveg sams konar hækkun, úr 4000 kr. í 6000 kr. Ég skal skýra þessar brtt. lítils háttar. Gönguskarðsvegurinn tengir afskekktustu sveit Skagafjarðar við aðalhéraðið. Þessi vegur er skammt kominn, og nú er svo háttað þarna, að mæðiveikin er að herja héraðið að vestanverðu, en þar lifir fólkið eingöngu á sauðfjárrækt og á nú ekki annað úrræði en að fara yfir í mjólkurframleiðslu, ef veikin grípur um sig. Þetta litla framlag veltir ekki stóru hlassi, en með því mætti þó tryggja vegasambandið út í Laxárdal. Ég treysti því, að hv. þd. líti á þessar aðstæður og þá erfiðleika, sem framundan eru, og samþ. þessa hækkun.

Hólavegurinn er nýr í þjóðvegatölu, en það er mikil minnkun að því, að ekki skuli vera búið að leggja góðan veg heim til Hóla. Þetta er fyrsta fjárveitingin til Hólavegar eftir að hann hefur verið tekinn í tölu þjóðvega. Okkur flm. fannst fjvn. hafa skammtað svo smátt, að við neyddumst til að fara fram á ofurlitla hækkun.

Ég vil og geta þess, að í Hjaltadal og Viðvíkursveit hefur fé allt verið skorið niður, og því enginn vafi á, að það er nauðsynlegt, að vegagerðir verði í sveitinni sjálfri, sem bændur gætu haft sem atvinnubætur.

Þá á ég á sama þskj., nr. VI, ásamt hv. samþm. mínum, till., sem er líka við 13. gr., C-lið. Förum við þar fram á, að Alþ. heimili eina greiðslu til Hofsóshafnar. Í fjárl. nú eru heimilaðar 8 greiðslur, 8000 kr. hver. Við förum fram á, að 9. greiðslan verði heimiluð. Ég veit, að höfnin í Hofsósi hefur orðið lyftistöng undir atvinnulíf þar, en hún hefur ekki nægar tekjur til að geta staðið straum af skuldbindingum sínum, og þess vegna er brtt. okkar fram borin. Það er þegar búið að greiða 6 greiðslur, svo að ef þessi greiðsla, sem við förum fram á, fengist, yrði það á árinu 1944.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um brtt. á sama þskj., 619,XVI, sem ég flyt ásamt hv. þm. Mýr. við 16. gr., um hækkun á framlagi til nýbýla og samvinnubyggða, að fyrir 155000 komi 250000 kr. Svo berum við fram brtt. við þessa brtt., á þskj. 638,X, um að hækka þetta upp í 500000 kr.

Undanfarin ár hefur verið veitt til nýbýla 155000 kr., og fjvn. hefur ekki hækkað það. Tel ég það einkennilegt, af því að ég veit, að í till., sem fjvn. var með um ráðstöfun á væntanlegum tekjuafgangi, var gert ráð fyrir, að eitthvað fengist til þessara mála. Þegar þessi fjárveiting var fyrst upp tekin, 1936, var hún 180 þús. og lækkaði eftir 2 ár í 145 þús. Þetta ruglaði

áætlanir á þessum árum, því að l. gerðu ráð fyrir, að gerðir væru samningar við menn til þriggja ára. Það er ekki hægt að leggja grundvöll að slíkri starfsemi nema geta treyst á einhverja vissa upphæð. Af þessum ástæðum myndaðist nær 100 þús. kr. skuld við Búnaðarbanka Íslands. Nú dregur mikið úr framkvæmdum, en einmitt á þessum býlum verður að halda framkvæmdum áfram. Það er ekki hægt að kippa að sér hendinni. Nú voru samþ. hér l. um byggingar- og landnámssjóð, þar sem heimilað er að greiða hærra til nýbýla en áður, en það hefur í för með sér aukin útgjöld fyrir sjóðinn, og því verður að ætla honum einhverja aukningu.

Með tilliti til þess, að nú hafa verið samþ. l. um landnám ríkisins, sem gera ráð fyrir 250 þús. kr. árlega í undirbúning að hverfabyggðum í sveitum, þar sem öll stj. þessara mála á að vera undir sama hatti, og því eðlilegt, að fjárveitingin verði sameiginleg fyrir hvort tveggja, höfum við lagt til áðurnefnda hækkun í 500000 kr.

Næsta brtt. er 619,XXI, frá hv. þm. Mýr. og mér, um að í stað 2000 kr. til Loðdýraræktarfél. komi 4000 kr. Þetta félag hefur haft 2000 kr. að undanförnu til starfsemi sinnar. En með hækkandi verðlagi og hækkandi launagreiðslum er ekki nema sanngirnismál, að þessi litla fjárveiting verði hækkuð. Starfsemi Loðdýraræktarfél. er merkileg, og ef loðdýrarækt á einhverja framtíð fyrir sér hér — og það efast ég ekki um, að sé, t. d. minkarækt í fiskistöðvum —, er rétt af Alþ. að hlynna að þessum félagsskap, sem svo að segja allir eru í, sem þennan atvinnuveg stunda. Við væntum því, að þessi brtt. verði samþ. Ég hefði viljað vænta, að hv. fjvn. vildi sérstaklega taka þessa till. til athugunar, því að svo margt virðist mæla með því, að óskir félagsins verði teknar til greina, en félagið hyggst ekki geta haldið áfram starfsemi sinni, ef það fær ekki uppbót á þann litla styrk, er það hefur nú.

Þá á ég litla brtt. á þskj. 622,IV, sem ég flyt ásamt hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. N.-Ísf. við 15. gr. 46, nýr liður, tveggja ára skáldastyrkur til Sigurjóns Friðjónssonar (1941—42), 1200 kr. hvort árið. Það þykir nú ekki við eiga að bera fram slíkar brtt. nú, eftir að menntamálaráði hefur verið fengið einveldi um slíkar fjárúthlutanir. En alþm. eiga ekki annars úrkosta, ef þeir eru ekki ánægðir með gerðir menntamálaráðs, en að bera fram breyt. við fjárl., einkum þegar í hlut á maður, sem hefur notið styrks frá Alþ. áður en menntamálaráð fékk sitt vald í hendur. Ég vil fullyrða, að frá mínu sjónarmiði eru margir óverðugri í 18. gr. fjárl. en Sigurjón Friðjónsson og margir, sem styrks njóta frá menntamálaráði, sem síður hafa unnið til þess en hann. Það er enginn jöfnuður að láta Guðmund bróður hans hafa 3000 kr., en taka hina litlu fjárveitingu til Sigurjóns úr frv. Hvort sem litið er á það frá skáldskaparlegu sjónarmiði eða almennt mannlegu, er það ekki rétt.

Ég vil geta þess, að ég hef orðið var við, að hv. 5. þm. Reykv. muni hafa borið fram þáltill. um aukna upphæð til menntamálaráðs. Það má vera, að það sé hugsað til úthlutunar manna, sem einskis hafa orðið aðnjótandi enn, og er Sigurjón Friðjónsson þar á meðal. Formaður menntamálaráðs hefur getið þess við mig, að ef sú till. yrði samþ., yrði Sigurjóni ætlað af þeirri upphæð. Ef yfirlýsing liggur fyrir um, að svo verði gert, getum við tekið till. okkar aftur.

Ég hef þá mælt fyrir þeim brtt., sem ég er fyrsti flm. að, og mun ég ekki gera aðrar brtt. að umtalsefni, þó að ég sé meðflm. að þeim, en áður en ég sezt niður, vildi ég segja nokkur orð um annað efni. Mér þykir miður, að hvorki landbrh. né fjmrh. eru hér.

Það var mikið um það talað á fyrri hluta þings — og fjvn. mun hafa að því starfað — að gera till. um væntanlegan tekjuafgang þessa árs. Við frh. 1. umr. urðu umræður um þetta og nokkurt karp. Ég var þessu meðmæltur, en þeygi mig fyrir því, að ekkert kom fram um þetta, því að ýmsar breyt. hafa orðið um útlitið síðan. En það verður óumflýjanlegt að gera t. d. ráðstafanir til að halda niðri dýrtíðinni, með því m. a. að greiða mismuninn á vöruverði landbúnaðarafurða og framleiðslukostnaði. Ég vil fyrir mitt leyti taka það fram, að ég álít, að fjvn. hafi í byrjun þingsins starfað alveg rétt, og vil ég frekar færa henni minar þakkir fyrir að fara þessa leið en að vera með ávítur. En í þessu sambandi vil ég taka það fram, að ég hygg, að það sé rétt, að hún hafi í þeim till., sem hún þá bar fram, gert ráð fyrir því, að Búnaðarfélag Íslands fengi á þessu ári 280 þús. kr. styrk, en í fjárlögum þessa árs eru því aðeins ætlaðar 210 þús. kr., eða sama og það fékk áður en styrjöldin skall á. Nú get ég ekki látið þessa 3. umr. fjárl. fara þannig fram hjá mér, að ég leggi ekki þá fyrirspurn fyrir hæstv. ríkisstj., landbrh. og fjmrh., hvers félagið megi vænta í þessu efni, því að það er sýnilegt, að við getum alls ekki staðið við okkar skuldbindingar með 210 þús. kr. styrk. Við höfum tekið upp sömu aðferð og ríkið, að greiða fulla verðlagsuppbót á laun starfsmanna okkar, og við höfum sjálfsagt margan annan aukakostnað, og það er sýnilegt með öllu, að félagið verður í botnlausum skuldum í lok þessa árs, ef það fær ekki ríflegri aukningu á fé sínu.

Mér dettur að vísu ekki í hug að vantreysta ríkisstj., að hún muni ekki líta á þessa hluti með sanngirni, enda hef ég enga ástæðu til þess, hvorki hvað snertir landbrh., því að það er skylda hans að vera á verði fyrir þessum hlutum, né fjmrh., að hann líti ekki einnig á þetta mál með sanngirni. En ég óska eftir því að fá svar við þessa umr. frá ríkisstj. um það, hvort Búnaðarfélagið megi ekki vænta einhverrar uppbótar, og vil ég miða við þá upphæð, sem fjvn. hefur stungið upp á, 280 þús. kr. Ég tel það mjög sómasamlega afgreiðslu og fara mjög nærri því, sem þurfi að vera.

Það var aðallega þetta, sem ég vildi taka fram. Þó að það snerti ekki sjálf fjárl., þá snertir það þau þó óbeint, þannig að það er nauðsynlegt að taka það til athugunar.

Ég er nú búinn að tala nokkuð lengi, og ekki margir, sem á hlýða, svo ég hygg, að það sé bezt að láta þessu lokið og setjast niður.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég á hér nokkrar brtt. við fjárl., bæði sem fyrsti flm. og sömuleiðis með öðrum hv. þm., og ætla ég að minnast hér nokkuð á þær till., sem ég er fyrsti flm. að.

Þá er fyrst till. á þskj. 619,IX, um styrk til Þorvalds Þórarinssonar lögfræðings til framhaldsnáms í Ameríku. Ég hef tekið eftir því, að í till. fjvn. er einn liður um styrk til lögfræðings til vesturfarar til framhaldsnáms á þessu sama sviði, og get ég í þessu sambandi vitnað í rök þau, sem hv. frsm. fjvn. færði fyrir þeim lið.

Það hefur verið venja undanfarin ár, að ungir lögfr., eftir að þeir hafa útskrifazt við háskólann hér, hafa fengið fjárstyrk til að nema erlendis, og hefur það aðallega verið í Englandi, Noregi, Þýzkalandi og Danmörku. Nú eru leiðir lokaðar í þessar áttir, en aftur á móti hafa greiðzt samgöngur vestur til Ameríku, og leiðir manna, sem framast nú erlendis, liggja því vestur um haf. Ég býst líka við, að þó að samgöngurnar færu í sama horf aftur, þegar styrjöldinni lýkur, sem maður vonar nú að verði bráðlega, þá muni halda áfram meiri samgöngur milli Ameríku og Íslands en áður hefur verið, og er því vel til fallið, að knýtt sé þar menningarband á milli, með því að ungir íslenzkir námsmenn geti stundað þar framhaldsnám og kynnzt menningu og lífi hinnar merku þjóðar vestan hafs.

Þorvaldur Þórarinsson lauk lagaprófi fyrir 4½ ári með fyrstu einkunn. Ætlar hann aðallega að leggja stund á réttarfarssögu og viðskiptalöggjöf Vesturálfuþjóða, og er ekki nema vel til fallið, að við kynnum okkur meira starfsaðferðir og menningu hinna voldugu þjóða. — Þessi orð munu þá nægja um þennan lið.

Ég á hér 2 till. á sama þskj., með hv. 2. þm. Skagf., sem hann talaði fyrir, og mun ég láta það nægja, sem hann sagði um þær. En vil aðeins geta þess viðvíkjandi till. okkar um hækkun á styrk til nýbýla og samvinnubyggða, að mér finnst sanngjarnt, að sú fjárveiting, sem við förum fram á til nýbýla, verði í samræmi við það, sem ríkið hefur nú þegar gert gagnvart Fiskveiðasjóði Íslands. Samkv. frv. leggur ríkið Fiskveiðasjóði til yfir 400 þús. kr., sem stafar að nokkru leyti af því, að Fiskveiðasjóður hefur á undanförnum árum ekki notið til fulls þeirra tekna, sem upphaflega var til ætlazt með stofnun hans. Í því sambandi vil ég geta þess, að Búnaðarbanki Íslands hefur á undanförnum árum verið sviptur tekjum, sem honum voru ætlaðar með sérstökum lögum, þannig, að greiðslum til bankans var frestað á allálitlegri upphæð, eða upphæð, sem nam á 5. hundr. þús. kr. Nú sé ég, að fjvn. ætlar að taka upp 29 þús. kr. á þessum greiðslum, svo það er sýnilegt, að meginhluti þess fjár, sem Búnaðarbankinn á siðferðislegar kröfur á hendur ríkinu, mun liggja niðri.

Mér datt í hug að bera fram till. um, að Búnaðarbankanum yrði greidd þessi upphæð nú, en ég hef horfið frá því, en mér þykir rétt, að nýbýlasjóður njóti þess að einhverju leyti, og mætti það vera á þann hátt, að sú upphæð, sem ætluð var Búnaðarbankanum, en var af honum tekin með sérstökum lögum, gangi nú til nýbýlasjóðsins.

Ég er meðflm. að till. á þskj. 622,VI um hækkun á fjárveitingu til skóggræðslu og skógræktarfélaga. Hv. 1. þm. Skagf. talaði fyrir þessu, og mun ég þar engu við bæta, en vil aðeins undirstrika þau orð hans, að það er mjög vel til þess fallið, ef hægt er að handsama eitthvað af þessum svipta gróða og festa hann til frambúðar í landinu, því að allt, sem gert er í þeim málum, er gert fyrir framtíðina og ber ávöxt, þegar fram í sækir.

Þá er brtt. á þskj. 638,IV, um styrk til handíðaskólans. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. sé kunnug starfsemi þess skóla. Þetta er nýjung, sem upp hefur verið tekin í handíðum, og er einkum kennt ungum kennaraefnum við kennaraskólann o. fl., svo þeir geti dreift þessari menntun út um landið, eftir því sem við verður komið.

Ég sé á nýútbýttu þskj., að fjvn. hefur borið fram till. í þessu sama skyni, ekki fjarri því, sem við till.menn höfum farið fram á, og tökum við því okkar till. aftur og væntum þess, að till. fjvn. verði samþ.

Þá á ég aðra till. á þskj. 638,XIV, um eftirlaun til Ingólfs Gíslasonar, fyrrv. héraðslæknis, 1000 kr. Hann hefur starfað sem læknir um 40 ár í örðugum héruðum. Að vísu hin seinni ár ekki í verulega örðugum héruðum, en í sveitum, þar sem hann hefur oft orðið að leggja á sig mikið erfiði og ferðalög. Þessi fjárveiting, sem ég fer hér fram á, er í samræmi við það, sem læknum, sem lengst hafa starfað úti um land, hefur verið veitt undanfarin ár, og eru svipaðar greiðslur til lækna í fjárl. nú.

Ingólfur Gíslason hefur alltaf verið mjög vinsæll maður, og hefur hann oft lent í svaðilförum, eins og venja er um lækna, sem starfa úti um land, og þannig héruð eru lítið eftirsótt af læknum, og þó að fullt sé af læknum, er oft vont að fá þá í erfið héruð úti um land. Það er því ekki nema sjálfsagt, að þessum manni verði af hálfu ríkisins launað vel og rækilega unnið ævistarf, á svipaðan hátt og ríkið hefur áður launað slíkum starfsmönnum, og vil ég vænta þess, að hv. Alþingi viðurkenni þetta með því að samþ. þessa till.

Þá á ég till. á sama þskj., XVII. lið, um heimild fyrir ríkissjóð til að greiða frú Fríðu Einarsson, kjördóttur Guðmundar Magnússonar, prófessors, 2000 kr. styrk. Guðmundur heitinn Magnússon var vel fjáður maður, en gaf mikinn hluta auðæfa sinna til háskólans, þegar hann féll frá. Þessi kjördóttir hans er bláfátæk og er að berjast áfram fyrir sér og börnum sínum, og ég álít, að það væri sjálfsagt að minnast Guðmundar heitins Magnússonar og hans rausnarlegu gjafar á sínum tíma með því að veita þessari kjördóttur hans ofurlitla hjálp til þess að bjargast áfram á næsta ári. Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þessa till.

Á þskj. 638,XX er till. frá hv. þm. Árn. um það að ábyrgjast fyrir Eyrarbakka, Stokkseyri og Sandvíkurhrepp samtals allt að 720 þús. kr. lán til rafveitu frá Sogsvirkjuninni til ofangreindra hreppa. Önnur till. sviputð þessu hefur verið borin fram af hv. 5. landsk. þm.

Ég og hv. þm. Borgf. höfum hér rætt um það öðru hverju á þessu þingi að bera fram sams konar heimild fyrir þau héruð, sem við erum fulltrúar fyrir, með því að það liggur fyrir rækileg rannsókn og kostnaðaráætlun fyrir virkjun Andakílsár fyrir héraðið, og er það mjög álitlegt fyrirtæki og í alla staði hagkvæmt eins og ástæðurnar voru fyrir styrjöldina. En við hikuðum við að bera fram slíkar till., því að á þessum tímum væri það meira til að sýnast en vera, þó að við álítum, að það sé engu síður réttmætt að fara fram á fjárveitingu til þessa fyrirtækis en til þess, sem hér er farið fram á. Ég vil hins vegar segja, að við teljum það tvímælalaust, að ef þessi till. verður samþ., þá er það skylda næsta þings, þegar við berum fram slíkar till., að samþ. þær engu síður en þessa.

Ég vildi aðeins taka þetta fram fyrir okkar hönd, vegna þess að við höfum ekki ráðizt í að bera fram till. um þetta eins og nú standa sakir. Ég man ekki eftir því, að það sé fleira að þessu sinni. Aðrar till., sem ég er við riðinn, hafa verið ræddar hér af öðrum hv. þm.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti! Það ber svo til, að ég tek til máls næst á eftir hv. þm. Mýr. og að hann er ekki með till., sem ég mun mæla hér fyrir og er á þskj. 622,VIII. Hann gat ekki stillt sig um, þó að hann hafi seinna meir hug á að koma með slíka till. hér, annað en snúast heldur á móti henni og frekar eggja þingmenn til þess að mæla ekki með henni, eða samþykkja hana ekki. Þessi till. er um það, að ríkissjóður ábyrgist fyrir kauptúnin á Snæfellsnesi, Ólafsvík og Hellissand, allt að 640 þús. kr. lán, sem þau þurfa að taka til rafveitu nú á þessu ári.

Það er þannig farið með mig, að ég ætla ekki að segja margt um þessa till., af því að mín aðstaða er þar dálítið einkennileg. Ég ætla ekki að koma fram með neina brtt. við fjárlögin sem nm. í fjvn., en þar sem mér hefur verið falið að fara að nokkru leyti með mál Snæfellinga á þessu þingi í fjarveru þm. þeirra, þá er mér ekki unnt, eins og hv. þm. vita, að ganga framhjá beiðni þessara kjósenda í Snæfellsnessýslu, og varð ég því að flytja þessa till., og vænti ég þess, að þingheimur taki þessu máli vel.

Ég get tekið það fram til skýringar þessu máli, að afl það, sem á að nota til þessarar rafvirkjunar, verður tekið úr Fossá, sem er rétt innan við kauptúnið Ólafsvík og hefur góða, haganlega og mikla fallhæð, og verður því mjög hægt um virkjunina til Ólafsvíkur. En á milli Ólafsvíkur og Sands er að vísu mikil vegalengd, um 7 km., og gerir það kostnaðinn við rafveituna ekki svo lítinn.

Fulltrúar þessara hreppa hafa komið hingað í vetur til þess að láta athuga þetta mál, og hafa þeir fengið áætlun um alla aðstöðu. Einnig hafa þeir leitað fyrir sér um lán til þessara framkvæmda, og hafa þeir von um það, ef ríkisstj. bregzt vel við og vill styðja mál þeirra.

Ég verð að segja það um þessi kauptún, að þau hafa oft að undanförnu borið mjög skarðan hlut frá borði, þegar verið var að útbýta gæðum þessa heims frá Alþingi. Það hefur lítið verið lagt þar í hafnargerðir, til lendingarbóta eða til annarra mannvirkja, miðað við önnur kauptún landsins. En einmitt þessi kauptún liggja nærri ágætum fiskimiðum, og þau hafa verið forðabúr margra landsmanna, því að það hefur verið svo, að í harðindum leituðu bæði Norðlendingar og Sunnlendingar „undir Jökul“ til bjargar, þegar hún var þrotin heima hjá þeim. Ég geri ráð fyrir, að einhverjir minnist gestrisni þessara kauptúna, en ég ætla ekki að fara frekar út í það hér.

Nú um nokkur ár hefur brugðizt mjög bjargarvon í þessum kauptúnum. Lendingarskilyrði hafa verið slæm og fiskur minni en áður, og kauptúnin hafa því lent í fátækt og átt við erfiða aðstöðu að búa. Einkum hefur þó Hellissandur átt erfiða afkomu nú um langt skeið, en íbúarnir hafa ekki viljað flýja úr þorpi sínu, þó að þeir hafi átt þar við miklu verri lífskjör að búa en íbúar flestra annarra kauptúna á landinu.

Ég geri ráð fyrir því, að ef þessi rafveita kæmist á, þá mundi hún mjög styrkja þorpin til þess að halda við því frystihúsi, sem þegar er komið í Ólafsvík, og hjálpa til að koma upp öðru frystihúsi, sem í ráði er að koma upp á Sandi. Kauptúnin gætu bjargazt með miklu betra móti, ef rafmagn kæmi þangað nægilegt, og afkoma íbúanna, sem eru á 2. þús. manns, mundi stórum taka stakkaskiptum, ef þau fengju þessa rafveitu, og iðnaður þá aukast þar. Ég vona því, að Alþingi muni nú líta með sanngirni á þetta mál og styðja að því, að það nái fram að ganga.

Ég vænti þess einnig, að sú till., sem nú hefur komið hér fram aftan við þessa till., muni ekki verða því til trafala, heldur muni hún verða til þess, að hv. þm. styðji þetta mál. En sé sú till. sett til styrktar þessari till. minni, þá vænti ég, að þeir styðji hana, en ef hún er sett til höfuðs henni, þá sýna þeir flutningsmenn hennar sinn hug í atkvgr. um þessa tillögu okkar.

Jón Ívarsson: Herra forseti! Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir þær till., sem hún hefur tekið upp fyrir mitt kjördæmi, A.-Skaftafellssýslu, sem felst í 23. brtt. á þskj. 594, við 19. lið 16. gr. b. 1 og 2 og er fjárveiting til fyrirhleðslu í tvö allstór vötn í sýslunni. Annað vatnið, Virkisá, ógnar nú þegar engjum Svínafells í Öræfum, og óttast menn, að hún eyði þeim að mestu, ef ekki er aðgert. Hitt vatnið, Steinavötn í Suðursveit, flæðir inn á engjalönd Kálfafells og prestssetursins á Kálfafellsstað og veldur þegar miklum spjöllum.

Ég flyt á þskj. 638 þrjár brtt. við fjárlfrv., sem ég vil mæla fáein orð fyrir.

Í fyrsta lagi er þá IV. brtt. á því þskj., Öræfavegur. Þar er farið fram á hækkun úr 3 þús. í 4 þús. kr. Ég hafði upphaflega farið fram á við fjvn., að nokkuð meira yrði veitt í þessu skyni en hér er farið fram á, og vænti nú þess, að hv. Alþingi geti tekið undir þetta, vegna þess hver þörf er umbóta á vegum þarna, sem þessi vegur á að liggja um, Öræfin, og ætlast ég til, að þessi hækkun, sem ég fer fram á, fari til umbóta á vegum hjá Skaftafelli. Aðalþjóðleiðin

milli Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu liggur um Skaftafell, vestarlega í Öræfum. En eins og nú er og hefur lengi verið, má heita, að ófær vegur sé yfir Skaftafellsland. Þessa leið þarf að laga, því hún er naumast fær nema gangandi mönnum og lausríðandi. Í því skyni hef ég óskað eftir þessari 1 þús. kr. fjárveitingu í viðbót við till. fjvn.

Í öðru lagi er VII,1 á þskj. 638 við brtt. 619,IV (við 13. gr. fjárl. A. III. Brúargerðir). Sú till. er um það að bæta við aths. við liðinn um fjárveitingar til brúargerða: „og 20000 kr. til brúar á Heinabergsvötn í Austur-Skaftafellssýslu". Hv. fyrri þm. N.-M. flytur þar till. um brúargerð á Jökulsá á Dal, og er mín till. flutt sem brtt. við hans till. Í því sambandi vil ég minna á, að ríkissjóður hefur ekki fórnað miklu fé til brúargerða í A.-Skaftafellssýslu. Einu brýrnar, sem veitt hefur verið fé til, eru: Brú á Kolgrímu fyrir sex árum, og smábrú á Laxá í Nesjum fyrir rúmum þrjátíu árum. Það munu því vera fáar sýslur, sem hafa farið eins varhluta af brúarfé og Austur-Skaftafellssýsla. Nú er svo háttað um Heinabergsvötnin, að þetta vatnsfall rennur á milli tveggja sveita, Suðursveitar og Mýra, og er hinn mesti farartálmi á milli þeirra. Yfir þetta vatn er líka þjóðvegurinn, og eru vötn þessi oft hin verstu yfirferðar og torvelda mjög leið til kaupstaðar úr heilum hreppi. Meðan Heinabergsvötnin eru óbrúuð, er ókleift að nota bifreiðar til flutninga á þessum vegum að staðaldri. En það eru mikil óþægindi, eins og samgöngumálum er nú komið, ef ekki er hægt að halda uppi flutningum með bifreiðum á þessum slóðum. Flest önnur héruð búa við svo góð samgönguskilyrði, að þau geta haldið uppi ferðum og aðdráttum allt árið með bifreiðum. Brú á Heinabergsvötnin er því næsta nauðsynlegur þáttur í samgöngum A.-Skaftafellssýslu á landi, svo framarlega sem íbúar þeirrar sýslu eiga að búa við samgönguskilyrði á landi, sem líkjast því, sem er í öðrum héruðum, jafnvel þó þau ein séu tekin til samanburðar, sem búa við hin lakari skilyrði.

Þessi till. mín er tilraun til úrbóta á þeim samgönguerfiðleikum, sem þarna er við að stríða, tilraun til að koma því í framkvæmd, að þetta hérað sé ekki miklu verr sett en öll önnur héruð í landi okkar með brýr yfir verstu stórvötnin.

Í þriðja lagi er svo brtt. VII,2 á þskj. 638, um hafnargerð í Hornafirði, að í stað kr. 10 þús. komi 20 þús., en til vara 15 þús.

Fyrir 6—7 árum voru sett l. um hafnargerð í Hornafirði, þar sem m. a. var ákveðið, að ríkissjóður legði fram ⅔ kostnaðar, eða allt að kr. 52 þús., gegn ⅓ kostnaðar annars staðar að. Á fjárl. 1935 og 1936 voru síðan veittar samtals 15 þús. kr. til þessa verks. Fyrir þetta fé og framlag héraðsins var svo gerður allmikill sjóvarnargarður, samkv. till. vitamálastjórnarinnar er átti að vera byrjun á sjálfri hafnargerðinni. Hefur garður þessi komið að allmiklum notum, svo langt sem hann nær. En hann er ekki nema byrjunin. Og þarf nú fyrst og fremst að gera dýpkun á leiðinni frá skipalegunni í land.

Ég fór þess upphaflega á leit við hv. fjvn., að hún veitti 37 þús. kr. í því skyni, en hún hefur ekki séð sér fært að taka upp þá till., og því er það, að ég hef farið meðalveg og farið fram á, að varið yrði 20 þús. kr. á næsta ári til hafnargerðinnar á Hornafirði.

Ég lít svo á, að ef í það væri ráðizt að fá leigt sérstakt dýpkunarskip, væri það óhjákvæmilegt að hafa svo mikið fé fyrir hendi, að unnt væri að vinna sem mest á einu ári, því það yrði bæði mjög óþægilegt og kostnaðarsamt að skipta því niður á mörg ár. Þess vegna hef ég mælzt til, að Alþingi hækkaði þessa fjárveitingu um 10 þús. kr., upp í 20 þús., því að hitt mundi koma að lakari notum, eins og ég hef bent á.

Hafnargerðir og hafnarbætur eru meðal þeirra framkvæmda, sem mest þörf er á, að ríkissjóður styðji, og hafnargerð á Hornafirði er sannarlega meðal þeirra framkvæmda, sem sízt mega undir höfuð leggjast. Bæði er það vegna samgönguörðugleika héraðsins, og þó einkum vegna þess, að staðurinn hefur allmikla þýðingu sem útgerðarstöð, ekki aðeins fyrir það hérað, sem næst er, heldur fyrir alla Austfirði.

Frá Hornafirði eru árlega gerðir út á vetrarvertíð margir Austfjarðabátar, stundum allt að 30, og er þessi hafnargerð ekki neitt einkamál A.-Skaftafellssýslu, heldur er það eigi síður mikið hagsmunamál beggja Múlasýslna, og hefur svo verið síðustu 25—30 árin, og þó í stærstum stíl nú á þessu ári.

Í þessu sambandi vil ég einnig benda á það, að A.-Skaftafellssýsla hefur ekki notið þeirra þæginda, sem því eru samfara að ná sambandi við aðalakvegakerfi landsins, og á sennilega seint eða aldrei kost að njóta þeirra samgöngubóta, sem því eru samfara að hafa bifreiðasamgöngur við aðra landshluta.

Þess vegna eru það óskir manna í þessu héraði að fá betri skilyrði til samgangna á sjó við önnur héruð heldur en enn þá eru fyrir hendi. Og vænti ég þess, að hv. fjvn. og Alþingi sýni aukinn skilning á þessu og sjái, að hér er um mikla þörf að ræða.

A.-Skaftafellssýsla er eitt af þeim héruðum landsins, sem á við hina mestu erfiðleika að etja um allar samgöngur á landi, vegna hinna mörgu og stóru jökulvatna, sem þar eru, og hinna miklu eyðisanda, sem aðskilja einstakar sveitir.

Þess vegna verða kröfur okkar Austur-Skaftfellinga nú og framvegis: Bættar samgöngur, brýr á fleiri stórvötn, meiri umbætur á vegum í héraðinu og auknar hafnarbætur á Hornafirði.

Vil ég svo enn láta í ljós þá ósk, að hv. Alþingi taki vel í þessar till. mínar.

Helgi Jónasson: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls nú né koma hér með sérstakar brtt., vegna þess að ég á sæti í fjvn. Til þess liggja þær ástæður, að látið var í veðri vaka, að fjvn. ætlaði að reyna að halda dálítið í, svo unnt yrði að afgreiða fjárl. nokkurn veginn sómasamlega. Þetta hefur ekki tekizt, og nú gerir n. sjálf m. a. s. ráð fyrir, að fjárl. verði afgr. með töluverðum halla.

Enn fremur má sjá það af þeim till., sem einstakir þm. hafa þegar borið fram, að vilji þeirra virðist yfirleitt ekki vera mikill í sparnaðaráttina. Þess vegna höfum við báðir þm. Rang. flutt brtt. við brtt. fjvn. á þskj. 638, um fé til fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Brtt. okkar er V. liður á þskj. 654, en þar er farið fram á, að fjárveitingin til þessara framkvæmda sé hækkuð upp í 150 þús. kr. úr 70 þús., sem fjvn. gerir ráð fyrir.

Þetta mál hefur áður verið rætt svo mikið hér í þinginu, að ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þessarar fjárveitingar. Það nægir að geta þess, að á þennan hátt er verið að verja land margra sveita fyrir eyðingu, jafnframt því, sem þessum fyrirhleðslum fylgja miklar ókeypis samgöngubætur. Síðan árnar voru brúaðar, hefur reynzt örðugt að halda þeim í sama farvegi, og er því einnig af þeirri ástæðu mikil þörf á varnargörðum.

Vegamálastjóri hefur lýst yfir því, að ekki mundi þurfa nema um 150 þús. til að ljúka þessu verki. Svo þess vegna væri eðlilegast að gera það nú þegar. Enda skiptir það engu máli fyrir ríkissjóð, hvort hann greiðir meira eða minna nú í ár.

Við höfum líka handbært fé, sem hann getur fengið að láni til verksins. Það söfnuðust í haust 100 þús. kr. í þessu skyni, sem ríkisstj. voru boðnar til láns. Fjármálaráðh. vildi ekki taka fé þetta að láni, en gaf hins vegar góðan ádrátt um ríflega fjárveitingu í fjárl. næsta árs.

Þegar til kom, varð sú upphæð ekki nema kr. 50 þús., sem mér tókst svo ekki að hækka nema um 20 þús. í fjvn.

Ég hefði sætt mig vel við það, ef ég hefði séð, að þingið vildi fara gætilega í fjármálunum yfirleitt. En þegar ég sé, að viljinn til sparnaðar kemur hvergi fram, þá held ég, að megi segja, að ekki muni mikið um þá hækkun, sem hér er farið fram á.

Annarra till. geri ég ekki að umtalsefni, en vona, að hv. Alþingi samþ. þessa brtt., því fjárveitingin á fullan rétt á sér, því hér er um stórt nauðsynjamál að ræða.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Sþ.,* 27. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 28. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 417, 594, 597, 614, 619, 622, 638, 654).

*__Gísli Guðmundsson:__ Herra forseti! Ég veiti því athygli, að hér vantar í þingsalinn hæstv. fjmrh., hv. form. fjvn., hv. frsm. fjvn. og að ég hygg alla hv. fjvnm. Og mér virðist það nokkur galli viðkomandi þessum umr., að þessir hv. þm. skuli ekki vera viðstaddir, og vil ég geyma að halda mína ræðu, meðan svo er ástatt. (Forseti hringir til þess að kalla þm. til fundarsetu). —

Mér virðist nú að vísu heldur rýrar heimtur hjá hæstv. forseta síðan áðan. En óvíst er, eftir hverju er að bíða með að mæla hér fyrir þessum brtt., svo að ég mun ekki skorast undan að gera það nú, þó að það sé hins vegar fremur þýðingarlítið að tala yfir auðum sætum. Og sérstaklega er það leitt, að vanta skuli svo marga hér í þingsalinn, sem æskilegt væri, að heyrðu einmitt ræður þær, sem þm. flytja um þær brtt., sem fluttar eru við fjárl. Og satt að segja mætti það vekja furðu, að þeir hv. þm., sem hér er um að ræða, skuli ekki telja ástæðu til að hlýða á þær umr.

Ég á hér nokkrar brtt. við fjárlfrv., en þær eru ekki um háar upphæðir, og tvær af þeim eru aðeins heimildartill., þannig að þær brtt., sem snerta beinlínis fjárútlát á rekstrarreikningi, eru ekki háar. Ég skal að vísu viðurkenna það, að afgreiðsla fjárl. virðist nú horfa þannig, að ekki sé álitlegt að hækka útgjöldin mikið frá því, sem nú er orðið. En með tilliti til þeirra brtt., sem fram hafa komið frá ýmsum hv. þm., þá virðist mér, að þær brtt., sem ég hef leyft mér að flytja fram, séu þess eðlis, að það sé fullkomlega réttlátt, að þær komi til atkv. eins og annað, sem hér er flutt til breyt. á fjárl.

Ég vil þá fyrst aðeins drepa á, að ég á hér brtt. ásamt hv. þm. V.-Sk. á þskj. 619,I. Sú brtt. er um lítils háttar hækkun, þ. e. a. s. 100 kr., á tvo læknisvitjanastyrki, og skal ég ekki fjölyrða um það mál, en aðeins vísa til þess, sem hv. meðflm. minn hefur sagt um það.

Þá á ég hér á þskj. 654,II brtt. við 13. gr., um það, að til Öxarfjarðarheiðarvegar verði veittar af benzínskattinum 8 þús. kr. Í fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir er nokkur fjárhæð veitt til vegarlagningar á Öxarfjarðarheiði, og hefur hv. fjvn. hækkað upphæðina lítið eitt eftir tilmælum frá mér, en þó engan veginn nærri því, sem ég hefði talið, að þörf væri á. Á þessari vegagerð yfir Öxarfjarðarheiði verður byrjað í sumar. Hún er til þess ætluð að koma í samband við akvegakerfi landsins Þistilfirði og Langanesi. Það er þegar orðið nokkuð bílfært í þessu héraði, og þess vegna mundi þessi vegur yfir heiðina, þegar hann kemur, koma strax að gagni. Á þessu svæði, sem hér er um að ræða, búa 900 manns. Og ég hygg, að það sé fyllilega réttmætt, að nokkuð sé gert til þess, að svo fjölmennt hérað fái samband við akvegakerfi landsins. Og þetta er fyllilega sambærilegt við það, sem gert hefur verið annars staðar. T. d. er það þannig um Vopnafjörð, að það hérað er einmitt að komast í samband við akvegakerfið uppi í Möðrudalsöræfum, og er það hérað sízt fjölmennara eða meira fyrir sér að neinu leyti heldur en þetta. Ég er síður en svo að átelja það á nokkurn hátt, að Vopnafjörður hefur fengið sitt vegarsamband, því ég tel það mjög nauðsynlegt fyrir það hérað. En ég bendi á þetta af því, að það er nærtækt dæmi til samanburðar til að sýna fram á réttmæti þessarar till. og að hér er um sanngirnismál að ræða. Í þessum sveitum, í Þistilfirði og á Langanesi, eru tvö sjávarþorp, og annað þeirra er Þórshöfn, sem er talin eiga fyrir sér mjög álitlega framtíð, vegna þess að þar eru skilyrði til atvinnurekstrar bæði á sjó og landi. Mér er kunnugt um, að formaður framfærslumálan. ríkisins var á ferð síðasta sumar til þess að rannsaka skilyrði sjávarþorpa til at-

vinnu, og hann taldi Þórshöfn tvímælalaust einn af þeim stöðum á landinu, þar sem skilyrði eru til þess að hefja landnám í sambandi við smábátaútveg, og enda einna álitlegasta staðinn. Þetta hefur þessi maður sagt opinberlega við ýmis tækifæri. Og þessi framfærslumálan. hefur gert grein fyrir því í sambandi við frv. um landnám ríkisins, sem nú er orðið að l. Ég vil benda á, að í þessu héraði eru ýmsir möguleikar, sem menn gætu notað sér miklu fremur en nú er hægt, ef vegasamband væri þaðan við akvegakerfi landsins. Þarna eru t. d. allálitlegar laxár, að dómi fiskiræktarráðunautsins, sem renna í Þistilfjörð. Eigendur landsins, sem þær ár renna um, geta ekki haft full not af þessum ám, vegna þess að þar vantar vegasamband við vegakerfi landsins, en veiðimenn, sem stangarveiði stunda, veigra sér við að fara yfir heiðar með þeim gamla hætti til þess að komast að þessum ám. Ég nefni þetta sem dæmi. Og þannig er ástatt í Þistilfirðinum og á Langanesinu, að þar hefur farið fram í tvö haust rannsókn á garnaveiki í sauðfé, og víða á þessu svæði er búið að skera niður ¼ part af fé, þannig að það væri í samræmi við það, sem gert hefur verið í öðrum héruðum, þar sem líkt hefur staðið á, að heldur væri hlynnt að vegagerðum í þessu héraði, bæði til þess að menn hafi atvinnu við vegagerðirnar og líka til þess að menn geti betur hagnýtt aðra möguleika til atvinnu, sem fyrir hendi eru, heldur en sauðfjárrækt.

Vegna þess að hv. fjvn. sá sér ekki fært að leggja til hærri fjárveitingu en ég hef getið um til þessa vegar, hef ég lagt til, að þessi viðbótarupphæð yrði lögð fram af benzínskattinum. Í mitt kjördæmi, N.-Þ., hefur aldrei verið lagt neitt fram til vega af benzínskatti, meðan ákvæði um hann hefur verið í gildi, þó að allmikið sé þaðan greitt af þessum skatti. Þætti mér ekki ósanngjarnt, að nú væri einu sinni brugðið út af því.

Þá á ég hér brtt. við 15. gr., um það að veita 400 kr. til lesstofu sjómannaheimilis á Raufarhöfn. Þetta er lítil upphæð, og tel ég ekki þörf á að fara um hana mörgum orðum. En það eru veittar í þessu augnamiði til annarra staða á landinu, til Siglufjarðar 1000 kr., til lesstofu á Ísafirði 500 kr. og til hins sama í Vestmannaeyjum 500 kr. Þetta er veitt til þeirra staða, þar sem sjómenn safnast saman vissa tíma ársins. Og á Raufarhöfn safnast saman sjómenn á sumrin, og æskilegt væri, að þeir ættu sér einhvern samastað á landi, svo sem slíka lesstofu. Þetta er því ekki flutt vegna míns kjördæmis, heldur hef ég flutt þessa till. vegna þess, að ég tel ástæðu til þess að líta nokkuð á þörf þeirra manna, sem þarna safnast saman yfir sumarið, svo og að gera í þessu tilfelli sambærilegt við það, sem annars staðar hefur verið gert um þetta.

Þá hef ég á þskj. 638,XII flutt brtt. um 800 kr. viðbót á framlagi til skógræktar, sem varið yrði til vegabóta í Ásbyrgi. Fyrir 2 árum fékk ég samþ. slíka upphæð til þess að bæta veginn inn eftir Ásbyrgi. Þetta fé hefur verið notað til þess, en ekki nægt. Vildi ég því nú fara fram á svolitla veitingu til þessa. Ásbyrgi er einstakur staður um fegurð og annað. En þar háttar svo til, að af þjóðveginum og inn í Byrgisbotn inn fyrir skóginn er nokkuð langur vegur. Og þessi vegur hefur verið og er enn mjög slæmur. Það tekur ótrúlega langan tíma að komast inn í Byrgið, og er það ekki erfiðleikalaust fyrir langferðamenn að þurfa að brjótast þar áfram eftir hálfófærum vegi. Og það er satt að segja ekki vansalaust, að ekki sé úr þessu bætt.

Þá á ég hér tvær brtt. við 22. gr., þ. e. a. s. um heimildir. Hv. fjvn. hefur á þskj. 594,43 flutt brtt. um það, að Jóni Engilberts listmálara verði veitt 15 þús. kr. lán úr ríkissjóði til húsbyggingar. Þessi listamaður kom heim hingað til landsins s. l. haust frá Petsamo, og mun nú eiga erfitt hér, og hv. fjvn. hefur því litið á hans þörf. En brtt. mín er um annan listmálara, sem kom hingað til landsins einmitt með sömu ferð í haust og er algerlega húsnæðislaus og illa staddur á margan hátt, sem er Sveinn Þórarinsson. Hann er einn af okkar betri málurum, og hefur hann fengið viðurkenningu á sínum verkum, m. a. hefur hið opinbera keypt sumt af myndum hans, og það er ekki um deilt, að hér er um góðan listamann að ræða. Kona hans er einnig málari, og þau hafa stundað sína list af mikilli kostgæfni, þannig að full ástæða er að mínum dómi til þess að veita þeim aðstoð. Ég hef þess vegna talið það sanngjarnt, að ef farið verður inn á þá braut að veita illa stæðum listamönnum einhver lán til þess að koma sér upp húsnæði, þ. á m. vinnustofum, þá yrði einnig þessi maður slíks stuðnings aðnjótandi. Því hef ég lagt til, að brtt. hv. fjvn. orðist þannig, að heimilt sé að veita listmálurunum Jóni Engilberts og Sveini Þórarinssyni 15000 kr. lán hvorum úr ríkissjóði til húsbyggingar.

Þá er það aðeins ein brtt., sem ég á eftir að mæla fyrir, á þskj. 619,XXXI, sem er um það, að ríkisstj. verði heimilað að endurbyggja, ferðamönnum til öryggis, bæinn Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, ef samningar takast um framlag úr héraði til endurbyggingarinnar. Ég skal leyfa mér að fara um þetta nokkrum orðum. Bærinn Hrauntangi stendur, eins og hér er sagt, á Öxarfjarðarheiði, eða þeirri miklu afrétt og óbyggð, sem er milli Þistilfjarðar að austan og Öxarfjarðar, Núpasveitar og Melrakkasléttu. Þarna á heiðinni var fyrir löngu síðan meiri byggð, ég held einir 7—8 bæir uppi á flatlendinu. Þeir hafa smátt og smátt verið að leggjast í eyði, og nú lengi hefur þetta býli staðið eitt eftir. Það hefur verið eins konar sæluhús, og er þess full þörf, því að vegurinn er 34—35 km. milli bæja og þarna fara margir um, leitarmenn vor og haust, póstar bæði vetur og sumar, ferðafólk, m. a. stórir hópar ríðandi manna, sem koma að sækja héraðssamkomur í Axarfirði yfir þessa löngu heiði. Margir leita þarna hælis illa á sig komnir. Ég fullyrði, að ófá mannslíf hafa bjargazt fyrir það, að þessi bær var til. Öldruð hjón búa þar og hafa búið í 30 ár. Skilyrði til búskapar eru þar ekki sérlega efnileg. Þau eiga uppkomna syni, sem hafa tekið tryggð við heiðina, en þó uggir mig, að þeir muni ekki haldast þar við, nema eitthvað sé gert til að bæta húsakynnin. Þar er lélegur

torfbær, varla hæfur heimilisfólki, hvað þá til að taka móti gestum af þeim myndarskap, sem vilji er til. Ég legg til, að ríkisstj. sé heimilað að kosta nokkurri fjárhæð til að endurbyggja bæinn og að það yrði samningsmál við sýsluna, sem legði þá nokkuð af mörkum til verksins. — Ég get þess til fróðleiks, að í Hrauntanga átti eitt sinn heima um nokkur ár í æsku Jón Trausti, og ekki er vafi á því, að margt í Heiðarbýlissögum hans eru endurminningar frá þeirri dvöl. Fáir held ég óski þess, að býli, sem orðið er ódauðlegt í bókmenntum, fari í eyði af þeim ástæðum, sem hér gætu orðið til. Ég hefði gjarnan viljað tala betur fyrir þessari till., og ef hv. þm. hefðu átt kost á að koma á bæinn og tala við fólkið, mundu engin atkv. verða greidd móti henni. Ég veit, að samt muni nógu mörg atkv. verða greidd með henni til þess, að hún nái samþykki.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég ætla ekki að gera fjárlögin almennt að umræðuefni og ekki heldur þær einstakar brtt., sem fyrir liggja, nema þær einar, sem ég hef sjálfur flutt eða fluttar eru að undirlagi mínu.

Fyrst vil ég nefna brtt. mína á þskj. 638, I. Fyrir mjög eindregin tilmæli fjvn. hef ég fallizt á að taka hana aftur, þótt ég telji hana sjálfur eðlilega. Ég mun síðar hreyfa því máli og vænti þess, að Alþingi fallist á þá hugsun, sem felst í till.

Þá er næst brtt. 638, XI, um að leggja fram 500 þús. kr. til að byggja sjómannaskóla, — fyrstu greiðslu. Á síðasta hausti, þegar mér þótti sýnt, að allverulegur hagnaður mundi verða á útgerðinni, en áður en sást, hve mikill hann varð, lét ég þá hugmynd í ljós, að sakir þess skattfrelsis, sem útgerðin naut að lögum, ætti hún í staðinn að leggja fram fé til byggingar sjómannaskóla, virðulegs stórhýsis, sem rúmað hefði miklu fleira en skólann og verið miðstöð menningarlífs sjómanna, og hefði þar að sjálfsögðu verið að ræða um margfalt fé við það, sem þarna er nefnt. Úr þessu varð ekki, því að það kom sem sé á daginn síðar, að arðurinn af útgerðinni varð miklu stórfelldari en nokkur hafði gert ráð fyrir, og Alþingi tók af því þá eðlilegu ákvörðun að afnema skattfrelsið á þann hátt, sem mönnum er kunnugt, með breyt. á l. um tekju- og eignarskatt og l. um skattgreiðslur útgerðarinnar. Eftir það sneri Farmannasambandið sér til ríkisstj. — eða mín, og ég bar síðan málið undir alla stjórnina, — og fór þess á leit, að hún flytti frv. um byggingu sjómannaskóla. Málaleitunin mætti eindregnum velvilja, og það fór ekkert leynt, að stjórnin hafði frv. í undirbúningi. En áður en það kæmi opinberlega fram, báru tveir einstakir þm. í Ed. fram frv. í málinu og gerðu kröfu til fylgis allra, sem vildu málefninu vel. Það liggur nú fyrir deildinni. Ég er ekki ánægður með það frv. og tel það ekki hafa fengið nægan undirbúning, legg því til, að það verði ekki gert að lögum, en hins vegar sýni Alþingi hug sinn til skólans með því að leggja þetta fé af mörkum 1942, árið sem betur undirbúin lög um málið ættu að geta gengið í gildi, svo snemma, að ekki tefði framkvæmdir. Ég held, að segja megi, að þessi till. njóti stuðnings allrar ríkisstj., og verði hún samþ., vil ég gefa fyrirheit um að leggja fyrir næsta Alþingi frv. í því formi, sem ég tel heppilegast fyrir framtíð stofnunarinnar og tilgang. Ég mun að sjálfsögðu sjá til þess, að leitað verði álits sjómanna í öllum stéttum, svo að frv. uppfylli óskir sem flestra aðila, að því leyti sem hægt er að taka tillit til þeirra. Það má vera, að ríkisstj. sjái sér ekki fært að verða við þeim öllum, en ég vona, að það takist svo, að ná megi samhuga fylgi um málið.

Ég álít alveg óþarft að fara að tala fögur orð í garð sjómanna, þeir fá þau svo oft, og ég er þeirrar skoðunar, að Alþingi hafi sýnt einlægan vilja sinn í málum þeirra og muni þess vegna hljóta að samþ. þessa tillögu.

Hv. fjvn. hefur haft orð á, að sér þætti þægilegra, að þessi fjárveiting væri heimiluð á 22. gr. en veitt á 16. gr. Það er mér alveg sama um. Heimildin verður notuð, ef nokkur eyrir verður til. Óski þm. að færa till. á 22. gr., og það mun ég hafa í frammi rannsókn um, skal ekki standa á mér að flytja hana.

Þriðja brtt. mín er XXIII. liður á þskj. 638, um að heimila á 22. gr. að verja allt að 50 þús. kr. til að styrkja þá útgerðarmenn, sem misst hafa báta sína frá ófriðarbyrjun, til þess að byggja nýja báta, þó ekki yfir 20% byggingarkostnaðar. Ég veit, að hv. alþm. viðurkenna þá sanngirni, sem felst í þessari tillögu. Einstaklingar, sem orðið hafa fyrir því að missa báta sína, einmitt þegar útgerðin fór að gefa arð, eftir að vera búnir að berjast í bökkum með þá lengi, geta ekki komið þeim upp aftur án slíks stuðnings. Það er sárt til þess að vita, að þeim séu eftir óhöppin allar bjargir bannaðar. Ég vænti þess, að Alþingi geti samþ. tillöguna.

Þá hafa komið fram brtt. frá nokkrum hv. þm., sem ég verð að víkja að. Hv. 1. þm. N.-M. (PZ) hefur á þskj. 619, VII flutt brtt. við fjárveitingu á 13. gr. til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa. Hann vill binda fjárveitinguna því skilyrði, að ríkisstj. tryggi aðkomubátum aðstöðu til útgerðar frá staðnum og afnot af höfninni, með vægu verði, og leiga lóða og húsnæðis á staðnum hækki ekki vegna hafnargerðarinnar. Það yrði nú langur uppi að eltast við allar hugsanlegar verðbreytingar, sem kann beint eða óbeint að leiða af hafnarbótum á einhverjum tilteknum stað á landinu, og hefur ekki verið reynt hingað til. Ég er því mótfallinn till. eins og hún er borin fram. Ef þessi höfn yrði byggð sem landshöfn, verður þess að sjálfsögðu gætt, að bátar, sem að koma, njóti þar að mestu eins hagstæðra kjara og þeir, sem heimilisfestu eiga á staðnum. En til þess að það geti orðið, kemur til kasta Alþingis. Samkv. útreikningum hrökkva þessar 100 þús. kr. á árinu 1942 ekki langt.

Næsta brtt., VIII. á sama þskj., er um, að fjárveitingin til hafnargerðar þessarar skuli geymd, þar til Alþingi hefur sett lög um hafnargerðina. Ég vil spyrja hv. flm., hvort þeim væri ekki sama, þótt niðurlag till. hljóðaði: „þar til lög hafa verið sett um hafnargerðina," — eða hvort þeir settu það fyrir sig, ef brtt. þeirra er samþ.

óbreytt, þótt stjórnin framkvæmdi ákvæðið þannig að gefa út, ef svo ber undir, bráðabirgðalög um framkvæmd verksins. Fallist þeir á hið síðara, hef ég ekkert á móti því, að brtt. sé samþykkt.

Ég ætla svo ekki að gera fleiri brtt. að umtalsefni að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 6. júní, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 417, 594, 597, 604, 619, 622, 638, 654, 668, 669).

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Ég átti hér brtt. á þskj. 669, sem ég hafði ekki mælt neitt fyrir. Nú get ég stytt mál mitt, m. a. af þeirri ástæðu, að ég sé, að hv. fjvn. hefur tekið til greina að nokkru mínar óskir, þar sem hún hefur á brtt. 668,6 lagt til, að byggingarstyrkur til gagnfræðaskóla Reykjavíkur verði 50 þús. kr. á heimildagr. fjárl. Þó að þetta sé nokkru minna heldur en ég hef farið fram á, þá mun ég sætta mig við þessa breyt., í trausti þess, að hæstv. Alþ. samþ. þá brtt., sem fyrir liggur um þetta frá hv. fjvn. Sé ég því ekki ástæðu til að tala langt mál um nytsemi till., þar sem hv. fjvn. hefur viðurkennt hana með sinni brtt., sem ég hef greint.

Þar sem hæstv. atvmrh. er hér ekki við, skal ég láta niður falla að svara honum örfáum orðum, sem ég annars hefði viljað gera, út af þeim orðum, sem hann lét falla í sinni ræðu þ. 28. síðasta mán. En að hæstv. ráðh. fjarstöddum sé ég ekki, að þýði að svara honum.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Eftir að frv. hafði verið lagt undir 3. umr. fjárl. og fjvn. hafði lagt fram sínar brtt. og nál., hafa komið fram allmargar brtt. frá einstökum hv. þm., og talað hefur verið fyrir þeim.

Þar sem nú er nokkuð langt síðan þessi umr. hófst og haldnar hafa verið margar ræður í tilefni af framkomnum brtt., en fjvn. hins vegar hefur ekki séð ástæðu til að taka afstöðu með þeim brtt., sem fram hafa komið, þá sé ég ekki ástæðu til að gera þær að umræðuefni nú, hvorki þær ræður, sem fluttar hafa verið um einstakar brtt., né heldur að verulegu leyti það, sem fallið hefur hér í þessum umr. um störf fjvn., því að aths. við störf n. hafa við þessa umr. verið mjög litlar og engar í raun og veru þannig lagaðar, að þeim þurfi að svara. En vegna þess að störf n. eru nokkuð komin í annan farveg heldur en n. hafði hugsað sér, þegar hún hóf störf sín í byrjun þessa þings, þá vildi ég aðeins fara um það örfáum orðum.

Eins og nál. fjvn. bar með sér við frh. 1. umr. fjárl., þá lagði n. til í nál. sínu, að nokkru af væntanlegum umframtekjum yfirstandandi árs yrði varið til þess að bæta við þær fjárveitingar, sérstaklega til verklegra framkvæmda, sem ákveðnar eru í yfirstandandi árs fjárl. Og einnig var n. með nokkrar aðrar brtt.; þó að þær lægju ekki fyrir hæstv. Alþ., þá höfðu þær verið lagðar fram fyrir hæstv. ríkisstj., sem voru um fjárveitingar á yfirstandandi ári. Hæstv. ríkisstj. féllst yfirleitt ekki á till. í þessa átt frá fjvn. Og með tilliti til þeirra raka, sem hæstv. ríkisstj. færði gegn till. n. að því er þetta atriði snerti, hefur fjvn. að vissu leyti fallizt á afstöðu hæstv. ríkisstj., sem sé þá að mynda sjóð, sem yrði þáttur í svo kölluðum dýrtíðarmálum, sem nú er verið að ræða um í flokkunum, til þess að mæta að einhverju leyti þeirri dýrtíð, sem nú er komin og yfir vofir. Þetta mál er að vísu enn óleyst, en ég verð að vona, að dýrtíðarmálin verði leyst á þeim grundvelli meðal annars, að varið verði fé úr ríkissjóði á yfirstandandi ári í þessu skyni. Og með þetta fyrir augum getur fjvn. fallið frá sínum fyrri till. um þetta efni. Aftur á móti hef ég ekki orðið þess var, og það hefur ekki komið fram hér í umr., nema frá einum hv. þm., að þetta sjónarmið og þessi þáttur í starfi fjvn. hafi verið óþarfur og út í hött, eins og sá hv. þm. taldi. Og fjvn. er enn þeirrar skoðunar, að rétt hefði verið, svo framarlega að vinnuafl hefði fengizt, að veita nokkru af fé umframtekna yfirstandandi árs til verklegra framkvæmda til þess að mæta aukinni dýrtíð. Sú skoðun fjvn. er óbreytt enn. En n. telur rétt að beygja sig fyrir þessu, sem ég hef áður lýst.

Það eru hér sérstaklega tvær till. í brtt. hv. þm., sem ég vil aðeins minnast á. Það eru brtt. um nýbýli. Þær eru tvær. Önnur þeirra er um að hækka styrkinn til nýbýlanna allverulega, og fjvn. hefur fallizt á, að sú brtt. eigi fullan rétt á sér, og hefur því tekið till. upp og gert hana að sinni brtt., með því að það var einnig samkomulag um það við flutningsmenn brtt., og sú brtt. n. er hér á þskj. 668,3.

Hin till. er um fjárveitingu til væntanlegs sjómannaskóla, flutt af hæstv. atvmrh., að upphæð 500 þús. kr. Hefur einnig orðið samkomulag um það við hv. flm., að þessi till. yrði tekin aftur eins og hún er á þskj. 638, en yrði aftur flutt sem brtt. við 22. gr. fjárl. Sú till. mun nú liggja hér fyrir og verða kynnt hv. þm. síðar á fundinum.

Þá liggur enn fremur til athugunar, hvort flm. að annarri till., sem er um að hækka framlagið til nýbýla upp í 500 þús. kr., séu ekki fáanlegir til að taka hana aftur.

Loks er till. frá hæstv. atvmrh. á þskj. 638, við 22. gr., um það, að stj. verði heimilað að veita nokkurn stuðning til þeirra manna, sem orðið hafa fyrir tjóni á bátum sínum frá ófriðarbyrjun. Það var einnig ósk um það frá fjvn. og ýmsum þm., að hæstv. ráðh. vildi taka hana aftur, en hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur, og mun ég því segja honum þessa ósk á eftir sérstaklega.

Þegar ég hélt framsöguræðu mína við þessa 3. umr. fjárl., námu hækkunartill. fjvn. 875722 kr. og hækkunartill. á tekjum 900000 kr. Gengið út frá, að till. n. yrði samþ., var rekstrarhalli 299459 kr. og greiðsluhallinn 1729506 kr. Meðan umr. hefur staðið yfir, hefur fjvn. lagt fram brtt. á þskj. 668 með hækkunartill., sem nema 465430 kr. Þar af eru 300 þús. kr. samkv. nýjum l., en 165430 kr. hækkunartill., þar af 95 þús. kr. til nýbýla, sem mun verka þannig, að svipuð till., flutt af einstökum þm., mun verða tekin aftur. Sú upphæð, sem n. er beinlínis völd að, er því aðeins 1. till. á fyrrnefndu þskj., að upphæð 70

þús. kr. Samkv. framansögðu yrði útkoma fjárl. þannig: Rekstrarhalli 965089 kr. Greiðsluhalli 2195136 kr.

Fjarri fer því, að hér með séu öll kurl komin til grafar. Enn eru ótaldar ýmsar heimildir á 22. gr., bæði sem n. sjálf flytur og heimildartill., sem n. vill fallast á, þrátt fyrir það, að hún flytji þær ekki. Mun láta nærri, að þær nemi 600 þús. kr., miðað við það, að till. hæstv. atvmrh. um fjárveitingu til sjómannaskólans verði flutt á heimildagr. fjárl. Má ætla, að sú upphæð verði greidd, ef peningar verða til. Þá eru ótalin ýmis l., sem hafa kostnað í för með sér og eru ýmist heimildarl. eða lagaákvæði, sem óhjákvæmilegt er að sinna. Ég nefni nokkur: Lög um vátryggingarfélög, tannlækningakennslu, söngmálastjóra, verðlagsuppbót héraðs-, gagnfræða-, húsmæðra-, iðn- og unglingaskóla, búfjárrækt o. fl., landnám ríkisins (heimildarl.). Þessi l. geta kostað allt að 650 þús. kr. Enn eru ótalin l. um breyt. á l. um alþýðutryggingar, — mér er ekki kunnugt um, hve mikla hækkun sú breyt. muni hafa í för með sér, — l. um fiskveiðasjóð og l. um læknisvitjanasjóði. Með útgjöldum á 22. gr. og þeim l., sem ég hef nú nefnt, munu skapast útgjöld, sem munu nema um 1¼ millj. kr.

Þá má nefna hækkunartill. einstakra þm., sem nema um 400 þús. kr., og heimildartill. þm. aðrar en till. fjvn. 124 þús. kr.

Með þessum tveimur liðum, sem enginn veit, hver afdrif hljóta, er um að ræða rúma hálfa millj. kr. Enn er því framundan sá möguleiki, að fjárlagafrv. fyrir árið 1942 verði samþ. með allt að 3½ millj. kr. greiðsluhalla, og þar við bætast óumflýjanleg útgjöld vegna ýmissa l., alls rúmlega ½ millj. kr., svo að ef allar brtt. yrðu samþ. og allt greitt, bæði það, sem fyrir kemur á heimildarl. og heimildagr. fjárl., gæti svo farið, að greiðsluhallinn yrði um 4 millj. kr.

Eftir því, sem brtt. komu fram, og eftir því, sem stefnt hefur nú á síðari hluta þings, sérstaklega nú síðan fjárl. komu til 3. umr., var mér vel ljóst, hvert stefndi í þessum efnum. Ég átti því allverulegan þátt í þeirri ráðstöfun, að þessari umr. var ekki slitið, síðast þegar málið var á dagskrá, og það, sem fyrir mér vakti, var, að athugað yrði í flokkunum, hvort ekki væri rétt og nauðsynlegt að gera einhverjar þær ákvarðanir, sem stuðluðu að því, að afgreiðsla fjárl. yrði gætileg. Nokkrir menn úr fjvn. áttu tal um þetta við hæstv. ríkisstj. og lögðu fyrir hana, hvernig útlitið væri, og mér skildist, að ríkisstj. vildi, að þetta mál væri athugað, og hefur það að vísu verið gert í flokkunum, en þó ekki með neinum verulegum árangri. Að vísu hef ég gert grein fyrir 2—3 till., sem nokkur leiðrétting hefur fengizt með, en þó ekki mikil, enda eru allflestir þm. tengdir að meira eða minna leyti við þær till., sem fyrir liggja. Vitanlega er ekki þægilegt að taka á þessu. Þó að fjvn. hefði viljað taka málið fyrir á ný og semja við einstaka þm. um að taka upp hluta af þeirra till., þá er því til að svara, að ýmsir þm. hafa ekki flutt neinar brtt., í trausti þess, að þingið vildi sætta sig að verulegu leyti við þær till., sem fjvn. hefur borið fram fyrr og síðar, og þess vegna þyrfti þá að endurskoða flestallar fjárveitingar, a. m. k. til einstakra kjördæma. Af þessari ástæðu var það, að fjvn. fór ekki þessa leið. Það verður því að ráðast, hvernig fer um afgreiðslu þeirra till., sem fyrir liggja.

Nú eru afborganir af lánum samkv. fjárlfrv. 1654550 kr. Forsvaranlegt mætti teljast annars vegar að fresta afborgunum, ef það er hægt vegna samninga um lánin, eða þá að taka ný lán til þess að greiða afborganirnar og nota þá svipaða fjárhæð til annarra greiðslna. Ennfremur gæti sú leið komið til mála fyrir stj. að greiða sem allra minnst af þeim heimildum, sem henni eru veittar, bæði með sérstökum l. og eins á heimildagr. fjárl. En með þessu tvennu, að greiða t. d. ekki afborganir af lánum og fella till. þm., væri sæmilega séð fyrir 2150000 kr.

Nú er um það rætt að lækka tolla af sykri og kornvörum. Er gert ráð fyrir, að áætlun tollteknanna í frv. muni standast, þó að sú lækkun sé gerð. Þá væri það ein leið að hætta við þessa tollalækkun. Mundi þá með svipuðum innflutningi verða séð fyrir 1 millj. kr. Væru heimildarl. og heimildarfjárveitingar 22. gr. ekki framkvæmdar, væri sæmilega séð fyrir þessum mikla halla, sem gæti orðið. Takist aftur á móti ekki að fella till. þm. og ef tollarnir verða lækkaðir eins og gert er nú ráð fyrir, og ef svo í versta tilfelli innflutningur skyldi minnka, þá held ég, að sú stj., sem ætti að fara með þessi fjárl., yrði í vanda stödd. Að vísu stendur óhreyfð í frv. heimildin um að fella niður 35% af þeim greiðslum, sem eru ekki bundnar í sérstökum l., og má þá grípa til hennar, en hún mundi ná tiltölulega skammt, því að verulegur hluti útgjaldanna er bundinn í öðrum l. en fjárl., og þessi heimild mundi því ekki ná þar til.

Ég hef nú með örfáum orðum lýst, hvernig viðhorfið er, og ég tel, að mikið velti á því, hvernig tekst með þessi atriði, sem ég hef nú nefnt.

Ég vil að lokum taka fram, að verði flestar brtt., sem fyrir liggja, samþ., en afgr. l., sem beint og óbeint hafa útgjöld í för með sér, og tollar lækkaðir, tek ég ekki málstað slíkrar fjárlagaafgreiðslu, þrátt fyrir það, að ég sé í fjárveitinganefnd. Ég þykist hafa gert það, sem í mínu valdi stóð, að aðvara bæði hæstv. ríkisstj. og a. m. k. mína flokksmenn, og ég veit, að það hefur einnig verið gert í öðrum flokkum, — aðvarað um það, að nokkur hætta sé á, að fjárl. verði nú afgr. með jafnvel 4 millj. kr. greiðsluhalla, en ég hef einnig sýnt fram á, að enn sé tími og tækifæri til að rétta þetta nokkuð við.

Að lokum vil ég geta þess f. h. okkar, sem flytjum till. á þskj. 638, XX, um að ábyrgjast lán til þess að leiða rafmagn frá Sogsstöðinni niður á Eyrarbakka og Stokkseyri og í Sandvíkurhrepp, að við tökum þá till. aftur, þó með því skilyrði, að sams konar till. fyrir Ólafsvík og fleiri staði verði tekin aftur. Einnig er það eindregin ósk mín til hæstv. atvmrh., að hann taki aftur till. sína á þskj. 638, XXIII, sem ég gat um áðan, en vil þó taka fram, að við flm. till., sem ég nefndi, gerum það ekki að skilyrði fyrir, að við tökum okkar till. aftur.

Ég skal svo láta máli mínu lokið að sinni. Vera má, að fram komi einhverjar aths. eða ég verði minntur á eitthvað, sem ég þarf að taka nánar fram, og skal ég þá svara því, eftir því sem ég get.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 696) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

*Steingrímur Steinþórsson: Fyrir nálega hálfum mánuði mælti ég fyrir brtt., sem ég var sérstaklega riðinn við, en þá mátti segja, að öll sæti væru hér auð. Nú hefur skipazt svo vel, að hér er allmargt þm. viðstatt, en það er ekki meining mín að endurtaka það, sem ég sagði þá, nema að mjög litlu leyti. Þó er eitt atriði, sem ég vil endurtaka, af því að þá var enginn viðstaddur úr hæstv. stj., en ég beindi máli mínu til hennar, einkum hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh., sem báðir eru viðstaddir nú. En áður en ég sný mér að því, vil ég segja, út af tilmælum hv. frsm. fjvn. um, að við flm. till. á þskj. 638, X um að hækka framlagið til nýbýla upp í 500 þús., tækjum hana aftur, að við munum verða við þeim tilmælum og taka þá till. aftur, þar sem fjvn. hefur með brtt. sinni lagt til, að þetta framlag verði hækkað upp í 260 þús. kr. En ég vil jafnframt taka fram, eins og hv. frsm. benti á, að í l. um landnám ríkisins, sem eru nýsamþ., er heimild fyrir stj. að veita 250 þús. kr. til þeirra framkvæmda, sem l. gera ráð fyrir, og þó að við hv. þm. Mýr. tökum okkar till. aftur, þá er það í þeirri styrku von, að þetta fé verði veitt, svo framarlega sem atvinnuhættir landsins hverfa í það eðlilega horf, að vinnukraftur okkar verði að mestu og helzt að öllu leyti notaður til okkar eigin þarfa, því að þá er ekki minnsti vafi, að sjálfsagt er að hefja framkvæmdir á þessu sviði. En eins og nú horfir við um atvinnuhætti hér á landi, þá má segja, að minni ástæða sé til, að horfið sé að slíkum framkvæmdum, þar sem nú eru mjög takmarkaðir möguleikar til að fá verkafólk. En þetta vil ég sérstaklega taka fram í sambandi við það, að við lítum svo á, að það sé rík skylda hjá stj. að nota sér þá heimild, sem er í l., að verja fé í þessu skyni, ef þörf er fyrir það á þessu ári.

Þá vil ég minnast á eina till. á þskj. 622. Hv. 1. þm. N.-M. er 1. flm. hennar og mun hafa mælt fyrir henni, en hv. fjvn. mun ekki hafa tekið hana til greina. Ég sé ástæðu til að minnast á þessa till., af því að hún er um framlag til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins, og það er beinlínis tekið fram í l., að kostnaður vegna þeirra skuli greiðast úr ríkissjóði. Hann hefur verið greiddur af Búnaðarfélaginu. Hér er í raun og veru ekki um neina aukafjárveitingu að ræða, því að þessi upphæð er ekki meiri en það, sem áður hefur verið greitt til þessarar starfsemi, þ. e. til tilraunastöðvanna á Sámstöðum og Akureyri, og auk þess er ætlazt til, að lítils háttar upphæð gangi til búfjárræktartilrauna við búnaðarskólana, sem nú er verið að setja af stað samkv. þessum l. Ef engin fjárveiting er ætluð til þess samkv. þessum l., þá er mér ekki ljóst, á hvern hátt þessari starfsemi verður haldið áfram á næstunni, því að eins og Alþingi hefur gengið frá þessu, hefur verið gengið út frá því sem gefnu, að fjárveiting yrði tekin upp til þessara hluta, enda gerði búnaðarþing ekki ráð fyrir fé til þessarar starfsemi í fjárhagsáætlun sinni. Það eru einmitt í þessum l. nákvæm ákvæði um, hvernig þessu fé skuli skipt. Þetta vildi ég sérstaklega benda á. Ég sé ekki ástæðu til að fara að tala um nauðsyn þess, að þessari tilraunastarfsemi sé haldið áfram. Það er vitanlegt, að á því byggjast möguleikarnir til að breyta okkar búfjárrækt, og slíkt verður ekki gert öðruvísi en nokkurt fé sé veitt til þess. Ég vil því mjög mæla með þessari till.

Þá er eitt atriði, sem ég vil minnast á og beina til hæstv. ríkisstjórnar, og er það varðandi framlag til Búnaðarfélags Íslands á yfirstandandi ári. Það var vitanlegt, eins og kom fram í ræðu hv. frsm. fjvn., að fyrri hluta þessa þings var hún með ýmsar till. um aukin fjárframlög á þessu ári til ýmissa hluta, sumpart til þess að bæta upp dýrtíðina og sumpart til þess að auka verklegar framkvæmdir. Nú skilst mér, að frá þessu muni vera horfið, og skal ég því leiða hjá mér að ræða um þetta, en það, sem ég vildi minnast á, er framlagið til Búnaðarfélagsins. Það er á þessu ári áætlað 210 þús. kr., aðeins 10 þús. kr. hærra en áður. Nú hefur félagið hins vegar orðið að fara sömu leiðina og ríkið að greiða fulla verðlagsuppbót og auk þess vitanlega að taka á sínar herðar allan aukinn kostnað, sem af dýrtíðinni stafar, eins og t. d. stóraukinn ferðakostnað. Eitt aðalhlutverk starfsmanna félagsins eru ferðalög, en ferðakostnaðurinn hefur tvöfaldazt. Það liggur því í aukum uppi, að slíkt kemur illa niður á stofnunum, sem hafa mikil ferðalög. Það, sem ég vildi leyfa mér að beina til hæstv. stj., einkum hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh., sem þetta heyrir undir, hvort Búnaðarfélagið muni ekki mega vænta þess að fá sæmilega uppbót úr ríkissjóði fyrir árið í ár. Mér hefur verið tjáð, að fjvn. hafi í þeim till., sem hún var með í vetur, verið með hugmyndir um, að félaginu skyldi greitt til viðbótar 70 þús. kr., þannig að það fengi á þessu ári 280 þús. kr. Ég vil lýsa því yfir, að ég geri ráð fyrir, að Búnaðarfélagið mundi sætta sig mjög vel við slíka afgreiðslu og að það mundi þá geta klárað sínar sakir nokkurn veginn nú í ár. Það er síður en svo, að ég hafi ástæðu til að vantreysta hæstv. ríkisstjórn í þessu máli, hvorki hæstv. landbrh., sem ævinlega hefur sýnt félaginu velvilja, og ekki heldur hæstv. fjmrh., því ég hef ekki orðið var við annað en að hann hafi gert sitt bezta gagnvart félaginu. En nú er hálft ár liðið og við höfum ekki getað rekið búskap okkar nema að safna skuldum. Er því ekki nema eðlilegt, að félagið vilji sem fyrst fá að vita, hvers það megi vænta í þessu efni. Og vegna þess umtals, sem varð um þetta í fjvn. og á þingi, þá taldi ég rétt að beina þessu til ríkisstj. nú.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi taka fram, þó það sé að nokkru leyti endurtekning, vegna þess að ég hygg, að ríkisstj. hafi ekki verið við, er ég flutti mína fyrri ræðu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða almennt

um afgreiðslu fjárl. að öðru leyti. Ég skal aðeins geta þess, að ég tók eftir, að hv. frsm. bauð það, að hann og meðflm. hans tækju aftur till. um ábyrgð á láni til rafvirkjunar í Árnessýslu, ef við, sem stöndum að till. um sams konar ábyrgð fyrir Snæfellsnessýslu, tækjum aftur okkar till. Ég hef ekki heimild til þess að segja um þetta að svo stöddu, ekki fyrr en ég hef rætt málið við meðflm. mína. Það er mjög eðlilegt, að þessar 2 ábyrgðarheimildir haldist í hendur og annaðhvort verði þær báðar samþ. eða hvorug.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 695, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er hér brtt. á þskj. 654, við 8. gr., sem ég tel rétt að minnast aðeins á, áður en atkvgr. fer fram.

Það stendur til, að við kjósum næstu daga ríkisstjóra, og það þarf að sjá honum fyrir bústað. Það hefur með till., sem borin hefur verið fram, verið lagt til, að ríkisstj. fengi heimild til að kaupa húseign hér í bænum í þessu skyni. Ég vil nú leyfa mér að koma með brtt. við þessa till. Ég þykist vita, að um þetta muni vera nokkur ágreiningur hér á Alþ. og sennilega einnig í ríkisstj. Ástæðan fyrir því, að ég flyt þessa till., er sú, að ég tel það hentugt, að við fylgjum þeim sið, sem er alda gamall, þar sem þjóðirnar hafa sinn æðsta valdsmann í sínu eigin landi, að þeir búi utan við bæina. Sú venja hefur alls staðar þótt eðlileg, og þetta er af ýmsum ástæðum, sem ekki þarf að rekja hér. En sá staður, sem er fyrirhugaður með þessari brtt., er Bessastaðir. Sá staður er svo nálægt höfuðborginni, að það er hentugt aðsetur ríkisstjórans, að mínu áliti, vegna þess að þar er þessi æðsti valdsmaður utan við ys og þys borgarlífsins, en það álít ég, að hann eigi að vera. En þetta er þó svo nærri bænum, að það kemur ekki að sök með tilliti til annarra atvika. Ég geri ráð fyrir og get reyndar upplýst það hér, að þennan stað mun vera hægt að fá keyptan fyrir sanngjarnt verð. Staðurinn var keyptur af núverandi eiganda áður en kom til verðhækkunar vegna styrjaldarinnar, og mér er það kunnugt, að seljandinn hefði getað fengið miklu hærra verð fyrir hann nokkrum dögum seinna. Og mér er óhætt að fullyrða, að ef kostur væri gefinn á þessum stað, sem mun verða gert, þá yrði hann seldur án þess að núverandi eigandi mundi vilja taka nokkurn hagnað af því.

Ég held það sé ekki eðlilegt og ekki heppilegt, að við förum að halda uppi kappræðum á Alþ., eins og blöðin hafa byrjað á, um það, hvaða staður verði valinn. Um það verður Alþ. að sjálfsögðu að mynda sér skoðun og skera úr. Og ég býst við, að menn geri þetta eins vel, þótt ekki sé á óviðeigandi hátt haldið uppi kappræðum um það. Þess vegna ætla ég ekki að rökræða þetta mál nema sérstakt tilefni gefist til þess. En vegna þess að það er ágreiningur um þetta mál, vil ég taka það sérstaklega fram, að ég lít svo á, að ef þessi brtt. verður felld, þá sé ekki vilji fyrir því á Alþ. að hafa bústað ríkisstjórans á þessum stað, en ef till. verður samþ., lít ég á það sem úrskurð Alþ. um, að bústaðurinn eigi að vera á þessum fyrirhugaða stað. Þeir hv. alþm., sem greiða atkv. með minni till., úrskurða þar með með atkv. sínu, að bústaður ríkisstjórans skuli vera á Bessastöðum.

Viðvíkjandi fjárlfrv. almennt skal ég ekki vera margorður. Hæstv. fjmrh. mun gera grein fyrir sinni afstöðu, sem er í höfuðatriðum afstaða ríkisstj. í málinu.

Það er ekki hægt að neita því, að þau rök, sem hv. frsm. fjvn. flutti hér um afgreiðslu fjárlfrv., eru rétt. Því verður ekki neitað, að fjárlfrv. er óvarlegt og einkennt af því varúðarleysi, sem í dag á margan hátt gegnsýrir okkar þjóðfélag.

Og vegna þess að form. fjvn. skýrði frá því, að n. hefði komið til ríkisstj. fyrir nokkrum dögum, þá get ég sagt það, að það kom ríkisstj. mjög á óvart, hvernig þessi mál stóðu. Og það er óhætt að segja það, að það er mjög mikil óánægja í ríkisstj. út af því, hvernig nú horfir um afgreiðslu þessa máls. Í árferði eins og nú er má telja það meira en lítið varhugavert, ef fjárlögin verða afgr. með fyrirsjáanlegum tekjuhalla. Ég veit ekki, á hvaða ári við eigum að vinna þann halla upp. Ég vil þess vegna eindregið skora á hv. þm. að ganga ekki eins langt í því eins og stundum vill verða, þegar eins er skipað málum um ríkisstjórn og nú er, að ganga ekki úr hófi langt í því að samþ. þær brtt., sem hér liggja fyrir, en þær gera útlitið enn ískyggilegra. Það er þó nægilega ískyggilegt eins og fjvn. hefur gengið frá frv. — Um leið og ég mælti fyrir þessari brtt., vildi ég láta þessi almennu orð falla um fjárlfrv. til varúðar.

Forseti (HG): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Ísaf. við brtt. 638,23, um að á eftir „50000 kr." komi: að fengnum till. fiskimálanefndar.

ATKVGR.
Afbrigði um till. (sjá þskj. 700) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

***Eiríkur Einarsson:** Ég er svo heppinn að hafa ekki lagt fram neina brtt. við þetta frv. til fjárl. Ég tel það ekki, þó að ég sé síðasti flm. einnar till. af mörgum flm. Ég hef ekki heldur tekið til máls áður og skal ekki tefja þennan fund.

Það, sem hvatti mig til að rísa úr sæti mínu, var það, að mig langar til að minnast nokkrum orðum á 18. lið 22. gr. Það er heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa hálfa jörðina Stóra-Hraun til afnota fyrir vinnuhælið. Ég get lýst því yfir, að ég mun greiða þessari till. atkv. mitt, en vildi hins vegar gera þá grein fyrir minni afstöðu, sem ég tel ekki óeðlilega.

Á síðasta þingi var samþ. ályktun, sem ég hafði borið fram, um að flytja við fyrstu hentugleika vinnuhælið á Litla-Hrauni til hentugri staðar. Þessi ályktun liggur fyrir óframkvæmd, en engu að síður vona ég, að hún verði tekin til greina. Ég greiði þessari till., sem hér liggur fyrir, atkv. mitt í trausti þess, að af hálfu ríkisstj. verði þessi jörð tekin til afnota svo lengi sem vinnuhælið verður rekið á þessum stað. En

ef þar að kemur, að hælið verði flutt þaðan, þá á kaupaheimildin engu að síður rétt á sér, þar sem þörfin fyrir land handa Eyrbekkingum og Stokkseyringum er mjög brýn, til þess að eðlileg þróun í atvinnulífinu sé möguleg. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, en vildi aðeins gera grein fyrir þessari afstöðu minni. Ég taldi frá mínu sjónarmiði skjóta skökku við, að ég greiddi þegjandi atkv. með þessu.

Ég hefði haft löngun til að minnast örlítið á næsta lið á eftir, um heimild til að kaupa húseignina Fríkirkjuveg 11, en mér skildist það vera tilmæli hæstv. forsrh., að um þetta yrði ekki rætt, og skal ég taka tillit til þess. En ég vil aðeins segja það, að eftir mínum skapsmunum fannst mér till. eins og hún var góð. Ég vona, að sú gæfa fylgi málunum, að hver, sem verður ríkisstjóri hér, þá verði hann sá staðfestu- og ráðdeildarmaður, að hann gæti alls hófs, þó hann búi í skarkala höfuðstaðarins.

***Jóhann Jósefsson:** Ég tók eftir því í ræðu hæstv. forsrh., sem kann að vera, að skipti ekki miklu máli, en ég held, að sé samt svo hæpin fullyrðing, að tæplega megi við henni taka sem algildri. Þetta var sú fullyrðing, að þjóðhöfðingjar, eða þeir, sem gegndu slíkum störfum, hefðu alls staðar aðsetur annars staðar en í höfuðborgum þeirra landa, sem þeir vinna fyrir. Ég verð að segja, að svo langt, sem mín þekking nær, sem ég skal játa, að er takmörkuð í þessu efni, þá þekki ég ekki til, að þetta sé svo sem hæstv. ráðh. vildi láta Alþ. skilja. Ég held, þvert á móti, að það sé siður meðal þeirra þjóða, að forsetar þeirra eða æðstu yfirmenn, hvort sem þeir bera forseta- eða konungsnafn, hafi höfuðaðsetur sitt í höfuðstöðum landanna. Hitt er svo aftur annað mál, að slíkir menn hafa oft undir fleiri en einn bústað. En þeir bústaðir þeirra, sem eru utan höfuðstaðanna, eru þá eins og t. d. sumardvalarstaðir, veiðihallir eða eitthvað þvílíkt. En eiginlegur dvalarstaður þjóðhöfðingja eða presidents er að minni hyggju venjulegast höfuðstaðurinn í viðkomandi landi. Þessar aths. vildi ég gera við ræðu hæstv. forsrh.

Hitt ætla ég ekki að fara að vekja neinar deilur um, — þær eru að vísu þegar vaktar í blöðunum —, hvort Bessastaðir séu það fyrirheitna landið, sem hin íslenzka þjóð eigi að velja sínum þjóðarforseta eða staðgengli konungs. Ég læt í bili það liggja á milli hluta, en vil hins vegar halda því fram, að það er mín skoðun, að dvalarstaður hins æðsta manns þjóðfélagsins sé bezt kominn í höfuðstað landsins.

Að því er snertir aths. hæstv. forsrh. um fjárl., þá skal ég ekki gera ágreining við hann um það, að mér þykir, satt að segja, eftir því, sem ræður manna hafa fallið hér, líta út fyrir, að afgreiðsla þessara fjárl. muni verða með nokkuð gálausum hætti. Það er kannske of sterkt orð að kveða svo að. En starsýnt hefur mér orðið á margar þessar háu brtt., sem fram hafa komið hér alveg á síðustu stundu, sem sumar bara skipta hundruðum þús. kr. Það er ekki verið að klípa neitt af því. Það er ekki sá yfir hv. þm. nú, þegar menn gátu rifizt hér út af lítilfjörlegum listamanna- eða skáldastyrk, sem skiptir kannske nokkrum hundruðum kr., eða jafnvel um enn minni upphæðir til gamalla starfsmanna, sem skipta vanalega fáum hundruðum kr. Ég vissi ekki betur en að það stæði til, eða a. m. k. voru á uppsiglingu samtök um það innan þessara hv. flokka, sem styðja hæstv. ríkisstj., að hafa hér nokkurn hemil á og spyrna hér fæti við, og virtist mér sú vera stefnan við síðustu umr. fjárl. Hvað er nú að þessari þjóðstjórn? Getur hún ekki komið sér saman um neitt, sem er til þjóðþrifa?

Hæstv. ráðh. lét skína í gegn, að það væri mikil óánægja innan ríkisstj., og ég sé móta fyrir því af þeim ræðum, sem hér hafa farið fram, og þeim brtt., sem enn er verið að ýta hér fram, að ef einhvern tíma hefur verið nokkur alvara í því hjá hæstv. ríkisstj. að reyna að hafa einhvern hemil á taumlausum fjáraustri, þá verður ekki annað séð en að nú sé verið að fara í reiptog með málin. Mér þykir þetta ömurlegt viðhorf. Og ég spyr aftur: Hvað er að hjá þessum hæstv. herrum?

Skúli Guðmundsson: Eins og fjárlagafrv. er nú, eftir 2. umr., er greiðsluhalli á því, sem nemur 1743000 kr. rúml. Í upphafi þessarar 3. umr. vakti ég athygli á því, að Alþ. það, er nú situr, væri búið að samþ. allmörg l., er hefðu í för með sér töluverð fyrirsjáanleg útgjöld fyrir ríkið, sem enn hefðu ekki verið tekin inn á fjárlagafrv. Af nýkomnum brtt. frá hv. fjvn. sé ég, að hún hefur nú tekið upp nokkuð af þessum nýju útgjöldum. Og auk þess liggja fyrir í brtt. n. till. um nýjar útgjaldaupphæðir til viðbótar. Ef allar þær brtt. hv. fjvn. verða samþ., sem nú liggja fyrir, þá hefur mér reiknazt svo til, að greiðsluhalli á fjárl. muni enn hækka um h. u. b. 470 þús. kr. Eru þá taldar hækkanir á gjaldahliðinni, sem hv. fjvn. gerir till. um, sem nema um 1150 þús. kr., og þar frá dregin hækkun á áætluðum tekjum, sem nemur um 680 þús. kr. Með því að þessar brtt. hv. fjvn. verði allar samþ., er því greiðsluhallinn á fjárl. orðinn um það bil 2200000 kr., og heildargreiðslur úr ríkissjóði samkv. sjóðsyfirliti munu þá nema um 26 millj. kr. En til samanburðar má geta þess, að allar greiðslur samkv. sjóðsyfirliti á fjárl. ársins 1941 nema um 19½ millj. kr. Hækkunin yrði því, með þessu móti, um 6½ millj. kr.

Nú hef ég veitt því athygli, að enn eru óteknar á fjárl. ýmsar upphæðir, sem ríkið mun þurfa að greiða á næsta ári samkv. sérstökum l., sem afgr. hafa verið, enda veik hv. frsm. fjvn. að þessu. Ég get nefnt t. d. framlög til samábyrgðarinnar, verðlagsuppbætur til skóla, hækkun á framlagi til byggingar- og landnámssjóðs og byggingarsjóða kaupstaðanna, samkv. l. um aukin framlög til þessara sjóða í samræmi við vísitölu kauplagsn. Þá má nefna læknisvitjanasjóði, l. um loftvarnaráðstafanir, sem búast má við, að hafi í för með sér einhver útgjöld, e. t. v. töluverð, og l. um fiskimálasjóð, sem gera ráð fyrir, að ¼ hluti af útflutningsgjaldinu renni til þessa sjóðs.

Það er ekki þægilegt að segja um það, hvað

þessi útgjöld muni nema hárri fjárhæð. En mér þykir ekkert ólíklegt, að þetta megi áætla a. m. k. hálfa millj. kr. Sennilega verður það meira, vegna þess að enn er ótalið nokkuð af fyrirsjáanlegum útgjöldum samkv. sérstökum l., og nefndi hv. frsm. fjvn. sumt af því.

Þá vil ég enn fremur benda á það, að nú eru í gildi, og hafa verið undanfarin ár, l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. En enn þá hefur hæstv. ríkisstj. ekki lagt fyrir þingið frv. um framlengingu á þeim l. Og verði ekki um að ræða framlengingu á þeim l., þá koma þar vissulega útgjöld á næsta ári. Skemmtanaskatturinn á þá ekki að renna í ríkissjóð, heldur til þjóðleikhússins. Þá á enn fremur að leggja fram 100 þús. kr. til Landsbankans og meiri framlög en nú eru ætluð á fjárlfrv. til malbikunar þjóðvega. Enn fremur nokkur hluti útflutningsgjaldsins til Ræktunarsjóðs og framlög til Bjargráðasjóðs og til kennslueftirlits. Þetta hefur mér talizt til, að mundi nema allt að hálfri millj. kr. Niðurstaðan er því sú, að vafalítið má gera ráð fyrir því, að enn séu ótekin á fjárlagafrv. útgjöld samkv. sérstökum l., sem muni nema ekki minnu en 1 millj. kr. Sennilega yrði það heldur meira heldur en minna, eftir því sem áætlað var af hv. frsm. fjvn. Yrði þá greiðsluhallinn kominn nokkuð á fjórðu millj. kr. Og er það þá enn ótalið, að á 22. gr. fjárlagafrv., heimildagr., eru till. um útgjöld, sem líklegt er, að verði greidd, og ættu að réttu lagi að vera á öðrum gr. fjárl., t. d. fjárveitingar til þess að greiða stofnkostnað héraðsskóla í samræmi við þau l., og till. frá nokkrum hv. þm. um að greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað húsmæðraskóla í kaupstöðum samkv. l., sem nýlega hafa verið sett um það efni. Hér hafa og verið afgr. l. um landnám ríkisins, sem mér er kunnugt um, að margir hv. þm. vonast eftir, að komist til framkvæmda þegar á næsta ári.

Þá vil ég minnast á brtt. hæstv. atvmrh. um framlag til sjómannaskólastofnunar. Hefur hann lýst yfir því, að hann muni taka aftur fyrri till. sína, en hefur borið fram till. um, að heimild um 500 þús. kr. framlag verði sett á 22. gr. fjárl. Nú lít ég svo á, að ef ákveðið er, að þessi upphæð verði greidd á næsta ári, þá ætti hún ekki að vera á 22. gr. fjárl., heldur annars staðar. En sé hins vegar til þess ætlazt, að upphæðin verði því aðeins greidd, að tekjuafgangur verði hjá ríkissjóði á því ári, þá tel ég vitanlega réttmætt að gera þá breyt. að setja þessa upphæð á heimildagr., og mun ég fyrir mitt leyti greiða atkv. með því, með þeim skilningi á málinu, að upphæðin verði þá því aðeins greidd, að svo vel rætist úr, að tekjuafgangur verði á næsta ári, því að annars ætti ekki að færa þessa upphæð þannig til. Ég tel, að þarna sé um nauðsynjaframkvæmd að ræða, og því sé það rétt að leggja fram þessa fjárhæð, ef ástæður ríkisins verða þannig, að það sé hægt án þess að tekjuhalli verði á ríkisreikningnum á næsta ári.

Nú hef ég aðeins rætt um gjaldahlið frv., og það er náttúrlega ekki nema önnur hlið þess. En sú spurning hlýtur að vakna í sambandi við þetta mál, hvort tekjurnar séu áætlaðar nálægt því rétta. Það er atriði, sem erfitt er að segja um með nokkurri vissu, því að það veit enginn fyrir, hvernig afkoman muni verða á næsta ári. Óvissan um framtíðina er nú óvenjulega mikil. En ég vil varpa fram þeirri spurningu, hvernig fara muni, ef tekjurnar bregðast og verða lægri en í frv. er gert ráð fyrir. Hæstv. ríkisstj. hefur að vísu heimild til að lækka gjöld, sem ekki eru bundin í sérstökum l. En langsamlega mestur hlutinn af útgjöldum fjárl. er ákveðinn með sérstökum l., og þau gjöld koma því hér ekki til greina. Ég vil taka undir með þeim hv. þm., sem þegar hafa bent á það, að þessi afgreiðsla á fjárl., sem nú sýnist fyrirsjáanleg, sé ekki svo gætileg sem skyldi á þessum tímum. Til þess að fjárlagaafgreiðsla verði gætileg, er nauðsynlegt, að sá þingmeirihluti, sem styður ríkisstj. á hverjum tíma, hafi samtök um viðunandi afgreiðslu þessara mála. En ég tel, að í þetta sinn hafi það ekki verið athugað svo sem skyldi í tæka tíð að koma á slíkum samtökum.

Þá er það enn fremur nauðsynlegt, að ekki séu afgr. l., sem hafa í för með sér útgjöld, nema þau gjöld séu tekin á fjárl. og tekjur ætlaðar á móti, og útgjöld fjárl. séu áætluð sem næst því, sem búast má við, að þau verði. Þetta er það, sem Alþ. þarf alltaf að taka til athugunar við afgreiðslu fjárl., auk þess sem það þarf að áætla tekjurnar varlega. En mér virðist, a. m. k. að því er snertir útgjaldahlið fjárl., að sá þingmeirihl., sem styður hæstv. ríkisstj., hafi ekki að þessu sinni gætt nauðsynlegrar varfærni. Og vil ég í þessu sambandi benda á það, að ég tel, að það hafi verið mjög óvarlegt að lækka skattana, eins og gert var fyrr á þessu þingi. Einstakir þm., sem tóku þátt í undirbúningi skattalöggjafarinnar á þessu þingi, vöruðu mjög við svo kölluðum umreikningi á tekjum, sem hefur í för með sér, að skattar lækka mjög verulega, á þeim tíma, sem menn hafa yfirleitt betri ástæður til að greiða skatta heldur en verið hefur á undanförnum árum. En meiri hl. vildi ekki hlusta á þær raddir. Mér þætti ekki ólíklegt, að margir þeirra hv. þm., sem beittu sér fyrir þessu ákvæði um umreikninginn, kæmust síðar að þeirri niðurstöðu, að sú ráðstöfun hafi ekki verið viturleg eins og nú standa sakir. Héðan af verður það ekki lagfært á þessu ári. En væntanlega verður sú löggjöf endurskoðuð á næsta þingi.

Ég verð að segja það, og áður hefur verið að því vikið hér í umr., að mér sýnist það mjög óglæsilegt, ef ríkið safnar skuldum á þeim tíma, sem tekjur hafa verið hærri en nokkru sinni fyrr. En mér sýnist, eftir horfum á afgreiðslu fjárl., að mikil hætta sé á því. Og hversu mun svo ganga að rétta það við síðar, þegar tekjur lækka til stórra muna?

Forseti (HG): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. N.-M., svo hljóðandi:

Við brtt. 668. Við 6. a bætist: og Laugarvatni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 701) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

***Finnur Jónsson:** Ég þarf ekki að hafa stóra samvizku af því að hafa lagt fram brtt., sem

auka á þann tekjuhalla, sem hv. fjvn. hefur skilað þessu fjárlagafrv. með, og ekki heldur fyrir það, að mitt kjördæmi sé svo þungt á fóðrum, að það auki verulega á þennan tekjuhalla.

Ég hef lagt þarna fram eina litla skrifl. brtt. við brtt. frá hæstv. atvmrh. á þskj. 638,XXIII. sem er aðeins orðabreyt., um það, að á eftir „50 þús. kr." komi: að fengnum tillögum fiskimálanefndar.

Það var upp tekið fyrir nokkrum árum að veita nokkurn styrk til mótorbátabygginga, og var þá farið eftir till. þessarar n. í því. Ég tel það rétt ráðið að hafa einhverja stofnun til þess að styðja sig við, ef þessi upphæð verður veitt til þessa nauðsynlega hlutar. Þess vegna hef ég gert þessa brtt.

Aðra brtt. á ég við fjárl., sem er á þskj. 638,XIX og hv. þm. Ak. (SEH) er meðflm. að, um það, að ríkisstj. heimilist að greiða stofnkostnað og styrk til húsmæðraskóla samkv. lögum um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Þessi brtt. er í raun og veru ekki um annað en staðfestingu á þeirri löggjöf, sem hæstv. Alþ. hefur nú afgr. Og mér hefur heyrzt á sumum hv. fjvnm., að þeir teldu jafnvel, að þessi brtt. væri óþörf. Ég skal geta þess, að þegar ég flutti þessa brtt., bar ég sérstaklega fyrir brjósti húsmæðraskóla kvenfélagsins Ósk á Ísafirði, sem starfað hefur nú rúma tvo tugi ára, en við þröngan kost og miklar fórnir frá kvenfélaginu, sem rekið hefur skólann. Nú geri ég fastlega ráð fyrir, að gerðar verði þær breyt. á tilhögun skólans, sem þarf til þess, að hann komist undir nýsamþ. l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum nú þegar á næsta skólaári, 1941—1942. Og af því að mér hefur heyrzt á sumum hv. fjvnm., að þeir teldu þessa brtt. ástæðulausa, vildi ég spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann, að öllum skilyrðum uppfylltum, mundi greiða rekstrarstyrk til skóla þessa, svo og húsaleigustyrk, eða stofnkostnað fyrir skólaárið 1941—1942, hvaða afgreiðslu sem brtt. þessi annars fær, þar sem skoða má hana sem staðfestingu á l. þeim, sem þingið hefur samþ.

Mitt atkv. um brtt. hv. fjvn., sem þessi brtt. er við, um heimild til að greiða stofnkostnað fyrir héraðsskólana í samræmi við ákvæði héraðsskólalaganna, fer eftir því, hverja afgreiðslu mín brtt. fær. Því að ég skil ekki í öðru en að í þessu sem öðrum málum eigi að vera nokkurt samræmi í fjárveitingum milli sveita og kaupstaða.

Páll Zóphóníasson: Ég leyfði mér að bera fram skrifl. brtt., sem ég vil skoða sem leiðréttingu. Í l., sem þingið hefur samþ. nú um húsmæðraskóla í kaupstöðum, er ætlazt til þess í 11. gr., að sett verði á stofn húsmæðrakennaradeild í sambandi við húsmæðraskóla Reykjavíkur. En ætlazt er einnig til eftir öðrum l., að slík kennaradeild verði sett á stofn í sambandi við skóla á Laugarvatni. Nú er þetta sameinað og ætlazt til, að þessi kennsludeild verði við báða skólana, til skiptis, og það var hugsað þannig, að hún byrjaði hér í Reykjavík, yrði þar fyrsta veturinn, en síðan að vorinu að Laugarvatni, og svo til skiptis á stöðunum báðum. Kennslukvennaskólinn á því að vera einn og rekinn eftir atvikum á báðum stöðum. Ég skoða því þessa brtt. mína sem leiðréttingu við aðgæzluleysi fjvn.

Úr því að ég stóð upp, vil ég í fyrsta lagi ítreka það, sem ég sagði í minni fyrstu ræðu, að nauðsyn bæri til þess að Alþ. sæi um, að fé væri til staðar til áframhaldandi tilrauna viðvíkjandi landbúnaðinum, þannig að tilraunastöðvarnar njóti áframhaldandi styrks. Fjvn. hefur gleymt að taka þetta upp í brtt. sínar, svo að við hv. 2. þm. Skagf. höfum flutt brtt. um, að sú sama fjárveiting verði nú veitt í þessu skyni, sem hefur verið að undanförnu og þá komið frá Búnaðarfélagi Íslands. Ég vænti þess, að bæði hv. fjvn. og Alþ. sjái nauðsyn þessa máls og greiði till. atkv. sitt.

Ég vil einnig geta þess, að ég tel, að óafsakanlegs ábyrgðarleysis gæti í þessum fjárl. hjá Alþ. Enn fremur hefur fjvn. gengið feti framar en áður hefur verið gert í því að láta ekki sjást, til hvers fjárveitingar eru veittar, heldur slengt í eitt fleiri liðum. Ég tel þetta óafsakanlegt spor í einræðisátt, og þannig má það ekki vera framvegis. Í öðru lagi hefur n. ekki rökstutt till. sínar, en slíkt hefur aldrei áður átt sér stað. Það hefur aldrei áður verið veitt fé til hafnargerða án þess að sett hafi verið um þær sérstök lög og fyrir legið kostnaðaráætlun. Þegar slíkt ábyrgðarleysi kemur fram hjá fjvn., ráðherrum og ríkisstjórn, þá er ekkert undarlegt, þó að þess sama gæti hjá hv. þm. Margir hv. þm. koma með órökstuddar till. og enginn getur vitað, hvort þær eru þarfar eða óþarfar. Fjárl. eru því komin í hið mesta óefni, eins og hv. þm. V.-Húnv. lýsti yfir áðan, og ég mun ekki greiða þeim atkv. mitt eins og þau eru nú.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég get verið stuttorður. Ég vildi helzt, að umr. yrði lokið á þessum fundi. Ég skal ekki heldur gefa tilefni til að lengja þær, enda hafa hv. frsm. fjvn. og einnig hv. þm. V.-Húnv. tekið af mér ómakið, með því að lýsa, hvernig komið væri afgreiðslu fjárlagafrv. að þessu sinni. Þeir lýstu því svo skilmerkilega, að hv. þm. eru ekki í neinum vafa um, að fullt tilefni er til þess að gæta sem mestrar varúðar við afgreiðslu þessara mála. Ég get tekið undir það, sem komið hefur fram í ræðum einstakra hv. þm., að ég legg á móti frekari aukningu útgjalda heldur en fjvn. hefur lagt til, svo að nokkru nemi.

Ég vil, út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. kastaði fram, að vissu leyti í spurnarformi, þó að hann hafi beinlínis ekki búizt við svari, segja nokkur orð. Hann sagði, að sér þætti fróðlegt að vita, hvernig takast mætti að standa við fjárl. fyrir 1942, ef eitthvað verulega brygðist um tekjuvon og útgjöldin, bæði í fjárl. og utan þeirra, yrðu svo há sem allar líkur eru til. Ég býst við, að undir þeim kringumstæðum verði ríkisstj. að komast hjá því að greiða þau gjöld, sem henni er ætlað, hvort heldur að þau eru ákveðin í l. eða fjárl. Önnur leið er ekki til. Hvernig það má takast, skal ég ekki segja um, og ég vil ekki á nokkurn hátt draga úr þeirri ábyrgð, sem á hv. þm. hvílir við afgreiðslu fjárl. En það liggur

í hlutarins eðli, að ekki er hægt að fara öðruvísi að, ef í harðbakkann slær, eins og hv. þm. V.-Húnv. virtist gera ráð fyrir.

Fyrirspurn kom fram frá hv. 2. þm. Skagf. um það, hvernig fara skal um Búnaðarfélagið. Ég býst við því, að ríkisstj. sjái því farborða á næsta ári í samræmi við það, sem verið hefur að undanförnu. Annars er það undir hæstv. forsrh. komið, sem hefur þessi mál með höndum.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. Ísaf. um framlög til húsmæðraskóla, þá hef ég skilið það svo, að l. þau um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, sem borin voru fram á þessu þingi að tilhlutun ríkisstj., ættu að framkvæmast á þessu ári. Þó að það sé ekki beinlínis tekið fram í 14. gr. fjárl., þá er samkv. l. sjálfum ætlazt til, að þau komi strax til framkvæmda, og með þessari lagasetningu skilst mér, að ríkisstj. sé gefin full heimild til að láta þau koma til framkvæmda nú þegar.

Ég sé ekki ástæðu til, eins og ég sagði í upphafi, að orðlengja meira um afgreiðslu fjárl. að þessu sinni. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þeir bera allir jafna ábyrgð á afgreiðslu fjárl., ekki sízt þegar málum er svo háttað, að fjmrh. er ekki skipaður af neinum ákveðnum flokki og hefur því ekki þá aðstöðu á þingi, sem flokksráðherra hefur, sem hefur óskiptan meiri hl. að baki sínu. Það hvílir því meiri ábyrgð á hverjum einstökum þm. um það, hversu fer nú um afgreiðslu fjárl.

Ég vil svo mælast til þess við hæstv. forseta, að atkvgr. verði frestað til næstk. mánudags.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru aðeins örfá orð almenns efnis, sumpart út af því, sem hefur komið fram hjá einstökum hv. þm. við þessa 3. umr.

Það er nú sannast mála, að talsvert óhugðarefni er það, ef fjárl. verða afgr. með verulegum halla, eins og nú er útlit fyrir. Ég verð að segja, að mér finnst það dálítið einkennilegt, að sumum hv. þm. virðist koma þetta á óvart, jafnvel þeim, sem setið hafa í þeirri n., er ráðið hefur meginstefnunni í afgreiðslu fjárl. Eftir því, sem ég veit til, hafa komið till. fram um það bæði við 2. og 3. umr., ekki eingöngu frá einstökum hv. þm., heldur líka frá fjvn., að bæta stórum upphæðum við fjárl., enda þótt þau hafi áður verið með halla. Mætti halda, að þetta hefði verið byggt á því, að tekjurnar væru svo varlega áætlaðar, að óhætt væri að koma með hækkunartill. við þær. Nú virðist mér hljóðið í mönnum vera það, að ekki sé ráðlegt að hækka tekjurnar, m. ö. o. meining þeirra, sem till. gera, er sú, að bæta ofan á þann halla, sem fyrir var, og menn séu með opnum augum að afgreiða fjárl. með tekjuhalla. Ég hef gert ráð fyrir því, að till. fjvn. væru byggðar á því, að hún treysti því, að tekjuáætlunin væri of lág, en ef dæma skyldi eftir ræðum hv. þm., hefur þetta ekki verið svo. Einstaka hv. þm. hefur fleygt því fram við umr., að þetta virtist ekki sem allra heppilegust skipan málanna. Ég vil spyrja þessa hv. þm.: Hvað hafa þeir þá gert á þessu Alþ. annað en koma á 11. stundu til þess að sýna fram á þetta? Hafa þeir yfirleitt verið á móti löggjöfum, sem náð hafa samþykki nú á þinginu, ef þær hafa haft útgjöld í för með sér? Það þýðir ekki að einblína á útgjöldin í sambandi við fjárlögin, heldur verður þingið frá upphafi að afgreiða ekki meiri útgjaldalög heldur en fært er að bæta á fjárl. Eins og ég hef bent á, hefur talsvert verið samþ. af l., sem heimila greiðslur úr ríkissjóði, án þess að þeim hafi enn þá verið bætt inn á fjárl. Ég vildi aðeins taka þetta fram, þó að ekki sé hægt að kippa þessu til baka á 11. stundu eða snúa við þeim öldum, sem hnigið hafa allt þingið. Hv. þm. hefðu þess vegna þurft að fara miklu gætilegar í afgreiðslu þeirra mála, sem útgjöld höfðu í för með sér, og fjvn. átti að reyna að lækka, en ekki hækka fjárl. frá því, sem þau voru lögð fyrir. En allir sjá, að ekki verður snúið aftur á þessari stundu. Mér virðist því ekki annað blasa við í þessu efni en að fjárl. verði afgr. með töluvert miklum tekjuhalla. Eina úrræðið verður að taka þau til rækilegrar endurskoðunar á næsta þingi, og útgjöldin miðuð við það viðhorf, sem þá verður. Mér virðast ekki önnur úrræði vera fyrir hendi, nema þá að fella þær útgjaldatill., sem ekki hafa enn þá verið settar inn á fjárlfrv. En það verður ekki farið að breyta öllu löggjafarstarfi þingsins héðan af. Ef okkur tekst ekki enn að breyta niðurstöðum fjárl. til bóta, þá verður að taka fjárl. til athugunar á næsta þingi. — Ég vildi láta þessi almennu orð falla út af því, sem komið hefur fram við þessa 3. umr.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég get ekki hjá því komizt að segja nokkur orð í sambandi við það, sem fram hefur komið í þessum umr. Margt af því er næsta furðulegt, t. d. þau ummæli, að fjvn. hafi stefnt fjárl. í óefni og hafi þar með gefið hv. þm. það fordæmi, að rétt væri að gera meiri kröfur til fjárframlaga. Þessu vil ég svara þannig, að n. hefur í því starfi sínu að fullnægja, svo sem verða mátti, óskum og kröfum einstakra hv. þm., ekki gengið lengra en það, að greiðsluhallinn yrði svipaður þeirri upphæð, sem ætluð er til afborgunar á lánum. Það getur enginn með réttu haldið fram, að slík afgreiðsla sé ógætileg. Það er einkennilegt, að hv. þm. skuli ámæla fjvn. fyrir þetta sjónarmið, þegar hennar starf hnígur í þá átt að fullnægja óskum hv. þm. Ef Alþ. vill mótmæla gerðum fjvn., þá getur það hæglega fellt till. hennar. Ég vil benda hv. alþm. á þessa leið, og þar með hafa þeir staðfest, að þeir vilji ekki ganga eins langt og n. um fjárframlög. Geri hv. þm. ekki þetta, en greiði atkv. með þeim till., sem n. telur réttar, þá eru ummæli þeirra dauð og ómerk í hennar garð.

Mér þótti harla einkennilegt það, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. Hann sagði, að ríkisstj. kæmi á óvart væntanleg niðurstaða á afgreiðslu fjárl. og að hún væri óánægð með þessa afgreiðslu, enda hefði henni ekki verið kunnugt um, hvernig komið sé. Ég get ekki stillt mig um að minna hann á það, að fjvn. kom ótilkvödd til ríkisstj. og tjáði henni, að n. gengi eins langt í till. sínum um fjárframlög og hægt væri, en þrátt fyrir það lægi fyrir mikið af till. frá ein-

stökum hv. þm. Enn fremur benti n. á, að mörg frv. hefðu verið samþ. á þinginu, sem hefðu útgjöld í för með sér, og einnig væru mörg slík frv. undir umr. Nú vil ég ekki ásaka ríkisstj. hvorki um brtt. einstakra hv. þm. né heldur um ýmiss konar löggjöf, sem Alþ. hefur afgr., því að verulegur hluti þeirra var fluttur af einstökum þm. En það hefur ekkert skeð í þessum efnum, sem ríkisstj. er ekki eingöngu auðvelt að vita um, heldur er henni líka skylt að fylgjast með því, hvað líður þeim málum, sem hafa útgjöld í för með sér. Til þess að ríkisstj. gæti enn þá haft tækifæri til að átta sig á þessum málum, þá gekkst ég fyrir því, að síðustu umr. fjárl. yrði ekki lokið fyrr en eftir nokkra daga. Ég mótmæli því, að fjvn. hafi með afgreiðslu sinni á fjárl. gert annað en tilraun til að fullnægja óskum hv. þm. En þrátt fyrir það, þó að fjvn. hafi lagt mikla vinnu í að úthluta þessu fé eins réttlátlega og í hennar valdi stóð, er enn þá mikill fjöldi þm. óánægður og vill fá meiri fjárframlög. Fjvn. hlýtur að beita sér móti öllum þeirra till., með þeirri vitund, að hún hafi unnið eins vel og hún gat. Ég vil benda á, að það hefur ekki verið rætt um lækkun tolla á sykri og kornvöru við fjvn., en heyrzt hefur nefnd 1 millj. í því sambandi. Ef tekjuþörf ríkisins er svo mikil sem nú er útlit fyrir, væri rétt að taka til athugunar, hvort æskilegt sé að fara þessa leið.

Ef stjórninni tekst ekki að afla meiri tekna en í frv. er gert ráð fyrir og getur ekki staðið við þær greiðslur, sem bundnar eru sérstökum l. eða heimildargreinum, færi vandinn að blasa við. Og stærsta till., sem fram hefur komið, er annaðhvort frá hæstv. atvmrh. eða stjórninni í heild, og á ég hér við framlag til sjómannaskóla. Hæstv. atvmrh. hefur talið, að um það hafi verið rætt í stj. að veita fjárhæð til sjómannaskóla, en síðan hafi málið verið hrifsað úr höndum hennar með frv. tveggja þm. um byggingu sjómannaskóla. Í frv. er gert ráð fyrir 300 þús. kr. framlagi í þessu skyni. Hafi þá verið valin sú leið að stoppa það frv., en láta þessa till. koma fram, en hún er sú hæsta, sem hér hefur verið mælt með.

Ég ætla mér ekki að viðhafa neinn reiðilestur við hæstv. ríkisstjórn, enda hefur hún ekki gefið tilefni til þess með framkomu sinni gagnvart fjvn., en ræður þm. og ummæli hæstv. forsrh. hafa gefið tilefni til þess, að ég hef látið þessi orð falla.

Einstakir þm. hafa talað með mikilli vandlætingu um till. n., þótt þeir séu sjálfir kröfufrekir um fjárframlög. Hv. þm. Vestm. hefur látið svo um mælt, að sér sé starsýnt á þessar hækkunartill., en sjálfur á hann allháa brtt. hjá fjvn., sem er fram borin eftir hans eigin ósk. Þá má og minna hv. þm. á þingsályktunartill. um kaup á hlutabréfum í Útvegsbankanum. Engin till. mun fela í sér önnur eins fjárútlát fyrir ríkissjóð, ef samþ. verður.

Hv. 1. þm. N.M. minnti mig á nokkuð, sem hann ræddi um fyrr við umr., sem sé, að ýmsar till. fjvn. bentu til, að hún stefndi til einræðis, og nefndi þar til till. um framlög til lendingarbóta og brúargerða.

Ég vil benda hv. þm á., að meira en helmingur fjárhæða til lendingarbóta og hafnargerða munu vera án hafnarlaga, en þetta er siður, sem árum saman hefur tíðkazt hér á Alþingi. Margar till. fjvn. um fjárveitingar til lendingarbóta og hafnargerða styðjast ekki við hafnarlög, en allar bornar fram eftir upplýsingum og viðtölum við vitamálastjóra, sem jafnframt er þm. og á sæti í fjvn.

Um brúaféð er það að segja, að því var hér áður fyrr skipt niður til bygginga þeirra brúa, sem fjvn. áleit eiga mestan rétt á sér. Á síðari þingum hefur þetta ekki verið gert, vegna þess hve vafasamt hefur þótt um brúabyggingar vegna erfiðleika á efniskaupum. Hér er því ekki verið að stefna neitt í einræðisátt, en það er ekki nema eðlilegt, að opinber embættismaður eins og vegamálastjóri ráði mestu um, hvaða ár eru brúaðar. Hitt mætti segja, að væri kannske aðgengilegra að ákveða í nál., hvernig fénu væri skipt, í samráði við hann og fleiri þm. en sæti eiga í fjvn. — Ég vil líka benda hv. þm. á, að Búnaðarfélag Íslands fær stórkostlegar fjárhæðir án þess að Alþingi kveði á um það, hvernig þær skiptast.

Hv. þm. Ísaf. (FJ) gerði húsmæðraskólana, rekstrarstyrk þeirra og stofnkostnað að umtalsefni. Hæstv. fjmrh. hefur nú svarað hans ræðu á þann veg, að ég vænti, að hv. þm. megi við una og geti því tekið sína till. aftur, því að þær 60 þús., sem ætlaðar eru til rekstrar húsmæðraskólunum, eru áætlunarupphæð, og að sjálfsögðu mundi ríkisstj. greiða það, sem á kynni að vanta, þar sem skólarnir eru reknir samkv. sérstökum lögum. Um stofnkostnaðinn gegnir nokkuð öðru máli, því mér er ekki kunnugt um, að fyrir liggi nein ósk um byggingu nýs húsmæðraskóla sem stendur. Aftur á móti er það svo með héraðsskólana, að á síðasta þingi voru samþ. lög þess efnis að heimila ríkisstj. að greiða verulegan hluta af stofnkostnaði þeirra umfram það, sem verið hefur. Nefnd, sem starfað hefur að því að athuga fjárhag héraðsskólanna, hefur nú nýlokið störfum. Hefði því verið ástæða til að taka upp hærri till. en áætlað er í fjárlfrv., en hæstv. fjmrh. óskaði ekki eftir, að svo yrði gert, en fyrir liggur till. um að heimila ríkisstj. að greiða þann kostnað, sem leiðir af nýju héraðsskólalögunum og áliti matsnefndar.

Ég mun svo láta þessi orð nægja, en vil endurtaka andmæli mín gegn því, að fjvn. hafi sýnt nokkra óaðgæzlu, og tel mig hafa hnekkt þeim ummælum sem óréttmætum.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Út af þessum fáu orðum, sem ég lét falla áðan, hefur komið fram tvennt, sem ég er neyddur til að svara. Hv. þm. Vestm. bar fram þá spurningu, hvort ríkisstj. gæti ekki komið sér saman um neitt þjóðþrifamál, eða hvað væri eiginlega að þessum háu herrum.

Enn þá er það nú svo í þessu landi, að fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis, en ekki ríkisstj. Fjmrh. leggur fram sitt frv., en vinnubrögðin eru síðan eins og þm. er kunnugt. Það er fyrst og fremst undir fjvn. komið og ábyrgð-

artilfinningu þm., hvernig tekst um afgreiðslu fjárl., þótt ríkisstjórnin hafi þar hönd í bagga með, og eru því þessi ummæli hv. þm. vitanlega út í bláinn. En ég býst við því, að eins og nú er komið verði að afgreiða fjárl. svipað því, sem þau liggja fyrir, en endurskoða þau síðar, ef í nauðirnar rekur.

Vegna þessara ummæla hv. þm. Vestm. get ég ekki látið hjá líða að benda á, að fyrir liggur till. frá þessum hv. þm. um að bæta 1350 þús. kr. ofan á þann tekjuhalla, sem orðinn er á fjárl., til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands.

Viðvíkjandi því atriði, sem hv. frsm. fjvn. minntist á, er ég sagði að ríkisstj. hefði komið á óvart, hvernig komið var, vil ég taka þetta fram:

Það er staðfest af hæstv. viðskmrh., að fjvn. kom til fundar við ríkisstj. fyrir hálfum mánuði síðan. Þá var tekjuhallinn skv. till. fjvn. orðinn 2 millj. kr. og auk þess lágu fyrir margar brtt. til hækkunar frá einstökum þm. — Það er rétt, að fjvn. óskaði þá aðstoðar ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir, að till. einstakra þm. yrðu samþ. Ég get ekki látið það óleiðrétt, að það kom fram á þeim fundi, að ríkisstj. kom mjög á óvart, að tekjuhlið fjárl. væri ekki varlega áætluð. Þetta kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh., þegar þessar viðræður fóru fram við fjvn., og þar sem ríkisstjórnin hafði búizt við, að tekjuhliðin væri mjög varlega áætluð, áleit hún þennan tekjuhalla ekki eins alvarlegan og nú er komið á daginn.

Enda þótt till. einstakra þm. verði felldar, er tekjuhallinn enn rúmlega 2 millj. kr. Þessi halli er í raun og veru ekki óeðlilegur, því að mikið hefur verið að því gert á þessu þingi að fella niður tekjuliði, en auka útgjöldin. Það er vitanlega rétt hjá hæstv. viðskmrh., að þótt ríkisstj. hafi verið kunnugt um þetta fyrir hálfum mánuði, er ekki hægt að snúa við á síðustu dögum þingsins, og verður því við það að sitja, sem komið er. Það ríkti mikil bjartsýni í byrjun þessa þings, og enn virðist sú hugsun ríkjandi, að unnt sé að veita öllum allt, án þess að krefjast nokkurs í staðinn. Ég býst við, að við það verði að sitja, sem komið er, en það má búast við því, að taka verði fjárl. til endurskoðunar í byrjun næsta þings.

Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að þar sem fjvn. teygði sig eins langt og unnt var eftir till. þm., og jafnvel lengra en mögulegt var, hefði mátt vænta þess, að þm. bæru ekki fram till. til frekari hækkunar.

Ríkisstj. hefur gert sitt til að fá þm. til þess að draga till. sínar til baka, en hefur lítið orðið ágengt.

Um till. um sjómannaskólann er það að segja, að hún er ekki borin fram af ríkisstj. í heild. Það hefur verið rætt um hana í ríkisstj., en verið ágreiningur um hana. — Ég fæ ekki séð, að það hafi mikla þýðingu að bæta við útgjaldatill., þegar ekki er jafnframt séð fyrir tekjum til þess að standast þau útgjöld. Ég mun því greiða atkv. með þeirri till. með þeim skýra fyrirvara, að því aðeins verði ráðizt í þessar framkvæmdir, að til þess sé tekjuafgangur í fjárl. Ég tel ekki tiltækilegt að ráðast í þær framkvæmdir með lántökum, eins og nú er ástatt.

Þetta voru þau atriði, sem ég vildi minnast á.

*__Jóhann Jósefsson:__ Hv. frsm. fjvn. fann ástæðu til að tala um, að sú hv. n. sýndi minu kjördæmi þá sanngirni að hækka framlag til Vestmannaeyjahafnar úr 30 þús. kr. í 50 þús. kr., eftir minni till. að vísu, en meðmælum vitamálastjóra. Þetta virðist í hans augum eiga að vera nóg til þess að stinga upp í þann þm., að n. sýnir þessa sanngirni. Og hækkun framlagsins um 20 þús. kr. á að vera nóg til þess, að ég líti ekki kritiskum augum á fjárlagaafgreiðslu Alþingis. — Ég biðst undan svona löguðum getsökum í minn garð. Þess er og að gæta, að þegar það er athugað, hvort veitt er til annarra hafna, eru Vestmannaeyjar með mjög litlar upphæðir, og hef ég hingað til orðið að láta mér það lynda. Ég tala nú ekki um, ef teknar eru með ábyrgðarheimildir. — N. hefur að vísu sýnt lítils háttar sanngirni, en ekki þá ofrausn, að ég fyrir þær sakir teldi mig ekki sjá neinn ljóð á hennar né annarra manna ráði. Og ég tel mig hafa lög að mæla, er ég segi, að mér hafi orðið starsýnt á ýmsar till., sem fram hafa komið við þessa umr. Ég var ekki að finna að till. n., heldur að till. einstakra þm. í hækkunarátt, sem allt í einu skjóta upp höfði. Ég get nefnt 3—4 dæmi. Hér kemur ný till. á þskj. 669 um 100 þús. kr. til gagnfræðaskólans í Reykjavík. Á þskj. 654 flytja tveir flokksbræður hv. frsm. till. um að hækka framlag til framkvæmda á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts úr 70000 kr. í 150000 kr. Á þskj. 668 eru líka tveir flokksmenn hv. frsm. með till. um að hækka fjárveitingu til nýbýla úr 250 þús. kr. í 500 þús. kr. Áður eru þó þessir sömu menn búnir að gera till. um að hækka till. úr 155 þús. kr. í 250 þús., en nú bæta þeir aðeins ¼ millj. kr. við. Enn flytja tveir framsóknarmenn till. á þskj. 622, nýr liður: til tilrauna í jarðrækt 40 þús. kr. — Svona mætti lengi telja.

Ég verð að biðja hv. frsm. að beita geiri sínum í aðrar áttir en til mín, þegar hann talar um frekju þm. í kröfum til fjárframlaga.

Að því er snertir aths. hæstv. forsrh. verð ég að segja, að hún kemur mér undarlega fyrir sjónir. Hann kastar því fram, að ég sé með stærstu útgjaldatill. á fjárl., vegna þess að ég ásamt öðrum flyt till. um það, að ríkisstj. heimilist að kaupa hlutabréf í Útvegsbankanum af þeim mönnum, sem á sínum tíma voru píndir til að leggja fram helming af innstæðu sinni í Íslandsbanka til kaupa á hlutabréfum Útvegsbankans. Þetta er hrein og bein vitleysa. Ef ég vissi ekki, að ráðherra hefði ekki kynnt sér málið, mætti bera honum það á brýn, að hann væri hér með tal, sem ekki sæmdi manni í hans stöðu.

Í fyrsta lagi er hér um heimild að ræða, sem ekki er ákveðið, hvenær skuli nota. Í öðru lagi er tilskilið, að hlutaféð, sem um er að ræða, skuli metið. Eftir upplýsingum bankans hef ég sagt, að þetta hlutafé hafi upphaflega verið 1350000 kr., en það dettur engum í hug, að við mat komi þessi tala fram.

Ég vil líka benda á, að ríkisstj. gæti gert

þetta á þann hátt, að það væri mjög létt fyrir ríkissjóð, t. d. með því að skipta á hlutabréfunum og ríkisskuldabréfum, sem væru veðhæf og ættu að verða arðbær eign fyrir þá hlutabréfaeigendur, sem nú sitja með einskisverð bréf. — Ég neita þeirri kórvillu hæstv. forsrh., að hér sé um fjárframlög að ræða, er nemi 1350000 kr.

Ég segi ekki, að ég vilji ekki heldur undanskilja þá till. um 500 þús. kr. til byggingar sjómannaskóla. Hún vakti nokkra undrun hjá mér, að því leyti, að mér virtist sú upphæð, sem búið var að tala um í Ed. til byggingar hans, 300 þús. kr., hafi ekki verið viðunandi eins og á stóð. Þessi tala, sem ég nefndi hér, tel ég að réttlæti það og enginn þurfi að stökkva upp á nef sér út af því, þó að hv. þm. hafi það á orðið og standi nokkuð undrandi gagnvart þeim háu tölum, sem hér er kastað fram, þegar þess er gætt, hvað miklum tíma er oft varið hér á þingi til að rífast út af mjög smávægilegum atriðum, sem menn álíta þó, að á engan hátt geti komið til mála, því að þau hækki útgjöld fjárlaganna, þó að hægt sé að sýna fram á bæði sanngirni og nauðsyn á slíkum minni fjárveitingum.

Hv. 1. þm. N.-M. var þarna eitthvað að taka fram í og tala um, að þessi fjárveiting til tilrauna mætti á engan hátt falla niður. Það getur vel verið, að svo sé, en ég vil benda þessum hv. þm. á, að það hefði sennilega betur verið daufheyrzt við svipuðum till., sem hann hefur borið fram á sviði landbúnaðarins, utan þings og innan.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég hef nú í mínum ræðum gagnvart fjárl., bæði nú og fyrr, reynt að tala ekki flokkslega (**JJós:** Hv. þm. byrjaði á því að nefna sérstakan mann.), og ég mun því ekki gera það nú. Þess vegna mun ég ekki svara hv. þm. Vestm. með gagnsókn. Það var að gefnu tilefni, að ég nefndi hv. þm. Vestm., af því að hann talaði og viðhafði þau orð, sem ég tilfærði, en hann misskilur það, ef hann heldur, að ég álíti, að þær fjárveitingar, sem hans kjördæmi fær, séu of háar. Ég studdi till. og taldi hana rættmæta, en þessi ummæli hans til mín í þessu sambandi sýna einmitt og sanna, að þm. munu yfirleitt líta svo á, að fjvn. hafi ekki verið of rausnarleg í till. sínum til einstakra kjördæma eða einstakra þm., hvort sem till. eru í þágu allrar þjóðarinnar eða einstakra kjördæma. Það, sem ég tók fram, fékk ég staðfest með hans ummælum, þar sem hann var harðorður í minn garð og gat þess til, að ég mundi sjá eftir þessari fjárveitingu. — Það er einmitt þetta, sem ég hef haldið fram, og brtt., sem hér liggja fyrir, sanna, að einstakir þm. telja, að fjvn. hafi ekki verið of rausnaleg í till. sínum.

Ég mun svo láta þetta niður falla, án þess að hafa í frammi nokkra flokkslega áreitni, enda má benda þessum hv. þm. á, að ummæli mín í garð hæstv. forsrh. voru miklu harðari. Hann þarf því ekki að vera afbrýðisamur út af því, sem ég sagði.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði um greiðsluhallann, þá vil ég taka fram, að hann er um 2,2 millj. kr. samkv. till. n., en þar af eru 400 þús. kr., sem teknar eru upp af n. vegna nýrra laga, þannig að greiðslurnar verða samkv. till. n. án tillits til nýrra laga 1,8 millj. kr., en það, sem n. tekur upp vegna nýrra laga, sést á þskj. 668, og augjóst er, að Alþingi á þar hlut að máli fyrst og fremst.

Ég vildi láta þess getið, til að fá það staðfest nákvæmlega, hvað greiðsluhallinn væri hár skv. till. n. án tillits til þeirra nýju laga, sem fyrir liggja. Greiðsluhalli samkv. till. n. er því sem næst sama upphæð og ætluð er á fjárlfrv. til afborgana á lánum. Verður það að teljast sæmilega varleg afgreiðsla, þar eð tekjurnar eru líka heldur lágt áætlaðar, ef sæmilega lætur í ári.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 9. júní, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 594,1 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 594,2 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 668,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 638,1 tekin aftur.
— 668,2 samþ. með 37:1 atkv.
— 619,I samþ. með 25:13 atkv.
— 594,3, svo breytt, samþ. með 30:1 atkv.
— 594,4—5 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 594,6a samþ. með 36:1 atkv.
— 638,II samþ. með 22:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BrB, ErlÞ, FJ, GG, ÍslH, JJós, JóhJón, JÍv, JörB, PZ, SK, HG.

nei: ÞBr, ÞÞ, BjB, BSn, EÁrna, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JPálm, JJ, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PO, SEH.

SKG, EE, HV, JGM greiddu ekki atkv.
2 þm. (TT, PHann) fjarstaddir.

Brtt. 619,II.1 felld með 25:17 atkv.
— 619,II.2 felld með 25:14 atkv.
— 619,II.3 felld með 25:15 atkv.
— 622,I, aðaltill., felld með 25:9 atkv.
— 622,I, varatill., felld með 26:17 atkv.
— 594,6.b samþ. með 27 shlj. atkv.
— 619,III.1 felld með 26:12 atkv.
— 619,III.2 felld með 24:16 atkv.
— 638,III felld með 27:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BrB, EÁrna, ErlÞ, FJ, GÞ, HV, ÍslH, JJós, JóhJón, PZ, SÁÓ, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÁÁ, BJ.

nei: BjB, BSn, EE, EmJ, EystJ, GG, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JGM, JÍv, JPálm, JJ, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PO, SEH, SK, SkG, ÞBr, ÞÞ, ÁJ, HG.

BÁ, GSv greiddu ekki atkv.
2 þm. (PHann, TT) fjarstaddir.

Brtt. 594,6.c—g samþ. með 26:2 atkv.
— 638,IV felld með 25:9 atkv.
— 654,I.1 tekin aftur.
— 604,1 samþ. með 30:4 atkv.
— 654,I.2 tekin aftur.
— 638,V felld með 24:17 atkv.
— 638,VI felld með 27:13 atkv.
— 654,II felld með 27:9 atkv.
— 638,VII.1 felld með 26:3 atkv.

Brtt. 619,IV felld með 27:7 atkv.
— 619,V felld með 25:16 atkv.
— 594,7 tekin aftur.
— 604,2 samþ. með 25:1 atkv.
— 594,8 samþ. með 25:1 atkv.
— 638,VII.2, aðaltill., felld með 25:5 atkv.
— 638,VII.2, varatill., felld með 24:17 atkv.
— 594,9 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 619,VI felld með 27:12 atkv.
— 594,10 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 594,11 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 619,VII samþ. með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JóhJón, JÍv, JörB, PZ, StgrSt, SvbH, VJ, BJ, BÁ, BrB, EÁrna, ErlÞ, FJ, GG, HelgJ, HV, IngP, ÍslH, HG.
nei: JGM, JPálm, JJ, MG, ÓTh, PHerm, PO, SEH, SK, StSt, ÞBr, ÞÞ, ÁJ, BjB, BSn, GSv, JakM, JJós.
MJ, SÁÓ, SkG, ÁÁ, BSt, EE, EmJ, EystJ, GÞ, HermJ greiddu ekki atkv.
2 þm. (PHann, TT) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Þorsteinn Briem: Með því að ég sé ekki, hvernig hægt er að framkvæma þetta, segi ég nei.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég álít, að ákvæði eins og þessi eigi að koma í l., sem gilda almennt um hafnarmannvirki, sem kostuð eru af ríkinu. Ég ætla ekki að greiða atkv. um það atriði, sem hér liggur fyrir.

Brtt. 619,VIII samþ. með 25:16 atkv.
— 597,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 594,12 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 594,13 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 597,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 619,IX samþ. með 26:4 atkv.
— 619,XI felld með 24:10 atkv.
— 619,X felld með 22:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GSv, HermJ, JakM, JJós, JGM, JPálm, MG, MJ, ÓTh, SEH, SK, StSt, ÞÞ, ÁJ, BSn, EE, GÞ.
nei: GG, HelgJ, IngP, ÍslH, JóhJón, JÍv, JJ, JörB, PHerm, PZ, PO, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, EystJ, HV, SÁÓ, ÞBr, BJ, BrB, ErlÞ, FJ, HG greiddu ekki atkv.
2 þm. (PHann, TT) fjarstaddir.
Brtt. 622,II samþ. með 25:13 atkv.
— 594,14 samþ. með 25:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, BSt, BÁ, BjB, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, HelgJ, HermJ, JÍv, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PO, SEH, SÁÓ, SkG, StgrSt, VJ, ÞBr, ÞÞ, HG.
nei: BJ, BSn, BrB, EÁrna, EE, GÞ, GG, HV, IngP, ÍslH, JakM, JJós, JGM, JóhJón, JPálm, MG, PZ, SK, SvbH, ÁJ.
GSv, StSt greiddu ekki atkv.
2 þm. (PHann, TT) fjarstaddir.
Brtt. 669 tekin aftur.
— 654,III samþ. með 26:1 atkv.
— 622,III felld með 28:10 atkv.
— 594,15.a samþ. með 29:8 atkv.
Brtt. 594,15.b samþ. með 24:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StSt, VJ, ÞÞ, ÁJ, BSt, BjB, BrB, EÁrna, EE, EmJ, ErlÞ, HelgJ, HermJ, IngP, ÍslH, JakM, JóhJón, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PO, SEH.
nei: SkG, StgrSt, SvbH, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, EystJ, GÞ, GG, HV, JÍv, JPálm, PZ, HG.
SK, SÁÓ, BSn, FJ, GSv, JJós, JGM, MG greiddu ekki atkv.
2 þm. (TT, PHann) fjarstaddir.
Brtt. 638,VIII samþ. með 24:19 atkv.
— 597,3 samþ. með 32:3 atkv.
— 619,XII samþ. með 24:16 atkv.
— 619,XIII samþ. með 27:12 atkv.
— 594,16 samþ. með 25:1 atkv.
— 597,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 619,XIV samþ. með 28:12 atkv.
— 654,IV samþ. með 33:4 atkv.
— 597,5, svo breytt, samþ. með 33:1 atkv.
— 638,IX tekin aftur.
— 594,17 samþ. með 24:9 atkv.
— 594,18 samþ. með 27:4 atkv.
— 619,XV felld með 34:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, ÍslH, JóhJón,
nei: StSt, StgrSt, SvbH. ÞBr, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JJós, JGM, JÍv, JPálm, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PO, SEH, SÁÓ, SkG.
VJ, BSn, EE, ErlÞ, GG, HV, MG, PZ, SK, HG greiddu ekki atkv.
2 þm. (TT, PHann) fjarstaddir.
Brtt. 622,IV felld með 19:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StSt, StgrSt, VJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BrB, ErlÞ, FJ, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JJós, JGM, JóhJón, MJ, HG.
nei: PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, ÞBr, ÞÞ, BSt, BjB, EÁrna, EystJ, HermJ, IngP, JakM, JPálm, JJ, JörB, ÓTh, PHerm.
SvbH, BSn, EE, EmJ, GG, HelgJ, MG, PZ greiddu ekki atkv.
3 þm. (PHann, TT, JÍv) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Skúli Guðmundsson: Þar sem hér liggur fyrir þáltill. um að heimila fjmrh. að greiða menntamálaráði 8 þús. kr. viðbótarframlag á þessu ári, til að úthluta til skálda og fleiri manna, og fjvn. hefur mælt með till., en ég treysti því, að Sigurjón Friðjónsson fái eitthvað af því fé, þá segi ég nei.

Brtt. 594,19 samþ. með 24:2 atkv.
— 638,X tekin aftur.
— 668,3.a samþ. með 30 shlj. atkv.
— 619,XVI tekin aftur.
— 668,3.b samþ. með 30 shlj. atkv.
— 622,V felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EÁrna, EE, FJ, GG, ÍslH, JÍv, JörB, PZ, StgrSt, SvbH, VJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ.
nei: BSn, EmJ, GÞ, HelgJ, JakM, JJós, JGM, JJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, ÞÞ, ÁJ, BjB.

ErlÞ, EystJ, GSv, HermJ, IngP, JóhJón, JPálm, PHerm, StSt, ÞBr, HG greiddu ekki atkv.
3 þm. (HV, PHann, TT) fjarstaddir.
1 þm. gerði svo látandi grein fyrir atkv. sínu:

Emil Jónsson: Með því að ég hef talið, að í þeirri fjárveitingu, sem landbúnaðardeild rannsóknarstofu háskólans er veitt, sé falin fjárveiting í þessu skyni, þá segi ég nei.

Brtt. 594,20 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 594,21 samþ. með 24:1 atkv.
— 638,XI tekin aftur, en tekin upp af 2. landsk. þm. og felld með 25:9 atkv.
— 594,22 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 622,VI.1 felld með 24:19 atkv.
— 622,VI.2 felld með 23:20 atkv.
— 638,XII felld með 23:17 atkv.
— 594,23 tekin aftur.
— 654,V tekin aftur.
— 638,XIII samþ. með 32:1 atkv.
— 604,3 samþ. með 28:3 atkv.
— 594,24 samþ. með 25:1 atkv.
— 594,25 samþ. með 25:1 atkv.
— 604,4 samþ. með 26:1 atkv.
— 594,26, svo breytt, samþ. með 30:1 atkv.
— 619,XVII samþ. með 27:5 atkv.
— 594,27 samþ. með 24:5 atkv.
— 594,28 samþ. með 26:2 atkv.
— 594,29 samþ. með 27:2 atkv.
— 619,XIX samþ. með 30:1 atkv.
— 594,30, svo breytt, samþ. með 25:5 atkv.
— 619,XVIII samþ. með 24:13 atkv.
— 619,XX samþ. með 23:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, EmJ, ErlÞ, FJ, GSv, IngP, JJós, JGM, JóhJón, JPálm, JJ, JörB, MG, ÓTh, PHann, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, VJ, ÁÁ, BJ, HG.
nei: BjB, BSn, EÁrna, EystJ, GG, HelgJ, HermJ, JakM, JÍv, MJ, PHerm, PZ, PO, SEH, SvbH, ÞÞ, ÁJ, BÁ.
SK, BSt greiddu ekki atkv.
6 þm. (BrB, GÞ, HV, ÍslH, TT, ÞBr) fjarst.
Brtt. 597,6 samþ. með 26:5 atkv.
— 654,VI samþ. með 24:2 atkv.
— 597,7 samþ. með 25:3 atkv.
— 597,8 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 594,31 samþ. með 24:6 atkv.
— 619,XXI felld með 27:6 atkv.
— 668,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 597,9 samþ. með 32:2 atkv.
— 604,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 594,32 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 594,33 samþ. án atkvgr.
— 594,34 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 594,35 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 619,XXII samþ. með 24:7 atkv.
— 638,XIV felld með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrSt, VJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BSn, GSv, HelgJ, JakM, JJós, JGM, JörB, MJ, ÓTh, SK.
nei: SÁÓ, SkG, StSt, SvbH, ÞÞ, BjB, EÁrna, ErlÞ, EystJ,[1]) GG, HermJ, IngP, JÍv, JJ, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH, HG.

1) **Viðskmrh.:** Þar sem upplýst er, að læknirinn situr enn þá í embætti, segi ég nei.

BrB, EE, EmJ, FJ, ÍslH, JóhJón, JPálm, MG greiddu ekki atkv.
4 þm. (TT, ÞBr, GÞ, HV) fjarstaddir.
Brtt. 668,5 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 597,10 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 594,36 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 619,XXIII samþ. með 25:8 atkv.
— 619,XXIV samþ. með 25:12 atkv.
— 594,37 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 638,XV samþ. með 27:8 atkv.
— 594,38 samþ. án atkvgr.
— 619,XXV felld með 20:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÍslH, JóhJón, JörB, MG, SK, SÁÓ, StSt, StgrSt, VJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, EÁrna, EmJ, ErlÞ, FJ, GSv, IngP, HG.
nei: JGM, JÍv, JPálm, JJ, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH, SkG, SvbH, ÞÞ, BÁ, BjB, BSn, EystJ, HelgJ, HermJ.
JakM, JJós, BrB, EE, GG, HV greiddu ekki atkv.
3 þm. (TT, ÞBr, GÞ) fjarstaddir.
Brtt. 594,39 samþ. með 26:2 atkv.
— 622,VII, aðaltill., felld með 24:6 atkv.
— 622,VII, varatill., samþ. með 24:14 atkv.
— 594,40 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 619,XXVI samþ. með 24:15 atkv.
— 619,XXVII samþ. með 27:6 atkv.
— 619,XXVIII felld með 26:4 atkv.
— 638,XVI felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StSt, VJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BSn, GSv, HV, JakM, JJós, MG, ÓTh, PHerm, SK, HG.
nei: SkG, SvbH, ÞÞ, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, EystJ, GG, HelgJ, HermJ, IngP, JÍv, JPálm, JJ, JörB, PZ, PHann, PO, SEH.
SÁÓ, StgrSt, BrB, EE, ErlÞ, ÍslH, JGM, JóhJón, MJ greiddu ekki atkv.
4 þm. (TT, ÞBr, FJ, GÞ) fjarstaddir.
Brtt. 594,41 samþ. án atkvgr.
— 695 tekin aftur.
— 604,6 samþ. án atkvgr.
— 594,42 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 638,XVII felld með 29:9 atkv.
— 696 samþ. með 28:1 atkv.

Finnur Jónsson: Ég tek brtt. á þskj. 638,XIX aftur, þar sem fyrir liggur yfirlýsing frá fjmrh. um, að l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum komi til framkvæmda á þessu ári.

Brtt. 638,XIX tekin aftur.
— 638,XVIII samþ. með 32 shlj. atkv.
— 654,VII felld með 22:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GG, ÍslH, JakM, JJós, JóhJón, MG, MJ, SK, StSt, VJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BrB, EÁrna, ErlÞ, HG.
nei: HelgJ, HermJ, IngP, JGM, JÍv, JPálm, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH, SkG, StgrSt, SvbH, ÞÞ, BjB, BSn, EmJ, EystJ.
GSv, SÁÓ, EE greiddu ekki atkv.
4 þm. (GÞ, HV, TT, ÞBr) fjarstaddir.
Brtt. 638,XXI felld með 23:12 atkv.
— 594,43 samþ. með 22:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, BjB, BSn, BrB, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, HelgJ, HermJ, ÍslH, JGM, JóhJón, MJ, ÓTh, PHerm, SEH, SK, VJ, ÁJ, ÁÁ, HG.
nei: BSt, BÁ, EÁrna, GG, IngP, JakM, JJós, JÍv, JPálm, JörB, PZ, PHann, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞÞ.
EE, GSv, JJ, MG, PO greiddu ekki atkv.
4 þm. (GÞ, HV, TT, ÞBr) fjarstaddir.

Þorsteinn Þorsteinsson: Till. á þskj. 622,VIII er tekin aftur, enda geri ég ráð fyrir, að næsta till., á þskj. 638,XX, verði einnig tekin aftur því aðeins, að þessi till. verði tekin aftur.

Steingrímur Steinþórsson: Ég lýsi því yfir með leyfi 1. flm. þessarar till., að við vorum búnir að koma okkur saman um að taka hana aftur, gegn því, að till. á þskj. 638,XX yrði tekin aftur.

Þorsteinn Þorsteinsson: Eftir því, sem ég átti tal við mína meðflm. að þessari till., þá virtist mér, að þeir settu það í mitt vald, hvort till. yrði tekin aftur eða ekki, en ef svo er ekki, þá geta þeir haldið því fram, en ég ber það undir hv. þm. Ísaf., hvort það sé ekki rétt.

Steingrímur Steinþórsson: Ég vil lýsa því yfir, að ég tók það fram, að mér þætti eðlilegast, að þessar till. fylgdust að, og óska ég því þess, að þær verði bornar undir atkv.

Brtt. 622,VIII felld með 26:10 atkv.
— 638,XX tekin aftur.
— 622,IX tekin aftur.
— 638,XXII felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÍslH, JJós, JóhJón, MG, SÁÓ, StSt, StgrSt, VJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BSn, BrB, EE, ErlÞ.
nei: GG, HelgJ, HermJ, IngP, JPálm, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BjB, EystJ, HG.
GSv, JakM, JÍv, SEH, SK, EmJ greiddu ekki atkv.
7 þm. (HV, JGM, TT, ÞBr, EÁrna, FJ, GÞ) fjarstaddir.
Brtt. 701 felld með 23:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, StgrSt, SvbH, BJ, BSt, BÁ, BjB, EystJ, GG, HelgJ, HermJ, IngP, JÍv, JörB, PZ, PHann.
nei: SK, SÁÓ, VJ, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BSn, EE, EmJ, FJ, GÞ, GSv, JakM, JJós, JGM, JóhJón, JPálm, MG, MJ, ÓTh, PO, SEH, HG.
StSt, ErlÞ, JJ, PHerm greiddu ekki atkv.
6 þm. (TT, ÞBr, BrB, EÁrna, HV, ÍslH) fjarstaddir.
Brtt. 668,6.a samþ. með 26:7 atkv.
— 668,6.b samþ. með 26:3 atkv.
— 619,XXIX samþ. með 25:9 atkv.
— 654,VIII samþ. með 25:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, GG, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JÍv, JörB, PHerm, PZ, PHann, SÁÓ, HG.
nei: StSt, ÞÞ, ÁJ, BSn, BrB, EE, GÞ, ÍslH, JGM, JPálm, MJ, ÓTh, PO, SEH, SK.
GSv, JJós, JóhJón, JJ, MG greiddu ekki atkv.
4 þm. (TT, ÞBr, EÁrna, HV) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Sigurjón Á. Ólafsson: Enda þótt ég sé því algerlega andvígur að kaupa Fríkirkjuveg 11, er möguleiki opinn til að kaupa aðra hentugri eign, þó till. þessi sé samþ., og segi ég því já.

Brtt. 594,44 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 619,XXX samþ. með 31 shlj. atkv.
— 619,XXXI felld með 23:7 atkv.
— 700 samþ. með 26:12 atkv.
— 638,XXIII samþ. með 27:12 atkv.
— 594,45 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 597,11.a samþ. með 30 shlj. atkv.
— 597,11.b samþ. með 25:1 atkv.
— 619,XXXII samþ. með 26:12 atkv.
— 638,XXIV samþ. með 24:2 atkv.
— 594,46 samþ. með 25:3 atkv.
— 619,XXXIII samþ. með 26:3 atkv.

***Pálmi Hannesson:** Ég hafði beðið hæstv. forseta að taka ekki fjárl. til atkvgr. á þessum tíma, vegna þess að ég var bundinn við embættisstörf. Mér þótti leitt að geta ekki verið við þessa atkvgr., og þætti mér gott að vita, hvaða nauður hafði rekið hæstv. forseta til þess að afgr. málið á þessum tíma.

Ég er 1. flm. að brtt. á þskj. 622,VI, og er hún viðkomandi skógrækt, og var hún tekin til atkvgr. og henni lokið rétt áður en ég kom inn í þingsalinn.

Eins og ég gat um við hæstv. forseta í dag, þegar ég bað um, að fjárl. yrðu ekki tekin til afgreiðslu í dag, taldi ég það mjög miklu máli skipta, að ég gæti verið við þessa atkvgr. Ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvers vegna hafi ekki fengizt sá frestur, sem ég bað um.

Forseti (HG): Út af orðum hv. 1. þm. Skagf. vil ég taka það fram, að fjárlagafrv. hefur verið undirbúið og tekið fyrir til afgreiðslu í samráði við hæstv. fjmrh. og hv. fjvn. Og það var einnig nú gert eftir ósk hæstv. fjmrh.

Hv. 1. þm. Skagf. og öðrum hv. þm. er kunnugt um það, að það virðist ómögulegt að haga afgreiðslu þingmála þannig, að allir hv. þm. geti verið við. Og sú hefur reynslan verið, að einn þm. hefur vantað í dag og annan á morgun.

Frv., með áorðnum breyt. skv. atkvgr., samþ. með 27:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 713).

2. Veiting prestakalla (stjfrv.).

Á 3. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla (stjfrv., A. 16).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17. shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 9. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 12. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 73).

---

3. Einkasala á tóbaki.

Á 2. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Eins og kunnugt er hefur neftóbak það, sem aðallega hefur verið notað hér á landi, verið framleitt í Danmörku. Þegar viðskiptin við það land rofnuðu á síðastl. vori, virtist ekki annað fyrir hendi en reyna að koma á hér heima framleiðslu þessarar vörutegundar. Lagaheimild var engin fyrir því, að tóbakseinkasalan réðist í þetta, og þótti þá nauðsyn til bera að setja um það bráðabirgðal. Slík l. eru það, sem borin eru fram til staðfestingar í þessu frv., samkv. 23. gr. stjskr.

Rétt er að taka fram, að samkv. ákvæðum 2. gr. frv. verður nokkur breyt. á reglum um álagningu. Þar sem áður skyldi leggja 10—75% á tóbakið án tolls, skal nú leggja 10—50% á það, eftir að búið er að tolla það. Hins vegar þótti ekki annað fært en láta álagninguna á vörur þær, sem tóbaksgerð ríkisins eða einkasölunnar framleiðir, vera óbundna af l.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um frv. og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 50).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta frv. á þskj. 5. Það er staðfesting á bráðabirgðal., sem sett voru 22. ágúst 1940 og borið fram samkv. 23. gr. stjskr. um sama efni. Í grg. bráðabirgðal. er þess getið, að vegna viðskiptaörðugleika af völdum ófriðarins hafi orðið skortur á tóbaki, einkum neftóbaki, og af þeirri ástæðu taldi hæstv. ríkisstj. rétt að gefa út bráðabirgðal. um þetta efni, sem frv. þetta getur um, að heimila tóbakseinkasölunni að starfrækja tóbaksgerð með það fyrir augum að bæta úr þeim skorti, sem orðið hefur á tóbaki, og þá einkum neftóbaki, og geri ég ráð fyrir, að neftóbaksmenn fagni þessum bráðabirgðal.

Um 2. gr. er lítið að segja. Þeirri gr. tóbakseinkasölul. hefur áður verið breytt með l. nr. 75 frá 23. júní 1932. Nú er breyt. gerð vegna starfrækslu tóbakseinkasölunnar.

Ég vil aðeins minnast á það, að þegar þetta frv. hefur verið samþ., sem til er vænzt, verða þessi l. í þrennu lagi. Og þegar svo mörg l. eru um sama efni, er mjög æskilegt, að þau yrðu felld saman og gefin út í einu lagi. Vænti ég þess, að hæstv. ríkisstj. sameini þessi l.

Að endingu legg ég til, að frv. verði samþ. í því formi, sem það liggur fyrir á þskj. 5.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Það þarf í sjálfu sér enga framsögu um þetta mál.
Það leiddi af viðskiptasambandsslitunum við Danmörku, að það varð að sjá fyrir tóbaksþörf landsmanna hvað neftóbak snertir með því að koma á fót neftóbaksgerð. Til þess var engin heimild í l., að ríkið starfrækti slíkt fyrirtæki, og þótti réttara að fá slíka heimild með bráðabirgðal. Er þetta frv. borið fram til staðfestingar þeim bráðabirgðal. samkv. 23. gr. stjskr.
Ég legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 84).

*Frsm. (Erlendur Þorsteinsson): Herra forseti! Frv. þetta er borið fram samkv. ákvæðum 23. gr. stjskr. til samþ. á bráðabirgðal., sem gefin voru út 22. ágúst 1940.
Í 1. gr. l. er nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilt að starfrækja tóbaksgerð eða fela einkasölunni þá starfrækslu.
Er þetta gert af þeirri ástæðu, að af völdum ófriðarins hefur lokazt fyrir viðskiptasambönd þau um ófyrirsjáanlegan tíma, sem einkasalan hafði til kaupa á ýmsum tóbaksvörum, einkum neftóbaki.
Í 2. gr. er eiginlega engin breyt., heldur er þar tekin upp samþykkt um álagningu á tóbak, sem var í 2. gr. l. nr. 75 23. júní 1932, en sú gr. er felld úr gildi í 3. gr. frv. Hins vegar er nýtt ákvæði í 2. gr. frv., þar sem tekið er fram, að heildsöluálagning á vörur þær, sem tóbaksgerð ríkisins eða einkasölunnar framleiðir, skuli vera óbundin. En á aðrar vörur, sem tóbakseinkasalan verzlar með, er gert ráð fyrir, að álagningin nemi 10 til 50%, miðað við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi að meðtöldum tolli.
Fjhn. hefur athugað þessar breyt. og mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 107).

---

4. Verðlagsuppbót embættis- og starfsmanna ríkisins (stjfrv.).

Á 16. fundi í Ed., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana (stjfrv., A. 71).

Á 17. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég tel óþarft að hafa mörg orð um þetta mál. Eins og segir í grg. frv., er það borið fram samkv. sameiginlegri samþykkt stj. á ráðherrafundi og í samráði við þingflokka ríkisstj. Það hefur nú komizt í kring, að allir fastir starfsmenn einkafyrirtækja og meira eða minna opinberra stofnana og allir lausavinnumenn hafa fengið kauphækkanir, sem yfirleitt nema að minnsta kosti fullri verðlagsuppbót á óbreytt grunnkaup. Þá hefur ekki þótt annað fært en láta embættismenn og aðra starfsmenn ríkisins verða þeirrar uppbótar aðnjótandi.
Það leiðir af sjálfu sér, að fjárhæð sú, sem til uppbótarinnar er ætluð á gildandi fjárlögum, getur engan veginn orðið fullnægjandi, því að s. l. ár námu uppbæturnar þegar á 7. hndr. þús. króna, en aðeins voru veittar 350 þús. kr. á fjárlögum.
Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn., og tel æskilegt, að afgreiðsla þess gengi sem hraðast.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 75).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég skal vera mjög fáorður, ef ekki gefst frekara tilefni til. N. hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. með lítilsháttar breyt.
Brtt. n. er viðvíkjandi 3. gr., þar sem kveðið er á um hámark launa, sem skuli bæta upp. Þegar upphaflega var borið fram frv. um verðlagsuppbót til starfsmanna ríkisins, var í samræmi við það, sem ákveðið hafði verið annars staðar, ekki sett í það neitt hámark, sem bæta skyldi upp. En það var fjhn., og í henni áttu þá sömu þm. sæti og nú, sem varð ásátt um að leggja til, að ekki yrðu bætt upp hærri laun en 650 kr. mánaðarlaun. Það má auðvitað deila um það, hvort þetta sé réttlátt, en n. hefur orðið

sammála um að mæla með, að þetta verði látið standa óbreytt. Okkur þótti síðari málsliður gr. hins vegar ekki nógu skýrt orðaður, og þess vegna höfum við lagt til, að hann verði orðaður á þann veg, sem segir í brtt. á þskj. 75. Ég vil svo aðeins mæla með því, að frv. verði sent áfram með þessari breyt.

Ég skal geta þess, að mér er kunnugt um, að það er nokkuð aðkallandi, að þetta frv. geti fengið nokkuð greiða afgreiðslu, því það eru áreiðanlega nokkuð margir menn, sem bíða eftir, að frv. verði að l. og eiga erfitt með að bíða eftir uppbótinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 75 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 78, 79).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Einnig var of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 79. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Þessi brtt. þarf ekki mikilla skýringa við. Þetta er sams konar brtt. og þm. Sósialistafl. fluttu í fyrra, þegar sett voru l. um verðlagsuppbót fyrir starfsmenn ríkisins, þ. e. a. s. að sett væru ákvæði um það, að verðlagsuppbót skyldi ekki greiða, þegar komið væri upp í ákveðin mánaðarlaun. Ef þetta ákvæði yrði samþ., yrði ekki greidd hærri verðlagsuppbót á laun en svo, að þegar búið væri að leggja verðlagsuppbótina við grunnlaunin, þá yrðu mánaðarlaun jafngild 650 kr. í jan.—marz 1939.

Þetta mundi svara til þess, að eftir núgildandi vísitölu yrði ekki greidd uppbót á laun, sem eru hærri en 975 kr. á mán. eða allt að því 12 þús. kr. árslaun. Það þarf ekki að rökstyðja það nánar, að þessi laun eru svo há, að ekki er þörf á því að greiða á þau verðlagsuppbót, a. m. k. ekki fyrr en greidd eru hærri grunnlaun til þeirra starfsmanna ríkisins, sem eru lægst launaðir.

Ég ætla að nota þetta tækifæri til þess að beina þeirri spurningu til n., sem fær þetta frv. til meðferðar, hvort ekki beri að skilja þetta frv. svo, að þessi verðlagsuppbót skuli greidd til allra starfsmanna ríkisins, eins þeirra, sem eru í lausavinnu hjá ríkinu. Það er vitað, að a. m. k. sumir af þessum mönnum hafa ekki fengið greidda uppbót. En eftir orðalagi frv. virðist augljóst, að það beri að greiða öllum starfsmönnum verðlagsuppbót, bæði föstum starfsmönnum og eins þeim, sem eru í lausavinnu hjá ríkinu. En svo framarlega sem þetta er ekki ugglaust, þarf að koma þeirri breyt. inn í frv., svo að ugglaust sé, að allir starfsmenn fengju rétt til þessarar verðlagsuppbótar.

ATKVGR.
Brtt. 79 felld með 8:1 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar. (A. 78).

Á 21. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 104).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Herra forseti! Eins og kunnugt er, fer þetta frv. fram á, að verðlagsuppbót verði greidd á laun embættis- og starfsmanna ríkisins í fullu samræmi við vísitölu eins og nú hefur víðast komizt á samkvæmt samningum síðan síðustu áramót. N. hefur nú athugað þetta frv. og gert við það nokkrar brtt. Eins og nál. ber með sér, komu fram í n. ýmiss konar sjónarmið um þetta mál. Fannst mönnum, að æskilegt væri, að sumum atriðum væri nokkuð breytt frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, en þar sem því hefur verið lýst yfir, að hæstv. stj. hefði komið sér saman um að afgr. það í meginatriðum á þessum grundvelli, taldi n. ekki rétt að gera á því neina röskun, sem gengi gegn þessu samkomulagi, og gerði því aðeins smávægilegar brtt, við það. Frá réttlætissjónarmiði getur ekki talizt nein ástæða til að taka embættis- og starfsmenn ríkisins eina undan, þegar allar aðrar stéttir hafa fengið viðurkenningu um, að þær skuli fá greidda uppbót samkv. vísitölu. N. leggur því til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún ber fram á þskj. 104. Fyrsta breyt. er sú, að á milli orðanna „eftirlaun“ og „úr ríkissjóði“ komi: og styrktarfé samkv. 18. gr. fjárlaga. M. ö. o., að verðlagsuppbót sé ekki aðeins greidd á eftirlaun heldur einnig styrktarfé. Þá er lagt til, að aftan við 1. gr. bætist: „Heimilt er lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra að greiða verðlagsuppbót á lífeyri á sama hátt. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðunum upphæðir þær, er þeir greiða samkv. ákvæðum þessum“. Það virðist ekki nema eðlilegt, að þeir aðilar, sem fá greiddan lífeyri úr sjóðum þessum, sem nú eru sérstakir og aðskildir frá ríkissjóði, fái uppbót á sama hátt og aðrir, en þá verður ekki hjá því komizt, að ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóðunum þær upphæðir, því að annars gætu sjóðirnir ekki innt þessar greiðslur af höndum nema með því að skerða stofnfé sitt.

Þá ber n. fram brtt. við 7. gr. Nm. virtist, að

gr. mætti skilja svo, að miða ætti verðlagsuppbótina við vísitölu sama mánaðar, sem hún er greidd í, og bar því fram þessa brtt., svo að það væri tvímælalaust, að miða skyldi við vísitölu næsta mánaðar á undan, eins og nú er gert í flestum þeim samningum, sem gerðir hafa verið um greiðslu verðlagsuppbótar.

Að síðustu leggur svo n. til, að l. skuli ekki gilda nema til 1. júlí 1942. Er það gert með tilliti til þess, að miklar líkur eru til, að breyt. geti verið orðnar miklar á næsta ári og því nauðsynlegt, að skylt sé að taka þetta frv. þá til nýrrar athugunar, en láta það ekki framlengjast af sjálfu sér eins og annars mundi vera. Með þessu móti er skylt að taka l. til endurskoðunar með þeim breyttu tímum, og er n. sammála um, að þessu sé bætt inn í.

Þetta eru þá þær 3 brtt., sem n. hefur borið fram. Engin þeirra er verulega stórfelld eða raskar þeim grundvelli, sem lagður er með þessu frv., og leggur n. til, að frv. verði samþ. með þessum breyt.

Jón Pálmason: Eins og tekið er fram í nál. fjhn., þá var það svo, að ég og annar nm., hv. 3. landsk., hefðum talið eðlilegt að flytja nokkru frekari brtt. við þetta frv., aðallega í þá átt að setja takmarkanir fyrir því, hvað verðlagsuppbótin væri hátt sett miðað við launahæð og enn fremur það, hvað hátt mætti fara með verðlagsuppbót við vöxt dýrtíðarinnar. Við hurfum samt frá því að flytja till. í þá átt, í fyrsta lagi af því, að þetta frv. er eins og kunnugt er stutt af stj. sameiginlega, og það hefur líka komið fram við ýtarlegar umr. innan stuðningsflokka stj., að yfirgnæfandi meiri hluti þm. var mótfallinn, að slíkar takmarkanir væru gerðar, og í öðru lagi höfum við þá reynslu frá síðustu þingum, að það muni hafa litla þýðingu að koma með slíkar brtt. inn í d. Af þessum ástæðum höfum við fallið frá að flytja brtt. við þetta frv. nú, jafnvel þó að við teljum, að það væri í alla staði sanngjarnt og eðlilegt, að settar væru hámarkstakmarkanir á, enda þótt fjárhagsástæður séu nú betri en á síðasta þingi.

Þá er vikið að öðru atriði í nál., sem ég vil segja örfá orð um, ekki til að mótmæla því, heldur til að minna á, hvað það er, sem gerir að verkum, að ég hef getað skrifað undir það nú, þó að almennt talað sé það ekki rétt. Það er það sjónarmið, sem sérstaklega kom fram hjá hv. formanni og frsm. n., sem sé, að svo margir launamenn ríkisins séu svo lágt launaðir og tiltölulega fátt um hálaunamenn þar, samanborið við það, sem annars staðar viðgangist nú um launagreiðslur. Eins og sakir standa nú er þetta ekki rangt, en það er algert stundarfyrirbrigði frá mínu sjónarmiði, vegna þess að svo vel hefur farið, að þeir, sem að útgerðinni hafa unnið, hafa nú haft allgóðar tekjur og meiri en margir aðrir nú á síðasta ári. Miðað við það er þetta rétt fram tekið, að nú eru hjá ríkinu tiltölulega færri hálaunamenn en venjulega, þó að ég telji marga hálaunamenn þar. En þó að þetta sé svo, þá er það frá mínu sjónarmiði ósanngjarnt, sem mjög hefur komið í ljós á undanförnu ári, að ekki einu sinni launamenn, heldur og einnig verkamenn og ýmsir aðrir miða kröfur sínar mjög við það, hvernig hefur verið varið tekjum sjómanna og útgerðarmanna á síðustu árum, en það er ekki rétt að bera þessar stéttir saman, þar sem sjómennirnir okkar eru að kalla má í stöðugum lífsháska. Ég vil taka þetta fram, til þess að þetta sjónarmið komi í ljós, að þótt þetta sé ekki rangt til orða tekið, þá er það bundið við líðandi stund.

Annars skal ég ekki fjölyrða um afgr. þessa máls. Það er vitað, að það fer í gegn, sennilega án frekari breyt. en þeirra, sem nú liggja hér fyrir, hvort sem hv. þdm. sýnist að samþ. þær eða ekki. En ég hygg, að vert sé að taka það til greina, að einmitt sú framkoma, sem sýnd hefur verið í launamálum nú og að undanförnu, gerir það að verkum, að þing og stj. bindur sér frekari skyldur en ella mundi við smærri framleiðendur í landinu, sérstaklega sveitamenn og þá, sem í smáþorpum landsins búa.

Skal ég svo ekki án frekara tilefnis hafa um þetta fleiri orð.

***Einar Olgeirsson:** Það er eitt atriði, sem ég vil gera fyrirspurn um til hæstv. stj. í sambandi við þetta frv.

1. gr. frv. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiða skal verðlagsuppbætur á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og á eftirlaun úr ríkissjóði samkvæmt fyrirmælum þessara laga.“

Það er ómögulegt að skilja þessa gr. öðruvísi en svo, að ríkið ætli að greiða verðlagsuppbót einnig þeim starfsmönnum sínum, sem eru ekki fastráðnir, t. d. þeim, sem eru í þjónustu pósts, án þess að þeir séu fastráðnir menn, en eru kannske allt að því fastir starfsmenn. Nú hefur þetta verið þannig, að þetta hefur ekki verið gert áður. Þessum mönnum hefur ekki verið greidd uppbót, og nær slíkt engri átt. Ég vil láta þetta koma fram hér, að það sé meiningin að skilja l. á þennan hátt, og þá vil ég beina þeirri fyrirspurn til ríkisstj., hvort hún muni ekki fram fylgja l. með þessum skilningi.

Þá vil ég segja það í sambandi við nál. fjhn., að þar kemur fram ný og mjög skemmtileg skoðun, og verð að lýsa ánægju minni yfir. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt kom sú skoðun fram í n., að þing og stjórn tækju á sig, með samþykkt þessa frv., síðferðilega ábyrgð um að beita áhrifum sínum til að framleiðslustéttir þjóðfélagsins fengju a. m. k. sams konar hækkun á tekjum sínum, og yrði að hafa vakandi auga á því, að réttur þeirra yrði eigi fyrir borð borinn.“ Það er skemmtilegt að fá þannig í n. viðurkenningu fyrir því, að m. a. stærsta framleiðslustéttin, verkalýðurinn, eigi eftir samþykkt þessa frv. síðferðilega kröfu á hendur þingi og stj. um að fá þetta bætt upp, því að í nál. er ekkert tekið fram um tímakaup, heldur aðeins sams konar hækkun á tekjum sínum, því að svo framarlega sem svo illa skyldi fara, að verkalýðurinn, sem er stærsti seljandi hér á innlendum markaði, — því að hér er vinnuaflið keypt og selt eins og vara —, yrði fyrir tekjurýrnun, af því að innlendi mark-

aðurinn væri slæmur, t. d. ef atvinnuleysi yrði hjá verkalýðnum, þá á hann samkv. þessu kröfu á hendur þingi og stj. um, að úr þessu verði bætt.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu um leið og frv. færi hér í gegn.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Ég sé ekki ástæðu til að ræða mikið um það, sem fram hefur komið í umr. um þetta mál.

Einn nm., hv. þm. A.-Húnv., hefur fundið ástæðu til að skýra nánar það, sem sett er fram í nál., sérstaklega eitt atriði þar. Í nál. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „... sérstaklega þegar þess er gætt, að meðal þeirra eru flestir þeirra, sem lágt eru launaðir, og tiltölulega fáir, sem hægt sé að nefna hátekjumenn, samanborið við það, sem annars staðar við gengst um launagreiðslu.“

Ég verð að segja það, að mér finnst það einkennilega til orða tekið hjá þessum hv. þm. að segja, að hér sé ekki tekið rétt sjónarmið, en þó sé það ekki rangt. Slíkt er vægast sagt óvenjuleg röksemdafærsla. Annars er það rétt, sem ég hef sagt, og það þýðir ekki neitt fyrir hv. þm. að vera með véfengingar um það, að starfsmenn ríkisins, hverju nafni sem þeir nefnast, hafa nú um skeið verið langverst launaðir af öllum. Að farið er fram á fulla dýrtíðaruppbót fyrir embættis- og starfsmenn ríkisins nú, er sakir þess, að nú er viðhorfið allt öðruvísi en það var í fyrra. Þá var þröngt í búi hjá ríkissjóði, svo að allt varð að klípa við neglur sér, en nú er fjárhagur ríkissjóðs allmjög á annan veg. Að embættismenn hafi gert svipaðar launakröfur og sjómenn er hins vegar misskilningur. Ég hef að minnsta kosti aldrei heyrt um slíkt talað. Sjómenn hafa nú fengið launabætur, er nema um 300%. Að ég nefni þetta er ekki sökum þess, að ég eða aðrir séu að telja slíkt eftir. Það er síður en svo. En það sjá allir, hve mikið skortir á, að þessu tvennu sé hægt að líkja saman. Laun sjómannanna eru orðin svo miklu hærri en laun embættismannanna. Þá er það og víst, að tekjur presta, sýslumanna, lækna, sem embættislaun taka, að ég ekki tali um kennara, eru langt undir því, sem verkamenn hafa nú. 15—16 ára piltar, sem vart eru fullgildir verkamenn, hafa frá 7—800 kr. á mánuði. Það þarf því ekki að seilast til sjómannanna til þess að sýna fram á ósamræmið, sem orðið er á milli kaupgreiðslna ríkisins og hinna annarra atvinnurekenda. Hinu verður ekki neitað, að það er lítið af hátekjumönnum í þjónustu ríkisins. Þessi umrædda setning í nál. á því fullan rétt á sér. Hv. 4. þm. Reykv. spurðist fyrir um það, hvort svo bæri að skilja 1. gr. frv., að allir starfsmenn ríkisins, jafnt þeir, sem ekki væru fastráðnir, ættu að fá uppbót samkv. lögum þessum. Þessu þarf ég varla að svara, það liggur alveg ótvírætt fyrir, að svo eigi að vera.

Þá virtist þessi hv. þm. hafa mikla tilhneigingu til þess að misskilja nál. Hann sleit þar setningar út úr sambandi eins og þessa: „Jafnframt kom sú skoðun fram í n., að þing og stjórn tækju á sig með samþykkt þessa frv. siðferðilega ábyrgð um að beita áhrifum sínum til að framleiðslustéttir þjóðfélagsins fengju a. m. k. sams konar hækkun á tekjum sínum, og yrði að hafa vakandi auka á því, að réttur þeirra yrði eigi fyrir borð borinn.“ Út yfir þetta breiddi hv. þm. sig og talaði um, að hér mundi átt við verkamennina, ef hið ríkjandi ástand breyttist. En hann gleymdi að halda áfram lestrinum og lesa næstu setningu, en þar segir: „Koma þá einkum til greina, eins og nú er ástatt, bændur og aðrir smáframleiðendur í landinu, sem selja afurðir sínar á innlendum markaði og undir eftirliti og með íhlutun ríkisstjórnar og Alþingis.“ Hér er aðeins verið að benda á, að bændur og smáframleiðendur þurfi líka að fá sína dýrtíðaruppbót.

Að endingu vil ég svo segja þetta. Með frv. er ekki farið fram á annað en að embættismenn fái sama rétt og verkamenn eru búnir að fá, þó ekki að öllu leyti, því að verkamenn eru víða búnir að fá hækkun á grunnkaupi sínu, en hér er ekki farið fram á neitt slíkt fyrir embættismennina.

***Einar Olgeirsson:** Ég þakka hv. frsm. fyrir yfirlýsing hans um það, hvernig skilja bæri ákvæði 1. gr. frv. Hvað snertir nál., þá held ég mig fast við þann skilning á hinum umræddu tilvitnunum, er ég tel vera hinn eina rétta, að ef þetta augnabliksástand, sem nú ríkir í landinu, breytist, þá taki ríkið á sig siðferðilega ábyrgð gagnvart verkamönnunum, gæti þess, „að réttur þeirra verði ekki fyrir borð borinn“, eins og segir í nál. Að verkamennirnir séu ekki framleiðendur, er að sjálfsögðu hin mesta firra. Eða telur hv. frsm. kannske þá, sem eignarréttinn hafa yfir togurunum, bara framleiðendur, aðra ekki? **(SvbH:** Ekki starfa verkamenn eingöngu að framleiðslu). Jú, nær eingöngu. Bílstjórinn, sem keyrir fiskinn úr skipunum, maðurinn, sem mjólkar kýrnar, og yfirhöfuð allir, sem slík hliðstæð verk vinna, eru framleiðendur. Hitt er hinn mesti misskilningur, að þeir, sem framleiðslutækin eiga, séu framleiðendur, — menn, sem aldrei koma nærri því sjálfir að starfrækja þau. Annars finnst mér sem nú sé allmjög farið að fenna yfir vígorð Framsóknarfl. og framsóknarstj., sem kallaði sig „stjórn hinna vinnandi stétta“, og kvað það hart á sínum tíma af íhaldsmönnum að vilja ganga fram hjá stærsta framleiðandanum, hinum vinnandi manni, en fara nú í flæmingi undan því að vilja viðurkenna rétt og aðstöðu þessa sama vinnandi manns í þjóðfélaginu.

Hv. frsm. taldi, að tekjur sjómanna þeirra, sem á útlönd sigla, væru gífurlega háar. En þetta er ekki rétt. Menn skiptast á um að sigla, fara margir hverjir ekki nema þriðja hvern túr. Auk þess er það ekki nema á allra mesta áhættusvæðinu, sem kauphækkun kemst upp í 300%. Annars er munurinn á kaupi háseta og verkamanna, sem í landi vinna, ekki eins mikill og margur heldur. Það eru meira að segja mörg tilfelli, að verkamaðurinn ber meira úr býtum en sjómaðurinn. Það er því ekki nema ein stétt manna í þessu landi, sem hefur stórbreytta aðstöðu frá því, sem áður var, það eru hinir skattfrjálsu togaraeigendur. Í samanburði við þá

verða embættismenn, sjómenn og verkamenn allir í einum hóp, lágtekjumenn.

Jón Pálmason: Það hefur vart mikla þýðingu fyrir afgreiðslu þessa máls, þó að við hv. frsm. þrætum dálítið um launakjör. Hins vegar var það alveg óþarfi af honum að fara að snúa út úr því, sem ég sagði og stóð í nál. Það, sem rangt var í fyrra í launagreiðslum manna, verður rangt aftur, þegar stundarástand það, sem nú ríkir, breytist. Það er því með öllu óþarfi að vera með útúrsnúninga í þessu sambandi.

Að tekjur sjómanna hafi hækkað hlutfallslega miklu meira en tekjur þeirra manna, sem hér er um að ræða, er alveg rétt, en eins og hv. frsm. hefur verið bent á, þolir slíkt engan samanburð. Munurinn á þeim störfum, sem hvor aðili um sig á að vinna, er gífurlegur. Sjómaðurinn verður að sækja yfir opið haf í alls konar harðviðrum og vera alltaf í stöðugri lífshættu, en margur embættismaðurinn þarf ekki annað að gera, eða að minnsta kosti lítið annað, en sitja nokkra klukkutíma á dag í upphitaðri stofu við létt störf. Þannig er því að minnsta kosti varið með allan fjöldann hér í höfuðstaðnum. Hér er því tvennu ólíku saman að jafna.

Um það að bæta þeim embættis- og starfsmönnum ríkissjóðs, sem lægst hafa launin, dýrtíðina að fullu, er enginn ágreiningur. Það er hægt sakir þess, hve sjómennirnir öfluðu mikið s. l. ár. En að full nauðsyn sé á því, að hinir hálaunuðu fái einnig fulla dýrtíðaruppbót, gegnir öðru máli.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Út af misskilningi þeim, sem orðið hefur út af þeim ummælum í nál., þar sem segir: „Jafnframt kom sú skoðun fram í nefndinni, að þing og stjórn tækju á sig með samþykkt þessa frv. siðferðilega ábyrgð um að beita áhrifum sínum til að framleiðslustéttir þjóðfélagsins fengju a. m. k. sams konar hækkun á tekjum sínum“ o. s. frv., vil ég taka það fram, að með þessu er ekki sagt, að slíkt hafi verið skoðun allrar nefndarinnar.

Ég mun ekki fara í neinar kappræður við hv. þm. A.-Húnv., en ég vil aðeins segja það, að ef embættismennirnir í kjördæmi hans gera ekki annað en sitja í upphitaðri stofu mestan hluta ársins við eitthvert dútl, þá er ekki von, að hann beri hlýjan hug til þeirra. Mér virtist bara, að full ástæða væri fyrir hann að bera fram frv. í þinginu til þess að rumska eitthvað við þessum mönnum. Þeir mundu hafa gott af því. Annars eru slík vinnubrögð sem þau, er hv. þm. minntist á að væru meðal embættismanna, alveg óþekkt hjá mér og þar, sem ég þekki til. Þvert á móti er mér kunnugt um það, að meginþorri þeirra embættismanna, sem ég þekki, inna af höndum mikil og erfið störf.

ATKVGR.
Brtt. 104,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 104,2 (ný 7. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 104,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 108).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Herra forseti! Ég verð að segja, að það stingur dálítið í stúf við gang annarra mála hingað til á þessu þingi, þegar þetta mál skal nú knúð gegnum tvær umr. sama daginn hér í deildinni og síðan gegnum efri deild með svipuðum hraða. Kannske það sé vottur þess, að öðruvísi eigi nú að fara að taka á afgreiðslu þingmála en verið hefur?

Ég vildi benda hæstv. ríkisstj. á það, að á síðasta þingi var samþ. þál. um launamál og starfsmannahald ríkisins og stj. falið að láta framkvæma gagngerða endurskoðun á þeim málum. Þál. var flutt af fjvn. og samþ. í einu hljóði. Var þar einkum ætlazt til, að rannsakaðar væru launagreiðslur, sem falla ekki undir launalögin frá 1919. Það er vitanlegt, að ekki er nema lítill hluti af starfsfólki hins opinbera bundinn þessum lögum. Launakjör allra annarra eru ákveðin með reglugerðum, samningum og öðru slíku. Í öllu þessu er svo gífurlegur glundroði, að almennt er viðurkennt, að við það sé engan veginn hlítandi lengur. Þáltill. þessi var flutt með vitund ríkisstj. og í fullu samkomulagi við hana, og til þess var ætlazt, að endurskoðun þessari væri lokið fyrir þing það, er nú situr, og þá legði stjórnin fram tillögur í þeim efnum fyrir þingið. Í öðru lagi var gert ráð fyrir, að tillögur um launagreiðslur yrðu miðaðar við eðlilegt verzlunar- og atvinnuárferði og við það, að hverjum manni verði ákveðin föst laun fyrir starf sitt, en horfið frá öllum aukagreiðslum. Þetta mál hefur sigið úr hömlu hjá ríkisstjórninni, án þess að nokkur afsökun komi fram, og þar sem miðað skyldi við venjulegt árferði í tillögunum, er núverandi ástand engin afsökun á því, að þær eru ekki komnar. Það hefði hins vegar gert málið, sem liggur hér fyrir til umr., miklu skýrara og auðveldara, ef hverjum starfsmanni væru ákveðin föst laun, en horfið frá aukagreiðslum, svo að núverandi ástand og þörf launauppbóta hefði einmitt átt að reka á eftir ríkisstj. að reyna að koma þessu á fastan grundvöll. Ég verð að láta í ljós óánægju mína og ég held óhætt að segja allra, sem stóðu að þáltill., yfir því, að þetta hefur ekki komizt í framkvæmd. Hér var fullkominn þingvilji fyrir málinu og fullkomin alvara að baki.

Þess er að vænta, að ríkisstj. sjái að sér í þessu efni og geri gangskör að því að koma betri skipun á þessi mál, því þetta ástand er engan veginn viðhlítandi.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég vildi minnast á atriði, er snertir 3. gr. frv. Þar álít ég, að réttara hefði verið að fara nær því, sem við þm. Sósialistafl. lögðum til í frv. á þskj. 66. Við leggjum til, að af launum, sem eru ekki

hærri en svo, að kaupmáttur þeirra jafngildir 650 kr. á mánuði í janúar—marz 1939 samkv. vísitölu Hagstofu Íslands um framfærslukostnað í Rvík, greiðist full verðlagsuppbót vísitölunnar. Þó greiðist aldrei hærri verðlagsuppbót en svo, samkv. frv. okkar, að mánaðarlaunin að henni viðbættri jafngildi 650 kr. mánaðarlaunum í jan.—marz 1939. — Með þessum ákvæðum væri séð fyrir því, að þá hækkaði sjálfkrafa hámark þeirra launa, sem greiða skal á uppbótina, eða lágmark þeirra launa, sem ekki þarf að bæta upp. Með þessu móti hefðu hátekjumenn ekki fengið dýrtíðaruppbót fyrr en jafnóðum og verðgildi launa þeirra rýrnaði svo, að þeir verðskulduðu hana. Þetta held ég hefði verið réttlátara en nú er ráðgert og stórum meiri hagsýni fyrir ríkið. En ég býst við, að ekki þýði að flytja um það brtt., því að samkomulag sé orðið um það með stjórnarflokkunum að knýja frv. fram eins og það er.

***Gísli Guðmundsson:** Hv. þm. Borgf. minntist á það, að á næstliðnu Alþingi var samþ. þál. um að fela ríkisstj. gagngerða endurskoðun á launamálum ríkisins og að leggja fyrir þetta þing tillögur til umbóta á launal. frá 1919.

Ég vil taka undir það með honum, að ég er mjög óánægður, ef ekki koma fram tillögur frá ríkisstj. í þessa átt, og vænti þess fastlega, að yfirlýsing í málinu muni koma fram, áður en þetta frv. er afgreitt úr þinginu. En með því að hæstv. fjmrh., sem mál þetta heyrir einkum til, er hér ekki viðstaddur til að svara fyrirspurn hv. þm. Borgf., vildi ég skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki væri rétt að fresta afgreiðslu frv., þangað til ráðherrann væri viðstaddur og gæti borið fram svör sín.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. þm. N.-Þ. vil ég geta þess, að hæstv. ríkisstjórn hefur æskt þess, að frv. yrði hraðað sem mest, en því fylgja eftir þeir embættis- og sýslunarmenn, sem hafa ekki enn fengið greiddar uppbætur á laun sín, og mun nú ætlazt til þess, að þeir fái greiðslur samkv. frv. þessu við mánaðamótin, sem fara í hönd, ef að lögum verður orðið. Ég sé ekki brýna nauðsyn til að skjóta nú málinu á frest, ekki sízt þar sem hæstv. fjmrh. gæti við meðferð þess í efri deild lýst yfir því, sem hann kann að telja nauðsyn á, viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. Borgf.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég held það væri rétt að afgr. þetta mál nú þegar hér í deildinni. Það eru alltaf tækifæri til að minnast á hitt, hvenær fullkomin endurskoðun á launal. er framkvæmanleg, og annað í sambandi við þál. um launamál og starfsmannahald ríkisins. Það er hvort sem er ekki hægt að láta þessar verðlagsuppbætur bíða eftir því, að hér séu samþ. ný launalög.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það eru 2 atriði, sem breytzt hafa í Nd., sem mig langar til að fá nánari útskýringu á, og ég geri ráð fyrir, að sú nefnd, sem hafði málið hér til meðferðar, hafi athugað og geti gefið upplýsingar um.

Fyrri brtt. er um heimild til að greiða uppbót á laun úr lífeyrissjóði ljósmæðra og barnakennara, og langar mig til að fá útskýringu á, hvort ætlazt sé til, að sú upphæð, sem þannig yrði greidd, yrði endurgreidd úr ríkissjóði.

Nú mun lífeyrissjóður embættismanna vera fullar 2 millj. kr., og reynslan hefur sýnt, að í hann kemur meira en úr honum greiðist. Hins vegar koma ekki allir embættismenn undir hann, og er hann því enn ekki kominn upp í þau útgjöld, sem hann kann að hafa seinna meir.

Mig langaði til að vita, hvort athugað hafi verið, hvort þörf sé á, að þessi sjóður og lífeyrissjóður barnakennara, sem er víst fullar 800 þús. kr., fái það endurgreitt úr ríkissjóði, og mundu þeir ekki geta staðið undir þessu, án þess að fá það endurgreitt úr ríkissjóði? Hafi málið ekki verið fullrannsakað á þessum grundvelli, þá vildi ég mælast til þess, að það yrði gert, þar sem lögunum er ætlað að falla úr gildi 1. júlí 1942, og þá kemur til næsta þings að framlengja þau. Fyrir þann tíma þarf að rannsaka, hvort þessir sjóðir geta ekki staðið undir þessu. Ég álít, að þeir muni geta það.

Hitt er annað, að tekin hefur verið upp í 7. grein svolítil breyting. Þessi breyt. er þannig, að uppbótin greiðist mánaðarlega með launum og miðast við vísitölu næsta mán. á undan. Mér virðist, að með þessu hafi farið líkt fyrir n. og í fyrra, að í lögin sé komið ákvæði, sem gerir þau lítt framkvæmanleg. Mér er ekki ljóst, hvernig á að framkvæma þetta með mann, sem byrjar að fá laun, og hvernig um áramót. Ég held, að þetta hafi alls ekki mátt falla úr greininni og þetta þurfi nánari athugunar við. Mér er ekki ljóst, hvernig framkvæma á greinina.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég þarf væntanlega ekki að skýra það, hvers vegna n. hefur ekki gert víðtækar athuganir á þessu máli, frá því það var í Nd., því ég veit ekki til, að hægt hafi verið að ná saman þeim hv. þm., sem í fjhn. Ed. eru, síðan þetta kom í n. Það er sent hingað samstundis, svo að ég held, að hann sæki ekki miklar upplýsingar til n. um þetta mál.

Ég er honum í raun og veru sammála um það, að lífeyrissjóður embættismanna sé byggður þannig í upphafi, að þeir, sem í hann hafa greitt, hafi fengið of lítið úr sjóðnum. Hann hefur stöðugt aukizt, ég hef ekki athugað nú hvað mikið, en ég veit, að hjá mörgum embættismönnum er óánægja yfir, að hann greiði ekki eins mikið og hann eigi að greiða og það safnist upphæðir þar fyrir. En ég get ekki fallizt á, að það sé sanngjarnt að láta það koma á móti þeirri uppbót, sem hér er talað um. Í raun og

veru er það aldrei bætt fullkomlega, sem borgað hefur verið í sjóðinn. Ef svo er, að sjóðurinn reikni skakkt, þá eiga þeir, sem þar eru tryggðir, í raun og veru kröfu á frekari greiðslu úr sjóðnum. Ég held þess vegna, að þó að þeir gætu staðið undir slíku, sé ekki sanngjarnt, að Alþingi samþ. að láta þá bæta upp þá rýrnun, sem orðið hefur á gildi peninganna. Ég tel sanngjarnt, að Alþingi samþ. að bæta þeim upp á sama hátt og starfsmönnum ríkisins.

Viðvíkjandi 7. greininni verð ég að segja það, að ég stend þar uppi eins og hv. þm., að ég veit ekki, hvers vegna þessi breyt. var samþ.

Mér sýnist, að eins og gr. er nú, þá ætti eiginlega að greiða uppbótina fyrir fram. Ég get ekki betur séð. En mér hefur borizt til eyrna frá frsm. n. í Nd., að þetta hafi alls ekki verið tilætlunin. Ég held, að verðlagsuppbótin eigi að greiðast mánaðarlega samtímis því, að laun eru greidd, en þó þannig, að það sé eftir á, þannig, að sá, sem kemur nýr inn, hann taki ekki verðlagsuppbótina fyrr en næsta mán. á eftir. Ég hygg, að það hafi verið til þess að taka af tvímæli um, að þar væri vísað til framfærsluvísitölu 1. hvers mán., en þá ættu embættismenn og aðrir starfsmenn ríkisins að búa við vísitölu, sem væri einum mán. síðar en aðrir. Í stað þess, að aðrir fá uppbót, sem miðuð er við vísitölu næsta mán. á undan, fengju embættismenn og starfsmenn ríkisins greidda uppbót eftir vísitölu næsta mán. á eftir. Ég hygg, að tilætlunin sé, að sama vísitala gildi fyrir starfsmenn ríkisins og aðra. Ég hef borið þetta fram hér, svo það geti verið sem leiðbeining til þeirra, sem á sínum tíma eiga að úrskurða það, hvernig uppbótin á að greiðast. Ég álít, að það væri óheppilegt, að við færum að gera breyt. á þessum lögum, og gæti þá kannske þessi skýring dugað.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Ég spurði að því, þegar þetta frv. var til umr. hér í Ed., ég man ekki hvort það var við 2. eða 3. umr., hvernig bæri að skilja 1. gr. frv., hvort ekki bæri að skilja hana svo, að verðlagsuppbót skyldi greidd öllum starfsmönnum ríkisins, hvort sem þeir væru fastir starfsmenn eða í lausavinnu. Að þessi spurning er fram komin, er vegna þess, að þetta var ekki framkvæmt eftir þeim lögum, sem giltu um verðlagsuppbót s. l. ár. Ég fekk ekki við þessu svar, hvorki frá frsm. n. né fjmrh. Nú hefur þessi sama fyrirspurn verið gerð í dag, og frsm. fjhn. Nd. svaraði þessu þannig, að það gilti fyrir alla starfsmenn ríkisins, að þeim skyldi greidd verðlagsuppbót, bæði föstum mönnum og þeim, sem hefðu íhlaupavinnu. (__MJ:__ Til dæmis, ef einhver semur frv.?). Ég á við starfsmenn eins og hjá póstinum. Ég tek ekki dæmi um menn, sem eru þar fastir. Hjá póstinum eru oft teknir aukastarfsmenn, sem í raun og veru eru fastir menn, vegna þess að alltaf eru teknir sömu mennirnir. Þessir menn fengu eftir lögunum, sem giltu fyrir s. l. ár, ekki þá verðlagsuppbót, sem l. ákváðu, því það var litið svo á, að þetta næði ekki til þeirra. Nú vildi ég spyrja frsm. n. í Ed., hvort hann liti ekki eins á þetta og frsm. fjhn. Nd.

*__Frsm. (Magnús Jónsson):__ Ég verð að segja, að ég treysti mér eiginlega ekki til að svara þessu, þó að ég sé frsm. n. Ég lít svo á, að í 1. gr. frv. sé tekið fram, hverjir það eru, sem fá þessa uppbót, sem sagt embættismenn og aðrir starfsmenn ríkis og ríkisstofnana. Og lít ég svo á, að þetta sé nokkuð ákveðinn hópur manna, og get ég ekki skorið úr um það, hversu víðtækt þetta er. Ég veit úr minni eigin reynslu, að þegar ég var í skóla, kom það stundum fyrir, þegar mikill póstur kom, að ég vann þar 2 til 3 tíma við að færa inn í póstbækur, og mér kom ekki til hugar, að ég væri orðinn starfsmaður ríkisstofnunar. Ég veit, að þeir, sem endurskoða landsreikningana, þekkja, hvað borgað er fyrir hina og þessa vinnu og get trúað, að erfitt sé að finna mörkin. Það er svo óendanlega fjarri mér að vilja hafa uppbót af mönnum, sem ættu rétt á henni.

Ég get gefið fyrirspyrjanda það svar, að ég býst við, að þeir, sem úrskurða þetta á sínum tíma, muni leita allrar sanngirni í þessu. Þar sem búið er að koma allri vinnu, sem borguð er í landinu, undir verðlagsuppbót, þá veit ég ekki, hvernig þeir, sem vinna fyrir tímakaupi, ættu að verða út undan.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Ég þakka frsm. fyrir þetta svar. Það var nú dálítið á annan veg en ég bjóst við, því hann hélt, að það næði til allra starfsmanna ríkisins, hvort sem þeir væru fastir eða lausamenn. Þetta skiptir ekki miklu máli fyrir þá menn, sem vinna einn eða tvo daga hjá póstinum, eða fyrir þá, sem semja frv. eða vinna annað, sem sérstakir samningar eru um. En það skiptir máli fyrir menn, sem ekki eru fastir starfsmenn, en hafa mikinn hluta ársins starf hjá ríkisstofnunum. Nú gæti þetta verið sérstakt samningsatriði við þessar ríkisstofnanir, þannig, að þær borgi þeim að sama skapi hærra fyrir þessi störf, þó að þau ekki kæmu undir þessi lög. S. l. ár var það þannig, að þær töldu sig ekki hafa heimild til þess, því þeir heyrðu ekki undir lögin. En eins og frsm. n. tók fram, er þetta svo mikil fjarstæða, að ekki nær nokkurri átt að framkvæma það þannig. Ég held, að eðlilegast sé að líta þannig á, að þessir menn eigi að fá verðlagsuppbót samkv. l.

*__Magnús Gíslason:__ Tvær af þeim breyt., sem Nd. gerði á frv., hafa verið gerðar að umtalsefni hér í d., og ætla ég að víkja lítilsháttar að því.

Hv. 1. þm. N.-M. minntist á, hvort ekki væri óþarfi að setja það ákvæði í l. að endurgreiða lífeyrissjóðunum úr ríkissjóði þær upphæðir, sem sjóðirnir greiddu samkv. þeirri hækkun, sem hér er gert ráð fyrir. En eins og lífeyrissjóðirnir eru byggðir upp, þá er ekki gert ráð fyrir því, að meiri skyldur séu lagðar þeim á herðar en ákveðið er að lögum, og þau iðgjöld, sem menn greiða af launum sínum, eiga, eftir útreikningi, að vera nægileg til að standa straum af þeim skyldum, sem sjóðirnir þurfa að inna af hendi. Má deila um, hvort rétt sé áætlað í byrjun, en það er víst, að ekki er fengin reynsla fyrir, hvort þessi útreikningur stenzt eða ekki. Á s. l.

ári var gerð athugun á þessu af tryggingarfróðum manni, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að það mundu tæplega vera nógu há iðgjöld sem greidd eru í sjóðina nú, svo að þeir gætu staðið undir þessum gjöldum. Það er a. m. k. víst, að hér er um svo mikil útgjöld að ræða, að sjálfsagt er óvarlegt að leggja þær kvaðir á þá um óákveðinn tíma.

En hvað hina breyt. snertir, virðist mér af nál., að n. hafi í raun og veru ekki viljað gera neina efnisbreyt. á greininni, heldur sé hún orðuð þannig til þess að taka af öll tvímæli. En mér virðist, að breyt. geti orkað tvímælis og hér sé ekki um efnisbreyt. að ræða, því áður er tekið fram með berum orðum í 7. gr., að verðlagsuppbótin skuli greidd eftir á. Þetta er fellt niður og mætti því líta svo á, að uppbótin yrði greidd fyrir fram með launum og lögin undirrituð þannig. Eftir viðtali mínu við form. fjhn. Nd. og eins eftir því, sem kom fram hjá frsm. í d., verð ég að líta svo á, að það sé tilgangurinn að gera enga breyt., og meiningin sé, að verðlagsuppbótin verði greidd eftir á. Að verðlagsuppbót á laun, sem greidd eru 1. apríl, sé miðuð við vísitölu, sem gildir 1. marz. Annars gæti verið um mikla breyt. að ræða frá því, sem upphaflega var ætlazt til. Ég verð því að skilja þessi ummæli þannig, að það megi framkvæma l. á þann hátt, sem ætlazt var til, þegar frv. var samið.

***Jóhann Jósefsson:** Ég tók eftir í ræðu hv. 11. landsk., að hann talaði þar um það, sem frsm. fjhn. ræddi um, en það var svar hans til hv. 1. landsk. viðvíkjandi því, hvernig fara skuli með þá menn, sem eigi eru ráðnir fastir starfsmenn hjá ríkisstofnunum, heldur til mánaðar eða ef til vill skemmri tíma í senn.

Öll sanngirni mælir með því, að þeir njóti algerlega sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins, sem ráðnir eru fastir til ársins. — Það mun vera orðið algengt á vissum tímum, að ýmsar stofnanir þurfi að auka starfslið sitt, eins og t. d. sú stofnun, er hv. 1. landsk. tók til dæmis. Ég get því ekki séð nokkur vandkvæði á því að láta sömu reglu gilda fyrir þá menn, sem ráðnir eru til styttri tíma en árs, og hina föstu starfsmenn ríkisins. Það er augljóst mál, ef menn íhuga það nokkuð, að fyrir þá menn, sem hér eiga hlut að máli, skiptir þetta ekki alllitlu. Nú þegar þingið er á annað borð að gera þessa bragarbót, þá ætti að gera það, sem frekast er unnt fyrir alla starfsmenn ríkisins og reyna að gera öllum aðilum jafnhátt undir höfði, hvort sem þeir eru fastir eða ráðnir til skamms tíma. En aðila kalla ég þá, sem vinna fyrir ríkið og verja til þess hvað litlu sem er af tíma sínum. Vitanlegt er, að í einkarekstri eins og t. d. verzlunum eru vissir mánuðir, sem ærið er að starfa, t. d. við afgreiðslu. Þá er aukafólk tekið fyrir alllangan tíma ár hvert. Hér finnst mér horfa líkt við eins og t. d. við afgreiðslu pósts, og fleira mætti telja í því sambandi. — Að lokum vil ég svo endurtaka það, að mér finnst fólk, sem ráðið er til skamms tíma, eiga að njóta sömu réttinda og fastir starfsmenn.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég vil aðeins segja hér örfá orð að þessu sinni. Mér fannst ég geta ráðið það af ræðu hv. þm. Vestm., að ég væri mótfallinn orðinn hv. 1. landsk. — En það er ég alls ekki, heldur þvert á móti. Ég er í fyllsta máta samþykkur, að öllum starfsmönnum ríkisins, jafnt lausum sem föstum, verði greidd full uppbót. — Ég dró aðeins fram þá örðugleika, sem eru á því, að finna hér mörkin. Og vil ég hér nefna nokkur dæmi þess. Frá því að vera ráðinn til að fylgja gestum austur í sveitir eða þýða skjal og allt upp í að vera ráðinn til viku eða mánaðar, finnst mér engin ákveðin mörk vera. Það mun vera erfitt að ákveða, hvort slíkir menn geti talizt undir l. um verðlagsuppbótina.

En mér finnst bæði sjálfsagt og eðlilegt, að þessum mönnum verði greitt á sama hátt og öllum öðrum, er nú vinna verk hér á þessu landi. Og ég vona, að menn sjái sóma sinn í að greiða verðlagsuppbót, hvort það heyrir undir l. eða ekki.

***Magnús Gíslason:** Hvað viðvíkur verðlagsuppbótinni í fyrra, get ég gefið þær upplýsingar, að hana bar aðeins að greiða hinum föstu starfsmönnum, þó var reynt að bæta þeim upp, sem ekki heyrðu beint undir þessi l., t. d. tímakennarar fengu hækkun á hvern tíma, og var það allrífleg uppbót. En ef ágreiningur rís út af þessu, þá sker fjmrh. úr, og það er undir hans úrskurði komið, hvort uppbót verður greidd eða ekki.

Til þess að hægt sé að greiða uppbót, þá þarf að vera einhver föst regla til að fara eftir, en ef svo er ekki, verður að semja við hlutaðeigandi aðila. Margt fólk hjá ríkinu fær sín laun eftir kauptaxta stéttarfélaganna, og um það getur enginn ágreiningur risið. — Eins og nú standa sakir, er svo mikil eftirspurn eftir fólki, að engin hætta ætti að vera á, að niðzt verði á því hvað uppbót snertir. En sem sagt, fjmrh. kemur þar til með að skera úr þeim ágreiningi, er rísa kann.

***Brynjólfur Bjarnason:** Eins og hv. 11. landsk. tók fram, þá er það hv. fjmrh., sem sker úr því, hvort uppbótin skuli greidd eða ekki því fólki, sem ráðið er til skamms tíma. Ég geri ráð fyrir, að fjmrh. felli tæplega úrskurð, sem ekki er í fullu samræmi við þingviljann, og mér virðist þingviljinn hafa komið skýrt fram í þessu máli. Frsm. fjhn., bæði í Ed. og Nd., hafa lýst yfir, hvað þeir telji rétt í þessu efni, að ekki komi annað til mála en að þessir menn fengju fulla uppbót með einhverjum hætti. Og ég tel, að því megi treysta, að úrskurður fjmrh. verði í fullu samræmi við þingviljann.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 109).

5. Tollheimta og tolleftirlit (breyt. á l. 63/1937).

Á 1. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Þetta frv. er borið fram samkv. 23. gr. stjskr. til staðfestingar á bráðabirgðal., sem gefin voru út síðastl. sumar, um breyt. á l. um tollheimtu og tolleftirlit. Breyt. er í rauninni í því fólgin, að hægt er að framkvæma heimildina strax, í stað þess að samkv. l. frá 1939 er ákveðinn þriggja mánaða fyrirvari. Það reyndist óhjákvæmilegt vegna ástandsins að koma þessu í framkvæmd þegar í stað, og varð því að gefa út bráðabirgðal. um þetta atriði. Ég legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 32).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Þetta frv. er borið fram samkv. 23. gr. stjskr. til staðfestingar bráðabirgðal. frá 24. júní 1940 um þetta efni, og er frv. samhljóða þeim. Í l. nr. 59 frá 1939, sem eru breyt. á l. nr. 63 frá 1937, er sagt, að með reglugerð megi ákveða, að öll skip og flugför, sem koma hingað frá útlöndum eða ætla að leggja af stað til útlanda, skuli koma á tilteknar hafnir til að fá þar síðustu eða fyrstu afgreiðslu hér á landi. En sú reglugerð átti ekki að öðlast gildi fyrr en þrem mánuðum eftir að hún væri gefin út, en þar sem stríðsástandið gerir það nauðsynlegt, að þessi ákvörðun sé framkvæmd þegar í stað, er numið úr gildi ákvæðið um þriggja mánaða frestinn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 12. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 88).

***Frsm. (Stefán Stefánsson):** Með l. nr. 59/1939 er m. a. gerð sú breyt. á l. 63/1937, að ákveða megi með reglugerð, að skylda megi öll skip og flugför á leið frá útlöndum eða til útlanda að koma við á tilteknum höfnum eða flugvöllum hér á landi til að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu. Enn fremur er svo kveðið að orði í 2. mgr. 3. gr. sömu laga, að verði slík reglugerð gefin út, þá skuli hún ekki öðlast gildi fyrr en 3 mánuðum eftir að hún er gefin út.
Fjmrh. hefur athugað þetta frv., eins og nál. þessu síðastl. sumar, en taldi hins vegar nauðsynlegt, eins og á stóð, að hún gæti öðlazt gildi þegar í stað. Hún gaf því út bráðabirgðal. um þetta atriði. Og er efni þeirra ekki um annað en gildistöku reglugerðarinnar, að hún geti öðlazt gildi strax við útgáfuna.
Hv. fjhn. hefur athugað þetta frv., eins og nál. á þskj. 88 ber með sér, og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 120).

---

6. Stimpilgjald.

Á 1. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um afnám l. nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. l. nr. 91 11. júní 1938, um breyt. á þeim l. (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Gjald það, sem hér er lagt til, að fellt sé niður, er að vísu ekki mikilvægt og með því eru ekki lagðar þungar kvaðir á menn, en það hefur löngum þótt hvimleitt, og er ríkisstj. öll sammála um að leggja til, að það sé niður fellt. Að öðru leyti vísa ég til grg. — Þá legg ég til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 57).

*Frsm. (Magnús Jónsson): Frv. þetta er stjfrv., og geri ég ráð fyrir, að samkomulag hafi verið innan stj. um að flytja það. N. mælir líka með, að það verði samþ. óbreytt.

Það hefur sýnt sig, að tekjur samkv. þessum l. hafa ekki orðið neitt verulegar, og í sjálfu sér ekki eins miklar og menn höfðu hugsað sér, að verða mundi. Þær hafa verið í kringum 90 þús. upp á síðkastið, frá 64 þús. og upp í 100 þús. Á hinn bóginn er ekki hægt að neita því, að þessi aðferð til að ná tekjum í ríkissjóð er nokkuð sérstæð, þar sem öllum almenningi er blandað inn í það og falin framkvæmd þeirra, og yfirleitt er þetta mikil fyrirhöfn og umsvifamikil aðferð til að afla tekna. Og þar sem hins vegar l. hafa ekki gefið meiri tekjur en þetta, svo að það munar ríkissjóð ekki svo miklu, hvort þessi skattur helzt við eða ekki, sá n. ekki ástæðu til annars en að mæla með, að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 16. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr til Nd.

Á 16. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 89).

*Frsm. (Jón Pálmason): Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 4, felur í sér að nema úr gildi þau lagaákvæði, sem gerðu mönnum skylt að nota greiðslumerki á reikninga og kvittanir, þetta 10 aura gjald, sem allir kannast við.

Eins og grg. fyrir frv. ber með sér, hefur reynslan af þessu gjaldi orðið sú, að tekjurnar af því hafa ekki orðið svo miklar, að þær geti réttlætt þann mikla kostnað og fyrirhöfn, sem framkvæmd þessari var samfara.

Fjhn. hefur því samþ. að mæla einróma með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Þetta gjald hefur jafnan verið óvinsælt, og það er því gott að geta numið það úr gildi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 121).

---

7. Tollheimta og tolleftirlit (viðauki við l. 63/1937).

Á 1. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Það er eins með þetta frv., að það er staðfesting á bráðabirgðal, frá síðasta sumri. Þau voru sett til þess að hafa hendur í hári ólöglegra viðskipta, sem fram fara milli landsmanna og erlendra manna, sem hér eru staddir og íslenzk lög ná ekki til. Það hefur þótt koma í ljós, að talsverð brögð væru að því, að landsmenn kaupi vörur af hermönnum, og getur það ekki talizt óeðlilegt, þó að slík l. sem þessi séu sett.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 43).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefur athugað þetta mál, og litur hún svo á, að nauðsynlegt hafi verið að setja þau bráðabirgðal., sem frv. leitar staðfestingar á, því að það er auðvitað mál, að eins og nú er ástatt í landinu verður að koma í veg fyrir þau viðskipti, sem áreiðanlega hafa átt sér stað milli Íslendinga og brezkra hermanna, þ. e. a. s. að Íslendingar hafa keypt af þeim eitthvað af vörum, — maður veit ekki hvað mikið, — sem þeir hafa flutt inn, að sjálfsögðu tolllaust, en á að greiða toll af samkvæmt íslenzkum l., og hæfir ekki að líða slíkt.

Það var aðeins eitt atriði í frv., sem n. þótti nokkur vafi á, hvernig með ætti að fara, en það var það ákvæði, sem leggur bann við að þiggja gjafir af útlendum hermönnum. Ekki svo að skilja, að n. teldi á neinn hátt æskilegt, að Íslendingar legðu það í vana sinn að þiggja gjafir af brezkum hermönnum, heldur hitt, að n. taldi dálítið vafasamt, að hægt væri að koma í veg fyrir þetta með öllu. Eftir því sem bráðabirgðal. og frv. nú hljóða, þá er svo að sjá, að slíkar gjafir séu bannaðar, í hvað smáum stíl sem er. Það mætti jafnvel hugsa sér eftir orðanna hljóðan, að það væri lagabrot að þiggja sígarettu eða vindil hjá brezkum hermanni.

Þetta mun þó ekki vera meiningin. Þess vegna vill n. taka fram, um leið og hún leggur til, að bráðabirgðal. verði samþ. óbreytt, að hún væntir þess, að l. verði ekki framkvæmd með neinum öfgum, svo að ekki verði farið að eltast við mjög smávægilegt í þessum efnum, og að l. eigi fyrst og fremst við það, að því er þetta atriði snertir, að ef gjafir eru þegnar í það stórum stíl, að um hagsmuni gæti verið að ræða eða ástæða væri til að ætla, að viðskipti væru kallaðar gjafir, en væri í raun og veru vöruskiptaverzlun. Sem sagt, n. vill taka þetta fram, að frá hennar sjónarmiði nái það engri átt, enda tilgangslaust og óframkvæmanlegt, að eltast við hvert smáatriði í þessum efnum, heldur sé aðalatriðið að koma í veg fyrir kaup eða þá gjafir í stærri stíl af erlendum hermönnum, án þess að tollur sé greiddur eins og l. standa til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 94).

*Frsm. (Stefán Stefánsson): Þegar eftir hernám Íslands fóru viðskipti að hefjast milli Íslendinga og hinna brezku hermanna. Íslendingar keyptu vörur af brezku hermönnunum, áttu við þá vöruskipti og þágu af þeim gjafir. Af þessu leiddi tjón fyrir ríkissjóð, þar sem ekkert innflutningsgjald var greitt af þessum vörum. En þar sem engin l. voru til, sem bönnuðu slík vöruskipti, taldi ríkisstj. rétt að setja bráðabirgðal., þar sem slík vöruskipti væru bönnuð og lagðar við sektir eða varðhald.

Fjhn. var sammála um, að full ástæða hafi verið til að setja þessi bráðabirgðal., en telur hins vegar erfitt, ef ekki óframkvæmanlegt, að framfylgja þeim til hins ýtrasta, þegar um smágjafir er að ræða. Telur n. ekki ástæðu til að ganga of langt í þessum efnum.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. N. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Ísleifur Högnason: Ég hef veitt því eftirtekt, að í nál. er gert ráð fyrir, að ekki verði tekið hart á því, þó að hermaður gefi kunningja sínum smágjafir, en samkv. 1. gr. er þetta hegningarvert. Ég geri þessa aths. strax, af því að mig minnir, að í stjórnarskránni standi, að dæma skuli eftir bókstaf laganna, en ekki öðru. Ég bendi á þetta af því, að ég þykist vita, að alþm. sé í fersku minni, að nú er nýfallinn dómur í máli, sem leikmaður fær ekki séð, að hafi neinn stuðning í l. Á ég hér við dreyfibréfsmálið. Maður gæti því haldið, að nú ætti að fara að taka upp þann sið að praktisera lögin á annan hátt en bókstafur þeirra hljóðar.

*Frsm. (Stefán Stefánsson): Viðvíkjandi þessari aths. síðasta ræðumanns vil ég benda honum á, að hann hefur farið nefndarálitavillt, því að það, sem hann er að tala um, stendur í nál. fjhn. Ed., en ekki þessarar d. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara inn á ræðu hans, því að það mál, sem hann minntist á, er þessu máli algerlega óviðkomandi.

Ísleifur Högnason: Það er rétt, að þessi orð standa í nál. Ed. En það er engu að síður rétt, að fjhn. þessarar deildar hefur afgr. málið þannig, að það er algerlega ósæmilegt fyrir þingið að láta slíkt frá sér fara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 122).

---

8. Innflutningur sauðfjár.

Á 2. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstj. að flytja inn sauðfé til slátrfjárbóta (stjfrv., A. 10).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 91).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því

landbn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þó vil ég með fáum orðum skýra, hvers vegna bráðabirgðal., shlj. þessu frv., voru sett 3. okt. síðastl. að tilmælum Búnaðarfél. Íslands. Með l. frá 1931 er heimilað að flytja inn brezkt holdakyn til sláturfjárbóta, þó með því skilyrði, að leyfð væri aðeins einblendingsrækt af hinu brezka Border-Leicesterfé og íslenzku fé, þannig að öllum lömbum væri lógað að haustinu. Þetta skilyrði var sett til þess að verja ísl. fjárstofninn fyrir skipulagslausri blöndun, og hefur þessu ákvæði verið framfylgt til hins ýtrasta. Þó hafa hrútlömb verið gelt og látin lifa, og hefur það virzt koma í ljós, að þau þyldu betur mæðiveiki en okkar fjárkyn óblandað. Því hefur Búnaðarfélag Íslands lagt til, að tilraun yrði gerð með að láta einblendingana lifa og æxlast saman, svo að úr því fáist skorið, hvort það kyn mundi þolnara fyrir mæðiveikinni, en sauðfjárræktarráðunautur B. Í., Halldór Pálsson, hefur von um, að svo kunni að verða. Voru bráðabirgðal. því sett í haust og tilraun hafin skv. framansögðu á Hvanneyri. Landbn. fellst á réttmæti þess að setja þessi bráðabirgðal., en leggur hins vegar ríka áherzlu á, að þess verði gætt, að hér er aðeins um tilraunir að ræða og að skipulagslaus æxlun má á engan hátt eiga sér stað, enda séu tilraunir þessar undir fullu eftirliti ráðunauts Búnaðarfélagsins. — Hér er því ekki ætlunin, að farið verði að flytja inn fé til kynbóta.

Ég get svo látið þessar skýringar nægja, en landbn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 134).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er ekki mjög margt um þetta mál að segja. Ríkisstj. hefur ákveðið með bráðabirgðal., að heimila megi að nota einblendinga af útl. fjárstofni til framhaldsræktunar kynblöndunar við íslenzkt fé til sláturfjárbóta. Síðan var leitað samþ. Alþ. á þessum bráðabirgðal., og hafa þau nú náð samþ. í Nd. og eru komin til Ed. Það, sem vakti fyrir hæstv. ríkisstj. með þessum nýmælum, er, að reynslan mun hafa sýnt, að það geti orðið til nokkurra bóta fyrir íslenzkan landbúnað að koma upp föstum kynblendingsstofni, því að þessir kynblendingar af erlendu og innlendu fé gefa af sér meira kjöt eða söluhæfara en fé af hreinu íslenzku kyni. Þessi kynblöndun er þess vegna til hagnaðar fyrir framleiðendur, því að með því móti verða dilkaskrokkarnir þyngri og kjötið í hærra verði sem útflutningsvara.

Einnig ber á það að líta, að talið er, að þessi blandaði kynstofn muni hafa meira mótstöðuafl gegn mæðiveikinni en hið innlenda fjárkyn, vegna þess að ættfeður hins erlenda fjár munu hafa smitazt af mæðiveikinni í ættir fram, og hefur því meira mótstöðuafl gegn mæðiveikinni en það fé, sem framætt þess hefur aldrei tekið veikina, enda þykir það hafa sýnt sig með Kleifaféð, sem talið er að eigi uppruna sinn að rekja til ensks fjár, er var flutt til Íslands á 18. öld. Ef það reynist rétt, er alveg sjálfsagt að gera tilraunir með þetta, en um leið þarf að gæta alls öryggis, svo að þessi kynblöndun fari ekki í handaskolum og verði til skemmda á sauðfjárstofninum.

Landbn. mælist eindregið til þess, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 175).

---

9. Innanríkislán.

Á 2. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 5 milljón króna innanríkislán (stjfrv., A. 8).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Það má segja um þetta mál eins og þau, sem rædd voru hér í gær, og fleiri af þessum bráðabirgðal., að vafasamt er, að svo brýn nauðsyn hafi verið fyrir hendi fyrir þessum aðgerðum, að ástæða hafi verið til þess að gefa út bráðabirgðal. um þau efni, en það ætti að bíða eftir, að Alþ. taki ákvarðanir, ef unnt er. Slíkt hlýtur þó ætíð að

vera komið undir mati hæstv. ríkisstj., hvað hún telur rétt að gera í þeim efnum.

Um þetta mál er það að segja, að ríkisstj. þótti réttara að setja bráðabirgðal. um það efni, enda þótt komið væri allnærri Alþ., þegar þau voru gefin út, en það var 16. jan. síðastl.

Ástæðurnar fyrir því, að þetta lán var boðið út innanlands, eru tilgreindar í grg., sem fylgir bráðabirgðal. Það er öllum þm. vitanlegt, að innieignir hafa safnazt upp í Englandi í sterlingspundum, og bíður ríkissjóður einnig allmikið tjón við það, því að af þessum innieignum fást litlir vextir, en aftur á móti eru allháir vextir greiddir af lánum. Það þykir því rétt, eftir því sem ástæður leyfa, að nota þessar innistæður til þess að greiða lánin. Nú stóð þannig á, að eitt af lánum ríkissjóðs var orðið 10 ára hinn 1. nóv. síðastl., og mátti í raun og veru segja því upp til greiðslu með 6 mánaða fyrirvara, þannig, að greiðsla færi fram 1. maí næstk. En uppsögn fór þó ekki fram, og var það meðfram vegna þess, að athygli var vakin á því, hvort ekki mundi vera hægt að leysa þetta lán inn á frjálsum markaði og fá það jafnvel eitthvað undir nafnverði.

Eins og hv. þm. vita, er íslenzka krónan nú í lágu verði í samanburði við sterlingspund og verður væntanlega fyrst um sinn. Þess vegna hefði sjálfsagt verið réttmætt að vænta þess, að takast mætti að fá lán á eitthvað lægra gengi en áður. Þær tilraunir báru þó engan árangur, því að þessi lán í Englandi eru yfirleitt í fárra höndum og gefa háa vexti og miklu hærri vexti en völ er á að fá hér á landi. Þess vegna var enginn von til þess, að hægt væri að kaupa upp þetta lán á frjálsum grundvelli, og þá lá ekki annað fyrir hendi, ef lánið átti að greiðast, en að segja því upp og borga það með sex mánaða fyrirvara. Innanríkislánið, sem heimilt er að taka samkv. þessum bráðabirgðal., er að vísu ekki nema nokkur hluti af því láni, sem tekið var í Bretlandi árið 1930, því að það er nú að eftirstöðvum 510400 sterlingspund, eða nálægt 13 millj. í íslenzkum krónum. En ætlazt er til, að lánsútboðinu verði haldið áfram hér innanlands, og er þess að vænta, að Alþ. athugi þá leið. — Vill ekki hæstv. forseti biðja þm. að gefa hljóð. (Forseti hringir). Ég sé, að hv. þm. hafa annað að gera en að hlusta á þetta og ætla því að ljúka máli mínu, en vil vænta þess, að frv. verði vísað til fjhn.

***Einar Olgeirsson:** Viðvíkjandi því frv., sem hér liggur fyrir, vil ég taka fram, að ég býst við, að hv. þm. muni vera sammála um, að rétt sé að greiða þetta lán, sem ríkissjóður hefur tekið í Englandi, en hitt býst ég við, að þm. greini á um, á hvern hátt réttast hefði verið að útvega peninga til þess. Hæstv. ríkisstj. hefur valið þá leið að gefa úr bráðabirgðal. til að fá heimild til að taka 5 millj. kr. innanríkislán. Síðan hefur þetta lán verið boðið út, og helztu peningamenn landsins hafa eygt hér mjög þægilega leið til að geta komið út þeim peningum, sem þeir voru í vandræðum með, og grætt vel á, því að vextirnir eru allháir, enda hafa skuldabréfin gengið vel út, og þessar 5 millj. kr. munu nú vera fengnar. Ég býst við, að það hefði verið nauðsynlegra að afla þessara peninga á annan hátt en með því að gefa út bráðabirgðal. um heimild fyrir ríkissjóð til að taka innanríkislán, — ég tel hyggilegra, að þess fjár hefði verið aflað með því að gefa út bráðabirgðal. um að afnema að einhverju eða öllu leyti það skattfrelsi, sem stórútgerðin hefur notið. Vitanlegt er, að 5 millj. kr. hefðu ekki verið nema mjög lítill hluti þess fjár, sem ríkissjóður hefði fengið með því að afnema skattfrelsi það, sem hér um ræðir, þegar tillit er tekið til þess gífurlega hagnaðar, sem stórútgerðarmenn hafa haft síðastliðin ár, sérstaklega á útflutningi ísfiskjar. Það hefði að öllu leyti verið sú heppilegasta leið fyrir þjóðarheildina. Eins og innflutningsverzluninni er nú háttað, hefur alls ekki aukizt verðmæti innfluttra vara, vegna þess hve öllum seljendum hefur verið gert örðugt fyrir um gjaldeyrisyfirfærslu í íslenzkum krónum. Hér er því í raun og veru að ræða um ávísanir til þeirra manna, sem eiga fé, til stórútgerðarmannanna í Reykjavík, um að kaupa upp hús, jarðir, fiskibáta og annað slíkt, sem var í eigu Íslendinga áður. Sú fjármálapólitík, sem hæstv. ríkisstj. hefur rekið, er að engu leyti þolandi. Hún hefur á engan hátt miðað að því að koma á hagstæðum verzlunarjöfnuði eða gera hann betri en áður var, sú fjármálapólitík hefur þvert á móti skapað ógurlegt misræmi innan þjóðarheildarinnar. Hún hefur gert nokkra auðmenn í Reykjavík ríkari en áður, en fjöldinn allur af millistéttunum og þeim mönnum, sem einhverju áttu að tapa, hafa beinlínis orðið langtum fátækari en áður fyrir þær aðgerðir, sem hæstv. ríkisstj. hefur valið. Með hreinni fjármálapólitík hefði eitthvað af því fé, sem útgerðarmönnum hefur áskotnazt með stórgróða af fisksölu og skattfrelsi síðustu ára, komið ríkissjóði að notum, í stað þess, að sú fjármálapólitík, sem rekin hefur verið, hefur orðið til þess að binda ríkissjóði þyngri skuldabagga en áður.

Hæstv. ríkisstj. hefur hér séð ástæðu til þess að fara öfugt að. Í stað þess að taka í sköttum af stórútgerðarmönnum eitthvað af stríðsgróða þeirra, hleypur ríkið undir bagga með þeim, þegar þeir eru í vandræðum með að ávaxta fé sitt, með því að bjóða út innanríkislán, og sú ráðstöfun veitir þeim góða möguleika til að ávaxta fé sitt fram yfir það, sem þeir að öðrum kosti mundu hafa getað.

Ég álít þess vegna, að sú fjármálapólitík, sem kom fram í þessum bráðabirgðal., sé mjög varhugaverð. En ég býst hins vegar við, að síðar verði nægilegt tilefni til að ræða þá fjármálapólitík og ætla því ekki að fara lengra út í þá pólitík að sinni, en aðeins lýsa yfir áliti mínu á henni við 1. umr. þessa frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 61).

***Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Fjhn. hefur athugað frv. þetta og borið það saman við

bráðabirgðal. Einnig hefur hún rætt við hæstv. fjmrh. um frv. og ýmis atriði í sambandi við það. Lán það, sem borga á upp með innanríkisláninu, var tekið í Englandi 1930 og var þá 540 þús. pund. Afföll og kostnaður varð yfir 40 þús. pund, svo að til útborgunar komu ekki nema 500 þús. pund. Eftirstöðvar lánsins munu nú vera sem næst 510 þús. pund, eða um 13,4 millj. í íslenzkum kr.

Þó að nokkur tekjuafgangur hafi orðið á síðastl. ári og vænta megi töluvert meiri tekjuafgangs á þessu ári, eftir því sem nú horfir við, þá nægir það ekki til þess að borga lánið upp. Hins vegar telur ráðh., að með því að hækka lánsheimildina um helming, úr 5 millj. upp í 10 millj., muni það nægja til þess að borga lánið að fullu. Með tilliti til þessa er brtt. á þskj. 61 flutt.

Eins og hv. þdm. mun kunnugt, var lán þetta látið ganga til Landsbankans, Búnaðarbankans og til þess að byggja fyrir það síldarverksmiðju. Nú hefur Búnaðarbankinn lýst yfir því, að hann sé þegar reiðubúinn að greiða þær 1.8 millj., er til hans gekk af láninu. Það, sem því greiða þyrfti af tekjuafgangi ríkissjóðs, yrði um 1.6 millj. kr. Þá gaf hæstv. ráðh. n. ýmsar upplýsingar um fjárhagsástæðurnar út á við. Taldi hann, að innistæður bankanna í Englandi hefðu verið orðnar allmiklar, áður en takmarkanirnar um kaup þeirra á sterlingspundum hefðu verið settar, og enn ykjust þær að nokkrum mun. Hann minntist og á tvö lán, sem ríkissjóður ætti ógreidd í Englandi, auk lána þeirra, sem bankarnir sjálfir hefðu tekið. Fjhn. er á einu máli um, að lán þessi þurfi að borga upp, — að vísu eru vextir af þeim tiltölulega hagstæðir, 4½%. Aftur eru vextirnir af láninu, sem tekið var 1930, 5½%. Sá hluti innanríkislánsins, sem tekinn hefur verið, er með 4½%, og má vel vera, að það sé fullhátt, en þrátt fyrir það sá n. sér ekki fært að setja inn í frv. fyrirmæli um, hver vaxtakjör skuli vera á síðari hluta lánsins, og gengur því út frá, að þau muni verða svipuð og á fyrri hlutanum.

Fjhn. mælir svo með því, að brtt. á þskj. 61 verði samþykkt.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég vil aðeins þakka hv. fjhn. fyrir meðferð hennar á frv. og óska þess, að brtt. verði samþykkt.

***Einar Olgeirsson:** Það er að sjálfsögðu rétt að borga lán það, sem um hefur verið rætt, og sem flest erlend lán, en það, sem gefur tilefni til athugasemda, er aðferðin, sem stj. hefur til þess að afla fjár til greiðslu lánanna. Það hefði verið miklu eðlilegra, að stj. hefði gefið út bráðabirgðal. um afnám l. um skattfrelsi útgerðarfélaganna heldur en bráðabirgðal. um lántöku til handa ríkissjóði. Með slíkum l. hefði verið hægt að komast hjá því að bjóða út innanríkislánið. Þá er það líka athugasemdavert, hversu sterlingspundinu er haldið dýru. Það er skráð hér á kr. 26.22 á sama tíma, sem það er ekki skráð nema 20 kr. í Færeyjum. Með þessari vitlausu skráningu pundsins er, hvað þetta 13 millj. kr. lán eitt snertir, kastað um 3 millj. kr., sem beinlínis er verið að skaða almenning um. Hins vegar auðgar það að sama skapi nokkra einstaklinga. Þeir fá pund sín yfirfærð með allt of háu verði. Sé stj. sjálfráð gerða sinna hvað skráningu pundsins snertir, sem ekki er annað vitað, verður hún að taka þetta mál til alvarlegrar athugunar. Það er alveg óþarfi að hleypa ríkinu í óþarfa skuldir sakir þessara hluta, jafnframt því að láta skattal. ekki gilda eins og þau voru, áður en útgerðarfélögin fengu skattfrelsi.

ATKVGR.
Brtt. 61,1 samþ. með 19:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 61,2 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 10 milljón króna innanríkislán.

Á 16. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 68).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 165).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Þetta frv. var lagt fyrir Nd. og er upphaflega bráðabirgðal., sem voru útgefin í janúarmán. síðastl. af ríkisstj. samkv. 23. gr. stjskr.

Eins og menn muna, var farið fram á það í bráðabirgðal. að taka 5 millj. kr. innanríkislán í þeim tilgangi að segja upp láni í Bretlandi og greiða með þessu innanríkisláni hluta þess. Og þannig var þetta lagt fyrir Alþingi. Þetta brezka lán er miklu stærra, og fer um upphæð þess eftir gengi sterlingspundsins á þeim tíma, þegar það greiðist.

Margir vildu taka hærra innanríkislán en 5 millj. til þess að geta greitt sem mest af þessu brezka láni nú þegar. Þetta var nokkuð rætt í bankaráði Landsbankans í des. síðastl., og mælti bankaráðið með því, að tekið yrði allt að 8 millj. kr. innanríkislán í þessu skyni, en taldi það hins vegar ekki hollt fyrir peningamarkaðinn að fara hærra eins og á stóð. — Brezka lánið, sem hér um ræðir, var upphaflega full 500 þús. sterlingspund, og vildu sumir greiða allar eftirstöðvar þess nú. En ríkisstj. leitaði sér með útgáfu bráðabirgðal. aðeins heimildar til að taka

5 millj. kr. lán, en hefur vitanlega hugsað sér að greiða eftirstöðvarnar eins fljótt og auðið var.

Fjhn. Nd. hækkaði þessa heimild ríkisstj. upp í 10 millj. kr., og var málið samþykkt í Nd., og þannig kom það hingað í þessa hv. d.

Fjhn. Ed. sendi bankaráði Landbankans frv. til umsagnar í þessu nýja formi. En sem svar fékk n. aðeins útskrift úr fundargerðabók bankaráðsins þ. 24. des. síðastl., þar sem mælt var með 8 millj. kr. lánsheimild.

Af þessu má sjá, að ekki eru skiptar skoðanir um nauðsyn og réttmæti þessarar lántöku út af fyrir sig, heldur hafa menn viljað fara mishátt með þessa heimild til handa stj.

Vegna þess að enginn ágreiningur var um meginatriði málsins, þá taldi fjhn. sér rétt að mæla með því, að frv. yrði samþ. í þessu formi. Enda er ríkisstj. á engan hátt skuldbundin til að nota þessa 10 millj. kr. heimild til fulls, ef henni virðist það ekki tímabært eða heppilegt. Og í framkvæmdinni hefur hún óbundnar hendur um að miða lántökuna við 8 millj. Því að þessi heimild er aðeins hámark upp á við, en ekki niður á við, fremur en réttmætt kann að þykja. — Álit Landsbankans hefur ekkert breytzt á málinu.

Hins vegar taldi n. rétt að hafa þessa heimild nægilega rúma, ef fært þætti að nota hana alla. En vera má, að þrátt fyrir hana fáist e. t. v. ekki nema 5 millj., þegar lánið er boðið út, ef tekið er tillit til þeirra stöðugu sveiflna og óvissu, sem nú ríkir á öllum sviðum.

N. leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til. 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 194).

---

10. Leiga húsnæðis í sveitum og kauptúnum o. fl.

Á 29. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka á leigu skólahús, fundahús og þinghús í sveitum (stjfrv., A. 126).

Á 30. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Greinargerð þessa frv. ber það með sér, hvers vegna það er borið fram. Ég get upplýst, að nú þegar er byrjað að undirbúa flutning barna og unglinga úr bænum. Verða auðsjáanlega vandkvæði á því að afla nægra húsakynna í sveitum fyrir þá hópa, ef burtflutningurinn á að takast eins og ríkisstj. telur nauðsynlegt, bæði úr Rvík og öðrum helztu kaupstöðum, og þarf þá á öllum þeim húsakosti að halda, sem til er. Þó að ríkisstj. geri ekki ráð fyrir að þurfa að nota heimild þá, sem hér er farið fram á, heldur verði jafnan náð samningum um húsnæðið, þykir rétt, að jafnframt sé veitt heimild til leigunáms á húsum, ef ekki semst við umráðamenn þeirra. Því er heimildin sett í frv.

Það þykir eðlileg öryggisráðstöfun að flytja börn og unglinga úr bæjunum, og ef hægt er að sjá um, að vel fari um þau í sveitum, er það ekki síður heilbrigðisráðstöfun og þeim til þroska andlega ekki síður en líkamlega, meðan allir bæirnir eru fullir af erlendum her.

Ég vonast til, að hv. þdm. geti fallizt á að veita þessa heimild. Vil ég mælast til, að málinu verði vísað til 2. umr. og til allshn., ef þurfa þykir að senda það til nefndar.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það, sem helzt þyrfti að athuga í nefnd, er, hvort hér sé nægilega tæmandi upptalning á því, sem veita þarf stj. heimild til að gera. Ég held, að fleira en talið er gæti komið til mála, þótt ég nefni ekkert sérstakt að sinni. Ég held það ætti ekki að þurfa að tefja sérstaklega fyrir málinu, þótt það kæmi í nefnd. Þar yrði reynt að hraða því eins og unnt væri.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 146).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þegar þetta mál kom til 1. umr., mæltist ég til, að það færi til nefndar. Nú hefur allshn. afgr. það á svo stuttum fresti sem henni var unnt og ljær því einhuga fylgi, með þeim brtt., sem sjá má á þskj. 146. Ráðstafanir frv. eru sjálfsagðar, eins og nú horfir, en þær ná aðeins of skammt að dómi n., og því vill hún gera breyt., sem nú skal lýst.

Frv. gerir ráð fyrir, að tekin séu á leigu öll skólahús, fundahús og þinghús í sveitum til dvalar fyrir börn, ef þörf gerist. N. vill bæta við: „— og annað nothæft húsnæði“, og hún vill ekki binda heimildina við sveitir einar, heldur einnig kauptún, þar sem líkur benda til, að hætta af loftárásum sé lítil eða engin, en allgóð skilyrði til að búa vel að börnunum. Ég gæti til dæmis nefnt Vík í Mýrdal og ýmis kauptún á Vesturlandi — og auðvitað víðar. Til þessara staða eru flutningar mjög auðveldir. Annað atriði, sem nefndin taldi nauðsyn á, er að heimila ríkisstj. að taka farartæki leigunámi, ef ekki næst samkomulag við eigendur þeirra. Svo þrátt

gæti slíka flutninga borið að, að þess reyndist full þörf.

Í frv. er einungis rætt um húsnæði handa börnum. En jafnmikil ástæða er til að það nái einnig til mæðra þeirra, sérstaklega ef um ung börn er að ræða. Hefur n. bætt því inn í ákvæði 1. gr.

Af brtt. n. mun sú vera veigamest, að leigunámsheimildin nái til farartækja. En ég býst við, að flestir verði því samþykkir, þegar þeir íhuga, hvern fjölda mæðra og barna kann að þurfa að flytja úr Reykjavík og Hafnarfirði. N. álítur, að það sé full ástæða til þess, að ríkisstj. fái að taka bíla til flutnings á mæðrum og börnum og að heimild til þess vanti í frv. Ég hugsa, að minni líkur séu til þess, að farkostur á sjó verði ekki nægilegur, en vitanlega þyrfti annars um það að grípa til sömu ráðstafana og um flutning á landi. Til þess að koma þessu inn í frv., er lögð til breyt. á 1. gr.

Á 2. gr. er sú breyt. lögð til, að leigunám geti eins náð til þeirra, sem kunna að hafa leigt þau hús eða tæki, sem um er að ræða, og eigendanna. Það getur verið hætta á, að jafnvel þinghús eða skólahús hafi þegar verið leigð, þegar hið opinbera vill fara að gera sínar ráðstafanir, og taldi n. heppilegt, að skýrt væri tekið fram í þessu frv., hvað gera mætti, þegar svo stæði á.

Loks er sú brtt. gerð, að leigunám geti og náð til húsa í einkaeign, sem eru lítið eða ekki notuð. Slík hús kunna að vera til í smærri kauptúnum, og gæti verið nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að mega taka þau til afnota fyrir mæður og börn.

3. brtt. á þskj. 146 er við fyrirsögn frv. Er hún gerð með það fyrir augum að forðast óþarfa upptalningu í heiti frv.

N. er sammála um að leggja til, að þessar breyt. verði gerðar á frv. og væntir, að hv. d. geti og fallizt á þær.

*__Jónas Jónsson__: Herra forseti! Ég er, eins og ég geri ráð fyrir, að við séum flestir, að miklu leyti samdóma hv. n. í þessu máli, en þó tel ég, að annmarkar séu á frv., sem e. t. v. verður nauðsynlegt að breyta við 3. umr., nema því aðeins, að hæstv. ríkisstj. vilji lýsa yfir því, að hún muni framkvæma l. á þann hátt, að þessir ágallar komi ekki að sök.

Það er að sjálfsögðu gott að koma konum og börnum fyrir í sveit, en menn verða að athuga, að hér er um mörg þúsund manns að ræða, en mennirnir, sem að brottflutningnum starfa, eru viðvaningar og kunna lítið til þessara mála. Það er svo um barnaskólahús og fundahús til sveita, að þau eru oft ófullkomin. En nokkrir skólar landsins eru svo vandaðir, að það má ekki hleypa þangað stórum hópum af illa uppöldum unglingum og láta þá eyðileggja skólana með vondri umgengni. Slíkt væri vandalismi. Ég á aðallega við kvennaskólana á Hallormsstað, Laugum og Laugalandi. Það væri hægt að eyðileggja þá á einu sumri, ef farið væri hirðuleysislega með þá. Á Blönduósi er kvennaskóli, sem er eldri en þessir þrír, en hann er alnauðsynlegasta gistihús landsins og því óhugsandi að taka hann. Um Hallormsstaðaskóla er það að segja, að hann er eini samkomustaðurinn á stóru svæði, en þar er hins vegar tiltölulega lítið pláss, og mundi ekki muna mikið um hann til þeirrar notkunar, sem hér er um að ræða. Það þarf ekki að lýsa því hér, hvað sú kona, sem hefur forstöðu hans á hendi, hefur unnið þar snilldarlegt starf, og hvað öll umgengni er þar til fyrirmyndar. Sama er að segja um skólann á Laugum. Þar hefur Kristjana Pétursdóttir gert garðinn frægan og gert það litla hús að þeirri fyrirmynd, sem slík stofnun á að vera. Eins er á Laugalandi. Þessar stofnanir eru sómi fyrir landið og bera vott um þess hærri menningu. Það á ekki það sama við um ýmislegt, sem við karlmennirnir gerum. Okkar fundahúsum er oftast illa við haldið. Af skólum karlmannanna er það sérstaklega einn, sem skólastjórinn hefur reynt að fara álíka vel með og farið hefur verið með kvennaskólana, sem ég nefndi áðan, en það er Laugarvatnsskólinn. Einn af mönnunum, sem á að athuga um brottflutning barna úr bænum, sendi dónalegt og siðlaust skeyti til starfsmanns á Laugarvatni og spurði, hvað margir koddar væru þar til, hvað mörg rúm o. s. frv. Það nær ekki heldur neinni átt að taka eina staðinn, sem til er á Suðurlandi til fundahalda, námskeiða og til hressingar og heilsubótar.

Alveg eins og Reykholtsskólinn er búinn að gera samning við Akurnesinga og Borgfirðinga um að taka við börnum þaðan, sem er mjög eðlileg ráðstöfun, þar sem sýslan hefur lagt fram mikið fé til skólans, yrði fólk við Ísafjarðardjúp mjög óánægt, ef sú skylda yrði lögð á Reykjanesskóla að taka við börnum almennt, því að náin samvinna er milli Ísafjarðarkaupstaðar og Reykjanesskóla.

Ég vil skjóta því til hæstv. forsrh., hvort hann treystir sér ekki til að lýsa yfir því, að þessir fjórir skólar, sem ég hef nefnt, verði ekki teknir leigunámi. Ef hæstv. ráðh. treystir sér ekki til þess, mun ég bera fram brtt. við 3. umr.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Þetta frv. er um ráðstöfun á húsrúmi fyrir konur og börn alls staðar af landinu, þar sem hætta gæti verið á hernaðaraðgerðum. Svo framarlega sem sérstakir samningar liggja fyrir á milli Ísafjarðarkaupstaðar og Reykjanesskóla, kemur ekki til þess, að leigunámsheimildin verði notuð þar. Um Laugarvatnsskóla höfum við rætt í ríkisstj., en það er augljóst, að ekki er hægt að taka eina staðinn sunnanlands, þar sem Reykvíkingar leita sér sumardvalar, enda er það svo, að tvöfalt fleiri pantanir hafa verið gerðar þar um húsrúm en venjulega. Reykholtsskóla er þegar ráðstafað. Um Blönduósskóla er það að segja, að þar er talsverður her, og af þeirri ástæðu kæmi hann ekki til greina, enda er hann eini gististaðurinn á leiðinni norður. Skólarnir á Hólum og Hvanneyri eru fullskipaðir, einnig að sumrinu.

Um skólana á Laugum, Laugalandi og Hallormsstað hefur ekki verið rætt í ríkisstj., og get ég því ekki gefið bindandi yfirlýsingu á þá leið, sem hv. þm. S.-Þ. óskaði efir, við þessa umr.

Ég get minnzt á það, að ríkisstj. hefur verið skýrt frá því, að brezki herinn hafi skoðað Laugalandsskólann og hafi haft hug á því nú síðustu vikurnar að taka hann til afnota, en herstjórninni var skrifað og bent á, að það væri óheppilegt. En á Laugum er húsrúm mjög lítið. Þessa síðastnefndu þrjá staði get ég engar yfirlýsingar gefið um, nema ræða fyrst við starfsbræður mína í ríkisstj. En öll þessi skólahús eru lítil, og mundi ekki muna svo mjög um þau í þessu sambandi.

Jónas Jónsson: Herra forseti! Ég er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir svör hans, og mér þætti vænt um, ef hann gæti talað við starfsbræður sína um kvennaskólana fyrir 3. umr.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Hæstv. ráðh. minntist ekki á brtt. n., og lít ég því svo á, að hann sé þeim samþykkur.

Ræðu hv. þm. S.-Þ. get ég ekki svarað f. h. n., en vil segja það frá eigin brjósti, að ég er honum sammála um, að það er að sjálfsögðu mikið atriði, að umgengni sé góð í skólahúsunum. Þegar um vönduð hús er að ræða, er illt að láta skemma þau, en mér hefur aldrei dottið annað í hug en að valdir yrðu menn og konur, sem ættu að stjórna barnahópunum. Sú litla reynsla, sem fékkst í þessum efnum síðastl. sumar, sýndi, að reglusemi var prýðileg þar, sem börnum úr Reykjavík var fenginn dvalarstaður, og ég vænti, að svo geti einnig orðið nú.

Ég er alveg ósammála hv. þm. S.-Þ. um, að það eigi að taka undan viss skólahús. Hæstv. ráðh. benti á, að Bretar mundu hafa augastað á a. m. k. einu skólahúsi. Betra væri að geta notað þau fyrir okkar eigin börn, og ég er ekki í vafa um, að umgengni þeirra yrði betri en umgengni hermanna.

Varðandi það, að einhver þessara skóla séu skemmtistaðir að sumrinu, vil ég segja, að við þurfum um annað að hugsa en skemmtistaði, þegar ástandið er svo alvarlegt, að nauðsyn þykir til bera að flytja börnin burt. Fyrst og fremst erum við að bjarga okkar æsku frá þeim hættum, sem hernaðaraðgerðum eru samfara. Laugarvatn hefur verið setið undanfarin sumur af efnuðum borgurum, sem geta veitt sér aðrar skemmtanir. Ég er því þakklátur hæstv. ráðh. fyrir, að hann vill ekki gefa bindandi yfirlýsingu í þessu efni, og ég vona, að ríkisstj. athugi það vel, hvort nauðsynlegt sé að loka þessum stöðum fyrir börnunum.

Mér er sagt, að ef svo fari, að til verulegra hernaðaraðgerða komi hér, verði Laugarvatnsskólinn e. t. v. ætlaður sjúklingum. Þá væri tilganginum líka náð. Fyrst og fremst vil ég hugsa um æskuna og aðra, sem þarf að vernda. Skemmtistaðir efnaðra borgara verða að víkja fyrir þeirri nauðsyn.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Brottflutningur barna héðan byggist vitanlega á því, að við verðum a. m. k. að vera við því búin, að til einhverra hernaðaraðgerða komi hér. Ég geri ráð fyrir, að ef sú nauðsyn verður fyrir hendi að flytja æskulýðinn burt í þúsundatali, veiti ekki af að gera ráð fyrir, að fleiri þurfi að fara burt dag og dag, og það geta ekki kallazt skemmtiferðir, þó að fólki, sem við mikla erfiðleika á að stríða, sé nauðsynlegt að fara burt stuttan tíma sér til hvíldar. — Það hefur líka verið talað um, að gera mætti Laugarvatn að sjúkrahúsi, ef nauðsyn krefði, svo að á þessu stigi málsins er ekki ástæða til að gera ráð fyrir, að Laugarvatn verði tekið leigunámi sem dvalarstaður fyrir kaupstaðarbörn.

Annars býst ég ekki við, að þetta valdi deilum hér í hv. d.

***Páll Hermannsson:** Ég hygg það rétt, sem hv. þm. S.-Þ. mælti um húsmæðraskólana. Ég ætla, að ég þekki svo vel til starfsemi þeirra í sveitum landsins, að þeir séu með öðru móti en aðrir skólar. — Þar er ríkjandi sérstök menning, bæði í húsaskipun og híbýlahætti, og ég álít, að konum einum sé fært að láta í té þá umsjá, er þeir þurfa með. Sá íslenzki svipur, er einkennir þá, gefur þeim sitt sérstaka gildi. — Þess vegna er mjög eðlilegt, að forráðamönnum þeirra sé sárt um, að skólarnir verði fyrir skemmdum. Hins vegar er vitað, að ef þörf krefur, ber að taka þessa skóla fyrir börn. En mér finnst ekki nema eðlilegt, að þeim verði hlíft í lengstu lög við þeim skemmdum, sem hlýtur að leiða af notkun skólanna í þessum tilgangi. Ég hygg, að þetta mál þurfi nákvæmrar yfirvegunar, áður en hafizt er handa í því.

Það hefur heyrzt, að bændur hér í nágrenni Reykjavíkur hafi látið þau orð falla, að nú þurfi þeir að skera niður kýrnar, jafnvel strax í vor, af því að ekkert fólk fáist út í sveitirnar til að afla heyja eða sinna skepnum. Ef til vill er þetta nokkuð ýkt, en menn vita, að fólksfæðin í sveitum landsins er gífurleg, og mun enn ágerast, sem stafar af hinu háa kaupi, sem greitt er í kaupstöðum landsins. Þetta eru mjög ískyggilegar horfur. — Ég þykist vera svo kunnugur í sveitunum, að ég þori að segja, að mér er það hulin ráðgáta, hvernig búnaður þar getur átt samleið með því, að þær fæði um leið hóp barna, — þegar enginn fæst þangað til að sinna nauðsynlegum störfum. Þetta kemur í raun og veru húsaspurningunni ekki beint við, en er henni þó ekki óskylt. Alþingi þarf að athuga gaumgæfilega, hvort nokkur verkdrýgindi muni vera í því að flytja börn út í sveitir landsins. Ég álít það ekki, því ég býst við, að þau verði flest á því reki, að þau muni fremur tefja fyrir en vinna.

Ef sveitafólkið á að fóstra börn, um leið og það á að sinna sínum eigin störfum, sem það á fullt í fangi með og jafnvel alls ekki getur, þá hljóta menn að sjá, hvert stefnir.

***Magnús Gíslason:** Eins og hv. frsm. tók fram, þá er ekki rætt um í n. að undanskilja viss hús frá því að vera tekin til notkunar fyrir börn. Þvert á móti álít ég, að ef flytja á fjölda barna burt úr þeim kaupstöðum, sem eru í hættu vegna loftárása, þá muni verða skortur á húsakynnum, og því beri að taka öll hús undantekningarlaust til þessara nota. Mér kom það mjög undarlega fyrir sjónir, þegar hæstv. forsrh. tal-

aði um, að börnin yrðu aðeins flutt burtu, ef brýna nauðsyn bæri til þess. — Hernaðaraðgerðir Breta hér í Reykjavík og víðar eru svo víðtækar, að við megum vera við öllu búnir, og allt mælir með því, að brýn nauðsyn sé á brottflutningi. Loftárása getur maður vænzt á hverri stundu.

Hæstv. forsrh. var eitthvað að tala um að hafa l. þessi í bakhöndinni, — með öðrum orðum, þá skildist mér, að ekki ætti að grípa til undirbúnings eða framkvæmda, fyrr en búið væri að kveikja í bænum og brenna húsin ofan af fólki. Ég lít hins vegar svo á, að tilgangurinn með þessari löggjöf sé einmitt sá að fyrirbyggja þá hættu, sem yfir vofir.

Þá mun ég víkja nokkrum orðum að því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði. Hann talaði um, að með húsmæðraskólana stæði sérstaklega á, og ætti því ekki að taka þá fyrir börn. Ég veit satt að segja ekki, í hvers umboði þessi þm. talar. Áreiðanlega ekki fyrir hönd íslenzku kvenþjóðarinnar, þegar hann vill ekki taka húsmæðraskólana í þessu skyni. Ég mótmæli því fyrir hönd íslenzkra kvenna, að þeim sé eignuð þessi skoðun í málinu.

Hv. 2. þm. N.-M. áleit, að hlífa bæri húsmæðraskólanum í lengstu lög vegna þeirrar íslenzku menningar og svips, er þeir bæru á sér, og forráðamenn þeirra mundi taka sárt, ef þeir yrðu fyrir skemmdum, sem hv. þm. taldi óhjákvæmilegt.

Ég get ekki séð neinn sérstakan íslenzkan svip á þeim, nema ef vera skyldi það, að sumir eru með nokkuð mörgum burstum.

Enn fremur tel ég litlar líkur á, að þeir mundu skemmast, en ef svo færi, þá yrði ríkisstj. að sjálfsögðu skyld til að láta gera við skólana á kostnað hins opinbera.

Mér þykir leitt, að þessir þm. skuli hafa látið slík orð falla, sem sýna, að hér hefur hugur ekki fylgt máli. Hvað mig snertir, tel ég mig ekki geta misskilið tilgang þessarar lagasetningar.

ATKVGR.

Brtt. 146,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 146,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 146,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl.

Á 34. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 162).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Bjarni Bjarnason:** Ég ætla aðeins að segja örfá orð um þetta mál, áður en því verður vísað til n. Ég sé, að það hefur tekið lítils háttar breytingum í Ed., sem sé, að bætt hefur verið inn í 1. gr. frv.: „og annað nothæft húsnæði í sveitum eða kauptúnum“. Vildi ég því beina því til þeirrar n., sem þetta mál fær til meðferðar, hvort ekki væri ástæða til eða jafnvel vissara að nefna beinlínis þá staði, eins og t. d. sumarbústaði, sem eru það stórir, að hægt verði að bæta þar við nokkrum börnum. Enn fremur fyndist mér, að mætti athuga, hvort ekki væri hægt að koma þar fyrir 1—3 konum með eitthvað af börnum, þrátt fyrir það að fólkið, sem bústaðina á, nyti þeirra einnig. Ég sé að vísu, að þetta er opið eftir orðalaginu að dæma, en held þó, að rétt sé að athuga, hvort ekki er réttara að geta um það, að í þessu fælust einnig sumarbústaðir.

Ég ætla ekki að ræða um nauðsyn þessa máls, geri ráð fyrir, að allir séu sammála um, að nauðsynlegt sé að greiða fyrir því, að sem flest börn komist burt úr bænum yfir sumartímann, að minnsta kosti nú, þar sem nokkur hætta er á, að loftárás verði gerð á bæinn. En ég geri ráð fyrir, að það sé ástæða til að athuga, hvort ekki væri rétt að undanþiggja eitthvað af skólahúsum eða stöðum, þar sem fólk leitar sér sumardvalar, það fólk, sem ekki hefur komið sér upp sumarbústað og notar þessa staði til að hvíla sig í sumarfríinu. Það er ekki beint hlutverk Alþingis að ákveða þetta, en mér fyndist ekki úr vegi að láta það koma til umræðu, hvernig Alþingi lítur á þetta atriði, — hvort allir þeir, sem hafa komið sér upp sumarbústað, eigi að hafa þá óáreittir, þó að þeir séu svo stórir, að nægja mundu fyrir fleiri en fjölskylduna, en hins vegar séu teknir allir þeir staðir, sem annað fólk leitar á í sínu sumarfríi. Ég tel rétt að athuga, hvort sumarbústaðir geti ekki bætt nokkrum börnum við sig og álít ekki rétt að undanþiggja þá staði.

Það er einnig annað atriði, sem ég vildi geta lítils háttar, — hvort ekki væri varhugavert að gefa heimild til að taka fundahús í sveitum sem dvalarstaði fyrir börn yfir sumarið. Nú vita allir, að kosningar eru í vændum, og þá vaknar spurningin: Hvar á að halda fundi á komandi vori, ef svo færi, að öll fundahús í nágrenni Reykjavíkur og kaupstaða yfirleitt yrðu tekin fyrir börnin? Þetta gæti verið bagalegt, og vildi ég því einnig, að þetta atriði yrði athugað.

Ég ætla þá ekki að segja meira um þetta mál á þessu stigi, en taldi rétt að beina þessu til þeirrar n., sem tekur við málinu.

***Einar Olgeirsson:** Ég skil þetta frv. eins og það kemur frá hv. Ed. svo, að það teljist sjálfsagt, að býli í sveitum, eins og t. d. sumarbústaðir, heyri þar undir, þar sem talað er um nothæft húsnæði, svo ekki getur verið um að ræða, að þeir séu að neinu leyti undanþegnir, að svo miklu leyti sem hægt er að nota þá sem dvalarstaði fyrir börn og mæður. Þá tel ég sjálf-

sagt, að ríkisstj. fái, ef þetta frv. verður að l., fulla heimild til slíks.

Hvað snertir einstaka skólahús í sveitum, er vitanlegt, að það hafa komið fram raddir, eða a. m. k. ein rödd, í sambandi við umr. um þetta mál í hv. Ed., þar sem álitið var, að einstaka skólahús í sveitum væru of góð fyrir börn og mæður þeirra úr kaupstöðum til að dvelja í, þegar loftárásarhætta er hér í Reykjavík. Ég get tekið undir það með síðasta ræðumanni, að það er ekki nema gott, að það komi fram, hverrar skoðunar Alþingi er um þetta mál og held, að það sé heppilegt, að þeir menn, sem eru þeirrar skoðunar, að útiloka beri eða jafnvel banna, að mæður og börn dvelji í ákveðnum skólahúsum að sumrinu til og vilja heldur hafa staði eins og t. d. Laugarvatn sem skemmti- og hvíldarstaði fyrir efnaða Reykvíkinga heldur en að láta mæður og börn dvelja þar, þegar loftárásarhætta er hér í Reykjavík, þeir bæru fram till. um þetta við 2. umr. þessa máls.

Ég býst ekki við, að þarna sé verið að tala í nafni sveitanna og þeirra húsmæðra, sem hafa komið skólunum upp. En það er eðlilegt frá sjónarmiði efnaðra borgara í Reykjavík að taka slíka afstöðu, ef þeir geta ekki einu sinni afsalað sér því að dvelja í sumarfríinu á Laugarvatni, þegar önnur eins hætta vofir yfir landinu og nú. Þess vegna væri rétt, að það kæmi fram við 2. umr., hvort slíkar skoðanir, að það ætti að banna börnum og mæðrum þeirra aðgang að ákveðnum skólahúsum hér á landi, hvort þær hefðu stuðning hér á þingi.

*__Bjarni Bjarnason:__ Ég þykist hafa gert grein fyrir minni skoðun á þessu máli, en vil þó bæta því við í sambandi við það, sem síðasti ræðumaður sagði, að það getur vel verið, að til séu í sveitum skólahús, sem eru óhentug, — meira að segja meðal annars fyrir þær sakir, að þau eru of kostnaðarsöm vegna viðhalds o. fl. Það þarf ekki að koma með nein sérstök dæmi um þetta. Við vitum, að þar sem mörg börn eiga að dvelja sumarlangt, mundi slíkt hús breytast töluvert til hins verra á þeim tíma, og getur verið kostnaðarsamt að gera það eins gott aftur. Fjárhagslega séð gæti jafnvel verið hentugra að hafa önnur ráð, t. d. að byggja alveg nýtt sumarhús.

Um umr. í Ed. veit ég ekki og veit því ekki, hvað hv. þm. á við, en sá í blöðunum, bæði hans og öðrum, hnútum beint að einum ákveðnum manni og vildi því nota tækifærið til að beina því sérstaklega til þess ráðh., sem fer með réttarfarið í landinu, hve lengi það á að ganga, að Þjóðviljinn svívirði menn svo sem hann gerði í þessu tilfelli. Þar er því beinlínis dróttað að hv. þm. S.-Þ., að hann láti sig engu skipta, hvort börn og konur drepist, ef hægt er að bjarga einhverju húsi frá leigunámi. Ég vildi því spyrja hæstv. dómsmrh., hve lengi þetta ætti að líðast.

Ég veit ekki til þess, að orð mín hafi gefið tilefni til þess að ætla, að mér fyndust einstaka hús of fín í því augnamiði. En það getur verið allt of dýrt og óhentugra fyrir þá n., sem á að fjalla um þetta mál, að taka hús, sem t. d. eru margar hæðir. En hvort Laugarvatn verður tekið eða ekki, skiptir mig engu máli, og ætla ég því ekki að gera neinar athugasemdir umfram þær, sem eru í minni fyrri ræðu. Það er heldur ekki rétt, að það séu einungis efnamenn úr Reykjavík, sem þar dvelja, því að meira að segja góðir menn úr hans flokki, sem ekki geta kallazt neinir efnamenn, njóta þar hvíldar, vegna þess að þeim líður vel þar, úr því hann tók Laugarvatn.

*__Einar Olgeirsson:__ Mér þykir vænt um að heyra, að hv. 2. þm. Árn. vill ekki gera þau orð, sem form. Framsfl. mælti í Ed., að sínum og hann vill leggja þar önnur sjónarmið til grundvallar fyrir þá athugasemd, sem hann kom fram með við umr. áðan. Ég býst líka við, að Framsfl. hafi líka fundið það, ekki aðeins vegna þess, sem Þjóðviljinn sagði, heldur einnig vegna þess, sem öll blöðin sögðu um það, sem fram kom hjá hv. þm. S.-Þ., að það væri of langt gengið, þegar bæði þingi og þjóð væri boðið upp á annað eins og þá var talað af form. Framsfl., og er það gott að sjá, að meira að segja hans tryggustu flokksmenn átta sig á þessu.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. var að minnast á, hvað dómsmrh. mundi gera í sambandi við Þjóðviljann, þá held ég, að annað mál liggi nær, og það er, hvað Alþingi og stjórnmálafl. sjálfir hugsa sér að gera í sambandi við þau fyrirbrigði, sem nú eru að verða svo algeng með þennan þm. og hans framkomu. Ég held, að það sé meira athugunarefni fyrir stj. og þingið sjálft heldur en það, sem Þjóðviljinn kann að segja. Í raun og veru held ég, að hann hafi aldrei sagt það sem skyldi, en það fer ekki að verða vansalaust að láta halda áfram eins og hefur verið hingað til með þennan þm. Ég vil aðeins nefna sem dæmi, það sem hann sjálfur skrifar sem formaður utanríkismálan., sem væri virkilega þess vert, að því væri gaumur gefinn af hálfu Alþingis, — hvort á að láta þá menn, sem gegna jafnábyrgðarmiklum stöðum, tala jafnábyrgðarlaust og þar er gert. Ég held, að það væri nær fyrir Alþingi og stjfl. að taka þetta til athugunar heldur en að herða meira að prentfrelsinu en þegar hefur verið gert.

__Bjarni Bjarnason:__ Ég vildi aðeins vænta þess, að fyrirspyrjandi beri boðin rétt. Ég nefndi þetta dæmi að gefnu tilefni, en veit, að allir þm. þekkja fjöldamörg dæmi um sama og því ekki ástæða til að gera athugasemd við þetta, en veit annars ekki, hvað hv. þm. á við.

*__Haraldur Guðmundsson:__ Ég tel varhugavert nú að undanþiggja nokkurt húsnæði, sem nothæft er, og vil því beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hugsa sig vel um áður en hún gerir það. Það er enginn vafi á því, að húsnæði er ekki meira en svo, að það þarf að nota það allt af fyllstu hagsýni.

Að því er sertir það, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, um að ráðstafa á sama hátt sumarbústöðum, þá hygg ég, að þar sem frv. tekur til fundahúsa og annars nothæfs húsnæðis, þá nái þetta til allra sveitabýla og einnig til sumarbústaða og annarra býla, sem þannig eru, að hægt sé að nota þau. Hitt er að sjálfsögðu mats-

atriði, hversu brýn nauðsyn er að nota heimildina út í æsar á hverjum tíma, en ég tel sjálfsagt að hafa hana svo víðtæka sem unnt er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 162, n. 198).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Allshn. hefur athugað þetta mál og fallizt á samþ. þess. Vil ég mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.
Rétt er að taka það fram, að það gat komið til greina, að efni þessa frv. væri afgr. með öðru máli, sem er frv. til l. um loftvarnan., þar sem væntanlega kemur brtt. við það frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka öll skólahús, þinghús og önnur slík hús fyrir það fólk, sem flytja ber burt af hættusvæði. Hér er aðeins talað um að flytja börn og mæður í kaupstöðum og kauptúnum burt þaðan, sem loftárásahætta er. En það kunna að koma þær ástæður fyrir, að það þurfi að útvega einnig öðru fólki húsnæði af sömu ástæðum. Hins vegar vildi n. ekki tefja fyrir þessu máli með því að bíða eftir afgr. hins málsins og mælir því með, að frv. þetta verði samþ. Í þessu frv. er einnig miðað við, að ekki sé yfirvofandi hætta fyrir höndum, en þó séu gerðar varúðarráðstafanir, en í hinu frv. er gert ráð fyrir snöggum athöfnum, ef svo ber undir.
N. óskar einnig að taka það fram, að þó að haft sé þetta orðalag í frv.: „og annað nothæft húsnæði í sveitum og kauptúnum", þá er vitanlega ekki tilætlunin, að annað húsnæði sé tekið en það, sem til þess er sérstaklega hentugt, og aðallega það, sem nú er laust, svo sem skólahús, fundahús og þinghús, en ekki t. d. á sveitabæjum það húsnæði, sem ekki er notað að öllu leyti, og þannig sé ekki gengið inn á friðhelgi heimilanna umfram það, sem allra nauðsynlegast er, og einnig, að þess sé gætt um úthlutun þessa húsnæðis, að það fólk, sem er úr þeim kaupstöðum, sem má telja í mestri hættu, sé látið sitja fyrir börnum og mæðrum frá þeim stöðum, þar sem ekki er talið, að geti verið loftárásahætta.

***Bjarni Bjarnason:** Það er stutt fyrirspurn til allshn. eða frsm. n. í þessu máli viðvíkjandi sumarbústöðunum. Frsm. gat um það, að n. liti ekki svo á, að taka bæri húsnæði í sveitum til þessara nota, sem notað væri að einhverju leyti til heimilisþarfa, m. a. vegna heimilisfriðhelginnar. En hvernig lítur n. á sumarbústöðina? Telur frsm. n., að þar sé um að ræða heimili þeirra manna, sem þá eiga og nota, þrátt fyrir það þó að þar væri pláss fyrir fleiri en þá, sem eiga þá og nota? Ég spyr um þetta vegna þess, að ég benti á það við 1. umr. málsins, að ég teldi rétt, að sumarbústaðirnir kæmu til greina í þessu sambandi, líka vegna þess, að annars kæmi það misjafnt niður, ef tekin væru öll hús, sem fólk að þessu hefur haft til sumardvalar, það fólk, sem ekki á sumarbústaði, en hins vegar væru þeir, sem sumarbústaðina eiga, ekkert látnir á sig leggja fyrir þetta mál. Margt fólk á sumarbústaði víða um landið, án þess þó að það fólk eigi nein börn. Þess vegna er þetta athugandi, og langar mig til að heyra, hvort það hefur komið til orða í n., hvort t. d. sumarbústaðirnir heyrðu undir þetta ákvæði frv.: „og annað nothæft húsnæði í sveitum", — eins og það orðalag kemur í frv. eftir að hv. Ed. hefur breytt því. Þetta get ég hugsað mér, að yrði framkvæmt eftir því, hvernig umr. féllu um þetta atriði.

Skúli Guðmundsson: Það er enginn hæstv. ráðh. staddur hér í þd. sem stendur. Enda er mér ekki fyllilega ljóst, hver þeirra hefur aðallega með þetta mál að gera. Og ég vildi því beina þeirri fyrirspurn til frsm. allshn., hvernig n. gerir ráð fyrir, að þetta verði framkvæmt að því er snertir fundahús og þinghús í sveitum og kauptúnum. Það var eitthvað minnzt á þetta við 1. umr. málsins af hv. 2. þm. Árn. En nú gerði hann enga fyrirspurn um það í sinni ræðu.
Ég tel sjálfsagt, að greitt sé fyrir því eftir því sem unnt er, að fólk geti flutzt úr kaupstöðum og öðrum stöðum, þar sem því kynni að vera einhver hætta búin. Ég vil þó óska skýringa um það, hvernig n. gerir ráð fyrir eða ráðh., sem ég sé nú, að er kominn inn í hv. d., að þetta verði framkvæmt að því er snertir þetta húsnæði. Því að það er vitað, að sveitirnar þurfa að nota fundahúsin og þinghúsin ekki síður á sumrin heldur en á öðrum árstíðum. Þar þarf að halda manntalsþing og hreppsfundi, og þar á meðal kjörfundi. á þessu sumri. Og mér þykir því líklegt, að eitthvað hafi verið rætt um þetta atriði í n., sem hafði málið til meðferðar. Það er nú svo, að yfirleitt er húsakostur ekki meiri í sveitum heldur en þörf er á fyrir fólk það, sem þar á heima. Þó er vitað, að á einstökum sveitaheimilum er húsnæði afgangs, sem líklegt er, að verði að meira eða minna leyti notað á þennan hátt, og var það einnig gert síðastliðið sumar, og finnst mér ekki nema gott um það að segja. En það er væntanlega öllum ljóst, að þó að það sé nauðsynlegt að hafa þetta fyrir augum í þessu máli, þá þarf einnig að gæta þess, að hægt sé fyrir fólkið í sveitum og kauptúnum að koma saman til fundahalda. Þarf því að hafa þá þörf fyrir augum, þegar fundahús og þinghús eru tekin til afnota í þessu skyni. Um þetta vildi ég gjarnan fá upplýsingar frá frsm. n., hvernig n. gerir ráð fyrir, að l. verði framkvæmd að þessu leyti.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** N. hefur ekki sérstaklega talað um það, hvað yrði notað af sumarbústöðum til þess, sem þetta frv. ræðir um, eða hvað yrði um þá ráðið. En hún var sammála um það, að stj., sem hefði þetta á valdi sínu, mundi framkvæma þetta á þann veg, að ekki yrði gengið á húsnæði, sem annars mundi

verða notað til íbúðar, eins og mundi verða um sumarbústaði. Eins taldi hún líka eðlilegt, að ekki yrði tekið til þessara nota húsnæði í sveitum, þó að þar væri rúmt og því rúm fyrir fleira fólk, eins og t. d. á sumum sveitaheimilum, ef annars er búið í því húsnæði, en sérstaklega yrðu tekin skólahús og samkomuhús, sem hentug væru til dvalar fyrir börn yfir sumarið, og það framkvæmt eins mildilega gagnvart þeim, sem fyrir eru, eins og mögulegt er. Hitt mega menn alveg gera sér ljóst, að ef hætta á loftárásum ykist hér í Reykjavík og til þess þyrfti að koma í stórum stíl að flytja fólk burt úr bænum, þá yrði vitanlega tekið það húsnæði, sem til er, og menn verða að sætta sig við það.

Í frv. um loftvarnan. er heimildin miklu víðtækari. Þar er gert ráð fyrir, að allt slíkt húsnæði mætti nota, sem hægt er, ekki aðeins fyrir börn og mæður, heldur allt fólkið, sem þyrfti að yfirgefa kaupstaðina vegna loftárása, t. d. ef hús væru brunnin eða þ. u. l.

En án þess að sumarbústaðir væru sérstaklega nefndir, þá var þetta skilningur n., að eins mildilega væri farið í þetta eins og mögulegt væri. Og þá yrði tillit tekið til þess, sem hv. þm. V.-Húnv. minntist á, eins og hægt er. Og ef það brýtur í bág við nauðsynleg afnot sveitarstjórna, þá mundi það vera forðazt eins og hægt er að taka þau hús, sem hv. þm. nefndi. En þetta er framkvæmdaratriði, sem stj. og þær n., sem hefðu þessi mál með höndum, gerðu sínar ákvarðanir um, sem sennilega mundi verða stj. rauða krossins og loftvarnan., sem hefðu þetta með höndum.

Ég vil aðeins geta þess, að sá munur er á frv. þessu um mæður og börn og hinu frv. um loftvarnan., að hér er gert ráð fyrir, að það verði smátt og smátt flutt burt úr bænum börn og mæður, og þá er hægt að koma því við, að það komi þeim ekki illa, sem fyrir eru í sveitunum. En í hinu frv. er gert ráð fyrir því, að í augnablikshættu verði að flytja fólk úr kaupstöðum og framkvæmdir á því verði í samræmi við það.

*__Bjarni Bjarnason:__ Ég vil ekki tefja þetta mál, því að ég tel sjálfsagt, að það nái fram að ganga og ekki ástæðu til að hindra það eða draga að samþ. það. Og tel ég vel ráðið af hæstv. forseta að taka það til 2. og 3. umr. nú þegar. Hitt þykir mér einkennilegt, að þær n., sem starfað hafa að undirbúningi þessa máls, brottflutningi fólks úr kaupstöðum, skuli ekki færa málið neitt í tal við þá menn, sem hafa ráð á miklum húsum í sveit. Og það er líka dálítið einkennilegt, að það skuli beinlínis falla orð frá hv. formælendum frv. um, að það sé bezt að gera ekkert í þá átt fyrr en þessi lagaheimild sé komin það langt, að það þurfi þá ekki að taka langan tíma að taka húsin, og jafnvel að það þurfi þá ekki að semja við menn um þessi atriði. Ég læt þessi orð falla aðeins að gefnu tilefni. Ég hafði bent á þann möguleika í sambandi við einstök, nokkuð rúmgóð hús úti á landi, hvort ekki væri hægt að láta nokkuð af þeim húsakynnum að láni fyrir börn og mæður samkvæmt efni þessa frv. og nokkuð væri hægt að nota til þess, eins og á undanförnum árum, að taka á móti sumargestum. Mér hefur verið svarað því, að það mundi ekki verða þolað, að einhleypt fólk eða barnlaust fólk tæki upp nokkurt slíkt húsnæði. Út frá þessu sjónarmiði gerði ég fyrirspurn mína til hv. frsm. allshn. í þessu máli. Mundi það þá ekki líka verða illa séð, ef rúmgóðir sumarbústaðir væru látnir afskiptalausir, ef þeir væru ekki notaðir af öðrum en barnlausu fólki, jafnvel stórir sumarbústaðir, sem rúmuðu fleira fólk heldur en notaði þá? Mér er ekki grunlaust um, að þarna verði ólag á framkvæmdum í þessum efnum. Ég vil ekki fara sterkari orðum um það að þessu sinni. En ég hef dregið þarna fram tvö hliðstæð dæmi. Ef það er óánægjuefni, að húsnæði, sem notað hefur verið til að taka á móti gestum undanfarin ár, sé ekki notað fyrir börn og mæður þeirra, þá verður líka óánægja yfir því, ef sumarbústaðir, sem barnlaust fólk á og notar, verða ekki notaðir til fullnustu. Á Þingvöllum er stór bústaður, sem kallaður hefur verið konungsbústaður, en nú er kallaður ráðherrabústaður. Þetta er stór bústaður, sem notaður hefur verið til sumardvalar, — en mér dettur í hug: Verða þessi hús tekin, eða nokkuð af þeim, fyrir börn og mæður? Ég nefni þetta sem dæmi. Ég mun fylgjast vel með því, hvort þessi leigunámsheimild um húsnæði í sveitum verður látin ganga jafnt yfir alla, sem eins stendur á fyrir. Á sama hátt sem allir eiga að stuðla að því, að hægt sé að hjálpa börnum og mæðrum þeirra hér í Reykjavík til þess að komast upp í sveit, ef álitin er hætta við að dvelja hér, eiga allir einnig að fylgjast með því, að þessi heimild verði notuð hlutdrægnislaust í þarfir þess málefnis, sem hún er sett fyrir.

*__Sveinbjörn Högnason:__ Það var svolítil aths., sem ég vildi gera.

Það er sjálfsagt að hafa þá heimild, sem þörf er á um þetta mál. En ég sakna þess, að það eru engin ákvæði í frv. um það, hverjir eigi að fara með framkvæmd þessara mála. Eiga það að vera fulltrúar eingöngu frá bæjunum og þá þeirra, sem flytja eiga í sveit, en engir fyrir þá, sem eiga að láta húsnæðið af hendi og eiga mest í húfi um það, hvernig þetta verður framkvæmt? Eftir því sem ég veit bezt, hefur n., sem á að framkvæma þetta, verið eingöngu skipuð með tilliti til þeirra, sem eiga að flytja í sveitina, en enga þá þekkingu hafa á högum þeirra, sem í sveitunum búa, og þörfum þeirra, að þeir geti metið það, hvað fólk má missa af húsnæði sínu. Og þó að ég vilji á allan hátt flýta fyrir frv., þá mælist ég til þess, að frestur verði gefinn til þess að tala um það við stj., hvernig framkvæmdan. sú verði skipuð, sem á að hafa þessi mál með höndum. Það ríður ekki lítið á, að þetta sé gert óhlutdrægt á báðar hliðar, gagnvart þeim, sem eiga að láta þetta húsnæði af hendi, og einnig gagnvart þeim, sem eiga að fá það. Það þarf að velja til þessa menn, sem þekkja nóg til málanna á báðar hliðar og kunna að meta, hvað réttast er og hvaða þarfir

það eru, sem ekki má traðka, þegar verið er að taka húsnæði leigunámi. Þetta vildi ég, að hæstv. forseti tæki til greina, og sett væru ákvæði inn í þetta frv. um það, hvernig framkvæmdin skyldi verða í þessu máli og í hvers höndum. Hér svífur það í lausu lofti, og er það alveg óviðunandi, hvernig fyrir þessum hagsmunum er séð frá báðum hliðum, því að þetta er mjög viðkvæmt mál á báðar hliðar. Það er ekki lítið varið í, að þetta sé framkvæmt af fullum skilningi af þeirri framkvæmdanefnd, sem hefur þetta með höndum, og að það sé gert algerlega hlutdrægnislaust. Ég vildi mælast til þess, að þetta mál yrði látið bíða til næsta dags og þetta atriði yrði athugað betur af n.

Í fyrstu gr. frv. virðist mér einkennilegt orðatiltæki: að ríkisstj. sé heimilt að taka á leigu öll skólahús, fundahús, þinghús og annað nothæft húsnæði í sveitum til þess, ef nauðsyn krefur, að gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn og mæður úr kaupstöðum og kauptúnum, — alveg án tillits til þess, hvort húsnæðið hefur verið notað áður eða ekki. Ef menn veldust til að framkvæma þetta, sem gengju freklega fram í framkvæmdum sínum, þá er samt sem áður ekki annað hægt að sjá eftir orðalagi frv. en að samkvæmt því væri hægt fyrir þá að bera út fólk úr sínum húsum til þess að þar gætu komizt inn börn og mæður úr kaupstöðum og kauptúnum. Það er óþarft að hafa svona orðalag í l., þó að ég geri alls ekki ráð fyrir, að þetta verði framkvæmt svona eins og ég til tók. Það er vitanlega ekki meiningin með löggjöfinni að framkvæma þetta svona, en það er hægt að gera það eftir orðalagi frv. án tillits til þess, hvort húsnæðið er notað eða ekki til annars. Þetta þyrfti n. að lagfæra og færa í þann búning, sem því er ætlað, en ekki hafa ákvæðið svona almennt.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):**[1]) Hvernig sem n. verður skipuð, hefur hún sjálfsagt engan leigunámsrétt. Hún leggur aðeins till. sínar fyrir ríkisstj., og má gera ráð fyrir því, að stj. taki fullt tillit til þessara aðila. Annars má benda á, að samkvæmt 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að reynt sé að ná samkomulagi við þá, sem húsnæðið eiga að láta af hendi, en ríkisstj. er gefin leigunámsheimild, ef samkomulag næst ekki. Það er misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni, að þetta hafi ekki verið athugað og sé því ástæða til að fresta málinu. N. hefur athugað þetta vel. Og það er auðvitað, að ríkisstj. ræður, hvort hún vill nota þessa leigunámsheimild eða ekki, eftir að hafa fengið till. frá n.

Hv. síðasti ræðumaður taldi það óheppilegt orðalag í 1. gr. frv., þar sem talað er um „annað nothæft húsnæði í sveitum eða kauptúnum". Spurði hann, hvort sú væri tilætlunin að reka þá út, sem þar ættu heima. Þetta ber auðvitað ekki svo að skilja. Annað mál er það, hvort ekki yrði talin ástæða til að taka leigunámi eitthvað af húsnæði, sem talið væri óþarflega stórt fyrir íbúana, og yrði í mati á þessu að fara eftir því, hve þörfin væri aðkallandi. En það getur auðvitað ekki verið tilætlunin að taka húsnæði af nokkrum manni, nema vegna nauðsynjar á því að koma fólki af hættusvæði.

Um þau hundruð sumarbústaða, sem eru á Þingvöllum og annars staðar hér í grennd, er það að segja, að þeir eru flestir svo litlir, að þeir verða að teljast fullnotaðir af eigendunum. En þetta fer, sem sagt, eftir aðkallandi nauðsyn og því, hve hættan telst mikil. Gæti farið svo, að fylla yrði ýmis hús af fólki eftir að loftárás hefði verið gerð, mörg hús hrunin í bænum o. s. frv., og væri ekkert við því að segja.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Eins og menn vita, er verið að ráðstafa dvöl barna, sérstaklega kaupstaðabarna, utan kaupstaðanna, og er því nauðsynlegt, að frv. þetta geti orðið að l. strax. Hygg ég, að það vaki fyrir hæstv. forseta að reyna að afgreiða frv. í dag, svo að ekki þurfi að halda fund á morgun, því að það mundi verða nauðsynlegt, ef ekki væri hægt að koma málinu af nú.

Hv. 1. þm. Rang. lét í ljós kvíða um það, að með þessu væri höggvið nærri ýmsum mönnum. En ég get lýst yfir því, að ríkisstj. mun ekki fela öðrum aðilum að dæma um það, hvenær taka skuli húsnæði leigunámi, heldur ákveða þetta sjálf. Ég get líka lýst yfir því, að ekki mun verða höggvið nærri mönnum fyrr en í fulla hnefana, og mun verða kappkostað að nota hús, sem ekki er annars búið í, svo sem skólahús, þinghús o. s. frv. Ég vænti þess vegna, að hv. 1. þm. Rang., sem óskað hefur þess, að málinu verði frestað, láti sér lynda, að það verði látið ganga áfram, eftir að hafa fengið þessa yfirlýsingu og svo yfirlýsingu hv. frsm. n. um skilning hennar á því, hvernig þessa heimild beri að nota. Vil ég því spyrja hann, hvort hann vilji ekki sætta sig við það, að málið verði afgreitt nú þegar úr hv. deild.

***Sveinbjörn Högnason:** Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir upplýsingar þær, sem hann hefur gefið. Ég hafði ekki gert ráð fyrir því að ríkisstj. mundi sjálf ákveða þetta, fyrr en ég heyrði hann taka það fram. Er þá ekki síður séð fyrir hagsmunum þeirra, sem eiga að láta húsnæðið af hendi, en hinna, sem eiga að fá það, svo að ég get fallið frá þeirri ósk, að hæstv. forseti fresti málinu til næsta dags, þar til gengið hafi verið frá framkvæmdaratriðum. Hitt var ófullnægjandi, sem hv. frsm. sagði, að það væri nóg að láta stj. hafa þessa heimild, eins og gert er með 1. gr. frv., því að venjulega notar stj. ekki slíkar heimildir öðruvísi en svo að fela ákveðnum aðilum framkvæmdina.

Þá vil ég spyrja hæstv. viðskmrh., sem er víst einn ráðh. viðstaddur, hvort séð verður við framkvæmd leigunámsins fyrir þörfum sveitanna á húsnæði til fundahalda. Getur það verið, að sumum þyki hlægilegt, að sveitafólk þurfi að koma saman, ráða ráðum sínum og sjá fyrir nauðsynlegum menningarstörfum, þrátt fyrir allt þetta. En vitanlega verður lífið að ganga sinn gang í sveitunum, og það getur ekki orðið, nema fólk geti komið saman, ef

1) Upphaf ræðunnar vantar í hndr.

nauðsyn krefst. Ég spyr því hæstv. ráðh., hvort séð muni verða fyrir þessu.

Loks vil ég, þar sem málinu verður sennilega ekki frestað, bera fram skrifl. brtt. frá mér og hv. þm. V.-Húnv. til áréttingar þeim skilningi, sem fram hefur komið, að leggja beri í frv. Hún er þannig, að á eftir orðunum „og annað nothæft húsnæði í sveitum og kauptúnum“ komi orðin: sem eigendur eða umráðamenn þurfa ekki til eigin nota. — Ég tel ekki ástæðu til að hafa þetta viðtækara, og þykir mér því rétt, að þessi leiðréttíng komi þarna inn í frvgr., því að annars hlýtur mann að gruna, að eitthvað meira eigi að felast þarna í en látið er í veðri vaka, svo að búast megi við, að tekið verði leigunámi annað húsnæði en bráðnauðsynlegt verður að telja.

Forseti (JörB): Ég hef reynt að hraða afgreiðslu þessa máls sem mest, vegna þess, að ég gat búizt við því, svo sem það er vaxið, að það kynni að hafa nokkra þýðingu, að því væri flýtt. En ef það þykir skipta nokkru máli, að frestur verði veittur, vil ég veita hann þar til síðar í kvöld. En þá teldi ég hyggilegra, að þessi brtt. yrði einnig látin bíða til 3. umr. (**SvbH:** Ég hef fallið frá beiðni minni um frest). En nú liggur fyrir brtt., og vera má, að ekki sé öllum ljóst, hverju hún varðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 216) leyfð og samþ. með 16:1 atkv.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Satt að segja finnst mér þessi brtt. óþörf eftir yfirlýsingar þær, er fram hafa komið. Er ekki ástæða til að væna stj. um það, að hún ætli að rífa af mönnum húsnæði að óþörfu, eftir að búið er að lýsa yfir því, að ekki muni verða gengið nær mönnum en nauðsyn ber til. Ég tel því, sem sagt, brtt. óþarfa, en vil þó gera fyrirspurn um það, hvort skilja eigi hana svo, að ekki megi taka leigunámi fundahús og slíkt, ef umráðamenn telja sér nauðsynlegt að hafa þar fundi. Það væri auðvitað bezt að þurfa ekki að taka slíka fundasali, en ég hygg þó, að ekki sé sá maður til hér á Alþ., sem mundi skoða hug sinn um að gera það, ef í nauðirnar ræki. Þess vegna leyfi ég mér að gera þá fyrirspurn, hvort till. eigi líka við fundasali og skólahús, eða aðeins við einkahíbýli manna. Annars finnst mér till. óþörf.

Skúli Guðmundsson: Eftir þær upplýsingar, sem fram hafa komið, get ég lýst yfir því, að ég er ekki hræddur um, að hæstv. ríkisstj. muni beita þessari heimild á óeðlilegan hátt, en frv. er svo klaufalega orðað, að ekki er vansalaust af Alþ. að samþ. það óbreytt. Þó að þetta skipti ef til vill ekki miklu máli um framkvæmdina, finnst mér sjálfsagt að breyta orðalaginu. Í frv. stendur, að heimilt skuli vera að taka á leigu öll skólahús, fundahús, þinghús og annað nothæft húsnæði í sveitum eða kauptúnum til þess, ef þörf gerist, að gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn og mæður þeirra úr kaupstöðum og kauptúnum. Nú eru til börn og mæður í sveitum líka, en það er eins og börn og mæður úr kaupstöðum og kauptúnum eigi að hafa forgangsrétt. Ég segi ekki, að þetta vaki fyrir hv. flm., en það kemur þannig út vegna þess, hve klaufalega gr. er orðuð.

Að því er snertir samkomur í sveitum er það að segja, að ef um skemmtisamkomur væri að ræða, yrðu þær að sjálfsögðu að þoka, en ég vænti þess, að hægt sé að haga framkvæmd þessara hluta svo, að unnt verði að halda manntalsþing, hreppaskil o. s. frv. í sveitunum.

Forseti (JörB): Ég vil spyrja hv. flm., hvort þeir geti ekki fallizt á að taka aftur till. sína til 3. umr.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. V.-Húnv. hefur skýrt, hvað það er, sem vakir fyrir hv. flm. Það er ekki tilgangur þeirra að breyta efni frv., heldur vilja þeir láta það koma fram í orðalaginu, að ekki skuli gengið á húsnæði manna, nema fulla nauðsyn beri til. En ég vil spyrja: Hver á að skera úr um það, hvort eigandi eða umráðamaður húsnæðis þarf á því að halda sjálfur? Ef húsráðandi á að geta skorið úr um þetta, er frv. að engu gert með till., en ef þetta á að vera á valdi ríkisstj., breytir till. ekki efni frv. og getur því talizt meinlaus. Þessu verður að svara, því að þótt margir menn séu vikaliðugir, eru ýmsir, sem kynnu að gera meira en rétt væri úr þörf sinni á húsnæði því, er þeir hafa yfir að ráða.

***Sveinbjörn Högnason:** Það er í rauninni ekki þörf á því að ræða þetta mál nánar. Eftir yfirlýsingu hæstv. ráðh. að dæma vakir það sama fyrir honum og okkur. En samt verður að teljast óviðkunnanlegt að afgreiða frv. eins og það er, þó að engum detti í hug að framkvæma heimildina á þann hátt sem hún er fram sett í frv. Hví má ekki láta það koma skýrt fram í orðalaginu, hvernig þetta á að vera? Hæstv. ráðh. spurði, hver ætti að skera úr um það, hvort húsráðandi þyrfti á húsnæði að halda eða ekki. Brtt. okkar nær aðeins til nothæfs húsnæðis, og sá, sem sker úr um það, hvort húsráðandi þarf á húsnæðinu að halda, er auðvitað ríkisstj., sem heimildina fær. (**Viðskmrh.:** Þá er efnisbreytingin engin). Nei, í framkvæmd verður breytingin ekki mikil, þó að till. okkar verði samþ., en hins vegar er alveg ósæmandi fyrir Alþ. að samþ. frv. eins og það er. Það er eins og þeir, sem hafa samið það, hafi ekkert vald á íslenzku máli og geti ekki látið það túlka það, sem þeim býr í brjósti.

Bergur Jónsson: Ég vil upplýsa það, að allshn. hefur ákveðið að halda fund um málið að þessum fundi loknum.

Forseti (JörB): Hv. flm. brtt. hafa fallizt á að taka brtt. sína aftur til 3. umr. Ég mun þá hafa 3. umr. um málið á fundi, sem settur verður kl. 9 í kvöld. Hv. Ed. mun ætla sér að hafa fund á morgun og getur þá tekið málið fyrir. Það þarf því ekki að valda neinni verulegri

töf, og vona ég, að það geti ekki orðið til neins skaða fyrir málið, þó að afgreiðslu þess sé hagað eins og ég hef lýst.

ATKVGR.
Brtt. 216 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 162, 215, 216).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Síðan þetta mál var til 2. umr. hér í hv. þd. hefur allshn. haldið fund um málið og athugað þær till., sem fram höfðu komið á þskj. 216, og síðan hefur n. borið fram brtt. við fyrri málsgr. 1. gr. frv. á þskj. 215 og telur réttast, að orðalag 1. gr. sé eins og þar segir. Munur á brtt. n. og fyrri málsgr. frvgr. er sá, að í brtt. er gert ráð fyrir, að það húsnæði, sem tekið er leigunámi, sé fyrir börn og mæður þeirra, hvort sem það er í kaupstöðum eða kauptúnum eða annars staðar. Það þótti sem sé ekki rétt að binda þetta við kaupstaði og kauptún, því að vitanlega vakir það fyrir löggjafanum með þessum ráðstöfunum að koma börnum og mæðrum þeirra af hættustöðum á öruggari staði. N. leit svo á, að þótt litið sé svo á, að hættan sé mest í kaupstöðum og kauptúnum, þá geti líka verið hætta á loftárásum utan kaupstaðanna sjálfra. Eina breyt., sem n. gerir á frvgr., er því í þessu fólgin. Það er rétt að taka það fram, að þótt hér sé sagt, að þetta húsnæði eigi að vera fyrir börn og mæður þeirra, þá er átt þarna við fósturmæður, stjúpmæður eða fóstrur yfirleitt, sem sé þær konur, sem hafa uppeldi eða pössun barnsins í sínum höndum.

Út af brtt., sem hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V.-Húnv. flytja á þskj. 216, vil ég taka það fram, að n. sá ekki ástæðu til þess að mæla með að samþ. till. Það er sem sé upplýst og yfirlýst af viðskmrh., að öll framkvæmd þessara mála verði í höndum ríkisstj. sjálfrar, þannig að ekkert er unnið við það að fara að taka leigunámi hús, sem ríkisstj. sjálf telur ekki beina nauðsyn á að taka leigunámi. Með því er það tryggt, að bæði er tillit tekið til þess, sem húsnæðið tekur, og einnig þess, sem verður að láta það af hendi. Þá er einnig með þessu fullt tillit tekið til þess, til hvers húsnæðið hefur verið notað og hvort brýn nauðsyn geri það að verkum, að þörf sé á að taka þetta eða hitt húsnæði eða hvort eigandi eða umráðamaður þess húsnæðis hafi brýna þörf fyrir það.

Að öðru leyti hefur verið lýst yfir því af þessum sama hæstv. ráðh., að það, sem átt er við með „nothæft húsnæði", sé fyrst og fremst skólahús, fundahús, þinghús og í öðru lagi annað það húsnæði, sem telja megi án baga fyrir þá, sem annars eiga að hafa not af því, að missa það, t. d. margs konar geymslur eða pakkhús, eins og t. d. á stöðum, þar sem gömul verzlunarhús eru og ekki álitin þar vera nein hætta vegna loftárása, en geta verið vel fallin til þess að láta börn og konur dvelja þar. Þá má einnig nefna í slíkum tilgangi skíðaskála og leikfimihús. Þessi hús öll gætu fallið undir ákvæðið „annað nothæft húsnæði". En hins vegar er lýst yfir því af viðkomandi ráðh., að hér sé ekki átt við nema brýna nauðsyn beri til að taka til afnota í þessu skyni hús, sem er að einhverju leyti búið í áður. Það er ekki ætlazt til þess, að sveitabæir eða sumarbústaðir verði teknir til þeirra afnota, ef völ er á öðru húsnæði, sem ekki er notað. Það er hins vegar ástæða til að taka þetta fram hér í frvgr. af þeirri ástæðu, að ef virkilega kæmi til bráðrar hættu, t. d. ef gerð yrði loftárás á Reykjavík, Hafnarfjörð eða Siglufjörð eða aðra staði, þar sem menn álíta, að hætta geti verið á loftárásum, þá er það vitað, að það húsnæði, sem annars er ekki kostur á, þó að það sé að einhverju leyti notað, yrði þá tekið til þeirrar notkunar.

Það, sem mér virðist hv. 1. þm. Rang. leggja mesta áherzlu á, er, að ef þetta húsnæði þyrfti að nota af umráðamönnum sjálfum til eigin nota, þá væri ekki heimilt að taka það. Hv. þm. viðurkenndi þó, að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh., að það væri komið undir úrskurði ráðh. eða stj., en ekki úrskurði eiganda eða umráðamanns, hvort hann áliti, að þyrfti að nota þetta eða ekki. Það er játað, að enginn efnismunur er á því, sem hv. þm. vildi láta koma fram í frvgr. í sinni till., ef hún væri samþ., og á frvgr. án samþ. till. Að gefinni þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. gaf, áleit n. ekki ástæðu til þess að breyta frvgr.

Ég held þá, að ég hafi gert grein fyrir því, sem vakti fyrir n. í þessum efnum, og að öðru leyti vísa ég til þeirra umr., sem fram hafa farið um málið í dag.

***Sveinbjörn Högnason:** Það gleður mig, að hv. allshn. hefur bætt ráð sitt og lagfært nokkuð orðalag 1. gr. frv., þannig að með brtt. n. er frv. frambærilegt til þess að verða samþ. af hv. d. En það var það ekki, áður en þessi brtt. kom fram. Hv. n. hefur lagfært orðalag gr. þannig, að það fólk, sem í sveitunum býr, er ekki með öllu réttlaust, eins og hefði mátt skilja með upphaflega orðalaginu á frv. Og get ég því lýst yfir því, að við flm. brtt. á þskj. 216 getum tekið hana aftur, ef þessi brtt. n. verður samþ. Því að það er rétt hjá hv. frsm., að enginn efnismunur er á því, sem ég og hv. þm. V.-Húnv. héldum fram hér í dag, og yfirlýsingum ráðh., en það var mjög mikill munur á gr. að þessari brtt. samþ. og áður en breyt. var á henni gerð. Þess vegna vil ég lýsa ánægju minni yfir því, að breyt. var gerð.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég vildi gjarnan mega skilja brtt. n. svo, að þar væri aðeins um orðabreytingu að ræða, en ekki efnisbreytingu, þar sem sett er í till.: „ef nauðsyn krefur", — í staðinn fyrir að í frv. stendur „ef þörf gerist". Ég vil spyrja n., hvort hér sé um nokkuð meira að ræða en orðabreyt. Mér hefur

skilizt, að hv. þm. væru sammála um það, að þörfin væri nú þegar fyrir hendi. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að það komi fram, að ef orðið „nauðsyn“ kemur í staðinn fyrir „ef þörf gerist“, sé þar ekki átt við, að það beri að slá á frest þeim brottflutningi barna og kvenna, sem menn álíta nauðsynlegan.

Hvað snertir afstöðu hæstv. ríkisstj., þá eru þetta heimildarl., svo ríkisstj. hefur rúmt vald um þetta. Ég held, að það hafi komið fram í mestöllum þeim umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, og mun vera almennt álitið, að það sé sannarleg þörf á því, að hún beiti þessari heimild eins fullkomlega eins og hún sér fært, og að það sé tilætlunin með samþ. þessa frv., að í einu einasta máli sé nú látið eitt ganga yfir alla, og að einu sinni sé það virkilega sýnt, hverju menn vilja fórna fyrir þá, sem í hættu eru staddir.

Viðvíkjandi brtt. allshn. um það að fella burt „kaupstöðum og kauptúnum“, þá eru hvatirnar, sem til þess liggja, ekki nema réttar að því leyti, að það er auðvitað sjálfsagt, að jafnt sé flutt burt úr þeim sveitum, sem álitnar eru í hættu vegna loftárása, og fólkið úr þeim sveitum eigi auðvitað að hafa sama rétt og það, sem flutt er úr kaupstöðum og kauptúnum. En ég álít, að heppilegt væri, að það kæmi greinilegar fram, hver meiningin væri, enda hefur það komið fram hjá einstaka þm., að það væri ella hægt að nota orðalag brtt. allshn. til einhverra undanbragða.

Ég er hér með skriflega brtt. og vil leggja til, að eins og frvgr. er nú orðuð, bætist aftan við fyrri málslið fyrstu gr.: „og þeim sveitum, sem einnig eru álitnar í hættu vegna loftárása“. Ég álít, að með slíku orðalagi náist algerlega það, sem átt er við, og líka það, sem er réttlátast gagnvart sveitunum í þessu efni. Ég álít þetta orðalag að þessu leyti betra heldur en eins og það er í brtt. n. Þetta er nákvæmara orðalag, og þess vegna síður möguleikar til þess að breyta þarna út af því, sem er tilgangurinn með þessu frv.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 4. þm. Reykv., sem hann hefur nú lýst. Verður að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að brtt. megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 223) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, vil ég geta þess, að orðabreytingin: „ef nauðsyn krefur“ í staðinn fyrir, „ef þörf gerist“, þá er sú breyt. ekki hugsuð nema sem orðabreyt.

Um brtt. hv. þm. vil ég aðeins segja það, að ég sé ekki ástæðu til að samþ. hana af þeirri einföldu ástæðu að brtt. allshn. við frvgr. er gerð til þess að ná þessu, sem í brtt. hv. 4. þm. Reykv. stendur. Eins og brtt. á þskj. 215 ber með sér, þá er þetta alveg óbundið að öllu öðru leyti en því, að fólk flytji aðeins frá þeim stöðum, þar sem talið er, að hætta sé á loftárásum, þannig að það þarf ekki að telja upp kaupstaði, kauptún og sveitir, heldur aðeins, að þarna á að fá örugga dvalarstaði fyrir börn og mæður þeirra. Og það er ætlunin að flytja þessa einstaklinga frá þeim svæðum, sem telja má hættusvæði, og á öruggari staði. Og það er það sama, sem vakir fyrir hv. 4. þm. Reykv. með sinni brtt. og fyrir allshn. með sinni brtt., að þetta sé óbundið. Ég sé ekki ástæðu til þess að samþ. brtt., því að með ákvæðum hennar er engu meiru náð heldur en með brtt. n.

Hv. 1. þm. Rang. hefur tekið aftur sína brtt. Það er náttúrlega hægt að sýna rök fyrir því, að hann tók hana aftur. En hann vildi láta skína í það, að hann hefði tekið hana aftur, af því að allshn. hefði bætt ráð sitt og orðað frvgr. miklu betur. En gallinn á því, að hann gæti notað þetta til þess að taka aftur brtt. sína, er sá, að það er ekkert það í brtt. n., sem fer inn á till. hans. Hún er sem sé um allt annað efni. Og ef hv. þm. meinti það með sinni brtt., að hér ætti að sjá um öryggi sveitafólksins, þá hefði hann átt að breyta brtt. sinni í samræmi við það. En hans brtt. var óþörf, og brtt. n. þörf.

***Sveinbjörn Högnason:** Það er dálítið óvenjulegt að heyra, að menn vilji ekki viðurkenna það, að þeir bæti ráð sitt. Þess vegna undrar mig dálítið, að hv. frsm. allshn. fannst það sá eini galli á minni ræðu, að ég hefði gefið þessari hv. n. þann góða vitnisburð, að hún hefði bætt ráð sitt. Ef hún vill ekki viðurkenna það, þá sé ég ekki ástæðu til þess að vera að hrósa n. eða frsm. n. fyrir það, því að þá er bersýnilegt, að n. hefur snúið þarna óviljandi til betri vegar. En þó að hv. frsm. hafi bætt ráð sitt óviljandi, og kannske n. öll, þá vil ég fagna því. Því að það, sem ég talaði um, og líka meðflm. minn að brtt. hér í dag, um það að breyta þessari frvgr. þannig, að eftir orðalagi hennar væri sveitafólkið ekki réttlaust, svo að það mætti taka af því sín hús og reka það út, þá hefur n., þó að hún hafi breytt þessu orðalagi, ekki gert það viljandi, heldur hefur hún þar óviljandi bætt ráð sitt, með því að leggja það til, að landsfólkið verði allt jafnrétthátt til þess að búa í þessum húsum. Við getum vel við unað að fá þessa leiðréttingu, og getur hv. frsm. lifað í sinni trú.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Ég sé það af orðum hv. 1. þm. Rang., að það hefur ekki vakað fyrir honum að fá þá breyt. samþ., sem hann bar fram, heldur að n. bætti ráð sitt. En n. bætti ráð sitt á allt öðru sviði heldur en því, sem sá hv. þm. vildi í dag, að hún gerði. En ef hann getur fallið frá sinni brtt. bara af því, að þessir syndugu menn í allshn. sneru frá villu síns vegar og til betri vegar, þá getum við báðir verið ánægðir.

Forseti (JörB): Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. 4. þm. Reykv., hvort hann geti ekki fallizt á að draga sína skrifl. brtt. til baka, því að eins og bent hefur verið á, skilst mér efni hennar alveg felast í brtt. þeirri, sem hv. allshn. flytur.

Einar Olgeirsson: Mér þykir orðalagið óruggara á minni brtt. En ég mun greiða atkv. með brtt. allshn. eftir þá skýringu, sem frsm. allshn. gaf.

Forseti (JörB): Ég held, að orðalag á brtt. allshn. beri ekki að skilja öðruvísi en svo, að það sé alveg tvímælalaust tæmandi, og með því að samþ. hana er ákveðinn 1. málsl. 1. gr. frv. Það er víðtækt orðalag í brtt. allshn. og þar ekkert undan fellt, sem nauðsynlegt er að taka fram, svo að enginn misskilningur geti þar komið til greina, að allir eigi jafnan rétt til þess að nota þau hús, sem tekin kunna að verða til slíkra nota, hvar sem þeir eiga heima. Og það skilst mér vera það bezta og það, sem vér viljum keppa að með þessari ráðstöfun.

En ég vil ekki neita hv. 4. þm. Reykv. að bera upp til atkv. hans brtt., en ég mundi þá gera það á þann hátt að bera hana fyrst upp til atkv. við frvgr., en hina brtt. á eftir. **(EOl:** Já).

ATKVGR.
Brtt. 216 tekin aftur.
— 223 felld með 14:3 atkv.
— 215 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 224).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 229).

---

11. Fjarskipti.

Á 8. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um fjarskipti (stjfrv., A. 33).

Á 10. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Þetta frv. er að mestu leyti sama efnis og frv. það, sem samgmn. flutti á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Eftir að þingi lauk, skapaðist ný nauðsyn til þess að lögfesta þau fyrirmæli, sem í frv. eru, og var það gert með bráðabirgðal., sem gefin voru út 15. júlí s. l. Einnig voru gefin út önnur bráðabirgðal. 17. ágúst um radio-senditæki. Þau bráðabirgðal. voru einnig gefin út af nauðsyn, sem skapaðist vegna hinna sérstöku kringumstæðna. Ég ætla ekki að fylgja frv. úr hlaði með fleiri skýringum. Það er hv. dm. kunnugt mál frá í fyrra. Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 81).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Svo sem nál. á þskj. 81 ber með sér, hefur samgmn. haft til meðferðar þetta frv., sem er að efni hið sama og hún fjallaði hér um í fyrra og veitti meðmæli sín eins og það var þá og eins og á stóð þá. Nú hefur það verið aukið lítið eitt. Það orkar tvímælis, eins og tekið er fram í nál., hvort lögleiða ætti sumt, sem í frv. stendur, ef allt væri með felldu. Einstakir þm. í samgmn. áskilja sér því fullan rétt til að beita sér fyrir breytingum á þessari löggjöf, undireins ef ástand breyttist. Nú mun hins vegar rétt að hafa þessi ákvæði í lögum, og leggur n. til að samþ. frv. óbreytt.

***Finnur Jónsson:** Í frv. þessu felast að vísu ekki miklar breyt. á gildandi löggjöf, og að svo stöddu þarf ekki um þær langar umræður. Ég vil þó spyrja hv. frsm., í sambandi við þann einkarétt, sem landssíminn fær til að smíða og setja upp talstöðvar í skipum, hvort ekki hafi verið rætt um það í n., að móti einkaréttinum kæmi sú eðlilega skylda, að landssíminn fullnægði eftirspurninni og ekki þyrfti mikill fjöldi skipa, sem óska taltækja, að vera langalengi á biðlista. Sömu vandkvæðin hafa einnig verið á því að fá nauðsynlegar móttökustöðvar í landi, en án þeirra er ekki hægt að hafa samband við skipin. Einkaleyfi getur verið sjálfsagt, en þá eiga hlutirnir að vera fyrirliggjandi hjá einkaleyfishafa. Gjaldeyrisástæður hafa oft hindrað það, en sú afsökun er engin lengur. Á hinn bóginn er tundurduflahættan ný ástæða auk allra, sem fyrir voru, til að fjölga talstöðvum eins og unnt er. Þær eru einhver helzta öryggisráðstöfunin, sem á er völ. Ég vildi vita, hvort n. hefur athugað þetta. Ef engar nýjar upplýsingar koma fram, áskil ég mér óskertan rétt til brtt. við 3. umr.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Það er að vísu fyllilega réttmætt að gera þá kröfu á hendur landssímanum, að hann fullnægi eftirspurn eftir þeim tækjum, sem hann hefur einkarétt á, og hafi þau fyrirliggjandi. Þetta kom til umræðu í n. og milli hennar og póst- og símamálastjóra. En hann taldi ekki hægt að hraða smíði stöðvanna meir en gert er og því væri ókleift að fullnægja eftirspurn, þótt hann viðurkenndi, að það væri mjög leitt. Það ber að leggja áherzlu á að reyna að kippa þessu í lag. Þótt það komi raunar ekki þessu frv. mjög mikið við, eftir að búið er að ákveða, að landssíminn skuli hafa einkaréttinn, hvað sem öðru líður, vil ég gjarnan heita hv. þm. Ísaf. því, að þetta atriði skal verða rætt til meiri hlítar við póst- og símamálastjóra fyrir næstu umr., og

kemur þá fram, hvað hann telur kleift og með hverju móti. En gagnslaust væri að heimta nú með lögákvæði það, sem ókleift reyndist í framkvæmd. Nefndarmenn líta á l. sem bráðabirgðalög, og m. a. þess vegna sjá þeir ekki ástæðu til að endursemja þau nú til einnar nætur, meðan þau virðast ná viðunanlega tilgangi sínum í framkvæmd á þessum hverfulu tímum.

***Finnur Jónsson:** Ég get verið ánægður með það loforð, sem hv. frsm. hefur gefið. En á því leikur enginn vafi, að nú eru mjög auknar hinar brýnu þarfir fyrir talstöðvar í sem allra flestum skipum og bátum.

Ég vildi spyrja hv. frsm., hvort n. hefði í hugað ákvæði 11. gr. í 4. kafla l., þar sem gert er ráð fyrir að leggja ábyrgð og störf, er þessi mál snerta, á herðar sveitar- og bæjarstjórnum.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Til þessara ákvæða hefur ekki þurft að taka, svo að ég viti. En þeim, sem lögin sömdu, hefur þótt eðlilegt, að ábyrgð á þessum rekstri gæti lagzt á hreppsfélögin, og því var þessi heimild gefin.

***Bergur Jónsson:** Herra forseti! Ég vil aðeins beina því til n., þar sem ég veit, að eru orðhagir menn, að reynt verði að finna eitthvert heppilegra nafn á l. en þau bera nú. Það er bókstaflega ómögulegt að skilja það án þess að lesa fyrst lögin og útskýringarnar á því. Ég sé í nál. á þskj. 81, að ýmsir nm. eru óánægðir með málfar frv. eða sum vafasöm nýyrði þar, sem virðast eins vel geta þýtt eitthvað allt annað en þeim er ætlað að merkja. Ég get aldrei fengið svo ákveðið hugtak út úr orðinu fjarskipti, að geti talizt viðunandi heiti á lögum.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! N. telur þetta bráðabirgðalög og því viðurhlutaminna en ella að samþ. þau að sinni án orðabreytinga, sem hefðu að vísu verið æskilegar. Það er rétt, að orðið fjarskipti er nýtt og ekki sem bezt, en vandræði hljótast ekki af því, þar sem það er skýrt nægilega í 1. gr. Um önnur orð, sem eru óviðkunnanleg í fyrstu, getur verið, að þau venjist betur, er á reynir, en sum orka vissulega tvímælis. Ég skal til gamans geta þess, að þegar frv. kom fyrst fram, skildist nafn þess ekki betur en svo, að úr því urðu fjárskipti, og var prentað svo á þingskjali.

Skúli Guðmundsson: Ég sé, að í 4. kafla er gert ráð fyrir, að það ákvæði haldist, að einstakir hreppar ábyrgist og kosti sjálfir rekstur símstöðva, sem þar eru settar upp, eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar talsímastöðvar. Þetta hefur verið þannig frá upphafi, og má e. t. v. segja, að það hafi verið eðlilegt á fyrstu árum landssímans. En eins og nú er komið um rekstur símans, tel ég vafasamt, að það eigi að haldast. Þetta vildi ég, að hv. samgmn. tæki til athugunar fyrir 3. umr. Og þótt ég greiði nú atkv. með frv. óbreyttu, áskil ég mér rétt til að bera fram brtt. síðar um þetta atriði.

***Bergur Jónsson:** Ég þakka hv. frsm. fyrir svarið og vil árétta tilmæli mín með því að minna á eitt atriði. Til þess að nota lög verður maður yfirleitt að geta flett upp í stjórnartíðindum eða lagasafni og munað það nafn, sem fletta skal upp. Margir, sem eru því ókunnugir, sem á Alþingi er samþ., mundu verða í vandræðum að finna þessi lög; orðið fjarskipti dytti þeim ekki sjálfkrafa í hug né vekti eftirtekt þeirra í efnisyfirliti. Ég veit, að hv. frsm. skilur þá erfiðleika, sem slíkt getur valdið fjölda manna, og að fyrirsagnir laga og lagakafla verða skilyrðislaust að vera hjálp, en ekki hindrun fyrir þá, sem eiga að lesa lögin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
13.—18. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
27.—28. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 33, 113).

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Frá því þetta mál var síðast fyrir hv. d., þá hefur orðið að samkomulagi í samgmn. annars vegar og milli hennar og póst- og símamálastj. hins vegar, að eftir atvikum væri rétt að fallast á ýmislegt af því, sem fram kom í þessari hv. d., þegar málið var hér rætt. Það er að vísu svo, að telja má líklegt, að ýmsir hv. þdm. álíti, að betur hefði mátt takast til um sumt af því, sem hér hefur verið til umr., svo sem það, sem athugað var um málfar frv. eins og það lá fyrir. Eins og hv. d. veit, þá hliðraði n. sér að fyrra bragði hjá því að fara að gera glundroða í málfarinu, því ekki var vissa fyrir, að betur mundi takast fyrir henni en þeim, sem farið höfðu höndum um frv. En samt sem áður hefur hún tekið það til íhugunar og 2 hv. nm. hafa verið á fundum með þeim mönnum, sem hafa nú lagt fram sitt lið, í fyrsta lagi að þýða ákvæðin og í öðru lagi að líta yfir málið á þeim. Og það varð að niðurstöðu, að rétt væri, að fram skyldi koma í brtt. að víkja nokkuð við málinu á 1. gr. frv., þ. e. a. s. málfarinu. Þó það sé ekki fjarska mikilvægt, þá er samt ótvírætt, að nú fer betur á orðalagi gr. en áður var. Enda skýrist betur fyrir þeim hv. nm., sem aðallega hafa fjallað um málið, að í raun réttri var ekki kleift að komast öðruvísi frá því, ef nákvæmlega átti að vera þýtt.

Það, sem hér um ræðir, er algerlega nýmæli í íslenzkri löggjöf. Orðið fjarskipti var talið gott og gilt, og býst ég við, að hv. þm. finnist það einnig, þegar þeir fara að hafa orðið í munni sér nokkuð lengi.

Það getur ekki orkað tvímælis um 1. gr., og er hér farið eftir alþjóðareglum, bæði frakkneskum textum og norrænum. Ég læt hv. þdm. um að rannsaka, í hverju breyt. er fólgin, og tel ekki þörf á að ræða frekar um það.

Þá hefur orðið að samkomulagi, að nokkru leyti eftir ósk póst- og símamálastj., að 10. gr. orðist þannig, að hún gefi gleggri hugmynd um, hvað það er, sem póst- og símamálastj. tekur að sér um leið og hún fær þann einkarétt, sem lögin heimila. Og tel ég, að ekki geti leikið á tvennu um það, að þessi stofnun tekur að sér að gera allt, sem gera þarf til þess að viðhalda þeim framkvæmdum, sem innan vébanda laganna falla, og hafi einnig til þá hluti og það efni, sem með þarf. Eftir því, sem gefið var tilefni til við síðustu umr. málsins, tekur það til radíótækja og stöðva í íslenzkum skipum og rekstrar þeirra. Ég tel, að í l. um einkarétt ríkisstofnana sé svo fyrir mælt, að sú skylda væri henni um leið á herðar lögð að hafa nægilegt efni til þeirra framkvæmda, sem henni er ætlað á hverjum tíma.

Um talstöðvar í skipum eru, eins og kunnugt er, til lög frá síðasta þingi, sem fjalla um lántöku til talstöðva í fiskiskip o. fl. Er þar einmitt gert ráð fyrir, að landssíminn annist um þetta. Með þessari löggjöf eru í raun og veru ítrekuð símalögin. Ég hef fengið þær upplýsingar nú hjá póst- og símamálastj., að hún hafi í huga og hafi gert það í því efni, sem hún hefur séð sér fært, að herða mjög á framkvæmdum og framleiðslu þessara tækja, því eftirspurnin hefur verið mikil, og var það tilgreint á síðasta þingi, hversu mikið lægi fyrir af beiðnum frá þeim skipum, sem um var að ræða, og voru það fiskiskip 10 smál. eða meira, sem miðað var við. En ýmislegt olli því, að ekki var hægt að fullnægja þessum kröfum, m. a. það, að landssíminn hefur aðeins látið útbúa senditæki, og hefur það háð því, að fáanleg væru viðtæki í báta. En nú er 10. gr. orðuð þannig, að landssíminn ætlar sér að sjá um þetta, og telur sér það skylt, en vitnar þó til, að hann geti ekki framkvæmt beinlínis það, sem aðrir hafa einkarétt á samkv. öðrum lögum. Það er sem sagt undanskilið, sem fellur undir önnur l., eins og ríkisútvarpið, skipaskoðunarstjóri o. fl. En landssíminn leggur allt kapp á að geta framleitt á þessu ári allt að 80 stöðvar í báta. Og er það framar öllum vonum, ef hægt er að gera það á einu ári. En það er að sumu leyti ekki nema hálfsögð sagan, þó að landssíminn keppi að þessu, ef ekki tekst að tryggja hæf viðtæki í bátana.

Þá skal ég líka drepa á það, sem líka var til umr. við síðustu meðferð málsins í d. Það er það, sem viðkemur 3. og 4. tölul. á þskj. 113 um breyt. á gr. Það er sem sé verið að stofna til þess með þeirri lagabreyt., sem hér er gert ráð fyrir, að hreppar landsins taki að sér að annast um að nokkru leyti rekstur landssímastöðva úti í sveitum landsins. Og hefur það, að því er vitað er, verið keppikefli hv. þm. upp á síðkastið, eins og ég hef rekið mig á, að leysa hreppana undan þessari kvöð. Um leið og 11. gr. verður breytt tel ég, að einnig beri að leiðrétta á sömu lund 12. gr., sem sé ekki aðeins fella burt mikinn hluta 11. gr., heldur líka síðari málsgr. 12. gr., sem heimilar að leggja sýslu- og sveitarstjórnum landsins ýmsar kvaðir á herðar. Eins og ég tók í málið við síðustu umr., tel ég, að þetta sé í rauninni m. a. afleiðing af því, hvernig komið er nú með starfrækslu landssímans, þar sem landssíminn, fyrir utan þær skyldur, sem honum tilheyra, hefur viljað ná undir sig þeim aukalínum, sem hér og þar hafa verið um landið. Hefur þetta áhrært mig og mína sýslu, og hafa samningar um þessa yfirfærslu gengið greiðlega. Hefur póst- og símamálastj. viljað taka þetta mál upp á heilbrigðum og réttlátum grundvelli. Og ég tel, að þeim málum sé betur fyrir komið í höndum landssímans en gæti verið hjá einstökum félögum og jafnvel sveitum og hreppum. Þetta er að sjálfsögðu nokkurt fjárhagsatriði, og hef ég hér yfirlit yfir, hvaða upphæð hreppsfélögin greiða nú. Hún hefur verið 40 þús. á ári síðustu árin án verðlagsuppbótar, og með uppbót má þá segja 60 þús. En þeir hv. þm., sem eins og ég eru á þessu máli, að rétt sé að gera þessa breyt., hafa ekki talið, að það stæði í vegi, að sjálfsagt yrði að breyta eða hækka vissan lið í fjárlögum, sem er kallaður „Til síma- og eftirlitsstöðva“, og mundi hækkunin nema um 70 þús. kr.

Það er þetta atriði, sem líka ber að taka til greina og fjvn. mun að sjálfsögðu gera eftir því, sem breyt. falla hér í þessari hv. d. Það er einnig eðlilegt, þó að hreppar falli út úr þessu á sínum tíma, að ekki sé heimilt á einn eða annan hátt að færa þessar kvaðir yfir á sýslufélög, því þau eru í raun og veru sama og hreppsfélög. Fyrir því tel ég, að breyt. á 11. og 12. gr. eigi að fylgjast að og það beri að taka betur til, hvaða lög skuli falla úr gildi, þegar þessi ná gildi. Og það er ætlazt til, þar sem hér er um bráðabirgðal. að ræða, að þegar þessi lög koma gegnum þingið, þá öðlist þau þegar gildi. En af því hlýtur að leiða, að allar þær breyt., sem hér er um að ræða, komast á eftir því, sem nokkur tök eru á í samræmi við gildistöku laganna. En hér er þó eitt að athuga, og það eru l., sem eiga að falla úr gildi og talin eru á þskj. 113, l. nr. 83 14. nóv. 1917, um breyt. á og viðauka við lög nr. 35 20. okt. 1913. Þau eiga að falla úr gildi, en ég mun leggja til, og er það að nokkru leyti eftir beiðni póst- og símamálastj., að þarna yrði sá varnagli, að þetta félli ekki burt fyrr en 1. jan. n. k. Póst- og símamálastj. hefur skýrt mér frá, að ógerlegt megi teljast að koma breyt. á fyrr en á áramótum. Enda tel ég það í fullu samræmi við þann tilgang, sem við ætluðum okkur að ná, að gildistakan yrði frá þeim tíma, sem fyrst yrði kleift.

Nú vildi ég leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. til viðbótar, þannig að aftan við skilgreininguna á 5. lið á þskj. 113 komi: frá 1. jan. 1942. Og er þá í rauninni öllu fullnægt, sem ég hef getað séð, að til þurfi að fylgja framkvæmd laganna. Ég tel, að ekki þurfi að hafa fleiri orð um þetta, þykist hafa gefið þær upplýsingar, sem með þarf, og vísa til þeirra gagna, sem áður hafa legið frammi um þetta mál, og býst við, að hv. þdm. megi vel við una og muni því verða auðsótt að koma þessari brtt. áfram í hv. d.

Einnig tel ég, að ríkisstj. megi vel við una, þó að hennar frumkvæði sé ekki í þessari breyt., sem þó er að sumu leyti eins sjálfsögð og þær breyt., sem í frv. fólust, þegar það var lagt fyrir Alþingi.

Forseti (JörB): Borizt hefur hér við þessa umr. skrifleg brtt. frá frsm. samgmn. Till. er auk þess of seint fram komin, og þarf því afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 136) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Ég ætla ekki að lengja umr. með því að ræða hér um frv. sjálft né heldur þær brtt., sem hér liggja fyrir, heldur voru það nokkur heiti og orð í frv. og brtt. hv. n., sem mig langaði til að spyrja um.

Eins og hv. frsm. er kunnugt, hefur orðið „virki" fengið sérstaka merkingu hér. Orðið er karlkynsorð og notað um þá, sem starfa við ýmsar vélar og tæki, en hér í þessu frv. og brtt. hv. n. er orðið notað í hvorugkyni um tækin og vélarnar.

Það er rétt, að „virki" eins og það er notað hér er nær upphaflegri merkingu orðsins og meir að lögum íslenzkrar tungu. En hins vegar væri full þörf á því að kveða niður það ósamræmi, sem er hér í notkun ýmissa orða, bæði í lagamáli og annars staðar, og binda enda á allan rugling í þessu efni. Eins og hv. þdm. er kunnugt og ég vék að í upphafi, er orðið „virki" að fá nokkra festu í merkingunni „rafvirki", „bifvélavirki", „útvarpsvirki".

Ég skýt þessu aðeins hér inn til athugunar, án þess að ég geri sérstaka brtt. viðvíkjandi því. En vegna þess, að illt er að nota sama orðið um svo að segja gagnstæða hluti, þá vil ég leyfa mér að spyrja hv. frsm., hvað hv. n. hafi gert til þess að firra okkur þessu ósamræmi, og enn fremur, hvort þeim hafi t. d. ekki sýnzt fært að nota orðið „fjarskiptatæki" í stað „fjarskiptavirki".

***Finnur Jónsson:** Ég vil þakka hv. frsm. fyrir þær brtt., sem hann flytur hér af hálfu samgmn., en vil um leið nota tækifærið til að spyrjast fyrir um það, hvort með þessari breyt. á 12. gr. frv. falli jafnframt niður það aukagjald, sem mér er kunnugt um, að sumum bæjarfélögum hefur verið gert að greiða fyrir það, að símastöðvar eru lengur opnar en tilskilið er í reglum landssímans, t. d. þar, sem stöðvar hafa verið opnar frá kl. 9 að kvöldi til kl. 12 á miðnætti. Hins vegar hef ég spurt, að ekki gangi þetta jafnt yfir, og hafi t. d. Vestmannaeyjar haft lengur opið án þess að greiða sérstakt aukagjald fyrir.

Ég vildi nú fá úr því skorið, hvort það leiddi ekki af þeim breytingum, sem hér er verið að gera á löggjöfinni, að þessar aukagreiðslur féllu niður.

Skúli Guðmundsson: Ég vil þakka hv. samgmn. fyrir brtt. hennar. En ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja hv. frsm., hvort n. hafi ekki gert um það athugun að reyna að finna annað heppilegra orð en „fjarskipti".

Mér þykir ólíklegt annað en að n. hafi hugsað um þetta, því þótt e. t. v. megi segja, að nafnið skipti ekki höfuðmáli, þá er nú samt ekki sama, hvaða heiti þessu er valið.

Ég skal aðeins geta þess, án þess að ég ætli að flytja um það brtt., að stundum hefur verið talað um „firðtal" og „firðskeyti". Og þrátt fyrir það, að forskeytið „firð" í þessu sambandi sé e. t. v. ekki orðið fast í málinu, þá hefur það þó verið notað, og margir kannast við það. Ég vil því spyrja, hvort hv. n. hafi ekki dottið í hug að breyta nafninu og taka upp nafnið „firðskipti" í stað orðsins „fjarskipti". Því bæði er það nafn ekki gleggra en það, sem ég nefndi, og eins ber hins að gæta, að menn hafa viljað rugla þessu orði „fjarskipti" saman við orðið „fjárskipti", sem bráðlega þarf að setja löggjöf um, en aðrir hafa alls ekki skilið þetta nafn.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Það eru ekki mörg atriði, sem ég þarf að svara hjá þeim hv. þm, sem tekið hafa til máls, enda snertu ræður þeirra ekki sjálft efni frv., nema ræða hv. þm. Ísaf., og skal ég því fyrst svara aths. hans.

Hann spurði, hvort það mundi ekki leiða af þeirri brtt., sem felur í sér að fella burt síðari málslið 12. gr. frv. um störf og skyldur hreppsog sýslufélaga í sambandi við rekstur og viðhald fjarskiptatækja, að niður félli sú heimild, sem símamálastj. hefði haft til þess að gera einstökum bæjarfélögum skylt að greiða aukagjald, ef símastöðvar eru lengur opnar en tilskilið er í reglum landssímans.

Ég skal taka það fram strax, að ég tel, að þetta atriði sé ekki ákveðið í þessu frv., heldur verði það, eins og verið hefur, á valdi póst- og símamálastjóra að setja reglur um starfstíma talsímastöðva. Og það verður því að vera undir atvikum og aðstæðum komið, hvort og hvað þau bæjarfélög greiði aukalega, sem fara fram á að hafa stöðvar sínar lengur opnar en reglur landssímans segja fyrir um. Skoðanir hljóta jafnan að vera skiptar um það, hver sanngirni sé í því, að sumar stöðvar séu lengur opnar en tilskilið er, svo og hversu brýn ástæða sé til þessa hverju sinni.

Hv. þm. segir, að gert muni hafa verið upp á milli bæjarfélaga í þessu efni, og nefnir það í því sambandi, að Vestmannaeyjar hafa haft sína stöð lengur opna án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Mér virðist, að hér hljóti að vera um samningsatriði að ræða, en tel rétt, að ríkisstj. hlutist til um það, að ein meginregla sé fundin og eftir henni sé jafnan farið, þegar undantekningar þarf við. En þetta áhrærir ekki það frv., sem hér er til umræðu.

Ég tel, að eðlilegast sé, að póst- og símamálastjóri meti hverju sinni allar ástæður í sambandi við slíkar undantekningar sem þessar og ákveði í sambandi við reglugerðina, hverja ábyrgð einstök bæjar- og sveitarfélög skuli bera á rekstri símastöðva að þessu leyti, og þær kvaðir, sem leggja skal á í sambandi við aukanotkun þá, sem hv. þm. talaði um. Annars er ég að sjálfsögðu fyllilega sammála hv.

þm. Ísaf. um það atriði í ræðu hans, að nauðsynlegt sé og rétt, að eitt gangi yfir alla um útgjöld í sambandi við þá notkun landssímans, sem hér var rætt um, ef póst- og símamálastjóri telur vera ástæðu til að veita slíkar undanþágur.

Ég vonast til, að hv. þm. Ísaf. telji sér vera nægilega svarað um þetta atriði. En ég skal að lokum benda á það, að mér virðist það vera hrein leið, að ríkisstj. blandi sér í málið og komi fastri skipun á í þessu efni, svo að ekki verði um villzt, hversu úr skuli leysa.

Þá kem ég að aths. þeirra tveggja hv. þm., sem gerðu að umtalsefni málfarið á frv. Ræður þeirra snerust aðallega um tvö orð. Ég gat þess, að ég hefði orðið þess var, að sumir hv. þm. hefðu ruglað orðinu „fjarskipti“ saman við orðið „fjárskipti“ í sambandi við mæðiveikivarnirnar. Ég minntist þessa ekki vegna þess, að ég héldi, að nokkur hætta væri á, að þessu yrði ruglað saman í raun og veru, heldur tók ég dæmið sem sýnishorn um fjarstæðu, því að mér virðist einmitt, að menn hafi nú þegar vanizt orðinu nokkuð, og þannig tel ég, að fara muni, þegar þeim er orðið nafnið tamt, að þeir muni kunna vel við það, enda fer það vel í munni. Hv. þm. V.-Húnv. taldi eðlilegra að nota í fyrra hluta orðsins orðið „firð“. Samgmn. hafði að sjálfsögðu í huga allt, sem laut að því að vanda málfarið á þessu frv. En ég vil segja það sem mína skoðun, að orðið „firðskeyti“ og önnur orð, þar sem „firð“ er forskeyti, eru þegar fyrir löngu orðin úrelt, og mun alls staðar vera hætt að nota orðið „firð“. Ég hygg því, að ekki sé það til neinna bóta né glöggvunar, þótt „firðskipti“ væri tekið upp í stað orðsins fjarskipti. Annars skilst mér, að flestum hv. þm. falli þetta orð vel í geð, þegar þeir hafa athugað alla málavexti.

Í sambandi við málvöndun á þessu frv. vil ég benda á það, sem ég raunar vona, að hv. þdm. hafi veitt athygli, að n. hefur lagt til í brtt. sínum við 1. gr. frv., að í stað orðanna „fjarrænan flutning“ í 1. mgr. komi orðið „fjarflutning.“ Vona ég, að þessi lagfæring falli mönnum vel í geð.

Annars er skylt að játa það, að stundum var úr næsta vöndu að ráða, hvaða orð skyldi velja, með því að reynt var að fylgja sem nákvæmlegast texta þeirra erlendra laga, er um þetta efni fjalla og höfð voru til hliðsjónar, vegna alþjóðlegra ákvæða og hugtaka. Um Norðurlandatextana var þetta tiltölulega auðvelt, en hins vegar var franski textinn svo nákvæmur, að erfitt var að víkja í nokkru verulegu frá um orðalag án þess að efni raskaðist, Eins og orðin „fjarrænn flutningur“ bera með sér, geta þau táknað hvers konar flutning, á hverju sem er, milli fjarlægra staða, en í franska textanum eru þau ekki látin þýða annað en télégraphie og téléphonie. Eða nánar tiltekið það, sem við höfum í brtt. leyft okkur að kalla fjarflutning einu nafni. Og er því sú breyting gerð í samræmi við það. Telur nefndin, að það muni ekki valda neinum ruglingi, þótt þessi tvö orð séu á þennan hátt færð saman í eitt.

Þá vík ég að ræðu hv. 4. þm. Reykv. Hann talaði um þá merkingu, sem orðið „virki“ hefði öðlazt sem karlkynsorð. Það er þess vegna eðlilegt, að menn velti því fyrir sér, hvort n. hafi ekki athugað þetta, eða hvers vegna hún hafi kosið að nota orðið „virki“ á þann hátt, sem hún gerði.

Því er til að svara fyrirspurn hv. þm., að nefndin hefur einmitt tekið þetta til athugunar, og þetta orð „virki“ í þessari merkingu er haft í frv. að athuguðu máli, einmitt vegna þess, að ég fyrir mitt leyti tel það hafa verið rangt að taka upp notkun orðsins „virki“ í karlkyni í samböndunum: útvarpsvirki, rafvirki o. s. frv. Sú meðferð orðsins er að mínu viti alröng að lögum íslenzkrar tungu, því að orðið „virki“ er nafn á hlut og tæki, en getur aldrei með réttu táknað þann er við tækið vinnur eða með hlutinn fer, fremjanda verknaðarins, heldur er rétt notkun orðsins sú, sem hér er höfð, sbr. virki í söðli, víravirki, o. s. frv. Orðið táknar í sjálfu sér, eins og hér er líka gert ráð fyrir, hlut, tæki eða kerfi.

Ég mun hafa verið viðstaddur, þegar fyrst var farið að láta orðið tákna fremjanda verks, t. d. útvarpsvirki, og benti ég þá þegar á, að þessi notkun orðsins væri alröng og enda óþörf, þar sem til væri á íslenzku annað ágætt orð, samstofna við þetta, sem er orðið „yrki,“ er leitt er af orðinu verk og táknar þann, sem verkið vinnur, sbr. orðið „einyrki“. Samkv. þessu taldi n. sjálfsagt að halda orðinu virki í frv. í sinni upphaflegu og eðlilegustu merkingu, því að hún er rétt, en hins vegar er alrangt að kalla þá menn virkja, er tiltekið verk vinna. Þessi skýring er rétt, og ég vona, að hv. þm. geri sig ánægða með hana.

Ég man ekki eftir fleiri atriðum, sem svara þurfi við, og læt þetta því nægja.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég hef ekki haft tækifæri til að hlusta hér á ræðu hv. þm. og get því ekki svarað því, sem fram kynni að hafa komið við umr. En ég tek eftir því, að ein af brtt. n. lýtur að því að fella niður ákvæðin um þátttöku sveitarfélaga í rekstri símastöðva. Þessi hugmynd hefur um nokkurt skeið verið til athugunar og umræðu milli mín og póst- og símamálastjóra. Ég geng út frá, að frsm. n. hafi fengið allar upplýsingar um málið hjá póst- og símamálastjóra, þar á meðal þetta atriði. Ég hefði þó, um leið og ég játa mig algerlega samþykkan niðurfellingu þessara skyldna, eins og póst- og símamálastjóri er einnig, viljað skjóta því hér inn til athugunar í hv. n., hvort ekki væri unnt að tímabinda þetta við 1. jan. 1942. En þar eð ég sé nú, að þetta er 3. umr., er þetta líklega nokkuð seint á ferðinni hjá mér. (GSv: Það er komin til forseta skrifl. brtt. um þetta sama efni). Ég vil þá þakka hv. n. fyrir þessa brtt. og vona, að d. samþ. hana, þótt ég sé að öðru leyti samþykkur hinni upphaflegu brtt. efnislega. Enda er síminn nú betur fær til að standa undir þessum rekstri en áður var, meðan byrjunarörðugleika var við að etja. En síminn var í öndverðu veik stofnun, Þótt nú hafi hann sigrazt á hinum fyrstu erfiðleikum.

Það má vera, að eitthvað það felist í öðrum brtt., sem ég get ekki fellt mig við, en ég kem ekki auga á það við fljóta athugun málsins.

Ég hef ekki haft mikinn tíma til að sinna þingstörfum, því að undanfarinn hálfan mánuð hef ég setið á nefndarfundum að heita má allan daginn. Sú nefnd er að vísu ekki kosin af Alþingi, en hún hefur haft ærið að starfa.

Að lokum vil ég svo þakka hv. samgmn. fyrir meðferð málsins og legg til, að frv. verði samþ ykkt.

ATKVGR.

Brtt. 113,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 113,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 113,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 113,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 136 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 113,5, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 137).

Á 32. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 193).

*Frsm. (Árni Jónsson): Herra forseti! Það er óþarfi að hafa mjög langa framsögu um þetta mál. Það er komið frá hv. Nd. og hefur fengið fljóta afgreiðslu það, sem komið er. Samgmn. þessarar d. hefur athugað málið nákvæmlega, og eins og nál. ber með sér á þskj. 193, höfum við mælt einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Frv. var upphaflega flutt af samgmn. í fyrra vetur, en vegna hins breytta ástands, sem varð síðastl. ár, voru gefin út tvenn bráðabirgðal., sem tekin eru upp í þetta frv. Að öðru leyti er í frv. safnað saman ýmsum gömlum lagaákvæðum, sem hafa verið í dreifðum lögum frá ýmsum árum, og er það til mikils hægðarauka. Nd. hefur gert allmiklar breyt. á frv., og eru það sérstaklega orðabreytingar, vegna þess að hér er um nýmæli að ræða, og sum þessara orða láta nokkuð andkannalega í munni. Við höfum einnig athugað þetta atriði í samgmn., og jafnvel þó að við séum ekki ánægðir með sum orðin, t. d. sjálft heiti frv., „fjarskipti“, sáum við okkur ekki fært að gera neina breyt. til bóta. Ef það kemur í ljós við reynsluna, að þessi orð verða ekki munntöm, finnast vonandi seinna orð, sem tákna þessi hugtök betur.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess, að málið verði afgr. til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
13.—18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
27.—28. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 265).

---

12. Gjaldeyrisverzlun o. fl. (breyt. á l. 73/1937 og 115/1940).

Á 3. fundi í Sþ., 6. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og l. nr. 115 31. maí 1940, um breyt. á þeim l.** (stjfrv., A. 59).

Á 14. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson). Á síðasta þingi var kosin milliþn. til þess að endurskoða núgildandi löggjöf um gjaldeyrismálin. Sú nefnd hefur starfað síðan, og þó að hún hafi enn ekki skilað opinberu áliti, get ég fullvissað menn um sem einn aðili í þessari n., að álits hennar er bráðlega að vænta. Ég býst við, að mönnum hafi fundizt undarlegt, að hér er komið fram frv. án þess að álits n. sé þar að nokkru getið í því sambandi. Ég vil því taka fram, að niðurstaða n. var sú, að á l. um gjaldeyrisverzlun þyrfti að gera þær breyt., sem frv. fer fram á, vegna þess ástands, sem nú ríkir.

Þetta frv. er flutt sem stjórnarfrv., og hefur það inni að halda eina aðalbreytingu. Hún en sú, að skylt sé að afhenda allan erlendan gjaldeyri, en áður þurfti aðeins að skila því fé, sem inn kæmi fyrir vörur. Við rannsókn á þessum málum þótti rétt að láta sömu reglu gilda um allan erlendan gjaldeyri, hvort sem hann kæmi í hendur manna fyrir vörusölu, sem umboðslaun eða á annan hátt. Vænti ég, að þessum breyt. verði vel tekið, enda virðast þær mjög sanngjarnar. Önnur breyt. frv. er sú, að bankarnir greiði laun þeirra nefndarmanna, sem þeir tilnefna. Að vísu hefur ríkisstjórnin skipað menn þessa, en eftir till. bankanna.

Þriðja ákvæði frv. er um að fella úr gildi lög frá 1924, um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun, og lög frá 1925, um breyting á þeim l. Voru þessi l. í gildi aðeins að nafninu til, en

með bráðabirgðabreyt. nokkurra laga var raunverulega ekkert eftir af þeim og því rétt að fella þau alveg úr gildi.

Hins vegar skal ég taka það fram, að milliþn. mun athuga það mál sér, og vonast ég til, að till. komi fram hér á þessu þingi um, að það verði sett sérstök löggjöf, sem snertir nokkuð þetta sama löggjafaratriði, sem þarna er fellt úr gildi, þó ekki verði hún raunar alveg sama efnis og þetta, sem hér er fellt úr gildi.

Óska ég svo, að frv. gangi til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 93).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 30. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 197).

*Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta mál er komið frá Nd. og hefur nú verið um langan tíma til athugunar í fjhn. Ed. Er það fyrir ofurlítið óhapp eða af gleymsku, að n. hefur ekki skilað nál. fyrr en þetta. Eins og sést á nál. á þskj. 197, leggur fjhn. til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. Efni þessa frv., eins og það liggur fyrir óbreytt, er í fyrsta lagi að heimila ríkisstjórninni að setja reglugerð um, að allur sá erlendi gjaldeyrir, sem menn nú eiga eða kunna að eignast, skuli ganga til bankanna. En áður hafði svo verið ákveðið, að þetta ákvæði næði aðeins til þess gjaldeyris, sem menn fengu sem andvirði fyrir útflutningsvöru. Sú breyt., sem frv. felur í sér, stafar af hinu breytta ástandi í landinu, að útlendur gjaldeyrir getur nú komizt í hendur manna af fleiri ástæðum en áður var um að ræða.

Í öðru lagi eru með þessu frv. numin úr gildi lög um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun frá 4. júní 1924 ásamt breyt., sem gerðar hafa verið á þeim l. Þessi l. hafa að nafninu til verið í gildi, jafnvel eftir að bönkunum var falinn einkaréttur á að verzla með erlendan gjaldeyri, en algerlega þýðingarlaus urðu þau, þegar gengi íslenzku krónunnar var fastákveðið með l. frá 1939. Jafnframt frv. hefur n. haft til athugunar bréf frá viðskiptamálaráðuneytinu, dags. 13. marz þetta ár, til fjhn. Nd., en hún hafði ekki borið fram neinar breyt. vegna bréfs þessa. Í bréfinu leggur viðskiptamálaráðuneytið til, að póststjórninni verði einnig heimilað að verzla með erlendan gjaldeyri innan þeirra takmarka, sem ráðuneytið setur. Það er tekið fram í bréfinu, að póststjórnin þurfi samkvæmt alþjóðasamningi, sem Ísland er þátttakandi í, að reka nokkra verzlun með erlendan gjaldeyri, t. d. póstávísanir, póstkröfur og þess háttar. Brtt. n. við frv. á þskj. 197 er um það að taka upp í frv. ákvæði, sem heimila póststjórninni að verzla með erlendan gjaldeyri innan þeirra takmarka, sem ráðuneytið setur. Ég hygg, að mál þetta sé svo einfalt, að ekki þurfi nánari skýringar við, og till. n. er, að málið verði samþ. með þessum breyt.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ekki þannig vaxið, að út af efni þess sé ástæða til að hefja miklar umr. En mig langar til, af því að hér er um gjaldeyrisverzlun að ræða, að gera nokkrar fyrirspurnir til þess ráðh., sem fer með bankamálin.

Það er í þessu frv. ákveðið, að allur erlendur gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, skuli renna til banka þeirra, er hafa einkarétt til að verzla með hann. Svo hefur fjhn., eftir tilmælum hæstv. viðskmrh., komið hér með breytingu um það, að fyrir utan það, að bönkunum er falið að verzla með allan erlendan gjaldeyri, þá megi póst- og símamálastjórn útfæra þá verzlun, sem henni er nauðsynleg.

Hér er nú hreyft við máli, sem nú á þessum tímum er orðið nokkuð viðáttumikið, liggur mér við að segja, þar sem er gjaldeyrisverzlunin, og margt af því, sem fram fer á því sviði, er þess eðlis, að mér finnst, að hið háa Alþingi fái heldur litlar skýringar frá hæstv. ríkisstj. um gang þeirra mála.

Eins og kunnugt er, voru fyrir nokkru gerðar ráðstafanir, að ég held með reglum til að stöðva að nokkru leyti umreikning á þeim sterlingspundum, sem menn fengu fyrir útfluttan ísfisk. Nú fram að þeim tímum, veit ég ekki betur en að pund hafi verið umreiknuð tafarlaust fyrir þá vöru eins og fyrir aðrar vörur. Ég þykist vita, að það, sem hefur vakað fyrir stjórn seðlabankans og hæstv. viðskmrh. með þessari heimild, hafi verið að koma í veg fyrir það, að þjóðbankinn eignaðist of háar pundafúlgur liggjandi í Bretlandi. Í sambandi við þá hættu, sem verður að ganga út frá, að talin hafi verið yfirvofandi, verður manni ósjálfrátt að

minnast þess, hvort ekki hefði, ef það ráð hefði verið tekið í tíma, mátt draga úr þessari hættu með því að leyfa frekari innflutning til landsins á ýmsum nauðsynjavörum frá Bretlandi á meðan þær voru vel fáanlegar og seldust með viðunandi verði, og enn fremur meðan skipakostur var fyrir hendi til að flytja slíkar vörur. Það er gefið mál, að þegar hér fóru að safnast saman stórar innieignir og fúlgur í brezkum bönkum, t. d. þegar komið var fram á árið 1940, og stríðið var í þeim gangi, sem þá var og enn er, að þá hefur hlotið að koma til greina hjá hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. viðskmrh., hvað hægt væri að gera til þess að draga úr því, að þessar pundainnieignir yrðu lítils virði.

Þess vegna vil ég í fyrsta lagi spyrja hæstv. viðskmrh., hvort honum hafi verið það ljóst vorið 1940, að nokkuð miklar innieignir söfnuðust fyrir í enskum bönkum, og hvort hann telji sig hafa gert tiltækilegar ráðstafanir til þess að sjá fyrir því, að landið fengi sem mest af nauðsynjavörum fyrir þessar innieignir.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hverju námu innieignir Landsbankans í pundum í útlöndum, þegar tekið var það ráð að setja þær hömlur á yfirfærslu eða umreikning punda fyrir ísfisk, sem settar voru með stofnun gjaldeyriskaupanefndar? Það væri fróðlegt að vita, hvað hár sá seðlahlaði var orðinn á þessu tímabili.

Það getur vel verið, að þetta greinist í tvennt, eigi sem sagt að gilda fyrir báða bankana, og mætti þá segja: Hvað var innieign landsins mikil, þegar svo var komið eins og hér hefur verið sagt? En það, að ég tengi sérstaklega nafn Landsbankans við þetta mál, er það, að mér og raunar fleirum hlýtur að vera það í fersku minni, hvað einmitt þessi banki og ráðh., sem hefur yfirstjórn hans með höndum, var fyrir stríð varkár í þeim efnum að leysa ekki inn erlendan gjaldeyri einmitt fyrir togarafisk, og raunar einnig fyrir aðrar íslenzkar afurðir, svo varkár, að það kom hér til þeirra kasta fyrir fáum árum síðan að reyna að hafa áhrif á það, að Landsbankinn afreiknaði sölu á ísfiski til íslenzkra botnvörpuskipaeigenda nokkurn veginn jafnóðum. En ekkert, ekki einu sinni það, sem fram kom hér á Alþingi, megnaði að fá Landsbankann til þess.

Þá var varkárnin svo mikil í þessu efni, að Landsbankinn fékkst ekki með nokkru móti til að reikna ein einustu 100 RM um í íslenzka peninga, af því fé, sem safnazt hafði fyrir á hans reikning í þýzkum bönkum fyrir íslenzkar afurðir, öðruvísi en um leið og hann seldi þessi RM aftur til ísl. innflytjenda vara. Hann hélt mjög fast við það á þessum tímum að skapa sér ekki eyris ábyrgð af þessum ástæðum. Nú var hér aldrei að ræða um verulega stórkostlegar upphæðir. Þessar innieignir kunna að hafa numið stundum, þegar hæst var, kannske 1 eða 2 millj. kr. En það var sem sagt alveg föst regla bankans að afreikna ekki eyri af þessum innieignum fyrr en um leið og hann seldi þær.

Í sambandi við þetta er ef til vill hægt að fá að heyra, hvað hafði nú safnazt á hendur Landsbankans af pundum, þegar hann og hæstv. ríkisstj. tók fyrir að halda að sér höndum og hætta að umreikna fyrir part af útflutningnum, öðruvísi en eftir þeim reglum, sem um þetta gilda og hæstv. ráðh. hefur sett?

Það er kunnugt, að þessar reglur eru til, en þó held ég, að þær séu engan veginn tæmandi. Eftir því, sem ég bezt veit og auglýst hefur verið, virðist þetta einungis eiga við útflutning ísfiskjar, en eins og kunnugt er, flytur landið út margt fleira, en ég hef ekki séð auglýstar neinar reglur um aðrar vörur, sem fluttar eru til Bretlands, en um ísfisk.

Og þá er önnur spurning mín til hæstv. viðskmrh. sú, hvort hann vilji skýra það fyrir hv. d., — eftir hvaða reglum starfar gjaldeyriskaupanefnd, að öðru leyti en því, sem auglýst er sérstaklega um ísfisk?

Þriðja spurningin, sem ég vildi leyfa mér að bera fram við hæstv. viðskmrh., er eiginlega náskyld þessu efni og miðar að því að spyrja, hvort hömlur séu settar á yfirfærslu punda fyrir aðrar útflutningsvörur landsmanna heldur en ísfisk. Ég skal strax taka það fram, af hverju ég spyr. Mér er kunnugt um, að ég held, að formaður gjaldeyriskaupanefndar hefur á einu sviði framleiðslunnar hér í landi innt mjög ýtarlega eftir lítilfjörlegum kostnaðarpósti í sambandi við þessa framleiðslu, með það fyrir augum, að því er mér er tjáð, að athuga, hvort það væri þörf á því að yfirfæra allt andvirði þessarar vöru, ef hún yrði flutt út.

Þá vildi ég minnast hér á atriði, sem ég verð að játa, að ég á erfitt með að skilja, hvernig getur orðið til hagsbóta fyrir landsmenn.

Mér er kunnugt um, og það er reyndar það, sem allir vita, að ýmsir aðilar hér, sem hafa flutt út vörur og þá sérstaklega ísfisk, eiga svo kölluð bundin pund. Það er sá hluti varanna, sem bankinn hefur ekki viljað umreikna samkv. ákvörðunum gjaldeyriskaupanefndar, og standa því sem bundin pund fyrir reikning þess íslenzka aðila, sem flutt hefur vörurnar út. Nú veit ég enn fremur um dæmi þess, að menn, sem hafa átt þessar bundnu innieignir, hafa átt kost á því að nota þær til kaupa á nauðsynjavörum til landsins og jafnvel þeim vörum, sem kannske, þegar allt kemur til alls, hefði verið happadrýgst að hafa aflað, en það eru skip.

Ég veit um tilfelli, þar sem mér er skýrt frá, að hin hv. gjaldeyriskaupanefnd hefur neitað íslenzkum eiganda að pundum að nota þessi innifrosnu pund til þess að kaupa fyrir þau síldartunnur og salt. Ég veit einnig um annað tilfelli, þar sem þessi sama nefnd neitaði íslenzkum aðila, er misst hafði skip sitt, en átti vátryggingarupphæðina í pundum og átti kost á því að fá annað skip þegar í stað, en vátryggingarupphæðin nægði ekki fyrir því skipi, en hins vegar átti þessi aðili næg frosin pund, en honum var neitað um að fá að nota þessi pund, það sem á vantaði, til þess að hann gæti eignazt þetta skip.

Í sambandi við þetta vildi ég gjaran fá að skilja þá þjóðhagslegu nauðsyn, sem þarna liggur að baki, og mér væri sýndur hagurinn af því, að mönnum, sem eiga bundin pund á kontó,

þeim sé meinað að verja þeim fyrir jafnmikil nauðsynjainnkaup og að eignast skip.

Ég fullyrði ekkert um það fyrirfram, að hér kunni ekki að vera, að einhverjar af þeim ástæðum, sem fyrir þessu eru, séu þannig, að ég geti vel fallizt á, að hér sé rétt farið að. Það getur vel verið. En eins og þetta mál liggur fyrir, jafnlítið og það hefur verið skýrt fyrir hv. þm., þá verð ég að segja, eins og ég stend hér nú, að mér er ómögulegt að skilja, og ég hygg, að svo muni vera fyrir fleiri hv. þm., á hvaða hátt það getur orðið skaði að því að nota þessi bundnu pund til innkaupa á þennan hátt, eða á hvaða hátt það getur orðið að gagni fyrir landið, að slíkt sé bannað.

Loks vil ég spyrja hæstv. viðskmrh., af því að ég hef hér rætt um þau pund, sem bönkunum er ætlað að kaupa og aðilum er gert skylt að selja bönkunum fyrir útfluttar íslenzkar afurðir, þá vildi ég í næstu spurningu minni spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort bankarnir kaupi pund af öðrum aðilum heldur en íslenzkum útflytjendum og hvort það væri án takmörkunar og þá, hvað mikið væri komið af því?

Loksins finnst mér satt að segja, að það væri ekki úr vegi að heyra frá því sagt af þeim ráðh., sem hefur með þessi mál að gera, hvernig því völundarhúsi er nú orðið varið, sem hefur með höndum úthlutun á erlendum gjaldeyri hér á landi.

Það virðist nú vera, og var jafnvel fyrir stríð, nokkuð langur og erfiður vegur til þess að fá innflutningsleyfi fyrir ýmsum vörum. En ég held, hvað gjaldeyrisliðinn á þessum sömu vörum snertir, þá hafi þessi gangur þyngzt upp á síðkastið, og séð frá sjónarmiði þeirra manna, sem mest komast í kynni við viðskiptagang þeirra mála, þá er lítt skiljanlegur sá langi tími, sem í það fer að fá skorið úr því, hvort gjaldeyrisleyfi fæst fyrir þetta eða hitt, og að synjað er um leyfi fyrir nauðsynlega hluti. Þá fer mér að verða það ráðgáta og vildi því spyrja hæstv. viðskmrh.: Í hvers höndum er að síðustu úrslitavaldið um það, hvort menn fá erlendan gjaldeyri fyrir nauðsynjavöru til landsins?

Ég skal nú fyrirfram biðja hæstv. ráðh. afsökunar á því, ef ég þreyti hann með of mörgum spurningum viðvíkjandi þessu máli. En satt að segja, þegar slíkt mál eins og gjaldeyrismálin er á dagskrá, er svo margt, sem æskilegt er að fá upplýst í þeim málum, og farinn er að verða svo undarlegur gangur í þessum málum, að ég vil biðja hæstv. ráðh. að virða mér það til vorkunnar, þó að þessar spurningar séu nú hér fram settar, og vonast til þess, að hann reyni að gera þau atriði, sem ég spyr um, skiljanleg bæði fyrir mér og ef vera kynni einhverjum öðrum, sem ekki væru vel inni í þessum sökum.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég verð fyrst að biðja afsökunar á því, að það vill svo illa til, að þegar hv. þm. Vestm. ber fram þessar fyrirspurnir, þá er ég svo hás, að það er illt að heyra til mín. Þrátt fyrir það verð ég að gera grein fyrir þeim málum, sem hv. þm. spurði um, en vil taka það fram, að það verður að virða mér það til vorkunnar, að hv. þm. Vestm. ber þetta fram án þess að mér hafi verið kunnugt um þetta áður. Einstaka atriði eru líka þannig, að það er erfitt að svara þeim nema með fyrirvara, eins og t. d. ýmsar upphæðir, sem hann spyr um á tilteknum tíma. (JJós: Ég skal gjarnan sætta mig við, að þessu verði frestað). En samt sem áður ætla ég að gera grein fyrir einstaka atriðum, en koma síðar inn á önnur atriði, sem við getum þá komið okkur saman um að fresta.

Ég vil þá sérstaklega benda hv. þm. á það, að nú á næstunni kemur til umr. frv. um gjaldeyrislögin, þar sem ákveðið er að yfirfæra ekki eða umreikna ekki í íslenzkar kr. nema hluta af andvirði framleiðsluvaranna, og í sambandi við þetta mun ég koma inn á þær spurningar, sem snerta það sérstaklega.

Þá ætla ég fyrst að víkja máli mínu að þeim þætti málsins, sem snýr að gjaldeyrisástæðum almennt frá því árið 1940, — viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm., hvort það hefði verið fyllilega ljóst á því ári, hvert stefndi í þeim efnum, og hvort nægilegar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að leyfa vöruinnflutning til landsins, og þá sérstaklega, hvaða aðilar stæðu aðallega á móti því, að vöruinnflutningur geti átt sér stað.

Ég ætla þá fyrst að fara nokkrum orðum um þessa hlið málsins. Ég ætla þá að rifja það upp fyrst í stað, að snemma á árinu 1939 eða í árslok 1938 voru menn uggandi um það, að styrjöld gæti skollið á, og þetta varð til þess, að þáverandi ríkisstj. og eins sú, sem tók við, þegar þjóðstjórnin var mynduð, gerði sér allt far um að fylgjast með því, hvaða vörutegundir flyttust til landsins og sjá um, að það væru þá fyrst og fremst þær nauðsynjavörur, sem þjóðin getur ekki verið án.

Á þessu starfi var byrjað árið 1938 og haldið áfram 1939. Á þessum tíma og reyndar miklu lengur átti þjóðin við mikla greiðsluerfiðleika að etja, og það var þá þegar aðalstarf þeirra, sem þessi mál höfðu með höndum, að reyna að sjá um, að þeir peningar, sem fyrir hendi voru, væru fyrst og fremst notaðir til þess að greiða með þær vörur, sem nauðsynlegt var að fá inn í landið, og koma því til vegar, að birgðir söfnuðust af þeim, en setja hækkun á þær vörur, sem æskilegt væri að fá inn í landið, en sem frekar var hægt að vera án, án þess að af því stafaði þjóðarvoði.

Samkv. þessum reglum var svo starfað árið 1939 og til þess nú. Þá var sá háttur á því, að viðskmrn. gerði sérstakan lista yfir þær vörur, sem ríkisstj. taldi nauðsynlegt að sætu fyrir, og vörur, sem ríkisstj. vildi hafa hvetjandi áhrif á, að innflytjendur flyttu til landsins. Á þessum tímum er líka eðlilegt að hafa náið samband við innflytjendur og reyna að auka innflutninginn, og enn fremur var skorað á þá að nota sitt eigið lánstraust.

Ég er ekki vel undir það búinn að greina nákvæmlega frá því, hvaða vörur voru sérstaklega færðar í þennan flokk. En ég get minnzt á nokkrar þeirra. Í þessum fl. var fyrst og fremst öll kornvara og matvæli erlend, sem óhjákvæmilegt var að flytja inn, nýlenduvara, kol, salt,

olíur, benzín og allar útgerðarvörur, hverju nafni sem nefndust, tilbúinn áburður, landbúnaðarverkfæri, allar nauðsynjar til landbúnaðarframleiðslu og iðnaðarvörur til nauðsynjaframleiðslu. Enn fremur nauðsynlegustu rafmagnsvörur, margar tegundir, efni til skipa- og bátasmíða, byggingarefni til viðhalds og endurnýjunar og varahlutir í vélar. Einnig lyfjavörur og umbúðir og aðrar slíkar vörur og ýmsar aðrar vörutegundir, sem of langt yrði upp að telja.

Þegar ófriðurinn skall á, var þessari starfsemi haldið áfram og lagt í þetta aukið starf. Og hefur sá háttur verið á því hafður síðan að fylgjast með því, hvað til er af þessum vörum í landinu og hvetja innflytjendur til að annast innkaupin eins og ríkisstj. hefur þótt nauðsynlegt, að þau yrðu framkvæmd; því að ríkisstj. hefur ekki viljað taka innflutninginn úr höndum innflytjenda, þó að hún hafi lítils háttar annazt innkaup sjálf. Ríkisstj. hefur líka reynt að sjá um, að gjaldeyrir væri fyrir hendi til þess að kaupa þessar vörur inn í eins ríkum mæli eins og innflytjendurnir vildu kaupa þær, og að skipakostur okkar yrði notaður til þess að flytja vörur þessar til landsins. Stj. hefur reynt að styðja að því, að hægt væri að fá erlend skip til þess að flytja þessar vörur, að svo miklu leyti sem okkar skip ekki nægðu til þess. En við eigum ekkert tankskip til þess að flytja olíur og benzín. Okkar skip hafa ekki einu sinni við að flytja að okkur matvörur og stykkjavörur. Þess vegna hefur orðið að flytja öll kol, sem togararnir hafa ekki getað flutt, sem þeir þó hafa flutt frá Englandi eins og þeir hafa getað, á erlendum skipum að mestu leyti, og sömuleiðis salt. Stj. hefur þannig reynt að láta nota sem bezt okkar skip til þessara vöruflutninga til landsins og reynt að fá erlend skip til þess að flytja það, sem okkar skip hafa ekki getað flutt. Þetta hefur stj. gert frá stríðsbyrjun. Framan af stríðinu gekk þetta allvel, enda söfnuðust þá mjög miklar kolabirgðir í landinu, því að ríkisstj. keypti farma af kolum, til þess að hér söfnuðust fyrir verulegar kolabirgðir. Fyrstu mánuðina gekk þetta greiðlega, og framan af árinu 1940 gekk einnig greiðlega að fá skip til þessara flutninga. En síðan fór að bera á erfiðleikum á að fá erlend skip til þessara flutninga. Síðan í september s. l. hefur sendimaður Íslands í London stöðugt reynt að útvega skip til kolaflutninga hingað, en hefur ekki getað útvegað nema 3 skip til þeirra flutninga. En þetta hefur orðið til þess, að dregið hefur úr þeim kolainnflutningi, sem annars hefði verið.

Þannig hefur verið sú skipan, sem fylgt hefur verið um innflutning á þessum meginnauðsynjum, eins og ég gat um áðan, og væri kannske ástæða til þess að fara mörgum orðum um ýmislegt, sem gerzt hefur í því sambandi, þó að ég sleppi því að þessu sinni. Þessar vörur, sem ég hef þannig vikið að, þær mynda mikinn meiri hl. af öllu því vörumagni, sem flutt er inn í landið á hverjum tíma, að magni til, og mjög mikinn meiri hl. einnig að verði til, og þess vegna get ég fullvissað hv. þm. Vestm. um það, að hann þarf ekki að óttast um það, að þessar vörur hafi ekki ætíð verið reynt að draga til landsins eins og innflytjendur frekast hafa viljað kaupa þær inn og möguleikar hafa verið fyrir hendi til að greiða vörurnar og fá skip til þess að flytja þær, ekki aðeins frá byrjun styrjaldarinnar, heldur einnig fyrir þann tíma.

Þá er hitt atriðið, hvort aðrar vörur en ég hef nefnt, og sumar hverjar eru nauðsynjavörur, hefði ekki verið rétt að flytja meira inn eftir að peningarnir hefðu verið orðnir nógir til þess að greiða með erlendis, og hvort ekki hefðu safnazt fyrir í Bretlandi fjármunir fram yfir það, sem orðið hefði að vera, ef innflutningur hefði ekki verið hindraður. Og það er aðalatriðið í því, sem hér hefur verið nefnt. Áður en ég kem að því í einstökum atriðum, vil ég fyrst minnast á, að haustið 1939 var þannig ástatt hér, að gjaldeyrisörðugleikar voru mjög miklir og verzlunarskuldir manna við önnur lönd talsvert verulegar, sumpart verzlunarlán fyrir vörur til landsins, ekki allar gjaldfallnar, en sumpart líka gjaldfallnar skuldir, sem ekki hafði verið hægt að greiða. Nú bar svo við, er styrjöldin hófst, að nær allir, sem seldu til Íslands, kröfðust þess að fá greiddar eldri skuldir um leið og afhentar voru nýjar vörur, og jafnframt kröfðust þeir þess, að greiddar væru út í hönd þær vörur, sem sendar voru til landsins. Styrjöldin hafði þessi áhrif yfirleitt á verzlun landa á milli. Af þessu leiddi, að fyrstu mánuði styrjaldarinnar þurfti að borga eldri skuldirnar og gjaldföllnu skuldirnar á sama tíma og innflutninginn. Og eins og menn muna frá síðasta þingi, sem haldið var vorið 1940, þá var aðaláhyggjuefni manna kannske ekki endilega það, hvort vörur fengjust fluttar til landsins, heldur hvort væri hægt að finna peninga til þess að borga þær nauðsynjar, sem þurfti að kaupa til landsins. Og þetta átti ekki aðeins við um það, sem átti að greiða í því, sem menn kölluðu fyrir styrjöldina frjálsan gjaldeyri, heldur líka um þá vöru, sem átti að greiða í sterlingspundum. Þróunin var þannig, að um miðjan júní 1940 skulduðu bankarnir álíka mikið erlendis eins og þeir gerðu á sama tíma árið áður. M. ö. o. yfirfærslur út úr landinu í sterlingspundum voru svo miklar, að við höfðum ekki alveg við að greiða þær eins og þurfti fram í júní 1940. Og í apríl og maí það ár höfðu menn af þessum málum mjög miklar áhyggjur. Það eina, sem við vissum þá um útflutninginn, var, að ísfiskur seldist mjög vel og þorskalýsi var prýðilega seljanlegt, þ. e. var með góðu verði. Annars vissum við ekkert um framtíðina, og við vissum þá ekkert, hvort hægt yrði að selja síld eða gera út á síld. Í júní 1940 var sterlingspundaekla hér það áberandi, að bankarnir kepptust um það að fá fyrstu innborganirnar, sem herinn gerði hér, til þess að standa undir sínum nauðsynlegu greiðslum og kostnaði. Og það var fyrir það, að eftirspurnin eftir sterlingspundunum var svo mikil meðan verið var að hreinsa til í þessum viðskiptum, sem ég gat um áðan.

Af þessum ástæðum öllum saman, sem hér hafa verið raktar, neyddumst við til þess að fylgja þeirri stefnu, að gefa út mjög takmörkuð innflutningsleyfi fyrir ýmsum vörutegundum,

sem annars hefði verið æskilegt að geta náð í frá útlöndum, og má þar nefna vefnaðarvörur og búsáhöld og ýmislegt skran, sem ekki er hægt að telja hér upp, og raunar var reynt að ná í þessar vörur ásamt öðrum, sem meiri áherzla var lögð á að flytja inn, eftir því sem gjaldeyrismöguleikar voru fyrir hendi.

Þannig var ástatt fram á mitt árið 1940, greiðsluörðugleikar, sem öðrum þræði mótuðu starfsaðferðirnar, og hins vegar mikil þörf fyrir að safna inn í landið birgðum af vissum nauðsynjavörutegundum. Það er ekki fyrr en kemur fram í júnílok, er samningurinn er gerður við Breta um sölu á síldarafurðum og auðséð er, að hægt verður að gera út á síldveiðar, að útlitið fer til muna að batna, þó að enginn gerði sér þá grein fyrir því, að svo glæsileg útkoma yrði á síldveiðunum sem raun varð á. Það er þá, sem viðhorfið breytist. Og þá breytist líka sú skipan, sem fylgt hafði verið, og eftir það var farið að slaka á innflutningshömlunum frá því, sem áður hafði verið. Og þá fór innflutningur að aukast.

Þróunin síðan hefur verið þessi, eins og ég sagði áðan, að haldið hefur verið áfram að flytja inn nauðsynjavörur, og ríkisstj. hefur fylgzt með því og hvatt innflytjendur til að flytja inn vissar vörur. En vegna ónógs skipakosts hefur ekki verið hægt að safna fyrir í landinu eins miklum birgðum af þessum vörum og æskilegt hefði verið. En nú eru sízt minni birgðir í landinu af þeim vörum en á venjulegum tímum. En um hinar vörurnar, og þá sérstaklega vefnaðarvörurnar, er það að segja, að innflutningur af þeim hefur verið mikill á árinu 1940 og eins það, sem af er þessu ári, þannig að vefnaðarvörubirgðir eru nú óvenjulega miklar taldar í landinu.

Ég held, að ég hafi nú minnzt á flestar vörutegundir, sem máli skipta, nema byggingarefni, en ég sé sérstaka ástæðu til að minnast á það.

Það hefur verið töluvert talað um það á síðustu mánuðum að breyta sterlingspundum, sem við eigum í Englandi, í það, sem kallað hefur verið raunveruleg verðmæti. Og byggingarefni er náttúrlega meðal þeirra vörutegunda, sem þá ætti ekki sízt að koma til greina í því sambandi á venjulegum tímum. En þegar við tölum um byggingarefni, getum við takmarkað okkur við að tala um þrjár vörutegundir, timbur, járn og sement. Timbur hefur ekki verið fáanlegt í Bretlandi frá stríðsbyrjun, og svo mikil tregða hefur verið á því að fá járn frá Bretlandi eftir að styrjöldin hófst, að á þeim tíma hefur orðið að flytja mest af því járni, sem við höfum fengið, frá Bandaríkjunum. Eftir að Danmörk lokaðist, hefur yfirleitt ekki verið hægt að fá sement í Englandi. Af þessu sjáum við, að ef eitthvað hefur verið vanrækt í þessum efnum, þá er það ekki innflutningur á byggingarefni. Ef eitthvað hefur verið vanrækt, þá er það innkaup á vefnaðarvöru framan af árinu 1940. Það getur vel verið, að það hefði verið hægt að kaupa eitthvað meira inn af vefnaðarvöru á þeim tíma en gert var, ef það hefði verið leyft. En þá er það að athuga, að alveg fram í júní 1940 var það áhyggjuefni okkar, hvernig við gætum borgað innfluttar vörur okkar, þannig að það var ekki tímabært fyrr en þá í júní að líta sömu augum á þessa hluti og við gerum nú. Við getum náttúrlega deilt um það, hvort við hefðum átt að flytja inn meira af búsáhöldum frá Englandi. Og þó að það hefði getað skipt milljónum, þá hefði það ekki munað neitt verulegu um það til eða frá um þær miklu fjárfúlgur okkar í Englandi, sem við reiknum með nú. Hitt vil ég minna á, að landið mun nú vera óvenjulega vel birgt af vefnaðarvöru.

Ég skal þá loks benda á það í þessu sambandi, sem stóð aðallega í vegi fyrir því, að meira væri flutt inn frá Englandi en raun hefur á orðið á árinu 1940, þó að vísu væri mikið flutt inn á því ári. Það, sem stóð mest í vegi fyrir því, var tregða á að fá vörurnar afhentar vegna truflana á framleiðslu og viðskiptum öllum. Mér er kunnugt um eitt sérstakt tilfelli t. d., þar sem verzlunarfirma, sem pantaði stóra vörusendingu af vefnaðarvörum í júní eða júlí s. l., en fékk hana ekki fyrr en í desember. Sjálfsagt mætti nefna fleiri slík dæmi. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál, þó að það sé stórt. Enda hef ég nú drepið á aðaldrætti þess.

Ég get aðeins nefnt það svona til dæmis, áður en ég yfirgef þetta, til þess að sýna, hvort það hafi staðið á innflutningsleyfum, að þau væru veitt árið 1940, — þá var innflutningur leyfður fyrir 2 millj. kr. og þar að auki voru búsáhöld á frílista að miklu leyti frá því í ágúst til ársloka. Þó var ekki flutt inn út á þessi leyfi fyrir meira en 1173000 kr., sem var fyrir það, að illa gekk að fá þær vörur afhentar í Bretlandi, ekki aðeins á fyrri hluta ársins, heldur líka á seinni hluta ársins. Ég held, að við verðum að gera okkur það ljóst, að við höfðum ekki möguleika til þess á síðast liðnu ári, og munum ekki hafa í framtíðinni, meðan öllu háttar eins og nú er, að breyta þessum innieignum okkar í Bretlandi í raunveruleg verðmæti, nema að mjög takmörkuðu leyti, af þeirri einföldu ástæðu, að þjóðir, sem eiga í hernaði, gleypa ekki alltaf við því að láta af höndum frá sér ýmsar vörutegundir, og hafa því ekki á boðstólum nema takmarkað vöruval, því að framleiðslan er miðuð við hernaðarþarfir, og ekki síður er það af annarri ástæðu, að við getum ekki breytt innieignum okkar þannig, nefnilega því, að skipakostur er ekki fullnægjandi fyrir hendi til þess að flytja miklar vörur til landsins. Og ég vil líka benda á í því sambandi, að þau skip, sem siglt hafa milli Englands og Íslands á vegum Eimskipafélags Íslands, þau hafa allt síðast liðið ár haft fullfermi að flytja af vörum til landsins eins og þau mest hafa komizt yfir, og venjulega hafa legið eftir vörur, sem þau gátu ekki tekið að sér að flytja.

Það er því miður margt annað en útgáfa innflutningsleyfa á Íslandi, sem máli skiptir um innflutning til landsins, þegar styrjaldarástand er komið.

Ég hef ekki gert að umtalsefni innflutning frá Ameríku, enda beindi hv. þm. Vestm. fyrirspurn sinni þannig, hvort innflutningsmöguleikar frá Bretlandi hefðu verið notaðir eins og æskilegt hefði verið árið 1940. En þegar við lít-

um til baka yfir árið 1940, þá verðum við að setja okkur í þau spor, sem við stóðum í þá, en ekki miða við það viðhorf, sem nú er, því að framan af því ári var svo gerólíkt viðhorf því, sem skapaðist síðar á árinu. Því að það er ekki fyrr en í júlí sem byrjuðu að myndast innieignir í Bretlandi. Og frá því í júlímánuði, að innieignir byrjuðu að myndast, og þangað til í byrjun janúar árið eftir (jan. s. l.), held ég að þessi innieign hafi verið orðin á þriðju millj. sterlingspund, á 6 mánuðum þannig yfir 2 millj. sterlingspunda. Framan af árinu vissum við ekki neitt um gjaldeyrismöguleika ársins í heild. En þegar kemur fram á mitt ár, fer þetta að breytast og gerbreytist svona algerlega. Það er næsta fróðlegt í þessu sambandi að athuga sölu togaranna.

Það, sem gerir þessa breyt., er þrennt. Verðið á ísfiskinum tvöfaldast a. m. k. eða jafnvel margfaldast, þegar kemur fram á sumarið. Brezki herinn flytur inn peninga vegna herkostnaðar, miklu meiri heldur en okkur nokkurn tíma grunaði fyrirfram, og í þriðja lagi voru síldveiðarnar með afbrigðum tekjumiklar. Þetta þrennt hefur átt ríkastan þátt í að skapa þessa þróun, sem er algerlega einsdæmi í okkar viðskiptalífi, og gerbreyta svona ástandinu í þeim efnum á örfáum mánuðum.

Þá ætla ég, áður en ég vík að fyrirspurn hv þm. Vestm. um sterlingspundabindinguna, að minnast á tvær spurningar hans. Fyrst er þá þetta: Kaupa íslenzku bankarnir sterlingspund af öðrum aðilum en útflytjendum, og hve mikið hefur verið keypt af pundum af öðrum sterlingspundaeigendum? Hv. þm. spyr ekki um þetta af því, að hann viti það ekki, og er ekkert um það að segja. En íslenzku bankarnir kaupa sterlingspund af Bretum og láta þeim í té í staðinn íslenzka peninga til þess að standast greiðslur hér. Og samkvæmt því samkomulagi, sem gert hefur verið, eru þessi viðskipti gerð. Hins vegar mun ég ekki gefa upplýsingar um það nú, af því að ég hef þær ekki á reiðum höndum og tel heldur ekki ástæðu til þess á þessu stigi, hve háar upphæðir hér er um að ræða. Það gæti ég þá tekið til athugunar síðar, ef ástæða þykir til.

Þá óskar hv. þm. Vestm. að fá að vita, hvernig fyrirkomulag sé nú á úthlutun erlends gjaldeyris, og í því sambandi vil ég upplýsa, að það er óbreytt frá því, sem áður var, að öðru leyti en því, að það er samningsatriði á milli íslenzku ríkisstj. annars vegar og brezku ríkisstj. hins vegar, hvað fæst af dollurum til yfirfærslu frá Bretlandi til Ameríku. Og samkvæmt því eru allar dollarayfirfærslur gerðar í samráði við Breta. Þessu er hagað þannig, að menn senda inn umsóknir sínar um dollara til innflutnings- og gjaldeyrisnefndar, sem síðan tekur þær til afgreiðslu í samráði við umboðsmann Breta hér, hvað hægt sé að afgreiða af dollurum upp í þessar umsóknir. Hingað til hefur það verið svo, að dollarar hafa verið látnir fyrir helztu nauðsynjum, sem áður voru fluttar inn frá Bandaríkjunum. Þetta fyrirkomulag stafar af því, að samkvæmt brezkri gjaldeyrislöggjöf og gjaldeyrisfyrirkomulagi Breta er ekki hægt að yfirfæra til annarra landa af pundainnieignum, nema með sérstöku samþykki brezkra yfirvalda.

Ég hygg nú, að ég hafi minnzt á spurningar hv. þm., nema þær, sem snerta pundabindinguna. Ég mun svara sumum þeirra, en láta nánari svör við sumum bíða.

Hv. þm. spurði, hverju innieign Landsbankans hefði numið, þegar hömlurnar voru settar. Ég verð að viðurkenna, að ég man þetta ekki nákvæmlega, en það mun hafa numið rúmlega 2 millj. punda.

Hv. þm. minntist á það í sambandi við þessa fyrirspurn, að það fyrirkomulag hefði verið haft áður á viðskiptunum, að gjaldeyririnn hafi ekki verið keyptur á föstu gengi, heldur hafi hann verið tekinn af útflytjendum inn í sérstakan reikning, með öðrum orðum tekinn í umboðssölu. Hér mun hv. þm. eiga við það, hvernig þessu var háttað með ríkismörkin og lírurnar. Mér fannst á honum, að hann liti svo á, að fyrr hefði mátt fara inn á þessa braut með pundin, ef það hefði átt að vera hliðstæð aðferð og notuð var fyrir styrjöldina gagnvart öðrum löndum. Ég vil benda hv. þm. á það, að hér er ólíku saman að jafna. Þegar þessi aðferð var notuð við mörkin og lírurnar, mun það hafa þótt kleift, vegna þess að það var vitað mál, að það mundi aldrei líða mjög langur tími frá því, að útflytjendurnir lögðu til gjaldeyrinn og þangað til búið var að selja hann. Af þessum ástæðum þótti kleift að viðhafa þessa aðferð. Og raunverulega var alltaf búið að selja gjaldeyrinn fyrirfram, með því að það voru tekin lán í þessum löndum. Aftur á móti er það svo með innilokun pundanna, að enginn veit, hversu lengi eigendur pundanna þurfa að bíða eftir að fá þau seld, vegna þess hve mikið er til af pundum í hlutfalli við eftirspurnina. Það var einmitt af þessum ástæðum, að bankarnir og ríkisstj. vildi ekki grípa til þess ráðs að hætta að taka við pundum, fyrr en innieignir bankanna voru orðnar það miklar, að það réttlætti fullkomlega slíka ráðstöfun, sem má kalla neyðarráðstöfun.

Þá spurði hv. þm. að því, eftir hvaða reglum gjaldeyriskaupanefndin starfaði, að öðru leyti en sérstaklega hefur verið auglýst um andvirði ísfiskjar. Þetta er spurning, sem ég verð að sumu leyti að áskilja mér frest til að svara. Á þessu stigi vildi ég aðeins segja það, að ég hygg, að enn sem komið er muni ákv. l. ekki hafa verið beitt gagnvart öðru en ísfiskinum, enda sáralítið annað komið til greina, síðan l. voru sett. Fastar reglur um annað munu heldur ekki hafa verið settar enn. Þær hafa verið í undirbúningi, en hefur dregizt úr hömlu að setja þær, vegna annríkis í sambandi við önnur mál.

Þá gætti nokkurrar óánægju hjá hv. þm. viðvíkjandi því, hvernig snúizt væri við beiðnum frá eigendum innilokuðu pundanna um notkun þeirra til kaupa á nauðsynjum til útgerðarinnar og viðhalds skipanna. Ég verð að segja, að ég á erfitt með að fara út í einstök dæmi, sem hv. þm. tók, en vildi óska eftir, að hann gæfi mér frekari upplýsingar um, hvað það er, sem sérstaklega hefur stungið hann í augun í þessu sambandi, og mun ég þá svara því síðar. Ég ætla hins vegar nú að segja nokkur orð um þetta

atriði almennt. Eins og gefur að skilja, er pundainnilokunin byggð á því, að þessi pund verði ekki notuð til þess að greiða þær kröfur, sem gera mætti ráð fyrir að bankarnir gætu selt gjaldeyri til af sínum vanalegu pundatekjum. Ef þetta væri gert, er augljóst mál, að pundainnilokunin færi út um þúfur. Á þessu er það byggt, ef neitað er um að láta innilokuð pund fyrir síldartunnum og salti, enda væri slíkt óeðlilegt, þegar það er athugað, að pundin eru ekki lokuð inni að öðru leyti en því sem söluandvirði íslenzkra framleiðsluvara fer fram úr tilkostnaði. Ef hér væri t. d. um síld að ræða, mundi ekki vera lokaður inni nema sá hluti af andvirði síldarinnar, sem væri umfram hráefnisverðið og allan kostnað og sæmilegan ágóða. Það mætti eins hneykslast á því, að ekki væri leyfð pund fyrir kolum og þess háttar, því þegar um ísfisk er að ræða, þá er ekki lokað inni annað en afgangurinn, þegar búið er að reikna með öllum kostnaði og m. a. s. nokkrum ágóða.

Ég held, að ég hafi vikið að þeim fyrirspurnum flestum, sem hv. þm. gerði. Vona ég að geta gefið fyllri svör við þeim, sem ég hef nú ekki getað svarað fullkomlega, þegar þetta mál kemur sjálft til umr. hér í d.

Forseti (EÁrna): Ég vildi óska eftir, að hv. þm. héldu sér við dagskrármálið. Þetta er 2. umr. og ætlazt til, að einstakar gr. frv. verði ræddar.

Páll Zóphóníasson: Það var aðeins eitt atriði í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, sem mig langaði að fá nánari upplýsingar um.

Mér skildist á ræðu hæstv. viðskmrh., að það burðarmagn, sem okkar skip hafa, væri takmarkað. Þess vegna hefði verið reynt að hlutast til um, að með skipunum væru fluttar helztu nauðsynjar okkar.

Nú er siglingateppa og við vitum, að töluvert misjafnt er til af ýmsum vörum í landinu. Það mun meðal annars vera til mjög mikið af sumum lítt þörfum vörutegundum, en lítið af ýmsum nauðsynjavörum. Nú langar mig að fá upplýst, hvernig á því stendur, að innflytjendafélag heildsalanna, sem hefur haft frjálsar hendur um innflutning nauðsynja, skuli hvað eftir annað, bæði á þessu ári og síðasta ári, hafa orðið uppiskroppa með nauðsynjavörur og orðið að lifa á lánum frá S. Í. S. Og hvernig stendur á því, að skip, sem nýkomin eru til landsins fullhlaðin vörum, hafa ekki verið látin taka fullfermi af matvöru, heldur eru látin flytja alls konar annan varning, sem ekki er eins nauðsynlegur og sem virzt hefði, að heildsalasambandið hefði síður átt að flytja inn. Ég vildi mjög ákveðið beina því til þeirra, sem hafa um það ráð, hvað flutt er með skipunum, að ekki verði látnar sitja í fyrirrúmi vörur frá Pétri og Páli, sem lítil nauðsyn er fyrir, en látið vanta nauðsynjar, sem fólk þarf til þess að draga fram lífið. Og ef það heldur áfram, að heildsalarnir fáist ekki til að liggja með birgðir, þá verður að athuga, hvort ekki er rétt að setja upp landsverzlun.

***Jóhann Jósefsson:** Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, sem að mörgu leyti voru allýtarleg, hvað upptalningar snerti. Ég skal ekki vefengja, að þar hafi verið rétt með farið í þeim atriðum, sem hæstv. ráðh. vék að. Hins vegar er svo að sjá, eftir að hæstv. ráðh. hefur sett fram sín sjónarmið, að það hafi togazt á í honum nokkuð andstæð öfl, að því er snerti, hvaða stefnu byrjað var að taka gagnvart þeim innieignum, sem söfnuðust fyrir í enskum bönkum fyrir reikning íslenzkra aðila, því ég held, að hæstv. ráðh. hafi lýst yfir því á opinberum vettvangi, — það var að minnsta kosti hans blað —, að nauðsynlegt væri að safna sem mestu fyrir af innieignum í enskum pundum. Það virðast hafa togazt á í honum þessi tvö öfl, annars vegar að safna pundum og hins vegar að kaupa vörur í Englandi. Ég skal að þessu sinni ekki fara langt út í að ræða þessar andstæður, sem komið hafa fram í hugarfari hæstv. ráðh., ekki sízt þar sem hann hefur óskað eftir fresti til þess að svara sumu af mínum fyrirspurnum, en ég vil aðeins benda á, að þær hafa verið fyrir hendi.

Hæstv. ráðh. upplýsti að því er snertir innieign Landsbankans í Englandi, að hún hafi verið orðin 2 millj. punda, þegar farið var að hugsa til að minnka eitthvað yfirreikninginn. **(Viðskmrh.:** Ég sagði: Þegar það komst í framkvæmd). Ég er ekkert að segja, að grípa hefði átt til þessa ráðs. Ég er aðeins að benda á ósamræmið í aðferð bankanna og stjórnarvaldanna í meðferð líra og marka áður og gagnvart pundunum nú. Hæstv. ráðh. hefur að vísu haft tvær skýringar á þessu. Aðra þá, að bankinn hafi í lengstu lög viljað leyfa mönnum að leggja inn pund upp í skuldir sínar, og hina, að borizt hafi meira af pundum frá herstjórninni en búizt var við.

Það, sem ég legg í rauninni mesta áherzlu á nú, er ekki það liðna, heldur það, að forðazt verði í framtíðinni, að þjóðin þurfi að bíða tjón af því að þessum ákvæðum verði beitt óskynsamlega.

Hæstv. ráðh. sagði, að ef ég héldi fram, að leyfa ætti mönnum að kaupa skip fyrir innifrosin pund **(Viðskmrh.:** Ég sagði ekki skip.), þá færi það í bága við tilgang þessara hamla. Það getur vel verið, að það rekist á þessar settu reglur.

Ég bið hæstv. ráðh. að taka það til athugunar, að hér getur verið um upphæðir að ræða, sem mjög er vafasamt, hvort koma eigendum eða þjóðfélaginu að notum. Í því sambandi vil ég helzt óska þess, að ekki séu sett svo einstrengingsleg ákvæði í þessum efnum, að af þeim geti hlotizt alveg sýnilegt tjón. Hæstv. ráðh. sagði, að ef um vörur væri að ræða, sem einhver vildi borga með bundnum pundum, en hins vegar væri unnt að afla þeirra með pundum, sem bankinn seldi, þá ætti ekki að leyfa að nota þessi pund. Ég vil benda á það, að það er vel hugsanlegt, að menn, sem hafa tök á bundnum pundum, geti fengið vörur fyrir þau, sem þeir ekki geta aflað með peningum frá bönkunum, sumpart af því að þeir eiga ekki fé í bönkunum. Það virðist því, að haganlegt lánsfé gæti

riðið baggamuninn um það að fá greitt á þann hátt. Ég vil benda á það, að ég hef heyrt svo mikið niðri í sumum af þeim, sem ráða í bankamálum, að mér hefur á því ekki getað skilizt, að trygging í bundnum pundum væri mikils virði. Ég vil halda því fram, að það sé ekki ábyggilegt, að sá, sem á bundin pund, geti fengið það lán, sem þá þyrfti, til þess að afla þessara vara á annan hátt í bönkunum. Hitt er víst, að það yrði honum alltaf dýrt, jafnvel þó að viðkomandi maður ætti íslenzka peninga og gæti fengið keypta fyrir þá útlenda peninga, t. d. sterlingspund. Það gæti verið álitamál, hvort hann vildi fórna þeim fyrir þessa vöru eða teldi það borga sig, þar sem hann mundi sennilega fús til að verja þessum innifrosna gjaldeyri fyrir þessa vöru. Hæstv. ráðh. sagðist ekki vilja nefna skip í þessu sambandi, og verð ég að skilja það þannig, að hann líti svo á, ef um skipakaup sé að ræða, að hann vilji ekki láta það sama gilda um þau og aðrar vörur. Ég vil benda á það, að ég tel það alveg háskalegt hjá gjaldeyriskaupan., ef hún sumpart dregur menn á svörum og sumpart neitar þeim um að nota bundin pund til að afla skipakosts. Það er alþekkt, að mönnum gefast nú fá tækifæri til þess að eignast skip, og þau fáu tækifæri, sem gefast, verður því að grípa strax. Það er því með öllu óviðunandi að þurfa að bíða vikum saman eftir samþykki gjaldeyriskaupan. Ég get um þetta hér og bið hæstv. ráðh. að athuga það, vegna þess að hann sagði, að þær starfsreglur, sem giltu fyrir gjaldeyriskaupan., væru ósamþ. Hæstv. ráðh. sagði, að hann gæti ekki gefið upp þær upphæðir, sem íslenzkir innflytjendur ættu innifrosnar, og skal ég ekki krefja hann um það. En hitt vil ég segja, að það fer að verða ákaflega erfitt ástand, ef takmarkalaust er tekið á móti þess háttar skuldbindingum og síðan farið að skera við nögl sér afrakstur af íslenzkum afurðum. Með því að hæstv. ráðh. gleymdi að svara sumu af þessu, skal ég ekki svara fleiru að sinni. Að því er snertir fyrirspurn, sem hv. 1. þm. N.-M. beindi til mín, verð ég að kannast við það, að ég er ekki í þessu innkaupafélagi, sem hann minntist á, hvorki meðlimur né í stjórn þess. Ég get því ekki svarað þessari fyrirspurn um innkaupafélagið. Hins vegar hefur viðskmráðun. áskilið sér rétt til að hlutast til um, hvað er í þessum skipum, sem koma vestan um haf, ef nokkuð er farið fram á, sem fer fram yfir brýnustu lífsnauðsynjar, að því er ég bezt veit. Ég bið því hv. þm. að beina þessari fyrirspurn til hæstv. viðskmrh., sem ræður þessum málum.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég ætla ekki að tefja umr., en ég vildi bara leiðrétta það, sem hv. þm. Vestm. sagði, að ég vildi safna sem mestu af enskum pundum, — slíkt hef ég auðvitað aldrei sagt. Hitt er annað mál, hvenær það verður tímabært að flytja inn hvaða vörur sem vera skal. En þetta síðasta, sem hv. þm. var að tala um, gaf mér aðallega ástæðu til að standa upp. Út af fyrirspurn hv. 1. þm. N.-M. til hv. þm. Vestm. get ég upplýst það, að innkaupasambandið hefur, að því er ég bezt veit, ætíð fengið skiprúm, sem það hefur beðið um fyrir matvöru. En það mun hins vegar vera rétt, að það hefur stundum þurft að fá lánaða matvöru hjá S. Í. S., en ég veit ekki um nánari atvik að því, enda skiptir það ekki miklu máli. Hitt hygg ég að sé ekki rétt, að óþarfa vörur hafi komið að vestan, enda eru miklir örðugleikar með gjaldeyri, þó að við vildum kaupa ýmsar aðrar vörur en matvörur. Ef við hefðum hins vegar haft einhverja hugmynd um það, að siglingastöðvun mundi verða til landsins, áður en farmur þessara fjögurra skipa var ákveðinn, þá mundum við hafa lagt enn ríkari áherzlu á að fá aðeins brýnustu nauðsynjavörur. En þrátt fyrir það, þá fluttu skipin a. m. k. nærri undantekningarlaust vörur, sem ákaflega mikil nauðsyn var að fá til landsins.

ATKVGR.
Brtt. 197 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 238).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 238).
Á 45. og 46. fundi í Nd., 26. og 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 312).

---

13. Utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúar þess erlendis.

Á 2. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um utanríkisþjónustu erlendis (stjfrv., A. 11).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eins og hv. d. er bezt kunnugt, var samþ. hér á Alþ. 10. apríl 1940, að utanríkismálin yrðu tekin í hendur Íslendinga. Af þessu leiddi ýmsar ráðstafanir, sem gera þurfti í þessum málum. Að vísu voru ýmis utanríkismál raunverulega í höndum Íslendinga, áður en þessi ályktun var gerð, en þó voru mörg, sem farið var með af hálfu þess

umboðsmanns utanríkismálaráðun. danska, sem um þau átti að fjalla samkv. ákvæðum sambandslaganna frá 1918.

Um leið og þessi ályktun var gerð á Alþ., var í raun og veru í fyrsta skipti stofnað sérstakt utanríkismálaráðuneyti á Íslandi. Áður hafði það verið deild í stjórnarráðinu, sem hafði að vísu sérstakan skrifstofustjóra á seinni árum, sem fór með þessi mál af okkar hálfu, en framan af voru þau þó aðallega í höndum eins aðstoðarmanns, sem stóð beint undir þann ráðherra, sem með utanríkismálin fór. En stofnun sérstaks utanríkismálaráðuneytis að forminu til var ekki stærsta skipulagsbreytingin, sem þessi ályktun hafði í för með sér, heldur var hitt ef til vill mikilsverðara, að með henni fengum við í fyrsta sinn sjálfstæða utanríkisþjónustu, fulltrúa valda af íslenzku ríkisstjórninni til þess að gæta hagsmuna íslenzku þjóðarinnar erlendis.

En eftir ályktunina 10. apríl var auðsætt, að setja yrði sem fyrst um þetta einhverjar fastar reglur, sérstaklega eftir að utanríkisþjónustan erlendis var komin á. Það mátti ekki dragast til næsta Alþ. Þess vegna voru gefin út bráðabirgðal., sem hér liggja fyrir. Þau voru gefin út 8. júlí 1940.

Hvað mest knýjandi ástæðan fyrir setningu þessara bráðabirgðal. var sú, að setja þurfti reglur um starfsemi erindreka þjóðarinnar erlendis, til þess að þeir gætu með bindandi verkun framkvæmt viss störf, sem alltaf falla í verkahring slíkra útsendra fulltrúa, svo sem ýmsar embættisgerðir — notarialgerðir —, sem verða að hafa lagalegan grundvöll. Í annan stað var það harla nauðsynlegt fyrir álit íslenzka ríkisins, að fyrsta utanríkisþjónustan, sem var runnin heiman frá Íslandi, væri byggð á lögum, því að þannig er það í öllum menningarlöndum, að utanríkisþjónustan er byggð á sérstökum l. og fyrirmælum.

Í raun og veru teldi ég rétt, og því vildi ég skjóta til n., sem fær málið til meðferðar, að bæta við einni eða tveimur greinum, þar sem slegið væri föstu, að starfandi væri utanríkismálaráðuneyti í Reykjavík, og að starfsmenn þess væru sumpart þeir, sem störfuðu í ráðuneytinu hér heima, og sumpart þeir menn, sem störfuðu erlendis á vegum íslenzku ríkisstj. sem fulltrúar íslenzka ríkisins. Ég teldi þetta rétt og formlegra fyrir allra hluta sakir og einnig vegna þess, að allir Íslendingar munu án efa vænta þess, að hér eftir verði utanríkismálin eingöngu í höndum Íslendinga sjálfra, hverju sem fram fer að öðru leyti um sjálfstæðismál okkar. Við höfum þegar sýnt það, með þeim ráðstöfunum, sem við erum búnir að gera, að við erum þess megnugir að taka þessi mál í okkar hendur að öllu leyti. Okkur mun ekki vanta dugandi menn til að takast á hendur þessi störf, og fjárhagshliðina verður okkur ekki ofvaxið að yfirstíga, ef skynsamlega er á málunum haldið.

Um frv. sjálft þarf ég ekki að vera mjög langorður. Það er undirbúið af Sveini Björnssyni sendiherra, sem er trúnaðarmaður ríkisstj. í þessum málum, og athugað í utanríkismálaráðuneytinu hér heima, enn fremur hefur það verið rætt ýtarlega í ríkisstjórninni.

Í frv. er því slegið föstu, að útsendir fulltrúar skuli vera tvenns konar. Annars vegar diplómatiskir erindrekar — sendiherrar og sendifulltrúar — og hins vegar verzlunarerindrekar — konsúlar og ræðismenn —. Er þessi skipting í samræmi við það, sem tíðkast í þessum efnum meðal annarra þjóða. Hins vegar er því ekki slegið föstu í frv., hvar skuli vera sendisveitir og ræðismenn, en það er gert í sams konar lögum hjá flestum öðrum þjóðum. Þótti ekki rétt að slá því föstu að svo stöddu, meðan þessi starfsemi er á byrjunarstigi og nauðsynlegt er að prófa sig áfram í þeim efnum. Er þess vegna ákveðið í frv., að það skuli ákveðið með sérstakri tilskipun af ríkisstj., hvar skuli vera stofnuð sendiráð og ræðismannsstöður.

Ég skal geta þess, að eins og hv. þm. vita, var aðeins til eitt íslenzkt sendiráð áður en l. gengu í gildi, — það var sendiráðið í Kaupmannahöfn. Þegar sambandsl. frá 1918 gengu í gildi, var stofnað íslenzkt sendiráð í Kaupmannahöfn, og hefur það starfað allan þann tíma, sem síðan er liðinn. En nú hefur verið bætt við 3 sendiráðum, sendiráðinu í London, og Stokkhólmi og auk þess sendifulltrúa hjá norsku landflóttastjórninni í London. Auk þess hefur verið stofnað sérstakt aðalkonsúlat í New York, eftir nákvæma athugun á því máli, en þar hefði getað komið til mála að hafa sendiráð, en eftir upplýsingum, sem fyrir liggja frá útsendum fulltrúum, bæði Thor Thors og Vilhjálmi Þór, þótti ekki að svo komnu máli ástæða vera til að stofna sendiráð í Bandaríkjunum. Sendiráðið hefði þurft að hafa aðsetur sitt í Washington, — aðsetursstað stjórnarinnar —, en hins vegar er langmest að gera fyrir erindrekann í aðalstöð viðskipta Bandaríkjanna, sem er New York. Það hefði hins vegar orðið mjög kostnaðarsamt að hafa sendimenn á báðum stöðunum, eins og flestar aðrar þjóðir hafa. Ég get líka upplýst, að með núverandi fyrirkomulagi höfum við tryggingu fyrir því, að fulltrúi okkar eigi nokkuð greiðan og beinan aðgang að utanríkisráðuneytinu í Washington.

Þá vil ég minnast á það atriði, sem mörgum mun finnast einkennilegt, en það eru laun sendimannanna. Í 4. gr. segir, að árslaun sendiherra skuli vera 10000 kr., árslaun sendifulltrúa og útsendra aðalræðimanna 8000 kr. og útsendra ræðismanna 4200 kr. Ríkisstj. fannst að öllu leyti eðlilegast, að launin væru svipuð að hæð eins og laun þeirra íslenzkra embættismanna, sem hæst laun hafa, en það er talið 10000 krónur. Hins vegar er talið nauðsynlegt, að þessir menn fái vissar uppbætur, eftir því í hvaða landi þeir eru (staðaruppbætur). Ég tel þetta fyrirkomulag mjög hagkvæmt fyrir íslenzka ríkið, því að það er gert ráð fyrir, að íslenzkir sendimenn erlendis muni öðru hverju vera kallaðir til þjónustu hér heima í utanríkismálaráðuneytinu í Reykjavík. En það væri næsta óeðlilegt, að þeir hefðu þá miklu hærri laun en aðrir íslenzkir embættismenn. Með því

fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi staðaruppbótin hverfa, ef viðkomandi væri kallaður til þjónustu hér heima, og hann þá hafa sín föstu grunnlaun.

Það mundi ef til vill vera fróðlegt að heyra um, hvaða staðaruppbætur hafa verið ákveðnar til bráðabirgða til sendimanna okkar erlendis, og skal ég gjarnan gefa upplýsingar um það.

Staðaruppbót sendifulltrúans í London hefur verið ákveðin 23000 ísl. kr., og er það miðað við það, að sendifulltrúinn hafi 100 pund á mánuði, en þau launakjör hafði Pétur Benediktsson áður sem starfsmaður dönsku sendisveitarinnar í London, og gaf hann kost á sér fyrir sömu laun. Hins vegar má búast við, að staðaruppbótin hljóti að hækka, vegna vaxandi dýrtíðar í Englandi. Ég skal geta þess, að sendimönnum er ekki ákveðin nein sérstök risna, en staðaruppbótin er miðuð við það, að þeir geti komið fram á þann hátt, sem þykir sæmilegt, án nokkurs íburðar eða tildurs, svo að ekki verði álitið, að hér sé um sendimenn slíks kotríkis að ræða, sem skeri sig úr frá öðrum sendimönnum.

Staðaruppbót aðalræðismannsins í New York hefur verið ákveðin 35000 ísl. kr. Er það nokkru lægra en staðaruppbót sams konar starfsmanna norskra, eins og hún var, áður en Noregur var lagður undir Þýzkaland, og allmiklu lægri en staðaruppbót aðalræðismanns Svía í New York.

Staðaruppbót sendifulltrúans í Stokkhólmi var ákveðin 22000 ísl. kr. Sendifulltrúinn hefur þannig eins og er 30000 ísl. kr. í árslaun, og mun það vera lægra en hjá nokkrum útsendum sendifulltrúum þar í landi.

Þetta vildi ég taka fram viðvíkjandi ákvæðum frv. um launakjör sendimanna ríkisins.

Í 5. gr. frv. er rætt um kjörræðismenn, en það er gert ráð fyrir, að þeir verði útnefndir allvíða. Er verið að undirbúa útnefningu allmargra kjörræðismanna, aðallega í Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada. Hefur þegar verið skipaður einn kjörræðismaður í Edinborg og Leith, Sigursteinn Magnússon, sem þar hefur dvalið alllengi. Er undirbúningi undir útnefningu kjörræðismanna alllangt komið, og liggja þegar fyrir tillögur frá útsendum fulltrúum viðvíkjandi þessu máli. Hefur komið til orða að útnefna kjörræðismenn á eftirtöldum stöðum í Bretlandi, auk þess, sem þegar hefur verið útnefndur:

Hull, Newcastle, Aberdeen, Grimsby, Fleetwood, Glasgow og Liverpool.

Aðalræðismaðurinn í New York hefur gert tillögur um að útnefna kjörræðismenn á eftirtöldum stöðum í Bandaríkjunum:

Chicago, Boston, Baltimore, San Francisco, Portland, Grand Forks, Minneapolis, og enn fremur á þessum stöðum í Kanada:

Halifax, Winnipeg, Montreal, St. John (Nova Scotia), St. Johns (New Foundland).

Það hefur ekki enn þá unnizt tími til þess að ákveða um útnefningu þessara kjörræðismanna, en búast má við, að það verði gerð gangskör að því að koma henni í kring á næstunni.

Ég skal geta þess, að í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir, að fyrir embættisverk starfsmanna utanríkismála skuli greiða gjald eftir nánari reglum, sem settar verða. Frv. að þessari reglugerð hefur þegar verið samið og er til athugunar hjá ríkisstj., sérstaklega í fjármálaráðuneytinu. Má gera ráð fyrir, að gengið verði til fullnustu frá þessari reglugerð á næstunni.

Loks er gert ráð fyrir því í 11. gr., að ríkisstj. setji sendimönnum ríkisins starfsreglur. Sveinn Björnsson sendiherra hefur, eftir beiðni ríkisstj., samið leiðbeiningabók fyrir sendimenn ríkisins erlendis. Er verið að leggja síðustu hönd að því að þýða þessa bók á enska tungu, því að gera má ráð fyrir, að talsvert af kjörræðismönnum okkar verði ekki íslenzkir ríkisborgarar og skilji ekki eða lesi íslenzka tungu. Þessir menn þurfa því að hafa leiðbeiningarreglur á einhverju máli, sem þeir geta sjálfir lesið og skilið. Þessi bók Sveins Björnssonar verður mikið rit. Má búast við, að farið verði bráðlega að prenta það. Verður það síðan sent fulltrúum Íslands erlendis, ekki einungis útsendum fulltrúum, heldur og kjörræðismönnum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um frv. miklu fleiri orðum. En ég vildi æskja þess, að hv. allshn., sem ég legg til, að fái frv. til athugunar að lokinni umr., geri sér grein fyrir, eins og ég ræddi um áðan, hvort ekki komi til mála að bæta við frv. ákvæðum, þar sem því væri slegið föstu, sem þegar er komið til framkvæmda um utanríkisráðuneytið í Reykjavík. Ég er fús til að veita þeim, sem óska, upplýsingar um þetta mál. Það er þess eðlis, flestum öðrum málum fremur, að vanda þarf í upphafi grundvöll þess eins og frekast verður unnt. Ég geri ráð fyrir, að setja þurfi sérstaka reglugerð um starfsemi utanríkisráðuneytisins í Reykjavík. Ég býst við, að nauðsyn reynist að kljúfa það a. m. k. í tvær deildir, annars vegar verzlunar- og viðskiptadeild, hins vegar stjórnmáladeild og löggjafar. Herra Sveinn Björnsson hefur ritað ríkisstj. ýtarlegt erindi um þessi mál, og þótt ekki hafi verið tekin nein afstaða til þeirra í ríkisstj. enn, verður ekki hjá því komizt til lengdar. Erlendis er utanríkisráðuneyti alls staðar haft í fleiri deildum en tveim, en sakir fámennis og fátæktar verðum við að sníða okkur stakk eftir vexti og fjölga ekki nema sem allra minnst. Sú hugsun má þó aldrei leiða til þess kotungsháttar, að svikizt sé um að gera þær ráðstafanir, sem brýnt er að gera í þýðingarmestu efnum, eins og óhætt er að telja þessi mál þjóðfélagsins.

*__Einar Olgeirsson__: Herra forseti! Um þetta frv. er í rauninni ekki mikið að segja. Það er eðlileg og sjálfsögð afleiðing þess spors, sem Alþ. steig í fyrra, 10. apríl, að taka utanríkismál ríkisins að fullu í okkar hendur.

Annað mál er það, að um leið og hin nýja skipan utanríkismálanna er nánar ákveðin með lögum, eins og frv. þetta miðar að, verður óhjákvæmilega að ákveða eitthvað um það, að við Íslendingar eigum að hafa einhverja utanríkismálastefnu sjálfir, í samræmi við þjóðarhagsmuni okkar, en ekki neitt annað.

Það hefur verið reynt að sjá svo um, að ekki gæfist tilefni til slíkra umræðna hér á Alþ. síðan 10. apríl s. l. Undanfarið hefur ríkisstj. tekið með launung og einræði, en ekki þingræði, ákvarðanir í málum, sem varða alþjóð og Alþ. á skyldu og kröfu til að ræða, sumt e. t. v. fyrir luktum dyrum, en margt þannig, að almenningur fengi að fylgjast með, svo að hann gæti síðan tekið til þess heilbrigða afstöðu, eins og vera ber í lýðræðislandi, Nú hefur verið gefið í skyn í blöðum stj., að mjög áríðandi mál lægju fyrir til úrlausnar hjá henni, en Alþ. er dulið þess, hvað í rauninni er að gerast og hverjar ráðstafanir hin svokallaða lýðræðisstjórn landsins hyggst að gera. Þetta er á þeim tíma, þegar allar ríkisstj. um gervallan heim telja það skyldu sína að leggja utanríkismálin öllum öðrum málum fremur undir alþjóðardóm og úrskurð þinganna. Og ég álít, að það sé jafnvel meiri ástæða fyrir íslenzku stj. að gera það en nokkra aðra ríkisstjórn í heimi. Hér hefur verið níðzt á sjálfsögðustu reglum þingræðisins í þessum málum. Það mætti ætla, að hæstv. ríkisstj. þætti samt skynsamlegra að hverfa nú um stund að einhverju leyti frá einræðisstefnunni og ræða málin hér opinberlega. Ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að hlutast til um það, að þessi veigamiklu mál, sem ég hef drepið á, verði tekin til umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 11, n. 106, 127).

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Frv. þetta var fyrst borið fram sem bráðabirgðal., og sjá hv. þm. því í rökstuðningi fyrir setningu l. ástæðuna fyrir því, að frv. er borið fram. Bráðabirgðal. eru þannig fyrst afleiðing af þál. þeirri, er samþ. var hér á Alþ. 10. apríl í fyrra, þar sem samþ. var, að Ísland tæki öll utanríkismál sín í sínar hendur, þar sem sýnt þótti, að Danmörk gæti ekki rækt umboð það, sem hún samkv. sambandslagasamningnum hafði til þess að fara með utanríkismál vor.

Allshn. er alveg sammála stj. um, að ekki hafi verið um annað að ræða en setja bráðabirgðal. Jafnframt hefur hún athugað málið allgaumgæfilega og að engu viljað rasa um ráð fram, því að hér er um stórmál að ræða. Afleiðingin af athugunum n. hefur svo orðið sú, að hún hefur borið fram brtt. á þskj. 106, sem allar miða að því að gera l. skýrari, án þess þó að um efnisbreyt. sé að ræða. Þá hefur og nefndin borið fram á sérstöku þskj. brtt., er henni bárust frá utanríkismálaráðuneytinu, en þær ganga í þá átt að lögfesta utanríkisráðuneytið. Að brtt. þessar eru bornar fram svona sérstaklega, er sakir þess, að n. bárust þær svo seint í hendur, en hins vegar taldi hún alveg sjálfsagt að taka þær upp í lögin.

Fyrsta brtt. er við 1. gr. frv. Er þar lagt til að fella niður atkvæðið „mála“ úr orðinu utanríkismálaráðuneytið. Verður heiti ráðuneytisins samkv. því hér eftir: „utanríkisráðuneyti“, í stað „utanríkismálaráðuneyti“. Þetta er fallegra orð.

Þá leggur n. til, að 2. og 3. gr. frv. verði sama greinin. Í 3. gr. frv. segir: „Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum útsendir ræðismenn skuli vera, og skipar þá“. Þetta taldi n. rétt að orða einnig dálítið á annan veg, eins og nál. ber með sér. Greinatalan breytist því samkv. þessu.

Í 4. gr. frv., sem nú verður 3. gr., eru ákvæði um laun fulltrúa ríkisins erlendis, en þeir eru: sendiherrar, sendifulltrúar, aðalræðismenn, ræðismenn og vararæðismenn. Laun þessara manna eru ákveðin í samræmi við laun embættismanna hér. Þannig er ætlazt til, að laun sendiherra verði hliðstæð launum ráðherra o. s. frv. Þá er og í þessari grein gert ráð fyrir, að greiddar verði staðaruppbætur, sem ríkisstj. á að ákveða með hliðsjón af verðlagi á lífsnauðsynjum þar, sem viðkomandi dvelur.

Þá vil ég geta þess, að n. hefur sett í stað orðanna „að senda menn út“ orðin „að senda menn utan“. Hún vill halda gamla orðinu, „að senda menn utan“. Það er gömul málvenja að orða þetta svo, og þykir því fara betur á því.

Þá leggur n. til, að 8. og 9. gr. verði settar saman í eina grein, og verður það 7. gr. Það þótti fara betur á því að hafa þetta saman.

Þá var og nokkuð rætt um það í n., hvort fulltrúar ráðuneytisins erlendis mættu taka laun fyrir aukastörf, og var n. á einu máli um, að slíkt mætti ekki. Þessi ákvörðun n. kann nú ef til vill að orka nokkuð tvímælis, en n. telur alveg nauðsynlegt, að allt sé gert til þess að þessir trúnaðarmenn okkar á erlendum vettvangi verði gerðir sem háðastir landinu. Samkv. þessu mega þeir ekki heldur gegna störfum hér á landi, svo sem þingstörfum, kaupsýslu o. s. frv. Hér er miðað að því að gera þá sem óháðasta öllum. Við erum fámenn og fátæk þjóð og þurfum því á öllum starfskröftum þeirra að halda. N. sá ekki ástæðu til þess að taka ákvæði um þetta upp í frv., enda ekki hægt að öllu leyti, þar sem ákvæði stjórnarskrárinnar eru alveg tæmandi um það, hverjir megi ekki sitja á þingi. N. treystir því, að þetta verði tekið til athugunar af öllum, sem hlut eiga að máli, enda er þetta í beinu framhaldi af því, sem tíðkazt hefur til þessa um alla þá fulltrúa, er við höfum haft erlendis hingað til, þeir hafa ekki haft nein aukastörf með höndum.

Ég vil leyfa mér að þakka utanríkisráðuneytinu fyrir skýrslu þá um kostnað við utanríkismálin, er n. bað ráðuneytið um og fékk mjög fljótlega. Út af skýrslu þessari vil ég beina þeirri fyrirspurn að hæstv. utanríkisráðh., hvernig á því standi, að fulltrúi í ráðuneytinu virðist hafa 4 þús. kr. hærri laun en skrifstofustjórinn. Slíkt er ekki venja, að undirmaður hafi hærri laun en yfirmaður hans. Samkv. skýrslunni virðist svo sem þessi óeðlilega launagreiðsla eigi að halda áfram.

Hér er talað um skrifstofu Sveins Björnssonar, sendiherra í Reykjavík. Ég efast ekki um, að hér sé um nauðsynlega skrifstofu að ræða, en mér fyndist vel til fundið, ef hæstv. utanríkisráðh. gæfi hér í þinginu upplýsingar um þessa skrifstofu, sem er eftir kostnaðarskýrslunni allkostnaðarsöm, jafnvel kostnaðarsamari en utanríkismálaráðuneytið heima. Samkv. áætlun á fylgiskjali II. er gert ráð fyrir, að sett sé inn í fjárlögin 60 þús. kr. fjárveiting, sem yrði kostnaður vegna samninga við erlend ríki. Er hér átt við ársgreiðslu til danska utanríkismálaráðuneytisins. Má vissulega deila um það, hvort rétt sé að setja þennan lið í fjárl. eða ekki, en ég segi fyrir mitt leyti, að mér finnst eðlilegast, að það sé ekki gert. Þarna er tekið fram, að það sé vafasamt, hvort þessi fjárupphæð verði nokkurn tíma greidd, og gengið út frá því, að ekki þurfi að greiða sérstaklega fyrir þetta starf. Hið sama gildir um sambandslagan., sem ástæða er til að ætla, að ekki starfi lengur. Í síðustu málsgr. á þessu fskj. er þess getið, að ekki liggi fyrir nein viðurkenning um fiskifulltrúa Íslands í Miðjarðarhafslöndunum sem sendifulltrúa á Spáni og Portúgal, og er þar talið rétt að láta fjárveitinguna standa óbreytta. Ég ætla nú ekkert að þrefa um þetta atriði, hvort þessi fjárveiting sé í fjárl. eða ekki. En mér er kunnugt um sem nm. í utanríkismálanefnd, og ekkert er á móti því að hv. d. viti það, að þrátt fyrir, að ég held ítrekaðar tilraunir til þess að fá viðurkenningu á þessum sendifulltrúum fyrir Ísland á Spáni og Ítalíu, hafa engin svör þaðan fengizt. Hefur ekki verið tekið við sendimönnum frá okkur nema í þeim löndum, þar sem lýðræði ríkir, í Bretlandi, Bandaríkjunum og Svíþjóð. Að vísu höfum við umboðsmann í Danmörku, en Danmörk hefur nú sérstaka aðstöðu, þar sem landið var hertekið gegn mótmælum, án þess um verulega mótstöðu væri að ræða.

Eitt atriði í þessum málum má búast við, að verði mikið rætt í blöðum og ritum, en það er afstaða manna til kostnaðarins af þessum málum. Það er engum vafa bundið, að sjálfsagt er að forðast allt tildur og fordild, sem getur ofboðið fjárhag okkar á þessu sviði og ekki eykur hróður landsins út á við. Ég vil kasta því hér fram, af því að menn verða að hafa það hugfast, að við erum ekki fleiri en svo að íbúatölu, að ef við værum saman komin í einn bæ erlendis, mundi sá bær ekki talinn nema smáborg. Samkv. þeirri staðreynd verðum við að herða okkur upp og horfast í augu við þann sannleika, að hlutfallslega hlýtur að verða margfalt dýrara fyrir okkur en aðrar þjóðir að fara með utanríkismál okkar, svo að við sé unandi. Með tilliti til þessa vill n. vara við of miklu óhófi á þessu sviði, en jafnframt vara við of mikilli sýtingssemi, sem mundi gera starf fulltrúanna í útlöndum gagnslaust. Við verðum að skilja það, að með því að taka utanríkismálin í okkar hendur, sem flestir Íslendingar álíta, að eðlilegt sé, höfum við bundið okkur meiri bagga en jafnvel nokkur önnur þjóð. Við verðum að hafa í huga, að þó að sparsemin sé nauðsynleg, þá er hitt ekki síður nauðsynlegt, að sjá okkur sómasamlega farborða með utanríkisstörfin erlendis, þó að við verðum að leggja á okkur þungar byrðar til að ná settu marki. Ég vil nefna hér dæmi: Setjum svo, að við ætluðum að brúa á, og rannsókn leiddi það í ljós, að brúin mundi kosta 200 þús. kr. Ef við ætluðum að ná settu marki og koma mönnum þurrum fótum yfir ána, yrðum við að taka afleiðingunum af þeirri ósk okkar og leggja fram 200 þús. kr., en ekki aðeins 100 þús. og stoppa í miðri ánni. Mér virðist, að sömu hugsunina mætti heimfæra á meðferð okkar á utanríkismálunum. Við eigum ekki að kasta fé í óhóflegt tildur, en þora að taka afleiðingunum af því stóra spori, sem við viljum stíga, að taka algerlega í okkar hendur utanríkismálin og fara þannig með þau, að þau komi að fullum notum fyrir land og þjóð. Ég held þess vegna, að hin rétta leið í þessum efnum muni vera hinn góði, forni og gullni meðalvegur, þar sem tekið er fullt tillit til allra aðstæðna. Það þýðir lítið, að menn séu að blása sig út af sérstökum sparsemisanda, án þess að vita, að versta sparsemin er sú að leggja fram svo lítið fé til þess, sem framkvæma þarf, að ekki sé hægt að ná takmarkinu, svo að fullur sómi sé að. Það er að kasta peningunum í sjóinn, eins og ég nefndi í dæminu áðan. Við verðum að reyna allt, sem við getum, til þess að geta komið málunum fyrir á sem hagkvæmastan hátt og standa undir þeim þungu höggum, sem við erum sammála um að taka okkur á herðar.

*__Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):__ Ég vil leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Hún hefur kynnt sér málið rækilega og lagt fram nokkrar brtt. við frv., sem fyrir lá, og flestar eru þær málsbreytingar, en engar efnisbreytingar, aðrar en þær, sem ráðuneytið taldi æskilegt að gera á frv. sjálfu. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða brtt. n., en vil minnast á eitt atriðið, sem kalla má málsbreyt., en það er að láta „utanríkisráðuneyti“ koma í staðinn fyrir „utanríkismálaráðuneyti“. Eins og orðið var upphaflega í frv. var það meira í samræmi við nöfn á okkar ráðuneytum, t. d. dómsmálaráðuneyti, atvinnumálaráðuneyti o. s. frv. En ég játa, að bezt muni fari á því að sleppa hér úr „mála“ og kalla það utanríkisráðuneyti.

Út af þeim almennu hugleiðingum, sem hv. þm. Barð. talaði um í sambandi við utanríkismálin og kostnaðinn við þau, þá erum við sennilega öll sammála um þær meginreglur að sýna svo mikla hagsýni við rekstur þessara mála sem auðið er. En við megum þó ekki gleyma, að þessi mál eru þýðingarmikil fyrir þjóðina í heild sinni, og það gæti orðið dýr sparnaður að skera um of við nögl sér á þessum sviðum. Nú hefur ríkisstj. sérstaklega fylgt þessari reglu, sem hv. þm. benti á, og tekið til athugunar launakjör útsendra fulltrúa á Norðurlöndum, einkum í Noregi og Svíþjóð. En launakjör sendimanna íslenzka ríkisins bæði í New York og London eru langt fyrir neðan það, sem lægst er greitt á Norðurlöndum, en það er í Noregi. Í þessum borgum er staða sendimann-

anna alveg sambærileg við stöðu aðalræðismannsins íslenzka í New York, svo að hann ætti að hafa sömu launakjör og þeir. Öll Norðurlöndin hafa sendimenn í Washington, en aðalræðismann í New York, alveg eins og í Þýzkalandi, þar sem aðalræðismaðurinn er ekki í höfuðborginni, heldur í Hamborg, sem er miklu þýðingarmeiri verzlunar- og viðskiptaborg. Eins og ég hef áður sagt, eru launakjör íslenzka aðalræðismannsins lægri en hjá sams konar norskum og sænskum embættismönnum. Ég held, að ríkisstj. hafi byrjað þessar framkvæmdir með því að fara eins gætilega og unnt er, en haft þó um leið í huga að geta fengið hæfa menn til starfsins, og að þeir gætu lifað sómasamlega, þar sem þeir væru búsettir, af þeim launum, sem þeim væru ákveðin. En af því að hv. frsm. minntist á kostnaðinn af þessum málum, og af því að hér er prentuð sem fskj. með nál. skýrsla um þennan kostnað, þykir mér rétt að gera smávegis leiðréttingu strax. Eftir að skýrsla þessi hafði verið samin og send í prentun, höfðu launakjör sendifulltrúa okkar í London verið hækkuð um 50% á síðustu áramótum. Þau voru áður 100 pund á mánuði, en það er langt fyrir neðan það, sem slíkir menn hafa í þeirri borg, og svo hafði dýrtíðin vaxið. Var því engan veginn unnt fyrir sendifulltrúann að búa við þau launakjör, sem upprunalega voru ákveðin, svo að sjálfsagt var að hækka þau um 50%. Ég hygg, að það sé ekki ofreiknað hjá ríkisstjórninni, þó að hún greiði þessum fulltrúa sínum svo há laun, enda eru störf hans fyllilega sambærileg við sams konar stöðu annarra þjóða. Auk þess hefur hann mikið verkefni með höndum, sem er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt.

Út af þeim samanburði, sem hv. frsm. gerði á launakjörum skrifstofustjóra og fulltrúa í utanríkisráðuneytinu, vil ég segja hér örfá orð. Þegar launakjör fulltrúanna eru talin eins og skýrslan sýnir 6436 kr., þá eru þar með talin laun fyrir sérstök störf hjá forsætisráðuneytinu, sem koma ekki beinlínis við utanríkisráðuneytið. Annars hefur hann nokkru lægri laun heldur en skrifstofustjóri.

Viðvíkjandi skrifstofu Sveins Björnssonar og hennar störfum vil ég geta þess, sem ég tók fram við 1. umr. þessa máls, að sendiherrann var kallaður heim af ríkisstjórninni. Eftir að við sáum fram á, að utanríkismálin mundu á okkur hvíla í framtíðinni, var okkur nauðsynlegt að njóta starfskrafta þess manns, sem mesta reynslu hefur á þessu sviði af öllum núlifandi Íslendingum, en það var Sveinn Björnsson sendiherra. Hann hefur nú þegar með skrifstofu sinni unnið mikið starf, m. a. útbúið leiðbeiningabók fyrir fulltrúa Íslendinga erlendis. Var mikil þörf á slíkri bók, þar sem ekki var völ á öðru en erlendum bókum um slík efni, sem ekki eru sambærilegar við íslenzka löggjöf og staðháttu. Mun þessi leiðbeiningabók koma út á næstunni. Skrifstofan hefur sömuleiðis unnið að öðrum málum fyrir ríkisstjórnina og hefur haft nóg að starfa til þessa.

Ég vil að lokum þakka hv. allshn. fyrir gott starf í þágu máls þessa.

ATKVGR.

Brtt. 127,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 106,1 (nýjar 2.—3. gr., verða 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 106,2 (ný 4. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 106,3 kom ekki til atkv.

— 106,4 (ný 6. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 106,5 (ný 7. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 106,6 (nýjar 8.—9. gr., verða 8. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 106,7 (ný 10. gr., verður 9. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 106,8 (ný 11. gr., verður 10. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

12. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 106,9 kom ekki til atkv.

— 127,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

— 106,10 þar með ákveðin.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Á 32. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 140).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 34. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vildi aðeins fylgja þessu máli úr hlaði í þessari hv. deild með örfáum orðum.

Strax þegar utanríkismálin voru tekin í hendur íslenzkra stjórnarvalda, var augsýnilegt, að það þurfti bæði að senda út íslenzka fulltrúa og hafa þá meðal erlendra ríkja. Um leið og það var ákveðið, varð augljóst, að setja þurfti þeim ákveðnar reglur um störf og starfssvið. m. a. þó að ekki væri af annarri ástæðu en þeirri, að þessir fulltrúar þurftu að framkvæma ákveðna löggerninga, sem urðu að eiga sér stað í íslenzkri löggjöf, til þess að þeir væru fullgildir. Það varð því að ráði að gefa út bráðabirgðal. á s. l. sumri, og lágu þau fyrir Alþ. Frv. þetta hefur gengið í gegnum Nd. og verið breytt þar lítils háttar, sumpart orðfæri og að öðru leyti eftir till. ráðuneytisins um viðauka við sjálft frv., þar sem sett voru ákvæði um utanríkisráðuneytið sjálft hér í Reykjavík. Að öðru leyti er frv. þetta næsta einfalt og auðskiljanlegt, og þarf ég þess vegna ekki að fara út í efni þess eða einstakar greinar, en læt nægja að vísa til þess eins og það liggur fyrir og tel, að óhjákvæmilegt sé, að slíkt mál verði afgr. hér á hv. Alþ.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 140, n. 240).

*Frsm. (Magnús Gíslason): Þegar sáttmálinn var gerður við Danmörku 1918 um samband landanna, var eitt af ákvæðum hans það, að Danir eru skyldir að fara með utanríkismál Íslands í umboði þess um það skeið, sem samningurinn átti að vera í gildi. Áður höfðu Danir farið með utanríkismál okkar sem sín eigin mál, þótt við hefðum aldrei viðurkennt rétt þeirra til þess.

Svo skeður það, að Danmörk er hernumin, og Alþ. ályktar að taka utanríkismálin í okkar hendur, sem af Alþ. var talið óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að gera. En það þýðir í sjálfu sér það, að þá verðum við upp á okkar ábyrgð að rækja þessi störf, sem Danir höfðu annars haft á hendi fyrir okkur. Þegar þannig var komið, þótti ríkisstj. ekki hlýða annað en sett yrðu l. og reglur um það, hvernig þessari þjónustu skyldi hagað. Ríkisstj. gaf þess vegna út bráðabirgðal. 8. júní 1940 um þessi mál. Þau bráðabirgðal. voru svo lögð fyrir Alþ. og eru nú hér til umr.

Þetta frv. hefur farið í gegnum Nd. Sú d. hefur gert á því nokkrar breyt., en það eru allt orðalagsbreyt., nema breyt. á 1. gr., sem er nýtt ákvæði um, að utanríkisráðuneyti skuli setja á stofn í Reykjavík, en í frv. stj. var ekkert um þetta.

Allshn. þessarar d. hefur athugað frv. og orðið ásátt um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt. Þar á meðal taldi n. rétt, að nauðsynlegt væri, að ákvæði væri sett í frv. um, að stofnað yrði sérstakt utanríkisráðuneyti.

Ég skal geta þess, að í frv. eru ákvæði um að heimila ríkisstj. að ákveða með tilskipun, hvar skuli vera sendiráð og ræðismenn. Í framkvæmd hefur þetta enn sem komið er orðið þannig, að sett hafa verið á stofn sendiráð í Stokkhólmi og London, en áður var aðeins eitt sendiráð til, þ. e. sendiráðið í Kaupmannahöfn. Auk þess hefur verið skipaður aðalræðismaður í New York. Enn fremur er ákvæði í þessu frv. um konsúla og ræðismenn, bæði þá, sem ríkisstj. sendir út, og að henni sé heimilt að skipa ræðismenn í öðrum löndum, búsetta þar. Loks eru ákvæði um laun þessara manna. Sendiherrar skulu hafa 10 þús. kr. árslaun, sendifulltrúar 8 þúsund og útsendir ræðismenn 4200. Er auk þess gert ráð fyrir, að þeim verði veitt launauppbót, eftir því sem nauðsynlegt verður talið á hverjum stað.

Ég skal ekki orðlengja um þetta frekar. Eins og ég sagði áðan, leggur n. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 28. apríl, var frv tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 314).

---

14. Loftferðir.

Á 2. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir (stjfrv., A. 12).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 12, n. 184).

*Frsm. (Jóhann G. Möller): Frv. þetta er borið fram af ríkisstj. til staðfestingar á bráðabirgðal., sem gefin voru út í nóv. f. á. Í l. frá 1929 er ekki nógu skýrt ákveðið um heimild handa ríkisstj. til að taka eignarnámi lóðir og önnur mannvirki vegna loftferða. Þar ræðir eingöngu um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lendingarstaði fyrir loftför til fastra lendingarstaða.

Allshn. hefur athugað frv., og að fengnum upplýsingum frá atvinnumálaráðuneytinu, þótti henni rétt að leggja til, að frv. yrði samþ. með nokkrum breyt., sem eru ekki efnisbreyt., heldur eru einungis um að fella úr frv. nokkur orð, sem eru óþörf.

Brtt. n. eru á þskj. 184. Ég vil biðja hv. þdm. að athuga, að þskj. hefur verið prentað upp aftur, því að ein brtt. hafði fallið niður. Það virðist óþarft að taka það fram í l., að það megi skerða eignir eða mannvirki o. s. frv. Það leiðir af sjálfu sér, þegar um eignarnám er að ræða og ekki er átt við ákveðna eign eða ákveðin lóðarréttindi. Brtt. eru um að lagfæra þetta. Enda eru þær í fullu samræmi við l. um eignarnám frá 1917, sem á að fara eftir.

Það væri ástæða til að geta um það, að í 1. gr. frv. ræðir sérstaklega um, að mat skuli fara fram á mannvirkjum og eignum, sem tekin eru eignarnámi til flugvallargerðar í Reykjavík. Hér er um miklar eignir að ræða, hús og önnur mannvirki, sem nema að mati gífurlegri upphæð. Þótti rétt að tryggja það sérstaklega, að matið væri gert af matsnefnd og svo örugglega

um búið, að hún yrði ekki rengd. Það getur eðlilega komið til greina, að matið verði lagt til grundvallar fyrir væntanlegum kröfum ríkisstj. á hendur hinu brezka hervaldi.

Það er ekki ástæða til að hafa fleiri orð um frv. Allshn. leggur til, að það verði samþ.

Mig langar til, án tillits til þessa frv., að fá upplýsingar frá ríkisstj. um mál, sem er skylt þessu, sem sé flugvallargerðina í Reykjavík. Eins og menn vita, er töluverður uggur í íbúum þessa bæjar út af flugvallargerð Breta hér. Menn telja, að íbúum bæjarins sé stefnt í meiri hættu eins og er en ef flugvöllurinn hefði verið gerður annars staðar. Það hefur heyrzt, að brezka herstjórnin hafi haft í hyggju að gera hann annars staðar, og ég hef frétt, að til greina hafi komið að ryðja Hvassahraun vegna flugvallargerðarinnar og hafa hann þar. Þá hef ég enn fremur heyrt, að það hafi verið fyrir áeggjan íslenzkra aðila, að hann var hafður á þessum stað. Ef það er rétt, er það auðvitað, að þeir hinir sömu aðilar hafa ekki haft hugmynd um, að flugvöllurinn yrði svona stór, en hins vegar haft það hugfast, að bæjarstj. og aðrir, sem um eiga að fjalla, voru búnir að koma sér saman um, að þarna væri heppilegast flugvallarstæði fyrir Reykjavík. Raunin hefur orðið sú, að flugvöllurinn verður margfalt stærri en þörf Reykjavíkur krefst. Þess vegna er uggur í bæjarbúum, og ég teldi rétt að fá upplýsingar um afskipti ríkisstj. af flugvallargerðinni. Sérstaklega vil ég leggja áherzlu á að fá upplýsingar um, hvort möguleikar hefðu verið á, að flugvöllurinn yrði gerður annars staðar, en þó í nánd við Reykjavík, t. d. í Hvassahrauni, og hvort það er rétt, að það hafi að einhverju leyti verið fyrir áeggjan íslenzkra aðila, að flugvallargerðin var hafin hér í Reykjavík.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Hv. frsm. allshn. beindi fyrirspurn til ríkisstj. um, hvort henni væri kunnugt um, að íslenzkir aðilar hefðu haft þau áhrif á brezku herstjórnina, að hún hefði breytt um ákvörðun út af stað undir flugvöllinn. Ég vil upplýsa, að alveg eins og ríkisstj. með samþykki Alþ. einarðlega mótmælti komu brezka herliðsins hingað, hefur ríkisstj. einnig einarðlega mótmælt því, að herinn hefði bækistöðvar í höfuðstað landsins. Í þriðja lagi bar ríkisstj. fram eindregin og rökstudd mótmæli gegn flugvallargerð svo nærri bænum.

Ríkisstj. gerði þetta fyrst bréflega, að ég held, en síðar með mjög ákveðnum tilmælum, eftir því sem ríkisstj. hafði kunnugleika og vit til, um að brezka herliðið héldi sig fjær höfuðstaðnum. Þetta bar engan árangur. Ef menn hafa gaman að því, get ég sagt frá því hér, að brezka herstjórnin færði fram þau rök, að hún teldi höfuðstaðnum betur borgið með flugvöllinn svo nærri honum. Þetta er eins og svo margt annað, sem ríkisstj. hefur deilt um við brezku herstjórnina. Brezku hervöldin leitast við að grípa ekki fram fyrir hendur íslenzkra stjórnarvalda hvað snertir íslenzk málefni. En stj. hefur orðið að lúta í lægra haldi um það, sem viðvíkur hernaðarráðstöfunum. Þetta vona ég, að taki af allan vafa hjá hv. 6. þm. Reykv.

***Einar Olgeirsson:** Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir yfirlýsingu hæstv. atvmrh. um, að ríkisstj. hefði mótmælt því, að herinn hefði bækistöðvar inni í bænum og gerði flugvöllinn svo nærri honum. En ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig stendur á því, að ríkisstj. hefur ekki tilkynnt þjóðinni þau mótmæli? Ég held, að engin ástæða hafi verið til að þegja yfir þeim. Það er rétt, að það komi fram í blöðum, og komi greinilega fram, að það sé ekki aðeins í óþökk þjóðarinnar, heldur líka ríkisstj., að herliðið hafi bækistöðvar inni í sjálfum bænum. Ég vil mælast til þess við ríkisstj., að ef fleiri slík mótmæli koma fram, verði þau gerð heyrum kunnug.

ATKVGR.
Brtt. 184 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 261).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., 26. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 47. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 261, n. 349).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Þetta frv. var lagt fyrir þingið af ríkisstj. til staðfestingar á bráðabirgðal., sem hún setti 16. nóv. s. l., um breyt. á l. nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir. Ástæðan fyrir því, að þessi bráðabirgðal. voru sett, var sú, að í þeim l. var ekki fullskýrt ákveðið um heimild til að taka eignarnámi lóðaréttindi og mannvirki vegna loftferða. Til þess að kveða skýrar á um þetta, þótti nauðsyn bera til, að slík bráðabirgðal. væru sett og enn fremur ákvæði um bætur vegna eignarnáms á landi til flugvallargerðar í Reykjavík.

Frv. þetta hefur verið til meðferðar í Nd., og hefur hún gert þær breyt. á frv., að þar sem stóð í l. frá 1929, að heimilt væri að taka lönd eignarnámi og einnig skerða eignarrétt manna á slíkum fasteignum í þessu skyni, þá tók d. burt ákvæðið um, að skerða mætti eignarrétt

manna. Er það eina breyt., sem Nd. gerði á frv. En í frv. eins og það var lagt fyrir voru nánari fyrirmæli um framkvæmd slíkrar skerðingar. Þessi ákvæði eiga ekki heima í frv. eftir þá breyt., sem Nd. hefur gert á því, og leggur n. því til, að þau verði felld burt, þ. e. a. s. að 3. efnismálsgr. frv. falli niður.

Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. N. leggur til, að frv. verði samþ. með þessari einu breyt.

ATKVGR.

Brtt. 349 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 388).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 449).

---

15. Hegningarlög.

Á 3. fundi í Ed., 19. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á 88. gr. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940 (stjfrv., A. 15).

Á 6. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Hv. þdm. er nú sennilega flestum kunnugt um tilefni þessara lagabreyt., sem gert er ráð fyrir, að gerðar verði á almennum hegningarl., og þess vegna mun ekki vera þörf á að rekja þær ástæður í löngu máli.

Það er eitt af því, sem okkur er mesta nauðsyn eins og nú á stendur, að koma í veg fyrir, að sá erlendi her, sem tekið hefur sér hér bólfestu um skeið, skipti sér meir af íslenzkum málum en brýna nauðsyn ber til. Og þetta frv. er ein af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur talið nauðsynlegt að gera til þess að koma í veg fyrir slík afskipti. Það er vitað mál, að ef því verður ekki afstýrt, að Íslendingar hafi afskipti af hernaðaraðgerðum þeirra þjóða, sem her hefur hér nú, þá leiðir það til þess, að sá her, sem hér dvelur, eða í það minnsta er hætt við því, að það leiði til þess, að hann taki sér fyrir hendur að gera þær ráðstafanir, sem löggjafarvaldið íslenzka og dómsvaldið ættu að gera. Slíkt gæti komið fyrir, ef íslenzk l. ná ekki yfir þau afskipti, sem Íslendingar kynnu að hafa haft í frammi og eru algerlega óviðurkvæmileg eins og nú á stendur. Ég ætla, að þessar skýringar nægi til viðbótar því, sem rætt hefur verið um þetta mál opinberlega, og þau rök, sem hafa verið dregin mjög skýrt fram fyrir setningu þessara l.

Ég veit ekki, hvort hv. d. óskar eftir að hafa langar umr. um þetta mál, en ég ætla, ef ekki gefst tilefni til annars, að láta þessar röksemdir nægja.

Ég get að vísu bætt því við, að það hefur verið talið vafamál af hæstaréttardómurum, hvort þær gr., sem gert er ráð fyrir að breyta, nái ekki óbreyttar til þeirra verka, sem verða hegningarverð samkvæmt þessum breyt. En það er tvennt, sem mælir á móti því að reyna á það. Í fyrsta lagi er vafasamt, að þannig yrði litið á, að l. næðu til þeirra verka, sem þessar gr. ákveða, að séu hegningarverðar samkvæmt þessum breyt., og þess vegna er öruggara að hafa þessi ákvæði. Í öðru lagi getur talizt vafasamt að teygja svo langt núgildandi ákvæði hegningarl. eins og þau nú eru, með dómum og fordæmum, sem gerð væru um þann verknað, og því yrði þar með slegið föstu, að gr., eins og þær eru óbreyttar, eigi að gilda um þessi atriði eins og á friðartímum væri. Þess vegna þykir rétt að hafa þessar gr. í l. á meðan það ástand varir, sem nú er.

Ég vil svo óska eftir, að þessu máli verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr., og það er líklega eðlilegast, að það fari til allshn.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er staðfesting á bráðabirgðal., sem gefin hafa verið út. Það eru cin af þeim l., sem ég tel, að betur hefði farið á, að staðið hefði við: „Gert í London", — en ekki í Reykjavík.

Hæstv. forsrh. hefur tekið það fram, að l. þessi séu sett vegna þess, að erlent herlið sé hér í landinu. Og það mun nú verða litið svo á, að ekki tjái að deila við dómarann, þessi bráðabirgðal. séu lögð fyrir Alþ. meira fyrir forms sakir, en ég ætla mér samt sem áður að greiða atkv. á móti þeim. Það er ekki heldur hægt með neinu móti að skilja, hvaða nauðsyn bar til þess að fara að setja þessi l. fyrr en Alþ. kom saman. Ef svo brýn nauðsyn var á slíkri lagasmíð, að ekki mátti bíða eftir að þing kæmi saman, þá er mér með öllu óskiljanlegt, að l. þyrftu að koma svona aðeins rétt áður en þing kom saman. Hæstv. forsrh. viðurkenndi það í sinni framsöguræðu, og á því verður heldur ekki villzt, þegar á innihald l. er litið, að þetta eru ástandslög. Þau fjalla um það, hvernig við Íslendingar eigum að haga okkur í okkar eigin landi á meðan erlent setulið dvelur hér, brezkt eða annars ríkis, sem kynni að hertaka landið.

Ég átti í sumar einu sinni tal við brezkan liðsforingja, og ég spurði hann, hvers vegna

Bretar væru í stríði. Hann sagði, að þeir væru að berjast fyrir lýðræðinu í heiminum, baráttan væri milli fasismans og lýðræðisins. Ég spurði hann, í hverju þetta lýðræði væri fólgið. Hann sagði mér þá, að þótt maður segði í herbúðunum brezku, að konungurinn væri „bloody fool", sem þýðir bölvaður asni, þá væri ekkert sagt við því. En ef þetta væri aftur á móti sagt í Þýzkalandi um Hitler, að hann væri „bloody fool", yrði sá maður tafarlaust skotinn, með öðrum orðum, brezka heimsveldið og Bretar yfirleitt leggja fé og fjör í sölurnar fyrir þetta lýðræði, fyrir það að mega segja um æðsta mann þjóðarinnar, að hann sé „bloody fool". En ef við nú Íslendingar segjum um einhvern brezkan liðsforingja hér á landi, að hann sé „bloody fool", sem þeir eru nú náttúrlega margir, þá eigum við á hættu, eftir að þessi l. eru komin í gildi, að verða dæmdir í 6 ára fangelsi. Nú vil ég spyrja: Hvað er nú orðið um málstað Bretlands, sem fórnar millj. mannslífa og þrjú til fjögur hundruð millj. króna á dag, eftir því, sem þeir sjálfir segja, til þess að berjast fyrir þessu lýðræði, sem á að ganga svo langt, að manni sé leyft að fara móðgandi orðum um hvern, sem vera skal, án þess að vera refsað fyrir? En ef íslenzkur maður sparkar í óæðri endann á brezkum liðsforingja, eins og hefur komið fyrir, þá ætti hann eftir þessum bráðabirgðal. að vera dæmdur í 6 ára fangelsi, — og mér skilst, að ef íslenzk kona neitar brezkum foringja um blíðu sína, gæti hún verið dæmd í 6 ára fangelsi. (**Forseti**: Ég vil biðja hv. þm. að halda sig við efni frv.). Ég er að tala um frv., því vitanlega telur brezkur liðsforingi það móðgun, ef íslenzk kona neitar honum um blíðu sína.

En það er aðalatriðið, að með svona ákvæðum, eins og eru hér í þessu frv., er opnuð leið til þess að afnema algerlega ritfrelsið í landinu. Því það er algerlega ómögulegt að skrifa svo í íslenzk blöð um málefni, sem kynnu að snerta að einhverju leyti viðskipti Breta og Íslendinga, að einhver Breti eða einhver brezkur liðsforingi geti ekki litið á það sem móðgun. Með öðrum orðum, ritfrelsið yrði þá ekki lengur til í þeim skilningi, að leyft yrði að skrifa frá íslenzku sjónarmiði, því að öll slík skrif er hægt að líta á sem móðgun. Og hvað er þá orðið um ritfrelsið í landinu?

Það kann að vera, að það sé óhjákvæmilegt að setja reglur um umgengni okkar við brezka setuliðið, en þá eigum við að setja um það sérstök l., eins og gert hefur verið í Danmörku, en ekki að leggjast svo lágt, að við förum að breyta okkar eigin hegningarl. Þessi l. bera vott um sams konar niðurlægingu íslenzkra stjórnarvalda eins og framkoma þeirra í flugmiðamálinu svokallaða. Við fleygjum okkur jafnvel flötum í skarnið til þess að þóknast innrásarhernum. Það er engin vansæmd í því að verða að lúta í lægra haldi fyrir ofbeldi, en þjóð, sem beygir sig í duftið af frjálsum vilja og leggur sjálf á sig fjötra, hún er að hætta því að gera tilraun til þess að vera frjáls, kasta á glæ sínum siðferðislega rétti til þess að vera frjáls. En sem betur fer, þá er þessi undirlægjuháttur, sem kemur fram í þessari lagasmíð og þá einkum í þeim ákærum, sem stjórnarvöldin hafa gert gagnvart íslenzkum mönnum vegna viðskipta þeirra við brezka setuliðið, ekki blettur á íslenzku þjóðinni í heild, heldur á valdhöfum hennar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 77).

*__Frsm. (Magnús Gíslason)__: Frv. það, sem hér er til umræðu, er lagt fyrir Alþingi samkv. 23. gr. stjskr. og er samhljóða bráðabirgðal. frá 29. janúar 1941. Það felur í sér breyt. á 88. og 95. gr. hegningarlaganna frá 12. febr. 1940, en þær eru í þeim kafla laganna, sem fjalla um landráð. Þegar hæstv. forsrh. lagði frv. fyrir d., gat hann þess, í hverju breyt. voru fólgnar, og get ég því farið fljótt yfir sögu. Í frv. er kveðið nánar á um það, hvaða atburðir eða athafnir manna skuli teljast refsiverðir umfram það, sem ákvæðið er í hegningarl. Auk þess eru refsiákvæðin samkv. 95. gr. nokkuð þyngd frá því, sem þau eru í l. Það kunna nú kannske einhverjir að spyrja, hvort refsiákvæði hinna nýju hegningarl., að því er snertir landráð, hafi ekki verið nógu ströng. Þessu er þá til að svara, að á venjulegum tímum mundi svo hafa verið, en þegar svo er ástatt sem nú, að fjölmennur útlendur herafli er í landinu, sem landsmenn þurfa að hafa daglega mikil viðskipti við, þá liggur það í augum uppi, að hættan á því, að hið erlenda vald hafi afskipti af málum okkar, eykst allmjög frá því, sem hún er á venjulegum tímum. Það er því sakir þeirra hluta, að breyt. þessi á hegningarl. er réttmæt, því að það er aldrei of varlega farið. Breyt. þessi á refsilöggjöfinni er því nauðsynleg aðvörun til borgaranna, aðvörun um það að gæta allrar varúðar í afskiptum sínum af hinum erlenda her. Hins vegar reiknum við að sjálfsögðu með því, að lögum þessum verði breytt í sitt fyrra form, þegar þessi hætta er liðin hjá. Það ræður af líkum, að við getum engin áhrif haft á gang styrjaldarinnar eða ráðið neinu um það, hvenær henni verður lokið, en það eitt getum við: að forðast af fremsta megni allt það, sem á einn eða annan hátt getur orðið til þess að auka íhlutun hins erlenda valds um mál vor. Stj. bar skylda til þess að vara borgarana við þessu, og það hefur hún gert með því að setja bráðabirgðal., sem hér er verið að leita samþykktar á. Tímarnir heimtuðu, að þau væru ströng, og það eru þau.

Að endingu vil ég svo óska þess fyrir hönd allshn., að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 23. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 25. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Þetta frv., sem hér er borið fram, er shlj. bráðabirgðal., sem sett voru fyrir nokkru. Til þeirra lágu þau rök, sem öllum munu nú kunnug, og ég geri ekki ráð fyrir, að skýra þurfi mörgum orðum. Það er skýrt í frv. sjálfu, hver tilgangur lagasetningar þessarar er, en hann er fyrst og fremst að koma í veg fyrir allt, sem árekstrum getur valdið og meiri afskiptum hins erlenda hers í landinu af dómsmálum þess og réttarfari. Á því þótti nokkur vafi, hvort 88. og 95. gr. hinna almennu hegningarl. tækju til allra þeirra verka, sem refsa þarf fyrir til að fyrirbyggja árekstra á slíkum tímum, sem nú eru. Frv. gerir því ráð fyrir, að l. séu sett um breyt. á þessum gr. hinna almennu hegningarl., sem sett voru í fyrra. Það má deila um, hvort þetta eigi að gera með slíkri breytingu á þeim l. eða setja um það sérstök lög, því vitanlegt er, að þessi ákvæði verða úr gildi felld, þegar þær aðstæður eru horfnar, sem gera setning þeirra nauðsynlega.

Þó að ég fari ekki fleiri orðum um frv. nú, er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að gera þá grein fyrir því og einstökum atriðum þess, sem óskað kann að verða eftir.

*__Einar Olgeirsson__: Herra forseti! Hæstv. forsrh. sagði, að það mætti deila um, hvort réttara væri að gera þessi ákvæði, sem farið er fram á í frv., að viðauka og breyt. á hinum almennu hegningarlögum, — þ. e. heimfæra þau til landráða 88. og 95. gr. —, eða setja um þetta sérstök lög, þar sem vitanlegt væri, að ákvæðin ættu sér ekki tilverurétt nema meðan núverandi aðstæður krefðust. Hann vildi þó ekki fara mikið út í þetta. En ég held það sé einmitt afskaplega þýðingarmikið stefnuatriði, hvor leiðin er þarna farin.

Orðið landráð hefur fasta merkingu, og það er hættulegt fyrir alla réttarvitund almennings og öryggi landsins að rífa niður merking þess, rífa niður þann siðferðisgrundvöll, sem hugtakið er byggt á. Lítum nú jafnframt á þá stundarnauðsyn, sem vera kann á viðurlögum gegn verknaði þeim, sem þetta frv. fjallar um. Ríkisstj., sem við skulum í grundvallaratriðum ætla allt hið bezta, telur nauðsyn á að setja lög til að varna árekstrum og refsa þeim, sem láta í ljós á óhyggilegan hátt þá skiljanlegu andúð, sem menn hljóta að hafa á þeim her, sem rænt hefur og traðkað hlutleysi landsins. Í svo sérstöku tilefni þarf sérstök lög, ekki breyting almennra hegningarl. Og sérstaklega er háskalegt að telja slíkan verknað með landráðum. Þetta er verknaður, sem oft mætti lýsa með orðunum þjóðlegur hugsunarháttur, ást á sjálfstæði, föðurlandsást og særður Íslendingsmetnaður. Eru það landráð? — Verk, sem þurfa ekki að vera sprottin af neinum öðrum hvötum en þessum, eiga samkv. frv. að teljast svívirðileg að almennings áliti, heimfærast til þeirra saka í X. og XI. kafla hegningarl., sem varða missi borgaralegra réttinda, — þau verk eiga að leiða til útskúfunar þeirra í föðurlandi sínu. Þannig á að brjála og snúa við merkingu hugtaksins landráð. — Jafnvel þótt það væri að öllu leyti óskynsamlegt að sýna í orði eða verki andúð sína á þeim, sem hafa rofið hlutleysið og halda áfram að traðka á því, er það brot gegn allri réttarvitund þjóðarinnar að gera þá, sem einmitt gætu stundum verið þjóðhetjur, að landráðamönnum.

Ég hygg það hafi verið ætlunin í fyrstu, að um viðurlög við óheppilegum verknaði af þessu tagi yrðu sett sérstök lög. Það kom meira að segja fram í Mbl., einu aðalstuðningsblaði ríkisstj., að ég hygg í sambandi við það atvik, að ungur maður í stétt, sem er nákomin blaðinu, sparkaði í einkennisbúning, sem í var klæddur einn af liðsforingjum þess hers, sem hafði misboðið þjóðinni með hertökunni. Það getur vel verið, að gegn slíku þurfi lög, og er skammt að leita dæma þess í öðrum herteknum löndum. Í Danmörku hafa t. d. verið gefin út lög, sem miðuðu í þá átt, — en auðvitað sem sérstök lög. Ég vildi í þessu sambandi láta þess getið, að jafnvel hjá betri lögfræðingum bæjarins mun sú skoðun ríkjandi, að mjög erfitt sé að láta slík smávegis afbrot heyra undir landráð. Í sambandi við afbrotamál það, sem nýlega var fyrir hæstarétti og flestir munu kannast við, kom fram viðurkenning bæði frá hálfu verjanda og sækjanda, að þannig væri afstaða þeirra til málsins. Einn hinn bezti lögfræðingur landsins, Pétur Magnússon, komst svo að orði í þessu máli, að ef við hefðum heyrt þær fréttir frá Noregi, að norskir menn hefðu verið handteknir fyrir að hafa gert á hlut þýzka hersins þar í landi og ákærðir af viðkomandi stj. fyrir landráð, hefðum við aðeins þá einu hugmynd um þá stj., að hún væri landráðastj. Svo djúpt tók sá lögfræðingur í árinni. Sá, sem var sækjandinn í málinu, heimtaði þá þyngstu refsingu, sem lög mæla fyrir í slíkum málum, jafnvel þó að hann viðurkenndi, að þetta væru ekki landráð af þeirri réttu tegund. Það er farið að verða svo hjá lögfræðingum bæjarins, að þeir skapa nú nýtt hugtak í sambandi við þá vandræðanotkun, sem ríkisstj. hefur komið inn á hugtakið landráð, landráð af réttri og rangri tegund. Ég held, að heppilegast væri, að okkar löggjöf væri þannig orðuð, að ekki nema eitt gæti heitið landráð: að svíkja landið undir erlend stjórnarvöld eða erlendan her. En þó að menn sýni andúð sína á því, að erlent setulið ráði hér lögum og lofum, þarf það ekki að vera tengt við landráð, þó að það sé ef til vill óskynsamlegt að láta tilfinningar sínar í ljós.

Ég ætla ekki að svo komnu að fjölyrða frekar um þetta mál, en síðar mun gefast tækifæri til að fara út í þau atriði, sem heppilegt væri að taka upp í sambandi við þetta frv. En ég vildi leggja áherzlu á, að þetta mál verði rætt af alvöru í n., sem fær það til meðferðar, og hún reyndi að finna leiðir, sem ekki brytu í bág við réttindi og sjálfstæðismeðvitund þjóðarinnar. Einnig væri æskilegt að vita, hvort ríkisstj. hefði nokkuð á móti slíku.

***Bergur Jónsson:** Þetta mál mun fara til n., þar sem ég á sæti, svo að ég mun ekki ræða það hér. En ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., hvort hans lögfræðilegu ráðunautar hafi verið við samning þessa frv., og hvort hann telji alveg nauðsynlegt, að sett séu þessi ákvæði þannig á nýjan hátt, heldur verði hægt að nota hegningarlögin eins og þau voru úr garði gerð síðast. Ég vonast til, að hæstv. ráðh. svari spurningu minni.

Ég ætla ekki að fjölyrða hér um það, sem kom fram í ræðu háttv. 4. þm. Reykv. En ég vil geta þess, þar sem hann talaði um, að lögfræðingar hefðu skapað hugtak um landráð af réttri og rangri tegund, þá væri vert að athuga það, hvort ekki væri rétt eða röng tegund til af íslenzku hugarfari, sérstaklega hjá þeim mönnum og flokkum, sem miða allar gerðir sínar og störf við fyrirskipanir frá erlendum þjóðum.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Út af fyrirspurn hv. þm. Barð., þá hefur sú hlið málsins verið athuguð, hvort hegningarl., eins og þau eru nú, tækju yfir þennan lið frv., og ýmsir lögfræðingar álíta, að hegningarl. næðu yfir þá verknaði, sem hér eru taldir upp, jafnvel á þeim tímum, sem nú eru. En hins vegar eru menn ekki svo sammála, að ekki þótti rétt að hætta á það, en íslenzka ríkisstj. gæti tekið til sinna ráða, ef sá verknaður er framinn af hálfu Íslendinga, sem um getur í frv. Ég veit, að hv. þd. gerir sér ljóst, að á friðartímum mundi það vitanlega vera móðgun við erlenda herforingja, ef framin væri skemmd á eignum þeirra, sem þeir kynnu að eiga hér á landi, án þess að talað væri um landráð í því sambandi. En á slíkum tímum, sem nú eru, hlýtur íslenzka ríkið að taka í taumana, ef þetta kæmi fyrir. Eftir gömlu hegningarl. mundu íslenzkir dómstólar hegna fyrir þessa tilverknaði, sem hér um ræðir, með smávegis sektum, en það mundi leiða til þess, að hin erlenda herstjórn gripi til sinna ráða. Það er vitað mál, að erlendur her leyfir ekki, að móðgun sé framin gegn yfirmönnunum eða að eignir hans séu skemmdar, slitnir símaþræðir, vopnum stolið o. s. frv., sem refsað er svo með lítils háttar sektum. Þessi regla gildir í hvaða landi sem er. Íslendingar geta ekki varið sig með öðru en afskiptaleysi, og þess vegna eru það landráð að móðga erlenda herforingja og skemma eignir þeirra, enda getur það leitt til þess, að hið erlenda vald taki í sínar hendur eitt af því, sem okkur er viðkvæmast og mesta þýðingu hefur fyrir sjálfstæði ríkisins, en það er dómsvaldið. Við megum búast við því, að þessir menn séu teknir án dóms, fluttir burt og dæmdir fyrir erlendum herrétti. T. d. má geta þess, sem er ekkert launungarmál og öll þjóðin veit, að þegar tæki fundust hjá tveim Íslendingum og þeir grunaðir um að nota þau til að hafa fréttasamband við erlenda þjóð, þá var ekkert ákvæði í íslenzkum hegningarlögum, sem náðu yfir slíkt afbrot, enda fór svo, að þeir voru fluttir úr landi. Til þess að fyrirbyggja, að erlent hervald hrifsi í sínar hendur dómsmál þjóðarinnar, er nauðsynlegt að setja slík lög sem þessi. Ég vil taka það fram hér, að ríkisstj. hefur sett þessi l. án þess að óskað hafi verið eftir því af erlendri herstjórn, og vegna þess, að þau eru nauðsynleg sjálfstæði landsins. Þau eru trygging gegn því, að erlent vald seilist inn á framkvæmdavaldið, sem mundi óhjákvæmilega leiða til þess, að þjóðin tapaði hluta af sínu sjálfstæði. Ég vil jafnframt taka fram að mér hefur gefizt kostur á að sjá dóma, sem erlendis hafa verið dæmdir eftir lögum um svipuð atriði, og ég vildi óska þess, að ekki þurfi að láta íslenzka dómstóla kveða upp slíka dóma. Það er ekki heldur gert ráð fyrir því með þessum l., enda eru þau mjög væg, samanborið við l. um sama efni hjá öðrum herteknum þjóðum. Ríkisstj. þótti samt rétt að setja skýlaus ákvæði um þessi atriði, og hún væntir þess, að hv. þd. sé henni sammála. Ég álít, að það sé ávinningur fyrir Íslendinga sérstaklega, ef íslenzkir dómstólar hafa aðstöðu til að dæma í þessum málum, svo að ekki þurfi að flytja íslenzka borgara úr landi til að refsa þeim.

***Einar Olgeirsson:** Það, sem hæstv. forsrh. sagði, eru ekki að neinu leyti rök móti því, að heppilegt sé að setja í okkar landi sérstök l. um afskipti Íslendinga af setuliðinu. Það kom aðeins fram hjá honum, að ekki mætti láta viðgangast, að einstaklingar séu fluttir úr landi til dóms. En þetta er alveg eins hægt að hindra með því að breyta landráðal. eða túlka þau á sama hátt og gert var með hæstaréttardómnum nýlega, sem hæstv. forsrh. hlýtur að viðurkenna, að hafi verið vafasamur. Það hefur ekkert komið fram í umr., sem mælti á móti því að setja sérstök l. til þess að hindra þessi afskipti og tryggja íslenzka ríkisvaldið. Ég vil taka hér fram, og ég hef áður sýnt fram á það með rökum, sem ekki hafa verið hrakin, að það brýtur í bág við hugsunarhátt þjóðarinnar að túlka slíkar gerðir sem landráð. Ég vil um leið benda hæstv. dómsmrh. á það, að á sama tíma sem hann segir, að stj. sé umhugað um að vernda það, sem eftir er af sjálfstæði landsins, gegn íhlutun erlends hervalds, þá lætur hún það viðgangast, að 10. kafli hegningarl. sé brotinn með þeim njósnum, sem hér hafa verið reknar fyrir brezka herinn. Ríkisstj. hafa verið sendar kærur út af þessum njósnadeildum, en þeim hefur hún algerlega stungið undir stól, af því að þetta voru pólitískir stuðningsmenn hennar. Með því að breyta þannig 95. gr. hegningarl. er hún gerð hlægileg. Þannig breytt á hún við hvaða erlent ríki sem er. T. d. ef einhver sýndi brezka setuliðinu óvirðingu eða færi illa með hakakrossinn, kostaði það hvorki meira né minna en 6 ára fangelsi, og túlkað sem landráð við ís-

lenzka ríkið! Ég býst við, ef á að koma einhverri skynsemi að við þetta mál, þá verði hv. þm. að leggja annan skilning í orðið „landráð“ og athuga allt málið vel frá rótum,

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. sagði, þá er ég hræddur um, að ennþá fámennara yrði hér í hv. d. heldur en nú, ef ætti að tína alla út, sem hlýða fyrirskipunum frá erlendum valdhöfum. Öll stjórnarblöðin hafa lýst yfir því, að þessi bráðabirgðal. hafi verið sett samkv. kröfu erlends valdhafa, og það kemur sjaldan fyrir, að stjórnarfl. viðurkenna, að þeir hlýði slíkum fyrirskipunum. Íslenzk stjórnarvöld hafa um mörg ár hlýtt kröfum erlendra valdhafa, en það hefur aldrei komið jafnskýrt í ljós og síðan hertakan fór fram. Þess vegna ættu þm. stjórnarfl. að tala varlega í þessum efnum. Ætti ekki sérstaklega að rannsaka, hver var í vitorði um hertöku Íslands 10. maí síðastl.? Hver notaði þennan þingsal til að bollaleggja um það, hvernig ætti að leyna þjóðina þessari ógæfu, þangað til hún kæmi? Ef þetta mál væri rannsakað ofan í kjölinn, er ég hræddur um, að einmitt þeir, sem gerzt hafa brotlegir við 10. kafla hegningarl. og framið eininleg landráð, séu einmitt hv. þm. þjóðstjórnarfl. Ef þessir hv. þm. eiga nokkurn snefil eftir af samvizku, sem mér er nærri að halda, ættu þeir að tala varlega um landráð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Nd., 31. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:2 atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 400).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Frsm. (Bergur Jónsson): Allshn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. Það er til staðfestingar á bráðabirgðal., sem ríkisstj. gaf út 29. jan. síðastl. Hér er um að ræða breyt. á tveim gr. hegningarl., þ. e. a. s. úr þeim kafla þeirra, sem fjallar um landráð.

Sú breyt., sem gerð er á 88. gr., er aðeins í þá átt að gera ákvæðin nákvæmari og fyllri heldur en þau nú eru, með því að gera betri skilgreiningu á þeim verknaði, sem samkvæmt þeirri gr. er talinn refsiverður. Auk þess er í lok þessarar gr. veitt heimild til þess, ef brot eru smávægileg, að beita aðeins sektarhegningu.

95. gr. hegningarl. er breytt með 2. gr. frv. Fyrri hl. þeirrar gr. er að mestu leyti hinn sami og áður var. Í seinni málsgr. 2. gr. frv. er hins vegar nokkur breyt. Samkvæmt hegningarl., eins og þau hafa verið, hefur ekki verið talið rétt að höfða mál út af þeim brotum, sem gert er ráð fyrir að refsa fyrir samkvæmt þessari hegningarlagagr., nema það erlenda ríki, sem brotið er gegn, krefjist þess. Hér í frv. er aftur á móti gert ráð fyrir því, að hið opinbera ákæruvald sjái um það í hvert skipti og ákveði um það, hvenær mál skuli höfða. Auk þess er bætt við í 2. málsgr. ákvæðum um það, ef maður er smánaður opinberlega, eða hafðar í frammi móðganir við starfsmann erlends ríkis, sem staddur er hér á landi. Ég hygg, að engum blöðum sé um það að fletta eins og nú standa sakir fyrir okkur Íslendinga, þar sem við erum herteknir af öðrum aðila í styrjöldinni, sem nú geisar (og lýstir í raun og veru af hinum aðilanum réttdræpir bæði á sjó og landi), þá sé full ástæða fyrir okkur til þess að hafa l. okkar sem nákvæmust og sem fyllst ákvæði um þau brot, sem geta leitt til þess að setja sjálfstæði þjóðarinnar í hættu. En það er sameiginlegt með ákvæðum beggja þessara gr. til breyt. á hegningarl., sem hér er um að ræða. Sérstaklega er ástæða til að benda á, að ástæða er til þess, að nokkuð ríkt sé litið eftir því af íslenzkum stjórnarvöldum, að ekki sé að óþörfu verið að bekkjast til við erlenda herinn, sem í landinu er, og espa hann upp til þess að taka í sínar hendur lögregluvald og dómsvald í landinu, sem er einn af hyrningarsteinum fullveldis okkar að hafa hvort tveggja þetta vald, og þarf ég ekki að nefna dæmi til þess, að slíkt hefur, því miður, orðið afleiðing af því, að ekki hafa verið í l. ákvæði um þessa hluti.

En það er ekki nóg að ganga frá vönduðum ákvæðum í þessa átt, heldur verður líka að ætlast til, að stjórnarvöldin, og þá fyrst og fremst ákæruvaldið, beiti þeim ákvæðum, sem Alþ. samþ. að það fái, til þess að hindra þessi hættulegu brot.

*Ísleifur Högnason: Síðan þetta frv. var lagt fyrir þingið, hafa þeir atburðir gerzt, sem ég dreg ekki í efa, að hefðu orsakað það, að ef þetta frv. hefði verið orðið að l. á þeim tíma, hefði fjöldi manns, a. m. k. hér í Rvík, verið orðinn brotlegur við þessi l. Svo freklega hefur verið gengið á rétt Íslendinga með handtöku og hernámi 3 blaðamanna Þjóðviljans fyrir skemmstu. Ég sé ekki, hvernig Alþ. getur viljað láta taka sig alvarlega með því að samþ. l. sem þessi. Það á beinlínis með þessum l. að láta í ljós ást sína á útlendu valdi. En ef landið er hernumið og þessir óboðnu gestir, sem í landinu eru, sýna ofbeldi, þá er ómögulegt annað en að menn með mannlegar tilfinningar láti í ljós andúð, andstyggð og jafnvel móðganir við þá. Og hver slíkur maður er brotlegur við 1. eftir þessu frv. og skal sæta fangelsishegningu allt að 6 árum. Það er mjög loðið og undir ákæruvaldinu komið, hvernig þessu er beitt, því að í 1. gr. frv. er sagt svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hver, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenzka ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri íhlutun með móðgunum, líkamsárásum, eignaspjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektahegningu.“ Það er sem

sagt ákæruvaldið, sem hefur alveg óbundnar hendur um að leiða hvern mann fyrir lög og dóm, sem því sýnist, ef hann hefur á einhvern hátt móðgað einhvern útlending, sem hér er óvelkominn og í óþökk landsmanna. — Sama máli gegnir um 2. gr.

Annars ætla ég ekki að fjölyrða um málið. Það var nokkuð rætt við 1. umr. Ég verð þó að segja, að Alþ. mun í framtíðinni gera sig alveg ógleymanlegt, ef það samþ. á þessum tíma og eftir þá atburði, sem hér hafa skeð, þær breyt., sem hér liggja fyrir, því að þær þýða ekkert annað en það, að þjóðin verði að beygja sig fyrir hvers konar ofbeldi og má ekki láta í ljós andúð sína gegn því, en beri í þess stað að hlíta í einu og öllu erlendri yfirdrottnun. Hv. frsm. sagði, að nauðsynlegt væri að gera þetta, til þess að erlent vald gripi ekki fram í fyrir dómstólunum og lögreglunni. Ef hæstv. Alþ. á að þóknast þannig erlendum innrásarher, sem fótum treður okkar þjóðernislega rétt, þá væri okkur nær að fá öll völdin í hendur þess ríkis, sem her hefur hér, til þess að æstir Íslendingar stæðu ekki að þeim föðurlandssvikum að þrjózkast gegn þessu valdi.

*Frsm. (Bergur Jónsson): Ég sé ástæðu til að benda hv. þdm. á það, að þeir menn, sem telja illa við eiga að hafa í íslenzkum hegningarl. ákvæði eins og eru í 88. og 95. gr. hegningarl., ættu að bera fram brtt. um að fella þessar gr. niður, því að með þessu frv., sem er hér á ferð, er verið að gera ákvæði þessara gr. fyllri og ákveðnari, svo að það sé skýlaust, hvaða brot falla undir þær gr., auk þess sem það er ekki látið vera undir tilviljun komið, hvort embættismaður einhvers erlends ríkis eða stj. þess óskar eftir, að mál verði höfðað, heldur er sjálfum stjórnarvöldum Íslands falið á hendur að ákveða, hvort eigi að beita refsivaldinu gegn eigin þegnum. Umr. þær, sem beinast gegn sjálfum kjarna málsins, þær snerta því í sjálfu sér ekkert frv. út af fyrir sig.

*Garðar Þorsteinsson: Mig langar til þess að beina einni fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort hún nokkurn tíma eftir að þessi bráðabirgðal. voru gefin út hafi beitt því refsivaldi, sem henni er veitt með þessum bráðabirgðal. Ég veit það, og því hefur ekki verið mótmælt af hæstv. forsrh., að eftir viðtali brezka sendiherrans við ríkisstj., þá var ríkisstj. ekki grunlaus um það a. m. k., að herstjórnin vildi grípa hér inn í og banna blaðið Þjóðviljann og gera aðrar ráðstafanir, sem nægðu til þess að brezka herstj. teldi sig örugga gegn slíkum árásum, sem hún áleit vera í því blaði. Nú hafði ríkisstj. fullkomna ástæðu til þess, eftir samtalið við brezka sendiherrann, að grípa inn í, ef eitthvað kæmi fram, sem þess gat orðið valdandi, að brezka herstjórnin gripi inn í um það blað eins og hún gerði. Hvers vegna notaði ríkisstj. ekki heimildina í þessum bráðabirgðal. til þess að grípa inn í, þegar eitt blað a. m. k. skrifaði svo freklega, að hætta var á því a. m. k., að erlent ríki hlutaðist til um málefni Íslands? Íslenzka ríkisstj. hafði fullkomna ástæðu til þess að ætla, eftir samtal sitt við brezka sendiherrann, að brezka herstjórnin mundi grípa hér inn í vegna þessara skrifa. Hvers vegna gaf ríkisstj. út þessi bráðabirgðal., ef hún ætlaði ekki að fara eftir þeim? Auk þess er vitað, að blað hæstv. utanrmrh. skrifaði hneykslanlega, með því að það hélt uppi svæsnum árásum á erlend ríki og það iðulega, og þeir menn, sem þar fara með völd, eru uppnefndir í því blaði og kallaðir ýmsum ljótum nöfnum. Þetta er efalaust sannfæring þeirra manna, sem rita í blaðið. En það er bara bannað í þeim blöðum, sem þessir 5 ráðh. gefa út. Og ef þetta, sem við höfum hér í bráðabirgðal., á að vera til verndar gegn því, að erlendir menn séu móðgaðir, hvers vegna beitir ríkisstj. þá ekki þessum l.? Ég verð að segja, að ég hef litla trú á því, að það sé til mikils að gefa þeirri stj. slíkt vald í hendur, sem er í þessu frv. ákveðið, sem að mjög gefnu tilefni ekki notaði þetta vald. Það sýndi sig líka, að brezka herstjórnin greip í taumana. En þetta vissi ríkisstj. um, að mundi verða. Hennar skylda var að beita þessum bráðabirgðal., og við það hefði verið það unnið, að íslenzkt ríkisvald hefði komið þar inn í, en ekki erlent vald.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég ætla ekki í raun og veru að svara þeirri fyrirspurn, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, þar sem það fellur ekki sérstaklega undir minn verkahring í ríkisstj. En ég vildi aðeins benda þessum hv. þm. á það, sem hann veit alveg eins vel og ég, af því að við erum báðir löglærðir, að þetta ákvæði, sem hér er um að ræða, um að ráðast á erlenda fulltrúa eða erlenda þjóðhöfðingja, hefur verið í l. frá því árið 1869 og allt til þessa dags. Það var í gömlu hegningarl. okkar og nýju hegningarl., sem sett voru í fyrra eða hitteðfyrra. En í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru aðeins sett nokkuð skýrari og fyllri ákvæði heldur en áður hafa verið í l. Á síðustu árum veit ég ekki til þess, að þessum lagagr., sem sérstaklega vita að árásum á erlenda þjóðhöfðingja, hafi verið beitt nema einu sinni, er það var gert út af greinafl., sem ritaður var í Alþýðublaðið af Þórbergi Þórðarsyni, þegar nefndur maður var dæmdur í sekt, bæði af undirrétti og í hæstarétti. En þessi bráðabirgðal. gefa ekki tilefni til þess að varpa þessari spurningu fram, því að þau hafa ekkert sérstaklega fært út kvíarnar um það atriði, sem hv. þm. var að spyrja út af, hvers vegna ríkisstj. hefði ekki höfðað mál út af broti gegn gr. um erlenda fulltrúa og erlenda þjóðhöfðingja.

*Garðar Þorsteinsson: Mér er ekki alveg ljóst, hvað hæstv. utanrmrh. meinar. Það voru l. til um þetta áður en bráðabirgðal. voru sett, en eftir þeim átti ekki að höfða mál út af brotum, sem hér er um að ræða, nema erlent ríki krefðist þess. Og þar sem það ákvæði hefur verið svo lengi í l., hvers vegna var þá verið að setja þessi bráðabirgðal. um sama efni og l., sem áður giltu? Það, sem hér vakti fyrir þjóðstjórninni og ég er henni sammála um, var það, að Íslendingar áttu á hættu, að blöð birtu greinar,

sem væru móðgandi fyrir einhverja þjóð eða þjóðhöfðingja, hver sem sú þjóð væri. Það, sem hér var á ferð með þessum bráðabirgðal., var að girða fyrir þá hættu, að erlent ríki, sem hlut á hér sérstaklega að máli, notaði sitt vald til þess að taka í sínar hendur einhver þau málefni, sem annars heyrðu Íslendingum til. Það, sem hér var á ferð, var, að ríkisstj. átti ekki lengur að þurfa að fá kröfu frá erlendu ríki til þess að hefjast handa um málshöfðun út af brotum, sem hér ræðir um. Ríkisstj. gat eftir bráðabirgðal. höfðað mál, ef hún áleit það, sem í blöðum væri birt, móðgandi fyrir erlent ríki. En þetta hefur hæstv. ríkisstj. látið undir höfuð leggjast. Ég veit ekki, hvers vegna hún hófst ekki handa, þegar blaðaskrif gengu svo langt, að hún gat átt það á hættu, að kannske næsta dag eða daginn þar á eftir yrði gripið inn í af erlendu valdi.

*__Frsm. (Bergur Jónsson)__: Ég hef ekki ástæðu til að finna að því, þó að hv. 7. landsk. sé með fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. En sem frsm. n. vil ég kvarta undan því, hvernig sá hv. þm. kemur fram, því að mér þykir það leiðinleg aðferð hjá nm. að koma ekki með neinar aths. í n. um mál, skrifa undir nál. fyrirvaralaust og koma svo og lýsa óánægju yfir að láta í hendur réttra stjórnarvalda í landinu það vald, sem í frv. því, sem n. mælir með, er fólgið. Ég kann ekki við þetta, að því leyti sem það snertir okkur nm. í allshn. og sérstaklega mig sem frsm. n. í þessu tilfelli.

*__Atvmrh. (Ólafur Thors)__: Ég vil lýsa yfir því fyrir mitt leyti, að ég hafði ekkert hugboð um það, að til stæði handtaka á íslenzkum borgurum, sem átti sér stað fyrir skemmstu, og ég held, að hv. 7. landsk. hafi enga ástæðu til að bera það á ríkisstj., að hún hafi haft vitneskju um það fyrirfram.

Varðandi hitt atriðið, hvort ríkisstj. hefur gengið of skammt í því að láta Þjóðviljann sæta ábyrgð fyrir sín skrif, vil ég taka það fram, að ég áleit það saurblað svo langt fyrir neðan allt velsæmi, að ég áleit mig fyrir ofan það að taka það til greina.

*__Ísleifur Högnason__: Mér þykir ekki fullupplýst, hvort það er rétt, sem hv. 7. landsk. þm. bar fram, hvort ríkisstj. hefði vitað um það, sem til stóð um handtökur íslenzkra borgara. Mér þykir líklegt, að hv. þm. beri það fram, hvað hann hefur fyrir sér í þessu efni, til þess að þjóðin fái að vita um það.

Um þessar aths. og yfirlýsingu, sem hæstv. atvmrh. gerði um blaðið Þjóðviljann, er ekki annað að segja en það, að þær sanna það, sem vitanlegt var áður, að atvmrh. hefur nákvæmlega sömu afstöðu og Bretinn gagnvart handtökunum og banni við útkomu Þjóðviljans. Hann telur blaðið saurblað, og að sjálfsögðu hefur honum ekki verið það á móti skapi, að mennirnir, sem að því stóðu, voru handteknir og blaðið bannað, enda hafa engin mótmæli komið gegn því af hans hálfu, nema síður sé. Þegar hann átti kost á að mótmæla aðgerðum brezku herstjórnarinnar, þá labbaði hann sig út af fundi til þess að koma ekki nálægt málinu. Annað hef ég ekki vitað um hans afstöðu, nema hvað hann nú með ókvæðisorðum gegn blaðinu dregur úr þeim mótmælum, sem hæstv. Alþ. hefur gert gegn banninu við útkomu þess. Þessi ummæli hans nú um blaðið staðfesta það, að mótmælin séu gerð gegn hans vilja og gefur grun um það, að honum sé það ekki eins leitt og hann lætur, að blaðið Þjóðviljinn var bannað og ritstjórar þess fluttir burt.

*__Atvmrh. (Ólafur Thors)__: Ég hef ekki lagt mig niður við að svara kommúnistum hér í hv. þd. né utan þings, og ég skal ekki heldur gera nú ranglega undanþágu undan þeirri gullvægu reglu. Þeir hafa eins konar einkarétt til svívirðinga, kommúnistarnir hér í hv. d., og mega hafa hann fyrir mér. En það er hróplegur misskilningur, ef nokkur álítur, að mótmæli þau, sem ríkisstj. ber auðvitað fram gegn handtöku íslenzks alþm., sé einhver syndakvittun fyrir það saurblað, sem hann stóð fyrir. Og dæmalaus hugsunargrautur er það, ef hv. þm. heldur, að afskiptaleysi ríkisstj. um það að draga blaðið fyrir lög og dóm sé nokkur sönnun um sakleysi blaðsins. Það má vel vera, að þolinmæði mín hefði verið þrotin við þetta blað, og það fyrir nokkru, ef ég hefði lesið það, en ég hef frétt úr því ýmislegt, sem mér hefur verið borið, og ég álít, að það hafi verið svo hundómerkilegt, að ég held, að enginn hafi tekið mark á því af þeim mönnum, sem ég tek nokkurt mark á. Ég tel þjóðina svo þroskaða, að ég álít, að þær svívirðingar og álygar, sem bornar hafa verið fram í Þjóðviljanum, hafi haft lítil áhrif. Ég les ekki blöð sósíalista og vil ekki stefna þeim. Ég er á móti því, að erlendir menn ráði á íslenzku heimili, og þess vegna er ég mjög á móti gerðum brezku herstjórnarinnar í að banna útkomu Þjóðviljans, og auk þess af því að ég tel til bóta, að slíkt blað komi út, því að ég held, að það haldi mönnum frá því að fylla hóp kommúnista.

Hitt er annað mál, að ég mótmæli því eindregið, að erlent vald handtaki íslenzkan alþm., hversu auðvirðilegur sem hann er.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Fyrirspurn hv. 7. landsk. um það, hvort ríkisstj. hafi vitað um það fyrirfram, að þessir menn mundu verða handteknir, hefur verið svarað, og þarf ég ekki að endurtaka það, sem hæstv. atvmrh. hefur sagt um það mál. Ríkisstj. var það vitanlega algerlega ókunnugt. Hitt er rétt að komi hér fram, að það hafði komið fram umkvörtun um það, hvernig þetta umrædda blað væri skrifað, og ríkisstj. hafði tjáð sig ófáanlega til þess að hafa afskipti af þessu blaði eða af blöðum yfirleitt og hvernig þau skrifuðu. En hvaða afleiðing sú neitun kynni að hafa, var ríkisstj. gersamlega ókunnugt.

Svo kemur annað atriðið. Hæstv. atvmrh. hefur þá afstöðu til blaðsins, sem hann hefur lýst, að hann álíti, að blaðið hafi ekki verið tekið alvarlega, og þá hafi verið bezt að láta það skrifa áfram.

Ég hef álitið, án tillits til þess, undan hvaða blöðum hefur verið kvartað, rétt að láta landslög ganga yfir öll blöðin. Það var t. d. skrifað þannig um sáttasemjara í sambandi við vinnudeilur, að það er ekki vafi á því, að það varðaði langvarandi fangelsisvist. En vegna þess, að það var álitið, að þessi skrif væru ekki tekin alvarlega og þessi skrif gerðu þessum mönnum ekkert til, var álitið rétt að láta blaðið hafa þá sérstöðu, sem það hefur haft, og láta ekki til skarar skríða þrátt fyrir þessi skrif. Þetta blað hefur orðið að draga inn klærnar á sumum sviðum, þó að ekki hafi fallið niður hjá því ádeilur á íslenzka embættismenn, sem refsiverðastar eru samkvæmt hegningarl. Ég tel rétt, að þetta komi fram, fyrst spurt er um þetta mál og farið er að dylgja um handtökurnar, eins og hv. 7. landsk. hefur gert.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég vil segja það, að það er byggt á nokkrum misskilningi, er tveir hæstv. ráðh. segja á þá leið, að ég hafi verið að dylgja um, að þessir menn hafi verið handteknir. Þessi fyrirspurn, sem ég gerði nú, var samhljóða fyrirspurn, sem fram var borin fyrir nokkrum dögum. Ég spurði, hvort ástæða hefði verið til að ætla, eftir viðtali við brezku herstjórnina, að brezka herstjórnin tæki til sinna ráða, ef íslenzka ríkisstj. tæki ekki í taumana. Ég vissi, að brezki sendiherrann lýsti yfir, að þetta mundi verða gert, ekki að ríkisstj. vissi, að það ætti að handtaka þessa menn, heldur að það ætti að banna Þjóðviljann. Sendiherrann sagði, að brezka setuliðið mundi endanlega taka til sinna ráða. (**Atvmrh.**: Hver er heimildin fyrir þessu?) Ég er ekki skyldugur til að geta um það hér. Það er enginn vafi á því, að það féllu einhver orð um það af hálfu sendiherrans, svo að bannið við blaðinu gat ekki komið aftan að hæstv. ríkisstj. (**Atvmrh.**: Hv. þm. fer með rangt mál.)

Það, sem er misskilningur hjá hæstv. ríkisstj., en ekki mér, er, að það er ekki aðalatriðið, hvaða blað átti í hlut, heldur hvort brezka herstjórnin skipti sér af íslenzkum málefnum. Og það þykir mér ákaflega undarlegt, ef ekki mátti beita þessum ákvæðum bráðabirgðal., sem sett voru í vetur um þetta atriði, fyrr. Mótmæli hæstv. Alþ. voru ekki bundin eingöngu við handtöku íslenzks alþm., heldur líka gegn því að gera blað upptækt, jafnvel svo ómerkilegt blað sem Þjóðviljinn var. Og mér skilst, að hæstv. atvmrh. hafi samþ. það. Og hæstv. atvmrh. var að tala um, að af því að blaðið var svo ómerkilegt, hafi það ekki skipt svo miklu máli, þó að það væri látið afskiptalaust. Ég er sammála um það, að blaðið hafi verið ómerkilegt. En það skiptir ekki mestu máli í þessu sambandi, og það var ekki afsökun fyrir ríkisstj. um að grípa ekki fram í, að blaðið væri ómerkilegt. Ég er samþ. þessu frv., sem gefur ríkisstj. nógu víðtækt vald til þess að varna því, að nokkrir ófyrirleitnir menn í ræðu eða riti verði til þess að kalla á aðgerðir erlendrar herstjórnar. En ég álít, að ríkisstj. hafi haft fullkomna ástæðu til þess að grípa inn í fyrir þessu blaði, og að það sé meginmisskilningur hjá hæstv. ríkisstj., að það hafi ekki tekið því, af því að blaðið væri ómerkilegt.

Ádeilur á íslenzka embættismenn var innanríkismál, sem erlent hervald skipti sér ekki af. En þegar ráðizt er á erlent setulið, sem hér er, er allt öðru máli að gegna, og þegar svo var komið, mátti búast við erlendri íhlutun, og þá átti ríkisstj. að beita þessu valdi, sem þessi l. veita. Ég er samþ. frv. En ég ætla fyrir mitt leyti, að ef þetta vald, sem ríkisstj. gaf sér með bráðabirgðal., hefði verið notað í tíma, hefði það varnað því, að þetta hefði skeð, að íslenzkir menn voru handteknir.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég er hissa á ræðuhöldum þessum öllum og ekki sízt á ummælum hv. 7. landsk. (GÞ). Ég hef upplýst, að ég fyrir mitt leyti hef ekki getað tekið nokkurt tillit til skrifa Þjóðviljans. Ég hef verið andvígur því að draga það blað fyrir lög og dóm, af því að ég hef álitið, að þeir menn tækju ekki mark á þessu blaði, sem ég tek mark á.

Nú segir hv. 7. landsk., að sendiherra Breta hafi hótað ríkisstj. því, að ef hún ekki hefðist handa um þetta, þá mundi herstjórnin brezka taka til sinna ráða. Er það skoðun hv. 7. landsk., að ég, undir eins og Bretinn andar á mig, eigi að vera eins og strá af vindi skekið, ef hann hefði komið og sagt við mig, sem hann ekki hefur gert, að hann ætlaði að gera eitthvað gagnvart Þjóðviljanum, ef ég ekki gerði það? Ég veit, að hv. 7. landsk. ætlast ekki til, að ég láti segja mér fyrir á þann hátt.

Ég álít Þjóðviljann svo ómerkilegt blað sem nokkurt blað getur verið um flest. En ég er alveg jafnandvígur því, að ríkisstj., hvað þá heldur erlent hervald, fari að gera blaðið upptækt. Ríkisstj. hafði engin ummæli um það frá Bretum, að Bretar ætluðu að gera blaðið upptækt, — hvorki vissi hún fyrirfram um handtökurnar né bannið gegn útkomu blaðsins. Þetta er því allt á röngum forsendum byggt hjá hv. 7. landsk., og ég er hissa á honum að hreyfa þessu hér, þar sem stoðirnar eru ekki tryggari undir hans máli en raun er á.

***Ísleifur Högnason:** Ég gekk þess ekki dulinn, að hæstv. atvmrh. þóttist viss um, að hann hefði á réttu að standa, og víst er um það, að honum hefur sjaldan tekizt betur upp en nú í því að ausa yfir mig og mína flokksmenn fúkyrðum og skömmum. En samræmið og rökin í þessari ádeilu hans voru ekki alveg eins haldgóð. Hæstv. ráðh. sagði, að hann læsi aldrei Þjóðviljann, en jafnframt sagði hann, að Þjóðviljinn væri langómerkilegasta blað, sem hann hefði þekkt um sína daga. Ég veit ekki, hvernig fullyrðingar eins og þær, sem ráðh. fór með, fá staðizt, a. m. k. fyrir mönnum, sem nokkuð hugsa eða taka tillit til raka. (**Atvmrh.**: Ég les aldrei þingræður ÍslH). Það er sama, hvaða heimildir hæstv. ráðh. hefur fyrir sér, — blöð, sem hann ekki les, getur hann ekki heldur dæmt ómerkileg nema hann vilji gerast sleggjudómari. Þannig er allt þetta, sem hann hafði svo mikið fyrir að ræða, fallið dautt og ómerkt. En það, sem athugavert er í þessu sambandi, eru upp-

lýsingar hv. 7. landsk. um það, að Bretar hefðu gert ríkisstj. aðvart um það, að skrif Þjóðviljans væru á þann veg, að þeir mundu stöðva útkomu blaðsins, ef ríkisstj. gerði ekkert til þess að hindra slík skrif. Það er kunnugt, að ritstjóra Þjóðviljans var ekki gert aðvart, enda þótt það sé vitað, að ríkisstj. átti samtöl við brezku hernaðaryfirvöldin um þessi mál. Blaðinu var því ekki kunnugt um það, að hér væri ekki leyfilegt að koma með gagnrýni, eins og hingað til hefur átt sér stað í Englandi sjálfu, að blöðin hafa gagnrýnt brezk stjórnarvöld, og þó að nú sé farið að þrengja mjög frelsi blaðanna í Englandi, þá álít ég, að íslenzka stj. þurfi ekki að draga dám af brezku stj. í því efni. Ég er í engum vafa um það, að ef ríkisstj. hefði gert Þjóðviljanum aðvart, þá hefði náðst samkomulag um það, að blaðið stillti orðum sínum svo í hóf, að Bretar mættu við una. Ég get vel skilið það, að hv. 7. landsk. og hæstv. atvmrh. séu sammála í sinni andstöðu og þeir vilji hafa um þetta sem stærst orð, ef það nægði til þess að kveða niður öll rök. En orð þeirra falla dauð og ómerk jafnótt og þau eru töluð.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er aðeins eitt atriði, sem ég vil endurtaka hér, og það er, að ríkisstj. var ekki kunnugt um það, að ritstjóri Þjóðviljans mundi verða tekinn fastur. Það, sem ég hef upplýst, er það, að kvartað hefur verið undan skrifum Þjóðviljans. Skrif Þjóðviljans í sambandi við verkfallið í vetur voru refsiverð samkvæmt íslenzkum l., þess vegna höfðaði ríkisstj. mál gegn ritstjórum blaðsins. Það var þá kvartað undan því af herstjórninni, að blað hér á landi tæki það upp að eggja herinn til þess að skipta sér af íslenzku verkfalli. Hins vegar kom það atriði fram hér í d., að ríkisstj. hefði átt að fara til blaðsins og óska eftir því, að það hagaði sér vel. Þar til er því að svara, að ég óskaði eftir því við blöðin í byrjun þessarar styrjaldar, að þau skrifuðu öðruvísi um erlend mál meðan á stríðinu stæði. Þetta var tekið þannig upp af Þjóðviljanum, að um mig voru skrifaðar persónulegar skammir. En það er rétt, að ágreiningur hefur verið um það, hvernig eigi að beita íslenzkum l. gagnvart blaðaskrifum, en ég vil þó segja það, að þessi l. taka fyrst og fremst til þess verknaðar, sem einstakir menn fremja gagnvart herstj. og hernaðaraðgerðum. En það mál er vitanlega talsvert annað brot á íslenzkum l. Það hefur verið litið svo á, að ekki bæri að nota l. á nokkurn hátt til þess að þröngva blöðunum til hlýðni. Þetta er atriði, sem eðlilegt er, að skiptar skoðanir séu um. En ég er á móti því, að sú venja verði látin gilda áfram, að blöðin verði látin afskiptalaus. En um þetta er ekki hægt að taka ákvarðanir nema með samkomulagi innan ríkisstj.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Hv. 7. landsk. hefur fallið frá þeim orðum, sem hann viðhafði í sinni fyrstu ræðu, um það, að hann væri í vafa um það, hvort það ætti að veita stj. heimild til þess að nota ákæruvaldið og dómstólana eins og það kemur fram í frv. Ég ætlaði mér ekki að fara að skipta mér neitt af þeim deilum, sem um það standa, hvað stj. hafi vitað í sambandi við útkomubann Þjóðviljans. Ég vil aðeins út af því, að þetta er gert að umtalsefni, benda á það, sem ég veit, að hv. 7. landsk. veit manna bezt, að það er ekki vöntun á ákvæðum íslenzkra hegningarl., sem stendur í veginum fyrir því að gera upptæk íslenzk blöð, heldur 68. gr. stjskr. Þar segir svo: „Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.“ En ég vona, að það sé ekki verið að blanda því saman við það, sem um er að ræða í þessu frv. Með því er aðeins verið að herða á refsiákvæðum og gera þau skýrari, svo að hægara sé fyrir dómstólana að átta sig á því, hvenær mál skuli höfðað.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég vil aðeins benda hv. þm. á það, að ég hef ekki fallið frá neinu af því, sem ég sagði. Ég hef aldrei talið, að það væri hættulegt að refsa mönnum, sem skrifa á þann hátt, að hætta væri á því, að hið erlenda vald blandaði sér inn í íslenzk málefni. Þó að ríkisstj. hefði ekki getað refsað þessum mönnum samkv. stjskr., þá gat hún refsað þeim fyrir það að skrifa á þann hátt, að það væri hættulegt fyrir landið.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég vil aðeins geta þess, að það var hv. 7. landsk., sem gaf mér tilefni til þess að benda á þessa gr. stjskr., vegna þess að hann fór að tala um þær aðgerðir, sem mundi leiða af þessari breyt. En ég hélt mér aftur á móti við þær breyt., sem verið er að gera á hinum almennu hegningarl., eins og líka sjálfsagt var fyrir frsm. þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JGM, PHann, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, FJ, GÞ, GSv, HG, HelgJ, HV, JörB.
nei: ÍslH, JóhJón.
10 þm. (JÍv, JPálm, ÓTh, SK, TT, VJ, ÞBr, ÁÁ, EmJ, GG) fjarstaddir.
2.—3. gr. samþ. með 21:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 15, 424).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 424 samþ. með 15:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 26:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, FJ, GG, GSv, HG, HelgJ, HV, JakM, JGM, JÍv, PHann, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt. SvbH, JörB.
nei: ÍslH, JóhJón.
5 þm. (EystJ, GÞ, JPálm, ÓTh, TT) fjarstaddir.
Frv. endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 445).

Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 512).

16. Happdrætti.

Á 2. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Þetta frv. fer eins og hið næsta á undan (um einkasölu ríkisins á tóbaki) fram á staðfesting bráðabirgðal., sem gefa varð út nú fyrir skemmstu, til þess að starfsemi happdrættisins á yfirstandandi ári gæti gefið háskólanum eins miklar tekjur og áður, þótt kostnaður þess yxi með dýrtíðinni. Stjórn háskólans taldi, að ekki yrði komizt hjá að hækka verð happdrættismiða, og féllst ríkisstj. á það. En jafnframt voru möguleikar til vinninga auknir stórum, svo að viðskiptamenn happdrættisins hafa yfirleitt ekki fundið ástæðu til að kvarta yfir breyt. Hinn aukni skattur er þarna greiddur af frjálsum vilja, og virðist lítið við það að athuga, þar sem peningaráð manna eru með bezta móti. Ég skal ekki fjölyrða um málið, nema tilefni gefist, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

***Garðar Þorsteinsson:** Í aths. í grg. þessa frv. er því haldið fram, að vegna aukinnar dýrtíðar hafi kostnaður við happdrætti háskólans hækkað allverulega, en happdrættið megi ekki við rýrnun tekna nú, ef standa eigi í skilum með samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta af lánum til háskólabyggingarinnar og ljúka verkinu við hana. Þess vegna er talin brýn nauðsyn að auka tekjur happdrættisins þannig, að það, sem kostaði 60, kosti 80 kr., og það, sem kostaði 6, kosti 8 kr.

Mig langar til að vita, hvort hæstv. fjmrh. hefur fengið skýrslu um það frá happdrættinu, í hverju hinn gífurlega aukni kostnaður þess liggur.

Eins og menn muna, fékk háskólinn sérleyfi til að reka happdrætti um tiltekið árabil til að standast byggingarkostnað sinn. Án þess að sá tími væri útrunninn, svo að framhaldsþörf háskólans lægi ljóst fyrir, var á síðastl. þingi framlengdur leyfistíminn. Það var talið, að háskólinn þyrfti að halda þessum tekjum lengur en upphaflega var ætlazt til, sakir þess að hann hefði steypt sér í meiri kostnað en áætlað hafði verið. Nú virðist þetta alls ekki hafa verið nóg, heldur er reynt að færa sig upp á skaftið. Þá er ekki grunlaust um, að fleira kunni undir að búa.

Ég hef fyrir framan mig reikninga happdrættisins. Þar sést, að langhæsti kostnaðarliður þess er laun umboðsmannanna. Þeir hafa 7% sölulaun af happdrættismiðunum, sem þeir selja. Ég veit ekki til, að sá hundraðshluti hafi hækkað. Þessi kostnaður getur þá engu breytt um afkomu happdrættisins, þótt dýrtíð vaxi. Auglýsingar, prentun og pappír hækka að vísu í verði. En ég get ekki fallizt á, að það muni happdrættið svo miklu, að það réttlæti bráðabirgðal. um slíkt efni. Ég fæ ekki séð, að sá kostnaður, sem nemur samkv. reikn. ekki yfir 6.4% af andvirði seldra miða á síðastl. ári, dragi svo mikið úr 200 þús. kr. ársgróða happdrættisins, að það sé knýjandi nauðsyn að grípa til bráðabirgðal. samkv. 23. gr. stjskr. sakir þess að sá aukakostnaður hafi eilítið vaxið.

Ástæðan er í mínum augum alls ekki þessi lítilfjörlegi kostnaðarauki við rekstur happdrættisins. Við vitum, að þrátt fyrir hinar miklu tekjur af happdrættinu undanfarin ár, skuldar háskólinn um 900 þús. kr. Að mínu áliti væri miklu skynsamlegra að gefa upp þessa ástæðu fyrir bráðabirgðal. En eins og mátt hefur sjá af blaðaskrifum um fjármál háskólans út af hófsamlegri „kritík“ á þeim í einu af dagblöðunum, má ekki á slíka hluti minnast, svo að ekki sé rokið upp. Sú viðkvæmni bendir til, að hollt væri, að ríkisvaldið hefði meiri íhlutun um þau efni háskólans. Hví eru ekki birtir opinberir reikningar um kostnað við háskólabygginguna? Mér er sagt, að reikningarnir liggi hjá húsameistara ríkisins. En þarna er sannarlega ekki um einkaeign nokkurra manna að ræða, og má ekki minna vera en gerð sé grein fyrir, til hvers peningarnir hafa farið. Þegar háskólinn skuldar 900 þús. kr. og bráðabirgðal. eru sett til að auka sérleyfistekjur hans, svo að hann geti staðið við umsamdar afborganir skulda, finnst mér meir en undarlegt, að hann skuli vera látinn kaupa 215 þús. kr. lóð til að reisa á stórhýsi til áhættusams atvinnurekstrar. Eiga hinar nýju auknu tekjur e. t. v. að standa undir þeim framkvæmdum og áhættu?

Hér er verið að leika sér með peninga úr vasa almennings. Mér er alveg sama, hvort það er frjáls skattur eða ekki, þetta er almannafé. Ef almenningur er nú fúsari en endranær að borga miðana dýrt, hefði það leitt til kaupa á fleiri miðum og aukins gróða happdrættisins, svo að því minni var þörfin á bráðabirgðal. Ég vildi fá að vita hjá hæstv. fjmrh., hvort fyrir hann hefur verið lögð skýrsla um það, hve mikil tekjurýrnun happdrættisins var, svo að nauðsyn væri að taka í taumana. Ég held, að þeir 5 hæstv. ráðh., sem fara nú með konungsvald hér á landi, þyrftu að athuga það vel í sameiningu, er þeim þykir ástæða til að neyta þess valds samkv. 23. gr. stjskr. til að gefa út slík bráðabirgðalög.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Um það er náttúrlega alltaf hægt að deila, hvenær sú brýna nauðsyn sé fyrir hendi, að gefa verði út bráðabirgða-

l. Og ekki er að sakast um það við konungsvaldið nú fremur en áður, því að það mundi ekki taka ráðin af þeim ráðh., sem telur brýna nauðsyn á bráðabirgðal. á sviði, sem heyrir honum til sérstaklega. Að því leyti hefur í sjálfu sér engin breyt. orðið, þótt konungsvaldið sé falið ráðun. Hins vegar skal ég taka fram, að ráðun. hefur ekki gefið út nein bráðabirgðal., nema það féllist í heild á nauðsyn þess að setja l. Að þessu leyti ber allt ráðun. fulla ábyrgð á þeim bráðabirgðal., sem það hefur sett.

Hv. 7. landsk. hafði ekki aflað sér fullnægjandi upplýsinga um málið, nema þá um árið 1940. Hann virtist ekki taka eftir því, að bráðabirgðal. gilda fyrir árið 1941, þegar allur kostnaður er gerbreyttur frá því, sem var mikinn hluta ársins 1940. Hv. þm. talaði um, að laun sölumanna, 7% af andvirði seldra miða, breyttust ekkert. Ég get upplýst, að óumflýjanlegt var, að þessi kostnaður hækkaði til mikilla muna. Það þótti ófært að ætla að neyða umboðsmennina til að hafa þessi störf fyrir sama kaup og áður. En með hækkun miðanna hækkar hluti þeirra nú sjálfkrafa. Hin stórauknu útgjöld á þessu ári hefðu dregið tilfinnanlega úr tekjum háskólabyggingarinnar. Hagur háskólans hefði þá að loknum leyfistímanum orðið ennþá lakari en nú eru líkur til, að hann verði, samkv. þeim upplýsingum, sem hv. 7. landsk. fór með. Ef happdrættið hefði ekki haft það hlutverk að borga byggingarkostnað háskólans að mestu eða öllu leyti, hefði nauðsynin ekki verið hin sama að efla þennan tekjustofn og viðhalda honum. Nú verður þörfinni varla neitað. — Auðvitað hefði mátt framlengja happdrættistímann einu ári eða tveimur lengur en gert er ráð fyrir. En var það heppilegra, eins og nú stendur? Þegar peningarnir hafa lækkað svo í verði sem nú, virðist fullkomlega réttmætt að láta happdrættismiðana hækka að nafnverði eins og aðra hluti.

Um það má vissulega deila, hversu mikil nauðsyn hafi verið á því að gefa út þessi bráðabirgðal. En ég álít, að í rauninni hafi ekki verið hægt að gera annað, þar sem fullkomlega rétt sé að hækka verð miðanna á þessu ári. Að öðru leyti er það á valdi Alþingis og hv. þm., hvort þeir telja þetta forsvaranlegt með tilliti til 23. gr. stjskr.

*__Gísli Guðmundsson:__ Það er engin furða, þó að tekið sé til máls um þetta frv., en hins vegar geri ég ráð fyrir því, að þær umr. beri e. t. v. ekki mikinn árangur. Þetta happdrættismál virðist vera komið svo langt áleiðis, að því verði ekki mikið breytt héðan af. Það virðist varla hafa verið knýjandi þörf á að gefa út þessi bráðabirgðal. svo skömmu fyrir þing. Sömuleiðis hef ég ekki sannfærzt um, að sú tekjuaukning, sem happdrættið ætlar að fá með hækkun miðanna, hafi verið nauðsynleg. Ég býst við, að kostnaður við happdrættið hljóti að aukast eitthvað, en hins vegar efast ég um, að sú hækkun verði jafnmikil og þarna er gert ráð fyrir, enda lagði hæstv. fjmrh. ekki fram neinn útreikning því viðvíkjandi. Að vísu hefur hæstv. ráðh. nokkuð til síns máls, hvað snertir útgáfu þessara bráðabirgðal. Ef þau hefðu ekki verið gefin út, var ekki hægt að tilkynna breyt. með nægum fyrirvara, áður en sala miðanna átti að hefjast eftir venju. En háskólinn hefur leyfi til að reka happdrætti enn um allmörg ár, og hér skipti ekki svo miklu máli um eitt ár, að nauðsynlega þyrfti að gefa út bráðabirgðal. um þetta efni.

Annars sé ég ekki, hvernig átti að skilja ummæli hæstv. fjmrh. viðvíkjandi konungsvaldi í þessu sambandi. Hann sagði, að konungsvaldið, sem nú er í höndum fimm manna hérlendis, gæti ákveðið að gera eitthvað, sem ekki væri vilji hlutaðeigandi ráðherra. Ég skildi hæstv. ráðh. svo. (__Fjmrh.:__ Alveg þveröfugt.) Ég var ekki viss um, hvort hann sjálfur hefði verið á móti þessum bráðabirgðal. eða ekki.

Þau mistök, sem fyrst og fremst hafa orðið í þessu máli, eru þau, að þetta háskólahús, sem byggt hefur verið fyrir ágóðann af happdrættinu, er óhæfilega stórt og engan veginn miðað við þarfir háskólans, heldur eitthvað annað. Mun það koma í ljós í nánustu framtíð, að ekki verður þörf á svo stóru húsi, og þess vegna hefur byggingarkostnaðurinn orðið meiri en nauðsynlegt var. Má segja, að ýmsir eigi sök á þessum málum, bæði þeir, sem fyrir byggingunni standa, og eins hæstv. ríkisstj. Ég hygg, að vel hefði mátt koma í veg fyrir þessi mistök áður en of seint var orðið. Ég mun ekki eyða fleiri orðum að sinni um þetta, og það, sem gert er, er gert. En ég vil beina þeirri ósk til n., sem fær málið til meðferðar, að hún kynni sér byggingarmál háskólans frá upphafi og fái upplýst, til hvers á að nota þá peninga, sem háskólinn á að fá á næstu árum fyrir happdrættið samkv. l. þessum. Það er krafa frá þingsins hálfu, að allar upplýsingar um þetta mál liggi fyrir, og ég tel það fullkomið ábyrgðarleysi af þingmönnum, ef þeir afgreiða frv. án þess að hafa kynnt sér málið til hlítar. Yfirleitt hefur reynslan sýnt, bæði hvað snertir byggingarmál háskólans og ýmis önnur, að það er mjög varhugaverð leið, sem Alþ. hefur farið upp á síðkastið, með því að fá hinum og öðrum aðilum í hendur tekjustofnanir þess opinbera í því augnamiði, að þeir standi fyrir framkvæmdum. En síðan er allt látið afskiptalaust, hversu sem á horfist. Þeim finnst þeir vera komnir í gullnámu, þar sem þeim sé óhætt að ausa úr svo lengi sem þá lystir til að fullnægja því, sem þeir kalla hugsjónir. Ég held, að þetta mál sýni berlega, að varhugavert sé að fá einstaklingum og stofnunum í hendur ótakmörkuð umráð að slíkum tekjustofnunum sem hér er um að ræða. Þó að oft sé á það bent og stundum með réttu, að ríkisstj. verji ekki fé alltaf sem bezt, hygg ég, að hér muni hennar ráð duga betur en einstakra n. eða stofnana. Ég mun ekki ræða mál þetta meira nú, enda þýðingarlaust á þessu stigi málsins, en beini ummælum mínum til n., sem fær málið til meðferðar.

*__Garðar Þorsteinsson:__ Ég get fallizt á það, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að lengi mætti deila um, hvort nauðsynlegt hefði verið að gefa út þessi bráðabirgðal. En mér finnst ekki geta

leikið vafi á því, að ekki hefði átt að gefa þau út. Það er að vísu rétt hjá hæstv. fjmrh., að happdrættið hefði ekki getað notað þessa hækkunarheimild á þessu ári, ef hún hefði fyrst átt að verða samþykkt á Alþingi, en lítið hefði sakað, þó að dregizt hefði um ár að koma henni í framkvæmd. En með þessum l. hefur ríkisstj. bundið hendur Alþ., og erfitt mun vera að fella niður heimildina úr því sem komið er.

Ég get hins vegar ekki fallizt á, að hækkun á rekstrarkostnaði við happdrættið hafi valdið því, að l. þessi hafi verið gefin út, allra sízt sá liður, sem hæstv. fjmrh. talaði um, en það voru umboðslaunin. Hæstv. ráðh. gleymdi í sinni röksemdafærslu veigamesta atriðinu, sem er að hækkun umboðslaunanna kemur af sjálfu sér með aukinni sölu. Happdrætti háskólans hefur mjög aukið sölu sína árlega af þeim ástæðum, að fyrstu kaupendurnir halda áfram með sína miða og auk þess bætist árlega við mikill fjöldi nýrra kaupenda. Má og gera ráð fyrir, að á þessu ári verði mikil aukning á sölu happdrættismiða vegna betri fjárhagslegrar afkomu almennings. En aukin sala mundi gefa umboðsmönnum meiri tekjur, þó að umboðslaunin væru þau sömu. Einnig er víst, að ágóðinn af happdrættinu er það mikill, að það gat ákaflega vel lagt á sig einhver aukin útgjöld vegna aukinnar dýrtíðar, einkum þegar gera má ráð fyrir, að ágóðinn vaxi ennþá meir. Það er sannað mál, að þeir menn, sem standa að stjórn happdrættisins, og þeir, sem séð hafa um byggingu háskólans, hafa lagt fram svo mikið fé til ýmissa nauðsynlegra og ekki nauðsynlegra hluta í sambandi við byggingu háskólans, að hann getur ekki staðið undir útgjöldunum, nema að fá auknar tekjur. Þar að auki skuldar þessi stofnun nú um kr. 900 þús. Ég hygg, að menn almennt mundu ekki fara þannig með sitt eigið fé. Samt sem áður líður ekki langur tími milli þess sem reynt er að sannfæra almenning í blöðum landsins um, að þessi stofnun verði að kaupa fasteignir, sem nemur millj. króna, til þess að koma sínu eigin fé í varanleg verðmæti. Mér finnst þetta rekast nokkuð mikið á.

Svo var annað, sem mætti gjarnan minnast á í þessu sambandi, en það snertir hæstv. fjmrh. sérstaklega, bæði sem fjármálaráðherra og sem einn stjórnanda þjóðleikhússins. Gæti hann ekki sem slíkur séð um, að sú stofnun fengi a. m. k. það mikið fé, að hægt væri að koma í veg fyrir, að hún eyðilegðist frá því, sem nú er? Það er framtíðarhugsun vor, að þetta hús starfi bæði sem leikhús og kvikmyndahús, og munu tekjur af kvikmyndastarfseminni nægja til þess að halda uppi leikstarfsemi hér í bænum. Mér finnst eðlilegt, að ágóðinn af happdrættinu yrði að einhverju leyti látinn renna til þjóðleikhússins, og gæti háskólinn vel séð af hinni nýju hækkun á miðunum til þess. Skemmtanaskatturinn, sem átti að fara til byggingar þjóðleikhússins, hefur allur verið látinn renna í ríkissjóð, þar sem hann þótti ekki mega missa þær tekjur. Nú mætti eins vel segja, að ríkissjóður mætti ekki missa þær tekjur, sem happdrættið gefur af sér, en þarna lokar ríkisstj. öðru auganu, sér ekki þjóðleikhúsið, og einblínir á háskólann. Það virðist óeðlilegt, að í höfuðstað landsins skuli vera 2 byggingar, sem ekki er hægt að ljúka við, í staðinn fyrir að taka þá byggingu fyrst, sem fyrr var byrjað á, og fullgera hana. Nú er þjóðleikhúsið látið standa undir skemmdum, en þúsundum og jafnvel milljónum króna varið í nýja byggingu, þar sem það er á valdi nokkurra manna, hvernig fénu er varið, án íhlutunar Alþ. eða ríkisstj. Mér er kunnugt um, að miklu meira fé hefur verið sóað í byggingu háskólans en þörf var á. T. d. voru smíðuð húsgögn í einn salinn eftir teikningu, en þegar til kom, gátu þau ekki rúmazt þar. Ég býst við, að slíkt athæfi mundi fá harða dóma, ef einhver einstaklingur keypti svo marga stóla í íbúð sína, að hann yrði að hafa þá hvern uppi á öðrum.

Ég vildi þess vegna óska þess, að hæstv. fjmrh. eða sú n., sem um málið fjallar, hlutaðist til um, að inn í Alþ. kæmu reikningar háskólans. Þeir liggja hjá húsameistara ríkisins, eftir því sem Pétur Sigurðsson háskólaritari hefur sagt mér. Svo mikið fé er nú komið úr vasa landsmanna til þessa fyrirtækis, að hið opinbera og hver einstaklingur á kröfu til þess að sjá þessa reikninga. Það er fyrirfram erfitt að fullyrða, að fé þessu hafi ekki verið rétt ráðstafað, án þess að sjá reikningana. Öllum er kunnugt um, að ýmsar breyt. hafa verið gerðar á þessari byggingu, sem hafa kostað stórfé, en varhugavert er að treysta svo til lengdar á örlyndi Alþ., jafnvel þó að háskólinn eigi hér hlut að máli. Það er ekkert undarlegt, þó að upp komi raddir um, að til séu í landinu önnur menningarfyrirtæki, sem eigi líka siðferðilegan rétt á þeim skatti, sem almenningur leggur jafnfúslega á sig og reynslan hefur sýnt með happdrættinu. Auk þess er vítavert að láta menn þá, sem standa að þessari dýru byggingu, alveg afskiptalausa um gerðir sínar, og það stendur engum nær en ríkisstj. að takmarka eyðslu þeirra. Það var líka hennar skylda að gefa ekki út bráðabirgðal. og bæta þannig gráu ofan á svart með því að gefa þessum mönnum ennþá meira vald, þar sem vissa er fengin fyrir því, að þeim mun meiri tekjur, sem háskólinn hefur, þess meiri er eyðslan hjá forráðamönnum hans.

***Einar Olgeirsson:** Ég vil aðeins fara fáum orðum um þetta mál. Einn af hv. þm. talaði um, að háskólinn hefði reynzt nokkuð dýr í framkvæmdinni, en annar hv. þm. gat þess, að ráðizt hefði verið of snemma í byggingu þessarar menntastofnunar. En ég verð að segja, að frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð, hlýtur þjóðin að harma nú, að ekki skyldi ráðizt í fleiri dýrar framkvæmdir. Hún hlýtur að iðrast þess nú, að ekki skuli vera búið að koma upp gagnlegu þjóðleikhúsi, þjóðminjahúsi, menntaskóla og öðrum stofnunum á borð við háskólann, stofnunum, sem við gætum verið stoltir af. (GG: Því ekki að nefna verkamannabústaðina?) Vegna þess að þá hefur Alþ. ekki fengizt til að byggja. Allur sá kostnaður, sem þjóðin hefði lagt í slík menningarfyrirtæki, væri nú fundið fé, jafnvel þó að varið væri nokkrum hundruðum þús. kr. of mikið í sumar af þessum byggingum. Mér finnst undarlegt, ef hv. þm. brestur

svo gersamlega skilning á öll fjárhagsleg atriði og á það, sem nú er að gerast. Hver sú milljón, sem varið var í byggingar fyrir 2 árum, er ekki nema ½ millj. kr. kostnaður nú. Hitt er svo reikningslegt atriði fyrir þjóðina, hvernig hún færir þetta á milli reikninga einstaklinga og ríkisins. Þetta er mjög nauðsynlegt, að menn athugi. Mér finnst ástæða til að fagna yfir hverri nýrri byggingu, sem nógu snemma var komið upp. Þó að ýmsu kunni að hafa verið eytt þar í óþarfa, t. d. við háskólann, sem mest er talað um, virðist sá óþarfi vera fegurð, sem maður vildi ekki missa af. Á slíkum tímum sem þessum, er auðæfi streyma til landsins, ætti okkur ekki að vaxa það í augum, þó að einhverju sé varið í varanlega fegurð. En svo er einkennilegur hugsunarháttur sumra hv. þm., að þeir eru á móti háskólabyggingunni, eins og kom greinilega í ljós hjá hv. þm., er síðast talaði. Milljónamæringar Rvíkur, sem eru vanir að sprengja allt upp hver fyrir öðrum og setja einokun á alla hluti, beita sér af alefli gegn því, að ríkið eða háskólinn nái sér í einhverjar nauðsynlegar fasteignir. Meðan ástandið er þannig, að 70 millj. kr. hefur beinlínis verið ráðstafað til erlendrar stríðsþjóðar, er ástæða til að fagna yfir öllum þeim milljónum, sem farið hafa í nytsamleg fyrirtæki landsins. Hér hefur verið talað um, að ríkið mætti varla missa tekjurnar af happdrættinu, en í þessu sambandi ætti að athuga, hvort ríkið ætti ekki aðrar tekjulindir, sem það gæti ekki séð af. Það er a. m. k. undarlegt að leyfa stórútgerðinni að vera skattfrjálsri, en svipta jafnframt háskólann tekjunum af happdrættinu.

*__Bergur Jónsson:__ Ég álít ekki ástæðu til að halda því fram, að háskólinn þurfi á þessari hækkun að halda vegna dýrtíðar og verðfalls peninga o. s. frv. En úr því búið er á annað borð að koma þessu húsi háskólans upp, þá er þessi ráðstöfun, að láta háskólann fá í hendur meira fé til rekstrar, vitanlega ekki annað en að losa ríkissjóð við ýmis útgjöld, sem hann annars þyrfti að bera, þó að ég hins vegar viti ekki, hvernig því er varið.

Ég hef heyrt því fleygt hér, að nær hefði verið að ljúka við þjóðleikhúsið heldur en að láta háskólann hafa þennan tekjustofn óskiptan. En ég held, að það hefði verið dálítið óheppilegt fyrir okkur, ef við hefðum verið komnir lengra með það áður en hernámið fór fram, þar sem það nú hefur verið tekið til vörugeymslu fyrir hermenn þá, sem hingað hafa komið. Óvíst er, að þeir hefðu sleppt því, þó að það hefði verið lengra komið, til þess að hægt væri að nota það til leikstarfsemi, sem ég er einnig í nokkrum vafa um, að rétt sé fyrir okkur að gera. Við höfum yfirleitt ekki aðstöðu til þess, eða a. m. k. miklu síður heldur en aðrar miklu ríkari þjóðir, sem stynja undir leikhúsastarfsemi sinni, að fara að koma upp stórum leikhúsum og reka þau þannig, að sæmilegt væri fyrir leikarana. Með öðrum orðum, ég mun heldur hallast að því, að háskólinn fái þennan tekjuauka heldur en þjóðleikhúsið. Ég tel, að ástæðan sé enn meiri til þess nú, þar sem vitað er, að fjöldi stúdenta, sem gat stundað nám erlendis, verður nú að láta sér nægja að stunda það heima.

Ég er ekki í vafa um, að það verður erfitt verk að reka þessa stóru byggingu, sem háskólinn hefur eignazt. En hins vegar er hún okkur tvímælalaust til sóma. Það hafa komið fram ummæli erlendra manna í þá átt, bæði í blöðum og munnlega.

Mér finnst ekki heppilegt, ef það væri svo um hv. 7. landsk., að hann væri í kapphlaupi við háskólann um fasteignakaup, því að það er alltaf dálítið óviðkunnanlegt, að menn séu að ræða um það, sem snertir þá sjálfa. (GÞ: Ég vil taka vel upp ummæli hv. þm. og viðurkenna, að þetta kapphlaup hefur verið óheppilegt af háskólans hendi, en hv. þm. veit sjálfur, hvort þetta kapphlaup var við mig eða ekki. Það var við Búnaðarbankann, en ekki mig.) Það væri hægt að spyrja bankastjóra Búnaðarbankans að því við tækifæri, hvort hann hafi verið svo ákafur í að ná eignarhaldi á þessu húsi, sem um er að ræða, og sem ég veit ekki betur en að hv. 7. landsk. reki starfsemi í. Og ég býst við, að Búnaðarbankinn hafi alveg jafnt eða ekki síður ráð á því, ef hann þyrfti með, að fá lán til húsakaupa heldur en háskólinn. En auðvitað lít ég svo á, að það sé ekkert við því að segja, þó að hafður sé einkarekstur á starfsemi þeirri, sem rekin er í húsinu.

En sem sagt, mér er ekki sama, hvort háskólinn, sem búinn er að reisa myndarlegt hús, á í framtíðinni að vera betlistofnun, sem býr við fjárhagslega örðugleika, eða hvort að honum verður búið þannig, að hægt sé að reka hann, svo að sómasamlegt sé fyrir okkur Íslendinga. Þess vegna mun ég leggja heldur liðsyrði þeim tillögum, sem fram eru bornar í því skyni að reyna að hjálpa þessari stofnun.

Ég get tekið það fram fyrir mig, að þegar ég var í háskólanum, þá var mikið barizt fyrir því að koma upp stúdentaheimili, sem var náttúrlega mjög þarft, en ég og annar maður lögðum áherzlu á, að fyrst og fremst væri háskólinn reistur. Þess vegna er ekki óeðlilegt, þó að ég gleðjist yfir því, að svo sé komið, að háskólinn þurfi ekki að búa í kjallaraholu, þannig að erlendir menn, sem sjái húsakynnin, geti ekki gert sér grein fyrir, að þar sé um háskóla að ræða.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Mér virðist hv. þm. vera farnir að tala um nokkuð annað mál en fyrir liggur, því að mér virðist það annað mál, hvort rétt hafi verið að ráðast í svo stórt fyrirtæki sem háskólabyggingin er. Nú hefur hæstv. Alþ. horft upp á það í nokkur ár, að stofnað var til háskólabyggingar í því formi, sem hún nú er í. Og ég verð að segja það, að það er nokkuð seint að hugsa sér að taka í taumana um það nú. Það hefði þá átt að gerast fyrr. Þessir hv. þm., sem um þetta ræða nú, hafa setið á þingi öll þessi ár. Og ég man ekki til, að þeir hafi á þingi mælt varnaðarorð um það, að þjóðin væri með þessu verki að reisa sér hurðarás um öxl. Ég ætla ekki að ræða um það, hvort svo er eða ekki. Má vera, að svo sé. En það er bara of seint að byrgja brunninn, þegar barnið

er dottið ofan í. Og jafnvel þótt þeir hefðu séð það fyrr, en þó ekki fyrr en búið var að koma húsinu undir þak, þá býst ég ekki við, að gripið hefði verið til þess ráðs að rífa það niður, sem einhverjum mönnum hefði þótt vera um of.

Það, sem gerzt hefur í þessu máli síðustu árin og segja má, að þetta frv. standi í sambandi við, er, að afráðið var — e. t. v. í samráði við ríkisstj., ég veit það ekki, en ég var því fullkomlega sammála — að ljúka við bygginguna áður en byggingarkostnaður hækkaði enn meira í verði. Og það er ég sannfærður um, að ef á annað borð átti að ljúka við háskólabygginguna, þá átti að keppast við að ljúka því verki sem fyrst, eftir að ófriðurinn hófst.

Mig furðar dálítið á því, að hv. 7. landsk. (GÞ), sem nefndi í þessu sambandi þjóðleikhúsið, skyldi ekki finna það, hvað það var ápreifanlegt dæmi um það, hvernig er hægt, með því að kippa að sér hendinni, að gera sér stórskaða. Ég hef aldrei mælt með því, heldur þvert á móti, að bygging þjóðleikhússins var stöðvuð. Það má segja, að það var hrein furða, hvernig því var stjórnað. Það var þó nokkur ágreiningur. Sumir vildu hafa það stærra. En ég vildi heldur hafa á því hemil, hve stór byggingin væri höfð, heldur en að hafa hana stærri. En í því máli var ekkert frekar aðhafzt, heldur þeim stöðvuð framkvæmd á byggingu þess húss. Og á því hefur þjóðfélagið svo tapað stórfé.

Ég vil minna hv. 7. landsk. á það, að samtímis því, sem nú hefur verið forðazt þetta víti hvað háskólann snertir, að stöðva bygginguna, þá hefur einnig verið hafizt handa um að koma þjóðleikhúsinu áfram eftir því sem tök eru á. Og nú á fjárl. er heimild til að greiða þann tekjustofn til þeirrar framkvæmdar, sem þeirri byggingu er ætlaður. E. t. v. er það þó um seinan, því að vera má, að við fáum ekki að sinni umráð yfir húsinu aftur.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar aðeins að því að afla tekna fyrir háskólann til að standa straum af þeim skuldbindingum, sem forráðamenn háskólans hafa fyrir hans hönd tekizt á hendur vegna háskólabyggingarinnar, sem stofnað hefur verið til á undanförnum árum. Og það er ekki neinn vegur til þess að komast undan því að afla slíkra tekna. Háskólabyggingin er komin upp í þessu formi, og það verður að greiðast, sem til þess hefur þurft, hvað sem það kostar. Á sínum tíma féllst þingið á að framlengja tímann fyrir happdrættið, svo sem nægði til þess að greiða þennan kostnað. En verðbreytingar í landinu hafa sýnilega þau áhrif, að framlengja verður tímabilið enn eða þá hækka verð á happdrættismiðum. Og ég tel rétt og í alla staði réttmætt að hækka verðið á miðunum, því það er orðið miklu lægra í hlutfalli við aðra hluti en það var, þegar happdrættið var stofnað.

Hv. 7. landsk. bendir á, að ætla mætti, að háskólinn hefði getað náð sama tekjuauka og hér er miðað að, með aukinni sölu happdrættismiða fyrir sama verð á hvern miða. Ég tel ákaflega varasamt að gera ráð fyrir því. Ég geri ráð fyrir, að hv. 7. landsk. byggi skoðun sína um þetta á því, að með aukinni peningaveltu fari það eins og um kaup og sölu á öðrum vörum, að meira verði keypt af miðunum. En mér er nær að halda, að það gæti orðið einmitt þveröfugt, að eftir því, sem almenningur getur veitt sér að kaupa meira, kaupi hann einmitt minna af happdrættismiðum. En hvað sem því líður, breytir það engu um það, að það er jafnréttmætt, miðað við það breytta verðlag, sem orðið er í landinu, að breytt sé verðinu á happdrættismiðunum. Og þar með er það ekki þannig, að aðeins verð miðanna hækki, heldur hækka vinningsmöguleikar viðskiptamanna happdrættisins að sama skapi sem verð miðanna hækkar. Þeir fá í raun og veru alveg fullt verð fyrir það, sem þeir láta af hendi, því að vinningafúlgan hækkar að sama skapi sem verð miðanna hækkar.

Út af því, sem hv. þm. N.-Þ. var að segja um þessa miklu hækkun á söluverði miðanna, sem hann taldi vera, vil ég benda á það, að það er hér ekki um að ræða meira en 33% hækkun, en hækkun á verðvísitölunni er orðin allt að 50%, svo að þessi hækkun er ekki eins mikil og þessi hv. þm. virðist álíta. Það er vitanlegt, að þær auknu tekjur, sem happdrættið fær með þessu móti, skiptast milli vinninganna og kostnaðarins við happdrættið, og ágóðinn ætti að aukast með þessu, en það takmarkast af því, að á næstunni má gera ráð fyrir, að kostnaðurinn aukist enn, sem gengur vitanlega út yfir þann ágóða, sem háskólinn hefur af rekstrinum. Má gera ráð fyrir, að hagnaðurinn verði jafnvel minni en verið hefur, ef dýrtíðin heldur áfram að vaxa eins og hún hefur gert nú um sinn.

Ég er sannfærður um það, að það, sem hv. þm. er innifyrir í sambandi við umr., sem nú hafa farið fram, er allt annað heldur en málið sjálft í raun og veru, sem fyrir liggur, — sé ég því ekki ástæðu til að fara lengra út í að ræða það að sinni.

Ég geri ráð fyrir, að þetta mál fari til fjhn. Þegar þetta happdrættismál kom fyrst inn í þingið, mun það hafa farið til menntmn. En eins og málið liggur nú fyrir, þar sem nú er eingöngu um fjárhagshlið málsins að ræða, en ekki höfuðtilgang, finnst mér fara betur á því, að það fari til fjhn. Geri ég það þó ekki að ágreiningsatriði.

*__Garðar Þorsteinsson:__ Aðeins örfá orð. — Hv. þm. Barð. (BJ) gaf mér tilefni til að standa upp. Það, að kapphlaup hafi verið milli mín og háskólans um fasteignakaup, er alger misskilningur. Þar gat ekki verið um kapphlaup að ræða, þar sem ég var kominn að marki, þegar háskólinn fór af stað. En í Austurstræti 5 var kapphlaupið við Búnaðarbankann. Þetta vildi ég leiðrétta.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að það, sem gerði það að verkum, að ég og aðrir hv. þm. gerðumst svo djarfir að minnast á þetta mál hér, væri annað en það mál raunverulega, sem fram er komið hér. Hæstv. ráðh. getur að vísu haft sínar hugmyndir um það fyrir mér. En það, sem hér er um að ræða, er það, sem á undan er gengið í þessu máli.

Hæstv. ráðh. sagði réttilega, að þessar skuldir,

sem stofnað hefði verið til vegna háskólans, yrði að greiða, hvað sem það kostaði. Þetta er náttúrlega rétt. Í fyrra var samþ. framlenging á einkaréttinum, sem háskólinn hefur til þess að reka happdrættið. Nú er hér um að ræða hækkun á verði miðanna. Næsta ár verður það e. t. v. hvort tveggja. En hvers vegna? Það er vegna þess, að þeir, sem ráðin hafa um þetta mál, hafa ráðizt í framkvæmdir og stofnað skuldir, sem hæstv. ráðh. lýsir yfir, að skilyrðislaust verði að greiða. En hættan er á þessu, þegar einhverjir aðrir utan valdsviðs ríkisins hafa full umráð yfir tekjustofnum fyrir einhverjar framkvæmdir. Ráðh. segir svo, að skuldirnar verði að greiða, án þess að ráðh. hafi um það að segja, hvers vegna og hve miklar skuldir eru stofnaðar. Þetta virðist mér ekki heilbrigt, að það skuli geta skeð, að stofnun sem þessi skuli geta stofnað til svo mikilla skulda, að það þurfi að gefa henni ný fríðindi til þess að standa straum af þeim. Ég get sagt það, að það gleður mig, að háskólinn er kominn upp. En hins vegar er vitað, að í þetta hefur verið lagt of mikið fé. Það er ekki gaman, þegar erlendir prófessorar koma hingað, að það sé farið með þá niður í kjallarann hér í alþingishúsinu. Það er meira gaman að geta sýnt þeim fallegt hús. En það eru skattborgararnir, sem lagt hafa þetta fé fram, þó að hér sé um frjáls framlög að ræða. Það er því ástæðulaust fyrir hæstv. ríkisstj. að hlutast ekki til um, að þeir hinir sömu fái aðgang að þeim reikningum, sem snerta þetta mál.

Það má lengi deila um það, hvaða byggingu sé nauðsynlegt að koma upp og hverri eigi að ljúka fyrst. En ég er á sama máli og hæstv. ráðh. um það, að þjóðleikhúsið er sorglegur vottur þess, að lagt er í að byggja hús, sem ekki er hægt að fullgera. Það er ákaflega leiðinlegt, þegar menn leggja í byggingar, sem svo er ekki hægt að ljúka við. Hitt er svo annað mál, að ófyrirsjáanleg atvik geta hafa valdið því, að ríkissjóðs vegna hefur ekki verið hægt að láta skemmtanaskattinn renna til þjóðleikhússins. En mér virðist það fullkomið umhugsunarefni, hvort ekki væri rétt, að einhver hluti skemmtanaskattsins, sem almenningur lætur af frjálsum vilja, væri látinn renna til þjóðleikhússins.

Þó að forráðamenn háskólans séu sjálfráðir um það, hvernig því fé er varið, sem happdrættið gefur af sér, þá verða þeir hinir sömu þó að leita til Alþ. um frekari ívilnanir, þegar það er álitið nauðsynlegt. Er það því skylda hæstv. Alþ. að líta eftir því, hvort vel er farið með þetta fé, sem skattborgararnir leggja fram, og hvort það gæti ekki jafnvel komið einhvers staðar annars staðar að notum.

Það má alltaf segja sem svo, að of seint sé að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í. En eigi sá málsháttur við, má eins vel segja, að menn eigi að láta það sér að varnaði verða að hafa ríki í ríkinu, sem geti stofnað skuldir, sem fjmrh. verður svo að segja um, að þær verði að greiða, hvað sem það kostar. Mér virðist sem sagt, að ríkisvaldið eigi að hafa nokkurn íhlutunarrétt um stofnun slíkra skulda.

Og vitað er, að þessir menn, eða aðalmaðurinn a. m. k., eru að fitja upp á því að reisa hús, sem kostar e. t. v. meira en heill háskóli, en þar með eru komnar skuldbindingar, sem þarf að greiða.

Það, sem fyrir mér vakti, var að fá að vita, hvað hæstv. ráðh. ætlast fyrir í þessu efni. Ég verð að telja það illa farið, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að fara að taka upp þann hátt, þar sem vafi leikur á um það, hvort rétt sé að gefa út bráðabirgðal., að víkja þá heldur til þeirrar hliðarinnar að gefa út l., í stað þess að láta það ógert.

*__Gísli Guðmundsson:__ Ég get fallizt á það, sem hæstv. ráðh. sagði, að þessar umr. snertu ekki beinlínis frv. það, sem fyrir liggur. En mér finnst það ekki koma að sök, svona við 1. umr. málsins, þó að nokkuð sé farið út fyrir sjálft frv.

Hæstv. ráðh. sagði, að nú væri of seint að finna að því, þótt háskólinn hefði sýnt of litla ráðdeild um húsagerð. Háskólabyggingin væri búin að vera í smíðum um mörg ár, og þm. hefðu ekki hreyft andmælum, meðan tími var til. En ég vil benda á það, að mjög erfitt hefur verið fyrir þm. að fylgjast með þessum málum til þessa, þar sem aðrir hafa ekki varað við. Þó að hús sjáist í mótum, er ekki gott að segja fyrirfram, hvernig það muni verða, til hvers eigi að nota það og hvernig öllu verði til hagað, þegar húsið er fullgert. Vona ég, að hæstv. ráðh. sjái, að ekki er réttmætt að ásaka þm., þó að athugasemdir þeirra þyki koma nokkuð seint. Þeir verða að gera ráð fyrir, að hinir, sem nær standa málunum, vari við, áður en í óefni er komið. Ég hafði t. d. ekki hugmynd um, hvað hér var á ferð, fyrr en í fyrra, er hæstv. ríkisstj. lagði fram beiðni um að mega framlengja happdrættið, samkvæmt beiðni háskólans.

Hæstv. ráðh. hafði orð um það, að þetta, sem gert er nú, og eins það, sem gert var í fyrra, væri nauðsynlegt til þess að háskólinn gæti staðið við skuldbindingar sínar. Ég skildi það svo, að það væri nauðsynlegt til þess, að háskólinn gæti greitt kostnað, er hann hefur stofnað til vegna húsagerðar. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvort hér sé ekki um það eitt að ræða að greiða kostnað, sem þegar hefur verið stofnað til, því að mér er ekki grunlaust um, að fé þetta eigi jafnframt að fara til þess að greiða hluti, sem ekki er farið að vinna að ennþá, en slíkt geta ekki talizt skuldbindingar.

Hér hefur verið minnzt nokkuð á þjóðleikhúsið. Mér þótti það ljóður á ræðu hv. 7. landsk., sem ég var annars að miklu leyti sammála, að hann taldi þjóðleikhúsið eiga að ganga fyrir háskólanum. Ég tel það ekki geta komið til mála, og satt að segja efast ég um, að þjóðinni sé mikil þörf á slíkri byggingu, en það mál ætla ég ekki að ræða að þessu sinni. Annars átti háskólinn mjög skeleggan formælanda, þar sem var hv. 4. þm. Reykv. Hann virtist helzt finna það að háskólanum, að hann hefði ekki verið gerður stærri, og jafnvel það, að ekki skyldi hafa verið reistur annar háskóli, svo að skuldir okkar hefðu orðið sem mestar, þegar fyrir stríð. Það getur verið, að segja megi, eins og nú er

komið, að gott hefði verið að hafa verið búinn að koma sem mestum verðmætum í fast form innanlands. En ég býst ekki við því, að hv. 4. þm. Reykv. eða aðrir hafi getað sagt fyrir, hvað gerast mundi, eða hvaða áhrif það mundi hafa á okkar afkomu. Annars tel ég, að verja hefði mátt fé því, sem farið hefur til háskólans, í eitthvað annað, þjóðinni þarflegra. Ég veit ekki betur en hv. 4. þm. Reykv. hafi oft skrifað um það, að miklu fé hafi verið eytt í dýr íbúðarhús, og er ég honum þar sammála. Og það er trú mín, að opinberu fé hefði verið betur varið á annan hátt en þann að reisa þessa byggingu. Um það, að húsið sé svo fagurt, að það muni bera hróður Íslands út um víða veröld, vil ég ekkert segja, — hef víst ekki eins gott vit á því og ýmsir aðrir. En ef til vill er það svipað með þetta hús og nýju fötin keisarans. Margir hafa fullyrt, að það sé óvenjufagurt, og hinir vilja ógjarnan segja annað, a. m. k. fyrst um sinn.

*__Bergur Jónsson:__ Ég veit, að hv. þm. N.-Þ. muni koma auga á háskólabygginguna, ef hann fer hér suður á Melana, og munu honum þá varla detta í hug nýju fötin keisarans. — Annars ætlaði ég að svara hv. 7. landsk. Hann sagði, að ég hefði farið húsa- eða fasteignavillt, er ég sagði, að mér hefði þótt skemmtilegra, að einhver annar en hann hefði minnzt á kapphlaup um fasteignir í sambandi við háskólann. Það getur verið, að ég hafi farið fasteignavillt. En hér er um tvær fasteignir að ræða, tvö bíó, og hv. þm. er eini bíóeigandinn hér á þingi. Hefði því verið smekklegra af honum að fara ekki að tala um þetta.

Hv. þm. N.-Þ. sagði, að ekki hefði verið gott að fylgjast með kostnaðinum af háskólabyggingunni, og er það rétt. En þó að við gerðum kröfu til þess að fá að sjá reikningana, gæti það ekki breytt þeim kostnaði, sem þegar er orðinn af húsinu. Og ég vil taka það fram að lokum, að ég vil ekki láta háskólabygginguna verða að neinni ölmusubyggingu. Ég ber hlýrri hug til háskólans en svo. Vildi ég á allan hátt geta stutt að því, að hann yrði sem fyrst fullgerður, og því mun ég ganga með hóflegum fjáröflunarleiðum í því skyni að tryggja það, að ekki fari fyrir honum eins og þjóðleikhúsinu, sem nú er haft fyrir birgðageymslu eða eitthvað þaðan af verra.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Ég vil svara fyrirspurnum hv. þm. N.-Þ. um það, hvort fé það, sem fæst með þessari hækkun á verði happdrættismiða, eigi ekki að fara til annars en standa straum af þeim kostnaði, sem þegar hefur verið stofnað til. Um þetta er ekki auðvelt að fullyrða nokkuð. En þær upplýsingar, sem lagðar hafa verið fram um kostnaðarauka við bygginguna af völdum aukinnar dýrtíðar, virðast réttlæta fullkomlega þessa hækkun á verðinu, enda getur svo farið, að þessi kostnaðarauki verði enn meiri. Öðru get ég ekki svarað þessari fyrirspurn. Það, sem nokkrir hv. þm. hafa verið að ræða um, er frv. óviðkomandi. Þeir eru að tala um það, hvort háskólinn eigi að ráða því, hvernig ráðstafað sé fé því, sem hann hefur undir höndum. En um þetta stoðar ekki að tala hér. Það mál verður að taka upp allt öðruvísi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 63).

__Frsm. (Sveinbjörn Högnason):__ Fjhn. hefur athugað þetta frv., sem er breyt. á l. um stofnun happdrættis fyrir Ísland og er samhljóða bráðabirgðal., sem gefin voru út 16. jan. þessa árs og fela það í sér að afla fjár til að standast aukinn kostnað af rekstri happdrættisins og greiða skuldir af byggingu háskólans.

Eins og nál. ber með sér, hefur verð happdrættismiðanna verið hækkað um ¼, og sagt er, að það sé vegna aukins kostnaðar við rekstur happdrættis háskólans. N. hefur kvatt rektor háskólans á fund til sín, og lagði hann þar fram bréf, er n. hefur svo látið birta í nál. Þar kemur í ljós, að byggingarkostnaður háskólans hefur orðið sem næst tveim millj. kr., og er það allmiklu meira en gert var ráð fyrir í upphafi. Stafar það mikið af því, að byggingarkostnaður jókst, þegar verið var að fullgera bygginguna, vegna þess að byggingunni var hraðað meira en ætlazt var til í upphafi, þegar fyrirsjáanlegt var, að byggingarkostnaður mundi aukast vegna dýrtíðar, ef dregið yrði að ljúka við bygginguna. Þar af leiðandi hefur þörf á tekjum af happdrættinu orðið meiri en áður til þess að geta losað háskólann úr skuldum.

Skuldir, sem nú hvíla á háskólanum vegna byggingarinnar, eru 875 þús. kr.

N. hefur getað fallizt á, eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í málinu, að leggja til, að frv. verði samþ., þótt hins vegar nokkrir nm. hafi talið mikinn vafa á, að brýna nauðsyn hafi borið til að gefa út þessi bráðabirgðal. Það verður líka að segjast, að röksemdafærslan fyrir bráðabirgðal. er sú, að kostnaður við rekstur happdrættis háskólans hafi aukizt. En það er ekki á rökum reist, að það sé aðalástæðan. Verðhækkun miðanna er vitanlega gerð vegna tekjuþarfar háskólans fyrst og fremst, eins og kemur í ljós eftir skýrslu þeirri, sem n. hefur verið látin í té, þegar þetta mál var tekið fyrir.

Það er vitanlega ekki nema sjálfsagt og rétt að létta undir með að greiða þessar skuldir háskólans með þessu móti, því að þótt byggingarkostnaðurinn hafi farið allverulega fram úr áætlun, má telja það vel ráðið að flýta byggingunni eins og komið var, þegar sjáanlegt var, að dýrtíð mundi mjög aukast vegna styrjaldarinnar.

N. hefur ekki séð ástæðu til þess að flytja neinar brtt. við þetta frv., en ég vildi láta þess getið fyrir mína hönd og vegna þeirra radda, sem komu fram í n., að þetta er eitt af þeim málum, sem vitanlega er ekki brýn nauðsyn á, að sett séu bráðabirgðal. um eftir því, hvað

stjórnarskráin segir um það, hvenær bráðabirgðal. skuli gefin út.

*Gísli Guðmundsson: Það eru aðeins fáein orð. Ég vildi aðeins geta þess, út af því, að það mun ekki vera alveg rétt, sem fram kom hjá hv. frsm. n., að sú hækkun á byggingarkostnaði háskólans, sem orðið hafi fram yfir það, sem áætlað hafi verið áður, sé eingöngu vegna verðhækkunar, — hún mun sem sé ekki aðallega vera vegna verðhækkunar. Þegar áætlunin var gerð upphaflega, mun hún hafa verið nálægt einni millj. kr. Nú, samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja, mun kostnaðurinn vera orðinn um tvær millj. kr. En það liggur fyrir í bréfi húsameistara ríkisins til fjhn., að sú hækkun, sem stafar af breyttu verði, nemi 324 þús. kr., þannig að það liggur beinlínis fyrir í þessu bréfi, að verðhækkunin nemi þessu. En milli sex og sjö hundruð þús. kr. hækkun virðist stafa af því, að áætlunin virðist hafa verið gerð fjarri lagi, eða að húsbyggingunni hafi verið svo breytt frá því, sem ráðið var fyrst.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Ég vildi aðeins leiðrétta það hjá hv. þm. N.-Þ., að það er ekki rétt, sem hann hafði eftir mér, að ég hefði sagt, að það, sem farið hefði fram úr áætlun, hefði eingöngu verið vegna verðhækkunar. Ég sagði, að það væri vegna þess, að byggingunni var hraðað svo mjög, þegar fyrirsjáanlegt var, að dýrtíð mundi aukast. Það verður vitanlega miklu dýrara að byggja, þegar þarf að hraða byggingu svo mjög, bæði hvað vinnukraft snertir og margt fleira, sem kemur til greina, þegar þannig stendur á.

*Gísli Guðmundsson: Ég vildi aðeins segja það, að ég er mjög ánægður með það, ef orð þau, sem hv. frsm. lét falla áðan, mætti skilja eins og hann nú sagði, því að ég hygg það vera í samræmi við það, sem rétt er í þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 455).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Frsm. (Magnús Jónsson): Það er aðeins fyrir atvik eða óhapp, að þetta frv. var ekki afgr. fyrr en nú. Það var í sambandi við það, þegar einn nm. var veikur og fundir féllu niður. Hafði ég þá skrifað hjá mér, að þetta mál væri afgr., og hef því ekki tekið eftir því fyrr en nú, að það hefur í raun og veru ekki verið afgr. Annars er enginn ágreiningur um málið í n., og mælir hún með því, að frv. verði samþ.
Það eru bráðabirgðal., sem gefin voru út, og efni þeirra er ekkert annað en það, að verð miða verði hækkað til þess að mæta gildi peninganna, og náttúrlega verður vinningaupphæðin þá einnig hækkuð í sama hlutfalli við hækkun miðanna.
Þetta fyrirkomulag er komið í framkvæmd, og má geta þess í því sambandi, að yfirleitt hefur þetta mælzt vel fyrir, og því fer fjarri, að menn hætti að taka þátt í happdrættinu af þessum sökum, því að nú sem stendur hefur tala þeirra, sem þátt taka í því, aukizt.
N. mælir því með því, að þetta frv. verði afgr. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 533).

---

17. Gjaldeyrisvarasjóður og eftirlit með erlendum lántökum.

Á 22. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum (stjfrv., A. 85).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 26. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta er undirbúið og samið af milliþn. í gjaldeyrismálum, en flutt sem stjfrv. Er hér um að ræða nýmæli í íslenzkri löggjöf, ef frv. nær fram að ganga, og því vil ég fylgja frv. úr hlaði með fáeinum orðum til skýringar, þó að þau verði ekki mikið annað en endurtekningar þess, sem tekið er fram í grg.

Hv. þm. vita það, að útflutningsverzlun landsins hefur oft hrakað mjög, ef harðnað hefur í ári, verðfall orðið eða aflaleysi, og er því útflutningur okkar og afkoma atvinnuveganna mjög misjöfn frá ári til árs. Þegar þrengt hefur að á þennan hátt, hefur orðið að grípa til þess ráðs að skammta gjaldeyrinn, því að þjóðin hefur undanfarna áratugi verið að koma á miklum framkvæmdum í landinu, svo að allt fjármagn, sem til var á hverjum tíma, var notað að fullu til þessara framkvæmda og ekkert aflögu til þess að mæta erfiðleikum, sem að steðjuðu. Varð því jafnan að byrja þegar á því að skammta gjaldeyrinn, ef á bandinu strikkaði. Um það verður nú ekki deilt, að það er mjög slæmt að þurfa ætíð að óttast gjaldeyrisskort og yfirfærsluvandræði, þó að erfiðleikar komi um stundarsakir. Vaknar þá sú spurning, hvort ekki væri hægt að hafa á öllum tímum handbæran gjaldeyri, sem hægt væri að grípa til í erfiðleikum, og mætti þá hafa þennan sjóð þannig, að ekki mætti grípa til hans nema í knýjandi nauðsyn.

Frv. þetta er tilraun til að koma á slíku skipulagi. Gert er ráð fyrir því, að þjóðbankinn eigi jafnan 12 milljónir króna í erl. gjaldeyri, umfram það, sem hann skuldar á hverjum tíma í stuttfrestalánum, og er það tekið fram, að ekki megi eyða þessu fé nema í brýnni nauðsyn og að fengnu samþ. ráðh. þess, er fer með gjaldeyrismál. Skipa skal n., og skal Alþ. skipa 3 menn í hana og þjóðbankinn 3, en ráðh. gjaldeyrismála skal vera formaður hennar. Skal leita álits þessarar n. um það, hvort tímabært skuli teljast í hvert sinn að taka fé úr sjóðnum. Aðalatriði frv. er það, að málum sé svo fyrir komið, að aldrei sé hafður í umferð allur sá gjaldeyrir, sem þjóðbankinn á yfir að ráða á hverjum tíma, en áður hefur verið gert ráð fyrir því, að allt fjármagn hans væri í veltunni í senn. Má segja, að í mikið sé ráðizt að liggja með peninga, sem litla eða enga vexti muni bera, og hafi þjóðin ekki efni á slíku, því að hún verði að hafa handbært mikið „kapital" á hverjum tíma, sem hljóti að vera erlent lánsfé að miklu leyti. Þar til má svara því, að ekkert fyrirtæki er svo lítilfjörlegt, að það telji sig ekki þurfa að hafa fé í sjóði til þess að mæta óvæntum greiðslum, og ætti það þá ekki síður að eiga við um þjóðarheildina, að henni væri nauðsyn á að eiga nokkurn varasjóð, til þess að draga úr áhrifum kreppuástands, sem hlýtur að koma öðru hverju. Ég held því, að nauðsynlegt sé, að þjóðbankinn geti á venjulegum tímum átt innieignir erlendis, í stað þess að skulda, og séu þær innieignir ekki notaðar nema brýna nauðsyn beri til. Er nú tækifæri til að breyta um stefnu í þessum efnum, er gjaldeyrisástandið er svo ólíkt því, sem verið hefur.

Þá er annað atriði, sem milliþn. telur mikils virði. Það er kunnugt, að alltaf, er viðskiptaörðugleika ber að garði, eru menn seinþreyttir til að grípa til sérstakra ráðstafana og fresta því í lengstu lög. Reynslan er sú hér á landi, að aldrei hefur verið gripið til sérstakra ráðstafana fyrr en allur gjaldeyrir hefur verið upp eyddur og skuldir hafa myndazt erlendis. Þeir, sem að frv. standa, gera sér nú vonir um, að þessi sjóður mundi auka mjög líkur til þess, að í tæka tíð yrðu gerðar ráðstafanir til að draga úr gjaldeyriskreppu, áður en svo væri komið, að eyddur væri allur handbær gjaldeyrir, en þegar til þess kemur að ákveða, hvort taka skuli fé úr sjóðnum, skal n. sú, sem um getur í 7. gr. frv., leggja fram álit sitt og till. um það, hvað gera skuli til þess að koma í veg fyrir, að sjóðurinn eyðist allur. Þannig myndast svigrúm á meðan sjóðurinn er að eyðast, eða bankarnir eru að eyða lánum, sem þeir hafa fengið, svo að gjaldeyrisskortur verður ekki fyrr en sjóðurinn er eyddur og svo lán bankanna. Annars eru líkur til, að aldrei þyrfti til þess að koma, að sjóðurinn eyddist að fullu eða bankarnir yrðu að taka sérstök lán vegna skorts á gjaldeyri.

Það má segja, að frv. tryggi ekki fyrir fram, að árangur náist, ef allt væri látið reka á reiðanum, en við teljum hins vegar, að frv. auki líkur til þess, að nægilega snemma yrði hafizt handa um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir vandræði.

Þá vil ég leggja áherzlu á það, að n. sú, sem gert er ráð fyrir í frv., að skipuð verði, yrði nokkurs konar föst mþn., er héldi fund að minnsta kosti einu sinni í mánuði undir forsæti ráðh., fylgdist með öllu því, er snertir gjaldeyrismálin, ræddi þessi mál á fundum sínum og gerði till. um þau til ríkisstj. og Alþ., ekki aðeins á erfiðleikatímum, heldur og þess á milli. Við teljum það mikils virði, að hafizt geti gott samstarf, og betra en áður, milli manna frá Alþ. og bankanum, þar sem ráðh. yrði nokkurs konar tengiliður. Fulltrúar flokkanna í n. mundu þá leggja fram till. sínar í umboði flokka sinna og á ábyrgð þeirra. Gerum við ráð fyrir því, að samstarf stjórnmálaflokkanna innan þessarar n. mundi mjög auka á ábyrgðartilfinningu þeirra fyrir þessum málum.

Nú má segja, að það sé að vísu gott og blessað að hafa þennan gjaldeyrisvarasjóð, en það sé ekki einhlítt, ef hver og einn geti farið til útlanda og tekið þar lán eftir vild. Gæti þá farið svo, að sjóðnum yrði eytt í raun og veru, með því að landsmenn tækju á sig slíkar skuldbindingar. Hefur þetta atriði verið þaulrætt í n. Eru því í frv. ákvæði, þar sem bönkum landsins, öðrum en seðlabankanum, svo og öðrum opinberum stofnunum, er bannað að taka lán erlendis, nema með samþ. ráðh. þess, er fer með gjaldeyrismál.

Þá eru í 9. gr. ákvæði þess efnis, að allir þeir, sem skulda fé í erlendum gjaldeyri, skuli einu sinni á hverjum ársfjórðungi gefa Hagstofu Íslands skýrslu um skuldir sínar, en hagstofan gefur svo fyrrnefndri n. ársfjórðungslega skýrslu um þessar skuldir landsmanna.

N. treystir sér ekki til að fara út á þá braut að banna einstaklingum að taka lán erlendis. Það fannst henni of mikið haft á frelsi einstaklingsins, en hún vildi, að hægt væri á hverjum tíma að hafa yfirlit um það, hve miklar skuldir einstaklinga við útlönd væru, því að annars gæti n. sú, sem um getur í 6. gr. frv., ekki myndað

sér fullkomna hugmynd um gjaldeyrisástandið í heild. Væri þá, ef þurfa þætti, hægt að koma í veg fyrir frekari skuldasöfnun. En n. taldi ekki rétt að setja frekari skorður við þessu fyrir fram.

Í frv. eru þá fjögur meginatriði:

1. Stofnun gjaldeyrisvarasjóðs.
2. Ákvæði um, að tilteknir aðilar þurfi leyfi ráðh. til að taka lán erlendis.
3. Ákvæði um, að einstaklingar skuli skyldir að tilkynna hagstofunni skuldir sínar erlendis, en hún tilkynni síðan n. þetta.
4. Skipun sérstakrar n., sem undir forystu ráðh. þess, er fer með gjaldeyrismál, hafi forystu um úrræði í þeim málum, er sérstaklega snerta gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar á hverjum tíma.

Við gerum okkur vonir um, að með þessu verði hægt að auka mjög mikið líkurnar fyrir því, að í taumana verði tekið hæfilega snemma, þegar á ný fer að halla undan.

Mönnum finnst nú ef til vill sumum, að ekki sé sérstök ástæða til þess nú að hafa sérstakar áhyggjur út af gjaldeyrisskorti, þar sem þjóðin á nú miklar innieignir erlendis, sem mönnum er kunnugt. En það er rétt að gera sér það ljóst, að gjaldeyrisinnieignirnar erlendis geta orðið fljótari að fara en nokkurn okkar órar fyrir í dag. Og þess vegna er ekki nema sjálfsagt, að við gerum okkur grein fyrir því, hvað við viljum gera til þess að koma í veg fyrir að gjaldeyrisskortur eigi sér stað. Ég býst við, að þótt við þykjumst nú hafa fullar hendur fjár, þá geti fyrr en varir orðið þörf á þeim ákvæðum, sem í frv. felast.

Ég vil svo óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn. Vil ég biðja hv. fjhn. að greiða fyrir málinu eftir því, sem hún hefur tök á.

*__Einar Olgeirsson:__ Mér þætti gaman að vita, hvort flm. þessa frv. álíta í alvöru, að sú leið, sem þar er stungið upp á, sé heppileg.

Ég verð að segja það, að ef þetta er borið fram í alvöru af hv. nm. og ríkisstj., þá er þetta sú undarlegasta kreppuráðstöfun, sem ég get hugsað mér.

Vildu ekki þessir herrar, sem bera þetta frv. fram, bera þessa till. saman við það, að búið væri, þegar stríðinu lyki, að koma hér upp atvinnufyrirtækjum eins og t. d. skipasmíðastöðvum og fleiru þess háttar til að auka framleiðslu okkar og nota vinnuaflið. Eða væri ekki eins heppilegt fyrir okkur að reyna að afla okkur hráefna og birgja landið upp af þeim? Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, að við vitum ekki, hvort við höfum nægilegt til að lifa í þessu landi fram yfir stríð. Og þá er talað um það sem æskilegustu kreppuráðstöfunina að leggja 12 millj. kr. í frjálsum gjaldeyri til hliðar. Við eigum að halda áfram að láta landið vera jafnháð útlöndum hvað alla framleiðslu snertir eins og verið hefur. Ég hélt nú, að skilningur hefði farið vaxandi á því, að bezta kreppuráðstöfunin væri sú að reyna að koma upp nýjum framleiðslutækjum, jafnhliða því sem reynt væri að birgja landið upp af nauðsynjavörum. Ég fæ ekki betur séð en að flm. þessa frv. séu haldnir einhverri undarlegri oftrú á gildi peninga, án þess að taka nokkurt tillit til þeirra staðreynda, sem flestir ættu að hafa komið auga á, að það, sem hefur gildi, eru framleiðslutækin og vinnuaflið, en ekki peningarnir. Mér finnst það koma ljóst fram af flestum þeim frv., sem stj. hefur komið fram með, að stefna hennar, hvað atvinnulíf snertir, er haldin af þessari oftrú á ávísanirnar og af vanmatinu á gildi framleiðslunnar. Mér finnst, ef hæstv. stj. hefði viljað vera hreinskilin, þá hefði hún ekki átt að vera að bera svona frv. fram eins og þetta, sem hér liggur fyrir. Það er staðreynd, að við ráðum ekkert yfir okkar gjaldeyri sjálfir, og við eigum þess vegna ekki að vera með neinar sjálfsblekkingar í þeim málum. Ég held nú, ef yfirleitt væri hægt að fá nokkurn skapaðan hlut ræddan hér á Alþ. um þau mál, sem snerta grundvöll þjóðarafkomunnar, þá væri nauðsynlegt, að Alþ. ræddi um þessi mál, og það rækilega. Það færi þá ef til vill að renna upp ljós fyrir ýmsum um það, að reikningsfærslurnar á jafnaðarreikningnum við útlönd eru alls ekki eins mikið aðalatriði eins og látið er í veðri vaka. Ég gæti trúað, að ef þessi mál yrðu rædd, þá færi oftrúin á peningaseðlana ef til vill að minnka. En það getur vel verið, að hv. þm., sem flestir eru fylgismenn hæstv. stj., finnist svo mikil ástæða til að hlífa henni við umr. um þessi mál, að þeir vilji helzt ekki láta slíkar umr. fara fram. Ég skil það, að fylgismönnum ríkisstj. þyki ekkert skemmtilegt að þurfa að ræða um þessa miklu trú stj. á gildi innistæðnanna í erlendum bönkum og um leið á viturleik innflutningshaftanna og viðhald þeirra. Það er ekkert skemmtilegt fyrir þá að ræða þetta í ljósi staðreyndanna. En mér finnst, ef á að taka þetta frv. alvarlega, þá sé það hreðilegur dómur um hugmyndir hinna ráðandi manna á gildi peninga og hlutverk þeirra í þjóðfélaginu. Það virðist vera það eina, sem þeir menn sjá, sem koma fram með svona frv., það er bókhald, debet og kredit. Ég skal ekki neita, að það er gott að hafa það í lagi. En það er ekki það, sem þjóðfélagið lifir á. Það er ekki með slíku, sem atvinnulífið verður skapað og tryggt framvegis. Ég býst við, að það fari svo með þetta, eins og með flest, sem hér er rætt, að stj. skoði sig sem landsföður, sem eigi að hugsa fyrir þjóðina og hugsa fyrir flesta hv. þm. Hún leggur fram sín frv. og ætlast til, að þingið segi já og nei. Það virðast vera orðnar litlar leifarnar af þingræðinu, ef slíkt á að viðgangast áfram.

Ég vil svo aðeins að síðustu benda á það, viðvíkjandi ákvæðum 8. gr., að mér finnst óþarfi að takmarka meira en verið hefur þann rétt, sem sveitar- og bæjarfélög hafa til að ráða sér sjálf. Það er búið að skerða rétt þeirra nóg, þótt ekki sé lengra gengið. Það er ekki enn liðið úr huga mér, hvernig ríkisstj. hindraði með yfirgangi, að Siglufjarðarbær fengi að reisa nýtízku síldarverksmiðju, og hvernig síldarútvegurinn var þannig skaðaður um millj. króna með þessu framferði. Hafði þó ríkistj. þá ekki meira vald en það, að hún gat bannað að láta reisa síldarverksmiðjuna, en bærinn var hins vegar búinn að útvega sér lán erlendis.

Eftir þessu frv. gæti ríkisstj. hindrað slíka lántöku. Ég álít það þess vegna mjög hættulegt atriði að auka vald ríkisstj. í þessum efnum. Ég skal annars ekki fara út í einstakar gr. frv. Ég hef ýmislegt um þær að segja, en ætla að láta þetta aðalatriði nægja.

Pétur Ottesen: Það er ef til vill ekkert undarlegt, þótt hægt sé að halda nokkuð langa ræðu um þetta frv., ef það er eingöngu skoðað í ljósi tímanna, sem nú standa yfir, því það kemur talsvert einkennilega fyrir sjónir, eins og ástandið er nú í viðskiptum okkar við útlönd. Segi ég þetta ekki af því, að því beri ekki að fagna, hver breyting hefur þar á orðið, heldur er það vitanlegt, að það hlýtur að skapa ugg að eiga allt það mikla fé, sem áskotnazt hefur, inni standandi erlendis í því landi, sem er annar stærsti stríðsaðilinn nú. En ég vil skoða þetta frv. í allt öðru ljósi en með tilliti til þess ástands, sem nú ríkir. Ég álít, að þetta frv. sé fram komið fyrir þá reynslu, sem fengizt hefur í viðskiptum okkar við útlönd, eins og þau hafa verið á undanförnum árum, en þá voru oft erfiðleikar með innflutning og greiðslur af lánum sökum skorts á gjaldeyri. Og út frá því sjónarmiði skilst mér, að frv. eigi fullkomlega rétt á sér. Mér skilst hins vegar, að miðað við eðlilegt árferði, þá geti orðið erfiðleikar á því að safna t. d. á einu ári slíkum sjóði, en þetta þarf engan veginn að standa í vegi fyrir því, að ekki sé réttmætt að gera slíkar ráðstafanir í viðskiptum okkar, sem stefnt er að með frv., og að því leyti get ég vel fallizt á efni frv.

Ég vildi hins vegar benda á 2 atriði, það er um stjórn þessa sjóðs, sem hér á að stofna til. Ég vildi benda á, hvort það öryggi, sem stefnt er að með þessari sjóðsmyndun, gæti ekki náð tilgangi sínum með því að bankaráð Landsbanka Íslands hefði með höndum þau atriði þessara mála, sem þeirri 7 manna nefnd, sem frv. gerir ráð fyrir að skipuð verði, er ætlað að annast. Það er að vísu svo, að það er gert ráð fyrir, að viðskiptamrh. sé formaður þessarar n., en ég verð að líta svo á, að þar sem formaður bankaráðsins er skipaður af ríkisstj., þá sé hann á hverjum tíma í svo nánum tengslum við ráðherra þann, sem fer með þessi mál, að þetta ætti ekki þess vegna að koma að neinni sök. Ég vildi aðeins skjóta þessu fram til athugunar fyrir n., sem fær málið til meðferðar, því það er eins og við vitum farið að verða blöskranlegt, hve miklu er hrúgað upp af nefndum.

Hitt atriðið, sem ég vildi minnast á, var um eftirlit með lántökum erlendis. Það er sjálfsagt alveg rétt, sem hæstv. viðskmrh. tók fram um þetta atriði, að það er óefað nauðsynlegt að hafa eftirlit með lántökum þeirra aðila erlendis, sem hér er rætt um. Enda er það svo, að þetta ætti ekki að raska neinu verulegu, því það er vitað mál, að bæjar- og sveitarfélög taka svo að segja aldrei lán nema með ríkisábyrgð, eða svo hefur það verið til þessa. Alþingi verður að veita heimild til slíkra ábyrgða, og það heyrir undir ríkisstj. að ákveða, hvort hún notar slíka heimild. Svo að þessu leyti breytir þetta ákvæði raunverulega engu frá því, sem verið hefur á undanförnum árum, að því er þessa aðila snertir. Þá er hitt og líka rétt og sjálfsagt, að gera þeim, sem skulda erlendis, að skyldu að gefa upp þessar skuldir, svo að hægt sé að fá raunverulegt yfirlit um það, hvernig hagur landsmanna er við útlönd.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, vildi aðeins láta þessi sjónarmið mín koma fram.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. Borgf. vék dálítið að því, að það kæmi einkennilega fyrir sjónir að bera slíkt frv. sem þetta fram, ef það væri skoðað í ljósi yfirstandandi tíma. Hv. þm. svaraði sér þessu viðvíkjandi að nokkru leyti sjálfur. Það kann að vera, að þetta frv. sé einkennilegt í þeirra augum, sem ekki sjá lengra en til morguns. En ef við athugum þær gjaldeyrisinnieignir, sem við nú eigum og myndazt hafa á 7 mánuðum, þá er ekki hægt annað en láta sér detta í hug, að þær geti líka minnkað ótrúlega ört. Og sannleikurinn er sá, að það hefur enginn hugmynd um, hve ört kann að geta gengið á þessar innieignir á sínum tíma, ég tala nú ekki um, ef við fáum þá tækifæri til að kaupa mikið af alls konar vélum, skipum og ýmsum framleiðslutækjum. Enn fremur vil ég leggja áherzlu á það, að ég tel heppilegt, að þessi löggjöf sé sett á meðan mönnum eru enn í fersku minni gjaldeyriserfiðleikarnir, sem við höfum átt við að búa að undanförnu. Ef þetta yrði ekki gert strax, þá gleyma menn þessu og koma ekki til með að hafa þann skilning á þessu máli, sem menn nú hafa. Það er þess vegna með ráðnum huga gert, og þrátt fyrir að við eigum ekki við neina gjaldeyriserfiðleika að stríða nú, að þetta frv. er lagt fram. Þess vegna er það bara eins og að tala í poka að tala um það, að með þessu móti séu skertir möguleikar landsmanna til að kaupa þær vörubirgðir, sem hugur þeirra kynni að girnast. Það er ákaflega auðvelt að sameina þetta tvennt, að leggja til hliðar í erlendum gjaldeyri þá upphæð, sem farið er fram á í þessu frv., og hafa til nægan gjaldeyri, að svo miklu leyti sem hann verður notaður til þess að kaupa vörur til landsins.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í það, sem sagt hefur verið um þetta frv. við þessa umr. Ég mun væntanlega við annað tækifæri minnast á atburði síðastl. árs og stefnu ríkisstj. í gjaldeyrismálum og svara þá þeim rógi, sem haldið er uppi af sumum þm. í því sambandi, en ég fer ekki lengra út í það að sinni.

Hv. þm. Borgf. talaði um það, að ekki mundi vera hægt, eða a. m. k. væri það ekki eðlilegt, að breyta til um yfirstjórn sjóðsins frá því, sem áður var gert ráð fyrir. Ég vil fyrst benda á það, að ekki er gert ráð fyrir í frv., að þessi 7 manna nefnd, er skipa á, hafi með höndum yfirstjórn sjóðsins, heldur á að leita álits hennar um það, hvort selja megi gjaldeyri úr gjaldeyrisvarasjóði, en stj. Landsbankans og ráðh. sá, er fer með gjaldeyrismál, hafa úrskurðarvaldið í þeim efnum, og er alls ekki ætlazt til, að það vald verði ekki áfram í höndum þeirra.

Ég vil benda þm. á, að þessi nefndarskipun

er ákveðin með það fyrir augum, eins og ég tók fram áðan, að n. starfi sem föst mþn. undir forustu ráðh. þess, er fer með gjaldeyrismál, og að n. verði skipuð 3 fulltrúum frá Landsbanka Íslands, því að gjaldeyrisvarasjóður er eign þeirrar stofnunar, og 3 fulltrúum kosnum af Alþ. Þessi n. hefur talsvert annað hlutverk en bankaráð Landsbanka Íslands og mun líta nokkuð öðrum augum á verksvið sitt en bankaráðið.

Auðvitað er rétt að taka það fram, að bankaráð Landsbanka Íslands er alls ekki einvörðungu yfirstjórn þeirrar stofnunar, heldur hefur það einnig tillögurétt um fjárhagsmál yfirleitt, en þó lítur það fyrst og fremst á sig sem stj. sérstakrar stofnunar.

Það, sem fyrir okkur vakti, sem flytjum þetta frv., var, að þarna kæmist á fót n., sem liti alls ekki á sig sem stj. sérstakrar stofnunar, þar eð hún væri bæði skipuð fulltrúum stjórnmálaflokkanna á Alþ. og fulltrúum frá Landsbanka Íslands, og þess vegna hlytu sjónarmið beggja þessara aðila að koma fram. Ég held, að þm. þurfi ekki að bera neinn kvíðboga fyrir því, að þessi nefndarskipun muni hafa kostnað í för með sér, þó að gert sé ráð fyrir, að n. haldi fundi minnst einu sinni í mánuði.

Það, sem sérstaklega vakti fyrir okkur flm. þessa frv., var svo hitt, að fulltrúar frá stjórnmálaflokkunum á Alþ. kæmu fram með þær úrlausnir, sem flokkar þeirra vildu beita sér fyrir, og síðar væri hægt að krefja flokkana til ábyrgðar út af þeim, þegar þær liggja fyrir. Þetta er að vísu einnig hlutverk mþn. og sömuleiðis bankaráðs Landsbankans. En það er ávinningur að hafa þarna undir einu þaki fulltrúa bæði frá Landsbanka Íslands og Alþ.

Ég vil beina þeim tilmælum til Alþ., áður en gengið yrði inn á þá braut að breyta þessu frv., að þm. gæfu mér kost á að tala við sig um þessi mál, og e. t. v. er rétt, að hv. þm. Borgf. athugi það mál sérstaklega. Að öðru leyti vil ég þakka honum fyrir undirtektir hans í þessu máli. Mér fannst hann taka fram aðalatriði málsins, sem sé, að rétt væri að gera þessar varúðarráðstafanir einmitt núna, meðan mönnum er það í fersku minni, hve miklir erfiðleikar fylgja því að eiga við gjaldeyrisskort að búa.

***Einar Olgeirsson:** Það verður mjög stutt, sem ég ætla nú að segja. Hæstv. viðskmrh. sagði, að engan óraði fyrir því, hve fljótt verðlagið kynni að breytast. Þetta er alveg rétt. En skyldi hann þá hafa hugsað út í það, hvers virði þessi varasjóður í erlendum gjaldeyri væri orðinn nú í samanburði við vörurnar, sem ætti að kaupa frá útlöndum, þegar við þar á ofan ráðum ekki yfir erlendum innieignum okkar né getum notað þær? Hækkun vöruverðsins hefur haft það í för með sér, að peningarnir eru nú miklu minna virði en áður, og er þá komin fram allgreinileg sönnun fyrir því, að þessi gjaldeyrisvarasjóður er langt frá því að tryggja öryggi landsmanna á krepputímum. Hann er sannarlega orðinn einn af þeim fjársjóðum, sem mölur og ryð munu fá grandað. En veit hæstv. viðskmrh., hvað hann hefur gert? Hann er að rífa grundvöllinn undan því frv., sem hann sjálfur hefur flutt.

Svo talaði hann einnig um það, að nú sem stendur væru engir gjaldeyriserfiðleikar. Það er einkennilegt að heyra þetta. Ef það er rétt, hvernig stendur þá á því, hve erfitt er um innkaup frá Ameríku? Það væri gaman að fá skýringu á því atriði.

Viðvíkjandi síðasta aðalatriðinu, sem hæstv. ráðh. minntist á, að hann mundi síðar meir gera grein fyrir stefnu hæstv. ríkisstj. á síðastl. ári í sambandi við innflutningshöftin, og það, að rógur hefði verið fluttur um ríkisstj. af einstökum þm. fyrir framkvæmdir hennar í þeim efnum, vil ég aðeins drepa á það, sem Morgunblaðið, sem er aðalstuðningsblað núverandi ríkisstj., segir um innflutningshöftin í ritstjórnargrein. Ég veit ekki, hvort hann les það blað svo vel, að hann fylgist með öllu því, sem þar er sagt. Morgunblaðið segir svo um þetta mál: „Ríkisstj. hefur bakað landsmönnum tjón, sem nemur tugum millj. kr., með stefnu sinni í innflutningsmálunum á síðastl. ári.“ Ég vildi aðeins minna á þetta, til þess að hæstv. viðskmrh. svari þeirri „kritik“ líka, þegar að því kæmi, að hann loksins fyndi ástæðu til þess að gera reikningsskap fyrir gerðir hæstv. ríkisstj. frammi fyrir Alþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 45. og 46. fundi í Nd., 26. og 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 85, n. 246 og 267).

***Frsm. minni hl. (Jón Pálmason):** Það er venja hér á Alþ., að frsm. meiri hl. tali á undan, en úr því hann er ekki hér viðstaddur og þess er krafizt, að málið sé tekið til afgr., þá skal ég verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að segja nokkur orð nú þegar.

Í rauninni hef ég ekki miklu við það að bæta, sem fram er tekið í nál. okkar 3. landsk., sem menn hafa vafalaust lesið. En að við höfum ekki getað fallizt á að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, byggist á því, að við álítum litla tryggingu í því fólgna, þó að Landsbankanum sé gert að skyldu að taka frá meiri eða minni upphæð af því, sem hann á inni í enskum bönkum.

Okkur finnst það enn fremur óþarft, jafnvel þótt þessi varasjóður yrði stofnaður, að bæta við nýrri n. til þess að annast stjórn hans, þar sem svo margar n. eru fyrir, sem hafa afskipti af erlendum viðskiptum, og teldum við, að bankaráð Landsbankans ætti að geta annazt stjórn hans.

Í þriðja lagi álítum við, að sú trygging, sem með þessu fengist fyrir gjaldeyrisverzlun landsins, sé svo óviss, að ekki sé til vinnandi, að ríkissjóður greiði þær 200 þús. kr. í vaxtatap til Landsbankans, sem frv. gerir ráð fyrir. Við teljum því réttmætt, að frv. verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að þjóðbankinn (Landsbanki Íslands) geri sitt ýtrasta til, að utanríkisverzlun þjóðarinnar verði rekin svo gætilega sem kostur er á, án þess að ný lög séu sett um skyldur hans í því efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég mun svo ekki fjölyrða um þetta að sinni. Ég geri ráð fyrir, að hv. d. fái nú tækifæri til þess að heyra rök meiri hluta n., og gefst okkur minnihlutamönnum þá tækifæri til þess að ræða málið nánar. Vænti ég, að hæstv. forseti veiti mér þá leyfi til frekari umræðna en ella, þar sem umræðum hefur verið hagað á annan veg en venja er til.

***Frsm. meiri hl. (Sveinbjörn Högnason):** Eins og nál. ber með sér og frsm. minni hl. hefur lýst, hefur n. ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls, og hefur minni hl. n. þegar gert grein fyrir sinni skoðun.

Meiri hl. n. lítur svo á, að í þessu frv. felist svo mikilvæg atriði til tryggingar gjaldeyrisverzluninni í framtíðinni, að sjálfsagt sé að taka þau til rækilegrar athugunar.

Það má segja, að stofnun gjaldeyrisvarasjóðs nái ef til vill ekki fullum ætluðum tilgangi, en engu að síður er hér um virðingarverða tilraun að ræða til þess að koma í veg fyrir sömu gjaldeyrisvandræði og við áttum við að búa fyrir stríð. — Og það er mjög æskilegt, að stjórnmálamenn vorir og fjármálamenn hafi vakandi auga með viðskiptum þjóðarinnar út á við og geri ráðstafanir í því efni í tæka tíð, ef þörf krefur.

Það verður ekki séð, að það sé nokkur rökstuðningur gegn frv., sem frsm. minni hl. hélt fram, að þeir vildu ekki leggja þá kvöð á ríkissjóðinn að greiða 200 þús. kr. í vaxtamismun til Landsbankans, því það skiptir ekki máli frá sjónarmiði almennings, hvort bankinn, sem rekinn er algerlega af opinberu fé, leggur fram það fé eða ríkissjóður. Það er auðvitað, að vaxtatap getur orðið vegna þessarar sjóðsstofnunar, og hlýtur þjóðfélagið að bera þann kostnað, hvort sem það nú er í gegnum bankann eða gegnum ríkissjóð.

Meiri hl. hefur ekki séð ástæðu til þess að gera ýmsum stofnunum, bönkum, sparisjóðum o. s. frv. að skyldu að fá samþykki til lántöku innanlands, enda mun það ekki heldur hafa verið meiningin skv. frv. Brtt. við 8. gr. má því fremur skoðast sem leiðrétting. Með þessari einu breytingu leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. og leggur áherzlu á, að það nái fram að ganga.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil þakka meiri hl. n. tillögu hans í þessu máli, en mér urðu það vonbrigði, að minni hl. skuli ekki geta fallizt á frv., og það því fremur sem í milliþinganefnd í gjaldeyrismálum voru fulltrúar frá öllum flokkum, og voru þeir allir sammála um að gera þær till., sem frv. felur í sér. Ríkisstj. hefur einnig orðið sammála um að gera það að till. sinni, að þessi l. verði sett.

Ég mun ekki lengja umr. nú, þar sem ég gerði frv. nokkur skil við 1. umr., og því fylgir auk þess ýtarleg greinargerð, en vil þó víkja að því örfáum orðum, vegna þeirra ástæðna, sem minni hl. færði fram gegn frv.

Minni hl. heldur því fram í áliti sínu, að það muni ekki hafa mikla þýðingu, þótt lagt verði til hliðar sem svarar nokkrum millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Hann færði þó engin rök fyrir þessari fullyrðingu sinni.

Það, sem fyrir milliþn. vakti í þessu máli, var það, að jafnan væri fyrir hendi nokkurt fé til ráðstöfunar erlendis og jafnframt að hindra það, að söfnuðust erlendar lausaskuldir. Þessum mönnum kom saman um, að til þess að ná þessu marki væri nauðsynlegt að binda þetta í löggjöf. Það, sem fyrir n. vakir, er m. a. það, að keppt verði að því að halda við þessari innieign, en jafnan þegar hún rýrnar, verði gjaldeyrismálin tekin til rækilegrar íhugunar og ráðstafanir gerðar í tæka tíð til þess að koma í veg fyrir gjaldeyrisskort.

Í bæði þau skipti, sem gerðar hafa verið ráðstafanir vegna gjaldeyrismálanna, var það ekki gert fyrr en töluverðar skuldir höfðu safnazt erlendis.

Þeir, sem um þetta mál hafa fjallað, hafa flestir verið sammála um það. Hefur það m. a. verið rætt við bankastjórn Landsbankans og formann bankaráðs. Það má ef til vill segja, að sama árangri mætti ná með því að fela Landsbankanum forsjá þess. — Þetta er ekki rétt. Ég vil benda á það, að til þess að gera ráðstafanir til þess að hafa áhrif á gjaldeyrisjöfnuðinn getur enginn einn aðili verið einhlítur, hvorki Alþ., ríkisstjórn eða þjóðbankinn. Til þess að hafa heilsteypta stefnu í málinu þurfa þessir þrír aðilar að vinna saman, og er því lagt til, að skipuð verði nefnd, er hafi þau verkefni með höndum, sem frv. ræðir um. Þessi nefnd á svo að koma saman einu sinni í mánuði, þar sem menn bera saman ráð sín um úrræði.

Minni hl. fjhn. heldur því fram, að til sé fjöldi nefnda, sem hafi með höndum ýmsa þætti viðskiptalífsins. Þetta er engin röksemd gegn frv., því að þó að það sé rétt, að þessar n. hafi með höndum ýmsa þætti viðskiptalífsins, þá hefur engin þeirra einhlíta yfirsýn yfir það allt. Nú eru styrjaldartímar. Við skulum taka dæmi um her, samsettan af mörgum herdeildum, þar sem hver herdeild hefur sinn forkólf. Herforingjaráð eða yfirstjórn er engu að síður nauðsynleg, sem hafi með höndum framgöngu hersins í heild. — Svipaðri verkaskiptingu gerir frv. ráð fyrir.

Mönnum er vorkunn, þótt þeim finnist, að dragast mætti að setja löggjöf sem þessa, eins og nú standa sakir, en ég álít, að það sé heppilegra að gera það nú, á meðan gjaldeyriserfiðleikar undanfarinna ára eru mönnum enn í fersku minni.

Nú mætti segja, að stj. væri innan handar að hafa forgöngu í þessu máli og kveðja á sinn fund þá aðila, sem nefndir eru í frv., en ég vil benda á, að skv. frv. á að kjósa sérstaka fulltrúa í n. á Alþ., ekki til þess að stjórna sérstakri stofnun, heldur til þess að halda fram heildarstefnu flokkanna í þessum málum.

Ég vil að lokum minnast á þriðja atriðið, sem

minni hl. nefndi, kostnaðaratriðið fyrir ríkissjóð. Hjá því verður ekki komizt, að einhver kostnaður verður af þessu fyrir þjóðfélagið í heild. Hvernig sá kostnaður skiptist milli þjóðbankans og ríkissjóðs, getur verið ágreiningur um, en ég fyrir mitt leyti teldi réttast, að ríkissjóður tæki þann hlut, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vil um leið upplýsa, að ef frv. verður samþ., mundi þetta fjárframlag fullnægja vissri þörf, sem nú er fyrir hendi fyrir bankann, og mér er nær að halda, að þó að frv. yrði ekki samþ., yrði að styðja þjóðbankann eigi að síður, vegna þess ástands, sem skapazt hefur í þessum efnum.

Ég geri ráð fyrir, að mér hafi ekki tekizt að sannfæra minni hl. um nytsemi þessa máls frekar en við 1. umr. þess, en ég vil skora á þá, sem ekki hafa enn tekið til þess ákveðna afstöðu, að fylgja málinu fram, en vísa því ekki frá, svo sem minni hl. leggur til.

Það væri hægt að færa fram fleiri ástæður málinu til stuðnings. Ég hef ekki farið út í það hér, að eitt af þeim hlutverkum, sem n. hefur, er að hafa eftirlit með skuldasöfnun og lántökum landsmanna erlendis, en það mælir líka mikið með frv. Þá vil ég biðja menn að ályktaekki í fljótfærni, að málið sé óþarft vegna þess, hve við eigum miklar innistæður erlendis nú. Þetta getur fljótlega breytzt, og því verðum við að vera vel á verði.

Þá vil ég einnig benda á það, að þegar talað er um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir gjaldeyrisskort, er ekki aðeins um innflutningshöft að ræða, — þar eru fleiri sjónarmið. Aðrir flokkar kynnu að vilja grípa til annarra ráðstafana, t. d. með sérstökum tollum, að bankinn drægi saman sína útlánastarfsemi o. s. frv. Hver flokkur getur haft sitt sjónarmið, en ráðandi meiri hl. Alþ. verður að marka stefnuna. Það gæti því orðið mikils virði, að fulltrúar flokkanna kæmu með sín mismunandi sjónarmið á einn stað.

Það kom fram við 1. umr. frá hv. þm. Borgf., hvort ekki væri hægt að gera þetta mál einfaldara með því að samþ. aðeins l. um gjaldeyrisvarasjóð og skuldaeftirlitið, en sleppa nefndinni.

Meiri hl. fjhn. hefur ekki gert till. um að nema burt þessa n., og vænti ég, að menn gangi ekki á það lagið. Ég geri mér vonir um, eins og ég hef rakið hér að framan, að þetta sérstaka ráð ætti að auka samvinnuna milli hinna þriggja aðila, Alþingis, ríkisstj. og yfirstjórnar bankans, en til þess að hægt sé að vænta þess, að samræmi verði í þeim ráðstöfunum, sem þessir aðilar gera, er nauðsynlegt, að fulltrúar frá þeim komi saman á einn stað.

Pétur Ottesen: Ég minntist dálítið á þetta frv. við 1. umr. og taldi mig fylgjandi þeirri stefnu, sem fram kemur um þennan sjóð. Jafnframt tel ég rétt, að haft sé eftirlit um lántökur erlendis að því er snertir sparisjóði, bæjar- og sveitarfélög og aðrar opinberar stofnanir. Hér er að vísu ætlazt til, að þetta eftirlit nái til bankanna og þar á meðal Landsbankans, en þar virðist mér nokkuð öðru máli að gegna. Aftur á móti tel ég sjálfsagt, að Hagstofu Íslands séu gefnar skýrslur um skuldir erlendis ársfjórðungslega. Það, sem ég hef við þetta frv. að athuga, var það, sem hæstv. viðskmrh. minntist á um ákvæði 6. gr. Ég hef gert nokkra grein fyrir því, að ég teldi það algerlega geta samrýmzt tilgangi þessa frv., þó að bankaráð Landsbankans færi með þessi mál, með þeirri nánu samvinnu, sem er á milli þessara þriggja aðila, sem hæstv. viðskmrh. nefndi. Ég hef þess vegna ekki sannfærzt af þeim ummælum, sem fram hafa komið hjá hæstv. viðskmrh. um það, að þetta geti ekki allt saman farið vel úr hendi, og tilganginum með þessu frv. verði náð, þótt sú tilhögun verði á þessu höfð. Ég mun þess vegna greiða atkvæði á móti þeirri rökstuddu dagskrá, sem hér liggur fyrir, en mun hins vegar athuga fyrir 3. umr. breytingu í þá átt, að bankaráð Landsbankans hafi þetta með höndum. Ég mun þess vegna að sjálfsögðu fresta því að færa fram þau rök, sem ég álít, að fyrir því liggi, að frekar eigi að gera þá skipun en þessa, sem lögð er til í þessu frv.

***Frsm. minni hl. (Jón Pálmason):** Við 1. umr. þessa máls flutti hæstv. viðskmrh. talsvert ýtarlega ræðu um þetta frv. Ég hlustaði á hana með athygli, og eins og gefur að skilja, hef ég farið í gegnum grg., sem fylgir því, og að öðru leyti veitt því athygli, sem fram hefur komið í ræðum þeirra manna, sem hér hafa mælt með þessu frv.

Út af öllu þessu get ég sagt það, að margt af því, sem þessir menn hafa sagt, er tekið fram í grg. þessa frv. Það er rétt lýsing á því ástandi, sem við búum við, og athuganir á því, hvernig hefur gengið. Um þá hluti er ekki neinn ágreiningur frá minni hálfu. Af engu, sem fram hefur komið, hef ég getað sannfærzt um það, að í þessu frv. sé nokkur framtíðar trygging, sem varni því, að þeir annmarkar, sem fyrir liggja í okkar utanríkis- og gjaldeyrisverzlun, láti á sér bera framvegis eins og hingað til. Mér hefur fundizt, að algerlega vantaði rökstuðning fyrir því í þessu frv., hvaða trygging felist í því, að Landsbankinn taki þessa upphæð frá innieign sinni í enskum bönkum og leggi hana í sérstakan sjóð og kaupi fyrir það verðbréf, sem halda á sérstaklega frá öðrum eignum þessa banka, því það er tekið fram í þessu frv., að gjaldeyrisvarasjóðurinn sé eign Landsbankans. Mér sýnist þetta nokkuð álíka ráðstöfun eins og það, að einhver bóndi, sem ætti margt fé, tæki sérstakan hóp af því og léti hann í sérstakt hús og segði sem svo: Þetta fé má ekki deyja, því ég ætla að hafa það sem sérstaka tryggingu. — Ef hann missti nú allt sitt og yrði að gefa sig upp sem gjaldþrota mann, þá mundi vissulega verða gengið að þessum fjárhóp eins og öðrum. Á sama hátt held ég að hljóti að fara fyrir þjóðbanka okkar. Ef hann yrði gjaldþrota, þá yrði eins gengið á þessa upphæð eins og allar aðrar. Nú vitum við, að erlendis eigum við innieignir, sem nema allt að 100 millj. kr. Þótt teknar séu af þessu 12 millj. kr. og keypt fyrir það ensk verðbréf, þá skilst mér, að það sé ákaflega lítil trygging frá því, sem er, að Landsbankinn á þessa upphæð og hefur af

henni öll not, sem tækifæri gefur til. Þetta er því minni trygging frá mínu sjónarmiði og minni varzla, af því að eins og nú stendur, þá vitum við ákaflega lítið um það, hvers virði þessar eignir eru eða kunna að verða. Og ég vil segja það, að það má búast við, að enn meiri sókn sé yfirvofandi í því efni að yfirfæra kostnað setuliðsins. Af því fyrirkomulagi að þurfa að yfirfæra allan þennan kostnað, stafar ekki einungis bankanum mikil hætta, heldur líka þjóðfélaginu.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. viðskmrh. talaði um það, að það þyrfti að vera náið samstarf á milli þessara þriggja aðila, Alþingis, ríkisstj. og bankaráðs Landsbankans, þá er það rétt. En til hvers höfum við viðskmrh. og viðskmráðun., ef ekki á að hafa samráð við Alþingi og bankaráð Landsbankans og stjórn hans um helztu vandamálin á fjármálasviðinu? Ég verð að segja það, að það á að vera eitt af aðalverkefnum hæstv. viðskmrh. að sjá um, að náin samvinna sé á milli þessara aðila um fjármál þjóðarinnar. Þessi nýi gjaldeyrisvarasjóður ræður að mínu áliti ekki neinar bætur á því, að hér verði aukin trygging á þessu sviði.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. viðskmrh. sagði og einnig er tekið fram í grg. frv., að það sé nauðsynlegt, að alltaf sé til laust fé erlendis til þess að forða okkur frá gjaldeyrisörðugleikum, þá er það rétt, að undir venjulegum kringumstæðum er það nauðsynlegt. Síðan stríðið brauzt út hefur þetta verið öfugt frá því, sem það hefur verið á undanförnum árum. Áður áttum við þar aðeins skuldir, sem jukust ár frá ári, en nú eigum við mikið af innieignum hjá því herveldi, sem hefur undirokað þessa varnarlausu þjóð. Þótt við eigum þessar innieignir, þá er það fé ekki laust, þó að við keyptum fyrir það brezk verðbréf, hvort sem það væru ríkisskuldabréf eða annað. Ég gæti meira að segja vel hugsað mér, að þær upphæðir, sem við eigum í brezkum bönkum, yrðu síðar meir felldar í verði. Af þessum sökum fæ ég alls ekki séð, að nokkur nauðsyn sé til þess að stofna þessa nýju n., sem virðist í raun og veru vera aðalatriðið í þessu frv. Mér skilst, að Landsbankinn gæti alveg eins tekið frá 12 millj. kr. og keypt fyrir þær verðbréf, ef honum væri fyrirskipað það af ríkisstj. Þörfina á þessari nýju n. fæ ég því með engu móti séð. Við höfum nú í bankaráði Landsbankans formenn tveggja stærstu þingflokkanna og 3 menn aðra, sem á hverjum tíma hafa nægileg tækifæri til þess að fylgjast með öllum okkar viðskiptum, út á við og inn á við, að því er snertir þann hluta þeirra, sem Landsbankinn hefur með að gera. Mér er ekki ljóst, þó við færum að kjósa einhverja aðra menn frá þingflokkunum í sérstaka n., sem hefði með þessa hluti að gera, að þá yrði að því nokkur aukin trygging.

Snertandi það, sem hv. frsm. meiri hl. n. og hæstv. viðskmrh. voru að tala um, að það skipti ekki mjög miklu máli, hvort sá kostnaður, sem af þessu leiddi, yrði greiddur af ríkissjóði eða Landsbankanum, þá er það röksemd, sem ég gæti fallizt á, því bankinn er, eins og allir vita, eign ríkisins, svo að það skiptir vitanlega ekki máli, hvort það er að öllu leyti greitt af bankanum eða ríkissjóði. Vissulega væri ekki heldur í það horfandi að leggja þessa upphæð fram, ef hér væri um nokkra tryggingu að ræða fyrir gjaldeyrisverzlun okkar í framtíðinni. Af því að ég get ekki komið auga á, að um það sé að ræða, tel ég óþarfa að leggja þessa upphæð fram.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að minnast á, nema eftirlitið með erlendum lántökum.

Á meðan við höfum starfandi jafndýra n. og gjaldeyris- og innflutningsnefnd hefur verið á undanförnum árum, þá ætti að vera auðvelt að setja það inn í gjaldeyrislögin, að sú n. skuli hafa eftirlit með erlendum lántökum undir yfirstjórn ríkisstj. Annars held ég, að meiri þörf sé nú á ýmsu öðru en að banna lántökur, því þær munu ekki vera líklegar á næstunni. Við eigum það næstum víst, að kreppa skellur yfir okkur að þessu stríði loknu, og þá getur frekar komið til þeirra kasta að ákveða, hve þröngar skorður skuli setja um lántökur erlendis, en núna á stríðstímunum er ekki sjáanleg nauðsyn á eftirliti á þessu sviði.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil segja nokkur orð út af því, sem sagt hefur verið, þó ég vilji ekki tefja umr. um málið.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að það, sem skorti aðallega á, væri, að ekki kæmi nægilega glöggt fram í frv., hvaða gagn væri að því að stofna slíkan gjaldeyrisvarasjóð. Það væri kannske einfaldast að vísa í þessu efni til eldri lagaákvæða, eins og t. d. ákvæðanna um gulltrygginguþjóðbankans. Það mætti segja, að bankinn gæti alveg eins fundið upp á því að tryggja sjálfur sína seðla. En Alþingi hefur nú samt talið tryggara að setja viss skilyrði fyrir því, hvernig seðlarnir skuli tryggðir. Það er svo margt, sem segja má um, að vissar stofnanir gætu gert, sem Alþingi vill tryggja með lögum, að sé gert. Um það, hvaða gagn væri að því að gera þessa sérstöku ráðstöfun, vil ég benda á það, að sé þetta ákveðið með lögum, þá muni Landsbankinn telja sér skylt að haga starfsemi sinni þannig, að hægt sé að uppfylla þessi skilyrði laganna.

Hv. þm. A.-Húnv. vildi í þessu sambandi taka dæmi af bónda, sem ætti margt fé og tæki frá vissan hluta fjárins, og sagði svo, hvað hann væri nær um þetta. Það er alveg rétt, en þetta er ekki sambærilegt. Þó að gjaldeyriserfiðleikar séu að vísu illir viðureignar og stafi oft af ástandi, sem erfitt er að ráða við, þá er það ekki hliðstætt við mæðiveikina, því það er oft hægt að gera ráðstafanir gegn því, að þetta verði gert, áður en allir sjóðir verða upp étnir. Það er sem sagt aðalatriðið að mega ekki snerta þennan varasjóð, nema með samþykki þessara aðila, sem hafa vald til þess að gera ráðstafanir, sem gætu komið að gagni til þess að vinna á móti erfiðleikunum. Auðvitað er það rétt, að hér er ekki fundið meðal gegn gjaldeyriserfiðleikunum, en með þessu á að vinna að því, að gjaldeyrisörðugleikar komi mönnum ekki eins á óvart og annars mundi.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að á þessum tímum væri á ýmsu frekar þörf en eftirliti með skuldum, heldur ætti að hafa það, þegar gjaldeyrisörðugleika bæri að höndum. En það er hætt við því, að við getum gleymt því, að gjaldeyriserfiðleikar geti yfirleitt átt sér stað, og að við venjum okkur of seint á þann hugsunarhátt, sem nauðsynlegur er í þessu efni. Í því sambandi vil ég benda á þann góðærishugsunarhátt, sem var hér á árunum 1927 til 1930. Ég er sannfærður um það, að ef ráðstafanir hefðu verið gerðar á þessum árum til þess að minnka eftirspurn eftir gjaldeyri, þá hefði gengið betur að yfirvinna erfiðleikana heldur en gekk. Það er þetta, sem er aðalatriði málsins.

Af því að hv. þm. Borgf. hefur sagt, að hann ætli að flytja brtt. við 3. umr. um að fella niður ákvæðið um skipun þessarar nefndar, þá ætla ég ekki frekar að ræða um þá nauðsyn, sem ég tel á, að þessi n., sem frv. gerir ráð fyrir, sé skipuð. Ég læt þetta því nægja til þess að tefja ekki framgang málsins.

***Ísleifur Högnason:** Enda þótt ég sé ekki samþykkur orðalaginu á þeirri rökstuddu dagskrá, sem hér liggur fyrir, er ég því samþykkur, að þetta frv. sé óþarft og ótímabært af þeirri ástæðu beinlínis, að ég álít, að það sé ekkert vit í að vera að festa fé í sjóðum á þessum tímum, heldur eigi þvert á móti að reyna að koma innistæðum okkar erlendis í verðmæti, sem flutt yrðu til landsins.

Nú hef ég það fyrir satt, enda var það gefið í skyn af hv. þm. A.-Húnv., að gjaldeyris- og innflutningsnefnd væri orðin næsta óþörf stofnun. Það var sagt, að hún gæti ugglaust tekið að sér starf þeirrar n., sem hér um ræðir. Ég held, að það séu aðrir aðilar, sem ráða því, hvað flutt er til landsins og hvað mikið. Ég álít, að ríkisstj. ætti ekki að fara í neinn launkofa með það. Allir vita, að Bretar skammta okkur þær vörur, sem við flytjum inn. Okkar hagsmunir eru þeir sömu og þeirra, að fá eins mikið af verðmætum og mögulegt er, og þess vegna er ekkert vit að festa innistæður okkar í sjóðum erlendis. Ég vil ekki gera það að mínum orðum, að Bretar vilji ekki greiða okkur þessar skuldir, en ég vil segja það, að það sé mjög hæpið, hvers virði þessar innieignir verða, þegar fram líða stundir. Ég er viss um, að með hverjum mánuðinum, sem líður, rýrna þessar innieignir að verðmæti, og er því um að gera að nota þær til að afla ýmislegra nauðsynja, meðan þess er kostur.

Ég ætla nú ekki að orðlengja um þetta, en af því að hæstv. viðskmrh. var hér í d., langaði mig að fá vitneskju um, af hverju talan 12 millj. er í frv. Ég sé, að ráðh. er farinn úr d., en mig langaði aðeins til að vita, hvernig þessi tala, 12 millj., er fundin upp, því ég sé ekki, að það sé nein grein gerð fyrir því í frv., og að mínu áliti gildir einu, hvort þær eru 12 eða 13, 24 eða 36.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 267, frá minni hl. fjhn., felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÞ, GSv, ÍslH[1]), JGM, JPálm, SEH, StSt, ÞBr[2]), ÁÁ.

nei: BJ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, HG, HelgJ, JakM, JÍv, PHann, PO, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, JörB.

JóhJón, SK greiddu ekki atkv.

5 þm. (BÁ, GG, HV, ÓTh, TT) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 15:2 atkv.

2.—7. gr. samþ. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, VJ, BJ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, HG, HelgJ, JakM, JÍv, PHann, PO, SkG, StgrSt, JörB.

nei: JPálm, SEH, StSt.

ÞBr, ÁÁ, EE, GSv, JGM, SK greiddu ekki atkv.

8 þm. (TT, BÁ, GÞ, GG, HV, ÍslH, JóhJón, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 246 samþ. með 18 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JÍv, PHann, PO, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, EmJ, EystJ, FJ, HG, HelgJ, JörB.

nei: StSt, ÁÁ.

JGM, JóhJón, JPálm, SEH, SK, ÞBr, EE, GÞ, GSv, ÍslH greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÓTh, TT, BJ, BÁ, GG, HV) fjarstaddir.

9.—12. gr. samþ. með 15:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, SvbH, VJ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, HG, HelgJ, JakM, JÍv, PHann, PO, JörB.

nei: StSt, JPálm.

ÞBr, ÁÁ, EE, ÍslH, JGM, JóhJón, SEH, SK greiddu ekki atkv.

8 þm. (TT, BJ, BÁ, GÞ, GG, GSv, HV, ÓTh) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 333, 334).

***Þorsteinn Briem:** Herra forseti! Ég hef flutt þessa brtt. á þskj. 334, af því að frá mínu sjónarmiði eru þessi l. gagnslítil, a. m. k. nema brtt. gangi fram. En vegna tilmæla ríkisstj. í þessu sambandi, vildi ég eigi að síður óska þess, að hæstv. viðskmrh. skýrði nánar, hvað fyrir honum og ríkisstj. vekti í þessu sambandi, og ætla ég ekki að tala fleiri orð fyrir brtt. fyrr en hæstv. viðskmrh. hefur gefið skýringu.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil út af brtt. hv. þm. Dal. á þskj. 334, segja örfá orð.

1) **ÍslH:** Ég er ekki samþykkur efni dagskrártill. að öðru leyti en því, að vísa beri málinu frá, og segi þó já.

2) **ÞBr:** Með því að ekki er kostur tryggra verðbréfa, segi ég já.

Brtt. er um það, að það skuli tekið fram í 2. gr. l., að gjaldeyrisvarasjóðurinn skuli vera í öruggum og frjálsum gjaldeyri, en hins vegar sé fellt niður orðið „erlendum“, sem orðin „öruggum og frjálsum“ komi í staðinn fyrir.

Í þessu sambandi vil ég upplýsa það, sem raunverulega liggur þó opið fyrir, að það er lagt á vald Landsbankans og ríkisstj., og þó sérstaklega Landsbankans, að ráða því, í hverjum gjaldeyri þessi sjóður skuli vera. Og það er hægt að lýsa yfir því hér, að hann mundi vera hafður í þeim gjaldeyri, sem hægt er að komast yfir öruggastan á hverjum tíma. Og að því leyti mundi það verða framkvæmt, sem a. m. k. fyrra orðið í þessari brtt. hefur inni að halda, og að því leyti er það því óþarft. Um síðara orðið, að gjaldeyririnn skuli vera frjáls gjaldeyrir, vil ég benda mönnum á það, að það er að mínum dómi heldur óheppilegt að setja þetta inn í frv., því að við vitum náttúrlega ekki með neinni vissu, hvað framtíðin ber í skauti sínu í þessum efnum og hvort ekki kann að verða tekið upp annað fyrirkomulag um gjaldeyrisviðskipti landanna heldur en verið hefur og minna kunni að verða um frjálsan gjaldeyri heldur en nú hefur átt sér stað. Þess vegna finnst mér vera varhugavert að setja þetta orð í frv., því að það gefur í skyn, að þessi sjóður ætti ekki að vera stofnaður nema frjáls gjaldeyrir væri fyrir hendi. Og þó að í brtt. sé talað um öruggan gjaldeyri, og þó að það yrði skilið, ef samþ. væri, þannig, að það ætti við þann öruggasta gjaldeyri, sem völ er á, þá vildi ég, að hv. flm. brtt. tæki hana aftur og léti sér nægja þá yfirlýsingu, að til sjóðsins mun verða valinn sá gjaldeyrir, sem öruggastur er talinn á hverjum tíma. En viðvíkjandi því, að ekki sé stofnaður slíkur sjóður nema völ væri á því, sem við höfum kallað frjálsan gjaldeyri, vil ég segja það, að mér virðist, að verulegt gagn mundi að því verða að stofna slíkan sjóð, þó að ekki gæti valizt til hans frjáls gjaldeyrir, eins og við notum það orð, ef gjaldeyrir sá, sem í sjóðinn er lagður, er gjaldeyrir þess lands, sem hefur verulega mikið á boðstólum af því, sem við þurfum til landsins að flytja. Og ég geri ráð fyrir, að allir hljóti að vera sammála um það, að jafnvel þó að hvergi væri til frjáls gjaldeyrir, þá mundum við þurfa að eiga gjaldeyri. Og þá mundum við taka þann bundna gjaldeyri í þeim hlutföllum í þennan sjóð, sem við gerðum ráð fyrir að þurfa síðan að nota hann. Það er vitanlega bezt að hafa frjálsan gjaldeyri í þessum varasjóði. En ef hann er ekki til staðar, er bezt að eiga þann gjaldeyri, sem líklegast er, að við þurfum að nota.

Ég sé ekki, að menn hafi ástæðu til að setja það fyrir sig viðvíkjandi fylgi við þetta mál, þó að við getum ekki fengið það í þennan varasjóð í dag, sem við köllum frjálsan gjaldeyri.

Ég vildi fara fram á það við hv. þm. Dal., að hann tæki aftur brtt. sína á þskj. 334 gegn þeirri yfirlýsingu, sem ég hef gefið um það, að til þessa varasjóðs muni verða á hverjum tíma valinn sá gjaldeyrir, sem talinn er öruggastur. Enda tryggir þessi brtt. ekkert í þessu efni, þó samþ. væri, því að það mundi alltaf verða tekinn sá gjaldeyrir til sjóðsins, sem öruggastur væri talinn.

*Þorsteinn Briem: Fyrir eindregna ósk hæstv. viðskmrh. vil ég verða við þeim tilmælum að taka brtt. mína aftur, en í því trausti, að kappsamlega verði að því unnið að hafa jafnan gjaldeyrisvarasjóðinn í svo öruggum gjaldeyri sem kostur er á á hverjum tíma.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég vildi aðeins í tilefni af því, sem um hefur verið rætt, skýra frá því, þó ég kannske telji nú ekki, að allt of mikið megi leggja upp úr því, að mikið gagn geti orðið að þessum gjaldeyrisvarasjóði, sem í frv. er lagt til að stofnaður verði, þá hygg ég samt eindregið, að rétt sé að samþ. frv., — en það er ekki hvað sízt með tilliti til einhvers starfs, sem mér skilst, að fyrir hæstv. viðskmrh. vaki, að n. sú, sem ráðgert er í frv. að stofna, eigi að inna af hendi. Mér skilst, að tilgangurinn með þessari nefndarskipun sé sá, að hún ekki aðeins eigi að hafa með höndum ráðstafanir á þessum gjaldeyrisvarasjóði, heldur jafnframt, ef að kreppir, að leita ráða til þess að draga úr þeim erfiðleikum, sem gjaldeyrisskortur kann að valda. Og þegar tillit er tekið til þess, að þetta frv. er fram borið af milliþn., sem skipuð var á síðasta Alþ. til þess að leita samkomulags í þeim málum á milli flokkanna, en hins vegar, að sú n. hefur ekki lagt fram endanlegar till. í þeim, þá skilst mér, að þessi n., sem hér er rætt um að stofna, geti haldið áfram því starfi, og það gæti leitt til þess, að betra samkomulag næðist í lausn þeirra mála í framtíðinni heldur en tekizt hefur hingað til og annars kynni að geta talizt örðugra. Ég skil vel, og enda hefur borið á því í umr. um málið hér í hv. d., að ýmsir hv. þm. hafa misjafnt traust á milliþinganefndum og því starfi, sem þeim auðnist að leysa af hendi. Skal ég játa, að ýmislegt styður þá skoðun, að vafasamur árangur sé af starfi slíkra n. En þar með er ekki sagt, að allar milliþn. séu þannig, að fátt gott geti leitt af þeirra starfi. Og mér skilst, að Alþ. sé þeirrar skoðunar, þegar um mál er að ræða, sem ekki verður ráðið fram úr í hasti, þá vilji þingið skipa n. til þess að finna lausnina. Sú n., sem þingið hefur skipað til þess að finna lausn á gjaldeyrismálunum, hefur ekki komizt að samkomulagsniðurstöðu, og finnst mér rétt að halda áfram á þeirri braut til að fá svo gott samkomulag sem auðið er, ef þess er nokkur kostur í þeim málum. Þess vegna tel ég, að þó að ekkert sé annað í þessu frv., þá sé það þess vert að samþ. það, einmitt með það fyrir augum að gera ráðstafanir til þess, að vakað sé yfir gjaldeyrisástandinu um það, hvaða ráð eigi að finna til þess að vinna bug á gjaldeyrisörðugleikunum.

ATKVGR.
Brtt. 334 tekin aftur.
Frv. samþ. með 15:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., 6. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar. (A. 333).

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 333, n. 458).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. kom frá hv. Nd. og mun vera samið af milliþn. í gjaldeyrismálum, en flutt af hæstv. ríkisstj. Fjhn. hefur athugað frv. og er samþykk efni þess, eins og tekið er fram í nál. á þskj. 458.

Ætlunin með þessu frv. er auðvitað sú að reyna að koma í veg fyrir það í framtíðinni, að þau gjaldeyrisvandræði endurtaki sig, sem átt hafa sér stað oft undanfarin ár, Ég geri ráð fyrir því, að hv. dm. hafi kynnt sér einstakar gr. frv., og sé því ekki ástæðu til að rekja efni þess nákvæmlega, en meginatriðin eru þessi: 1. að Landsbanki Íslands leggi til hliðar gjaldeyri, sem svarar 12 millj. ísl. kr., og stofni með því sjóð, sem nefnist gjaldeyrisvarasjóður. Hann á að vera eign Landsbankans, en háður takmörkunum, sem gert er ráð fyrir í frv. 2. að skipuð skuli 7 manna ólaunuð n., sem hafi með höndum verkefni það, sem tilgreint er í frv., sem sé að úrskurða, hvenær ástæða sé til að taka fé úr gjaldeyrisvarasjóði. Mundi nefnd þessi þá verða eins konar yfirstj. gjaldeyrismála þjóðarinnar. Hún á að vera þannig saman sett, að Alþ. kýs 3 mennina, Landsbankinn tilnefnir 3, en formaður hennar og oddamaður sé ráðh. sá, sem fer með gjaldeyrismál. Yrði hún því að nær helmingi skipuð fulltrúum hins pólitíska valds í landinu, þ. e. Alþingis, og jafnmörgum fulltrúum frá þeirri peningastofnun þjóðarinnar, sem þessi mál eru aðallega viðkomandi, auk þess ráðh., sem fer með gjaldeyrismálin. Er með þessu ætlazt til, að meiri festa verði í meðferð þessara mála og meira tillits gætt en hægt er með því fyrirkomulagi, sem er og verið hefur. Þá er 3. atriðið, að samkv. frv. er ýmsum aðilum óheimilt að taka lán erlendis, nema með samþykki ráðh. gjaldeyrismála, en þessir aðilar eru bankar landsins, sparisjóðir, bæjar- og sveitarfélög og opinberar stofnanir. Aftur er hér ekki ákveðið að banna einstaklingum að taka lán erlendis, og geri ég ráð fyrir, að þeir, sem sömdu frv., hafi talið, að með því væri gengið of nærri einstaklingsfrelsinu. Í 4. lagi er, samkv. 9. gr., lögð sú skylda á alla, sem skulda fé erlendis, að þeir gefi Hagstofu Íslands skýrslu ársfjórðungslega um skuldir sínar erlendis, en hún skal svo gefa fyrrnefndri n. skýrslu um skuldir landsmanna utan lands.

Þetta eru þau fjögur meginatriði, sem mér virðist frv. hafa inni að halda, og á þau atriði hefur fjhn. þessarar hv. d. fallizt einróma, en í hv. Nd. mun aftur á móti hafa verið nokkur ágreiningur um þetta innan fjhn. þeirrar d.

Ég skal svo að lokum vekja athygli á meginmáli nál. fjhn., sem eru orðaskýringar við frv. Hæstv. ráðh. er hér staddur, og getur hann þá sagt til um það, hvort ekki séu réttar þær athugasemdir, sem þar eru gerðar.

Nefndin ber ekki fram brtt. við frv. En þó kom það til álita í n. að bera fram tvær smávægilegar brtt. Hefði það að líkindum verið gert, ef ekki væri svo áliðið þingtímans, en n. þótti ekki heppilegt að fara að stofna til þess, að frv. yrði sent hv. Nd. héðan af, og þannig ef til vill stefnt í tvísýnu um framgang málsins á þessu þingi.

Út af þessum tveim atriðum vil ég taka fram: Nefndinni þykir ekki nógu skýrt að orði kveðið í frv. um þau. Í fyrri málsgr. 5. gr. er talað um mismun „vaxta þeirra, er bankinn fær af fé gjaldeyrisvarasjóðs, og innlánsvaxta þeirra á sparisjóðsreikningum, sem bankinn greiðir á hverjum tíma.“ Hér telur nefndin sjálfsagt, að átt sé við hæstu innlánsvexti, þegar svo stendur á, að innlánsvextir á sparisjóðsreikningum eru misjafnir, eins og nú á sér stað. — Í síðari málsgr. 8. gr. er vísað til landsbankal. frá 15. apríl 1928 án þess að tilgreina nr. þeirra, og hefði þó þurft að gera það, bæði sakir venju og hins, að tvenn lög um Landsbankann eru frá þessum degi. Átt er við l. nr. 10. Það eru meginlögin, eins og þau líta út, eftir að búið var að fella inn í þau breytingar þær, sem gerðar höfðu verið og fengu staðfestingu hinn sama dag. Nefndin vonast til, að ekki þurfi brtt., heldur nægi, að þessum skilningi sé yfir lýst í nál. og framsögu og mótmæli ekki borin fram gegn honum.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil þakka hv. fjhn. afgreiðslu málsins og taka fram um leið, að ég lít svo á sem fram kemur í nál. á þskj. 458, að telja beri, að ákvæði 5. gr. eigi við hæstu innlánsvexti á sparifjárreikningum bankanna á hverjum tíma, og virðist því óþarft að flytja brtt. um það.

Síðara atriðið sýnist mér ekki geta valdið neinum erfiðleikum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—12. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 542).

18. Loftvarnaráðstafanir o. fl.

Á 3. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um loftvarnaráðstafanir (stjfrv., A. 17).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er bráðabirgðal., sem ríkisstj. gaf út. Um ástæðuna til þess, að þessi bráðabirgðal. voru gefin út, þarf ekki að ræða hér í hv. d., því að ástæðurnar eru öllum þm. kunnar. Ríkisstj. tók þá afstöðu til þeirra loftvarnaráðstafana, sem líklegt þótti, að nauðsynlegt væri að gera, að fela bæjar- og sveitarstj. að hafa framkvæmd þeirra á hendi, en kostnaðurinn við þær skiptist jafnt milli ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða. Síðan er til þess ætlazt, að ríki og bæir hafi hvort um sig nokkra íhlutun um þessi mál. Lögreglustjórar, sem embættismenn ríkisins, eru formenn þeirra n., sem framkvæmdir eiga að hafa með höndum. Einnig er sett inn í frv. heimild til eignarnáms undir vissum kringumstæðum.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um þetta mál hér í hv. Nd. Hið eina, sem þm. kynni að greina á um, er það, hvort ríkið eða bæjarstj. ættu að hafa þessar framkvæmdir með höndum. Ég tel eðlilegra, að bæjarstj. hafi þessar framkvæmdir með höndum, vegna þess að þær eru hver um sig þessum málum kunnugri en ríkisstj., og munu eiga auðveldara með framkvæmdir á ýmsan hátt heldur en ríkisstj., og tel ég því æskilegt, að hver bæjarstj. hafi framkvæmdir þessara mála með höndum í sínum bæ.

Ég óska eftir, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og allshn.

***Einar Olgeirsson:** Það, sem ég hef fyrst og fremst út á þetta frv. að setja, er það, að ekki hafa verið gerðar nægilegar ráðstafanir í þessu sambandi, bæði til að afla þess fjár, sem þurfa mundi til þess að gera nægilegar ráðstafanir, og hrinda af stað framkvæmdum hér í Reykjavík til þess að vera undir loftárás búin, en að hætta geti verið á slíku, var bent á í fyrrasumar, strax eftir að landið var hertekið. Hið eina, sem mundi vera nokkurn veginn örugg vörn gegn loftárás, mundu vera sprengjuheld loftvarnabyrgi. Að vísu er ekki mikið til af þeim hér, en nægilegt vinnuafl er til hér á landi og nógir peningar til að borga vinnuna, sem unnin yrði í því skyni.

Menn þóttust sjá það undireins, þegar farið var að víggirða Reykjavík, að hér væri hætta á ferðum og brezka setuliðinu væri ekki sérstaklega mikið um það hugað, hvernig færi um fólkið sjálft, er hér býr. Aðalatriðið fyrir setuliðinu væri að tryggja herstöðvar sínar sem bezt, svo og þær stöðvar, sem væru mikilvægastar fyrir það sjálft, t.d. höfnina í Reykjavík, og aðrar slíkar.

Þess vegna hlaut það fyrst og fremst að koma í hlut íslenzku yfirvaldanna að sjá almenningi fyrir sem beztu öryggi gegn loftárásum, því að innrásarhernum væri ómögulegt að treysta að neinu leyti, sem vitaskuld hefur ekki komið hingað til þess að tryggja Ísland gegn árásum, heldur til þess að tryggja sér betri hernaðaraðstöðu en ella. En íslenzku yfirvöldin hafa alls ekki farið fram á það, sem sjálfsagt hefði verið að byrja á þegar í fyrrasumar, sem sé að byggja sprengjuheld loftvarnabyrgi. Þau gátu þó ekki haft sér það til afsökunar, að engir peningar væru til eða ekki væri vinnuafl til, því að hérumbil tvær þúsundir verkamanna hafa verið notaðar til að vinna hjá brezka setuliðinu í nágrenni bæjarins, í stað þess að nota þetta vinnuafl til að tryggja á einhvern hátt öryggi bæjarbúa fyrir loftárásum. Ég tel það mjög vítavert af hálfu ríkisstj. og bæjarstj. að hafa ekki að einhverju leyti hugsað um þetta.

Ég skal þó geta þess, að margar aðrar ráðstafanir en að byggja sprengjuheld loftvarnabyrgi hefði þurft að gera. Sprengjuheld loftvarnabyrgi eru að vísu bezta ráðstöfunin, en þau eru dýr. Það hefði þurft að undirbúa skipulagða fólksflutninga úr Reykjavík, ef til loftárása kæmi. En því fer mjög fjarri, því að ástandið er þannig, að vegirnir út úr bænum mundu ekki verða færir, ef til loftárása kæmi, og ef til vill hefði líka mátt útbúa húsin betur til að standast loftárásir með því að hlaða sandpokum fyrir kjallaraglugga. Ég er hræddur um, að þær aðgerðir að nota kjallara nokkurra steinsteypuhúsa sem loftvarnabyrgi mundu koma að fremur litlu haldi, því að ekki eru miklar líkur til, að þau mundu standast loftárásir betur en önnur hús. Það er hreinasti misskilningur, að þessi loftvarnabyrgi gætu orðið að gagni fyrir aðra en þá, sem staddir væru á götunni, þegar loftárás yrði gerð, því að þeir, sem staddir væru í húsum inni, mundu fara niður í kjallarann í því húsi.

Þetta vil ég minnast á, og ef hæstv. ríkisstj. væri þess sinnis að svara spurningu minni, þá þætti mér mjög fróðlegt að vita, hvort hæstv. ríkisstj. hefur mótmælt því sérstaklega við hið erlenda setulið, sem hér er, þegar Reykjavík var víggirt. Að víggirða Reykjavík er vafalaust einhver hroðalegasta ráðstöfun, sem gerð hefur verið í þessari styrjöld, því að ríkisstj. annarra þjóða reyna að fá höfuðborgir sínar viðurkenndar sem óvíggirtar borgir. Franski herinn yfirgaf París og lýsti yfir því, að hún væri óvíggirt borg, og Belgíumenn yfirgáfu Brüssel af sömu ástæðu, og Ítalir reyna að fá Róm viðurkennda sem óvíggirta borg. En Reykjavík, sem er höfuðborg hlutlausrar þjóðar og hefur að geyma hlutfallslega stærri part viðkomandi þjóðar heldur en nokkur önnur höfuðborg, hún er ekki einungis víggirt, heldur hreint og beint útbúin sem partur af víggirðingu. Það væri fróðlegt að fá að vita, hvort hæstv. ríkisstj. hefur mótmælt þessu sérstaklega, en ég hef ekki heyrt getið um nein mótmæli í tilefni af þessu. En viðskiptum okkar Íslendinga við brezka setuliðið hefur jafnan verið þannig háttað, að ef við Íslendingar höfum sótt mál okkar mjög fast, þá hefur setuliðið tekið kröfur okkar til greina, og sakir þessarar reynslu og þess, hvernig hér er ástatt, er mér ekki fjarri að halda, að það

hefði e. t. v. getað haft einhver áhrif, ef viggirðingu Reykjavíkur hefði verið mótmælt nógu kröftuglega af yfirvöldum Íslands við brezka setuliðið.

Ég vil sérstaklega vekja eftirtekt á 4. gr. þessa frv. Þar segir svo: „Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda, svo og að hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi loftvarnaráðstafanir samkvæmt l. þessum, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum.“ Að vísu er það sjálfsögð skylda allra verkfærra manna að vinna að undirbúningi loftvarna, en sú vinna verður að greiðast eins og önnur vinna. En samkv. þessu orðalagi væri hægt að láta verkamenn vinna að þessu dögum saman án endurgjalds. Það þykir mér undarlegt, að ekki skuli vera tekið fram sérstaklega, að það eigi að borga þessa vinnu. — Í síðari málgr. 4. gr. segir svo: „Lögreglustjórum og loftvarnanefndum er heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna,[1])

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um 4. gr. frv. Ég vil þó leiðrétta misskilning, sem komið hefur fram í sambandi við það, að talað er um að vinna endurgjaldslaust að undirbúningi loftvarna. Þar er auðvitað ekki átt við það að byggja loftvarnabyrgi, heldur hitt, að menn eru kallaðir til þess að æfa sig í að slökkva eld, ryðja úr vegi tálmunum, sem koma á göturnar við árásir, hjálpa særðum o. s. frv. Enda hafa þessi l. verið framkvæmd nú um nokkurt skeið, og hefur engum dottið í hug að framkvæma þau þannig að nota þetta ákvæði sem almenna þegnskyldu til vinnu. Ég skal geta þess, að þær sveitir, sem hafa verið æfðar í þessu skyni, eru yfirleitt ekki verkamenn, heldur menn, sem eru á lausum kili og geta auðveldlega hlaupið frá vinnu. Þetta ákvæði kemur því ekki niður á verkamönnum almennt. Ég vænti þess, að sú skýring, sem ég hef nú gefið, nægi til þess að leiðrétta þennan misskilning.

***Finnur Jónsson:** Ég vil í sambandi við þetta mál leggja fram fyrirspurnir til hæstv. ríkisstj. Það er vitað mál, að hér í bænum eru engin sprengjuheld loftvarnabyrgi, og það væri þess vegna afar fróðlegt að fá að vita, hvort nokkrar áætlanir hafa verið gerðar um byggingu sprengjuheldra loftvarnabyrgja. Ég á þar ekki eingöngu við Reykjavík, heldur einnig aðra kaupstaði landsins, sem sérstaka þýðingu gætu haft fyrir þá, sem vildu herja á landið, t. d. Akureyri og Siglufjörð og jafnvel fleiri staði. Það getur vel svo farið, að þetta sé ekki aðeins bráðabirgðaástand, sem ríkir hér á landi, heldur geti það haldizt til langframa. Það gæti hugsazt, að Ísland, vegna þeirra bættu samgangna, sem orðið hafa síðustu ár, yrði mikilvægur þáttur í hernaðarfyrirætlunum ýmissa stórvelda. Mér er kunnugt um, að kostnaður við að byggja sprengjuheld loftvarnabyrgi yrði mikill, þau þurfa að vera grafin marga metra í jörð niður, en ef svo færi, að okkur gengi illa að stikla á milli ýmissa stórvelda, kynni að verða nauðsynlegt að ráðast í slíkar framkvæmdir. Enn fremur vil ég gera fyrirspurn um það, hvort ekki verði talið nauðsynlegt að myrkva Reykjavík og aðra þá staði, sem kynnu að verða fyrir árásum. Ég get bent á það, að t. d. í Danmörku sjást ekki ljós eftir að skyggja tekur, og þykir það sjálfsögð varúðarráðstöfun. Eftir að ég kom heim frá Norðurlöndum, heyrði ég sagt, að það hefði vakið mikla mótspyrnu hér heima, að bærinn yrði myrkvaður, en erlendis þykir það einhver öruggasta loftvarnaráðstöfun, sem hægt sé að gera. Rétt eftir að Þjóðverjar tóku Kaupmannahöfn, var borgin viggirt og ýmsar varúðarráðstafanir gerðar, meðal annars myrkvun.

Þriðja fyrirspurnin, sem mig langar að bera fram, er sú (ég beini henni aðallega til hæstv. dómsmrh.), hvort einhver Íslendingur muni hafa staðið á bak við það, að Bretar komu hingað til lands, og hvort það hafi verið rannsakað. Það er vitað, að einn hv. þm., 3. þm. Reykv., hann hafði sérstaklega óskað eftir því, að Bretar veittu Íslendingum hervernd, og væri fróðlegt að vita, hvort hernám Íslands kynni að vera runnið undan rifjum þessa hv. þm. Þessi hv. þm. hefur látið í ljós nauðsyn slíks, einmitt hér á hv. Alþingi, og hefði það alls staðar annars staðar en hér verið talin landráð.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Út af þessari síðustu fyrirspurn, hvort nokkur Íslendingur hafi átt þátt í því, að landið var hernumið, þá veit ég ekki, hvort hv. þm. ætlast til, að hún sé tekin alvarlega. En hitt er víst, að ríkisstj. er ekki kunnugt um, að neinn Íslendingur hafi verið við hernámið riðinn. Það vita allir, að þegar land er hernumið, eins og Ísland, þá er það gert samkv. því, sem hlutaðeigandi stórveldi telur öryggisráðstafanir fyrir sína hagsmuni.

Gagnvart myrkvun bæjarins, þá er því að svara, að það mál hefur verið mikið rætt og hefur mætt hinni mestu mótspyrnu, enda þýðingarlítið að myrkva bæinn, þegar björt er nótt, eins og var um það leyti sem hernámið fór fram.

Um það, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar um byggingar á sprengjuheldum loftvarnabyrgjum, get ég sagt, að mér er ekki kunnugt um, að gerðar hafi verið neinar áætlanir um kostnað við slíkar byggingar. Hitt get ég upplýst, að sprengjuheld loftvarnabyrgi fyrir allan bæinn mundu kosta margar milljónir króna, ég vil ekki segja tugi milljóna. Þær varnir, sem almenningi hefur verið hugsað fyrir hér, eru aðallega kjallarar, og þeim er fyrst og fremst ætlað að hlífa við sprengjubrotum, en engir þeirra munu vera sprengjuheldir. Mér er sagt, að loft í sprengjuheld loftvarnabyrgi þurfi að vera úr járnbentri steinsteypu, 6—10 sinnum þykkari en loft eru hér almennt í húsum. Þar af geta menn nokkuð séð, hvað kostnaðurinn mundi verða gífurlegur, og það er atriði, sem hv. Alþingi hlýtur að taka tillit til, þó að ýmis rök mæli með því, að þetta þurfi að gera.

1) Niðurlag ræðunnar vantar í handr.

*Einar Olgeirsson: Mér þykir vænt um, að hv. þm. Ísaf. hefur tekið undir þær almennu kröfur, að hér verði komið upp sprengjuheldum loftvarnabyrgjum. Ég hef fengið þær upplýsingar, að þau mundu kosta 3—4 hundruð kr. á hvern einstakling, og mega þá allir sjá, að kostnaðurinn mundi verða fleiri millj. kr. fyrir Reykjavík alla. En spursmálið er fyrst og fremst það, hvort hægt sé að finna út þann útbúnað, sem geti talizt nægilega öruggur. Vinnuaflið er fyrir hendi, og þá ætti að vera hægt að fá eitthvað af járni og sementi, og ég teldi það miklu skynsamlegra að nota vinnuaflið til slíkra athafna heldur en að nota það til hernaðaraðgerða.

Myrkvunin hefur verið mikið rædd, og er því haldið fram af fróðum mönnum, að vogskorið land eins og Ísland sé mjög auðvelt að greina frá sjó, og þar sem bæirnir liggja með ströndinni, mundi myrkvunin ekki koma að fullu gagni. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að hægt sé að framkvæma hér myrkvun með mjög litlum fyrirvara.

Þá kom hv. þm. Ísaf. með mjög góða uppástungu, þar sem hann mæltist til þess, að rannsakað yrði, hvort nokkur Íslendingur hefði verið riðinn við hernám Breta hér. Ég vil í því sambandi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort henni hafi þ. 5. des. 1939 verið kunnugt um, að Bretar ætluðu að taka Ísland, ef þýzki herinn tæki hluta af Norðurlöndum. Enn fremur vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ríkisstj., hvort henni hafi þann 9. apríl s. l. borizt bréf frá aðalræðismanni Breta í Reykjavík, þar sem sagt hafi verið, að svo framarlega sem Ísland vilji gerast hernaðaraðili, mundi brezka herstj. taka á sitt vald einhvern hluta af landinu. Enn fremur vil ég spyrja hæstv. ríkisstj., hve margir af þm. hafi vitað um þetta bréf og hve margir menn úr miðstj. flokkanna. Það má enn fremur í þessu sambandi spyrja um það, hvort sú verzlunarnefnd, sem Ísland hafði lengi starfandi í Englandi 1939, hafi vitað nokkuð um það, að ráðagerðir væru uppi um hernám Íslands. Ég vil ekki segja, að n. hafi beinlínis gefið ástæðu til að ætla, að svo væri, en það væri mjög æskilegt, að þetta væri tekið til rannsóknar. Ég álít, að heppilegt væri að stofna til sérstakra umr. um þetta mál á Alþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 46. og 48. fundi í Nd., 28. og 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 17, n. 273).

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Þetta frv. er flutt af ríkisstj. og er staðfesting á bráðabirgðal. um loftvarnaráðstafanir, sem sett voru á síðastl. sumri. Eftir þeim ákvæðum hefur verið starfað í Reykjavík og nokkrum öðrum stöðum á landinu. Allshn. hefur farið yfir frv. og orðið ásátt um afgreiðslu þess. Leggur hún til, að það verði samþ. með nokkrum breyt.

Þessar breyt. eru í því fólgnar, að fært verði út svið l. þannig, að þau nái yfir hvers konar hernaðaraðgerðir sem er, hvort sem það eru loftárásir eða aðrar aðgerðir. Einnig að gerðar verði ráðstafanir til þess, að sem minnstar tálmanir verði í sambandi við brottflutning frá hættusvæði, ef skyndilega þyrfti til slíks að grípa. Vonast ég til, að n. hafi tekizt að orða þessi ákvæði, sem ná til leigunáms skipa, bifreiða og annarra farartækja, svo og húsnæðis, þannig að það geti ekki valdið ágreiningi.

Í 3. lagi er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd l., og hefur loftvarnan. í Reykjavík sérstaklega óskað eftir því.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um málið, en vænti þess, að hv. deild fallist á þessar till. og síðan á frv.

ATKVGR.

Brtt. 273,I (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

— 273,II (ný 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 273,III.1 samþ. með 19 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 273,III.2.a—þ (nýjar gr., verða 5.—6. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

5.—6. gr. (verða 7.—8. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 273,IV (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

Á 51., 52. og 53. fundi í Nd., 5., 6. og 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 8. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 339, 340).

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Það er ekki hið sama, hvort talað er um hernað eða hernaðaraðgerðir. Þetta frv. á ekki við hernað yfirleitt, heldur aðeins við beinar hernaðaraðgerðir, eins og loftárásir, og er það þrengra hugtak en hernaður. Hættur af hernaði gætu m. a. náð til siglingateppu og fjárhagsvandræða í sambandi við styrjaldir.

Án þess að ég geri það að nokkru kappsmáli, hygg ég, að brtt. eigi ekki rétt á sér og ætti því ekki að ná samþykki.

ATKVGR.

Brtt. 340 felld með 13:8 atkv.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 57. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 339, n. 506).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er bráðabirgðal., sem gefin voru út af hæstv. ríkisstj.

Málið hefur fengið endurskoðun í hv. Nd. og tekið allverulegum breyt., sem sjá má á þskj. 273.

Við athugun frv. taldi allshn. þessarar hv. d. ekki nauðsynlegt að gera neinar breyt. hér á frá því, sem hv. Nd. hafði frá málinu gengið. En í aðalatriðum er efni þessa frv., sem er nokkuð víðtækt, á þessa leið:

Samkv. 1. gr. frv. er bæjar- og sveitarstj. heimilt, í samráði við ríkisstj., að gera hvers konar ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum og verja til þess fé eftir því, sem nauðsynlegt er, sem ætlazt er til, að greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði.

2. gr. er um það, hverjir hafi framkvæmdir þessar með höndum, og eru þar lögreglustjórar og sýslumenn sjálfkjörnir formenn þessara framkvæmdan., en að öðru leyti skulu kosnir af bæjar- og sveitarstj. menn í loftvarnan. lögreglustjórunum til aðstoðar, og skulu þessar loftvarnan. vera skipaðar, að formönnum meðtöldum, 5 mönnum í Reykjavík, en 3 mönnum annars staðar á landinu.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarstj. sé skylt að aðstoða við framkvæmd þessara ráðstafana, hverri á sínum stað, svo sem með því að ljá til þeirra hús sín og tæki eftir því, sem við verður komið, og án sérstaks endurgjalds.

4. gr. gerir ráð fyrir þeirri almennu borgaralegu skyldu að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkv. l. þessum eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnan. og að hlýða öllum fyrirmælum varðandi slíkar ráðstafanir, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum. Samkv. þeirri gr. er einnig heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi, og útbúa þau í því skyni gegn sanngjörnu verði.

Þetta er í aðalatriðum það, sem bráðabirgðal. gerðu ráð fyrir. En sú breyt. hefur verið gerð með þessu frv. á þeim l., að bætt er inn í 5. gr., sem er ný gr., um það, að ef nauðsyn beri til að fólk flýi af hættusvæði á öruggari stað, þá sé ríkisstj. skylt að greiða fyrir flutningunum, og henni er í því skyni heimilað að taka leigunámi skip, bifreiðar og önnur farartæki, svo og lendur hvers manns og húsnæði eftir ákvæðum l. nr. 61 frá 1917.

Þetta er stórfelld efnisbreyt., en í fullu samræmi við þær till., sem hér lágu fyrir þessari hv. d., þegar verið var að ræða um flutning barna og mæðra úr bæjum og upp í sveitir.

6. gr. gerir svo ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara l.

7. gr. er um sektarákvæði, ef brotið er gegn l. þessum, og er um allháar sektir fyrir miklar sakir að ræða, allt að 10 þús. kr.

Þessi l. og þetta frv., eins og það er nú, er bein afleiðing af því ástandi, sem við búum við, og þeim ótta, sem yfirleitt ríkir hjá öllum almenningi og stjórnarvöldunum um það, hvað koma kunni, og er hér reynt að gera tilraunir til þess að verja fólkið, eftir því sem bezt eru föng til. Og að sjálfsögðu þarf lagafyrirmæli þar um.

Ég hef þá lýst aðalatriðum efnis þessa frv. Og allshn. getur ekki séð, að hér þurfi neinu við að bæta, og leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 561).

---

19. Alþýðutryggingar.

Á 3. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur (stjfrv., A. 20).

Á. 6. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Á síðasta þingi voru sett l. um hækkun á slysabótum og uppbót á ellilaun og örorkubætur, en þau ákvæði giltu ekki nema árið 1940. En þar sem auðséð var, að dýrtíð fór hraðvaxandi, þótti sjálfsagt, að þessi l. giltu áfram. Þess vegna voru gefin út bráðabirgðal. þau, sem hér liggja fyrir, en það þurfti að gefa þau út svo snemma, til þess að n. gæfist tími til að framkvæma úthlutunina eftir ákvæðum þessara nýju l. En með því að l. nr. 73 1940 misstu gildi sitt um síðustu áramót, vil ég benda hv. allshn. á, sem mun fá þetta mál til meðferðar, að réttara mundi, að fyrirsögn frv. yrði á aðra leið en þar er, en eðlilegt var, að l. væru gefin út með þessari fyrirsögn eins og þá stóð á. En nú er kominn sá tími, að l. frá 1940 eru raunverulega búin að missa gildi sitt, og þessi l. eru komin í þeirra stað. Ég geri líka ráð fyrir, að rétt sé í sambandi við þetta mál að athuga, hvort ekki ætti að hækka fjárframlög til alþýðutrygginga í samræmi við það, sem dýrtíð hefur vaxið, til þess að þau geti strax náð þeim tilgangi, sem þeim er ætlað.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 221, 237).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 237. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Frsm.** (**Gísli Guðmundsson**): Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 20, er stjórnarfrv. um breyt. á l. nr. 73 7. maí 1940. Frv. felur í sér staðfestingu á bráðabirgðal., sem gefin voru út í fyrra, en þau bráðabirgðal. voru aðallega framlenging á l. frá síðasta Alþingi um breyt. á tryggingal. vegna hins breytta ástands. Í l. frá Alþingi voru þær breyt. bundnar við árið, en í stjórnarfrv. var svo ákveðið, að ákvæði bráðabirgðal. skyldu vera í gildi meðan verðlagsvísitalan væri 110 eða hærri.

Allshn. hefur haft stjórnarfrv. til athugunar og átt tal um það bæði við félmrh. og forstjóra tryggingastofnunar ríkisins. Niðurstaðan af því varð sú, að n. hefur mælt með frv., en auk þess fallizt á að gera nokkrar viðtækari breyt. á alþýðutryggingal., sem allar eru til samræmis við þá breyt. á verðlagi, sem orðið hefur.

Ég skal í stuttu máli gera grein fyrir efni frv. eins og það yrði með þeim breyt., sem allshn. hefur á því gert.

Í fyrsta lagi er ákveðið, að slysatryggingardeildin greiði uppbætur til samræmis við vísitölu kauplagsn. Það er úr bráðabirgðal. Þá er gert ráð fyrir því, að hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga hækki í samræmi við vísitöluna. Þessi framlög eru, eins og hv. þm. er kunnugt, um 25% af iðgjöldunum, en auk þess mega þau ekki fara fram úr 10 kr. á hvern samlagsmann á ári. Það er lagt til, að þetta álag hækki í samræmi við vísitöluna. Þá er gert ráð fyrir því, að Lífeyrissjóður Íslands greiði 30% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. tryggingal. Þetta ákvæði er úr bráðabirgðal. Þá er gert ráð fyrir því, að persónuleg iðgjöld verði innheimt með verðlagsuppbótum. Í ákvæðum sjúkrasamlagsl. er það tekjuhámark sett, að þeir njóti ekki hlunninda úr sjúkrasamlögum, sem hafi 4500 kr. í skattskyldar tekjur eða meira. Gert er ráð fyrir, að þessu ákvæði sé breytt í samræmi við verðlagið að því leyti, að skattskyldar tekjur teljist fyrst um sinn hreinar umreiknaðar tekjur, eins og gert er ráð fyrir í frv. um breyt. á tekju- og eignarskattinum, en ég vil taka það fram, að það er ef til vill ástæða til að breyta þessu ákvæði við síðustu umr. málsins, þannig að vitnað sé í það frv., sem væntanlegt er um breyt. á skattal. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því, að gjald það af tekjum, sem greitt er til ellitryggingar, 1%, sé reiknað á sama hátt af umreiknuðum tekjum, í stað þess að nú er það reiknað af skattskyldum tekjum. Ég skal taka það fram, að þessi till. er ekki komin frá ráðuneytinu eða tryggingarstofnuninni.

Þá eru þar ákvæði úr bráðabirgðal. um það, að ríkissjóður endurgreiði Lífeyrissjóði Íslands það, sem hann þarf að greiða til ellilauna fram yfir ¾ af því framlagi, sem ákveðið er í l.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim atriðum, sem þetta frv. fjallar um, og þeim viðbótartill., sem allshn. gerir, og vænti þess, að hv. þm. sé ljóst, hvað hér er um að ræða. Þau ákvæði, sem um er að ræða, eiga það sameiginlegt, að þau eru gerð vegna þeirrar breyt., sem orðið hefur á almennu verðlagi, og eru því í samræmi við margar aðrar ráðstafanir, sem Alþingi hefur gert og er að gera.

Ísleifur Högnason: Það er út af brtt. á þskj. 237, sem ég vildi segja nokkur orð.

Það eru ekki nema 5 eða 10 mínútur síðan þessu þskj. var útbýtt hér í d., og þess vegna væri kannske rétt að geyma að taka afstöðu til þess fyrr en við 3. umr. Ég ætla samt að freista þess að láta hana koma til atkv. núna, því að hún liggur svo ljóst fyrir, að hv. þm. átta sig fljótt á henni, en það er hækkun frá till. allshn. á uppbótinni, sem rædd er í 1. gr., staflið c, að í staðinn fyrir þessi 30% komi 50%. Á þá upphæð, sem fæst, þegar þessum hundraðshluta hefur verið bætt við, skal svo greiða uppbót, er nemur sama hundraðshluta og vísitala kauplagsn. hækkar um. Í brtt. er einnig farið fram á þá breyt., að greiðslur fari fram mánaðarlega til gamalmenna og öryrkja, en svo hefur ekki verið áður.

Það er vitanlegt, að þeir, sem njóta opinberra styrkja, verða verst úti vegna dýrtíðarinnar. Við vitum, að dýrtíðarvísitalan er lægri en hún í raun réttri ætti að vera. Hvað verkamenn snertir kemur þetta ekki eins við þá, því að atvinnan hefur aukizt svo, að þeir komast betur af en áður. En þetta á ekki við um gamalmenni og öryrkja.

Ef hv. þm. vildu athuga þessa till., munu þeir og geta fallizt á, að það er réttmæt krafa frá okkur að hækka ellilaun og örorkubætur eins og hér er farið fram á. Ég læt svo lokið máli mínu um þessa till.

***Haraldur Guðmundsson**: Ég er sammála till. n. á þskj. 221, að undanteknum f-lið fyrstu till., þar sem lagt er til, að lífeyrissjóðsgjald samkv. 2. tölul. 49. gr. alþýðutryggingal. miðist við umreiknaðar tekjur. Samkv. þessu gjaldi alþýðutryggingal. ber að greiða til sjóðsins 1% af skattskyldum tekjum, alveg án tillits til þess, hvort þær eru háar eða lágar, þ. e. a. s. gjaldið er ákveðið hundraðsgjald, en fer ekki stighækkandi eins og tekjuskatturinn. Þær krónur, sem greiddar eru til lífeyrissjóðsins, verða því verðminni sem dýrtíðin eykst meira, og verða því að fjölga sem dýrtíðinni nemur, ef sjóðurinn á einskis í að missa.

Ég skal taka það fram í sambandi við e-lið sömu till., að inn í hann þyrfti sennilega að bæta tilvísun til ákvæðanna í l. um tekjuskatt, sem væntanlega verða afgr. á þessu þingi, um um-

reikning hreinna tekna, Bezt væri því, ef n. vildi fallast á að taka báða þessa liði aftur til 3. umr.

*Frsm. (Gísli Guðmundsson): Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Seyðf. sagði síðast, hygg ég, að n. hafi litið svo á, að breyt., sem farið er fram á að gera í f-lið brtt. við 1. gr., væri í samræmi við þá breyt., sem felst í e-lið, þ. e. a. s. um það hámark tekna, sem sett er sem skilyrði fyrir því, að menn njóti hlunninda í sjúkrasamlögum. Annars geri ég ráð fyrir, að n. sé fús til að taka þetta atriði sérstaklega til athugunar fyrir 3. umr., og sé ég ekki, að það gerði nokkuð til, þó að brtt. væri samþ. við þessa umr., því þá er hægt að gera brtt. aftur við 3. umr. Brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 237, skildist mér mundi verða tekin aftur til 3. umr.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Það er eitt í þessari till., sem ég vildi gera að umtalsefni, spursmálið um lífeyrissjóðinn og hvernig með hann yrði farið.

Ég býst við, að flestir hv. þm. muni, að eitt af því, sem mikið var rætt, þegar tryggingarl. voru sett, og að sumu leyti notað sem agn, var það, að með því að mynda lífeyrissjóð og safna í ýmsa sjóði, sem ætlað var síðar meir að borga út framlög, þá væri skapað allmikið auðmagn, sem hægt væri líka að lána út og á ýmsan annan hátt að nota. Það má segja, að eins og þá stóðu sakir mætti á vissan hátt nota slík rök. Nú eru þessi rök gersamlega gagnslaus. Skilyrðin, sem þá voru fyrir hendi, eru svo breytt, að í staðinn fyrir þann skort, sem þá var á lánsfé, er nú geysilegt framboð á lánsfé og gífurleg verðbólga á sér stað. Við sjáum á mánuði hverjum fara minnkandi það verðmæti, sem þannig hefur verið safnað, og sjáum fram á, að gildi þessara sjóða heldur áfram að minnka. Það hlýtur þess vegna að vera spursmál, sem fyrr eða síðar verður að taka til alvarlegrar athugunar, hvernig bezt sé hægt að nota þá sjóði, sem þegar hafa safnazt, til þess að bæta afkomu almennings í landinu sem stendur. Á vissan hátt miðar þessi till. okkar að því að auka þessi framlög úr lífeyrissjóðnum til þess að bæta afkomu gamalmenna. Að vísu má segja, að annað ákvæði sé þarna, sem ónýtir þetta aftur að nokkru leyti, með því að ríkissjóður eigi að leggja fram svo og svo mikið til sjóðsins. Það verður að taka til athugunar, hvort halda á áfram að láta ríkissjóð bæta þetta upp. Aðalatriðið er þó hitt, að nú sem stendur sé lagt fram meira fé til þess að bæta afkomu gamalmenna í landinu, jafnvel þó það yrði á kostnað sjóðmyndana. Það væri bókstaflega eðlilegt. Það væri að gera almenningi gagn með peningum, sem ella mundu liggja í sjóðnum og verða engum að gagni. Þetta er aðalatriðið, sem þyrfti að athuga. Það er þetta tvennt: annars vegar að gera meira að því en þarna er lagt til að bæta afkomu gamla fólksins, og hins vegar ber í raun og veru að draga úr því eins og nú standa sakir að mynda geysilega sjóði í peningum. Það væri betra að koma þeim í raunveruleg verðmæti fyrir fólkið. Það er alltaf hægt síðar meir að bæta upp það, sem kynni til að vanta.

Það er vitanlegt, að mjög mikill óþarfi er, að þessi nefskattur verði hækkaður. Nefskattar eru óréttlátir skattar, og svo ber að athuga hina miklu aukningu teknanna nú. Þess vegna legg ég til, að þessi nefskattur komi ekki til greina.

ATKVGR.

Brtt. 237,A felld með 14:2 atkv.
— 237,B felld með 14:2 atkv.
— 221,1.e—f teknar aftur til 3. umr.
— 221,1.a—d (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 221,2 (ný 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 221,3 (ný 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 221,4 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Á 46. og 48. fundi í Nd., 28. og 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 247, 221,e—f).

Haraldur Guðmundsson: Ég vil benda hæstv. forseta á það, að við 2. umr. voru teknar aftur 2 brtt., og hugsa ég, að um það muni verða samkomulag í n. að taka aðra brtt. aftur fyrir fullt og allt. Ég óska því eftir, að hæstv. forseti fresti málinu og taki það fyrir á væntanlegum fundi d. í kvöld.

Forseti (JörB): Hv. þm. Seyðf. hefur óskað eftir því, að málinu verði frestað, þar til síðar, og mun ég verða við tilmælum hans og taka málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Haraldur Guðmundsson: Ég hef átt tal við frsm. n., og hann hefur tjáð mér, að n. haldi fast við fyrri brtt., en falli frá þeirri síðari.

ATKVGR.

Brtt. 221,e samþ. með 18 shlj. atkv.
— 221,f tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 357).

Á 53. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 357, n. 432, 461).

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Þetta mál er komið frá hv. Nd. og er til staðfestingar á bráðabirgðal., sem hæstv. ríkisstj. setti. Frv. hefur þó tekið verulegum breyt. í hv. Nd. og hefur heiti þess einnig breytzt. Breyt. á efni frv. eru bein afleiðing af ráðstöfunum, sem hæstv. Alþ. hefur gert á þessu þingi um hina almennu verðlagsuppbót fyrir launtakana í landinu yfirleitt.

Frv. fer fram á það, að allar slysabætur, sem eiga að greiðast samkv. l. um slysatryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins og dánarbætur og örorkubætur, skuli greiddar með uppbót samkv. vísitölu kauplagsn., á sama hátt og uppbót er nú greidd á laun manna. Enn fremur er í frv. gert ráð fyrir því, að hámark þess framlags, sem ríkissjóður og sveitarsjóðir eiga að greiða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsgr. 35. gr. l., eigi að hækka í samræmi við vísitölu kauplagsn. í lok hvers ársfjórðungs. Enn fremur er lagt til, að Lífeyrissjóður Íslands greiði 30% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. þeirra l.

Þá er ákvæði um að innheimta iðgjöld til Lífeyrissjóðs Íslands samkv. því, sem ákveðið er í 1. tölul. 49. gr. l., með viðauka samkv. sömu vísitölu kauplagsn. 1. apríl það ár, sem gjaldið er lagt á, þó þannig, að gjaldauki, sem nemur minna en 50 aurum, skal niður felldur, en hækka aftur á móti í krónu, ef hann nemur 50 aurum eða meira.

Að síðustu er hér gert ráð fyrir, að tekjuhámark það, sem samkv. 1. málsgr. 24. gr. er skilyrði fyrir að njóta sjúkrasamlagshlunninda gegn greiðslu á einföldu iðgjaldi, miðist við umreiknaðar hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.

Þessar ráðstafanir eru allar beinlínis afleiðing af þeirri verðbólgu, sem þegar er orðin, og með þessu er tilraun gerð til þess að bæta öllum hlutaðeigendum það upp, sem verðbólgan krefur. Það kemur fram í greiðslum frá tryggingunum og líka í auknum útgjöldum til tryggginganna.

Í 2. gr. frv. er svo gert ráð fyrir því, sem er afleiðing af því, sem áður í frv. er lagt til, að ríkissjóður endurgreiði Lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkv. c-lið 1. gr., sem er umfram ¾ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. l.

Allshn. hefur nú athugað þetta frv. og er sammála um að mæla með þeim breyt. á alþýðutryggingal., sem það hefur inni að halda. Ég vil undirstrika það, að allir þeir, sem njóta eiga hlunninda þeirra, sem þetta frv. ræðir um, séu jafnhátt settir eins og aðrir, sem taka laun samkv. verðlagsvísitölu. Hins vegar taldi n. nauðsynlegt, að það kæmi skýrt fram, þegar framkvæma á þessi l., að þessi ákvæði næðu til ársins 1941. N. taldi, að það væri ekki alveg tvímælalaust hægt að finna það út úr frv., að það, þegar að l. yrði, ætti að gilda fyrir árið 1941 og taldi því réttara að umorða upphaf 3. gr. frv., eins og sjá má á brtt. n. í nál. 432. Aðrar breyt. taldi n. ekki nauðsyn, að svo komnu, að gera. Hins vegar hef ég orðið þess áskynja, að hér mun vera á ferðinni brtt. til þess að skera úr nokkrum vafa, sem fram gæti komið við framkvæmd l. Ætla ég ekki að fara inn á efni þeirrar fyrirhuguðu brtt. fyrr en hún liggur fyrir, en hún verður borin fram.

Eins og málið liggur nú fyrir, mælir n. með því, að frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það hefur.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég hleyp hér í skörðin fyrir hæstv. félmrh., sem þetta mál heyrir undir.

Þannig er mál með vexti, að við athugun á frv., eins og það nú liggur fyrir, þá hefur þótt réttara að vekja athygli á því, hvernig verður um framkvæmd á innheimtu af hundraðsgjaldinu af skattskyldum tekjum til lífeyrissjóðs. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. félmrh. hafi litið svo á, að þetta hundraðsgjald af skattskyldum tekjum til lífeyrissjóðs bæri, samkv. gildandi l., að innheimta af hreinum tekjum. En við athugun á því við skattstjórann í Reykjavík og aðra, sem um þetta eiga að fjalla, þá er nokkur ágreiningur um það. Og ef ekki eru sett skýr ákvæði um þetta, mætti gera ráð fyrir, að framkvæmdin yrði þannig, að lífeyrissjóðsgjaldið yrði tekið af umreiknuðum tekjum, en ekki hreinum tekjum að frádregnum persónufrádrætti, eins og hafði nú verið gert ráð fyrir, að mundi verða í framkvæmdinni. Þegar í allshn. hv. Nd. kom þessi spurning upp, og n. flutti beinlínis till. um, að gjaldið yrði tekið af umreiknuðum skattskyldum tekjum. En það verður að athugast, að það gegnir öðru máli um lífeyrissjóðsgjaldið heldur en tekjuskatt að því leyti, að umreikningur í sambandi við tekjuskattinn er gerður fyrst og fremst vegna stighækkunar tekjuskattsins, til þess að koma skattinum á það stig í skalanum, sem raunverulegt verðmæti teknanna vísar til, þ. e. a. s. að breyta verðgildi teknanna til samræmis við það, sem var áður en ófriðurinn og verðhækkunin kom, meðan verið er að reikna út skattinn, til þess að það komi ekki stighækkun í skattálagningunni vegna tölulegrar hækkunar tekna, en ekki aukins verðmætis. Þess vegna, ef sama regla ætti að gilda um hundraðsgjaldið til lífeyrissjóðs eins og við álagningu skatts, þá ætti að fara að öllu leyti eins að, umreikna fyrst til þess að ákveða gjaldið og umreikna svo gjaldið upp á við aftur. En þá kæmi bara því sem næst nákvæmlega sama út eins og án umreiknings. Vegna þessa hefur hæstv. félmrh. orðið við tilmælum forstjóra tryggingarstofnunarinnar um að flytja brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir, sem ætti að taka af öll tvímæli um þetta. Ég hef svo, eins og eins konar ábekingur á víxli, samþ. að vera meðflm. að þessari brtt., en vil annars aðallega vísa því til hv. n. að athuga þetta rækilega milli umr., og er þess reiðubúinn að taka þessa brtt. aftur til 3. umr., í því skyni, að n. taki þá endanlega ákvörðun.

Þar að auki þykir réttara að bæta við til skýringar aftan við e-lið 1. gr. frv. að vísa til 4. gr. l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, þar

sem í gr. er talað um að miða við umreiknaðar, hreinar tekjur. Brtt. eru þá þannig orðaðar:

1. Við 1. gr. Aftan við e-lið bætist: sbr. 2. málsgr. a-liðar (55. gr.) 4. gr. laga um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt.
2. Við 2. gr. Á eftir greininni komi ný grein, 3. gr., svo látandi:
   Lífeyrissjóðsgjald samkv. 2. tölul. 49. gr. skal miðast við hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.

Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessar brtt., sem ég er reiðubúinn að taka aftur til 3. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 495) samþ. með 11 shlj. atkv.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Í fyrri ræðu minni boðaði ég, að hér mundi verða á ferðinni brtt. við þetta frv. Mér var kunnugt um, að hún mundi koma fram.

Nú vildi ég segja fyrir hönd n., að hún hefur að sjálfsögðu ekki getað kynnt sér efni þessarar brtt., og hef ég þess vegna ekki leyfi til að segja neitt um hana frá hálfu n. En hún er þess eðlis, að breyta e-lið 1. gr. frv. verulega, og þess vegna held ég, að það væri mjög æskilegt, að málið fengi nú að ganga gegnum 2. umr. og n. gæti svo milli umr. fengið kost á að athuga brtt., enda hefur hæstv. ráðh. tjáð sig fúsan til að taka brtt. aftur til 3. umr., til þess að gefa n. kost á þessu. Hér er veruleg efnisbreyt. á ferð.

ATKVGR.

Brtt. 495 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. a—c samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr. d samþ. með 11:1 atkv.
1. gr. e samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr. í heild samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 461,1 (ný 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 432 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt (verður 4. gr.), samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 461,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um viðauka við og breytingar á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Á 61. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 494, 495).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 495,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 495,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 61. fundi í Nd., 16. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 531).

Á 62. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Skúli Guðmundsson: Þetta frv. er borið fram hér til staðfestingar á bráðabirgðal., sem hæstv. ríkisstj. gaf út 27. ág. s. l., og voru bráðabirgðal. um það, að greiða skyldi uppbót á slysabætur, ellilaun og örorkubætur meðan vísitala kauplagsn. er 110 eða hærri. Enn fremur um það, að meðan svo stendur, skuli Lífeyrissjóður Íslands greiða 30% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. alþýðutryggingarl., og ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði þann hluta af upphæðinni, sem umfram er ¾ hluta af tillagi sjóðsins eftir 79. gr. sömu l.

Nú hefur þetta frv. gengið í gegnum báðar d. þingsins. Það var fyrst lagt fram hér í hv. d. og hefur nú einnig gengið í gegnum hv. Ed., og það hafa verið gerðar á því töluverðar breyt., þ. e. a. s. sett inn í það ný ákvæði um ýmsa hluti, sem ekkert var ákveðið um í bráðabirgðal.

Eins og frv. liggur nú fyrir, er þar ákveðið, að framlag ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga skuli hækka í samræmi við vísitölu, og sömuleiðis er það nýtt ákvæði, sem ekki var í bráðabirgðal., að nú skuli innheimta iðgjöld til Lífeyrissjóðs Íslands með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsn. Gildir þetta um þau iðgjöld, sem ákveðin eru í 1. tölul. 49. gr. l., en það er sá hluti iðgjaldanna, sem er persónugjald, sem hefur verið 7 kr. í kaupstöðum, 6 kr. í kauptúnum með yfir 300 íbúa og ég held 5 kr. annars staðar á landinu. Samkv. þessu mundu iðgjöldin hækka um um það bil þriðjung.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða til að hækka þessi iðgjöld eins og hér er gert ráð fyrir, m. a. með tilliti til þess, að lífeyrissjóður mun fá allmiklu meira en áður í iðgjöldum samkv. 2. tölul. 49. gr. l., en samkv. því ákvæði á að greiða til sjóðsins 1% af skattskyldum árstekjum samkv. l. um tekju- og eignarskatt. Og það er vitað, að þau gjöld til sjóðsins hljóta að verða hærri nú en þau hafa verið undanfarið, vegna þess að tekjur manna eru hærri nú að krónutölu en áður, og munar það miklu. Ég hefði því haft ástæðu til að ætla, að það mætti fella niður úr frv. d-lið, sem ákveður að innheimta persónugjöld til lífeyrissjóðs með viðauka sem nemur vísitölunni.

En það er fleira í sambandi við þær breyt. á alþýðutryggingarl., sem mér finnst ástæða til að minnast á. Hingað hafa verið sendar til Alþ. ályktanir þing- og héraðsmálafundar í Vestur-Ísafjarðarsýslu, og þessi fundur, sem var haldinn í byrjun febrúar í vetur, hefur m. a. gert ályktanir um þessi mál. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp þá ályktun, sem þar hefur verið samþ. um þetta efni. Hún hljóðar svo:

„Fundurinn skorar á Alþingi að færa framkvæmd 80. gr. 2. töluliðs í VI. kafla laga um alþýðutryggingar í það horf, að öllum gamalmennum og öryrkjum, hvar sem eru á landinu og til greina eiga að koma við úthlutun ellilauna til annars flokks, skuli veitt ellilaun úr lífeyrissjóði í hlutfalli við iðgjöld á hverjum stað, en ekki miðuð við framlög sveitarsjóðs til 2. flokks, eins og nú er.

Að öðrum kosti krefst fundurinn þess, að hreppsfélögin fái í sínar hendur stjórn þessara mála, undir eftirliti sýslunefnda, og myndi með

iðgjöldunum þá tryggingarsjóði, er standa eiga undir ellilaunum og örorkubótum innan hreppsfélaganna sjálfra."

Þessi ályktun hefur verið samþ. í einu hljóði á þessum þing- og héraðsmálafundi í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Og ég vil, í sambandi við þetta mál, beina þeirri fyrirspurn til hv. allshn., sem hafði þetta mál til meðferðar hér í hv. d., hvort hún hafi ekki tekið þessar ályktanir til athugunar.

Tryggingarstofnun ríkisins hefur gefið út árbók fyrir árin 1936 til 1939, sem alþm. hafa fengið. Í þessari árbók eru skýrslur og ýmsar upplýsingar um starfsemi tryggingarstofnunarinnar. Þar er m. a. skýrsla um úthlutun ellilauna og örorkubóta samkv. 80. gr. l., 2. tölul., þ. e. a. s. úthlutun á ¾ hlutum af framlagi lífeyrissjóðsins, sem úthlutað er í samræmi við þann tölul. 80. gr. l. Ég hef gert athugun á því, hvað hvert einstakt sýslufélag og bæjarfélag fær úr lífeyrissjóðnum í hlutfalli við gamalmennafjölda í héruðum og kaupstöðum. En í þessari skýrslu eru upplýsingar um það, hve margt fólk, 67 ára og eldra, sé í hverjum kaupstað og hreppi á landinu. Við þessa athugun hef ég komizt að því, að á árinu 1939 fékk t. d. Reykjavík úr lífeyrissjóðnum í ellilaun og örorkubætur samkv. þessum 2. tölul. 80. gr. kr. 60,65 til jafnaðar fyrir hvert gamalmenni 67 ára og eldra í bænum. En Ísafjörður fékk á sama ári sem svaraði kr. 91,76 fyrir hvert gamalmenni frá tryggingarstofnuninni á þennan hátt. Það er það hæsta, þegar miðað er við gamalmennatölu, sem sá kaupstaður hefur fengið þannig greitt árið 1939. Svo hef ég aftur athugað nokkur sveitarfélög og nokkrar sýslur, og þá sé ég það, að t. d. Borgarfjarðarsýsla, ef Akranes er ekki talið með, fær aðeins kr. 9,91 til jafnaðar fyrir hvert gamalmenni 67 ára og þar yfir, sem á heima í sýslunni. Það er nokkru meira á Akranesi, eða kr. 36,35. Og Mýrasýsla fær á þessu sama ári aðeins kr. 8,89 á hvert gamalmenni úr lífeyrissjóði samkv. þessu ákvæði í 2. tölul. 80. gr. l., sem ég hef nefnt. Mýrasýsla er lægst. Rangárvallasýslu fær aðeins meira, eða kr. 11,11 á hvert gamalmenni, Strandasýsla kr. 12,57, og er þetta lítið, þegar það er borið saman við kaupstaðina. Siglufjörður og Vestmannaeyjar fá rúml. 40 kr., Reykjavík rúmar 60 kr. og Ísafjörður rúmar 90 kr., eða um 10 sinnum hærri upphæð á hvert gamalmenni heldur en Mýrasýsla, sem er lægst. Svo eru nokkrar sýslur, þar sem þetta er mitt á milli. Múlasýslur fá yfir 30 kr. hvor á hvert gamalmenni. Einn hreppur í Suður-Múlasýslu, Eskifjarðarhreppur, hefur fengið kr. 83,76 á árinu 1939 til jafnaðar á hvert gamalmenni, sem þar á heima. Það hefur verið talið, að sá hreppur væri ekki vel stæður fjárhagslega, og ríkið hefur lagt fram álitlegar upphæðir honum til styrktar. Þessi háa krónutala, sem hann hefur fengið frá tryggingarstofnuninni, er því ekki vegna þess, að sá hreppur standi betur að vígi til þess að leggja fram fé á móti stofnuninni heldur en aðrir hreppar, heldur fyrir það, að hann hefur fengið mikil aukaframlög frá ríkinu. Má því segja, að ríkið hafi borgað framlög fyrir þennan hrepp til þess að hann gæti fengið úr lífeyrissjóði hlutfallslega meira heldur en aðrir hreppar á landinu fá, miðað við tölu gamalmenna yfirleitt. Og 26 hreppar á landinu, þar sem samtals eiga heima 294 gamalmenni, 67 ára og eldri, fá ekkert úr lífeyrissjóði samkv. þessu lagaákvæði. Þetta ósamræmi stafar náttúrlega af því, að l. ákveða, að framlag lífeyrissjóðs skuli miðast við framlög í hverju sveitarfélagi, og þau eru svona mismunandi há. Sum sveitarfélögin leggja ekkert fram til ellilauna og örorkubóta, og önnur leggja lítið fram, og af því stafar þessi mikli mismunur. Mér finnst því ekki undarlegt, þegar þetta er athugað, þó að Vestur-Ísfirðingar og jafnvel fleiri sendi Alþ. áskoranir um að taka þessi lagafyrirmæli til endurskoðunar og gera breyt. á þeim. Þeir Ísfirðingar fara fram á, og það kemur fram í samþykktinni, sem ég las áðan, að í staðinn fyrir að miða framlag lífeyrissjóðs við það, sem úthlutað er í hverri sveit og bæjarfélagi, skuli framlög lífeyrissjóðs vera í hlutfalli við iðgjöld, sem til falla á hverjum stað. Skýrslan frá tryggingarstofnuninni ber ekki með sér, hverju iðgjöldin nema í hverju bæjar- og sveitarfélagi, en ég hef fengið upp gefið á skrifstofu tryggingarstofnunarinnar, hve mikið hafi fallið til af iðgjöldum í hverju bæjar- og sveitarfélagi á árinu 1939. Og svo hef ég gert bráðabirgðaathugun á því, hvernig framlögin frá lífeyrissjóðnum skiptust í hlutfalli við iðgjöld, sem til falla á hverjum stað. Kemur það þá í ljós, að þar verður auðvitað verulegt ósamræmi líka, en þó er munurinn þar miklu minni heldur en ef miðað er við tölu gamalmenna á hverjum stað.

Með því að athuga Reykjavík t. d., þá sjáum við, að iðgjöld, sem hafa fallið til þar 1939, hafa numið um 380 þús. kr. En þessir ¾ hlutar af framlagi lífeyrissjóðs, sem Reykjavík fær í sinn hlut, nema 140 þús. kr. Reykjavík fær, sem sagt, 37% af sínum framlögum endurgreitt sem framlag til ellilauna og örorkubóta samkv. þessum 2. tölul. 80. gr. Ísafjörður fær aftur á móti 60% af sínum framlögum endurgreitt á þennan hátt. En svo eru einstök héruð, eins og Strandasýsla, sem fær ekki nema 25%, Siglufjörður 27% og Vestmannaeyjar 28%, svo að tekin séu nokkur dæmi.

Nú má náttúrlega um það deila, við hvað rétt sé að miða þessi tillög frá lífeyrissjóði til ellilauna og örorkubóta. En ég kemst ekki hjá því að ályktа, að það sé óeðlilegt að búa við það fyrirkomulag, að sum sveitarfélög fái ekki nema tæpar 10 kr. greiddar á hvert gamalmenni á sama tíma, sem önnur bæjar- eða sveitarfélög fá sem svarar 90 kr. á hvert gamalmenni. Og það sjáum við, að þetta kemur ekki vel niður, því að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að aldrað fólk, sem á heima í þeim sveitahreppum, sem annaðhvort hafa ekki möguleika til að leggja fram til þessara ellilauna eða vilja ekki gera það, sé yfirleitt betur á vegi statt og hafi minni þörf fyrir ellilaun heldur en það fólk, sem annars staðar á heima, þar sem meira er lagt til þessara mála.

Auk þess, sem ég ætla að leggja fram brtt. um hækkun á iðgjöldum til lífeyrissjóðanna, þá

vildi ég beina fyrirspurn til hv. allshn. um það, hvort hún hefði tekið þetta efni til athugunar við meðferð málsins, og þá, ef hún hefði ekki gert það, hvort hún vildi taka málið til athugunar á ný. Sjái n. sér þetta ekki fært, áskil ég mér rétt til að flytja brtt. við frv. nú.

*Frsm. (Gísli Guðmundsson): Hv. þm. V.-Húnv. hefur beint þeirri fyrirspurn til allshn., hvort fyrir henni hafi legið erindi frá þing- og héraðsmálafundi V.-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi breyt. á 80. gr. l., og hvort n. hafi tekið til athugunar þær till., sem þar eru gerðar til breyt. Ég hygg, að þessar till. frá umræddum þing- og héraðsmálafundi hafi ekki legið fyrir n., og ég minnist þess ekki, að þær væru sérstaklega ræddar þar. Hins vegar hef ég fyrir nokkru síðan, að vísu ekki fyrr en nál. kom út, séð till., sem ganga í svipaða átt og hv. þm. skýrði frá, að hefðu verið í umræddri fundargerð.

Það, sem hv. þm. ræddi hér um, og ályktun sú, sem hann gerði að umtalsefni, er um hluta ellilauna til einstakra héraða í landinu. Hann vakti athygli á því, að þessi úthlutun væri mjög í ósamræmi við tölu gamalmenna í héruðunum. Till., sem hann nefndi, fer fram á, að þessu verði breytt á þann hátt, að hvert hérað fái greidd ellilaun í hlutfalli við það, hversu mikil iðgjöld eru greidd úr héraðinu. Nú er það svo, að þetta fyrirkomulag um greiðslu ellilaunanna er bráðabirgðafyrirkomulag. Það er gert ráð fyrir, að á þessu verði annað fyrirkomulag, þegar Lífeyrissjóður Íslands er tekinn til starfa. Og þetta bráðabirgðafyrirkomulag er í því fólgið, að hreppar og bæjarfélög úthluta sjálf ellilaunum og fá greitt úr Lífeyrissjóði Íslands hlutfallslega við það, sem þau sjálf hafa greitt. Eins og hv. þm. tók fram, stafa þessar misjöfnu greiðslur af því, að einstakir bæir og hreppar hafa úthlutað svo mjög misjöfnum upphæðum. Ég skal ekkert fara út í það, hvaða stefna er æskilegust fyrir bæjar- og sveitarfélögin í þessu efni, en það er augljóst, að það hefur vakað fyrir þeim, sem l. sömdu, að stuðla að því, að hin einstöku héruð legðu fram fé í þessu skyni fremur en fé til fátækraframfærslu. Um það atriði, hvort réttara væri að greiða héruðunum fé til ellilauna í hlutfalli við iðgjöldin, þá er það vandasamara mál en svo, að auðvelt sé að taka til þess afstöðu í skyndi, en nokkra galla sé ég þó strax á þessu. Það er vitað mál, að iðgjöldin eru afar misjöfn úr einstökum héruðum, sérstaklega sá hluti, sem greiddur er sem tekjuskattur, og það er vafasamt, hvort það væri réttlátt, að fé, sem varið er til ellilauna, yrði í hlutfalli við þessar iðgjaldagreiðslur. Það fyrirkomulag, sem nú er, jafnar að vissu leyti dálítið milli þeirra héraða, þar sem menn hafa miklar tekjur, og hinna, þar sem tekjurnar eru rýrar, og það virðist ekki óeðlilegt, að svo sé gert.

Það er talið, að ekki muni vera mikill tími eftir af þinginu og þess vegna vafasamt, hvort allshn. muni hafa verulegan tíma til að taka málið upp. Ég get því ekki um það sagt, hvort hún mundi telja sér það fært. Hitt getur vitanlega komið til mála, hvort ekki mætti með þáltill. eða í öðru formi stuðla að því, að þessi ákvæði væru tekin til athugunar, og skal ég síst vera á móti því, að svo væri gert.

Um d-lið 1. gr. frv., heimild til þess að innheimta iðgjöldin með viðauka, vil ég segja það, að við 2. umr. vakti ég í framsögu minni sérstaka athygli á þessu atriði frv. og því, að það væri hæpið út af fyrir sig að því leyti, að það gæti ekki talizt beinlínis nauðsynlegt vegna verðbreytinga að samþ. það, en hins vegar er það nú svo, að yfirleitt munu menn nú ganga út frá því, að verðlagið færist ekki fullkomlega í sama horf eftir stríðið og það var áður, og með tilliti til þess getur það átt rétt á sér að gera slíka breyt. sem þessa. Þetta varð heldur ekki að ágreiningsatriði í allshn. á sínum tíma. Hins vegar var það dálítið misjafnt, hvað menn álitu brýna nauðsyn á að setja þennan lið inn í frv.

*Haraldur Guðmundsson: Ég vildi mega minna hv. þm. á það, að það er hin mesta nauðsyn á að hraða afgreiðslu þessa máls. Skattan. eru nú alls staðar að ganga frá ákvörðun skatts og lífeyrissjóðsgjalda, en þær geta ekki lokið þeim störfum fyrr en búið er að afgr. þetta frv. Og ég vildi mjög taka undir það, sem hv. frsm. allshn. sagði, að það að fara að gerbreyta svo grundvallaratriðum l. um Lífeyrissjóð Íslands sem hv. þm. V.-Húnv. leggur til hlyti að taka svo langan tíma, að það er að minni hyggju útilokað á þessu þingi. Þar yrði að minni hyggju að ganga á undan rækileg endurskoðun á þeim kafla alþýðutryggingarl., sem um þetta fjallar. En það er miklu meira verk en svo, að því gæti orðið lokið á þessu þingi.

Að því er snertir þörfina fyrir hækkun lífeyrissjóðsgjaldanna, þá ætti ekki að þurfa mörg orð til að gera grein fyrir henni. Þegar áætlanirnar um lífeyrissjóðsgjaldið voru gerðar, var miðað við það verðgildi peninganna, sem þá var. En það leiðir af sjálfu sér, að ef lífeyrissjóðurinn á að geta skilað þeim lífeyri, sem gert er ráð fyrir, þegar hann tekur til starfa, þá verða tekjur sjóðsins að aukast hlutfallslega við það, sem verðgildi peninganna rýrnar. Þetta vildi ég segja um frv. sjálft.

Annars gefa hugleiðingar hv. þm. V.-Húnv. mér tilefni til að leiðrétta misskilning, sem bæði kom fram í ræðu hans og eins í ályktun þing- og héraðsmálafundarins, sem hann vísaði til. Ég hef lesið þessa ályktun og einnig rækilega grein um þetta eftir Ólaf Ólafsson oddvita, en eftir því, sem ég þekki bezt til, mun hann hafa verið tillögumaðurinn á þessum fundi og hafa haft mest áhrif á það, að þessi ályktun var samþ., en hún gengur í þá átt, að horfið sé frá þeim grundvelli, sem nú er byggt á, að framlög tryggingarstofnunarinnar miðist við framlög sveitarfélaganna sjálfra, en í stað þess verði framlög tryggingarstofnunarinnar miðuð við það, hversu mikil lífeyrissjóðsgjöld falli til í héraðinu. Ég fæ ekki betur séð en að þessi uppástunga byggist á misskilningi á alþýðutryggingarl. Þarna er blandað saman tveim köflum l., sem að vísu eru tengdir, en fjárhagur þessara tveggja deilda er að öllu leyti aðskilinn. Líf-

eyrissjóður Íslands starfar eins og hver annar tryggingarsjóður. Hann tekur á móti iðgjöldum, en þau safnast öll í sjóðinn fyrstu 10—12 árin, að frádregnum kostnaði. Þetta er safnað fé, sem þeir, sem borga í sjóðinn, eiga óskert, en af þessari upphæð, sem safnast, lánar Lífeyrissjóður Íslands ríkissjóði árlega nokkuð breytilega upphæð, eftir því hvað framlag til ellilauna er hátt, en til þess greiðir ríkissjóður árlega vissa fjárhæð. Þetta lán endurgreiðist með 200 þús. kr. greiðslum í 50 ár, en ellilaunagreiðslurnar falla niður, þegar Lífeyrissjóður Íslands tekur til starfa að fullu. Því er það misskilningur, ef þessu tvennu er blandað saman. Þegar l. voru sett, var mönnum það ljóst, að það mundi býsna lítill fengur fyrir núlifandi kynslóð, ef ekkert yrði gert til þess að brúa bilið þangað til Lífeyrissjóður Íslands yrði búinn að safna þessu fé. Og til þess að brúa þetta bil voru ákvæði um ellilaun og örorkubætur sett, en þar er svo ákveðið, að í stað sveitarstyrkja skuli sveitarstjórnir úthluta eftir þörfum og ástæðum fé í þessu skyni á móti vissu framlagi frá Tryggingarstofnun ríkisins. Það liggur *því í augum uppi*, að eins og l. eru upp byggð, er það fjarstæða að miða framlögin í hverju héraði við það, sem til fellur til Lífeyrissjóðs Íslands, vegna þess að því fé er alls ekki eytt, heldur safnað fyrir vegna framtíðarinnar. Ákvæðin, sem nú eru um þetta í gildi, eru byggð á því, að það er álitið, að sveitarstjórnirnar séu kunnugastar um þörfina á hverjum stað. Ég verð að segja, að ég fæ ekki skilið, að það væri á nokkurn hátt nær sanni að miða framlögin við það, sem til fellur úr hverju héraði, heldur en við mat á þörfinni í þessu efni. Það þarf engan að furða, þótt það sé mismunandi, sem kemur á nef, því það er sama, hvaða opinberar tölur eru teknar, þá kemur þetta sama fram. Hv. þm. ætti að taka við skulum segja fátækraframfærsluna. Það er sízt minni munur á fátækraframfærslunni. Ég þekki fleiri en 28 hreppa, sem hafa ekkert fátækraframfæri, og ég þekki byggðarlög, sem hafa yfir 100 kr. á nef. Ég sé ekki, að hv. þm. þurfi að furða sig mikið á því, þótt svipað sé ástatt um úthlutun ellilauna. Hins vegar skal ég játa, að það getur verið athugunarefni, hvort ástæða sé til að halda óbreyttu því skipulagi, sem upp var tekið með alþýðutryggingarl. að því er snertir ellitryggingarnar. Það getur ýmislegt mælt með því, að í staðinn fyrir að hafa ellitryggingarnar í einni heild, þá sé athuguð sú hugmynd, sem Ólafur Ólafsson setur fram, að hafa ellistyrktarsjóðinn ekki einn fyrir allt landið eða t. d. 4, heldur einn fyrir hvert sveitar- eða sýslufélag. En sem sagt, þetta er svo mikið rannsóknarefni, að það væri óvit að láta sér detta í hug, að henni yrði lokið nú á þessu þingi.

Nú skal ég upplýsa það, að í alþýðutryggingarl. er mælt svo fyrir, að áður en Lífeyrissjóður Íslands fer að borga út, þá skuli með l. ákveða upphæð lífeyrisins í hinum ýmsu byggðarlögum. Þetta ákvæði var sett vegna þess, að ekki náðist samkomulag um, hversu ákveða skyldi lífeyrinn, þegar l. voru sett. Var þá á það bent, að á engu væri að byggja um þetta atriði, þar sem ekki var þá vitað, hvernig tekjurnar kæmu inn. Þetta var alveg rétt, en þetta ætti að vera búið að sýna sig innan 10 ára. Þá verður þetta tekið til athugunar. Og það hefur vakað fyrir mér, að þegar til þessarar heildarendurskoðunar kæmi, þá yrði á ný tekið til athugunar, hvort réttara væri að hafa ellitrygginguna eina eða hafa hana meira aðgreinda. Sjúkratryggingin er ein fyrir allt landið, en hún er starfrækt fyrir hvert bæjarfélag. Og það er að minni hyggju ekki útilokað, að líkt mætti upp taka um ellitrygginguna. En það verður að sjálfsögðu að rannsakast og taka ákvörðun þar um, áður en útborganir hefjast.

Ég vona, að mér hafi tekizt að gera hv. dm. það ljóst, að hér er, eins og ég tók áðan fram, um 2 algerlega aðgreind málefni að ræða, og það væri hið mesta óráð, ef þessar hugleiðingar um breytt fyrirkomulag ættu að valda því, að tafir yrðu á afgreiðslu þess frv., sem hér liggur fyrir. Því að hvað sem má segja um það atriði, sem við hv. þm. V.-Húnv. höfum rætt um, þá raskar það að engu leyti nauðsyn þess, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu, því að það, sem hér er fram tekið í því frv., er aðeins bein afleiðing þeirrar verðbólgu, sem nú á sér stað hjá okkur.

Skúli Guðmundsson: Hv. þm. N.-Þ., sem er frsm. allshn., hefur nú svarað minni fyrirspurn. Hann upplýsti, að allshn. hefði ekki tekið til athugunar þessa ályktun frá þing- og héraðsmálafundi Vestur-Ísafjarðarsýslu. Það kom fram hjá hv. þm., að hann lítur svo á, sem rétt er, að hér sé þannig málum ráðið, að það skorti nægilegar upplýsingar til þess að finna eðlilegustu lausn málsins, og að hún sé hæpin vegna þess, að nú er mjög liðið á þingtímann. Það voru aðeins nokkur atriði í ræðu hv. þm. Seyðf., sem ég vil gera aths. við. Hann hélt því fram, að það væri hreinasta fjarstæða að hugsa sér að miða þessi framlög lífeyrissjóðs til sveitarfélaga við þau iðgjöld, sem til falla á hverjum stað til lífeyrissjóðsins. Ég skal ekki segja um það, hvor leiðin er heppilegri, en ég mótmæli því algerlega, að það sé meiri fjarstæða að hugsa sér það heldur en að haga úthlutuninni á sama hátt og verið hefur. Hv. þm. Seyðf. sagði, að það yrði að fara eftir mati hreppsnefndar, hversu mikil þörf væri á því, að þessi framlög kæmu til greina. Þetta er ekki rétt nema að nokkru leyti. Hvað sem líður áliti hreppsn. um það, hversu mikla þörf gamalmenni í hverjum hrepp hafa fyrir þennan styrk, þá vitum við það, að þetta fyrirkomulag er þannig, að sum bæjarfélög fá ekki í sinn hluta af þessu framlagi ríkissjóðs nema tæpar 9 kr. á hvert gamalmenni. Önnur bæjarfélög fá aftur á móti sem svarar 90 kr. á hvert gamalmenni. Það sjá allir, að við svona fyrirkomulag er ekki hægt að una. En ég er ekki þar með að segja, að ég eða nokkur annar sé að benda á leiðir, sem skynsamlegra sé að fara, heldur að málið sé athugað, þar sem tilefni gefst til þess, að fundin verði leið, sem heppilegri sé en sú, sem nú er farin í þessu efni.

Vel mætti hugsa sér, að það yrði gert með því

að fela ríkisstj. að láta athuga þessi mál fyrir næsta þing.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að ekki mætti rugla því saman, að lífeyrissjóður hefði annað hlutverk heldur en þetta bráðabirgðaskipulag, sem er á úthlutun ellilauna og örorkubóta, og það getur verið rétt. Í 79. gr. alþýðutryggingarl. er svo ákveðið, að á meðan Lífeyrissjóður Íslands tekur ekki til starfa, þá skuli tryggingarstofnunin leggja fram fé til örorkubóta og ellilauna, sem nemur 52,50 kr. fyrir hvert gamalmenni yfir 67 ára. Þetta er það, sem lífeyrissjóðurinn leggur fram, 52,50 kr. á hvert gamalmenni, og hann fær til þess 200 þús. kr. úr ríkissjóði, og leggur svo afganginn fram sem lán, eins og hv. þm. Seyðf. sagði. Nú sjá allir hv. þm., hversu fráleitt það er, þar sem tryggingarstofnunin leggur fram 50 kr. á hvert gamalmenni, að sum héruð fá 90 kr. tillag á hvert gamalmenni, en önnur ekki nema 9 kr. Þessu þarf að breyta. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta atriði málsins. En í sambandi við þá hækkun á iðgjöldum til lífeyrissjóðs, sem 1. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir, vil ég segja það, að ég tel ekki þörf á því að hækka framlagið til lífeyrissjóðs. Iðgjöldin hafa verið 7 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann í kaupstöðum, en 6 kr. í kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða þar yfir, og 5 kr. fyrir hvern gjaldskyldan annars staðar á landinu. Ég sé ekki ástæðu til þess að hækka þetta gjald nú sem nemur vísitölunni, vegna þess að það verður ekki séð, að það eigi að leggja auknar byrðar á lífeyrissjóðinn samkv. þessum l. Það er tekið fram í c-lið 1. gr., að lífeyrissjóður skuli greiða 30% af upphæð ellilauna og örorkubóta. Í 4. gr. er ákveðið, að ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði þann hluta af framlagi sjóðsins, sem er umfram ¾ hluta af tillagi lífeyrissjóðs samkv. 79. gr. l. Lífeyrissjóður fær endurgreitt frá ríkissjóði það aukaframlag, sem honum er skylt að greiða vegna dýrtíðarinnar. Hér er því ekki brýn þörf fyrir þessa hækkun á persónugjaldinu. Ég vil því leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við 1. gr. frv. um það, að d-liður þeirrar greinar falli niður.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 566) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Haraldur Guðmundsson:** Það er náttúrlega ekki ástæða til þess að halda áfram fræðilegum umr. um þetta mál við hv. þm. V.-Húnv. Hann taldi það hina mestu fjarstæðu að hækka iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, og einnig það að halda áfram fyrirkomulaginu um úthlutun ellilauna eins og það hefur verið. Ég get ekki verið hv. þm. sammála um þetta.

Ég sagði það áðan, að löggjafinn hefði litið svo á, þegar l. voru sett, að eðlilegast væri að fara eftir mati hreppsn. um þörfina á úthlutun ellilauna, m. a. vegna þess, að þeim er kunnugt um ástæður manna. Auk þess er bæjarfélögum nú skylt að greiða 70% af framlagi til 2. fl. samkv. breyt. á l. frá síðasta þingi, og er því fullkomlega eðlilegt, að sveitarstj. ráði mestu um það, hver úthlutunin er. Hv. þm. sagði, að ekki væri rétt að kalla það, að þetta væri í raun og veru miðað við þörfina, þó að sveitarstj. ákvæðu upphæð ellilauna, vegna þess að í flestum tilfellum væri fjárhagsleg geta sveitarfélaga mismunandi; þess vegna gætu menn mismunandi vel uppfyllt þörfina, sem fyrir hendi væri. Ég skal ekki neita því, að það er nokkuð til í því, að fjárhagsleg geta er lítil í sumum sveitarfélögum. En ég vil beina þeirri spurningu til hv. þm., hvert það fólk á að leita um styrk sér til framfæris, sem hefur ellilaun í 2. fl., ef það ekki nyti ellilauna. Auðvitað bæri sveitarsjóði skylda til að sjá því fólki fyrir framfæri, og sízt er geta sveitarfélagsins meiri til þess að sjá þann veg fyrir hlutaðeigandi mönnum heldur en þó að það greiði þessi 70%, sem sveitarfélögin greiða til lífeyrissjóðs. Hv. þm. afsannaði líka mjög sitt mál, er hann sagði, að Eskifjörður, sem hefði minnsta þörf allra hreppsfélaga, fengi 70—80 kr. á hvert gamalmenni. Ég hygg, að það standi ekki mörg hreppsfélög framar. En ef þau geta ekki rækt sínar skyldur, verða þau sjálf að sjá fyrir framfæri þessa fólks. Hv. þm. sagði, að ekki væri ástæða til þess að hækka iðgjöldin til lífeyrissjóðs, vegna þess að ríkissjóður endurgreiddi honum það, sem hann leggur fram. Þetta er að nokkru leyti rétt, en þessi hækkun verður aðeins vegna þess, að tekjur lífeyrissjóðs minnka raunverulega eftir því, sem verðgildi peninganna rýrnar. Þegar alþýðutryggingarl. voru samþ. 1936, var gert ráð fyrir því, að tekjurnar af iðgjaldagreiðslum gætu numið 700 þús. kr. og að 750 þús. kr. gætu nægt í flestum tilfellum. En nú nægir þetta ekki, vegna þess að verðgildi peninganna hefur minnkað eftir því, sem verðlag hækkar. Þess vegna þurfa iðgjöldin, sem voru talin 750 þús. kr. 1936, að hækka eftir því, sem dýrtíðin eykst.

ATKVGR.

Brtt. 566 felld með 11:6 atkv.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 570).

20. Óskilgetin börn.

Á 3. fundi í Ed., 19. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 28. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (stjfrv., A. 19).

Á 7. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Samkv. l. nr. 39 28. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, skal ráðuneytið ákveða upphæð meðalmeðgjafar með óskilgetnum börnum, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir 3 ára tímabil í einu. Á síðastl. ári stóð svo á, að eitt slíkt þriggja ára tímabil var á enda, og

átti því að byrja á nýju. Tillögur sýslunefndanna, sumra a. m. k., komu ekki til félagsmálaráðuneytisins fyrr en komið var langt fram á sumar, sem m. a. stafaði af því, hve seint sýslufundir voru haldnir í sumum sýslunum. Þegar nú svo var komið, að mjög var orðið liðið á árið, þegar hægt var að fara að ákveða meðalmeðlagsupphæð með hinum óskilgetnu börnum, ritaði ráðuneytið framfærslunefnd ríkisins um málið og óskaði tillagna hennar, með því líka að allur framfærslukostnaður landsmanna fór ört vaxandi, sökum hinnar miklu dýrtíðar, en að sjálfsögðu þurftu og þurfa meðlög með óskilgetnum börnum að vera sem næst hæfilegum framfærslukostnaði á hverjum tíma, og fyrir því er frv. þetta fram komið.

Í frv. eru tvær höfuðbreyt. frá gildandi lögum. Fyrst sú, að í stað þess að ákveða meðalmeðgjöf óskilgetinna barna til 3 ára í senn, skuli hún nú ákveðin til eins árs í einu, jafnframt því, sem meðlagsárið skal nú vera frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir.

Þá er í 2. gr. frv. lagt til, að þegar ekki þyki lengur þörf fyrir lagaákvæði þessi, megi fella lögin úr gildi með tilskipun, því að ekki þykir ástæða til að halda áfram því fyrirkomulagi, sem frv. gerir á gildandi lögum í þessu efni, ef ástandið breytist svo, að það verði sem næst því að vera normalt.

Að síðustu vil ég svo taka það fram, að það mun ekki þykja heppilegt að miða hina umræddu meðlagsupphæð við verðvísitölu, sem breytist oft á ári, heldur verður hér að reyna að finna út þá leið, sem ætla mætti, að komizt yrði sem næst meðalverðlagi á árinu.

Að umr. lokinni óska ég frv. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. akv.

Á 11. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 37).

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Frv. þetta miðar að því að breyta l. frá 1935 með tilvísun til l. frá 1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og er breytingin í því fólgin, að í stað þess að ákveða meðlögin til þriggja ára í senn, eins og nú er, skuli miða við eitt ár. Er þessi breyt. eðlileg vegna hinnar vaxandi dýrtíðar og hinna öru breyt. á framfærslukostnaði, þar sem erfitt er að ákveða meðlögin til langs tíma í einu.

Önnur breyt., sem frv. felur í sér, er, að þar sem þessi mál heyrðu áður undir atvinnumálaráðuneytið, skuli þau nú heyra undir félagsmálaráðuneytið.

Loks er þriðja breytingin, að meðlagsár skuli telja frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir, en um þetta er ekkert ákvæði í lögunum.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir að fella lagaákvæði þessi úr gildi með tilskipun, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Allshn. hefur athugað frv. þetta og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj .atkv.

Á 12. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 14. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Nd., 9. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 19, n. 401).

*Frsm. (Bergur Jónsson): Sú breyt., sem fólgin er í frv. frá núgildandi l., er eingöngu sú, að í stað þess, að hingað til hefur verið ákveðin upphæð meðgjafar fyrir 3 ár í senn, skal hún nú ákveðin fyrir eitt ár. Ég vil taka fram, að við teljum ekki, að með þessu sé verið að stefna að neinni sérstakri hæð á meðlögunum.

Þá hefur n. borið fram tvær brtt. Um þá síðari er öll n. sammála, að fella niður seinni mgr. 2. gr., þar sem heimilað var að fella úr gildi þessi lagaákvæði, sem ætlazt er til, að komi, með tilskipun. N. þótti óþarfi að ganga inn á slíkt, ekki sízt þegar æðsta vald mála er nú innanlands, því að þá má breyta ákvæðunum með bráðabirgðalögum, auk þess sem að viðhafa tilskipun um þetta brýtur í bága við almennar þingræðisreglur.

Loks er fyrri brtt. Hún gengur í þá átt að ákveða, að verðlagsuppbót skuli greidd á barnsmeðlög frá ársbyrjun 1941, og skuli nema að fullu hækkaðri vísitölu þeirri, sem er á verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins. Þetta er eina ákvæðið í þessari löggjöf, sem kveður skýrt á um, að taka skuli tillit til hækkunar á framfærslueyri og kaupgjaldi í landinu einnig á þessu sviði. Ég get ekki séð annað en að sú ósk sé sanngjörn, að allshn. flytji till. í þessa átt, enda mæla fjórir af nm. með því, að brtt. verði samþ.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þegar þetta frv. var undirbúið á sínum tíma, þá var

tekið til athugunar, hvort unnt mundi vera að koma því við, sem lagt er til frá meiri hl. n., að greiða verðlagsuppbót á meðlög. Það var, eins og grg. ber með sér, talið nokkrum vandkvæðum bundið að koma því við, þó að ekki væri hægt að mæla því í gegn, að það sé hin eðlilegasta uppbót á tímum hækkandi verðlags, sem eigi að framkvæma á þessar tekjur til framfærslu eins og aðrar. En þá er það í sjálfu sér líka athugandi, hvort grundvöllurinn sjálfur, sem byggt er á, sé samræmur innbyrðis, og hvort það kæmi þar af leiðandi réttlátlega niður að hækka eftir ákveðinni vísitölu um land allt. Nú var það svo, að þegar meðlög voru ákveðin s. l. sumar, þá var gerð nokkur breyt. á þeim víða um landið og hækkuð talsvert, miðað við þá dýrtíð, sem þá var orðin. En misjöfn var hækkunin eftir því, sem talið var, að framfærslukostnaður væri í einstökum sýslum og héruðum landsins. Ég álít þó, að meðalhækkunin á barnsmeðlögum s. l. sumar hafi verið um 17%. Var ákveðið, að þessi uppbót væri 17%, nema í Reykjavík og nokkrum öðrum stöðum, þar sem hún er dálítið hærri, eða 20%. Nú mætti segja, ef þessi brtt. væri samþ., að hún kæmi ofan á þann grunntaxta, sem ákveðinn hefur verið vegna aukinnar dýrtíðar, sem þá var orðin í landinu. Ef till. verður samþ., sem í sjálfu sér er vel hugsuð og réttmæt, vildi *ég fyrir mitt leyti* stuðla að því, *ef ég hef* þá með þessi mál að gera, að þegar grunntaxti meðlaganna verður næst ákveðinn, yrði tekið tillit til þess, hvaða grunntaxti væri sanngjarn í hlutfalli við dýrtíðina. Mætti þá vel svo fara, að grunntaxti meðlaganna yrði lækkaður frá því, sem nú er, til þess að fá eðlilega dýrtíðaruppbót á hann yfirleitt. Með þessu móti mætti koma hér á fullu samræmi, ef dýrtíðaruppbótin yrði sett á þann grunntaxta, sem var ákveðinn síðast með hliðsjón af dýrtíðinni í landinu. Á þennan hátt fengist réttlát framkvæmd þessara mála.

Hvað snertir síðari brtt., um að fella niður heimild um ógildingu á þessu ákvæði með tilskipun, þá hef ég ekki neitt við hana að athuga með þeirri sömu röksemd og hv. frsm. tók fram, að auðvelt sé að fella l. úr gildi, þegar verðlagið kynni að vera komið í fast horf og ekki lengur þörf fyrir þessi lagafyrirmæli. Mun þá verða eðlilegra að ákveða meðlögin fyrir lengra tímabil en gert er ráð fyrir í frv.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara, af því að ég er á móti brtt. á þskj. 401, við 1. gr. tölul. 1. Ég get ekki fallizt á, að greidd sé frá ársbyrjun 1941 verðlagsuppbót á barnsmeðlög, en ekki af þeirri ástæðu, að ég geti ekki fallizt á, að barnsmeðlög verði hækkuð í hlutfalli við vaxandi dýrtíð. Nú eru l. í gildi um þetta efni frá 1935, og þar segir á þá leið, að upphæð meðalmeðlaga ákveði atvinnumálaráðuneytið, að fengnum till. bæjar- og sveitarstjórna, fyrir 3 ár í senn. Eins og hæstv. félmrh. upplýsti, þá var nokkur dýrtíð komin á, þegar síðasti meðalmeðlagsúrskurður var kveðinn upp. Þá mun hafa verið ákveðið að hækka meðlögin um 17—20% með tilliti til dýrtíðarinnar. Eins og segir í grg., þá var það álit hæstv. félmrh., að til þess að mæta dýrtíðinni væri réttast að hækka meðlögin, og í stað þess að binda meðlagsuppbótina við vísitölu, að breyta ákvæðum löggjafarinnar á þann hátt að kveða upp úrskurð fyrir aðeins eitt ár í senn. Með því móti mundi nást sami árangur og af brtt. allshn., að binda hækkunina við vísitölu. Ég hygg, að hlutur þeirra, sem meðlaganna eiga að njóta, verði ekki verri fyrir það, þó að dýrtíðinni sé fylgt með því að kveða upp úrskurð einu sinni á ári og þau hækki eftir því, sem dýrtíðin vex; og mundi þetta reynast mjög auðvelt í framkvæmdinni.

Nú eru greidd meðlög með börnum eftir því, hvaða meðalmeðlag gildir á þeim stað, þar sem barnið dvelur. Eigi nú barnsfaðirinn heima í öðru sveitarfélagi, verður það sveitarfélag, sem greiðir meðlagið vegna þess að barnsfaðirinn er fjarverandi, að endurkrefja það sveitarfélag, þar sem hann býr. Verður innheimtan og endurinnheimtan miklu léttari fyrir sveitarfélögin, *ef* sama upphæðin gildir fyrir allt árið, í stað þess að hún breytist mánaðarlega, ef till. n. næði samþykki, og mun kunnugt, hversu erfitt er að innheimta barnsmeðlög milli héraða, ekki síst ef þau breytast mánaðarlega. Ég sé nú ekki í þessu tilfelli, hvernig greiða megi hreina dýrtíðaruppbót af upphæðinni, sem þegar er búið að hækka um 20% vegna aukinnar dýrtíðar, því að það væri að greiða uppbót af uppbót. En ef á að fylgja þeirri reglu, sem ég legg til, og meðlögin ákveðin með úrskurði einu sinni á ári, ætti að greiða uppbót á þau eins og þau voru, áður en þau voru hækkuð vegna dýrtíðar. Ef t. d. meðlag fyrir stríð hefði verið 100 kr., en samkvæmt síðasta úrskurði komið upp í 120 kr., á ekki að borga dýrtíðaruppbót af 120 kr., heldur af 100 kr. Í raun og veru skiptir þetta ekki svo miklu máli, en ég álít heppilegra að úrskurða einu sinni á ári. En sama hugsunin vakir þó fyrir okkur öllum, að hækka þurfi meðalmeðlögin eftir því, sem dýrtíðin vex. En ég vil ekki, að það sé gert á þann hátt, sem allshn. leggur til, heldur skuli greiða uppbótina á meðlögin eins og þau voru fyrir hækkunina. Skal ég svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vænti þess, að 1. brtt. allshn. verði felld.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Aths. hv. 7. landsk. beindust eingöngu að því, að ekki mætti greiða verðlagsuppbót á barnsmeðlög á tímabilinu frá 1. jan. til 1. ág. í ár, og virðist vera mjög smásmuguleg ástæða til þessarar aðfinnslu. Eftir því, sem hann tók fram í ræðu sinni, átti í fyrra að ákveða meðalmeðlög samkv. l., og með tilliti til aukinnar dýrtíðar voru þau hækkuð um 17—20%. Hefur þessi hv. þm. viðurkennt, að dýrtíðin hafi verið allmiklu meiri heldur en þessari hækkun nam, miðað við vísitölu frá 1. jan. Ég sé þess vegna ekki nema smávægilegar aths., sem felast í ræðu hv. þm. og í mótmælum hans gegn 1. brtt. n. Það virðist svo, sem hann gangi út frá því sem gefnu, ef frv. verður samþ. án 1. brtt. n., að meðlögin verði hækkuð árlega með tilliti til aukins framfærslukostnaðar í landinu. Þetta er alls ekki víst og allt undir

framkvæmdinni komið, því að ef farið er að lögbinda þessa breyt. á l. eins og hún er í 1. gr. frv., hefur ráðherra vald til að ákveða meðlögin, að fengnum till. sýslunefnda, og þarf hann ekki að binda sig við þær nema að litlu leyti. Mér finnst ekki ástæða til að gera storm út af því, þó að hækkunin á meðlögunum nemi nokkrum % meira frá nýári.

Hæstv. félmrh. viðurkenndi, að í þessum brtt. væri um rétta hugsun að ræða, og hann lofaði því fyrir sitt leyti að taka tillit til þess við ákvörðun grunntaxtans, meðan hann hefði þessi mál með höndum. Við meiri hl. n. sjáum ekki ástæðu til, að meðalmeðgjöfinni sé breytt á annan hátt en þann, að hún sé í fullu samræmi við þá almennu vísitölu, sem gildir í landinu fyrir kaupgjald og framfærslueyri. Ég vona, að hv. d. gangi inn á þessa brtt., þó að það kynni að verða fáeinum krónum hærra, sem hver einstakur barnsfaðir greiðir þetta 7 mánaða tímabil, heldur en verið hefði, ef þessi breyt. hefði komið fram áður en gengið var frá meðalmeðlögum í fyrra. Ég vænti þess, að d. láti það ekki hafa nein áhrif á sig og geti unnað þessum aðilum, sem flest eru fátækar konur, að fá fáeinum krónum meira í þetta sinn.

*Gísli Sveinsson: Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál, en það, sem gaf mér tilefni til að kveðja mér hljóðs, er hin einkennilega afgreiðsla þess frá meiri hl. allshn. Ég tel, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé í alla staði fullnægjandi til að ná því takmarki, sem ráðuneytið vildi ná, að ákveða meðalmeðlög með tilliti til vaxandi dýrtíðar og ástandsins yfirleitt í landinu, — sem það að vísu tók heimild til síðastl. ár. Eins og kunnugt er, er það ákvæði í gildandi l., að ákvarða skuli meðalmeðlög með óskilgetnum börnum fyrir 3 ár í senn, þ. e. a. s. þau meðlög, sem sveitarfélögin eiga að greiða, ef þau verða eigi greidd af barnsföðurnum. Á þriggja ára fresti gera sýslunefndir og bæjarstjórnir till. um þessi meðalmeðlög, en í framkvæmdinni áskilur ráðuneytið sér rétt til að ákvarða, hvaða upphæðir skuli gilda, og oftast hafa það orðið þær upphæðir, sem sýslufélögin og bæjarstjórnirnar lögðu til. Að vísu hefur þess gætt nokkuð upp á síðkastið, að ráðuneytið hefur vikið dálítið frá þessari reglu, en röskun á þeim grundvallartill. hefur ekki átt sér stað áratug eftir áratug. Ég tel, að full ástæða hafi verið fyrir því, að á síðasta þingi var sá háttur upp tekinn að víkja nokkuð frá þessari lagareglu og ákveða meðlögin fyrir eitt ár í senn, með tilliti til hækkandi verðlags og aukins kostnaðar. Þess ber að geta, að í till. sýslunefnda var þá gert ráð fyrir hækkuðum meðalmeðlögum, svo að ekki var um það að tala, að ráðuneytið gripi fram fyrir hendur þeirra. En ráðuneytinu þótti ekki nógu langt farið í hækkunina og vildi sérstaklega halda opinni leið til þess að geta ákvarðað meðlögin á hverju ári, og þess vegna er þetta frv. fram komið. Ég tel, að eins og frv. var úr garði gert, sé það eðlilegt og eigi fullan rétt á sér. 1. gr. frv. er um það, að ráðuneytið megi ákvarða og úrskurða um þessi meðalmeðlög eftir till. bæjarstjórna og sýslunefnda. 2. gr. er á þá leið, að þegar ekki þyki lengur þörf fyrir hendi, þá megi aftur eftir réttum grundvallarl. ákveða meðlögin til þriggja ára í senn, og báðar gr. hafa mikið til síns máls. Nú virðist svo, sem hv. allshn. hafi ekki skilið gang þessara mála og ekki vitað, hvað um var að ræða, hvorki í lögunum eða framkvæmd þeirra. Furðar mig mjög á því, þar sem formaður n. og frsm. þessa máls, hv. þm. Barð., ætti að vera þessum málum kunnugur, bæði grundvallarlögunum og ekki síst framkvæmdinni. Ef brtt. allshn. verða samþ., getur það dregið þungan dilk á eftir sér, enda hefur n. ekki tekið tillit til þess, að með till. sínum hefur hún ekki gert tilraun til bóta, heldur hefur hún farið inn á þá braut að gera framkvæmdina næstum því ókleifa. Eins og hv. 7. landsk. tók fram og hæstv. félmrh., að mér skildist, er í framkvæmdinni svo að segja ógerlegt að innheimta barnsmeðlög milli héraða, og getur tekið geysilangan tíma, jafnvel nokkur ár. Ég býst við, að hv. þm. Barð. sé kunnugt um þessa hlið málsins sem bæjarfógeta í Hafnarfirði. Ef nú ætti að innheimta meðlög með verðlagsuppbót, sem mundi vera undirorpin sífelldum breyt., mundu erfiðleikarnir við innheimtuna enn vaxa að miklum mun. Var hreinasti óþarfi, eins og sýnt hefur verið fram á hér með ljósum rökum, að koma með brtt. við frv. Með því að ákveða meðlögin fyrir eitt ár í senn var hægt að láta þau fylgja dýrtíðinni eigi að síður, svo að þessar brtt. virðast ekki vera til annars en að gera framkvæmdina torveldari, enda eru þær á gersamlega röngum grundvelli byggðar. Þess vegna hefði ég kosið, að allshn. tæki aftur sínar brtt., að fengnum upplýsingum frá fróðum þm. Ef hins vegar ekki næst samkomulag um að kippa burt þessari óþörfu og vafasömu breyt., þá verð ég að greiða atkv. móti brtt., þó að ég sé fylgjandi efni málsins að öðru leyti um hækkun meðlaganna, eins og hún kom fram í frv. rikisstj.

*Frsm. (Bergur Jónsson): Ég hef fulla ástæðu til að þakka kollega mínum, hv. þm. V.-Sk., fyrir þá kennslu, sem hann veitti okkur í lögum. Hlustaði ég á hann með eftirtekt, þó að hann hins vegar segði ýmislegt, sem má telja vafasamt í þessu sambandi, en hér er ekki ástæða til að fara að deila almennt um þekkingu embættismanna á þeim störfum, sem þeir hafa með höndum, og ætla ég því að leiða það hjá mér. En ég vil benda honum á það, að ég er hræddur um, að hann hafi ekki séð vel brtt. n. við 1. gr., á þskj. 401, þar sem talað er um, að greiða skuli verðlagsuppbót á meðalmeðlög, sem hafa verið samkv. l. þessum. M. ö. o., þessi brtt., ef að l. verður, haggar að engu leyti þeirri reglu, sem nú er í l., að úrskurða skuli samkv. þeirri skipan, sem viðkomandi ráðherra hefur gert, hvort sem það er á þriggja ára eða eins árs fresti.

Mér þætti gaman að vita, hvaðan hv. þm. V.-Sk. hefur þá vizku, að úrskurður sá, sem ráðh. fellir á þriggja ára fresti, sé í samræmi við það, sem lagt er til af einstökum sýslunefndum og bæjarstjórnum. Ég efast mjög um, að svo sé, og veit það raunar með vissu, að það hefur ein-

mitt í ráðuneytinu verið reynt að samrýma þetta og ekki fara eftir till. einstakra sýslufél. og bæjarstjórna, sem ráðh. er ekki heldur bundinn við, heldur er það ráðh., sem ákveður þetta, að fengnum till. sýslunefnda og bæjarstjórna.

Ég get ekki séð, að ræða hv. þm. V.-Sk., sem hann mun hafa ætlazt til, að yrði tekin sem fræðilegar upplýsingar í málinu, hafi að neinu leyti haggað staðreyndum.

Hv. þm. segir, að félmrh. hafi flúið frá sínum eigin till. En n. leggur til, að hans till. verði samþ., og hæstv. félmrh. hefur lýst yfir ánægju sinni yfir því. En það er nýtt atriði hjá n., hvort eigi að láta barnsmæður njóta sama réttar og flestir þegnar þjóðfélagsins njóta nú, eða hvort eigi að láta þetta fara eftir því, sem þessi eða hinn ráðh. vill í það og það skiptið.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Þar var fyrr frá horfið, minnir mig, er hv. þm. Barð. hafði haldið aðra eða þriðju ræðu, sem sannfærði mig um það, að ég hafði komizt allt of væglega að orði, þegar ég taldi á misskilningi byggt og að sumu leyti af óskiljanlegu tillitsleysi til héraða, þetta, sem meiri hl. n. lagði til að breyta frv. stj. Eftir að ég sannfærðist af ræðu hans um hina gagngerðu vanþekkingu á þessu máli, sýndi ég fram á nokkurn veginn ljóst, að lagasetning, sem verið hefur í gildi um þessi efni, var á þann veg, að fyrir 3 ár væru gerðar till. — og eru ávallt gerðar till. — frá sýslunefndum og bæjarstjórnum um ákvörðun meðalmeðlags. Ríkisstj. hefur vald til þess samkv. þeim l. að úrskurða þessi meðalmeðlög og hefur allajafna gert það og farið sem næst till., sem koma úr héruðum; í sárafáum tilfellum hefur hún vikið þar frá, nema þá til samræmis. Þó hefur upp á síðkastið gætt nokkurrar tilhneigingar hjá ríkisstj. til þess að hækka meðlag á ýmsum stöðum fram úr till. sýslunefnda, einkanlega úti á landinu, og má ýmislegt segja því til gildis, svo sem að hækkun kostnaðar var komin til greina áður en styrjöldin skall á, sem nú er kennt um alla dýrtíð, sérstaklega í kaupstöðunum. Samt sem áður mun mönnum á slíkum stöðum hafa þótt nóg um, þótt ekki fengju þeir að gert.

Nú segir hv. þm. í öngum sínum, að það sé engan veginn svo, að héruðin ráði þessu. Því heldur enginn fram. En hinu er haldið fram, að það sé skylt að gera till., og þær eru gefnar ávallt og eftir þeim er í aðalatriðum farið, sem og skylt er, nema þá til samræmis í einstökum undantekningum, eins og ég tók fram, þegar þetta dagskrármál var síðast fyrir. Hv. þm. virtist hafa gleymt því, sem ég skýrt tók fram, og má hann sjálfum sér um kenna, ef hann man ekki það, sem menn segja. Bið ég hann að muna orð mín betur næst og vona, að hann heyri nú það, sem ég segi. (BJ: Það má nú heyra minna, held ég!) Ég færði líka rök að því, sem einnig lá fyrir með fullri vissu, að ríkisstj. hefur skeikað ofurlítið frá lögunum, en af nauðsyn — eins og ég viðurkenndi —, þar sem hún hækkaði á síðasta ári frá till. sýslunefnda og bæjarstjórna. Þetta var ekki ýkjamikið, og sums staðar ekki neitt. En stj. tók þann upp, vegna hinnar ört vaxandi dýrtíðar, að ákvarða meðlög fyrir eitt ár, enda þótt lögin segi þrjú ár. Ég féllst á, að þessi undantekning mætti eiga sér stað, þar sem vitað var, að frv. yrði brátt lagt fram af hálfu ríkisstj. til staðfestingar á þessari breyt., enda þótt þessi l. eigi að vera aðeins til bráðabirgða, því að frv. ber ljóslega með sér, að svo er til ætlazt, enda tekið fram, að með vissum hætti skyldu þessi nýju ákvæði falla úr gildi nær því sjálfkrafa með útgáfu skjals, sem kæmi í staðinn fyrir afnám l. Þetta var gert til hægðarauka og miðað við bráðabirgðaástand eða neyðarástand, en engin ástæða til að taka sem gerbreytingu fyrir ókomna tíð að öllu leyti. En breyt. þær, sem meiri hl. n. leggur til, tel ég, að verði til svo mikillar truflunar á þessari lagasetningu, einkum í framkvæmd, og það er algerlega undir hælinn lagt, hvort tilgangi breyt. verður náð, og að öðru leyti fullvíst, að mjög mikið fer í handaskolum, enda ofurseljast héruðin algerlega á vald hinnar svokölluðu vísitölu, sem oft er erfitt að elta uppi.

Tilganginum er fyllilega náð með stjfrv., að á hverju ári verði þetta ákvarðað fyrir eitt ár, að sama upphæðin gildi fyrir heilt ár, til þess að möguleiki megi teljast, að hún verði innheimtanleg með nokkurn veginn góðum hætti. Vísitölubreytingin gerist sem sé svo ört og svo oft á ári, að engin leið er að fylgja henni, og verða þá eftirkaup að eiga sér stað, og getur þá allt verið rokið út í veður og vind og ómögulegt að vita, hvenær eða hvort menn greiða yfirleitt nokkurn tíma þessar viðbætur.

Ég hjó eftir því hjá hv. frsm., að hann virtist ætla að færa einhver sérstök rök fyrir því, að fara hér inn á vísitölubrautina til að hækka meðlögin jafnóðum, með því að segja, að allar stéttir — eiginlega allir menn í þessu landi — hefðu fengið hlutfallslega vísitöluhækkun. Það er merkilegt að bera þetta fram í þessari hv. d., þar sem allir viðstaddir vita, að það er öðru nær og tiltölulega aðeins nokkrar greinir starfsmanna komnar í það horf. Þessi röksemd er því fallin, því að hún er röng.

Það hefur nú borizt í hendur mínar í dag umsögn um þetta nál. frá allshn., þar sem þess er getið, hvað framfærslufulltrúar og yfirleitt þeir, sem ráða þessum málum í þessum bæ, segja um þetta. Umsögnin er undirrituð af einum framfærslufulltrúanum og tekur skýrlega fram auk annars, hvernig þessum málum hefur verið farið undanfarið um kostnað og tilhögun, og hversu erfitt hefur verið að sumu leyti að eiga við þau. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkrar setningar, sem víkja að því, sem hér er um að ræða:

„Þessi tilhögun, að greiða verðlagsuppbót á meðlögin, en verðlagsuppbótin getur breytzt mánaðarlega, er mjög óhentug í framkvæmdinni. Meðalmeðlögin eru greidd fyrirfram fyrir sex mánuði í einu, og kæmi þá naumast annað til greina en að greiða uppbótina eftir á, einnig fyrir 6 mánuði í einu. Langmestur meiri hl. mæðra óskilgetinna barna telur það mikil fríð-

indi að þurfa ekki að sækja meðlögin mánaðarlega, enda eru þær vanar þessari gömlu tilhögun. Útreikningur uppbótarinnar yrði mjög tafsamur, þar sem meðlögin falla á mjög mismunandi tímum og ekki yrði unnt að notast við meðaltal, heldur yrði að reikna út uppbótina fyrir hvern mánuð um sig. Þá má gera ráð fyrir því, að framkvæmd hins nýja fyrirkomulags gengi illa í sveitum og fámennum kauptúnum, því að óvíst er, að oddvitar fylgist nákvæmlega með verðlagsvísitölunni. Þetta fyrirkomulag hefur einnig slæm áhrif á innheimtu barnsmeðlaga. Barnsfeður gætu aldrei vitað með vissu, hve mikið þeim bæri að greiða, og sama er að segja um þá menn, sem innheimtuna annast."

M. ö. o.: Þeir, sem mesta skipulagningu hafa á þessum málum, treysta sér ekki út í að starfa undir þessu.

Einnig stendur hér síðast:

„1. Reglan um verðlagsuppbót á meðalmeðlög, sem breytist eftir vísitölu þeirri, sem verðlagsuppbót embættismanna o. fl. er ákveðin eftir, er of umfangsmikil og vafsturssöm, auk þess sem það er með öllu óvíst, hvernig hún verður framkvæmd í sveitum. Höfuðregla frv., að taka tillit til dýrtíðarinnar með því að ákveða meðalmeðlögin árlega, er miklu aðgengilegri.

Sé hins vegar um það að ræða að veita verðlagsuppbót frá 1. jan. 1941, þar til meðlögin verða ákveðin næst (í ágúst 1941), liggur nær að greiða ákveðna uppbót á meðlögin mánaðarlega, þetta tímabil t. d. 10 kr. eða aðra upphæð, sem betur þykir henta.

2. Það virðist ekki rétt að greiða uppbót á meðalmeðlög, eins og þau eru ákveðin með auglýsingu félagsmálaráðh. 6. sept. 1940, þar sem þá hefur verið tekið að nokkru leyti tillit til dýrtíðarinnar. Frekar ætti að miða við meðlögin eins og þau voru ákveðin samkv. auglýsingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins 27. okt. 1937."

Hér er komið að sömu niðurstöðu og ég sýndi fram á, að væri óhjákvæmileg, — þeirri niðurstöðu, að þetta sé ekki aðeins óþarft, heldur líka að öllu leyti svo vafsturssamt og erfitt í framkvæmd, að þegar af þeirri ástæðu mætti ekki að óþörfu vera að gera það að verkum, sem tefði alla framkvæmd þessara mála. En í annan stað er það ekki viðurkennt um landið þvert og endilangt, að þessi aðferð sé réttmæt. Hún er fundin upp hér á þingi og hefur komið inn á ýmsum stöðum, þar sem mátti kalla, að réttlætanlegt væri. En það er engan veginn víst, að demba megi henni inn í öll bæjar- og sveitarstjórnarmál. Þær stjórnir hafa sannarlega nóg á sinni könnu og nógar byrðar að bera. Ég vona því, að hv. d. sjái sér fært að láta þessa breyt. hverfa og halda sér við stjfrv., sem í alla staði verður að telja réttast, vegna þess líka, að þar hefur fengizt leiðrétting á ýmsu, sem leiðréttingar þurfti við í þessu efni.

*Garðar Þorsteinsson: Það er út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði í gær, að honum virtist ég vera með einhvern sýtingsskap, af því að verðlagsuppbótin á þessa hækkun gilti ekki til 1. ágúst. En þetta er bara misskilningur. Hann hristir höfuðið. En ég endurtek, að þetta er misskilningur, af þeirri einföldu ástæðu, að hv. þm. hefur enga sönnun fyrir því, að sú hækkun, sem varð vegna dýrtíðar, þegar meðalmeðlag var síðast ákveðið með 20% hækkun, verði aftur felld niður. Í Reykjavík var hækkunin ákveðin 6. sept. s. l. úr 500 kr. í 600 kr., og svo á að greiða dýrtíðaruppbót á 600 kr. Hvaða sönnun hefur hann fyrir, að lækkað verði aftur úr 600 kr. í 500 kr.? Ekki neina. Væri þá ekki eins gott að slá því föstu að greiða dýrtíðaruppbót á gamla meðlagið? Og þá er óþarfi að úrskurða um þetta einu sinni á ári, ef meðalmeðlagið á að vera tiltölulega eins og áður en dýrtíðin kom til.

Ég hef meiri hl. n. grunaðan um það, að hann ætlist til þess, að fyrst úrskurði ráðuneytið hækkun meðalmeðlagsins vegna dýrtíðar, og svo komi dýrtíðaruppbót á allt saman. Að öðrum kosti er ómögulegt að skilja, hvers vegna þeir vildu fá úrskurð einu sinni á ári. Því að ef dýrtíðin á ekki að koma til greina við upprunalegan úrskurð ráðuneytisins, þá verður meðalmeðlagið frá ráðuneytisins hendi alltaf það sama. Þess vegna er frá mínum bæjardyrum séð um tvennt að ræða: Að hafa meðalmeðlagið eins og það áður var, eða úrskurða einu sinni á ári hækkun í samræmi við vaxandi dýrtíð.

*Frsm. (Bergur Jónsson): Það er engin ástæða til að eltast við þessar ræður þessara hv. þm., sízt af öllu ræðu hv. þm. V.-Sk., eins og hún er löguð. Hann virðist ekki telja sig meiri mann en svo, að hann fer til ólöglærðs framfærslufulltrúa í Reykjavík til að leita upplýsinga í þessu máli. Hann sagði, að það væri erfitt að vita, hvað ætti að hækka samkv. vísitölu. Ég skil ekki annað en að þetta gildi jafnt á öllum sviðum, þar sem á að hækka eftir vísitölu. Ég skil ekki, að það sé vandi fyrir oddvita í hreppi, oddvita sýslunefndar, bæjarstjóra eða borgarstjóra, að fá það upplýst beina leið. Og hv. þm. veit vel, að ákveðið hefur verið, að við og aðrir í okkar stétt greiddum verðlagsuppbót á laun þeirra starfsmanna, sem hjá okkur vinna, eftir vísitölu. Við fáum bara að vita þetta frá stjórnarráðinu.

Annars er þessi breyt. á frv. eingöngu sú, að ráðh. ákvarðar meðalmeðlagið árlega, í stað þess að gera það á 3 ára fresti. Þetta mátti gera án þess að nokkur styrjöld væri eða sérstök verðbólga eða dýrtíð. Þetta er bara almennt löggjafaratriði. En brtt. á að tryggja það, að þessar greiðslur, eins og aðrar framfærslugreiðslur í þjóðfélaginu, séu í samræmi við þá almennu vísitölu.

Ég ætla svo að lokum aðeins að minnast á þá yfirlýsingu, sem hæstv. félmrh. gaf í gær, að hann teldi sér skylt, ef þetta verður að l. eins og það liggur fyrir, að taka tillit til þess ákvæðis, sem fólgið er í fyrri brtt. n. Og það ætti að vera nægilegt svar gagnvart þessum hv. þm. Það er auðséð, að hv. 7. landsk. fer vísvitandi eða óviljandi rangt með mín orð. Ég benti á, að hann hefði talað um, að meðlögin hefðu verið hækkuð í fyrra sem svaraði ákveðinni prósenttölu; og ég sagði, að vegna þess að þetta hefði verið gert án þess að miðað væri við vísi-

tölu, þá væri fyrir þá menn, sem væru á móti vísitölunni, eingöngu um að ræða upphæðina á tímabilinu frá 1. jan. til 1. ág., en þá er ætlazt til, að ný auglýsing komi.

Ég skora því á hv. d. að taka undir þá ósk, sem hér er komin fram um það að tryggja með l., að framfærslueyrir með börnum sé hækkaður á þann hátt, sem löggjöfin hefur lagt til grundvallar við flestar greiðslur mönnum til framfærslu. Það bætir ekkert úr skák, þótt beitt hafi verið ranglæti gagnvart einhverjum öðrum aðilum í þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 12. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 401,1 felld með 15:10 atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 401,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 473, 502).

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Við 2. umr. þessa máls var felld brtt. frá allshn., þar sem gert var ráð fyrir, að uppbót verði greidd samkv. verðvísitölu frá 1. jan. síðastl. Nú hefur allshn. borið fram aðra brtt. um ákvörðun meðalmeðlaga í framtíðinni, með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frv., en þess skuli gætt að hækka meðlögin eigi minna en sem dýrtíðinni nemur samkv. síðustu vísitölu kauplagsnefndar. Ég held, að ekki sé hægt að fara vægar í sakirnar með það, þar sem nauðsynlegt er að tryggja, að eitthvert tillit verði tekið til vaxandi dýrtíðar, engu síður að því er snertir þá, sem þurfa að fá meðlög með börnum, en aðra. Vænti ég þess, að hv. deild taki brtt. þessari með sanngirni.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég vil taka fram, að þessi till. er shlj. því, sem áður hefur komið fram í nál. allshn. Ég hef þá skoðun, að meðlögin eigi að hækka í samræmi við dýrtíðina, en ekki meira, og verður því að miða dýrtíðaruppbótina við meðlögin eins og þau voru áður en þau voru hækkuð.

ATKVGR.

Brtt. 502 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 61. fundi í Ed., 15. maí, var frv. útbýtt eins það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 508).

Á 62. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta mál hefur tekið nokkrum breyt. í hv. Nd. frá því, sem það var afgr. hér síðast við 3. umr., og er breyt. eingöngu fólgin í því, að verðlagsuppbót á barnsmeðlög, sem úrskurðuð eru samkv. þessum l., skuli greiða frá ársbyrjun 1941 og fylgt skuli vísitölu, sem gildir á hverjum tíma um laun embættismanna og starfsmanna ríkisins. Þetta er aðalatriði þeirrar breyt., sem gerð var á frv. í hv. Nd.

Að vísu hefur allshn. þessarar d. ekki tekið neina afstöðu til þessarar breyt. Ég hef þó talað við meiri hl. n., og fellst meiri hl. n. á þessa breyt. og mælir með því, að frv. verði samþ. í því formi, sem það er nú.

Brynjólfur Bjarnason: Í hv. Nd. kom fram brtt. við þetta frv., sem er á þá leið, að greiða skuli frá ársbyrjun 1941 verðlagsuppbót á barnsmeðlög, sem úrskurðuð eru samkv. þessum l., sem miðist við sömu vísitölu sem laun embættismanna og starfsmanna ríkisins miðast við. En brtt. náði ekki fram að ganga í þessu formi, heldur stendur aðeins í því þskj., sem hér á að greiða atkv. um, að við ákvörðun meðalmeðgjafa skuli þess gætt í hvert sinn, að þær hækki ekki minna en nemi aukinni dýrtíð samkv. síðustu vísitölu kauplagsnefndar. M. ö. o., það er ætlazt til þess, skilst mér, að meðlagsupphæðin sé ákveðin fyrir heilt ár og sé óbreytt þangað til hún er ákveðin aftur að ári liðnu.

Ég vildi biðja hv. n., sem með þetta mál hefur að gera, allshn., að skýra fyrir mér, hvort þetta er ekki réttur skilningur, að ætlazt sé til þess, að meðlögin séu óbreytt í heilt ár, eftir að þau hafa verið ákvörðuð á þeim tíma, sem tiltekinn er. En samkv. þeirri brtt., sem fyrst var borin fram við frv. þetta í hv. Nd., þá var ætlazt til þess, að þau hækkuðu sem næmi fullri vísitölu eftir sömu reglum eins og greidd er uppbót á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins. Hér er ekki um litinn mun að ræða, sem þýðir það, að meðlög verði ekki greidd, samkv. brtt., með raunverulegri uppbót, sem vex að því skapi sem dýrtíðin vex, eins og uppbótin á laun embættis- og starfsmanna ríkisins er greidd. En því meira sem dýrtíðin vex, því meiri verður munurinn á uppbótinni, eftir því hvor af þessum tveimur leiðum er farin.

Ég vildi nú óska eftir því, ef þetta er réttur skilningur hjá mér, að þessu máli yrði frestað, svo að tími gæfist til að kanna, hvort ekki væri þingvilji fyrir hendi í þessari hv. d. til þess að breyta frv. aftur í samræmi við þá brtt., sem upphaflega kom fram við það í hv. Nd. og er í samræmi við þá áskorun, sem komið hefur frá mæðrastyrksnefnd og frá öðrum aðilum hér í bænum, sem hafa sent hæstv. Alþ. álitsskjal um málið.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég verð að játa um það þskj., sem ég hafði fyrir framan mig, nr. 401, sem er brtt., sem kom fram í hv. Nd. frá allshn., að við nánari athugun sé ég, að brtt. var ekki samþ. Ég sé, að á þskj. 473 er frv. í þeirri mynd, sem það liggur nú fyrir. Ég reiknaði sem sagt með því, að þessi brtt. n. hefði verið samþ. Og ekki ber að neita því, að það er allt annað viðhorf, sem kemur fram í

frvgr. nú, heldur en fólst í þeirri brtt., sem ég lýsti áðan og hafði reiknað með, að hefði verið samþ.

Ég er ekki viðbúinn, hvorki fyrir mig eða n. í heild, að svara um það, hvort n. fellst á orðalag frv. eins og það er nú. Vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, af því að ég hygg, að málið þurfi ekki að dragast úr hömlu fyrir það, að málið verði nú tekið af dagskrá, svo að allshn. gæti rætt um það, hvort hún vildi breyta frv. eða mæla með því óbreyttu eins og það er nú.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 20. maí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 508, 559, 577).

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Þetta mál var tekið af dagskrá samkv. ósk allshn. og n. hefur athugað málið, en árangur þeirrar athugunar er till. n. á þskj. 559, sem er á þá leið, að aftan við 1. gr. bætist, að við ákvörðun meðalmeðgjafa meðlagsárið 1. ágúst 1941—31. júlí 1942 skuli tekið tillit til þess, að eigi voru greiddar verðlagsuppbætur á meðlög næsta meðlagsár á undan. En það, sem vakir fyrir n., er að reyna að sýna nokkra leiðréttingu á því misrétti, að engin dýrtíðaruppbót falli barnsmæðrum í hlut fyrr en eftir 1. ágúst í ár. Þetta fólk er sett skör lægra en allir aðrir landsmenn, sem fá fé frá því opinbera.

Ég hefði óskað, að hægt hefði verið að ganga öllu ákveðnara til verks en gert er, sbr. till. allshn. Nd. Það er kunnugt, að sú till. fékk svo nauðalitinn byr, að vonlaust má telja að taka hana upp hér og fá Nd. til að fallast á hana. Allshn. þessarar deildar vildi því ekki taka till. upp.

Með þessu er lagt nokkurt vald í hendur viðkomandi ráðh. um að taka fullt tillit til þess við ákvörðun meðlags á þessu ári, að lítil uppbót hafi verið veitt 1940—1941. Það mun þó hafa verið tekið tillit til þeirrar dýrtíðar, er orðin var í árslok 1939, við útborgun. Gerum ráð fyrir, að með þessari heimild sé hægt að bæta að mestu leyti úr því misrétti, sem nú er í frv. gagnvart þessu fólki. — Ég skal taka fram um brtt. á þskj. 577, sem er að mestu endurprentun á till. úr Nd., að það er vonlaust um, að hún nái fylgi þingsins, og get ég því ekki greitt henni atkv., og enda þótt hv. d. féllist á till., er mesta óráð að hrekja málið af þeirri ástæðu á milli d. og eiga á hættu, að það verði fellt í Nd.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég gat þess, þegar þetta mál var til umr. hér fyrst, eftir að það kom úr hv. Nd., að frv. eins og það er nú fullnægir á engan hátt þeim frumstæðustu kröfum, sem verður að gera til þess, að meðlögin séu ákveðin þannig, að nægilegt geti talizt til að vera sá framfærslukostnaður, sem þeim er ætlað að vera. Brtt. sú, sem hv. allshn. Nd. flutti við frv., er í samræmi við þau erindi, sem Alþingi hafa borizt frá Kvenréttindafél. Íslands og mæðrastyrksnefndinni. Ég hef hér fyrir mér erindi mæðrastyrksnefndar, og þar eru færð fram öll þau rök, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á, að frv. verður að vera í því formi, sem farið er fram á í brtt. allshn. Nd. og er sams konar brtt. og brtt. mín á þskj. 577.

Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp erindi mæðrastyrksnefndar:

„Í sambandi við frv. það, er nú liggur fyrir Alþingi um breyt. á l. nr. 39 28. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, vill mæðrastyrksnefnd skora á Alþingi að bæta inn í frv. þetta ákvæði um, að full dýrtíðaruppbót skuli reiknuð á hvert meðalmeðlag, hvar á landi sem er, sé uppbótin greidd mánaðarlega, og miðist fyrsta greiðsla hennar við janúarmán. þessa árs, eða, ef það þykir heppilegra, ákveða þetta með sérstökum lögum. Sé dýrtíðaruppbótin veitt samkv. sömu reglum og dýrtíðaruppbót til starfsmanna ríkisins, og bætist hún við meðlögin eins og þau voru á tímabilinu frá 14. maí 1937 til 14. maí 1940.

Eitt af félögum þeim, sem skipa mæðrastyrksnefndina, Kvenréttindafélag Íslands, hefur þegar sent Alþingi erindi um þetta efni. Er mæðrastyrksn. fyllilega samþykk því bréfi, og þykir því ekki nauðsynlegt að senda frekari greinargerð. Þess er sjálfsagt ekki heldur þörf að færa frekari rök fyrir kröfu þeirri, er hér er um að ræða. Nauðsynin er svo augljós. — Barnið lifir ekki í ár á þeim peningum, sem móðurinni kunna að verða borgaðir næsta ár, og þegar lánstraust hennar er ekkert, hlýtur drátturinn á útborgun dýrtíðaruppbótarinnar að verða til þess, að allur aðbúnaður barnsins sé svo lélegur, að heilsu þess sé hætta búin. Ekkert þjóðfélag má við því, að ungviðið vanti hin nauðsynlegustu skilyrði til þess að ná eðlilegum þroska.

Væntir mæðrastyrksnefndin þess, að Alþingi hafi fullan skilning á kjörum ekkna og einstæðra mæðra á þeim alvörutímum, sem nú standa yfir, og veiti þessu máli fljóta afgreiðslu, því það þolir enga bið."

Þetta er svo augljóst mál, að ekki þarf að færa frekari rök að því. Það er engum blöðum um það að fletta, að frv. í því formi, sem það er í á þskj. 508, er allsendis ófullnægjandi; í fyrsta lagi vegna þess, að það hefur ekki verið tekið neitt tillit til aukinnar dýrtíðar í ákvörðun þeirrar meðlagsupphæðar, sem greidd hefur verið á þessu ári, og þess vegna er alveg óhjákvæmilegt að bæta það upp. Það er farið fram á það að vísu í brtt. allshn. þessarar hv. d., að þetta verði bætt upp við ákvörðun meðlagsins 1942, en sá galli er á þeirri brtt. fyrst og fremst, að frjálsar hendur eru gefnar um það, að hve miklu leyti skuli bætt, og í öðru lagi er sama fyrirkomulag hugsað með þessari brtt. og er í frv. sjálfu, að allt er greitt eftir á. En börnin lifa ekki þetta ár á því, sem þau fá næsta ár. Þá er og sú upphæð, sem greidd er að ári, orðin minna virði en hún er nú. Það hefur verið reiknað út, hve miklu mæður hafa

tapað á því að hafa ekki fengið dýrtíðaruppbót frá 1. maí 1940 til þessa dags. Mismunurinn á þeirri meðlagsupphæð, sem greidd er, og þeirri upphæð, sem meðlagið hefði numið með fullri uppbót, er sem hér segir:

Fyrir aldursflokk	1— 4 ára	80 kr.
——	4— 7 —	66 —
——	15—16 —	129 —

Hér er ekki um smáræðis upphæðir að ræða. Mér er ekki mögulegt að skilja afstöðu Alþingis, ef það ætlar að synja um þessa réttlætiskröfu. Það hefur verið samþ. að greiða fulla dýrtíðaruppbót starfsmönnum og embættismönnum, og á allflestar greiðslur yfirleitt er greidd full dýrtíðaruppbót. Það segir sig sjálft, að því lægri upphæðir, sem einstaklingum eru ætlaðar, því meiri nauðsyn er á fullri dýrtíðaruppbót. Og því erfiðara verður að lifa sem lífeyririnn er lægri, er dýrtíðin vex, en engin uppbót er greidd. Og enda þótt full uppbót væri greidd á þau framlög og styrki, sem eru í sjálfu sér svo lág, að ekki er hægt að lifa sómasamlegu lífi á þeim, þá hlýtur hlutur þeirra, sem styrkjanna njóta, að versna með vaxandi dýrtíð og lífsbjörgin að verða örðugri.

Þetta er svo auðvelt reikningsdæmi, að það ætti ekki að þurfa að fjölyrða um það. Því fólki, sem verst á að búa við kjörin, er synjað um þær réttlætiskröfur, sem öðrum, er betur mega, eru veittar. Ég get ekki skilið, hvaða rök er hægt að færa fyrir slíku athæfi.

Það stendur að vísu í grg. fyrir stjfrv., að þetta mundi valda svo miklu losi í greiðslum meðlaga, ef þessi leið yrði farin. Herra minn trúr! Ætli það mætti þá ekki nota sömu rökin um uppbótina á laun opinberra starfsmanna, að greiðsla hennar komi svo miklu losi og glundroða á allar launagreiðslur, að hún verði að teljast óframkvæmanleg? En það hafa þeir þó ekki látið heyrast.

Hv. frsm. allshn. sagði, að hann væri í sjálfu sér fylgjandi þessari brtt. minni og teldi hana alveg rétta og sjálfsagða, en hann gæti ekki greitt atkv. með henni af því, að hún hefði ekki meirihlutafylgi á Alþingi.

Ég verð að segja, að þetta er undarleg afstaða, að greiða atkv. með eða móti máli eftir því, hvort það hefur fylgi meiri hl. eða minni hl. á Alþingi. Eftir sama hugsunarhætti ætti þessi hv. d., af því að hún er minni hl. Alþingis, að athuga vandlega afstöðu Nd. og haga sér svo eftir því, sem Nd. er fylgjandi.

Þessu ætti einmitt að vera þveröfugt farið. Þessi d. á einmitt eingöngu að afgr. málin eftir því, sem hún telur réttast og bezt, og greiða atkv. eftir því og skila á þann hátt málunum til hv. Nd., svo til fyrirmyndar sé.

Verði ekki fundin nein rök gegn því, að brtt. 577 sé réttmæt og sjálfsögð, þá er líka eðlilegast, að hún verði samþ. hér í þessari háttv. deild nú.

Ég veit ekki um afstöðu hv. Nd., en vel mætti svo fara, ef brtt. mín verður samþ., að Nd.-menn sjái, hvílík fjarstæða frv. er nú, og bættu úr ranglætinu, með því að fallast á frv. eins og það kemur endursent úr þessari hv. deild.

ATKVGR.

Brtt. 577,A felld með 8:1 atkv.
— 559 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 577,B felld með 8:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 64. fundi í Nd., 21. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 591).

Á 65. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 608).

---

21. Sparisjóðir.

Á 3. fundi í Sþ., 6. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um sparisjóði** (stjfrv., A. 58).

Á 14. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Eins og tekið er fram í aths. við þetta frv., þá er það stjfrv., en samið af milliþinganefnd í bankamálum, og er það mjög svipað frumv. því, sem flutt var á síðasta þingi um sama efni. Í frv. þessu er gert ráð fyrir breytingum frá þeim l., sem nú gilda um sparisjóði. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það lið fyrir lið að svo komnu, enda er ýtarlega gerð grein fyrir breyt. í aths. við frv. En ég vil aðeins minna á þrjár aðalbreyt., sem hér eru gerðar. Í fyrsta lagi er í l. þessum takmörkun sett á það, hversu mikið fé sparisjóðir megi lána út í hlutfalli við eigið fé, en þar með er átt við varasjóði og ábyrgðarfé. Jafnframt er það tekið fram, að með útláni í þessum skilningi sé ekki átt við fasteignalán eða önnur lán, sem eru nánar tiltekin í 16. gr. Þetta verður líka til að forðast það, að sparisjóðsinnleggjendur tapi fé sínu í sjóðnum.

Þá er í öðru lagi ákveðið í þessu frv., hversu mikið fé megi lána til eins eða fleiri viðskiptamanna, sem eru fjárhagslega tengdir. Miðar þetta ákvæði einnig í þá átt að auka öryggi þeirra, sem eiga fé sitt í sparisjóðnum, og minnka hættuna á því, að sjóðurinn tapi. Sérstaklega er mikils virði að binda ekki trúss við einstaka menn eða fyrirtæki.

Þriðja ákvæði frv., sem kalla má höfuðatriði þess, er að stofna tryggingarsjóð við sparisjóðina. Nú er þessu þannig háttað, að komist sparisjóður í þrot, ber ábyrgðarmönnum strax að gera skil fyrir ábyrgðarfénu. Þegar þau skil eru gerð, er heldur ekki í annað hús að venda, og tapa þeir því, sem umfram verður, en tryggingarsjóðunum er ætlað að hlaupa undir bagga, ef einhverjir sparisjóðanna komast í þrot. Hefur slíkt komið alloft fyrir, og er þessa sameiginlega sjóðs því full þörf. Mun þetta einnig verða

til þess, að menn trúi sparisjóðum fremur fyrir fé sínu, í stað þess að leggja það inn í bankana, sem hafa ríkisábyrgð. Hefur innstæða manna í bönkum aukizt mjög upp á síðkastið af þessari ástæðu, en það virðist miður heppileg þróun. Enda hafa sparisjóðirnir betri aðstöðu til að nota fé sitt í þágu héraðanna heldur en bankarnir. Ýmis önnur atriði eru í þessu frv., sem eru ekki svo mikilsverð sem þessi, og því hirði ég ekki um að skýra frá þeim. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Nd., 13. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 58, n. 420).

*Frsm. (Stefán Stefánsson): Herra forseti! Þetta frv. er samið af milliþn. í bankamálum. Hún var skipuð 1937, svo frv. er vel úr garði gert, enda árangur af 4 ára starfi n.
Fjhn. hefur farið yfir frv. og borið saman þær breytingar, sem með því eru gerðar á gildandi sparisjóðalögum. Breytingarnar eru yfirleitt smávægilegar, en miða allar að því að koma starfsemi sparisjóðanna í fastara form, og eru þær aðallega í þrennu lagi:
1. Að takmarka og miða við eigið fé sparisjóða þá fjárhæð, er lána megi.
2. Að takmarka, hvað lána megi einum viðskiptamanni.
3. Að stofna tryggingarsjóð sparisjóðanna, sem hlaupi undir bagga í svipinn með sparisjóðum um greiðslu á innstæðum, ef óvæntar kröfur eru gerðar til þeirra um það, en fé þeirra hins vegar fast í útlánum.
Fjhn. telur þessar breyt. á l. miða til að auka öryggið að því er snertir starf sparisjóðanna.
N. flytur nokkrar brtt. við frv. á þskj. 420. Þær miða allar til bóta á frv. Að öðru leyti leggur n. til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 420,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 420,2 (10. gr. falli niður) samþ. með 17 shlj. atkv.
11.—15. gr. (verða 10.—14. gr.) samþ. með 18 shlj atkv.
Brtt. 420,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
16. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
17. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 420,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
18. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
19.—22. gr. (verða 18.—21. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 420,5 samþ. með 17 shlj atkv.
23. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
24.—27. gr. (verða 23.—26. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 420,6 samþ. með 19 shlj. atkv.
28. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
29.—31. gr. (verða 28.—30. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 420,7 samþ. án atkvgr.
32. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
33. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 420,8 samþ. með 18 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 482).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 61. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 482, n. 617).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Um almennar ástæður fyrir þessu frv. tel ég nægja að vísa til allýtarlegrar grg., sem frv. fylgdi í fyrstu frá milliþn. í bankamálum, sem frv. samdi, og það því fremur, sem þetta frv. gerir nú engar stórbreyt. á löggjöfinni um sparisjóði, þótt það yrði að l., því að aðalefni frv. eru ýmis ákvæði úr gildandi sparisjóðal. En þessum ákvæðum gildandi sparisjóðal. er í þessu frv. raðað skipulegar heldur en í þeim sparisjóðal., sem nú eru í gildi, og lögin lagfærð án þess að um margar verulegar efnisbreytingar sé að ræða. Í þessu frv. er gengið allmiklu lengra heldur en í gildandi sparisjóðal. í þá átt að tryggja rekstur sparisjóðanna og þar með að tryggja hag almennings, sem á fé sitt geymt þar. Því að sparisjóðirnir hafa ekki í raun og veru aðra trygg-

ingu fyrir því, að þeir geti staðið í skilum við innstæðueigendur, sem trúa þeim fyrir fé sínu, heldur en þá, að þeir séu reknir haganlega og með þeirri varasemi, að fé tapist ekki. Einkum á þetta við um nýja sparisjóði, þar til þeim fer þá að vaxa fiskur um hrygg um söfnun varasjóða og annarra slíkra tryggingarsjóða.

Þau nýju ákvæði í frv., sem að þessu lúta, eru einkum þau: Í fyrsta lagi að takmarka við eigið fé sparisjóðs þá upphæð, sem hann megi hafa í útlánum. Ef þetta ákvæði hefði orðið að l. þegar eftir að frv. var samið, hefði það ekki dregið úr starfsemi nokkurs sparisjóðs í landinu, því að mþn. í bankamálum hefur haft skýrslur og reikninga sparisjóða undir höndum, og þeir hefðu þá allir fullnægt þessu ákvæði, en engin vissa er fyrir, að svo verði alltaf, og er þetta ákvæði sett til varúðar.

Í öðru lagi er það, að takmarka nokkuð, hvað lána megi einum viðskiptamanni eða fleirum, sem fjárhagslega eru tengdir. Það er vitanlega því meiri hætta fyrir stofnanir, einkum litlar, sem fé þeirra er bundið hjá færri viðskiptamönnum. Þetta er regla, þótt undantekning geti verið frá því.

Þá er í 3. lagi eitt nýmæli í þessu frv., sem má telja til tryggingarákvæða, að stofna sameiginlegan tryggingarsjóð allra sparisjóðanna, sem á að hafa það hlutverk að hlaupa undir bagga með sparisjóðunum, sem kunna að eiga örðugt með að greiða út innstæður eftir því, sem krafizt er á hverjum tíma. En þetta litla gjald, sem gert er ráð fyrir í frv., að sparisjóðirnir greiði í þessu skyni, á þó að vera eign hvers sparisjóðs og geymast í þessum sameiginlega varasjóði. Og stuðningurinn á ekki að vera annað en lán til einstakra sparisjóða, sem kynnu að þurfa á því að halda. En að sjálfsögðu má gera ráð fyrir því, að eitthvað af þessu fé, sem þannig er lánað til sparisjóðanna, kynni að tapast, einkum vegna þess, að til þeirra lána kemur tæplega fyrr en hlutaðeigandi sparisjóðir eru komnir í einhver vandræði. Og þá er náttúrlega frekar hætta á því, að eitthvað af þessu fé kunni að tapast. En að svo miklu leyti, sem fé ekki tapast, er það, sem hver einstakur sparisjóður leggur í þennan tryggingarsjóð, hans séreign.

Þetta læt ég nægja til skýringar frv. almennt, og í trausti þess, að hv. þm. kynni sér grg., því til þess var hún auðvitað ætluð, að í henni fyndu menn skýringar á frv., að svo miklu leyti sem lestur þess sjálfs ekki nægði.

Þetta frv. er búið að ganga gegnum hv. Nd. og var þar samþ. með nokkrum breyt., sem allar snerust þó um eitt atriði. Eins og kunnugt er, liggur fyrir Alþ. frv. frá mþn. í bankamálum um eftirlit með bönkum og sparisjóðum. Og frv. sín miðaði mþn. við það, að þau yrðu öll samþ., og þau voru að því leyti frá hennar hendi í samræmi hvort við annað. Það er því þannig, að þetta frv., eins og það kom frá mþn., gerði ráð fyrir því, að upp verði sett sérstakt eftirlit með bönkum og sparisj. En hv. Nd. vildi ekki fallast á, að þetta yrði gert, heldur setti inn í ákvæðin til bráðabirgða fyrirmæli um, að sá ráðh., sem fer með bankamál, hafi sparisjóðaeftirlitið með höndum, þangað til sérstök l. kynnu að verða sett um sparisjóðaeftirlitið og þeim ráðh. heimilað að fela þann starfa sérstökum aðstoðarmönnum. Ég skal geta þess, að verði þetta frv. samþ. óbreytt eða með þeirri breyt., sem fjhn. þessarar d. leggur til, að gerð verði á því, þá lít ég svo á, að hér eftir eigi kostnaður af þessu sparisjóðaeftirliti að greiðast úr ríkissjóði, en ekki að leggjast á sparisjóðina. Því að það er ekki ákveðið svo í frv., að þessi kostnaður leggist á sparisjóðina, eins og er í gildandi sparisjóðal. Aftur á móti er það í frv. frá milliþn. um eftirlit með bönkum og sparisjóðum. Þar er gert ráð fyrir því, að kostnaður af því eftirliti jafnist niður á banka og sparisjóði. En þannig hefur nú hv. Nd. frá þessu gengið, og liggur hér engin till. fyrir um breyt. á því.

Fjhn. hefur nú haft þetta mál til meðferðar um nokkurn tíma. En ég verð að játa, að hún hefur ekki sinnt því mjög mikið, og afgr. hún það ekki fyrr en í gær. N. leggur til, að frv. verði samþ. með aðeins einni breyt., sem sé að orða um 20. gr. frv. Og þessi breyt., sem n. leggur til, að gerð verði á frv., gengur í alveg sömu átt eins og frv. að því leyti, að hún á að tryggja betur, að gætilega sé að farið um rekstur sparisjóða. Breyt., sem n. leggur til, að gerð verði frá því, sem 20. gr. er nú, er um það tvennt, að banna sparisjóðum að kaupa hlutabréf í öðrum fyrirtækjum og leggja bann við því, að þeir gangi í ábyrgðir fyrir aðra eða taki upp slíka starfsemi, eins og bankarnir gera, þegar þeir veita bankatryggingar. Þetta er vitanlega miðað við það, að sparisjóðirnir séu til þess ætlaðir og eigi fyrst og fremst að hafa það hlutverk að ávaxta fé almennings á sem allra tryggastan hátt.

Ég skal geta þess, að ég fyrir mitt leyti vildi helzt ganga að frv. óbreyttu eins og að kom frá hv. Nd., og það voru hv. meðnm. mínir, sem óskuðu að gera þessa breyt. á frv. En ég gat reyndar mjög vel gengið að þessari breyt., því að ég skal játa það, eins og ég hef vikið að, að hún er algerlega í samræmi við höfuðtilgang frv., og hafði ég ekkert á móti henni efnislega. En það var aðeins af því að nú er sjálfsagt komið alveg að þinglausnum, að mér þótti heldur lakara, að frv. færi að ganga aftur til hv. Nd. fyrir ekki stórvægilegra atriði heldur en hér er um að ræða. En ég skal þó ekki fjölyrða neitt um þetta frekar, því að ég gekk að þessu, og er því síður en svo, að ég sé að mæla á móti því, að þessi brtt. verði samþ. Úr því, sem komið er, mæli ég með því fyrir n. hönd, að frv. verði samþ. með þessari breyt., sem greinir á þskj. 617.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 617 (ný 20. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

21.—32. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 625).

*Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Þetta frv. hefur verið til athugunar í fjhn. meðan ég var fjarstaddur. Hins vegar var ég á þeim fundi, þegar málið var afgr., og samþykkur þeirri afgreiðslu, sem það fekk hjá n., þótt ég hins vegar hefði kosið, að eftirlitið væri nokkru fyllra en það er í frv., þar sem búizt er við, að frv. það, sem fyrir þinginu liggur um eftirlitsmenn við sparisjóði, muni ekki ná fram að ganga.

Skv. þessu frv. er ætlazt til, að eftirlitið verði eingöngu hjá ráðherra. Nú er sá ráðh., sem með þessi mál fer, ekki staddur í d., en ég hefði viljað beina því til hans, hvort hann gæti ekki lýst yfir því, að sérstakur maður yrði látinn hafa þetta eftirlit á hendi. Er full þörf á því, að þetta eftirlit sé framkvæmt af nákvæmni, því að sparisjóðirnir eru bæði margir og stórir, og 2—3 þeirra reka fullkomna útibússtarfsemi. Ég tel því ekki réttmætt, að eftirlitinu verði kippt í burtu.

Þá er annað atriði, að kostnaður við eftirlitið er með þessu frv. eingöngu lagður á ríkissjóð. Tel ég, að sparisjóðirnir geti greitt sjálfir fyrir eftirlitið, en ekki eftir þeirri reglu, sem hefur verið látin gilda, þ. e. eftir viðskiptaveltunni, því að það er ekki réttur mælikvarði. Hins vegar ætti að miða við innlánsupphæð, eða öllu frekar við nettóágóða.

Ég vildi aðeins skjóta þessu að, áður en gengið er til atkvæða.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Mér er kunnugt um og get lýst yfir því f. h. hæstv. ráðh., að ætlazt er til, að sérstökum manni verði falið eftirlit með sparisjóðunum. Fleira þarf ekki að taka fram út af ræðu hv. þm.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 660).

---

22. Friðun æðarfugls.

Á 48. fundi í Nd., 30. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um friðun æðarfugla (stjfrv., A. 320).

Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 320, n. 430).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Þetta frv. er mjög líkt því, sem var hér síðast á dagskrá (frv. til l. um eyðing svartbaks). Tilgangurinn er að vernda æðarvarp hér á landi eins vel og við verður komið. Ég vil aðeins sem ástæðu fyrir því leyfa mér að vísa til fylgirits þess, er liggur fyrir hv. þm., um æðarvarp og dúntekju á Íslandi, eftir Finn Guðmundsson, og óska eftir því að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Það er aðeins hert nokkuð á ákvæðunum um verndun þessa nytjafugls, til þess að auka þau hlunnindi, sem honum fylgja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 430 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um friðun æðarfugls.

Á 57. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 447).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 447, n. 648).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Þetta frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. og komið frá hæstv. landbrh. Þetta mál hefur gengið í gegnum hv. Nd., og tók það þar nauðalitlum breyt., aðeins orðabreyt. við fyrirsögn frv.

Allshn. þessarar d. hefur nú yfirfarið þetta frv., og eins og sjá má á nál. á þskj. 648, er n. sammála um að mæla með frv., þó að nokkur uggur sé í nm. yfirleitt um það, að sú breyt., sem í frv. felst frá eldri l., nái ekki tilgangi sínum. En breyt. er í því fólgin, að sektarákvæðin eru hækkuð. Er það ekki ósanngjarnt, þó að

sektir fyrir brot gegn þessum l. séu hækkaðar, miðað við það verðfall, sem orðið hefur á peningum síðan þessi l. voru sett 1913. Skal ég ekki fara nánar út í það. Hins vegar býst ég við, að einn hv. nm. muni e. t. v., þó kannske ekki við þessa umr., koma með brtt. um annað ákvæði frv.

Eins og ég hef þegar tekið fram, má heita, að hér sé um upprentun á l. að ræða frá 1913. Og sektir eru ákveðnar hér í þessu frv. frá 50 kr. upp í 1000 kr. Og þar sem hér er um að ræða innanhéraðsmál, og sektir eiga að renna að nokkru leyti til uppljóstursmanns og að nokkru leyti í sveitarsjóð, þá eru líkurnar ekki mjög sterkar fyrir því, að mjög verði hart gengið eftir sektum fyrir brot í þessu efni. En hins vegar verður að líta svo á, að með tilliti til verðlagsbreyt., þá sé ekki óeðlilegt, þótt sektir hækki eitthvað. — Sem sagt, n. mælir með frv. eins og það nú er.

Ingvar Pálmason: Ég hef skrifað undir þetta nál. fyrirvaralaust. Og það er af því, að ég tel, að þær breyt., sem í frv. eru, séu frekar meinlitlar, en þó, að ég hygg, gagnslausar. Eins og hv. frsm. tók fram, er aðalbreyt. hækkun sektarákvæðanna. Ég held, að það sé hreinn misskilningur að reyna að bjarga við lagaákvæðum á þann hátt, sem að einhverju leyti eru þannig vaxin, að borgarar landsins hafa tilhneigingu til þess að brjóta þau. Það hefur verið í l. um friðun æðarfugls, að hálfar sektirnar fyrir brot gegn þeim rynnu í sveitarsjóð, en hálfar til uppljóstursmanns. Og þetta hefur borið ákaflega lítinn árangur. Ég hygg, að það sé svo um slík l., sem töluverð tilhneiging er hjá mönnum til að hlýða ekki, þá sé nágrönnum þess manns, sem vitað er, að er brotlegur við þau l., ekkert metnaðarmál að leggja lið til þess að halda þeim l. uppi og taka fé fyrir. Þetta hef ég að athuga við breyt., þó að ég hins vegar sjái ekki neina ástæðu til að gera brtt. við þetta atriði frv.

En annað atriði í frv., sem ég tel mjög varhugavert, er í 2. gr. Það er um það, að greiða megi þeim mönnum, er varp hirða, borgun fyrir starf sitt í eggjum, ef þeir óska. Þetta tel ég varhugavert, sem er líklega af því, að ég hef aðra skoðun um þá rýrnun, sem komið hefur fram í æðarvarpi nú frá því, sem áður var. Ég álít stærstu orsök til þessarar hnignunar æðarvarps vera vanhirðu. Og eitt af því, sem undir það heyrir, er það að fara óvarlega með eggin. Það eru því miður fleiri orsakir en svartbakurinn til þess, að ekki koma ungar úr öllum eggjum. Það er með æðarvarp eins og annað, að það, sem tekið er af náttúrunni án þess að láta nokkuð í staðinn, er alltaf rányrkja. En það hefur verið svo og það hafa ýmsir fleiri en ég þá reynslu, að þar, sem æðarvarp hefur verið vel hirt, þar hefur það alltaf dafnað vel. Og þetta er ekkert undarlegt. Það byggist á því náttúrulögmáli, að öll rányrkja hefnir sín. Og ég hygg, að ef á að rétta við þennan atvinnuveg, sem líklegur er til að gefa mönnum miklar tekjur, þá sé ekki til annað ráð en að þeir, sem hafa aðstöðu til að hafa tekjur af þessum hlunnindum, þeir finni, að því aðeins geta þeir haft tekjur af þeim, að þeir hlúi eitthvað að náttúrunni í staðinn. Ég held, að það hafi opnazt augu manna fyrir þessu á ýmsum sviðum, svo sem með laxinn og silunginn. Þetta eru hlunnindi, sem hafa verið mikils virði og gengið úr sér. Menn hafa fundið, að úr þessu þyrfti að bæta. Ég hygg, að ef hér á að ráða bót á, þurfi framkvæmdirnar fyrst og fremst að koma frá þeim, sem nytjanna eiga að njóta. Lagaboð eru góð, en þau eiga að vera á þá lund, að þau séu aðeins til að styðja þá, sem rækta vilja þessi hlunnindi.

Það er hér á dagskránni næst á eftir mál, sem snertir þetta mál töluvert (frv. um eyðingu svartbaks). Ég ætla ekki að ræða það hér, en vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann í sambandi við umr. um það mál leyfi mér að fara nokkuð inn á tilgang þess frv., sem við höfum nú hér til meðferðar. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég fari að ræða sérstakar gr., heldur aðaltilgang frv.

Ég get látið þetta nægja, en vil geta þess, að ég tel ákvæði 2. gr. frv. eins og þau eru nú mjög varhugaverð að því leyti, sem hún heimilar að greiða mönnum fyrir að hirða varplönd með eggjum. Og ég geri ráð fyrir, að við 3. umr. komi ég með brtt. við þessa gr. Hefur mér helzt dottið í hug að hafa hana á þá leið, að aldrei megi taka egg úr hreiðri þannig, að ekki séu alltaf eftir 3 egg í hreiðri. Þegar ég var unglingur, var ég við varpland. Það var á harðindaárunum 1880—1890. Mér er það minnisstætt, að varpið gaf af sér sæmilegar tekjur. Það var hart í ári á þessum tíma. Gengið var í varpið annan hvern dag og eggin hirt til matar, en sú regla var höfð að skilja ætíð eftir 3 egg í hreiðri. Þegar byrjað var að ganga í varpið og ekki voru komin nema 1—2 egg, þá voru eggin merkt með blákrít, og svo var gert, þar til komin voru 3 egg í hreiður. Eftir það voru öll egg, sem við bættust, tekin. Og mér er nær að halda, að þetta varp hafi ekki rýrnað vonum fremur á þessum árum, þótt svona væri farið að. En það er víst, að það var hirt með mikilli nákvæmni og hlúð að hverju hreiðri. Ef á að leyfa eggjatöku, verða að vera einhverjar reglur um hana. Ég hef heyrt, að í seinni tíð séu menn hættir að merkja eggin og þau séu í stað þess skyggnd. Þetta er að sjálfsögðu hægt, en það leiðir af sjálfu sér, að það að taka hvert egg úr hreiðrinu, hlýtur að vera slæmt. Ég vil benda á, að mér finnst ákvæði frv. um það, að þessu fyrsta skilyrði fyrir viðhaldi og aukningu æðarvarpsins sé gætt, vera losaraleg. Ég tel því þörf á að breyta þessu og setja strangari reglur um eggjatökuna.

Það má segja, að það sé þarft mál að setja l. um friðun æðarvarps, en ég tel það þarfast í þessu efni að opna augu þeirra, sem tekjur hafa af þessum hlunnindum, fyrir því, að þeir þurfi ekki að hugsa til nytjanna af því í framtíðinni nema að rækta þær jafnhliða.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal vera fáorður um þetta frv. Ég geri ráð fyrir, að það komi fljótlega til umr. hér á eftir mál, sem snertir

þetta frv. og gefur mér ástæðu til að orðlengja meira um ýmis atriði frv.

Ég skal játa, að það er sjálfsagt og gott að hlynna sem bezt að æðarfuglinum. En þrátt fyrir góða umhirðu er ýmislegt, sem getur komið í veg fyrir aukningu æðarvarpsins. Við vitum, að mikið er undir því komið, að fuglinn sé ekki styggður, hvorki um varptímann eða á öðrum tímum, þegar hann er nálægt varplöndunum, því það ruglar mjög um það, hvar hann sezt upp. Ég held satt að segja, að hvergi sé meiri umhirða um varpið en á Breiðafirði. Þar hefur verið mesta dúntekja á landinu og þar var fyrst byrjað að verka dúninn. Þar er farið gætilega að fuglinum og reynt að hlynna að honum, enda leitar fuglinn þar víða í eyjunum heim til húsanna og upp undir húsveggina. Virðist fuglinn telja sig hafa þar mest öryggi. Getur verið, að það stafi af því, að hinn fiðraði vargur ásæki hann þar minna en í útskerjum. (**SÁÓ**: Hver er hinn ófiðraði vargur?) Hann getur margur verið. Ég get sagt, að það geti verið bæði menn og kvikindi. — Einhver skemmtilegasta atvinna er að hirða æðarvarp. Þar er ekki verið að drepa eða hrjá skepnurnar. Þar er aðeins um það að ræða að hlynna sem bezt að þeim og vernda þær fyrir ásókn vargfugla og annars, sem ásækir þær; með því fæst beztur arður af þessari atvinnugrein. Og það hefur verið drjúgt, sem landið hefur fengið fyrir afurðir þær, sem fuglinn hefur gefið af sér. En því miður hefur varpið farið minnkandi að undanförnu af einhverjum ástæðum. Við Breiðafjörð hefur varpið fengið sömu umhirðu og áður, og eiga því ummæli hv. 2. þm. S.-M. ekki þar við. Hér kemur eitthvað annað til greina, sem þarf að stöðva. Ég tel í þessu sambandi sjálfsagt að gera þær ráðstafanir, sem í frv. felast, að herða á sektunum og gera þær ráðstafanir, sem næsta frv. á dagskránni í dag gerir ráð fyrir. Ég tel rétt að hlynna sem bezt að æðarfuglinum og refsa þeim, sem brjóta þá löggjöf, sem verndar hann, og reyna að útrýma þeim vargfuglum, sem áreita hann. Ég get nefnt dæmi þess frá Breiðafjarðareyjum, að í einni eyju, þar sem talsvert varp er og umhirða góð, hafa ekki í hitteðfyrra komizt á legg nema 2 ungar og í annarri eyju ekki nema 1 ungi, að því er séð varð, og getur hver séð, sem opin hefur augun, að hér er um eitthvað annað að ræða en vanhirðu á varpinu.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)**: Mér eru umr. um þetta frv. nokkurt undrunarefni, þar sem engin brtt. liggur fyrir, sem dregur úr gildi frv. Ég get hins vegar skilið afstöðu hv. 2. þm. S.-M., enda þótt ég byggist ekki við hans rökstuðningi við þessa umr. Það, sem raunverulega er deilt um, er eggjatakan. Ég gat þess í minni framsögu, að breyt. á 1. samkv. frv. væri lítil að öðru leyti en hækkun sektanna. Nú vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lofa hv. þm. að heyra, hvernig 2. gr. l. frá 1913 er orðuð:

„Enginn má selja eða kaupa æðaregg, né á nokkurn hátt af hendi láta til annarra utan heimilis síns, nema eggskurn til vísindalegra þarfa. Greiða má þó varpeigandi þeim mönnum, er varp hirða, borgun fyrir starf sitt með eggjum, ef þeir óska. Ekki má heldur selja eða kaupa dauða æðarfugla, né hluta af þeim. Brot gegn þessu varða 5 króna sekt, sem tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins, allt að 200 krónum.“

Hér er ekki um neina efnisbreyt. að ræða í þessu frv. frá því, sem segir í l. frá 1913. Nú er spurningin, hvort þetta ákvæði hefur orðið æðarvarpinu til tjóns. Um það er ég ekki dómbær. En ég hef ekki heyrt, að menn teldu rétt að takmarka svo mjög eggjatökuna frekar en l. gera ráð fyrir. Þetta virðist vera skoðun þeirra, sem samið hafa þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég held þess vegna, að hér sé verið að ræða um keisarans skegg, þegar deilt er um þetta atriði. Og hver getur haft eftirlit með, að ekki séu framin lögbrot í þessu efni?

Ég vildi aðeins láta það koma fram, að ég get ekki skilið þessar miklu umr. um frv., þar sem í raun og veru liggja ekki fyrir neinar brtt. við frv. og ekki eru líkur til, að þær muni koma fram nema frá hv. 2. þm. S.-M., sem vill takmarka eggjatökuna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 28. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 447, 664).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Of skammt var og liðið frá útbýtingu brtt. 664. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Samkv. því, sem ég lýsti við 2. umr., hef ég borið fram brtt. á þskj. 664. Brtt. skýrir sig sjálf, en hún fjallar um að fella niður heimildina til varpeigenda að greiða þeim mönnum, er varp hirða, borgun fyrir starf sitt í eggjum, ef þeir óska. Tel ég rétt að reyna á þegnskap þeirra manna, er mest eiga í húfi um æðarfuglaræktina, að ræna ekki eggjunum. Ég geri ráð fyrir, að þessi brtt. fái fylgi hv. deildar, og hirði ekki um að fjölyrða um till. frekar, nema sérstakt tilefni gefist.

ATKVGR.
Brtt. 664 samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PZ, BSt, BSn, HermJ, IngP, JJ, E-Árna.
nei: SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, ErlÞ.
BrB, MJ greiddu ekki atkv.
2 þm. (JJós, MG) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., 4. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 672).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 681).

23. Gjaldeyrisverzlun o. fl. (viðauki við l. 73/1937).

Á 1. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Nú síðan Alþingi var seinast saman komið, hefur gjaldeyrisástandið tekið miklum stakkaskiptum, og þetta frv. er einhver gleggsti votturinn um það. Um mánaðamót júní og júlí s. l. var það, sem gjaldeyrisástæður bankanna fóru að taka mjög miklum breytingum, og þó meiri er á leið. Þróunin varð örari og örari með hverjum mánuði, sem leið, til ársloka. Aðalástæðurnar voru tvær: gífurlega hækkandi verð á ísfiski og innflutningur enskra peninga í sambandi við veru setuliðsins hér á landi.

Eins og allir kannast við, er gert ráð fyrir, að gengi íslenzkrar krónu sé haldið stöðugu samkv. l. um þessi efni frá síðasta þingi. Til þess að það mætti verða, hafa bankarnir keypt allan þann erlendan gjaldeyri, sem þeim var boðinn, enda er skylt að afhenda þeim allan gjaldeyri, sem inn er fluttur. Nú, þegar aðstreymi gjaldeyrisins fór svo ört vaxandi, tóku menn að íhuga vandkvæði, sem af því leiddi. Bæði er það, að litlar tekjur fást af því fé, sem nú er geymt erlendis, meðan ísl. bankarnir verða að greiða vexti af gjaldeyri þeim, sem þeir hafa keypt, og í annan stað fá útflytjendur og fleiri hér svo mikla peninga í hendur frá bönkunum, að af því leiðir sívaxandi peningaumferð, sem farin er að hafa mjög misheppileg áhrif á verðlag og önnur viðskipti.

Ef bankarnir hættu að kaupa nema nokkurn hluta boðins gjaldeyris, en létu hitt frjálst, er ekki vafi á því, að sá hlutinn, sem þeir keyptu ekki, yrði nú boðinn með lægra verði. Bankarnir gætu ekki ráðið við það, hvort röskunin á genginu yrði þá mikil eða lítil, og afleiðingarnar yrðu ófyrirsjáanlegar, ef gjaldeyrisverzluninni væri sleppt lausri á þann hátt.

Því var horfið að þessu ráði, sem felst í frv., er hér liggur fyrir. Málið hafði áður verið rækilega íhugað af bönkum og ríkisstj. og milliþn. þeirri, sem sett hefur verið til að fjalla um gjaldeyrislöggjöfina yfirleitt. Gert er ráð fyrir, að bankarnir skuli undanþegnir því að kaupa nema nokkurn hluta þess gjaldeyris, sem fram er boðinn, en þá verða að fylgja ákvæði um, að hinn hlutinn skuli ekki verða í frjálsri umferð, heldur lagður inn í lokaða reikninga, sem séu í vörzlu bankanna. Það er sjálfsagt mál, að bankarnir verða að kaupa þann hluta gjaldeyrisins, sem þarf til framleiðslukostnaðar innan lands. Er hér því aðeins um það að ræða, að sá gróði, eða verulegur hluti þess gróða, sem á útflutningsvörum kann að verða, skuli settur í hina lokuðu biðreikninga. Í reglugerð, sem enn er eftir að setja um þetta efni, en verður að koma innan skamms, þarf að taka fram, hvernig og í hvaða röð menn geti aftur fengið lausan gjaldeyrinn eða innleignirnar á biðreikningunum. Í sambandi við framkvæmd þessara laga eru mjög mörg vandamál, sem að vísu er ástæðulaust að tala um við þessa umr., en hljóta að koma til athugunar í nefnd. Enn þá hafa þessi bráðabirgðal. ekki komið til framkvæmda að öðru leyti en því, að settar hafa verið reglur um gjaldeyri fyrir ísfisk, og hefur þó fram að þessu verið keyptur viðstöðulaust allur gjaldeyrir, sem fyrir ísfiskinn hefur fengizt. Reglur þessar eru nú komnar fyrir almannasjónir í dagblöðum, þótt þær eigi eftir að birtast í Lögbirtingabl. Um öll önnur atriði l. er eftir að setja reglugerðarákvæði. Um þau efni og öll önnur í sambandi við þetta mál óskar ríkisstj. að verða í samráði við þá n., sem um málið mun fjalla, og aðra, sem hlut eiga að máli.

Ég sé ekki ástæðu til lengri framsögu að sinni, þótt málið sé stórt og nokkuð sérstakt í sinni röð, vegna ástandsins. Ég geri ráð fyrir, að umr. fari aðallega fram, eftir að n. hefur kynnt sér málið og einstakir þm. athugað betur en nú. Ég vil mælast til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 9, 70, n. 95).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv. á þskj. 9 er stjfrv. til staðfestingar bráðabirgðal., sem gefin voru út hinn 26. jan. síðastl.

Eins og nál. á þskj. 95 ber með sér, hefur fjhn. haft þetta frv. til meðferðar, og leggur hún til, að það verði samþ. með lítilli breytingu, en hún er sú, að 3. gr. verði orðuð þannig: „Með reglugerð er heimilt að ákveða, að óheimilt sé að selja eða veðsetja innstæður á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, svo og að setja nánari reglur um, hvernig innstæðunum megi ráðstafa.“ Hefur komið í ljós, að þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja, að löggjöfin komi að tilætluðum notum.

Ég skal geta þess í sambandi við brtt. á þskj. 70, að meiri hl. fjhn. taldi sér ekki fært að mæla með því, að hún yrði samþ. N. telur ekki ástæðu til að setja þetta ákvæði í l., þar sem gera verður ráð fyrir, að n. sú, sem ríkisstj. á að skipa samkvæmt 2. gr. l., og hefur þegar verið skipuð, taki tillit til þarfa útvegsins í þessu efni, en í þeirri n. eru fulltrúar frá Landsbankanum og útvegsmönnum.

Ég mun svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en mæli með því, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem fjhn. leggur til á þskj. 95.

*Sigurður Kristjánsson: Herra forseti! Ég á brtt. við frv. á þskj. 70, og þar sem mér hefur borizt til eyrna, að nokkur ágreiningur sé um hana, tel ég ekki tímabært að láta hana koma til atkv. nú. Tek ég hana því hér með aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 70 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 95 (ný 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 29., 30. og 36. fundi í Nd., 2., 3. og 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 117, 70).

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Þessi brtt., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að slegið verði föstu í l., að jafnan skuli kaupa af mönnum pund, til þess að þeir geti greitt upp stofnlán til útgerðarfyrirtækja, er þau hafa tekið fyrir árslok 1940. Nú vildi ég benda á, að ég tel hvorki heppilegt né æskilegt að taka ákvæði um þetta upp í þessi l., sérstaklega ekki jafnskilyrðislaust og gert er með till. Skal ég skýra þetta nánar.

Í frv. eins og það nú liggur fyrir er það lagt í vald gjaldeyriskaupanefndar að ákveða, hversu mikill hluti af útflutningsandvirði bankarnir skuli kaupa í hverri ferð og hversu mikið skuli lagt á lokaðan reikning. Meginreglan, sem n. starfar eftir, er sú, að keypt séu pund sem svarar ríflegum kostnaði við framleiðslu þeirra vara, sem út eru sendar, og að eitthvað sé ætlað fyrir eðlilegum ágóða af framleiðslunni. Nú er gert ráð fyrir, að undir vissum kringumstæðum sé eðlilegt, að n. gangi lengra í þessu efni heldur en meginreglan gerir ráð fyrir. Í 2. gr. bráðabirgðal. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. setji starfsreglur. Þessar reglur eru nú í undirbúningi, og í þeim verður það áreiðanlega tekið fram, að n. sé heimilt undir vissum kringumstæðum að láta sérstök pund með nánar tilteknum hætti. Þar verður t. d. til athugunar, hvort eigi að leyfa sérstaka undanþágu vegna skipakaupa og véla í skip o. fl., sem kemur þar til greina. En þetta er allt hliðstætt eldri stofnskuldum. Ég teldi það þess vegna ekki heppilegt að taka það atriði út úr og setja inn í l., heldur sé þetta eitt af þeim atriðum, sem sérstaklega verður tekið til athugunar við samningu þessara starfsreglna. Það leiðir af þessu, að ég get ekki lagt til, að þessi till. verði samþ. Ég mun hins vegar beita mér fyrir því, að í starfsreglum n. verði leyfðar afborganir á stofnlánum. Ég vildi jafnframt sem ég lýsti þessu yfir fara fram á það við flm. brtt., að hann sæi sér fært að taka hana aftur.

*Sigurður Kristjánsson: Hæstv. viðskmrh. hefur lýst sínu sjónarmiði gagnvart brtt. minni á þskj. 70.

Áður en ég vík að tilmælum hans um að taka till. aftur, vildi ég endurtaka nokkur af þeim rökum, sem ég hef áður fært fyrir þessu máli.

Það er kunnugt, að fyrstu mánuði stríðsins sigldi fjöldi hinna stærri skipa með fisk til Englands. Þetta voru togarar og nokkur skip önnur, sem voru fær til ferðanna strax í stríðsbyrjun. Þessi skip fengu andvirði aflans yfirfærðan jafnóðum. Á þennan hátt varð þeim fært að greiða eldri skuldir og losa fyrirtækin undan þeirri miklu klemmu, sem þau voru í vegna skulda, og losa þau við miklar vaxtagreiðslur. Þau skip hins vegar, sem tæplega voru fær til þess að sigla fyrr en að lokinni viðgerð og breytingum, komust ekki í flutningana fyrr en svo seint, að l. um bindingu pundanna í Englandi skullu á um það bil, er þessi skip byrjuðu siglingar. Af þessu leiddi, að þau urðu að eignast geymdu pundin í stað þess að greiða skuldir sínar. Nú hvíla þessar skuldir þungt á skipunum. Þetta er yfirleitt smærri útvegurinn, sem hefur orðið svona hart úti. Og það versta er það, að skuldirnar eru flestar kræfar, hvenær sem vera skal. Eins og ég sagði, eru þetta yfirleitt smærri skipin. Skuldirnar eru því tiltölulega litlar í heild, miðað við pundainnieignina í Englandi, en þetta er tiltölulega mikið hjá hverju skipi.

Ég vildi rifja þetta upp til þess að sýna hv. þm. fram á, að þessi till. mín er í raun og veru sanngjörn. Nú hefur hæstv. viðskmrh. líka tekið undir það, að þörf sé á að bæta fyrir þessum mönnum, en hins vegar telur hann erfiðleika á því að samþ. mína till., vegna þess að hún sé of ótakmörkuð. Ég vil nú ekki halda þessari till. til streitu svo mjög, að ég stofni með því til vandræða. Að sönnu er það mín skoðun, að svo mundi ekki verða, þótt mín till. væri samþ. En þar eð hæstv. viðskmrh. hefur nú lýst yfir, að á bak við till. liggi fullkomin nauðsyn og sanngirni, sem hann vilji greiða fyrir, að verði bætt úr, þá mun ég sýna það, að mér er þetta mál meira kappsmál en svo, að ég láti mig svo mjög skipta þá formlegu hlið þess. Ég vil þess vegna taka till. aftur í trausti þess, að hæstv. ráðh. sjái svo til, að efni till. verði ekki aðeins pappírsgagn eitt, heldur verði þetta framkvæmt þannig, að verulegt gagn verði að fyrir útgerðina.

ATKVGR.
Brtt. 70 tekin aftur.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 45. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Ég beið andartak eftir því, hvort nokkur framsaga yrði höfð í þessu máli. Þar sem það varð ekki, vildi ég koma að nokkrum orðum og kysi, að ráðherra sá, sem fer með bankamál, væri viðstadd-

ur. Sé hann hér ekki, gæti ég frestað því, ef hæstv. forseti leyfir við 2. umr., að rædd séu hin almennu atriði, sem ég hugðist að ræða nú. (**Forseti:** Það mun verða leyft.)

Til athugunar fyrir hv. fjhn., sem væntanlega fær málið til athugunar, vildi ég aðeins minna á þörf, sem ég tel á að sýna einhverja linkind í framkvæmd l., að því er snertir hin bundnu sterlingspund, sem frv. fjallar m. a. um. Ég vildi, að ábending frá Alþingi kæmi fram í þá átt, að ekki yrði fylgt til hins ýtrasta strangleik laganna um þennan gjaldeyri með þeim afleiðingum, að það hindraði, að nauðsynlegir hlutir, t. d. skip, fengjust til landsins fyrir þann gjaldeyri, sem til er á hverjum tíma. Ég væri þakklátur, ef ég fengi að ræða milli umr. við n. um dæmi, sem komið hafa fyrir, síðan þessi lög voru sett, mjög bagaleg dæmi, sem geta endurtekizt. En þau eru sum þess eðlis, að e. t. v. er ekki rétt að tala um þau í þingræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 10. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 117, n. 410).

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Fjhn. hefur athugað þetta frv., og m. a. hefur hún rætt það við hæstv. viðskmrh. og hv. þm. Vestm., og var það samkv. beiðni, sem hv. þm. Vestm. bar hér fram við 1. umr. þessa máls.

Ég sé ekki ástæðu til þess að skýra frá því, sem þar fór fram, vegna þess að ég býst við, að það komi hér fram frá öðrum.

Þetta frv. hefur gengið í gegnum Nd. og var lagt fyrir þingið til staðfestingar á bráðabirgðal., sem gefin voru út 26. jan. síðastl. Þau eru eins og kunnugt er um það, að erlendur gjaldeyrir, sem menn eignast í útlöndum, megi liggja þar inni á biðreikning á ábyrgð eigandans. — Ástæðan fyrir því, að þessi bráðabirgðal. voru gefin út, var auðvitað sú, eins og öllum er kunnugt fyrir löngu, að vegna „þess sérstaka ástands", eins og það er orðað, sem verið hefur í viðskiptamálum okkar að undanförnu, þá var framboðið á erlendum gjaldeyri miklu meira en eftirspurnin. Framan af keyptu bankarnir allan þennan erlenda gjaldeyri og greiddu andvirði hans í íslenzkum kr., en þeir töldu sér hættulegt að halda þessu áfram í það endalausa, og þess vegna var þessi takmörkun sett með bráðabirgðal.

Frv. tók í Nd. lítils háttar breytingum frá því, sem bráðabirgðal. hafa hljóðað, þannig að 3. gr. bráðabirgðal. var gerð þar nokkuð nákvæmari en hún hefur verið upprunalega.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta, en það er till. fjhn. til hv. deildar, að hún samþykki frv. óbreytt eins og það liggur fyrir.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í tilefni af þeim viðræðum, sem áttu sér stað í hv. fjhn. þessarar deildar samkv. ósk hv. þm. Vestm., þá vil ég láta þess getið, að svo hefur um samizt, að ákvæði munu verða sett um það, að eigendur bundinna punda megi nota þau til að kaupa skip handa sjálfum sér og vélar í skip sín.

***Jóhann Jósefsson:** Eins og kom fram í ræðum hæstv. viðskmrh. og hv. frsm., þá mæltist ég til þess við 1. umr. þessa máls að mega tala við n. og ráðh. áður en málið færi gegnum deildina að öllu leyti.

Ég þakka hv. n. fyrir að hafa veitt mér þetta tækifæri og hæstv. ráðh. fyrir að hafa hafið máls á því, sem ég fór sérstaklega fram á, sem var það, sem hæstv. ráðh. minntist á, að sett yrði inn í bréf þeirrar n., sem hefur yfirumsjón á þessum gjaldeyri, að eigendur frosinna pundainnistæðna mættu nota af þessum innistæðum til þess að kaupa skip og vélar í skip, ef svo bæri til, að þeir ættu kost á því, skip, sem þeir ætluðu sjálfir til eigin afnota.

Mér þykir talsvert betra, að þessu hefur nú verið lýst yfir af hæstv. viðskmrh., en að öðru leyti vil ég segja það um málið, að þrátt fyrir það, að ekki séu gefin jafnskilyrðislaus loforð um aðrar nauðsynjavörur eins og hér var gert að því leyti, er skip og vélar snertir, þá vil ég vænta þess, að þegar fram líða stundir, verði af hálfu ráðh. og gjaldeyriskaupan. gert allt, sem unnt er, til að greiða fyrir því, að landsmenn, hverjir sem eru, geti notað innistæður í Bretlandi, beint eða óbeint, til þess að landið eða þjóðin fái sem mest af fötum eða hagnýtum efnum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en ég þykist viss um, að hv. dm. séu á þeirri skoðun, að þetta sé þjóðarnauðsyn, að hinar miklu pundaeignir, sem nú hafa safnazt fyrir eða kunna að safnast fyrir á ókomnum tímum í Englandi, verði þjóðinni á þennan hátt til gagns. Náttúrlega vonar maður einnig, að það, sem kann að standa á biðreikning, verði ekki með öllu ónýtt, þó að margir beri mikinn ugg í brjósti um það, að upphæðir af þessu tagi, sem safnast saman á tímum eins og nú standa yfir, þær séu ótraust eign.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, hef drepið á það áður í sambandi við annað mál og vil því ekki lengja hér umr.

Það má segja, að hér sé um óviðráðanlegar ástæður að ræða, sem allir landsmenn, með ríkisstj. að forystu, verða að reyna að gera eins bærilegar fyrir þjóðina og unnt er og menn hafa bezt vit á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 5. júní, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 685).

24. Fjáraukalög 1939.

Á deildafundum 23. maí var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1939 (stjfrv., A. 605).

Á 19. fundi í Sþ., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég vænti þess, að málinu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 25 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 6. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 605, n. 670).

***Frsm. (Helgi Jónasson):** Herra forseti! Fjvn. hefur athugað frv. þetta og borið það saman við ríkisreikninginn og fjárl. fyrir árið 1939 og fundið þrjár smávægilegar reikningsskekkjur. Í fyrsta lagi í 6. gr. A, 6. lið c. Er þessi 6. liður um skrifstofukostnað tollstjórans í Reykjavík, og er c-liður hans talinn kr. 21646.68, sem er of há tala í frv. Í öðru lagi er skekkja í 6. gr. A,21, þar sem munar mjög litlu, eða 11 aurum. Í þriðja lagi er skekkja í 9. gr. B. IV, sem er mest af þeim þremur skekkjum, sem n. fann við frv., þar sem munar rúmlega 30 þús. kr.

Samkv. þessu hefur fjvn. borið fram brtt. í nál. sínu um leiðréttingar á þessum villum í frv. En hv. þm. eru beðnir að athuga það, að í 2. brtt. n. er prentvilla, þar sem stendur „6. gr. A. 22“, en á að vera: 6. gr. A. 21.

Aðrar skekkjur fann fjvn. ekki og leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem sjá má á nál. á þskj. 670.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég hef athugað þessar breyt. hv. fjvn., og eru þær réttmætar. Skekkjurnar stafa af prentvillum af mislestri, annaðhvort við samningu frv. eða samanburð á annan hátt, og þetta eru því aðeins leiðréttingar, sem hér er um að ræða í brtt. hv. fjvn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25:1 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 670,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 670,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 670,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 9. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 699).

Jón Pálmason: Ég var ekki viðstaddur, þegar þetta mál var til 2. umr. Ég sé, að það hafa slæðzt tvær töluskekkjur inn, sem mér er óhætt að fullyrða að hafa ekki farið fram hjá þeim, sem skoðuðu þetta, heldur komið inn við prentun. Ég vil aðeins taka þetta fram, án þess að ég ætli hér nokkuð að fara að ræða fjáraukalögin.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 712).

25. Bifreiðaskattur o. fl.

Á 2. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (stjfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Eins og hv. þm. sjá af aths. við frv., er það fram komið fyrir þá sök, að ekki er gert ráð fyrir, að framlengd verði l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, sem nú eru í gildi og gilda næsta ár, en þar sem óvíst er, að þau verði borin fram til endurnýjunar, er einnig vafasamt, að notuð verði sú heimild, sem í þeim felst. Er því með frv. lagt til, að tekið verði 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra benzíns frá og með 1. janúar 1942 að telja, auk þeirra 4 aura, sem taka skal samkvæmt l. frá 6. júlí 1932. Það gæti verið álitamál, hvort láta ætti l. fá gildi nú þegar eða 1. janúar 1942, og getur hv. n. tekið það til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 20. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 7, n. 525, 567).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv. var lagt fyrir Alþ. af hæstv. ríkisstj. og er um það, að auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal skv. l. frá 1932 og var ekki nema 4 aurar af hverjum lítra, skuli innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá næstu áramótum að telja. Með þessu fer ríkisstj. fram á, að þau lagafyrirmæli, sem hafa gilt undanfarin ár, skuli vera í gildi áfram. Þessi lagaákvæði hafa verið í l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, og gilda þau til næstu áramóta. En gert er ráð fyrir, að þau l. verði ekki framlengd á

þessu þingi, og því er þetta frv. um benzínskattinn flutt sérstaklega. Fjhn. hefur athugað frv., og er álit hennar prentað á þskj. 525. Leggur n. til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt. Í fyrsta lagi, að l. gildi aðeins um 2 ára skeið, fyrir árin 1942 og 1943. Þá vill n. gera það að till. sinni, að í l. verði sett sérstök fyrirmæli um ráðstöfun á þessu aukainnflutningsgjaldi af benzíni, shlj. þeim ákvæðum, sem hafa verið í gildi undanfarið. Skal ⅘ hlutum af þessum tekjum, sem fást eftir frv., verja til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, en ⅕ hluta skal verja til brúargerða, og er það shlj. því, sem nú er í l. fyrir yfirstandandi ár, er samþ. voru á síðasta þingi. Þá er það tekið fram eins og í eldri l., að meðan ekki er fært að flytja inn efni til brúagerða, þá skuli geyma þetta fé, þar til hægt verður að hefja framkvæmdir síðar. Að lokum er það tekið fram, að það fé, sem skv. frv. á að verja til vegagerða og sérstaklega er ráðstafað í fjárl., þ. e. a. s. það, sem kann að vera umfram það, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárl., skuli lagt í sérstakan sjóð, er varið verður til lagningar Suðurlandsbrautarinnar á árunum 1943 og 1944. Þetta eru sams konar fyrirmæli og nú eru í l.

Eins og nál. ber með sér, þá vildi einn nm., hv. þm. A.-Húnv., samþ. frv. óbreytt frá því, sem það kom frá ríkisstj.

Nú á þessum fundi hefur verið útbýtt brtt. á þskj. 567, frá hæstv. fjmrh., og er hún þess efnis, að það fé, sem varið verður til lagningar Suðurlandsbrautarinnar skv. síðustu málsgr. í 2. brtt. n., skuli þó ekki vera meira en 100 þús. kr. hvort árið, en verði umframtekjur meiri, skuli þær skiptast niður á hina ýmsu vegi, sem ákveðið er í fjárl., að tekjurnar renni til.

Vegna þess, að þessari brtt. var fyrst útbýtt nú á þessum fundi, hefur fjhn. ekki haft aðstöðu til að taka hana til athugunar, og get ég því ekki sagt um álit einstakra manna í n. á henni.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég hef nú átt tal við hv. n. um þetta frv., og það liggur að sjálfsögðu í hlutarins eðli, að það verður að skera úr því með atkvgr., hvernig þingið vill haga þessu. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að heppilegast sé, að þessu sé hagað eins og frv. gerir ráð fyrir.

Það er í raun og veru dæmi, sem er deginum ljósara, hvernig það getur farið, þegar Alþingi er að ráðstafa að meira eða minna leyti óvissum tekjum ríkissjóðs, binda þær m. a. með lögum án þess að vita, hvað tekjurnar verða miklar. Við höfum dæmi fyrir okkur, t. d. um tóbakseinkasölulögin, sem kveða svo á, að allan ágóðann af tóbakseinkasölunni skuli leggja í tvo tiltekna sjóði. Það er vitað, að fyrir Alþingi vakti það á sínum tíma, að þessar tekjur yrðu takmörkuð upphæð, eða um 200 þús. kr. á ári, og með tilliti til þess var þessu svo ráðstafað. Á síðasta ári urðu þessar tekjur hvorki meira né minna en á 15. hundrað þús. kr. Það kemur á daginn, að engum þm. dettur í hug að láta þetta gamla ákvæði einkasölul. vera í gildi áfram.

Mjög svipað getur farið um þetta. Vegamálastjóri sagði mér t. d. nú, að það væri enginn vafi á því, að benzínskatturinn færi á þessu ári meira fram úr áætlun en ráð var gert fyrir. Það er fyrir fram ákveðið, að þetta skuli lagt í sjóðinn, án tillits til þess, hver tekjuþörf ríkissjóðs kann að vera til annarra hluta, en þá á að binda fyrir fram óákveðna upphæð, að hún skuli leggjast í sjóðinn.

Ef á að binda þetta í því augnamiði að leggja það til vegagerða, þá er það í samræmi við vegamálastjóra, að ég ber fram þessa brtt. á þskj. 567, að ekki sé tekinn einn einasti vegur út úr og látinn njóta þess, sem rás viðburðanna kann að valda, hver afgangurinn verður, heldur jafna þessu niður á aðra vegi, að minnsta kosti að einhverju leyti. Og þó að því skuli ekki mótmælt, að ýmsir hv. þm. líta svo á, að það sé mikil nauðsyn á því að koma þeirri vegagerð áfram, sem hér er um að ræða í sambandi við þessa sjóðmyndun, sem sé Suðurlandsbrautinni, þá er ekki nokkur vafi á því, að ýmsar vegagerðir á landinu eru ekki síður aðkallandi en sú braut, sérstaklega nú, eftir að búið er að koma á tvöföldu vegasambandi milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Þess ber einnig að gæta, að þetta er geysimikið verk, sem þarna er fyrir höndum, og engar líkur til þess, að því verði lokið svo að það komi að gagni á næstu árum. Vegamálastjóri fullyrti við mig, að það, sem ógert sé í þessari vegalagningu, það muni nema ekki undir 2 millj. kr., og ég gæti hugsað mér, að ýmsum hv. þm. þætti hart að gengið, ef ætti vegna svo óvissra umbóta á þessum vegi að stöðva eða gera minna af framkvæmdum annars staðar.

En þetta er nú ekki mín afstaða í þessu máli. Ég álít, að þingið eigi að treysta sjálfu sér til þess að ráðstafa tekjum ríkissjóðs árlega eftir því, sem bezt hentar þörf landsins, og að það sé fráleitt af þinginu sjálfu að binda sínar eigin hendur um það, hvernig megi ráðstafa tekjum, sem það og enginn annar á að hafa til ráðstöfunar. Það er ekkert eðlilegra en að þingið geri á hverjum tíma ráðstafanir, eins og það hefur gert, bæði til þessara hluta og annarra, eftir því sem þörfin þykir mest kalla að. Og reynsla hefur fengizt fyrir því, að ef ríkið bindur fé fram í framtíðina, þá hlýtur að reka að því, að slík löggjöf er bundin og ríkisstjórnin fyrirskipar að fella niður ýmiss konar greiðslur, og ég er ekki í vafa um, að eins mundi fara innan skamms, ef till. n. yrðu samþ. Þetta á við bæði um framlag til brúagerða og framlag til Suðurlandsbrautarinnar, og yfirleitt allar slíkar fyrirframákvarðanir, sem hljóta að vera gerðar meira og minna blindandi.

Ég skal þó í sjálfu sér hvað viðvíkur brúasjóðnum viðurkenna, að það stendur nokkuð sérstaklega á með hann, vegna þess að benzínskatturinn var hækkaður um 1 eyri á síðasta þingi, og var ákveðið, að þessum auknu tekjum skyldi varið til nýrra brúa. Þess vegna hef ég látið það í ljós við hv. n., að ég teldi það í sjálfu sér skiljanlegt, að þingið vildi halda sér við það, en annars gildir hið sama um það og aðrar slíkar ráðstafanir, enda greiddi ég atkv.

á móti því á síðasta þingi. En ef fara á út í það að binda þessar tekjur með nokkrum hætti, þá tel ég, eins og ég hef áður sagt, að það yrði heppilegast að gera það með þeim hætti, sem farið er fram á á þskj. 567, að sá afgangur, sem mundi verða, kæmi þá fleirum til góða en þessum eina vegi, og ekki síður fyrir þá sök, hverju hér er í rauninni á glæ kastað í bili, þar sem ekki er sýnilegt, að það komi að gagni á næstunni. Hins vegar er víðsvegar á landinu beðið eftir nauðsynlegum vegagerðum, sem hægt er að koma áleiðis með miklu meiri árangri fyrir líðandi stund en þessi vegagerð mundi hafa.

*Jón Pálmason: Eins og tekið er fram í nál. fjhn. á þskj. 525 og frsm. vék að, þá lít ég þannig á þetta mál, að réttast væri að samþ. frv. eins og það kom frá stjórninni. Þetta stafar ekki af því, að það sé nein andstæða eða óvinátta frá minni hendi til þeirra framkvæmda, sem um er að ræða í brtt. n., heldur hitt, að ég er á sömu skoðun og kom í ljós hjá hæstv. fjmrh., að það sé mjög óviðeigandi, þegar Alþingi er að binda tekjur ríkisins þannig, að þetta skuli ganga í þetta verkið og hitt í hitt o. s. frv. Ég lít þannig á, að það eigi að vera á valdi Alþingis að ráða á hverjum tíma, hvernig því fé sé varið, sem inn kemur með sköttum og tollum, sem ríkið hefur tekjur af.

Hvað sérstaklega snertir þetta mál, þá hef ég kynnzt því árum saman í sambandi við starfsemi mína í fjhn., hvað þetta er óheppilegt að vera að skipta þeirri fjárveitingu, sem til vegagerða þarf, í tvennt og jafnvel til margra sömu vega og vera að setja það inn í fjárl., að þetta skuli borga af benzínskattinum til þessarar brautar og hitt til hinnar.

Viðvíkjandi því, hvort það sé svo sérstaklega nauðsynlegt að leggja til hliðar einn eyri af þessum skatti til þess að byggja fyrir það brýr, þá er hið sama að segja um það, að ef ríkissjóður sér sér fært að byggja brýr áfram, þá er sjálfsagt að fylgja því, eftir því, sem fjhn. telur á hverjum tíma réttmætt og eðlilegt. En að binda tekjur ríkissjóðs á þennan hátt, það er ákaflega óviðfelldið, og hefur verið farið inn á þær brautir í þeim tilgangi að gera hina ýmsu skatta, sem á eru lagðir, vinsælli en ella, að ákveða, að þetta skuli renna í þennan staðinn og hitt í hinn, en það er ekki tekið með í reikninginn, hvað ríkið þarf til þess að halda uppi þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegar eru.

Ég sé svo ekki ástæðu til að tala frekar um þetta mál. Það er ekki það kappsmál frá minni hálfu, að ég sjái ástæðu til þess að þreyta neinar kappræður um það. En þetta er sjónarmið, sem ég hef ekki einungis nú, heldur hef haft á undanförnum árum, og ég get ekki fallið frá fyrir þeim rökum, sem ég hef hingað til heyrt, hvorki hvað snertir þetta mál né ýmis önnur, sem svipað stendur á með.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Á síðasta þingi var það ákveðið í sérstökum lögum, að einn eyrir af benzínskattinum skyldi lagður til hliðar til brúagerða. Ég fylgdi þá þessu máli, vegna þess að reynslan hefur verið sú, að það hefur verið mjög erfitt að fá fjárveitingu til hinna stærri og kostnaðarsamari brúa, vegna þess hvað ásóknin hefur verið mikil um byggingu hinna smærri brúa. Þess vegna var mjög erfitt að koma stærri fjárveitingu í þessu skyni inn í fjárlögin. Út frá þessu sjónarmiði var sett fram till. um það að stofna sérstakan brúasjóð, sem ekki varð að sérstökum lögum, en í þess stað var ákveðið, að einn eyrir af benzínskattinum skyldi lagður til hliðar til þessara framkvæmda.

Ég er hv. n. þakklátur fyrir það, að meiri hl. hennar, eða 4 af 5 nm., hefur lagt til, að þessu yrði haldið áfram eins og ákveðið var með l. í fyrra. Það væri náttúrlega ekki viðunandi fyrir þingið að breyta þessu nú þegar í stað, eftir að þessi ákvæði hafa verið sett í l. Ég veit, að þeir, sem hafa gert sér vonir um að fá afgreiðslu á þessu máli, mundu verða fyrir ákaflega miklum vonbrigðum, ef nú yrði horfið að því ráði að fella niður ákvæðin, sem þá voru sett. Ég vildi þess vegna taka undir með meiri hl. n. í þessu efni og vænti þess, að þessi till. verði samþ. Ég heyrði ekki heldur betur en að hæstv. fjmrh. mælti líka með því, að þessi breyt. yrði gerð á frv., og var það í samræmi við það, sem gert er ráð fyrir, að fram kæmi í sambandi við þetta mál.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti! Frsm. n. hefur þegar gert grein fyrir till. n. og hvernig hún lítur á þetta mál, og ætla ég ekki að ræða frekar um það. En ég get ekki látið hjá líða að minnast örfáum orðum á þá brtt., sem hæstv. fjmrh. hefur borið hér fram, vegna þess að mér kemur hún nokkuð á óvart, og mér skilst, að eitthvað annað muni búa undir en þegar hefur komið í ljós. Þegar þetta mál var til afgreiðslu hjá n., þá var ráðh. með henni í ráðum, og hann lýsti því yfir á fundi n. þá, að hann hefði ekkert við það að athuga, að málið yrði afgr. með því móti, sem n. lagði til, þ. e. a. s. með því móti, að þessum eina eyri yrði, eins og áður er tekið fram, varið til brúagerða, og eftir að ráðstafað væri eins og getið er um í l. fé til vegagerða af þessum skatti, þá færu hinar óvissu tekjur til lagningar Suðurlandsbrautarinnar eins og stendur í l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og bæjarfélaga, sem þetta frv. er tekið upp úr og á að vera áframhald af.

Mér virðist því, að hér muni vera um einhverja aðra yfirvegun að ræða hjá hæstv. ráðh. en hann lét í ljós við n., og virðist mér því eðlilegt, að þetta mál yrði tekið út af dagskrá að þessu sinni, svo n. gefist kostur á að athuga þetta nánar við ráðh., hvað valdið hefur þessum breyt. hjá honum.

Ég get lýst því yfir við hv. d., að ég er í raun og veru andvígur þessu, að framlengja þennan skatt, og það mjög. Ég lýsti því líka yfir á fundi n., að ég teldi það mjög óaðgengilegt að láta framlengja hann, nema vissa væri fyrir því, að þeir, sem verst yrðu úti vegna þessa skatts, fengju eitthvað í staðinn, sem gæti forsvarað það, að þessi skattur yrði látinn haldast, þrátt fyrir dýrtíðina, sem nú er í þessu efni. Og þó það væri ákaflega óvíst, sem með þessu móti

kæmi til Suðurlandsbrautarinnar, þá virðist þó vera, að það gæti orðið eitthvað.

Vegamálastjóri virðist einnig hafa fengið einhverja eftirþanka, en eins og vitað er, þá hefur hann alltaf staðið á móti þessari vegalagningu. Hann hefur talið hana óþarfa og lagt frá upphafi á móti henni, og þá er ekki nema eðlilegt, að hann hamli því, að þetta komist áfram, eins og flm. hafa viljað, því að við höfum verið sammála um, að þetta væri bráðnauðsynlegt til þess að leysa samgönguerfiðleika hér á milli höfuðstaðarins og Suðurlandsundirlendisins.

Þegar þessi skattur var upphaflega lagður á, þá var það sett inn í l., að 20 þús. kr. af honum skyldu renna sem flutningastyrkur til þeirra héraða, sem þyrftu að flytja vörur lengstar leiðir og borguðu mest af skattinum. Þar með viðurkenndi þingið strax í byrjun, að viss héruð á landinu yrðu sérstaklega illa úti, og væri sjálfsagt að leiðrétta það að einhverju leyti. Ég veit, að þeir, sem þá áttu sæti á þingi, muna eftir afgreiðslu þessa máls.

Þessi styrkur féll furðu fljótt niður, þó að það sé vitanlega öll sanngirni, sem mælir með því, að hann héldist, en í þess stað var hafizt handa um að leysa á viðunandi hátt samgönguerfiðleikana við Suðurlandsundirlendið. Skaftafellssýslurnar og Rangárvallasýsla eru þær sýslur, sem mest borga af benzínskattinum, þar sem þær hafa engar hafnir og verða að flytja allar þungavörur um 100—300 km leið heim til sín. En það verður að viðurkenna, að nokkuð af þessum skatti hefur farið til Þingvallabrautarinnar og Suðurlandsbrautarinnar, og við, sem þekkjum til ferðalaga og flutninga á veturna á þessum leiðum, teljum það víst, að ef þessar 3 leiðir verða opnaðar og það fljótlega, þá væri allvel séð fyrir samgöngunum milli Suðurlandsundirlendisins og hafna hér vestan heiða, og mætti lýsa því nánar, ef ástæða væri til þess talin.

Eins og kunnugt er, þá er sú stefna nú uppi hjá Alþingi og ríkisstj. að fella niður skatta og létta þeim af, eftir því sem hægt er og það kæmi réttlátt niður, og þar sem þessi hækkun á benzínskattinum hefur verið bráðabirgðatekjuöflun undanfarið, þá væri það mjög eðlilegur hlutur, að hann væri ekki framlengdur nú, eftir þeirri stefnu, sem nú ríkir í fjármálum. Því að ef nokkuð er nauðsynjavara hér á landi, þá er það benzín. Það er alveg óhugsandi að halda uppi nokkurri framleiðslu nema með mjög mikilli benzínnotkun, og það er ekki neinn smáskattur, þegar benzínið er nú komið upp í 58 aura lítrinn, þá er það ekki smáræði, sem þarf til þess að reka allan þann vörubílafjölda, sem nú er orðinn nauðsynlegur þáttur í framleiðslustarfsemi sveita, svo að segja alls staðar. Þetta, að afnema hann, mundi þá fyrst og fremst vera að mjög miklu leyti eitt af því sjálfsagða, sem gera þyrfti, ef ætti að létta sköttum af nauðsynjavörum. En það, að ég gat verið með því, að þessi skattur yrði framlengdur, var, að Suðurlandsbrautinni yrði haldið áfram með meiri krafti en verið hefur hingað til. Það hefur verið álit Alþingis fram til þessa, að þessi vegur væri mjög nauðsynlegur, alveg gagnstætt því, sem vegamálastjóri hefur lagt til, og mér skilst, að þessi brtt. hæstv. fjmrh. muni vera að undirlagi vegamálastjóra og að honum hafi ekki verið kunnugt um afstöðu vegamálastjóra til þessara framkvæmda áður.

Það er náttúrlega engin réttlæting í því hjá hæstv. fjmrh., að tekjurnar verði bundnar, ef till. n. verði samþ., því að þær verða jafnbundnar með till. hans. Það er aðeins afgangurinn, sem skiptist á annan veg. Það er reynt að dreifa honum, svo að hann kemur ekki að neinum notum, því að litlar upphæðir eru lítils virði í þessu efni, en ef um einhverja upphæð er að ræða, þá kemur hún að miklu meiri notum á einum stað en ef farið er að dreifa henni í marga staði. Mér þykir mjög sennilegt, að nægilegt fé verði fyrir hendi til þess að leggja í þessar smávegalagningar, eins og nú standa sakir. Hins vegar hefur ekki verið gert ráð fyrir eins miklu fé til þessarar brautar til þess að hún verði lögð á eins skömmum tíma eins og þörf er á.

Ég vildi benda á, að það, sem hér er um að ræða, er ekkert annað en þessi gamla barátta hér á þingi um það, hversu nauðsynleg þessi braut er. Hér er enn komið fram hið gamla vantraust til brautarinnar, og það, að mér skilst, að undirlagi hæstv. fjmrh., og hér er náttúrlega um sömu baráttuna að ræða í þessu efni eins og hefur verið hér á hæstv. Alþ. áður. Við, sem fyrst og fremst eigum að búa að þessari braut og höfum áhuga á málinu, að það fái viðunandi lausn, leggjum á það mikið kapp, að allt verði gert, sem hægt er, til þess að fá þessa braut sem fyrst. Og ef þessi brtt. hæstv. fjmrh. verður samþ., sem þýðir það, að ekki mega einu sinni standa sömu ákvæði í l. eins og áður viðkomandi Suðurlandsbrautinni, þá er ég algerlega á móti því, að þessi skattur verði lagður á.

Ég vildi, af því, sem ég þegar hef greint, mælast til þess, að þetta frv. verði tekið af dagskrá, svo að n. gæfist kostur á að tala við hæstv. fjmrh. um brtt. hans, sem hér liggur fyrir, en ekki hefur gefizt kostur á til þessa.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., 21. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

*Eiríkur Einarsson: Ég kvaddi mér hljóðs — nú sem fyrr — til þess aðeins að láta í ljós þá skoðun mína, að þeim umbótum, sem verið er að keppa eftir, sé á mjög vafasaman hátt fullnægt með því fé, sem ætlað er til áframhalds Suðurlandsbrautarinnar, eins og frv. gera ráð fyrir, sem liggja fyrir Alþingi. Og mér kemur það í rauninni dálítið spánskt fyrir, að þetta er gert, þegar litið er til þeirrar alþingissamþykktar, sem nú liggur fyrir frá síðasta þingi, þar sem þessar mikilsverðu samgöngubætur milli Suðurlandssvæðisins og höfuðstaðar vors voru til umr. Þingið samþ. þá till. til ályktunar um að rannsaka nú á ný til hlítar, hvar mundi reynast hentugust leið til fullnægingar og verulegra samgöngubóta á milli þessara umræddu staða, leið, sem uppfyllti hvort tveggja skilyrðið að vera hin skemmsta og öruggasta. Í þessari samþykkt Alþingis lá áskorun til hæstv. ríkisstj. um athugun á þessu máli. Man ég ekki,

hvort tekið var fram, að leggja skyldi niðurstöðuna fyrir næsta þing, en það er þó óbeint sagt með því að óska eftir slíkri rannsókn. Það bendir í rauninni óþægilega til þess, að hv. þm. séu meira og minna á reiki með skoðanir um framkvæmd þessa máls, þar sem engar líkur eru til annars en að allt, sem ályktað var á næsta Alþingi á undan, sé nú gleymt. Ég hef sem sé ekkert heyrt, hvorki frá vegamálastjóra né frá ríkisstj., hvað hún hafi gert til þess að fylgja eftir þessari samþykkt, sem gerð var hér á Alþingi í fyrra. Og mér finnst varla hægt, í sambandi við þetta mál, að ganga fram hjá að minnast á þetta málsatriði. Mér finnst því að réttu lagi, að það megi og eigi að hafa áhrif á þessar aðgerðir, sem hér hefur verið samþ. áður, nefnilega áskorun á ríkisstj. að rannsaka málið frekar. Og ég vil beina því til þeirra af hæstv. ríkisstj., sem hér eru viðstaddir, að ég vænti þess, að athugunum og rannsóknum í samræmi við þessa till., sem Alþingi samþ., verði flýtt með allri gaumgæfni, svo að málið geti skýrzt fyrir alþjóð manna og fyrst og fremst alþingismönnum.

Um það, hvort þessi Krýsuvíkurleið sé rétt eða rangt ráðin, er nú svo margt búið að ræða, en ég vil samt sem áður segja, að þegar sú vegagerð er helguð, ef svo mætti segja, samgönguþörf Suðurlandshéraðanna við höfuðstaðinn, jafnvafasöm og hún er, enda dregið í efa réttmæti hennar meira að segja af sjálfum vegamálastjóra landsins, þá er svo mikið í húfi, að ég álít þessa athugun því sjálfsagðari. Ég vona, að einhverjir þeirra þm., sem hafa vítt það á þingi, að gengið sé í berhögg við vilja þessara forustumanna, eins og t. d. við skoðun sandgræðslustjóra, séu sammála um þetta. Og þar sem það er gert að verulegu atriði, að slíkir trúnaðarmenn ríkisins geti gert skoðun sína gildandi, og þar sem það er játað, að vegamálastjóri hefur frá öndverðu verið mótfallinn þessari vegagerð, þá fæ ég ekki annað séð en að það samrýmist illa, að hann sitji áfram í embætti, þegar löggjafinn hefur till. hans að engu.

Að því er snertir till. hæstv. fjmrh., þar sem sett er hámark á framlag til Krýsuvíkurvegarins, verð ég að segja, að mér finnst sú till. hvorki fugl né fiskur. Annars vegar er játað, að þessi vegagerð eigi einhvern rétt á sér, með því að veita fé til hennar, en hins vegar er dregið úr fjárveitingunni, til þess að seinka framkvæmdum. Annaðhvort er þessi vegagerð vit eða vitleysa. Ég held fyrir mitt leyti, að hún eigi engan rétt á sér.

Það er rætt um tvær snjóléttar leiðir, Krýsuvíkurleiðina og Þingvallaleiðina, og í þriðja lagi er svo verið að bæta Hellisheiðarveginn. Með svona framkvæmdum er samgönguþörf Suðurlandsundirlendisins engan veginn borgið. Væri nær að verja þessu fé til annarra þarfari samgöngubóta, t. d. eru margar stórelfur enn óbrúaðar eystra, og má þar til nefna Hvítá hjá Iðu, í miðju læknishéraði, sem mjög er áríðandi að verði brúuð sem fyrst.

Ég mun ekki leggja fram neina brtt. hér að lútandi, en vildi ekki láta hjá líða að lýsa skoðun minni á þessu máli í meginatriðum.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að umr. um málið yrði frestað nú og það tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., 23. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

***Bjarni Bjarnason:** Þó að ég sé einn þeirra manna, sem telja brtt. hæstv. fjmrh. alls ekki ósanngjarna, þá óska ég þess, að þessu atriði verði ekki breytt frá því, sem áður hefur verið, heldur að það, sem umfram kynni að verða af benzínskattinum, fari til Suðurlandsbrautar óskert. Nú kann að vera, að þessi upphæð verði ekki 100 þúsund, og því síður fari þar fram úr.

Mér þykir það nú sérstaklega undarlegt viðvíkjandi þessari Suðurlandsbraut, hversu menn eru tregir til að skilja, hve óhjákvæmilegt er að hafa góðar samgöngur milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur. Og þótt nú undanfarna vetur nokkra hafi gengið sæmilega að halda uppi þessum samgöngum, vegna þess, hve snjólétt hefur verið, þá er það alþekkt, hve gífurlegir erfiðleikar eru oft á því að komast yfir Hellisheiði og Mosfellsheiði. En þrátt fyrir það, þótt mikill snjór sé á þessum leiðum, þá er það vitað, að sú leið, sem Suðurlandsbrautinni er ætlað að liggja yfir, er oft snjólaus, og ég held ég megi segja einlægt snjólétt, þó að ófært sé yfir þessar fyrrnefndu heiðar. Ég skal játa, að það er mikill munur nú, síðan Sogsvegurinn kom og þannig greiðari vegur um Mosfellsheiði, og það kemur mjög oft fyrir, að önnur heiðin er sæmilega fær, þó að hin sé ófær. En ef við fengjum snjóavetur, þá mundi það sýna sig, að það væri ekki eingöngu Suðurlandsundirlendið, sem liði af þeim erfiðleikum, heldur einnig Reykjavík. Og ég held það eigi ekki að skapast nein togstreita milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins um það að tryggja sem allra bezt þá möguleika, að ferðirnar geti orðið óhindraðar svo sem mest má verða, líka að vetrarlagi.

Það eru ekki rök, sem hæstv. fjmrh. sagði hér í gær, að þessi vegur geti beðið vegna þess, að hann komi ekki að neinum notum fyrr en hann sé alveg lagður, á sama tíma sem aðrir vegir líða vegna fjárskorts til nýbyggingar. Þetta eru ekki rök vegna þess, að þess konar vegagerð er um allt land, að vegir koma ekki að gagni fyrr en þeir eru allir lagðir. Þannig er yfirleitt um alla vegi, sem liggja milli byggða um heiðar eða fjallvegi og ekki er því meiri byggð meðfram. Hérna er það t. d. svo, að það nálgast óðum, að Hafnarfjörður komist í vegarsamband við Krýsuvík; að Þorlákshöfn austanfjalls komist í vegarsamband við aðalveginn gegnum Ölfus; og enn fremur styttist óðum að Selvogi, en þar eru yfir 100 manns, í sama túni, og þeir eiga sannarlega rétt á að fá bættar sínar samgöngur. Ég tel alveg tvímælalaust mjög nauðsynlegt, bæði að Hafnarfjörður nái sambandi við Krýsuvík og Selvogur nái vegarsambandi austan frá. En hvað gert yrði svo til að tengja saman vegina, yrði þess tíma að ákveða. Og það stendur alveg sérstaklega á einmitt nú,

að þessari vegargerð liggur á að fá sem mest fé, vegna þess að nú þarf einmitt að tengja Þorlákshöfn við veginn, og það þarf allmikið fé til þess. Það er áfanginn, sem þarf að ljúka í ár, hvernig svo sem verður um fjárframlag á næsta ári.

Mér virðist það vera dálítið einkennilegt, sem þó hefur komið fram hjá kunnugum mönnum, eins og t. d. hv. 8. landsk., að draga úr því, að þessi vegargerð fái sem skjótasta framkvæmd. Hann hefur alltaf lagt sig töluvert fram um það að benda á aðrar leiðir, sem hann telur heppilegri, og einnig nú virðist hann sækja fast, að haldið sé áfram rannsókn á því, hvort ekki sé hægt að gera aðra leið yfir Hellisheiði. Ég hélt hann þekkti manna bezt, að Hellisheiði er erfiður fjallvegur allajafna og verður vitanlega aldrei trygg til samgangna milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur. Hv. 8. landsk. talaði um „stórhug" minn í þessu sambandi. Það má til sanns vegar færa, að það voru „stórhuga" menn, sem vildu leggja járnbraut og yfirbyggðan veg yfir Hellisheiði, en að þetta liggi fyrir sem raunveruleiki, býst ég ekki við. Þessi rannsókn, sem hv. þm. beitti sér fyrir, að færi fram á s. l. ári og þessu ári, hefur auðvitað ekki leitt neitt nýtt í ljós. Það er hægt að hlaða upp vegi í það endalausa. En reynslan sýnir, að ef þeir eru á snjóaleið, þá hleðst snjór á þá, ekki kannske hversu háir sem þeir eru, heldur þó að þeir séu allháir, því að þegar er farið að aka og mynda harðspora, hleðst alltaf á vegi á snjóasvæði.

Ég vildi óska, að togstreitan um féð, sem fer í þessa Suðurlandsbraut, falli niður og að þessi braut fái að halda þessu fé, sem af kynni að ganga benzínfénu. Ég veit, að vegamálastjóri hvetur ekki beint til þessarar brautarlagningar. En ég get ekki heldur tekið undir það, sem kom fram í gær, að hann sé sérstaklega andvígur þessari braut. Hann hefur aldrei látið orð falla í mín eyru um það, og í viðtölum okkar hefur hann yfirleitt greitt fyrir þeim óskum, sem fram hafa komið frá minni hendi og annarra, sem mér er kunnugt um. En hins vegar veit ég, að hann lagði mikið kapp á Sogsveginn og norðurleiðina að því marki, sem hún er nú komin, enda mikið vit í því að hafa þessar tvær leiðir.

Ef hæstv. fjmrh. heldur fast við sína brtt., þá get ég auðvitað ekki neitt um það sagt. En ég vil eindregið óska þess, að hv. d. takist að fella þá till., ef hæstv. ráðh. er ófáanlegur til að taka hana aftur.

*__Fjmrh. (Jakob Möller)__: Ég held, að það hafi verið samkomulag milli mín og hv. n., að allar brtt. væru teknar aftur til 3. umr.

*__Eiríkur Einarsson__: Það er engu líkara, eftir því formi, sem umr. taka, en að við, sem tekið höfum til máls og látið okkur málið að einhverju leyti skipta, eigum um það enga samleið og þekkjum ekki þá vegi, sem um er að ræða. En að vísu er því ekki þannig háttað. Því að við, sem oft höfum farið milli höfuðstaðarins og sveitanna austanfjalls, vitum allir jafnvel, að vegabóta er þörf, og því er engin manndyggð af okkur, þó að okkur sé það einlægur hugur, að vilja hið bezta til bóta. En það er, eins og oft vill verða, til trafala og erfiðleika, að það er um leiðirnar, sem skilur.

Ég þarf ekki að endurtaka það, að það er rétt hjá hv. 2. þm. Árn., að ég hef haldið fram og held fram enn þá, að Krýsuvíkurvegurinn hefur verið fljótræðisverk. Ekki þannig, að ef nóg væri úr að spila og allir möguleikar fyrir hendi að byggja vegi um landið þvert og endilangt, þar sem einhver samgönguþörf væri, þá væri einnig gott og blessað að fá þennan veg. En því minna, sem úr er að spila til nauðsynlegra framkvæmda, því nauðsynlegra er, að rétt sé ráðið og hvergi lagt í framkvæmdir annars staðar en þar, sem mest liggur á og bezt fullnægir hinni almennu og viðtæku þörf. Ég held, að þessu skilyrði sé ekki fullnægt um Krýsuvíkurveginn að því er snertir samgöngur milli þeirra landshluta, sem um er að ræða, og höfuðstaðarins. Ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma. Þetta hefur oft verið rætt og getið um rökin með og móti, að það er ekki nema að tefja þingið að endurtaka slíkt svo mjög. Ég vil aðeins taka fram hér það, sem hv. 2. þm. Árn. nefndi nú sem málsástæðu af hálfu hæstv. fjmrh., að Krýsuvíkurvegurinn kæmi ekki að notum fyrr en hann er allur lagður. Ég verð nú að segja það, að ef veginum er ætlað — með heilindum — að vera öryggisleið milli Reykjavíkur og Suðurlandssveitanna, þá skýrir það sig sjálft, að hann kemur ekki að þeim notum, fyrr en hann er allur lagður. Hitt er svo álitamál, hvort hann komi ekki að takmörkuðum notum fyrir ákveðin byggðarlög eða bæi, meðan hann er ekki gerður nema að nokkru leyti. Og það álít ég að vísu giftusamlegt í þessari vegagerð, að það virðist hafa verið byrjað á réttum enda og vegurinn lagður eftir þéttskipuðu byggðarlagi, svo að hann er þegar orðinn að gagni út eftir öllu Ölfusi, og er það mjög vel farið. En aftur á móti viðvíkjandi framhaldi vegarins frá því, sem nú er, ef miða á við það, sem hv. þm. nefndi þar sérstaklega, Þorlákshöfn, Selvog og sambandið frá Hafnarfirði og Reykjavík til Krýsuvíkur, þá eru það smámunir einir, sem varla eru frambærilegir, þegar höfuðtilgangur þessara stórvægilegu framkvæmda, sem hafður er a. m. k. að yfirvarpi, er sá, að ná stóru hagræði og öryggi í samgöngum fyrir heilan landsfjórðung. Útræðisstaðurinn Þorlákshöfn er góðs maklegur og mætti vaxa og fá öryggi í samgöngum. En vegurinn er nú kominn út með öllum hlíðum á næstu grös, svo að álman þangað ætti að geta komið án tillits til heildarframgangs þessa vegar þvert yfir. Um Selvog er það að segja, að með því að halda veginum áfram út Selvoginn, yrði akfær samgöngubót fyrir Selvogshrepp, þessa nálega 20 búendur, sem þar eru. Þetta kynni þeim, Selvogsmönnum, að þykja nokkurt hagræði, en þeim eru samgöngubætur alveg óvenjulítil nauðsyn, miðað við samgöngubætur yfirleitt, fyrir sína afkomumöguleika. Af hverju er það, að ég staðhæfi þetta? Af því að í Selvogi er þannig háttað, að í búskap er nær eingöngu að ræða um sauðfjárrækt og eitthvert örlítið bjargræði af sjó, eftir því sem það gefst.

Kúabú í Selvogi er ekki nema til heimabjargræðis, og hygg ég tæplega þau skilyrði fyrir hendi, að það blómgist. En af því að Selvogsmenn lifa af sauðfjárrækt, hafa þeir látið í ljós, sem þar búa, að slíkur vegur sé þeim ekki nein höfuðnauðsyn. Því að slátrun fer fram á einni árstíð, og féð þá venjulega rekið.

Um það að opna héðan veg til Krýsuvíkur og miða við landareign einnar jarðar hinum megin á Reykjanesskaga, þá finnst mér það svo smávægilegt, þegar litið er á málið í heild, að tæplega sé frambærilegt.

Hann tók það fram, hv. 2. þm. Árn., að ég sækti fast um rannsókn annars staðar. Gott og vel. Ég bar fram till. í fyrra, að rannsakaðar væru samgönguleiðir milli Reykjavíkur og Suðurlandssvæðisins, þar sem væri miðað við tvennt: að vegurinn væri sem skemmstur og sem öruggastur allar árstíðir. Þessi till. var samþ. sem ályktun Alþingis á síðasta þingi. Svo að það má fyllilega skírskota til þingheims um þennan áhuga, eins og mín persónulega. Ég veit ekki betur en þetta mál liggi fyrir ríkisstj. og vegamálastjóra eftir boði Alþingis. Það þótti ekki meiri firra en svona á síðasta þingi, hvað sem nú reynist. Alþingi er því miður reikandi um þetta stóra mál. Það er engu líkara en að Krýsuvíkurákvörðunin hafi verið tekin í einhverjum gleðskap eða samkvæmi án tillits til veruleikans.

Ég hef varla skap til að fara út í það margrædda atriði, að þarna sé svo snjólétt, að með þessari leið séu samgöngurnar komnar í örugga höfn. Það er deilt um þetta, og það af afar kunnugum mönnum, kunnugri fjallaferðum og snjóalögum um þessa Krýsuvíkurleið heldur en ég geri ráð fyrir, að nokkur maður sé hér inni. Það eru menn, sem eru aldir upp þarna, sem segja, að ef leggja ætti þennan veg að sunnanverðu, ætti ekki að leggja hann með Kleifarvatni, heldur annars staðar. Ég dæmi ekki um þetta, því að mig mun, eins og fleiri hér, bresta fullan kunnugleik til þess. Og þegar maður hugsar um þær sprengingar með dýnamiti og annan djöfuldóm, sem þarf til að leggja þennan veg þessa örðugu leið, þá lítur þetta mál dálítið „kómiskt" út. Hér er ekki deilt um það, hvort þurfi samgöngubót eða ekki. En það átti að virða vilja Alþingis frá í fyrra og rannsaka málið með alvöru, til þess að ganga úr skugga um, hvar bezt væri, að vegurinn sé lagður. Ég þarf ekki að afsaka mína gagnrýni né taka fram, að það er ekki af illvilja til samgöngumála þarna austur yfir, sem ég segi þessi orð, — það er af því gagnstæða. Og ég geri ráð fyrir, að segja megi það sama um þá, sem halda fram annarri leið. Ég styðst við kunnugleika margra manna og hef talað þannig, að margir, sem helzt eiga við þessar framkvæmdir að búa, mundu vera mér sammála. Ég vil fá ötula rannsókn inn í málið og þekkingu, án tillits til alls annars en málefnisins sjálfs.

ATKVGR.

Brtt. 525 og 567 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 7, 525, 567).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Hv. 8. landsk. þm. hefur boðað brtt. við frv., á þskj. 620, en sú brtt. er ekki komin frá prentsmiðjunni, og vil ég því spyrja hv. þm., hvort hann vilji ekki bera brtt. fram skriflega. (**EE:** Ég er ekki við því búinn.) — Það vill nú svo til, að brtt. berst mér í þessum svifum, og er henni nú útbýtt í deildinni. Þar sem brtt. er of seint fram komin, verður að veita afbrigði frá þingsköpum, til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Sveinbjörn Högnason: Ég vil eindregið mótmæla þessari málsmeðferð, að till., sem kemur svona seint fram, sé tekin á dagskrá, þar sem um svo mikilsvert mál er að ræða sem þetta. Ég legg því til, að málið sé tekið af dagskrá að þessu sinni, svo að n. geti athugað brtt. Það er ekki hægt að afgreiða málið út úr hv. d. með þessum hætti, að hv. þm. sé ekki gefinn kostur á að athuga brtt.

***Eiríkur Einarsson:** Ég get látið bíða að tala fyrir till. minni, ef hæstv. forseti vill taka málið af dagskrá, eins og hv. 1. þm. Rang. fer fram á, þó að till. sé svo auðskilin, að það ætti að vera óþarfi.

Sveinbjörn Högnason: Þar sem hv. flm. sjálfur var ekki undir það búinn að bera till. sína fram sem skrifl. brtt. og muna efni hennar, gefur að skilja, að ekki er auðvelt fyrir aðra hv. þm. að gera sér grein fyrir henni í fljótu bragði.

***Eiríkur Einarsson:** Ég mundi auðvitað mjög vel efni till., þó að ég myndi hana ekki alveg orðrétt.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég skil ekki þetta. Mér finnst efni till. afar einfalt, svo að ekki sé ástæða til að fresta málinu hennar vegna. Í brtt. fjhn. er gert ráð fyrir, að það, sem ⅘ hlutar teknanna samkvæmt l. þessum kunna að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárl., leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árunum 1943 og 1944. En í brtt. hv. 8. landsk. er ætlazt til, að tekjunum yfirleitt, sem fást samkv. ákvæðum l. þessara, verði varið til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárl., svo og til brúargerða á Hvítá í Árnessýslu og Jökulsá á Fjöllum. Þá er í brtt. ákvæði þess efnis, að ef ekki þyki fært að flytja inn efni til brúargerða á tveim næstu árum, þá sé fé það, sem til brúnna skal varið samkv. ákvæði þessu,

geymt þar til kleift verður að flytja inn byggingarefni. Mér finnst þetta mjög einfalt og því engin ástæða til að fresta málinu. Annars legg ég til, að till. fjhn. verði samþ. óbreyttar, án þess að ég geri það þó að kappsmáli. En ég vek athygli á því, að ég tel ekki æskilegt á þessum tímum að binda tekjur ríkissjóðs við einstakar framkvæmdir, þar sem allt er nú mjög í óvissu að því er snertir fjárhagsafkomuna. Þeim, sem bera Suðurlandsbrautina sérstaklega fyrir brjósti, vil ég benda á það, að lítil reynsla er fengin um það, hver hagur muni verða að lagningu hennar. Samgöngur við Suðurland hafa yfirleitt verið góðar að undanförnu, þegar vetur hafa verið sæmilegir.

Forseti (JörB): Þar sem tilætlun mun vera sú, að þetta mál gangi fram, en á því er mikil nauðsyn, og þar sem nú líður að þinglokum, sé ég mér ekki fært að fresta málinu fram yfir helgi. Ef menn hafa við höndina till. á þskj. 525 og 620, vona ég, að þeir geri sér ljósa þá efnisbreytingu og röskun, sem síðari till. hefur í för með sér.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Við 2. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir áliti fjhn. og brtt. hennar. En eftir að n. hafði athugað málið og rætt um það við hæstv. fjmrh., varð að samkomulagi í n. að afgr. frv. með þeim breyt., sem n. kom sér saman um og eru á þskj. 525, en með þeim breyt. yrði frv. í sama formi og nú er í lögum. Fimmti hluti þessa viðbótargjalds á þá að leggjast til hliðar til vega- og brúagerða á sínum tíma, en að öðru leyti gengur féð til ákveðinna verklegra framkvæmda samkv. fjárl., en afgangur, ef hann verður, skal renna til Suðurlandsbrautar. Nú hefur hæstv. fjmrh. lagt fram brtt. á þskj. 567. Hann talaði um það áðan, að varhugavert væri að binda tekjur ríkissjóðs á þann hátt sem frv. gerir. En brtt. hans breytir engu í því efni, þótt samþ. yrði, heldur aðeins því, að samkv. henni gengur nokkuð af fénu í aðrar tilteknar áttir en nú er ráð fyrir gert og kemur fleiri vegum að notum. Um brtt. hv. 8. landsk. á þskj. 620 gegnir nokkuð öðru máli. Mér skilst, að samkv. henni sé gert ráð fyrir, að svo geti farið, að þessum tekjum verði ekki öllum varið til vega, ef þær verða meiri en gert er ráð fyrir í fjárl. Auk þess er brtt. hans sú, að af þessu fé skuli kosta tvær brúargerðir, á Hvítá hjá Iðu og á Jökulsá á Fjöllum. Nú er vafalaust þörf á þessum brúm, en þar með er ekki sagt, að ekki sé mikil þörf á mörgum öðrum, og rök hafa ekki komið fram fyrir því, að þannig beri að taka þær einar sér, en útiloka aðrar. — Ég vil mæla með því að samþ. brtt. á þskj. 525 og að frv., svo breytt, verði afgr. úr þessari deild.

Sveinbjörn Högnason: Mér þykir það mjög miður, að hæstv. forseti skyldi ekki sjá sér fært að taka málið af dagskrá til athugunar, því að það er ekki eins einfalt og virðist í fljótu bragði, eins og bezt sést af því, að hæstv. fjmrh., svo glöggur maður, skuli ekki vera búinn að átta sig á, hvað felst í brtt. á þskj. 620. Breytingin er þar ekki aðeins sú, að taka skuli afgang bifreiðaskattsins til ákveðinna brúargerða, heldur sú að fella niður brúasjóð og ákvæðin um, að afgangsfé, sem verða kann, renni til Suðurlandsbrautar, og það má vera, að enn fleira í frv. raskist, ef brtt. er samþ. Það má vel vera, að ákvæði brtt. um þessar brýr mættu standa í l. Á hinu er enginn vafi, að þeir, sem stóðu að stofnun brúasjóðs, höfðu hug á miklu fleiri brúm. Ég skil ekki, að hv. Alþingi geti fellt niður brúasjóð, og fyrir mitt leyti er ég alveg sannfærður um, að væri brúasjóður afnuminn, Suðurlandsbraut felld úr þessum l. og ekkert um það ákveðið í fjárl., hvert þessar tekjur ættu að renna, yrðu mjög margir þm. algerlega móti því að afgreiða málið þannig. Ég tel ákaflega líklegt, að fjhn. vildi þá ekki leggja hendur að málinu. Nú þegar búið er af hálfu hæstv. fjmrh. að rifta því samkomulagi, sem orðið var um afgreiðslu málsins milli hans og n., sé ég ekki annað en nauðsyn sé að taka allt málið til nýrrar yfirvegunar, og ef honum leikur nokkur hugur á að fá málið gegnum þingið, ætti hann að fallast á þá aðferð. Ég vil því enn halda fast fram þeirri ósk minni til hæstv. forseta, að hann fresti afgreiðslu málsins og taki það af dagskrá.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég held eins og fyrr, að tilgangslaust sé, að n. fái málið enn til athugunar. Ég sé ekki, að hv. form. hennar (SvbH) kæri sig um að breyta nokkrum hlut, og sé svo um aðra nm., hvað þýðir þá að fresta því, að atkv. skeri úr? Ummæli hv. form. n. um samkomulag um afgreiðslu málsins skil ég ekki. Ég svaraði n. aðeins því, að ég mundi sætta mig við, þótt afgreiðsla frv. yrði sú, sem hún leggur til. Í því var ekkert samkomulag fólgið. Mig furðar, af hv. form. getur ekki eins og ég sætt sig við, að atkv. ráði um afgreiðslu málsins.

Mér var það auðvitað ljóst, að till. mín miðaði ekki að því að leysa fé, heldur binda það á nokkuð annan hátt en nú er í l. Mér finnst réttara, ef afgangur verður, að það fé komi einhverjum fleiri að gangi en þessum eina vegi. Bezt hygg ég væri að samþ. frv. óbreytt. Þar næst kysi ég, að brtt. hv. 8. landsk. yrði samþ. Það er ekki rétt hjá hv. form. n., að með henni væri brúasjóður strikaður út. Það er einmitt gert ráð fyrir að leggja fé í slíkan sjóð til að byggja þær tvær brýr, sem um ræðir. Ég held, að engum detti í hug, að miklar líkur séu til, að ⅛ skattsins hrökkvi meira en fyrir þeim brúm.

Forseti (JörB): Út af óskum hv. 1. þm. Rang. vil ég minna á, að ég er búinn að taka fram, hvers vegna ég get ekki orðið við þeim.

***Eiríkur Einarsson:** Ég mundi enga brtt. hafa gert, ef málinu væri ekki svo háttað, að hv. fjhn. hefur endurskoðað frv. og gert á því gagngerar breytingar. Það vekur mig og e. t. v. fleiri til umhugsunar um, hvort þessar sérstöku tillögur séu sanngjarnar eða önnur lausn væri heppilegri. Sú varð niðurstaða mín, að þessu bæri að breyta á annan veg. Um það vildi ég fara

fáeinum orðum, hvers vegna ég tel, að veita eigi fé til þeirra tveggja brúa, sem nefndar eru í till. minni á þskj. 620. Brúalögin frá 1932 gera ráð fyrir þeim báðum, og af afspurn virðist mér Jökulsárbrúin muni vera mjög þörf. En hjá Iðu rennur Hvítá milli mjög fjölbyggðra sveita og hindrar samgöngur milli þeirra. Þar þurfa hátt á annað hundrað búendur að vitja læknis yfir ána að Laugarási, og meðan brúna vantar, verða þeir að bíða hinnar seinfæru ferju, og sjá menn, að oft getur mikið óhagræði af því stafað. Þótt ekki væri litið á hina almennu sívaxandi samgönguþörf, eru ástæður fyrir brúnni brýnar mjög.

Meðan ekki er búið að fullnægja ályktun síðasta Alþingis um rannsókn vegastæðis austur yfir fjall, er meiri ástæða til að fullyrða það, að ekki sé hægt að taka afstöðu til svokallaðrar Suðurlandsbrautar um Krýsuvík en hitt, að ekki sé hægt að átta sig á efni og nauðsyn till. minnar.

*Jón Pálmason: Það hefur nú komið í ljós, eins og eðlilegt er, að þegar farið er að deila um, hvernig verja eigi þessu fé, geta spunnizt um það óendanlegar umræður. Það væri eðlilegast að samþ. frv. eins og það er, og skal ég þó ekki fjölyrða um það. Það er óheppilegt að binda svo tekjur ríkissjóðs, og tilgangurinn næst ekki nema að nokkru leyti. Óeðlilegt og villandi er að burðast með fjárframlög til sömu samgöngubótanna í tvenns konar fjárveitingum. — Til Suðurlandsbrautar eru nú áætlaðar 65 þús. kr. á fjárlögum, og sýnist það þegar allríflegt. Um brtt. hv. 8. landsk. og hæstv. fjmrh. hef ég engu sérstöku við að bæta, þar sem mér virðist réttast, úr því sem komið er, að breyta frv. í engu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 626) leyfð og samþ. með 18 shlj atkv.

Sveinbjörn Högnason: Ég hef samið skrifl. brtt., sem ég legg fyrir hæstv. forseta og vona, að hann leyfi mér að mæla nokkur orð fyrir henni í þessari ræðu, þótt enn hafi ekki verið leitað afbrigða fyrir henni. Þegar neitað er um, að n. fái að athuga málið, hljóta brtt. að verða fleiri og umr. lengri en ella hefði þurft, ef málið hefði að lokinni athugun getað legið skýrara fyrir, og getur nú orðið alltafsamt að fá á því afgreiðslu. — Ég verð að segja, að ég hef aldrei heyrt mann mæla með brtt. sinni með rökum, sem mæltu meir móti honum en rök hv. 8. landsk. í ræðu hans áðan. Rökin fyrir því að leggja niður brúasjóðinn eru, að það sé aðeins eitt vatnsfall eða e. t. v. tvö, sem þarf að brúa, og það er Hvítá hjá Iðu. Og það er af því einu, að á 2. hundrað búendur þurfa að vitja læknis að Laugarási. Hvergi annars staðar þarf að brúa ár vegna læknisvitjana, eða hvað? Víða á landinu þurfa menn að vitja læknis yfir mörg vatnsföll eða eyðisanda eða þá eins og Grímseyingar yfir breitt haf. Mér fyndist enn brýnni þörf á að styrkja menn til læknisvitjana á slíkum stöðum en að brúa Hvítá í þeim tilgangi aðallega, litlu ofan við brúna, sem á því vatnsfalli er. Ég hef aldrei séð borna fram till. og mælt fyrir henni af slíkri skammsýni og þröngsýni. Ég vildi óska, að þörfin fyrir brúargerðir hér á landi væri ekki meiri en þetta, því að þá skyldi ég fúslega fallast á að hætta þessari skattlagningu fyrir brúasjóð.

Ég veit um mörg vatnsföll í Rangárvallasýslu, sem enn eru óbrúuð. Skiptir mjög miklu máli fyrir nærliggjandi sveitir, að brú komi á Hólsá hjá Unhól, og mun ég flytja brtt. um fjárveitingu í því skyni, enda tel ég þess miklu meiri þörf heldur en það, sem brtt. hv. 8. landsk. þm. fer fram á. (Forseti: Ég vil vekja athygli hv. ræðumanns á því, að sá tími, sem ákveðinn var til fundarhalds í Sþ., er byrjaður, og verð ég því að fresta umr. Hvað snertir skrifl. brtt., má prenta hana, þar sem umr., er ekki lokið, og mun hún koma síðar til atkv.).

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 26. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 7, 525, 567, 620, 626, 627, 632).

*Sveinbjörn Högnason: Það er nú orðið nokkuð langt síðan þetta mál var hér til umr. og þm. eru því sennilega búnir að gleyma, um hvað var ágreiningur. Nú hafa komið fram allmargar brtt., meðal þeirra er brtt. frá 8. landsk., og er auðséð, hvert er stefnt með henni, sem sé eyðileggja þá möguleika, sem eru fyrir því, að Suðurlandsbrautin komist áfram, og eiginlega er tilætlunin með þessari brtt., að Suðurlandsbrautin fengi helzt ekki nokkurn styrk frá þessum tekjustofni.

Það má náttúrlega lengi um það deila, hvort það sé rétta lausnin á þessu máli, að Krýsuvíkurvegurinn sé lagður og hvort hann sé hentugur. Hins vegar er það mál þeirra, sem vel til þekkja, að það muni mjög mikil tryggging í því að fá þessa braut, og ekki sízt þegar búið er að leggja aðra braut, Þingvallabrautina, sem er meðfram Soginu, þannig að ef snjóalög leggjast misjafnlega mikið, ýmist með sjónum eða til fjalla, þá uppfylla þær hver aðra, með því að þá mundi alltaf önnur fær. Brautin um Krýsuvík mun vera nauðsynleg og líkleg til þess að fullnægja samgönguþörf Sunnlendinga, sem búa í sveitunum austan fjalls. En hv. 8. landsk. reynir að flytja þeirra mál, sem mest vilja spilla fyrir þessu máli, og ætlar hann að reyna að tefja samgöngur okkar sem mest. En það er eins og annar breyskleiki, sem honum verður að fyrirgefast, því að hann álítur, að hann hafi ekki minni skyldur gagnvart Reykvíkingum heldur en þeim, sem hafa verið hans kjósendur, enda mun hann vera á framfæri Reykvíkinga. Hv. 8. landsk. tók það skýrt fram, sem er þó ekki hans vandi, að taka hlutina skýrt fram, að hann mundi ekki hafa flutt neina brtt., ef n. hefði ekki gert við frv. brtt., og af því að n. flytti till. um, að þessum hluta af benzínskattinum verði varið til Suðurlandsbrautar, gefi það honum tilefni til þess að flytja sína brtt., en ekki af því, að hann hafi áhuga fyrir því að koma brú á Hvítá hjá Iðu. Enda mun sú brú koma eftir brúalögunum, þegar röðin kemur að

henni. En það, sem n. flytur í þessu efni, er engin breyt., heldur aðeins, að l. fái að haldast eins og þau eru viðvíkjandi benzínskattinum í l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkis og bæjarfélaga.

Það má vel vera, að hv. þm. hafi ekki fundizt ástæða til þess fyrr að hefjast handa um að eyðileggja þetta, vegna þess að það hefur ekki verið talið líklegt, að þessi tekjuafgangur yrði svo mikill, að það tæki því að spilla fyrir því, að hann gengi til Suðurlandsbrautarinnar. En nú, þegar líkur eru til þess, að tekjur af benzínskattinum hækki verulega, þá fyrst hefst þessi hv. þm. handa um að reyna að koma í veg fyrir, að það verði nokkuð, sem að gangi getur komið, sem færi til þeirrar brautar, sem er í því kjördæmi, sem hv. 8. landsk. á þingsetu sína að þakka, en vitanlega hefðu þeir ekki viljað styðja hann til þess að vinna slíkt hér á Alþ. eins og hann hefur nú hafizt handa um að þessu sinni.

Það er náttúrlega auðsætt mál, að ef allar þær brtt., sem einstakir þm. flytja við þetta frv., yrðu samþ., þá er því stefnt í hættu, og það er mjög vafasamt, að það verði samþ. Og ég get lýst því yfir, eins og ég hef áður gert, að eigi að fara að skerða þann hluta, sem Suðurlandsbrautinni er ætlaður, sem er þó mjög óviss, þá mun ég greiða atkv. hiklaust gegn því, að framlengdur sé þessi viðbótarskattur á benzíni, sem hæstv. fjmrh. flytur till. um.

Það virðist vera ákaflega hjákátlegt, ef tillit á að taka til þeirra, sem mestan benzínskattinn borga, ef ekkert á að reyna að draga úr þeim kostnaði, sem verður við það að þurfa að flytja allar sínar nauðsynjar á bílum til sín og svo frá sér alla sína framleiðslu.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði um, að það yrði nokkuð mikill tími, sem færi í það, ef þingið ætti í hvert skipti að fara — ef ég skildi hann rétt — að ákveða, hvernig ætti að fara að verja þessum tekjum, og þess vegna væri eðlilegast, að fjmrh. væri falið að gera það, sem hann hefur ekki farið fram á sjálfur. Hæstv. fjmrh. hefur farið fram á með sinni till., að þessar tekjur yrðu bundnar. En hv. þm. A.-Húnv. vill ganga lengra í þessum efnum, af því að það tæki svo langan tíma fyrir þingið að ákveða, hvernig þessum tekjum yrði varið. Mér finnst þetta talsvert einkennilegur hugsunarháttur hjá hv. þm., því að allt tekur þetta tíma fyrir þingið, og ekki hvað minnstan tíma tekur það þingið að afgr. fjárl. Kannske hv. þm. A.-Húnv. vilji fela fjmrh. öll fjárl. og láta hann einan um það, hvernig fé ríkisins skuli varið, til þess að þingið þurfi ekki að tefja sig við það. Það er alveg í sama dúr og það, sem hv. þm. hélt fram. En ég álít, að það sé starf Alþ., hvort sem það kostar tíma eða ekki, að ákveða, hvernig þessum tekjum skuli varið. Þó að ég treysti hæstv. ríkisstj. vel um margt, er ég ófús til þess að leggja í hennar hendur úthlutun á þessu fé og öðru, heldur vil ég, að þingið verji tíma sínum til þess að ákveða, hvernig þessu fé er varið, og geri það eins haganlega og heppilega eins og frekast er unnt, eftir því sem þarfir krefja á hverjum stað. Þær allmörgu brtt., sem komnar eru hér fram við þetta frv., sýna það ljósast, út á hvaða braut hv. deild væri að ganga, ef hún færi að samþ. brtt. hv. 8. landsk., sem mundi hafa það í för með sér ekki aðeins að hindra það, að Suðurlandsbrautin héldi áfram, heldur líka að brú yrði sett á Hvítá hjá Iðu, því að það mundu fljótlega koma fleiri till., sem ekki eiga að koma þessari fjárveitingu við, heldur fjárveitingu til brúagerða.

Það er engan veginn víst, hver þeirra brúa, sem koma til greina, verður byggð fyrst, en það er mjög ólíklegt, að brúin á Hvítá hjá Iðu yrði fyrst, vegna þess hvernig hv. 8. landsk. lýsti þörfinni fyrir hana, þannig að eftir þeirri lýsingu virðist það vera sú minnsta þörf, sem þm. getur fært fram fyrir því, að slík framkvæmd þurfi að eiga sér stað. En tilgangurinn með þessu öllu er að eyðileggja mögulcikana fyrir því, að Suðurlandsbrautin komist áfram, og þá einnig, að brúin á Hvítá hjá Iðu komi á sínum tíma, því að hann lýsti yfir, að hann hefði ekki komið með brtt., ef n. hefði ekki komið með brtt. Virðist því brtt. hv. 8. landsk. ekki vera borin fram til annars en að eyðileggja.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það hefði ekki verið rétt hermt hjá mér, þegar ég sagði, að það hefði verið fullkomið samkomulag hjá honum og fjhn., en það hefði verið þannig, eins og nál. og brtt. bera með sér, að hann hefði getað sætt sig við þá afgreiðslu. En ég sé ekki mun á því að geta sætt sig við brtt. og að samþ. hana. Þess vegna er það í raun og veru samkomulag, sem hæstv. fjmrh. gerði við n. um, að hann ætlaði að samþ. þessa brtt. En með sinni brtt. lýsir hann því yfir, að hann gangi á bak orða sinna við n. og að hann ætli ekki að sætta sig við það, sem meiri hl. n. leggur til.

Það mætti náttúrlega tala miklu meira um þessar brtt., sem fram eru komnar. En ég vildi mjög eindregið mælast til þess, að ef þetta frv. á að fá afgreiðslu hér út úr d., þá yrðu ekki gerðar á því meiri breyt. en þær, sem meiri hl. n. leggur til, og með því móti mundi fást afgreiðsla á þessu máli.

Hv. 8. landsk. var að tala um það, að það ætti að brjóta brautina beina. En hvað meinar hv. þm.. með því? Það má vera, að hann meini það, að brjóta brautina beina, að reyna að vera eins og kallað er stundum draugur í vegi fyrir máli, reyna að draga svo úr, að framkvæmdir gangi sem allra seinast. En ég hefði nú haldið, að það væri ekki það, sem kallað er að brjóta brautina beina í máli, heldur væri það, sem kallað er hlykkur eða því um líkt.

Ég vil að lokum benda hv. 8. landsk. á það, að ef hann meinar það, sem hann hefur áður sagt, að hann vildi, að brautin yrði brotin bein í þessu máli, þá ætti hann að taka sína brtt. aftur og láta hana aldrei sjást hér framar, því að hún er honum ekki til sóma.

*__Eiríkur Einarsson:__ Ég geri ráð fyrir, að þessu máli verði ekki komið langt áleiðis með orðaskaki eins og hv. 1. þm. Rang. hefur haft hér. En slíkt orðalag eru aðalrök hans, sem er í raun og veru gott fyrir mig til andsvara. Ræða hv. 1. þm. Rang. er fjarri því að vera nokkuð

prestsleg að orðalagi eða flutningi, enda þótt hv. þm. sé prestvígður. Því að hans ræða snerist ekki um málefnið sjálft, heldur að mér persónulega, og telur hann, að ég sé að reka hér erindi Reykvíkinga, enda sé ég á þeirra framfæri. Hv. 1. þm. Rang., séra Sveinbjörn Högnason, hefði átt að vera uppi á dögum Ólafs Rögnvaldssonar og Gottskálks Nikulássonar, — þar hefði hann passað.

En úr því að hann er að minnast á það, að ég hafi mitt starf hér í Reykjavík, þá mætti minna hv. þm. á það, að einhvers starfs nýtur hann við afurðasölumál Sunnlendinga, og nýtur þar þó þess hagræðis að reka tunguna í rjómann.

Hv. þm. segir, að ég hafi gefið tilefni til nýrra brtt. En hvað gerir hann sjálfur? Hann er flm. að einni slíkri brtt., þannig að það, sem hann fordæmir, fremur hann sjálfur. Slíkt er prestslegt! Hv. þm. hafði enn fremur eftir mér, að ég hefði ekki flutt brtt., ef n. hefði ekki komið með brtt. sem ákvörðun til sérstakra aðgerða. Já, mér varð hugsað til Hvítár í Árnessýslu, að þar væri ekki síður aðkallandi að fá brú yfir þá á heldur en þær ár, sem nefndar hafa verið í þessu sambandi. Og þeirri á eru meira að segja ákveðnar tvær brýr. Og vegamálastjóri hefur látið svo um mælt, að ein af þeim brúm, sem næst kæmu til greina, væri Iðubrúin.

Hv. 1. þm. Rang. hafði það eftir mér, að þarna væru 200 manns. Ég sagði búendur. Þá sagði hv. þm., að ég hefði verið að tala um að brjóta brautina beina. Það er rétt. En þeir, sem vilja fara Krýsuvíkurleiðina austur fyrir fjall, þeir vilja leggja mikla lykkju á leið sína, en ekki brjóta brautina beina. Ég vildi láta fara skemmstu leið milli Reykjavíkur og Suðurlands, sem er fær allan ársins hring, og það er þó nær því að brjóta brautina beina, og það hefur Alþ. játað. Og getur hv. þm. talað um það við hæstv. Alþ., en ekki mig.

Í fyrri kap. ræðu sinnar talaði hv. 1. þm. Rang. um það, að það væri betur tekið út úr till. ákvæðið um að leggja í sérstakan sjóð það fé, sem verja á til Jökulsár á Fjöllum. En ég ætlast líka til, að það fé verði einnig lagt í sjóð, sem verja á í brú á Hvítá hjá Iðu.

Þá sagði hv. þm., að ég væri með þrákelkni í þessu máli og ég hefði í raun og veru ekki áhuga fyrir brú á Hvítá hjá Iðu. Hvernig getur hv. þm. rökstutt þetta mál sitt? Ég hef svo oft lýst því, hversu mikil nauðsyn það er fyrir þessar fjölmennu sveitir að fá brú á Hvítá hjá Iðu, og ég veit, að það eru margir á einu máli um það.

Það er bezt, að hv. þm. hafi þetta, svo getur hann talað í heilan klukkutíma.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 27. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 525,1.a samþ. með 17:1 atkv.
— 525,1.b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 632 felld með 16:5 atkv.
— 626 felld með 16:3 atkv.
Brtt. 627 felld með 16:4 atkv.
— 620 felld með 17:5 atkv.
— 525,2 (1. og 2. mgr.) samþ. með 15:6 atkv.
— 525,2 (3. mgr.) samþ. með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, BJ, BjB, EystJ, FJ, GG, HelgJ, PHann, PO, SkG, SvbH, JörB.

nei: ÁÁ, EE, GÞ, GSv, JakM, JGM, JPálm, SEH, ÞBr.

BÁ, JóhJón, JÍv, StgrSt greiddu ekki atkv.

8 þm. (TT, EmJ, HG, HV, ÍslH, ÓTh, SK, StSt) fjarstaddir.

Brtt. 567 tekin aftur af flm., en tekin upp af þm. Borgf. og samþ. með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrSt, VJ, ÞBr, ÁÁ, EE, GÞ, GSv, JakM, JGM, JPálm, PHann, PO, SEH.

nei: SvbH, BjB, FJ, HelgJ, SkG, JörB,

BJ, BÁ, EystJ, GG, JóhJón, JÍv greiddu ekki atkv.

8 þm. (TT, EmJ, HG, HV, ÍslH, ÓTh, SK, StSt) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, VJ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, HelgJ, JakM, JGM, JÍv, JPálm[1]), PHann, PO, SEH, JörB.

nei: SvbH.

EE, JóhJón greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÓTh, SK, StSt, TT, EmJ, HG, HV, ÍslH) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., 28., maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 659).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 10. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 659, n. 708).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það þarf nú sjálfsagt ekki langa framsögu um þetta mál. Svo einkennilega stendur á, að Alþingi er í raun inni búið að samþ. það, þótt það eigi að forminu eftir að ganga hér gegnum tvær umræður. Við afgreiðslu fjárl. var þeim tekjum, sem hér um ræðir, ráðstafað að ⅘ til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, en ⅕ á að fara til brúargerða, og skal fyrst brúa Jökulsá á Fjöllum. — Þegar frv. þetta var lagt fyrir hv. Nd., gekk það fyrst og fremst út á það að heimila að leggja 5 aura viðbótartoll á hvern innfluttan lítra af benzíni á árinu 1943, sbr. þó nánari ákvæði, en ekki var ákveðið, hvernig

1) **JPálm:** Þrátt fyrir það, þótt ég áliti rangt að skipta svona sérstökum skatti eins og gert er með þessu frv., vil ég heldur samþ. frv. en fella það og segi því já.

með þær tekjur skyldi fara. En Nd. bætti inn ákvæðunum um það.

Fjhn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Það kann að vera, að skoðanir hafi að einhverju leyti verið skiptar í n. um brúasjóðinn, en eins og málið liggur fyrir og vegna þess að áliðið er þings, lögðum við ekki til að gera neinar breytingar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 75. fundi í Ed., 11. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 722).

---

26. Húsaleiga.

Á 3. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu (stjfrv., A. 21).

Á 6. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Það kom í ljós nú í haust, um mánaðamótin sept.—okt., að mikill skortur mundi verða á húsnæði, einkum í Reykjavík. Það þótti líka verða vart við, að víða ætti að breyta húsum til áð taka þau til annarrar notkunar en íbúðar og einnig, að húsnæði væru látin standa auð með það fyrir augum að framkvæma sölu á húseigninni. Út af þessu voru gefin út bráðabirgðal. þau, sem hér liggja nú fyrir til staðfestingar, þar sem mönnum er gert óheimilt að breyta íbúðarhúsum þannig, að þau verði notuð til einhvers annars, t. d. verzlunar. Enn fremur er það, að ef menn halda íbúðum auðum, þá er húsaleigun. í Reykjavík eða fasteignan. utan Reykjavíkur heimilt að ráðstafa húsnæðinu. L. svipuð þessum voru sett á síðustu stríðstímum, því að þá ríkti svipað eða sama ástand og nú. Húsnæðisvandræðin jukust því meir sem lengra kom fram á stríðstímann. Nú eru því miður litlar líkur til, að bygging nýrra húsa hefjist, og er því mikil nauðsyn á að nota á sem réttastan og eðlilegastan hátt það húsnæði, sem til er.

Ég þarf ekki að láta fleiri orð fylgja þessu frv., en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 456).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Eins og tekið er fram í nál. á þskj. 456, hefur allshn. haft þetta frv. til ýtarlegrar athugunar, en það er shlj. bráðabirgðal., sem sett voru 3. okt. s. l. Í þeim bráðabirgðal., sem n. hefur ekki gert brtt. við, er gert ráð fyrir, að ekki megi taka íbúðarherbergi til annars en íbúðar og ekki megi rífa hús, ef það er íbúðarhæft. Jafnframt er húsaleigunefnd gefið leyfi til að taka autt húsnæði handa húsnæðislausu fólki, að sjálfsögðu gegn fullu eftirgjaldi.

Þessi bráðabirgðal. voru sett vegna þess, að veruleg vöntun var á húsnæði hér í Reykjavík og Hafnarfirði, vegna þess að brezka setuliðið hafði tekið á leigu fjölda húsa.

N. getur fyrir sitt leyti fallizt á þetta frv., en athuga mætti, hvort ekki væri rétt að setja sams konar ákvæði um verzlanir og felast í 1. gr.

Jafnframt því, sem þetta frv. var til athugunar í allshn., komu einnig þar til umræðu tilmæli frá félagi húseigenda hér í bænum um breyt. á húsaleigulögunum frá 14. maí 1940, svo húseigendur gætu hækkað húsaleiguna til samræmis við aukinn viðhaldskostnað.

Stjórn Fasteignaeigendafélagsins hefur komið að máli við n. og skýrt málið frá sínu sjónarmiði. Enn fremur hefur hún sent n. frv. til l. um þær breyt., sem hún óskar, að gerðar séu. Er það frv. prentað hér í nál. ásamt bréfi stjórnarinnar. N. sendi húsaleigunefnd frv. það til umsagnar, og er svar hennar einnig prentað í nál.

Með gengisl. frá 4. apríl 1939 er sett ákvæði um, að óheimilt sé að hækka leigu eftir húsnæði frá því, sem var þann dag, nema að svo miklu leyti sem samrýmist eðlilegri hækkun vegna viðhalds og endurbóta og hækkun á sköttum og vöxtum, sem húseigendur yrðu að greiða. Nú voru þessi ákvæði sett inn í l. nr. 91 1940 með nokkrum viðbótum, þar á meðal því, að l. næðu ekki til einstakra herbergja, sem leigð eru út frá húsum.

N. er sammála um að leyfa húseigendum að leigja íbúðir sínar, án þess að reistar séu skorður við, að hækkun eigi sér stað, sem á þessu stigi fyrir rás viðburðanna eru ekki óeðlilegar. Það má segja, að þrjú atriði komi sérstaklega til greina gegn þessu. Í fyrsta lagi er það vitað, að þótt fólksfjölgunin í bænum væri eðlileg, þá eru hvergi nærri byggð svo mörg hús, að það samsvari eðlilegri fólksfjölgun á venjulegum tíma, en til viðbótar við þetta kemur sá mikli fólksstraumur, sem verið hefur til bæjarins, og sú stóraukna eftirspurn eftir húsnæði, sem af því hefur stafað. Í þriðja lagi bætist það við, að brezka setuliðið hefur reynt það, sem það hefur getað, til að fá sem mest af húsnæði í bænum og tekið á leigu fjölda húsa og íbúða. Af þessu öllu leiðir, að eftirspurnin eftir húsnæði er óeðlilega mikil og þar af leiðandi möguleikar til að hækka húsaleiguna óeðlilega mikið. Þess vegna er álit n., að ekki sé fært að taka burt þær skorður, sem reistar hafa verið af löggjaf-

anum við því, að húsnæði hækkaði. Á hitt er svo einnig að líta í þessu sambandi, að nú fer rekstur húseigna ört vaxandi, sérstaklega viðhaldskostnaður. Eftir því, sem n. fékk upplýsingar og vottorð um, að vísu í gegnum stjórn Fasteignaeigendafélagsins, en frá valinkunnum byggingarmeisturum hér í bænum, var meðalviðhaldskostnaður fyrir stríð 15% af húsaleigunni. Að sjálfsögðu er það jafnaðartala, sums staðar meira og sums staðar minna, og auk þess áramunur að því, því að húseigendur láta sér oft nægja minnsta viðhald í nokkur ár, en gera svo vel við húsin á vissu árabili. Jafnframt segja byggingarmeistararnir, að viðhaldskostnaðurinn hafi ekki hækkað um minna en 100% frá því fyrir stríð. Í húsaleigulögunum er heimilað að hækka leiguna eftir því, sem nauðsynlegur viðhaldskostnaður hækkar, og er það komið undir mati húsaleigunefndar, og verða húseigendur þannig að eiga það undir n., hvort hún vili samþ. að hækka húsaleiguna. Má því búst við, að húseignir gangi úr sér af því, að viðhald sé ekki nægilegt, og getur það ekki verið neinum til hagnaðar, hvorki leigjendum, húseigendum né bænum eða landsmönnum yfirleitt. Til þess að ráða bót á þessu, þannig að húseigendum sé gefinn auðveldari aðgangur að því að hækka húsaleiguna í samræmi við það, sem gera má ráð fyrir, að viðhaldskostnaður hækki, er það, að allshn. gerir það að till. sinni, að fundin sé út vísitala, sem sé miðuð við almennan viðhaldskostnað eins og hann var fyrir 4. apríl 1939. Sé hún reiknuð út tvisvar á ári, fyrir 14. maí og 1. okt. Kauplagsnefnd á að reikna hana út með aðstoð hagstofunnar. Með þessu móti vinnst það, að húseigendur geta hækkað húsaleiguna að svo miklu leyti, sem þessi vísitala segir til, að almennur viðhaldskostnaður hafi hækkað. Hins vegar má segja, að þeir, sem verða að greiða meira en meðalviðhaldskostnað, tapi á þessu, en hinir græði á því, en ég held, að þetta muni koma nokkuð jafnt út, ef miðað er við lengri tíma, svo sem 2—4 ár. Einnig er það unnið við þetta, að húseigendur þurfa ekki að leita til húsaleigunefndar til að fá úrskurð í hverju tilfelli, enda er ókleift fyrir n. að ganga um allar íbúðir og fullvissa sig um, hvað viðhaldskostnaður sé mikill og hvað húsaleigan megi hækka frá 4. apríl 1939. Í samræmi við allt þetta þótti allshn. réttast, að þessir óvilhöllu aðilar, kauplagsnefnd og hagstofan, finni, hver hækkun er á viðhaldskostnaðinum, og slík hækkun gangi jafnt yfir alla. Ég vona, að hv. d. geti fallizt á þessa niðurstöðu n., sem nánar er orðuð í brtt.

2. brtt. n. er sú, að húsaleigunefnd sé skylt að hafa lokið við afgreiðslu eða kveðið upp úrskurð um ágreiningsatriði, sem til n. er skotið, innan 14 daga frá því málið var afhent n. til afgreiðslu eða það lagt undir úrskurð hennar. Það liggja fyrir margar kvartanir um það, að n. hafi ekki afgr. mál eða úrskurðað ágreiningsatriði fyrr en eftir verulega langan tíma, og það er að sjálfsögðu óþægilegt fyrir bæði leigusala og leigutaka, að slík ágreiningsefni séu óafgreidd. Þetta kemur að sjálfsögðu af því, að n. hefur haft svo mikið að starfa, að hún hefur ekki komizt yfir þetta verkefni sitt, en ég hygg, að ef úr höndum n. eru teknir úrskurðir um hækkun vegna viðhaldskostnaðar, þá léttist hennar starf verulega, og er sjálfsagt að hafa tímatakmark um, hvenær úrskurðir eru kveðnir upp, enda er þetta ákvæði í samræmi við það, sem víða er annars staðar í löndum um afgreiðslu ýmissa mála, að dómar og úrskurðir skuli kveðnir upp innan ákveðins tíma.

Ég skal svo bæta því við, að það láðist að taka fram, að þessi almenna vísitala á eðlilega að koma til framkvæmda 14. maí í ár. N. mun athuga það, og verður það væntanlega sett inn í frv.

Frá bæjarstjórn Reykjavíkur hefur n. borizt bréf, sem gengur í þá átt að óska eftir, að sett verði ákvæði, sem tryggi innanbæjarmönnum húsnæði frekar en aðkomumönnum. Ég tel rétt, að d. viti um þetta, en n. hefur ekki gert neina till. um að setja slíkt ákvæði inn í frv., því að með þessu væri komið á nokkurs konar átthagaböndum.

Það, sem húseigendur eru óánægðir með, er það, að hömlur séu settar við, að þeir fái meiri arð af því fé, sem þeir eiga í húseignum sínum, en menn almennt fá, en ég tel, að með till. n. sé komið það mikið á móti þeirra óskum, að n. treysti sér ekki til að ganga lengra, þó að ekki sé því móti mælandi, að þessir menn, sem hafa lagt fé sitt í húseignir og ætlað að hafa af því sitt lífsframfæri, þeir verða nokkuð hart úti, en hins vegar yrði, eins og ég gat um áðan, hækkunin á húsaleigunni væntanlega svo ör, að það gæti orðið óviðunandi fyrir almenning.

Ég vona, að d. hafi gert sér ljóst, út á hvað till. n. ganga og hvað það er, sem vakir fyrir henni með þessum brtt. hennar.

*__Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):__ Ég vil fyrst og fremst þakka n. fyrir, að hún leggur til, að samþ. verði óbreyttur sá viðauki við húsaleigulögin, sem fólst í bráðabirgðalögum þeim, sem út voru gefin um það efni á s. l. ári. Hins vegar hefur n. einnig tekið til athugunar, eins og vænta mátti, hvort þörf væri á að breyta að öðru leyti húsaleigulögunum, sem sett voru á síðasta þingi. Hefur nú hv. frsm. skýrt þær brtt., sem fyrir liggja frá n., og þarf ég ekki margt um þær að segja.

Aðaltill. n. er um það, að heimilað verði að hækka húsaleigu vegna aukins viðhaldskostnaðar á þann hátt, að fundin sé sérstök vísitala, er sýni þennan aukna viðhaldskostnað, en í l. nr. 90 frá 1940 var almenn heimild til að hækka húsaleigu fyrir þessum aukna kostnaði, en ætlazt til, að sú hækkun verði framkvæmd eftir mati og till. húsaleigunefndar. Ég skal fyllilega ganga inn á rök hv. frsm. um, að það sé miklum vandkvæðum bundið fyrir húsaleigunefnd í Reykjavík, þar sem jafnmikill fjöldi íbúða er, að ákveða, hversu mikið húsaleiga skuli hækka vegna aukins viðhaldskostnaðar, mismunandi fyrir hverja íbúð í bænum, og þess vegna ekki kleift að framkvæma, ég vil segja, þessa eðlilegu hækkun á húsaleigunni með öðrum hætti en þeim, sem n. leggur til. eða eitthvað í þá átt a. m. k. En ég sakna þess hins

vegar, að n. skuli ekki hafa séð sér fært að verða við óskum meiri hl. húsaleigunefndar Reykjavíkur um að binda heimild til hækkunar vegna viðhaldskostnaðar við það að skila til húsaleigunefndar húsaleigusamningi, en samkv. 4. gr. húsaleigulaganna frá 1940 er skylt að skila slíkum samningi til húsaleigunefndar, en það er eina örugga tryggingin fyrir því, að ekki sé farið á snið við ákvæði húsaleigulaganna. Það hefur orðið misbrestur á því, að menn skiluðu samningum til n., og mun það sumpart stafa af því, að samningar eru oft ekki skriflegir, og sumpart stafa af trassaskap manna að fylgja fyrirmælum laga, en hins vegar er lítt kleift fyrir húsaleigunefnd að ganga eftir því, að öllum samningum sé skilað, því að þá yrði hún að fara til hvers einasta húseiganda og fá að vita hjá honum, hvort hann hefði gert nýjan samning. — Ég vil skjóta því til hv. allshn., hvort hún vill ekki, þegar hún gengur endanlega frá frv., verða við þessum vilja meiri hl. húsaleigunefndar.

Ég geri ráð fyrir, að ekki sé hægt að láta standa, enda ekki sanngjarnt, að húsaleiga hækki með tilliti til aukins viðhaldskostnaðar, og önnur leið verði í því efni vandfundin en sú, sem bent hefur verið á af n. En ég get tekið undir það með n. og vil sérstaklega undirstrika það í sambandi við þessi l., eins og nú standa sakir, að mjög hættulegt væri, að það opinbera hætti að reyna að sporna við óeðlilegri hækkun á húsaleigu, bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu. Í því sambandi vil ég benda á, að það kann að verða verkefni þessa Alþingis á þeim tíma, sem það á eftir að starfa nú, að gefa a. m. k. stj. einhverja heimild til að reyna að gera einhverjar ráðstafanir til að halda niðri dýrtíðinni í landinu, og eitt af stærstu málunum í því sambandi er, að húsaleigan hækki ekki um of, og hefur það að mínu viti tekizt sæmilega á þessum miklu dýrtíðartímum. Það munu flestir vera sammála um það, sem eitthvað hugsa um landsmál og hafa einhverja ábyrgðartilfinningu, að nauðsynlegt sé að setja þær skynsamlegustu skorður, sem unnt er að finna, til þess að halda niðri dýrtíðinni. Ég get ekki séð, að brtt. n. geti orðið til þess að hækka húsaleiguna, svo að nokkru verulegu nemi til hækkunar hinnar almennu dýrtíðar, en til þess að þær skorður geti orðið sem traustastar, vil ég benda n. á þetta atriði og biðja hana að segja til um, hvort hún treysti sér ekki til að fallast á, að það skilyrði verði sett fyrir því, að menn megi hækka húsaleigu samkv. þessari vísitölu, að þeir hafi skilað húsaleigusamningum til húsaleigunefndar.

*__Eiríkur Einarsson:__ Það er stutt aths. Mér skilst, að samkv. brtt. allshn. geti orðið erfitt að ákveða um það, hvað eigi að teljast viðhaldskostnaður. Mér virðist sem n. hafi í a-lið brtt. skotið sér undan að ákvarða nokkuð um það, og gætu orðið vandræði úr, þegar til framkvæmdanna kæmi, því að það er aðeins talað um almennan viðhaldskostnað, sem eigi að ákveða samkv. sérstakri vísitölu. En þegar á að finna út þann almenna aukna viðhaldskostnað, þá er þessi hækkun vafalaust atriði til úrskurðar í mörgum tilfellum, hversu vítt hann skuli taka og hvað skuli í rauninni heyra undir almennan viðhaldskostnað og hvað ekki. Við skulum t. d. taka hús, hvort sem það er gamalt eða nýtt, þar sem þarf að gera hitt og þetta til viðhalds því, svo sem að kítta glugga, mála herbergi og ganga, leggja línoleumdúka á gólf og þar fram eftir götunum. Þetta er sjálfsagður liður í framkvæmd byggingarinnar sjálfrar, þegar um nýbyggingu er að ræða, þannig að það sé leiguhæft á forsvaranlegan hátt. Hvað af þessu t. d. heyrir undir þann almenna aukna viðhaldskostnað og hvað ekki? Þetta finnst mér, að lagasetningin eftir frv. segi ekki nógu glögglega til vegar um, og segi alls ekki til vegar um, og að þetta sé undir mörgum kringumstæðum upplagt atriði til deilu, og virðist mér, að bezt sé þar eins og í fleiri tilfellum að stemma á að ósi, ef unnt væri. Ég vil því skjóta því til n., hvort ekki sé hægt að koma með frekari skilgreiningu en enn þá er orðið í till. hennar hvað skuli meta viðhaldskostnað. Við skulum taka til athugunar ný hús, sem eru tiltölulega vel gerð og leigjandi fer inn í þau með eitthvað hærri leigu, vegna þess að hann kemur inn í góða íbúð, sem ekki er hægt að finna margt til foráttu og ekki hægt að finna margt, sem veldur ágöllum. Slík aðstaða, þegar ætti að leggja álag á þessa leigu eftir almennri, sameiginlegri vísitölu, sem miðuð er við almenna aukningu á viðhaldskostnaði, þá verður það ekki samræmanlegt eða í eðlilegu hlutfalli við þá leigu, sem þeir hafa við að búa, sem búa í gömlum húsum, þar sem leigan er tiltölulega lægri, vegna þess að það er ófullkomnari íbúð, sem þeir eiga við að búa. Ég vil skjóta þessu fram og vona, að það mætti verða til athugunar fyrir allshn. enn þá, þar sem eftir er 3. umr. málsins. Ég vil skjóta þessu fram, ef það gæti orðið til þess, að n. gæti gefið skilgreiningu, sett takmarkanir, til þess að lagasetningin, ef þetta verður að l., vísi ekki í þessu verulega atriði út fyrir bókstaf sinn, eins og mér finnst verða eins og enn þá er, miðað við brtt. n., en það verður hvorum tveggja aðilanum fyrir beztu, bæði leigusala og leigutaka, að aðstaða þeirra geti verið sem skýrust og ótvíræðust í öllum atriðum og vitanlega sem sanngjörnust í hverju sem er.

__Ísleifur Högnason:__ Nál. á þskj. 456 er mjög nýtt í d. Ég held, að það hafi verið afgr. í morgun, og hefur mér því ekki gefizt tími til að athuga það nákvæmlega, en þó sé ég á þessum brtt., að ég get ekki fellt mig við þær sumar.

Í a-lið segir, að heimilt sé að hækka eftir mati leigu eftir húsnæði, sem af sérstökum ástæðum hafi verið leigt lægra en sambærilegt húsnæði á þeim stað. Eftir þessu er leigusala heimilt að krefjast þeirrar hæstu leigu, sem borguð er á þeim stað fyrir sambærilegt húsnæði.

Nú ber að gæta þess, að leigjendur eru eins og aðrir menn, sem eiga viðskipti við aðra, mjög mismunandi hagsýnir og verða að ganga að mjög mismunandi kjörum, þegar þeir taka húsnæði. Þetta ákvæði l. gefur húseigendum mjög

góð tækifæri að spenna leiguna úr hófi fram. Sem sé, við fljótlega yfirskoðun skilst mér þetta alveg óhæft ákvæði í l. Í öðru lagi er síðasta málsgr. sömu greinar mjög svo óheppileg, þar sem ætlazt er til, að l. taki ekki til þeirra, sem leigja einhleypum út frá íbúð sinni. Ef það er meiningin að skattleggja einhleypa menn umfram fjölskyldumenn sérstaklega, þá er réttara að gera það í einum sérstökum lögum. Þá ber og þess að gæta, að Reykjavík hefur þau forréttindi umfram aðra bæi, að þar eru allir æðstu skólarnir, og efnalitlir nemendur, sem verða að sækja menntun sína hingað, verða að leigja sér herbergi, en fyrir þá er engin vernd í l. þessum. Ég ætla hér með að beina þessu til þess eina manns í hv. allshn., sem hér er inni, að taka þetta atriði til athugunar fyrir 3. umr.

Húsnæðiseklan er nú orðin svo mikil, að altítt er að lesa í auglýsingum dagblaðanna, að fram eru boðnar fjárhæðir, ef einhver geti útvegað herbergi einn eða tvo mánuði. Vitanlega er það að fara í kringum þessi húsnæðislög, ef það á að viðgangast að bjóða nokkurs konar mútur til að ná í húsnæði. Enginn vafi er á því, að á næsta hausti verður þetta húsnæðisspursmál mikið vandamál. Og ef bæjarstj. tekst ekki að útrýma Bretum úr miklu af því húsnæði, sem þeir hafa nú, þá eru fyrirsjánanleg hreinustu vandræði. Ég vil líka benda á, að vegna þess að útlit er fyrir, að nýbyggingum fækki — kannske ekki frá síðasta sumri, en þá var mjög lítið byggt, — og vegna eðlilegrar fólksfjölgunar, enn fremur vegna þess, að Bretavinnan dregur fjölda fólks hingað úr sveitinni, þá hljóta húsnæðisvandræðin að leiða af sér aukna sýkingarhættu. Þess vegna er ekki nóg að setja húsaleigulög sem þessi. Alþingi ber að leysa málið þannig, að hlutast til um, að íbúðarhús verði nú þegar byggð í stórum stíl af hálfu þess opinbera. Önnur lausn á málinu er ekki sjáanleg eins og sakir standa.

*Bjarni Ásgeirsson: Það er aðeins lítið atriði, sem síðasti ræðumaður kom inn á. Mér finnst mjög óheppilegur og villandi síðasti málsl. í alið brtt., þetta um herbergi, sem leigð eru einhleypum mönnum. Ég hygg, að það gæti orðið deiluatriði í mörgum tilfellum, hvort þessi herbergi ættu að koma undir ákvæði húsaleigulaganna eða ekki. Nú kemur fjölskyldumaður og býr einn eða er einhleypur, þegar hann tekur herbergið á leigu, og lögin ná þá ekki yfir hann. En ef kona hans færi að búa hjá honum, þannig að þau hefðu ekki eldhús eða matreiðslu, heldur keyptu fæði annars staðar, nær þá ákvæðið yfir herbergi þeirra, að það komi ekki undir húsaleigul.? Þarna er þó fjölskyldumaður tvímælalaust. Mér finnst þetta þurfa að koma greinilega fram frá frsm. n., og helzt orða það svo í l., að ekki valdi ágreiningi. Við vitum, að í mæltu máli eru fjölskyldumenn ekki kallaðir einhleypir menn, en mér skilst, að ákvæðið ætti að ná yfir fjölskyldumenn, ef þeir byggju einir og hafa ekki aðgang að eldhúsi. Þess vegna þarf þetta að vera óvéfengjanlegt. Ég sé, að í frv., sem húsaleigunefnd hefur sent ríkisstj. og hér er prentað, er þetta orðað svona, að ákvæðið taki ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem húseigandi leigir út frá íbúð sinni. Það skilst mér kjarni málsins. Hitt, hverjir eru einhleypir menn, getur oft valdið ruglingi og þrætu.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég skal í raun og veru taka undir það, sem tveir síðustu ræðumenn hafa talað út í niðurlag á a-lið brtt. frá allshn. En þar er ekki um neina breyt. að ræða frá því áður, — það er tekinn upp fyrsti málsl. l. frá 1940. Þetta komst í l. í fyrra sem brtt., en var ekki í frv., sem ég lagði fyrir Alþ., og ég var brtt. andvígur. Nú hefur allshn. ekki treyst sér til að fella þetta ákvæði niður, og virðist ekki vera vilji á Alþ. fyrir því, að svo verði gert. Ég fyrir mitt leyti tel enn heppilegast, að þessi málsl. hefði verið algerlega niður felldur úr l. og einstök herbergi hefðu alveg skilyrðislaust náð undir það eftirlit, sem á að hafa um húsnæði almennt í bænum. Hins vegar er það misskilningur hjá hv. þm. Mýr., að það sé betra og skýrara, sem er í frv. Fasteignaeigendafélagsins, — því að það var það frv., en ekki frv. húsaleigunefndar, sem hann vitnaði til, — því að þar er ákvæðið miklu víðtækara heldur en í núgildandi l. og að því leyti verra frá *mínu sjónarmiði*. Því að þar er heimild til þess yfirleitt að undanskilja öll einstök herbergi frá umráðum húsaleigunefndar. Allshn. vildi ekki ganga svo langt.

Ég verð að álíta það engum vafa bundið, sem hv. þm. Mýr. talaði um, að ef t. d. hjón leigðu herbergi út frá íbúð einhvers, þá sé ekki um einhleypan mann að ræða lengur, og þá fellur þetta húsnæði undir ákvæði þessara almennu húsaleigulaga, þannig, að verðið á herberginu er háð eftirliti húsaleigunefndar. En ef leigt er einhleypum út frá íbúð, annaðhvort að húseigandi geri það eða leigutaki hans, þá er slíkt herbergi undanþegið almennum ákvæðum húsaleigulaganna, og tel ég það til hins verra.

*Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Fyrst vil ég taka til athugunar síðustu málsgr. 1. gr. og 2. málsgr. 1. gr. l. frá 1940. Mig minnir, að þetta kæmi inn í Nd. í fyrra, og það urðu töluverðar umræður um það. Man ég, að hæstv. félmrh. mælti á móti þessari brtt. En það, sem gerði, að þetta var sett í frv., var það, að það er alveg sýnilegt, að gera verður greinarmun á, hvort um einstök herbergi eða íbúð er að ræða. Er það af þeirri ástæðu, að það eru svo hundruðum — eða þúsundum — skiptir herbergja, sem eru leigð út frá íbúðum og kannske þá ekki nema mánaðartíma í einu og á mismunandi tíma árs, og því gersamlega ókleift verk að líta eftir þeim öllum. Vegna vaxandi dýrtíðar og þeirra takmarkana, sem settar eru í l., er vitað, að húseigendur munu í mörgum tilfellum vilja þrengja að sér og leigja út einstök herbergi og hafa þannig af húsum sínum nokkrar tekjur. Þetta var til umr. í deildinni í fyrra, og greinin, sem tekin var upp í frv., er alveg shlj. því, sem er í l. Og satt að segja datt n. ekki í hug, að orðið gæti ágreiningur um þetta atriði út af fyrir sig. En það virðist koma upp nýr ágreiningur, hvað átt sé við með orðinu „einhleypur“. Ég hef ekki

verið í neinum vafa, hvernig það ætti að skilja — þó að nú ætti að vera ástæða til nokkurs efa, þegar hæstv. ráðh., sem er lögfræðingur, vill skýra þetta öðruvísi. Það þýðir, að sá, sem býr í herberginu, hefur ekki aðgang að eldhúsi. Það er sem sé gerður sá stóri munur á íbúðum og einstökum herbergjum. (**Félmrh:** Hvað er þá „einhleypur" þarna?) Það má segja, að það sé kannske ekki rétt að hafa þetta í frv. En það skiptir engu máli, hvort einn eða fleiri menn eru í herberginu, hvort það er karl eða kona, tvær konur eða tveir karlmenn. (**BÁ:** Eða hjón með barn!) Það eru þeir, sem eru í herbergi, sem ekki veitir íbúunum aðgang að eldstó. Og munurinn er sá, að það er hægt að segja slíkum leigjendum upp með 14 daga fyrirvara, en ef aðgangur er að eldhúsi, þá með 3 mánaða fyrirvara. Þetta er það, sem vakti fyrir mér. Það má segja, að það brjóti í bága við það, sem almennt er meint með orðinu „einhleypur maður", en ég á við einhleyps manns not af herberginu. Það þýðir þetta tekniskt, að hann búi þarna, en borði ekki eða hafi aðgang að eldhúsi.

Hv. þm. Mýr. býr á Reykjum. Setjum, að hann leigi um þingtímann hjá mér eitt ákaflega gott herbergi, en ég leigi honum nokkuð dýrt. Kveðst hann þá skjóta málinu undir úrskurð húsaleigunefndar. Ég segi „nei, þú ert einhleypur, hefur einhleyps manns not af herberginu, það er enginn aðgangur að eldhúsi." Svo eitt laugardagskvöld kemur kona hv. þm. ofan frá Reykjum og ætlar að búa hjá honum næstu viku eða svo. Getur hann þá farið til húsaleigunefndar með húsnæðismál sitt? (**BÁ:** Ef ég er ekki einhleypur.) Hann er í þessum skilningi einhleypur eftir sem áður. Ef ætti að gera greinarmun, þá er eðlilegt að tiltaka eins og í frv. Fasteignaeigendafélagsins skilgreiningu milli íbúða þeirra, sem hafa aðgang að eldhúsi, og hinna.

Mér þótti ekki sanngjarnt hjá hv. 4. landsk. að ætlast til, að húseigendur fái ekki hækkun sem svarar viðhaldskostnaði. (**ÍslH:** Það var ekki það, sem ég talaði um, heldur seinni málsl.) Um matið? (**ÍslH:** Já.) Sú málsgr. er shlj. lögunum eins og þau voru. Það er fjöldi íbúða í Reykjavík, sem eru ekki leigðar án hita, heldur með hita. Það er ein miðstöð fyrir margar íbúðir. Ef ágreiningur er um hækkun á húsaleigu vegna þess að kolin hækka í verði, þá er réttur til þess að leggja undir mat húsaleigunefndar, sem á jafnt að gæta hagsmuna húseigenda og leigjenda. Það er ekki heldur um að tala að hækka húsnæðið sjálft, heldur aðeins greiða dýrara eldsneyti. Það má gera ráð fyrir, að fasteignaskatturinn hækki, og þá er leyfilegt að taka fyrir því. Nú á líka að setja nýjan skatt á, tryggingarskatt. Er vel líklegt, að húsaleigun. fallist á nokkra hækkun þess vegna.

Hv. 4. landsk. spurði, hvað n. skoðaði almennan viðhaldskostnað. Hún getur enga reglu gefið um það; það verður hagstofan að gera, af sinni reynslu og þekkingu. Hún hefur sínar töflur yfir marga liði og tekur meðaltal af hækkuninni, og þá kemur vísitalan, eins og dýrtíð í landinu er fundin með því að gefa upp ákveðnar vörutegundir og reikna út frá mismun á verði þeirra nú og áður. En það er sú almenna vísitala um viðhald húsa, sem á að reikna út, en ekki fyrir einstök hús.

Hæstv. félmrh. minntist á, að réttast væri að láta þessa vísitölu ná til þeirra, sem hafa lagt húsaleigusamning fyrir húsaleigun. til úrskurðar. Þetta atriði hefur verið til sérstakrar athugunar hjá húsaleigun., en hún komst að þeirri niðurstöðu, að það skipti litlu máli, af þeirri ástæðu, að bæði húseigandi og leigutaki eiga kröfu til þess hvenær sem er að hafa skriflega samninga eða leggja þá samninga fyrir húsaleigun. til samþykktar. Það kann að vísu að vera svo, að menn hiki við þetta stundum. En n. komst að þeirri niðurstöðu, að sá réttur, sem leigutaki hefur til þess að fá úrskurð á sitt húsnæði, sé ekki betur tryggður, þó að þetta ákvæði væri sett, því að þeir hafa þennan rétt samkv. l.

Ísleifur Högnason: Það er eitt, sem ég gleymdi að taka fram síðast, er ég talaði, í sambandi við síðustu málsgr. a-liðs í 1. gr., og það er, að nú geta húseigendur séð sér hag í því að breyta íbúðum með eldstó í herbergi handa einstökum mönnum. Þess vegna álít ég, að verði þetta ákvæði samþ. í l., þá verði húsaleigul. að meira eða minna leyti gerð gagnslaus. Þá sé ég ekki betur en að húseigandi, sem getur fært rök fyrir því, að sambærilegt húsnæði hafi verið leigt hærra af öðrum húseigendum, hversu miklu hærra sem það var, geti átt kröfu til þess að fá grunnleiguna hækkaða upp í sama verð. Þetta álít ég alveg óhæft líka.

Ég vona, að allshn. taki þessa liði til rækilegrar yfirvegunar og hvort með þessum ákvæðum sé ekki verið að eyðileggja þá vernd, sem leigjendum á að vera tryggð með þessum l. Það hefur sýnt sig, að ákvæðið um það, að venzlafólk húseiganda sitji fyrir þeim, sem áður hafa búið í íbúðinni, hefur oft komið illa við. Ég álít sjálfsagt, að venzlafólkið sitji við sama rétt og óvenzlað fólk. Ég þekki þó nokkur tilfelli, þar sem venzlafólk húseiganda þóttist þurfa á húsnæði að halda, og hafa leigjendur af þeim ástæðum orðið að hrekjast úr húsnæðinu og út á götuna.

Það mun sýna sig í haust, að ef ekki á að taka fastari tökum á þessu máli en hér virðist standa til að gera, þá munu stjórnarvöldin, bæði bæjarstj. og ríkisstj., komast að því, að hér verða þau vandræði á ferðinni, sem verða illviðráðanleg.

ATKVGR.

Brtt. 456,1.a (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 17:2 atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 456,1.b (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 456,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu.

Á 60. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 490, 501).

*Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Samkv. ósk hæstv. félmrh. er lagt til, að bætt verði inn í 1. gr. ákvæði um það, að til þess að húseigandi megi hækka húsaleigu samkv. vísitölu kauplagsnefndar um viðhaldskostnað, þá verði leigumálinn að staðfestast af húsaleigunefnd.

Ég gat þess við 2. umr., að það hefði gleymzt að setja inn í frv. ákvæði um, frá hvaða tíma vísitalan skyldi gilda, en n. hefur orðið sammála um að leggja til, að hún væri látin gilda frá þeim flutningsdegi, sem var í gær.

Þriðja brtt. er um það að fella þessi l. inn í fyrri l.

Vona ég, að d. geti sætt sig við þetta.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil þakka hv. allshn. fyrir það, að hún tók til greina það atriði, sem um ræðir í 1. brtt., sem ég tel til bóta, og vil ég fyrir mitt leyti mæla eindregið með þeirri brtt.

Hinar breyt. eru engar efnisbreyt., heldur meira sjálfsögð formsatriði, og sé ég ekki ástæðu til að minnast á þær frekar.

Skúli Guðmundsson: Það er aðeins eitt atriði í 1. gr., sem ég vildi óska skýringar á, eins og það nú liggur fyrir. Í 2. málsgr. 1. gr. stendur, að það sé heimilt að hækka eftir mati leigu eftir húsnæði sökum verðhækkunar á eldsneyti o. s. frv. Hins vegar er ekkert fram tekið um það, hver eigi að framkvæma þetta mat. Ég vildi beina því til n., hvort ekki sé þörf á að taka það fram, hver eigi að framkvæma þetta mat.

*Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Ef við berum þetta atriði saman við gömlu l., þá er ekkert í 1. gr. þeirra, sem gefur til kynna, hver skuli meta þetta, en af öðrum gr. l. má sjá, að það er húsaleigunefnd, sem það á að gera, því það hefur enginn húseigandi leyfi til að hækka húsaleiguna nema samkv. vísitölunni eða sökum verðhækkunar á eldsneyti, og þá er það eingöngu húsaleigunefnd, sem getur leyft slíka hækkun. Ég held, að það eigi ekki að vera neinn vafi hér um.

ATKVGR.
Brtt. 501,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 501,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., 16. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 526).

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 7. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 526, n. 692, 698).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 698. — Afbrigði um hvort um sig leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Þetta mál hefur verið lengi hjá allshn., og er því von, að það komi seint fram í d. Frv. er flutt sem stjfrv., og hefur það farið gegnum Nd. með nokkrum breyt. frá því, sem bráðabirgðal. voru upprunalega. Aðalbreyt., sem n. í Nd. gerði á bráðabirgðal., er aðallega við 1. gr. laganna. Önnur gr. er nokkurn veginn shlj. ákvæðum bráðabirgðal., en svo er einnig gerð breyt. við 3. gr., þar sem svo er ákveðið, að húsaleigun. skuli hafa úrskurðað um ágreiningsatriði innan 14 daga frá því málið var afhent n. til afgreiðslu. Þessar breyt. eru að mestu shlj. bráðabirgðal., og þarf ég því ekki að vera að rekja efni þeirra.

Allshn. þessarar d. hafði kallað á sinn fund kauplagsn. og hagstofustjóra, sem ætlazt er til samkv. frv., að kveði á um þá vísitölu, sem eftir skuli farið um hækkun viðhaldskostn. og nú er heimilt að húsaleigan hækki í samræmi við. Allshn., kauplagsn. og hagstofustjóri voru samdóma um, að orðalag 1. gr., eins og það er í brtt. 526, væri ekki nógu ljóst fyrir kauplagsn. og hagstofuna að vinna úr, og taldi því n. nauðsynlegt að kveða nokkuð skýrara á um orðalag gr. heldur en áður var. En þó er það aðallega það, sem hér er fyllra kveðið á um, að félmrh. skal að fengnum till. húsaleigun. ákveða hlutfallið milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar. Samkv. því hlutfalli og þeirri hækkun, sem verða kann á hverjum tíma, skal kauplagsn. með aðstoð hagstofunnar reikna út tvisvar á ári vísitölu, sem svo skal farið eftir um leigumála. Í frv. eins og það kom frá Nd. var þetta orðað svo, að vísitöluna skyldi reikna út 14. maí og 1. okt., nákvæmlega á þeim dögum, sem húsnæðisskipti eiga sér stað hér í bænum. Það var ómögulegt fyrir kauplagsn. að reikna út þessa vísitölu sama daginn og flutningar fara fram, heldur varð að gefa nokkurn frest til þess að reikna vísitöluna út. Þess vegna er í okkar till. miðað við 1. maí og 1. sept. Þetta er í aðalatriðum sú breyt., sem n. leyfir sér að gera á orðalagi 1. gr. Við 2.—3. gr. sá n. ekki ástæðu til að gera breyt., nema að því leyti að færa þær í samræmi við bráðabirgðal. Það má kannske segja, að það hefði mátt kveða dálítið ýtarlegar á um þetta efni heldur en n. hefur gert, og skal ég ekki fara út í það. Ég tel það höfuðatriðið, að n. hefur orðið sammála um þær breyt., sem þegar liggja fyrir, að undanskildu því, að hv. 11. landsk. hefur komið með brtt. á þskj. 698, þar sem hann gerir tvær efnisbreyt. frá því, sem meiri hl. n. leggur til. Hin fyrri er sú, að hann vill, að í staðinn fyrir húsaleigun. komi kauplagsn., sem kveði á um hlutfallið milli viðhaldskostn. og húsaleigu eins og það er á hverjum tíma. Aftur á móti viljum við, að það verði húsaleigun., og skal ég fara um þetta nokkrum orðum. Húsaleigun. er aðili, sem er valin þannig, að hún á að vera hlutlaus aðili á milli húseigenda og leigjenda, og ég held, að í þá n. hafi valizt hæfir menn, sem kunnugir eru öllu því, sem lýtur að þessum málum. Það verð-

ur að leggja mikið upp úr því, að hér sé um hlutlausan aðila að ræða, og í þeim skilningi sjáum við ekki annan aðila heppilegri en húsaleigun. En breyt. sú, sem þessi hv. þm. leggur til, er sú, að hér sé miðað við viðhaldskostnað eins og hann var 4. apríl 1939, en frv. gerir ráð fyrir því, að miðað sé við 14. maí 1940, og skiptir þetta að sjálfsögðu allmiklu máli. Nú var það svo í l., sem gilt hafa og gilda enn, að menn máttu hækka húsaleigu sem viðgerðarkostnaði nam, og var því hægt fyrir húseigendur að láta leigjendurna greiða þann kostnað, sem varð á þeim tíma frá því l. voru sett, en hins vegar þótti allshn. Nd. og einnig þessarar d. rétt að binda þetta tímatakmark við 14. maí 1940. Af báðum þessum ástæðum getum við ekki mælt með þeirri breyt., sem meðnm. okkar hefur lagt hér fram. — Um kauplagsn. er ekki nema gott eitt að segja, hún er að sjálfsögðu vel skipuð mönnum, en ég held þó, að hennar aðstaða til þess að reikna út þetta hlutfall sé nokkuð lakari heldur en húsaleigun., vegna þess að húsaleigun. hefur fengið í sínar hendur ótal gögn, sem létta henni það starf að geta kveðið réttlátlega á um þetta hlutfall. Svo veit ég ekki, hvort það er hugsunarlega rétt að láta þá n. ákveða þetta hlutfall, sem einnig á að reikna út vísitöluna (kaupvísitöluna). Ég tel það a. m. k. vafasamt. Hér er um ábendingu að ræða til félmrh.,, sem hann í flestum tilfellum mun fara eftir, og er það því mikilsvert, hvernig gögn það eru, sem slík n. leggur félmrh. í hendur.

Ég hef þá lýst þeirri afgreiðslu, sem n. leggur til, að frv. fái. Meiri hl. allshn. leggur til, að brtt. hans verði samþ., en að brtt. 11. landsk. verði felld. Ég hygg, að þetta mál hafi dregizt nægilega lengi til þess, að tími þyki til þess kominn að láta það fá afgreiðslu þingsins, því að það nær ekki nokkurri átt, að svona mál dagi uppi. Til þess að fá húsaleigul. úr gildi numin er nauðsynlegt að fá þetta frv. afgr., og ætla ég ekki að fara út í það, en ég hygg, að þetta mundi ekki verða hvað minnsti liðurinn í því að hafa einhvern hemil á dýrtíðinni, að húsaleigan fari ekki fram úr öllu lagi. Með þeim till., sem hér liggja fyrir, leggur n. til, að frv. verði samþ., og mun ég ekki fara ýtarlegar út í þetta mál að svo stöddu.

*__Magnús Gíslason:__ Þegar þetta mál kom fram í Nd., voru á því nokkur missmíði, sem frsm. n. hefur raunar drepið á, sem sé að það vantaði ákvæði í l. um það, hvernig vísitalan, sem gert er ráð fyrir, eigi að reiknast út. Vitanlega er ekki nóg að ákveða vísitölu um þessa hækkun, heldur varð að skera úr því, hvað mikið húsaleigan skyldi hækka í hlutfalli við dýrtíðina, og þurfti því að finna hlutfallið milli viðhaldskostnaðar og húsaleigu á hverjum tíma. N. var því sammála um, að kippa þyrfti þessu í lag, og till. mínar voru í upphafi þær, að félmrh. ákvæði þetta hlutfall milli viðhaldskostnaðar og húsaleigu. En það, að þetta skyldi gert að fengnum till. húsaleigun., átti að verða til þess að fyrirbyggja það, að nokkra tortryggni gæti verið um að ræða, og húseigendur áttu að fá að leggja sitt til málanna, enda ættu þeir að vera manna kunnugastir um það, hver viðhaldskostn. væri og hvernig hlutfallið yrði rétt fundið milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar. En n. gat ekki orðið sammála um þetta, og bar ég því fram brtt. við till. n. um það, að kauplagsn. skyldi falið að gera slíkar till. til félagsmálaráðherra í stað húsaleigunefndar. Hv. frsm. sagði, að þetta mundi ekki vera heppileg leið, það þyrfti að vera hlutlaus aðili, sem gerði slíkar till., og taldi hann, að húsaleigun. væri hlutlaus aðili í þeim efnum. Það getur vel verið, að húsaleigun. sé það, og hún á að vera það að sjálfsögðu, — til þess er hún skipuð að dæma hlutdrægnislaust milli þessara aðila, húseigenda og leigjenda. En það mun ekki álit a. m. k. húseigenda, að n. sé hlutlaus í þessum efnum, því að þeir eru þeirrar skoðunar, að n. hafi tilhneigingu til þess að draga frekar taum leigjenda en húseigenda. Mér finnst það ástæðulaus ónærgætni að neita húseigendum um að hafa till.-rétt í þessu máli, sem skiptir mjög miklu máli og þeir manna bezt þekkja og vita, hver viðhaldskostn. er. En svo er annað atriði, sem máli skiptir og brtt. 698 fer fram á, og það er, að hlutfallið milli húsaleigu og viðhaldskostn. verði miðað við 4. apríl 1939, eða við gildistöku gengisl. Eftir því, sem ég tók eftir frsm., þá virtist mér svo sem hann hefði misskilið, hvað ég á við með þessu. Hann leit þannig á, að ef það hefði átt að miða þetta við hlutfallið milli húsaleigu og viðhaldskostn., þá yrði að miða við 14. maí 1940. Í frv. er talað um það, að húsaleigan megi ekki hækka frá því, sem hún var 14. maí 1940, en seinna í 1. gr., eins og hún kom frá Nd., er sagt, að vísitalan skuli vera miðuð við almennan viðhaldskostn. eins og hann var 4. apríl 1939. M. ö. o., að miða við það verðlag, sem hér var eftir að gengisl. höfðu verið sett, og á meðan þetta ákvæði er ekki sett, sem ég vil setja í l., þá er félmrh. í óvissu um það, við hvaða tímabil eigi að miða, þegar ákveða skal hlutfallið milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar.

Annars má deila um það, við hvaða tímabil eigi að miða, þegar reikna á hlutfallið milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar. Því miður er því ekki að leyna, að allmikil óánægja er meðal húseigenda hér í Reykjavík um þessa löggjöf í heild sinni, og mér virðist sem þær ástæður, er húseigendur færa fram fyrir óánægju sinni, hafi við ekki svo lítil rök að styðjast. Það hefur áreiðanlega verið búið öðruvísi að þessum borgurum heldur en öðrum borgurum í landinu. Allir þeir, sem laun taka hjá því opinbera og hjá einkafyrirtækjum, hafa fengið leiðrétting sinna mála að því leyti, að þeim er greidd full verðuppbót á laun sín, og verkafólk hefur einnig fengið sömu kjarabætur og meira að segja fengið grunnkaupið hækkað. Framleiðslan í landinu hefur fengið stóra hjálp af hálfu hins opinbera, m. a. fyrir aðgerðir Alþ. 1939, þegar gengi íslenzku krónunnar var lækkað, og við gengislækkunina, sem hefur orðið árið 1940, og nú skilst mér, að sé á leiðinni frv. um víðtæka aðstoð af hálfu hins opinbera til framleiðslunnar í landinu. En húseigendur einir manna fá enga leiðrétting sinna mála. Alþ. hefur tekið fyrir það, að þeir gætu á nokkurn hátt haft meira

upp úr sinni eign, sem bundin er í fasteign, heldur en var, áður en verðhækkunin skall á. Það getur verið, að fyrir suma húseigendur skipti þetta ekki svo miklu máli, af því að þeir hafi annan rekstur með höndum, en hér í Reykjavík eru margir húseigendur, sem hafa á undanförnum árum ekki haft annað til að lifa af en hús, sem þeir hafa eignazt. Þetta er oft og tíðum eldra fólk, sem hefur notað sitt fé til þess að kaupa hér fasteign og hefur ætlað sér að lifa á henni í elli sinni.

Það er að sjálfsögðu vilji hv. þm. og Alþ. að setja sinn metnað í að ganga svo frá þessari löggjöf, að þeir, sem við hana eiga að búa, geti við unað. Það ætti að takast, ef fullri sanngirni er beitt. Hvað húsaleigul. snertir, hefur þetta ekki tekizt hingað til, og Alþ. ætti ekki að auka á óánægjuna með því að mæta ekki jafnsanngjörnum kröfum og það er, að gerðar séu till. um það, hvernig hlutfallið á milli viðhaldskostnaðar og húsaleigu er fundið. Húseigendur vilja sætta sig við að láta kauplagsn. gera slíkar till. frekar en húsaleigun.

Ég bið hv. frsm. að athuga það, sem ég sagði um tímatakmarkið, því að það þarf að koma inn í l., hvort miðað er við verðlagið fyrir stríð eða t. d. 14. maí 1940, en slíkt væri órétt að gera.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég var því miður ekki við, þegar fyrri umr. fór fram. Ég vil taka það fram fyrst og fremst, að ég tel þær breyt., sem gerðar hafa verið á 1. gr., mjög til hins verra. Þessi l. voru sett til að halda niðri húsaleigu í bænum, en í 1. gr. er ákveðið, að húsaleigu megi hækka eftir því, sem viðhaldskostnaður hækki, og er svo til ætlazt, að húsaleigun. ákveði, hver hækkunin megi verða á leigunni. Í þess stað er nú í Nd. lagt til, að farið verði eftir vísitölu, sem í fæstum tilfellum yrði rétt. Viðhaldskostnaður getur verið frá 5—30% af húsaleigutekjunum. Það er því miklu réttara að láta húsaleigun. ákveða hækkun húsaleigu í hvert sinn en láta alltaf gilda sömu prósentvísu hækkunina. Þetta er ranglæti gagnvart þeim húsum, sem verri eru og mikið þarf að kosta til viðhalds á. Það er miklu réttara, að húsaleigun., sem kemur á staðinn og sér, hvaða viðhalds er þörf og hver leigan er, ákveði þetta. Þá er þess að gæta, að nú er viðhald víða vanrækt. Enda er hæpið, hvort á að hækka húsaleigu, þó að einhver húseigandi telji sig ekki geta fóðrað stofu eða gert við dúk nema fá hækkaða húsaleigu fyrir. Þegar viðhald er ekki framkvæmt, á leigan ekki að hækka.

Ég vil láta 1. gr. vera óbreytta. Ef breyt. á 1. gr. verða samþ., er ég ekki viss um, að réttarbæturnar í 2. gr. séu það miklar, að ég vilji kaupa þær fyrir 1. gr., eins og lagt er til, að hún verði.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Við nánari athugun sé ég, að það er rétt, að það þarf að koma inn í frv. nánara ákvæði um tímatakmarkið, en ég er ekki viss um, hvort rétt er að orða það eins og hv. 11. landsk. þm. vill. Hins vegar er sami ágreiningur á milli okkar hvað snertir kauplagsn. og húsaleigun. Ég teldi æskilegt, ef hann vildi fresta sinni till. til 3. umr., svo að við getum rætt málið nánar.

Ég skal ekki rökræða önnur atriði málsins. Það verður undir mati komið, hvort fasteignaeigendur verða hart úti. Þeir eiga sitt fé í fasteignunum, og leigumálar eru venjulega það ríflegir, að fullt svo góðir vextir fást af fénu og menn fá nú af peningum í bönkum, enda vilja menn ólmir kaupa fasteignir nú.

Hv. 1. þm. N.-M. mælti mjög gegn 1. gr. og taldi hana breytta svo mjög til hins verra, að vafasamt væri, hvort borgaði sig að samþ. 2. gr., ef breyt. á 1. gr. næðu fram að ganga. Mér finnst hv. þm. hafa nokkuð til síns máls. Það er vandaverk að skapa vísitölu svo, að einskis réttur verði fyrir borð borinn. Húsin eru misjöfn og viðhaldið eftir því. En mér virðist ekki nema ein leið út úr þeim vanda. Það verður að meta hverja einustu íbúð. En íbúðir skipta þúsundum, og þó að ekki sé nema nokkur hluti þeirra metinn, hversu óskaplegt verk er það ekki fyrir eina nefnd? Þetta kom til tals í n. hjá okkur, hvort ekki væri gerlegt að meta íbúðir, en við sáum ekki betur en að það væri fullkomið ofverk fyrir eina nefnd.

Ef óskir hv. 1. þm. N.-M. næðu fram að ganga og breyt. á 1. gr. væri felld hér í d., mundi það valda svo mikilli togstreitu í Nd., að frv. mundi hrekjast á milli d. á ný. Ég vil því ekki ráða til þess að fella breyt. á 1. gr.

***Magnús Gíslason:** Ég get ekki orðið við því að taka brtt. mína aftur til 3. umr., því að ef hún verður samþ., er þegar komin leiðrétting á þessu í frv., en ef hún verður felld, má alltaf bera fram till. við 3. umr. til bóta.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég fæ ekki skilið af brtt. hv. 11. landsk. þm., hvort átt er við hlutfallið á milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar 4. apríl 1939 eða hvort átt er við hlutfallið á milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar og aukins viðhaldskostnaðar. (**MG:** Ef viðhaldskostnaður er þá 1/10, en nú 2/10, ætti húsaleiga að hækka um 1/10.)

Ég er eins og hv. 1. þm. N.-M. andvígur 1. gr. eins og hún er nú. Það er enginn vafi á, að þær breyt., sem farið er fram á, verða til þess að hækka húsaleiguna almennt, þannig að þetta er ekkert annað en frv. um heimild til að hækka húsaleigu. Það skýtur dálítið skökku við, að Alþ. sé að samþ. l., sem verða til þess að auka dýrtíðina, á sama tíma og það er talið þýðingarmesta mál þingsins að stöðva dýrtíðina og þingi hefur verið frestað í vikutíma þess vegna.

Það er rétt, að það verður ekki hjá því komizt, að húsaleiga hækki í samræmi við viðhaldskostnað, en hún gerir það líka eftir gildandi l. Samkv. 1. gr. þessa frv. eins og hún er nú hækkar öll húsaleiga án tillits til viðhalds. Vísitalan um viðhaldskostnað væri miðuð við, að öllum húsum væri sæmilega haldið við, en þar skortir mjög á, einkum nú á yfirstandandi tíma. Þar vantar viljann eða getuna eða hvort tveggja. Af þessum ástæðum greiði ég atkv. á móti 1. gr. Það eru allt aðrar breyt., sem er brýn nauðsyn að gera á húsaleigul. Samkv. skýrslu bæjarstj.

hefur 67 bæjarbúum verið komið fyrir á franska spítalanum og í Austurbæjarbarnaskólanum. Fjölda fólks er kúldað niður til bráðabirgða. Hvað verður um þetta fólk í haust og fjöldamargt annað, sem þá kemur í bæinn? Eftir þessari sömu skýrslu hefur brezka setuliðið afnot af 25 heilum húsum og 11 húsum að nokkru leyti. Í byrjun þings flutti ég frv. um, að bannað væri að leigja setuliðinu og að allir leigusamningar við það féllu úr gildi 14. maí. Því hefur hvað eftir annað verið lýst yfir, að setuliðið mundi flytja burt ákveðinn dag, en aldrei orðið úr því. En það er Íslendinga sjálfra að ákveða, hverjum þeir leigja, og skylda Alþ. að breyta þessu.

Annað atriði var heimild handa bæjarstj. til að leggja á stóríbúðaskatt og taka eignarnámi það, sem fram yfir væri 20 gólffletarmetra á hvern íbúa. Allt þetta eru nauðsynlegar ráðstafanir. Frv. mitt fór til n., en frá n. hefur ekkert heyrzt. Málið hefur verið svæft, eins og flest önnur nytjamál, en hefði það náð fram að ganga, væri ekkert húsnæðislaust fólk til í Reykjavík.

ATKVGR.
Brtt. 698 samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, MG, MJ, PZ, ÞÞ, ÁJ, EÁrna.
nei: IngP, PHerm, SÁÓ, BSt, ErlÞ.
BSn, BrB greiddu ekki atkv.
2 þm. (HermJ, JJ) fjarstaddir.
Brtt. 692, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 74. fundi í Ed., 10. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 707, 714).

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Allshn. hefur leyft sér að flytja hér brtt. á þskj. 714, og gengur hún út á það, að kauplagsnefnd skuli hafa lokið útreikningi viðhaldskostnaðar 1. marz og 1. ágúst ár hvert, eða mánuði fyrr en í frv. stendur. Á byrjunarstigi þarf kauplagsnefndin mjög mikinn undirbúning og athugun við verkið, en hefði aðeins hálfan mánuð til verksins, ef frv. stæði óbreytt. Hlutfall húsaleigu og viðhaldskostnaðar og vísitalan, sem reiknuð er út eftir því, þarf að vera ákveðið í tæka tíð, og óskaði kauplagsnefndin því eftir þessari einföldu breyt., sem ég vænti, að d. geti fallizt á.

ATKVGR.
Brtt. 714 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv. og endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., 11. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 719).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 728).

---

27. Eyðing svartbaks.

Á 48. fundi í Nd., 30. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um eyðingu svartbaks (stjfrv., A. 319).

Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 319, n. 429).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Þetta frv. er að mestu leyti shlj. frv., sem ég og hv. 5. þm. Reykv. (SK) höfum flutt á undanförnum þingum. Þó er nú bætt inn ákvæðunum um eitrun.

Hæstv. stjórn hefur nú tekið málið að sér, og það er hún, sem hefur ráðið því, að inn í það voru tekin ákvæði um eitrunina. Og hefur þar ekki sízt ráðið skoðun og álit þess fræðimanns, sem til var leitað, Finns Guðmundssonar. Hafa hv. deildarm. fengið ritgerð hans til yfirlestrar, og leyfi ég mér að vísa til þeirra röksemda, sem þar eru færðar fram.

Eins og sést á nál., er málið afgr. þannig frá allshn., að nm. eru sammála um að mæla með, að frv. verði samþ., en hafa óbundin atkv. um ákvæðin um eitrunina, en með því að engin brtt. er komin fram um það atriði við þessa umr., þá vil ég leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt til 3. umr., og gefa þeim mönnum, sem telja rétt að fella burt þetta ákvæði, tækifæri til að bera fram síðar brtt. þar að lútandi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil gjarnan koma með skrifl. brtt. og er enga stund að skrifa hana.

Garðar Þorsteinsson: Ég vildi, að eitt atriði yrði fellt burt úr frv. Undanfarið hef ég greitt

atkv. á móti þessu frv. og mun þess vegna leyfa mér að bera fram skrifl. brtt., sem er í þá átt, að 2. og 4. gr. falli burtu, enn fremur brtt. um, að síðari málsgr. 5. gr. falli burtu. Þar stendur, að ef menn ætli að drepa svartbak eða fleyga svartbaksunga í ábýlislandi annars manns, þá skuli ábúanda tilkynnt það og honum gefinn kostur á að fylgjast með veiðinni. Mér mundi finnast nokkur töf í því að kalla á ábúanda, því hætt er við, að svartbakurinn yrði floginn veg allrar veraldar, á meðan á því stæði. Hér er sem sé gert ráð fyrir, að maður, sem fer í veiðiför, þurfi að láta ábúandann vita um, að hann hafi séð fugl og ætli að skjóta hann. Segjum sem svo, að í þessari veiðiför sæi maðurinn aðeins einn fugl, sem svo væri floginn, þegar búið væri að sækja ábúandann, — það yrði léleg veiðiför.

Pálmi Hannesson: Í sambandi við þetta mál má geta þess, að bæði ég og fleiri náttúrufræðingar erum yfirleitt mótfallnir því að fækka fuglum með eitri, því að það má gera ráð fyrir, að eitrið yrði, auk þeirra tegunda, er eyða bæri, öðrum tegundum að fjörtjóni. En við erum nú að láta rannsaka málið, og vel má vera, að hægt verði að leyfa eitrun, ef það yrði ekki öðrum tegundum dýra að tjóni. En til þess að tefja ekki málið í þessari deild höfum við hugsað okkur að leggja skýrslur þessu viðvíkjandi fyrir Ed., því það mundi tefja málið minna.

Í gildandi lögum frá 1936 er hver ábúandi skyldaður til að eyða eggjum svartbaks á jörðum sínum. Þetta ákvæði hefur verið að engu haft, og þó er eyðilegging eggja tvímælalaust ein bezta aðferðin til að eyða fuglinum.

Mér finnst því, að á meðan ekki er gengið betur eftir, að lagaákvæðum sé hlýtt, sé lítið fengið með því að setja ný lagaákvæði. Hitt er vitanlega gefið mál, að svartbakur er skæðasti vargur í æðarvarpi, og honum virðist fjölga ár frá ári. Einnig er hann eigi alllítill vargur í lax- og silungsveiði, svo að full ástæða er til að halda honum í skefjum.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 7. landsk. og hv. 6. þm. Reykv. um að 2. og 4. gr. og síðari málsl. 5. gr. falli burt. [Sjá þskj. 464.]

Afbrigða þarf til þess að brtt. verði tekin til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Ég hafði ætlað að koma með brtt. um að fella burt 2. og 3. gr., en get fallizt á að greiða till. hv. 7. landsk. atkv. Ég vil benda á, að útbýtt hefur verið hér á Alþ. fylgiriti með þessu frv., og einnig frv. um friðun æðarfugls, eftir Finn Guðmundsson, og í þessu fylgiriti er lýsing á eitrun. Samkv. þeirri lýsingu finnst mér ekki aðeins um ómannúðlega aðferð að ræða gagnvart svartbaknum, heldur einnig, að veruleg hætta geti stafað af þessu eitri bæði fyrir menn og skepnur. Það er gert ráð fyrir stryknini, og þarf að gæta fyllstu varúðar við meðferð þess.

Í frv. stendur, að bannað sé að hirða svartbak, sem drepizt hafi á eitri. Nú getur svo farið, að svartbakurinn falli dauður í sjó niður, er eitrið hefur verkað, og ef hann finnst þar, þá veit enginn, hvort hann hefur drepizt af eitri eða ekki. Af þessu getur því stafað hin mesta hætta. Ég tel því ekki gerlegt að gera þetta með þeim hætti, sem frv. fer fram á, og er því fylgjandi, að sú grein verði felld niður.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég vil geta þess, að í frv., sem liggur til grundvallar þessu frv. og flutt var á undanförnum þingum af okkur hv. 5. þm. Reykv., var ekki farið inn á eitrunina. Nú er eitrun hins vegar heimiluð í núgildandi l., og þó að ég sé ekki sjálfur hrifinn af þeirri aðferð, þekki ég þó svo mikið til þess, hver vágestur svartbakurinn er í æðarvarpi hér á landi, að ég mundi ekki setja það fyrir mig. Þetta er svo mikilsvert mál, að svo búið má ekki standa. Fer ég því fram á það, að hv. d. lofi málinu að fara nú þegar gegnum þessa umr., með skírskotun til þess, að álitsgerð frá tveim mönnum, öðrum en Finni Guðmundssyni, mun verða lögð fyrir hv. Ed., en málið hins vegar svo seint fram komið, að flýta verður því sem mest hér í hv. d., svo að hv. Ed. geti fengið tíma til að afgreiða það fyrir sitt leyti.

Pálmi Hannesson: Ég vil spyrjast fyrir um það, hvort ekki megi skoða það sem leiðréttingu í 3. gr., þar sem sagt er, að bannað sé að hagnýta á nokkurn hátt svartbaka, sem finnast dauðir, o. s. frv., að fuglsheitið sé haft í eintölu og sagt, að bannað sé að hagnýta svartbak. Mundi fara öllu betur á þessu. **(BJ:** Jú, það mun ekkert vera því til fyrirstöðu).

Pétur Ottesen: Að því leyti sem ríkissjóður tekur þátt í verðlaunum þeim, tveim krónum, sem greidd eru fyrir hvern svartbak eða fleygan svartbaksunga, sem drepinn er, þá er gert ráð fyrir, að sýslan, þar sem fuglinn er drepinn, endurgreiði ríkissjóði 25% upphæðarinnar, en hreppurinn 20%. Er því gert ráð fyrir, að 45% af upphæðinni greiðist með þessum hætti. Ég vil nú benda á það, að þó að þær ráðstafanir, sem hér er stofnað til, gætu orðið þýðingarmiklar um eyðingu þessa vargs, þá gæti farið svo, að hreppur eða sýsla, sem yrðu samkv. þessu ákvæði að greiða mikið gjald, hefðu ekki í sömu hlutföllum beinna hagsmuna að gæta í sambandi við eyðingu fuglsins. Svo er t. d. um þá staði, þar sem ekki er æðarvarp. Gæti því orkað tvímælis, hvort leggja ætti þetta gjald á slíkar sýslur eða hreppa. Það er t. d. kunnugt, að kringum margar verstöðvar landsins safnast mikið af svartbaki, sem sækir í slor og fiskúrgang. Er auðvelt að ganga vel fram í því að skjóta fuglinn á slíkum stöðum, þar sem hann safnast í stórum flokkum, af því að æti er nóg. Gæti þetta orðið nokkur byrði á hlutaðeigandi hrepps- og sýslufélagi. Bendi ég á þetta til athugunar, en engan veginn í því skyni að tefja málið, því að ég er því meðmæltur, að gangskör sé gerð að útrýmingu þessa ránfugls, sem veldur stórtjóni í æðarvörpum hér á landi.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vil alvarlega vara hv. þd. við að falla frá því, að eitrað sé fyrir svartbak. Frv. þetta er mjög vandlega undirbúið, og er það álit manns, sem hefur rannsakað málið og er því gagnkunnugur sem fræðimaður og sem maður, sem hefur haft með umhirðu æðarvarps að gera, að þýðingarlaust sé að reyna að útrýma svartbak án þessarar aðferðar. Ég býst við, að hv. n. hafi kynnt sér álitsgerð þá um tjón af svartbaki í varplöndum, sem fyrir liggur. Munu fáir hafa látið sér til hugar koma, að tjónið væri svo mikið sem þar kemur fram. Er það jafnvel svo, að af þeim 60—70 hundraðshlutum af eggjum, sem svartbakurinn skilur eftir í varplöndunum, hirðir hann síðar jafnvel enn þá stærri hundraðshluta, með því að éta ungana, sem koma úr þeim. Ég hef rætt þetta mál við varpeigendur, og þeir telja yfirleitt allt gagnslaust annað en eitrun, enda er auðvelt að koma henni við. Væri það líka afturför frá núgildandi l., þar sem eitrun er leyfð, ef hún væri nú afnumin. Ég veit til þess, að í einni sýslu að minnsta kosti, Dalasýslu, er búið að ganga frá reglugerð um eitrun. Varpeigendur þar vita, að allar aðrar aðferðir eru þýðingarlausar. Ég mælist því til þess, að þetta frv. hljóti samþykki og fljóta afgreiðslu, án þess að því verði breytt í verulegum atriðum. Hygg ég, að ég mæli hér fyrir munn allrar stj.

Garðar Þorsteinsson: Það er fróðlegt að heyra það, að öll hæstv. ríkisstj. stendur að því að drepa fugla á eitri. En hefur hæstv. stj. rannsakað það, hvernig farið gæti, ef fugl hefði t. d. étið eitrið og stæði einhvers staðar, án þess að eitrið væri farið að verka á hann, svo kæmi veiðimaður og skyti fuglinn, sem síðan væri neytt af mönnum? Hefur hún tryggingu fyrir því, að eitrið gæti ekki líka verkað á þá menn, sem neyttu fuglsins?

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég vil undirstrika það, sem hæstv. forsrh. tók fram áðan, að í núgildandi l. er eitrun leyfð, og í Dalasýslu, til dæmis, er beinlínis skylt að eitra fyrir svartbak. Og ég veit ekki til þess, að eitrun hafi orðið öðrum skepnum eða mönnum til tjóns. Það er því óþarfi af hv. 7. landsk. að vera með þessa hótfyndni.

Um fyrirspurn hv. þm. Borgf. er það að segja, að hún á meiri rétt á sér, en ég hygg þó, að rétt væri, að nokkurt gjald kæmi á sýslur og hreppsfélög, því að það yrði til þess að hvetja sýslumenn og hreppstjóra til að ganga ríkar eftir sönnunum fyrir drápi svartbaka.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Borgf., svo hljóðandi: [sjá þskj. 465.] Till. er of seint fram komin og skrifleg, og þarf því tvenns konar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 465 leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 464,1 felld með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, GÞ, HG, JGM, JóhJón, SK.

nei: SvbH, VJ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, EystJ, GSv. HelgJ, HV, JÍv, JPálm, PHann, PO, SEH, SkG, StSt, JörB.

BjB, EE, JakM, StgrSt greiddu ekki atkv.

5 þm. (TT, FJ, GG, ÍslH, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 465 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JGM, JóhJón, JPálm, PO, SvbH, ÞBr, ÁÁ, BÁ, BjB, EE, FJ, GSv, JörB.

nei: HG, HV, JÍv, PHann, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, VJ, BJ, EmJ, GÞ.

JakM greiddi ekki atkv.

5 þm. (ÍslH, ÓTh, TT, EystJ, GG) fjarstaddir.

Brtt. 464,2 felld með 15:9 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 466).

Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 28. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 466, n. 647).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og sjá má á nál. allshn. á þskj. 647, getur n. ekki fallizt á þau ákvæði í frv., sem gera varpeigendum að skyldu að eitra fyrir svartbak á ári hverju. — Þetta mál er gamall kunningi á Alþingi. Það var, að því er mig minnir, fyrst flutt hér árið 1935 af þáv. þm. Dal. og var þá í nokkuð svipuðu formi og þetta frv., en þá voru í því ákvæði um að heimila að eitra fyrir svartbak. Málið gekk í gegnum aðra deildina, en varð ekki útrætt. Á þingi 1936 var frv. flutt aftur, en þá var tekið úr því ákvæðið um eitrunina, og þannig gekk málið í gegn án verulegrar andstöðu.

Nú kemur þetta frv. sem sérstakt lagafrv., og virðist það eiga að skoðast sem tilraun, því í 7. gr. stendur, að með l. þessum skuli frestað framkvæmd laganna frá 1936. Ég verð að segja, að þetta er allrar virðingar vert, því að það ber þess vott, að höfundar frv. séu ekki alveg vissir um, að þessi löggjöf sé heppileg til frambúðar.

Það er að nokkru vikið að því í nál., og munu fleiri vera þeirrar skoðunar, að eitrun sé ómannúðleg aðferð við eyðingu dýra og enda ekki með öllu óskaðvænleg öðrum dýrum en þeim, sem eyða á, og jafnvel mönnum. Það er og álit allshn., að það sé ekki viðeigandi fyrir Alþ.

að leiða slíkt í lög, enda þótt það kynni að vera nauðsynlegt undir einhverjum kringumstæðum að nota þessa aðferð til eyðingar dýra.

Samkv. l. frá 1936 hafa verið settar sýslusamþykktir um eyðingu svartbaks, og a. m. k. í einni þeirra er heimilað að eitra fyrir hann. Ég skal ekkert um það segja, hvort nægileg er sú heimild í l. frá 1936 til þess að setja slíkt ákvæði, en staðfesting ráðuneytisins á samþykktinni hefur fengizt. Ég tel því, að þar, sem svo hagar til, að lítil hætta sé að nota eitrun til þess að eyða svartbak, sé það opin leið skv. l. frá 1936 að setja slíka heimild í sýslusamþykktir. Þess vegna erum við í allshn. á móti þessu atriði frv., og það er ekki ástæða til að halda langa ræðu um þessa ómannúðlegu aðferð, sem hér á að beita, en ég skýt máli mínu til tilfinninga manna. Til sönnunar því, að þessi aðferð verður ekki varin, eru einmitt ummæli, sem tekin eru upp í nál., þess manns, sem virðist vera aðalhöfundur frv., að stryknin sé mjög hættulegt eitur. En ekkert er á móti því, að varpeigendur, þeir sem vilja vinna að hagsmunum sínum, reyni sjálfir að eyða svartbak eftir beztu getu. En eins og ég sagði í gær viðvíkjandi frv. um friðun æðarfugls, þá hef ég litla trú á, að atvinnugrein, sem þarf hinnar mestu natni og umhirðu við, verði bjargað með ströngum lagaboðum, heldur byggist það á innri hvöt þeirra, sem stunda þessa atvinnugrein. Því tel ég umrædda aðferð heppilegri heldur en að vera að setja lög, sem ef til vill reynast misjafnlega vinsæl. Ég held, að málinu sé enginn ógreiði ger með till. allshn. Ég sé ekki annað en að þeir, sem trúa á eitrið, geti þá farið að dæmi Dalamanna og fengið það staðfest í sýslusamþykkt.

Önnur atriði frv. geta þeir og tekið upp, nema þeir geta ekki tekið fé úr ríkissjóði í þessar þarfir eins og þeim sýnist. Það má vera, að þetta mál um aukning og eflingu æðarvarps í landinu snerti ríkissjóð töluvert, en það snertir mest þá, sem þessa atvinnu stunda, og afkoma varpsins fer auðvitað eftir aðbúnaði öllum, hvort hann er góður eða hvernig um varpið er hirt.

Ég hygg, að ég muni ekki þurfa miklu fleiri orð um þetta að segja, því þau rök, sem ég hef fært fyrir máli mínu, eru glögg og sýna á engan hátt óvilja í garð þeirra, sem vernda vilja varplöndin, því það tel ég réttmætt. Við í allshn. erum algerlega mótfallnir því, að fuglum eða nokkrum dýrum sé eytt með eitri. Þó er sá möguleiki fyrir þá, sem telja eitrun lífsspursmál, að fara eftir lögunum frá 1936. Þeir geta gert allt, nema þeir fá ekki úr ríkissjóði meira til höfuðs svartbaknum en ákveðið er í þeim lögum. Ég vil gera ráð fyrir, að hv. deild geti fallizt á að afgreiða mál þetta með rökstuddri dagskrá, svo sem allshn. leggur til.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Þetta frv. er, að ég hygg, bezt undirbúið af öllum frv., sem lögð hafa verið fyrir þetta þing, enda hefur verið eytt í það meiri tíma en nokkurt annað frv., og því finnst mér ekki viðeigandi að afgreiða það með dagskrá. Viðureignin við svartbakinn og það tjón, sem hann hefur gert í varplöndum, er saga um lítil samtök og skeytingarleysi. Um skeið var þó um samtök að ræða á Vesturlandi, fyrir forgöngu manns þar, að eyða þessum vargfugli, og eru þau samtök ekki ólík því, sem um ræðir hér í þessu frv. Varpeigendur lögðu fram fé til að halda við þessum samtökum, og þetta hélzt alllangan tíma, en svo dofnaði yfir því, og nú er svo komið, að svartbakurinn er að eyða æðarvarpi um gervallt landið. Ýmsar aðrar ástæður eru þó fyrir hendi, sem gera að verkum, að varpið er nú minna en áður, t. d. eru hlunnindin ekki eins mikils virði í samanburði við það, sem þau voru, þegar litið er á aðrar afurðir, og því ekki eins um varpið hugsað, en þetta er þó lítill þáttur. Einnig voru svartbaksegg hirt áður fyrr, meðan þrengra var í búi, en það er nú að mestu úr sögunni, því eins og kunnugt er, þá eru varplönd svartbaksins á heiðum uppi, allfjarri mannabyggðum, og talsverð fyrirhöfn að afla þeirra. En, eins og ég sagði áður, þá hefur þetta samtakaleysi um eyðingu þessa vargfugls orðið þess valdandi, að hann er nú að eyða öllu varpi á landinu. Skýrslur sanna, að svartbakurinn eyðir 50—60% af eggjum, og enn þá er ekki hægt að segja, hve mikið hann drepur af ungum, en það mun vera mikið.

Ég hef ferðazt víða um Vesturland á síðustu árum, og hefur leið mín þá bæði legið um Gilsfjörð og einnig víðsvegar um Strandasýslu, og hef ég verið sjónarvottur að, hvernig aðfarir svartbaksins eru gagnvart æðarungum. Einu sinni lá leið mín um Gilsfjörð, ásamt fleiri mönnum, það var að morgni dags um sólaruppkomu, þá sáum við æðarfugl og svartbak þar rétt við veginn. Æðarfuglinn hafði sett sig í varnarstöðu, en vargfuglinn var áleitinn, og að lokum flaug æðarfuglinn upp. Kom þá í ljós, að hann hafði setið á tveimur ungum. Svartbakurinn var ekki lengi að hirða þessa unga, þegar æðarfuglinn var farinn, og var fljótur að éta þá. Ég hef talað við mann, sem hafði skotið svartbak og fundið í maga hans 11 æðarunga.

Það er verið að tala um, að þessum fugli sé sýnt mannúðarleysi með ákvæði frv. um eitrun. Ég er ekki að draga úr, að þeim sé sýnd mannúð, enda er það gert í frv., — hv. n. hefur bara misskilið það. Eitrunin er ekki tilraun til að eyða svartbak, heldur er þetta einasta leiðin til að eyða honum. Enda þótt menn reyndu að ná eggjunum, þá mun samt ekki hægt að útrýma honum með því; einnig er illt að fá færi til að skjóta hann, því hann er styggur. Þess vegna er þetta engin tilraun, heldur eina leiðin, sem hægt er að fara, þegar það sýnir sig, að hlunnindin eru að ganga til þurrðar og varpeigendur hafa ekki samtök sín á milli, þá verður þjóðfélagið að grípa inn í.

Ef ein sýsla tekur sig saman um að eyða svartbak, þá hefur það ekki mikla þýðingu, þegar varpeigendur í næstu sýslu hugsa ekkert um það. Þó að ráðstafanir séu gerðar í Dalasýslu einni, þá eiga svartbakar annars staðar á Vestfjörðum mjög hægt með að renna sér yfir Dalasýslu, ef ekkert er gert í öðrum sýslum.

Hv. n. telur, að ekki beri að setja strangar refsingar fyrir vanhirðu í þessum efnum. Ef ekki hefur þýðingu, hvort sektirnar eru 10 eða 100 kr., þá hefur hv. Alþ. verið á skakkri leið með refsilöggjöfina. Þetta er svona hvað eftir öðru hjá hv. n., því allir, sem líta á mál með sanngirni, sjá, að ekki stendur á sama, hvort refsingar eru smáar eða stórar. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkra kafla úr bréfi frá þeim manni, sem mest hefur undirbúið þetta frv., dr. Finni Guðmundssyni. Hv. n. segist vera á móti eitrun vegna bréfs frá Náttúrufræðifélaginu. Í þessu bréfi dr. Finns eru ummæli hv. n. hrakin. Í bréfinu segir svo: „Í sambandi við notkun n. á bréfi þessu skal þess getið, að 13. maí síðastl. kom stjórn Náttúrufræðifélagsins saman á fund til þess að ræða um það, hvaða afstöðu hún ætti að taka til frv. þess um eyðingu svartbaks, sem nú liggur fyrir Alþ. Á fundinum var gerð svo hljóðandi samþykkt: „Vegna upplýsinga frá sérfræðingum (sbr. fylgirit frv. eftir F.G.) sér stjórnin sér ekki fært að leggja á móti því, að frv. verði að lögum.“ Vegna breytts viðhorfs og nýrra gagna í málinu hefur stjórn Náttúrufræðifélagsins því fallið frá fyrri skoðun sinni, en þar með er líka gildi bréfsins frá 1935 úr sögunni“.

Það gefur að skilja, að Náttúrufræðifélagið er ekki mótfallið því, að eitur sé notað, þegar vitað er um hina brýnu nauðsyn. Þessa ályktun hefur hv. n. ekki verið kunnugt um, því hún kom ekki með hana. Svo eru önnur rök hv. n. gegn eitruninni þau, að aðferðin sé ómannúðleg. Þessu er svarað þannig í bréfinu: „Eyðing vargfugls með stryknin er vafalaust mannúðlegri drápsaðferð en fugladráp með haglabyssum.“ Þetta getur hv. n. ekkert haft við að athuga, því það er vitað, að svartbakur er skotharður fugl og styggur, og ef ekki tekst að drepa hann með einu skoti, þá flýgur hann á brott og kvelst lengi. Þetta er sýnilega mun ómannúðlegri aðferð. Dr. Finnur segir síðan, að eitrið sé mjög banvænt, og telur upp eiturmagn, sem nægir til að drepa ýmsar tegundir fugla og dýra. Enn fremur segir hann: „Þurfi að lóga stórum dýrum í dýragörðum (t. d. fílum), þá er það jafnan gert með stryknin, og mundi sú aðferð varla hafa verið valin, ef hún væri talin ómannúðleg“. Síðan sýnir hann fram á, hvernig eitrið verki, dýrið fái stífkrampa og deyi mjög fljótt, oftast innan 2—3 mínútna.

Hin röksemd hv. n. er sú, að aðferðin sé hættuleg öðrum dýrum og jafnvel mönnum. Þessu er svarað þannig í bréfinu: „Hér á landi hefur áratugum saman verið eitrað fyrir refi um allt land, og enn fremur hefur oft verið eitrað fyrir svartbak og annan fuglvarg. Mér er ekki kunnugt um, að slys hafi nokkurn tíma af þessu hlotizt.“ (**SÁÓ**: Ekki það?) Því getur hv. þm. skýrt frá, ef hann þekkir einhver dæmi slíks. — Enn fremur segir: „Mér er kunnugt um eina varpjörð, þar sem árlega hefur verið eitrað fyrir svartbak í nesi við sjó, þar sem talsverð umferð hefur verið af búpeningi og hundum, en aldrei hefur þar hlotizt neitt slys af því.“ Það er tekið fram í áliti með þessu frv., að rétt sé að taka fugla, sem drepizt hafa af eitrinu, og grafa þá, og af þessu dregur hv. n. þá ályktun, að þessir fuglar séu eitraðir. Í þessu sambandi segir dr. Finnur í bréfinu: „— að kjöt af dýrum, sem drepizt hafa af stryknin, hefur reynzt algerlega óskaðlegt til neyzlu (sbr. E. Fröhner: Lehrbuch der Toxikologie, Stuttgart 1919). Þrátt fyrir það hef ég í fylgiriti frv. gert ráð fyrir, að fuglar, sem drepizt hafa á eitri, verði ekki hirtir, og helzt ekki snertir, en grafnir þar, sem þeir finnast. — En þetta er aðeins varúðarráðstöfun til að tryggja til hins ýtrasta, að slys geti ekki hlotizt af eitruninni.“

Þetta hefur hv. n. misskilið og bendir á það sem beina hættu. — Að lokum kemst dr. Finnur svo að orði: „.... að eitrun er eina leiðin, sem varpbændur hafa til að verjast hinni sívaxandi ásókn svartbaksins. Skot eru bönnuð í eða við varplöndin, enda gæti það styggt fuglinn frá og valdið truflun í vörpunum, einkum framan af varptímanum.“ Af þessu er auðsætt, að ef að einhverju gagni má koma, þá er eitrun eina aðferðin, og ég fæ ekki betur séð en einmitt nú, þegar vitað er um hið mikla tjón, sem svartbakurinn gerir, geri Alþ. skyldu sína í því að koma í veg fyrir frekara tjón af völdum þessa vargfugls. Menn geta ekki treyst á, að um þetta náist almenn samtök. Þess vegna á tvímælalaust að samþ. þetta frv., því það er svo vel undirbúið, og mér finnst óþarfi fyrir hv. n. að ganga í þessa gildru, sem ég álít, að hún hafi gengið í með þessari dagskrá sinni.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Ed., 4. júní, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er nú liðin vika síðan fyrri hl. umr. fór fram, og ég hafði þá kvatt mér hljóðs, áður en umr. var frestað. Það má því vera, að mér hafi gleymzt eitthvað í millitíðinni af því, sem ég hefði talið ástæðu til að segja hér. Við fyrri hl. umr. varði hæstv. forsrh. nokkrum tíma til þess að gagnrýna nál. allshn. og skoðun hennar á grundvelli þessa frv. Hæstv. forsrh. mótmælti því, sem fram kom í framsöguræðu minni, að það liti út fyrir, að frv. þetta væri tilraun, sem höfundar þess væru ekki alveg ugglausir um, að mundi verða til frambúðar, og sagði hæstv. ráðh. að það væri þvert á móti gert ráð fyrir því, að frv., ef að l. yrði, mundi verða til frambúðar. Ég ætla mér ekki að bera brigður á, að svo sé, en mér kemur það undarlega fyrir, að þrátt fyrir rækilegan undirbúning, að sögn hæstv. ráðh., sé þó svo frá gengið, að hin gildandi l. eru ekki úr gildi numin, sem þó er venja, heldur er þeim frestað. Ég sé ekki betur en að þessi ákvæði frv., sem fyrir liggja, bendi alveg ótvírætt í þá átt, að þetta frv. sé aðeins tilraun, en í bakhönd eigi að vera gildandi l. frá 1936. Annars er óþarft að deila um þetta, því að það hefur ekki mikla þýðingu.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta mál væri óvenjulega vel undirbúið og byggt á miklum rannsóknum og mikil vinna hefði verið lögð í að rannsaka og undirbúa frv. Ég ætla ekki að mótmæla þessu, en mér finnst, að ef þetta er rétt,

sé það sönnun þess, að málstaður sá, sem fram er haldið í frv., sé ekki góður, þar sem árangurinn af þessum miklu rannsóknum hefur ekki orðið betri en fram kemur í frv., þar er frv. sjálft ólýgnasti votturinn. Ég sé því ekki, að þessi rök hæstv. ráðh. raski því áliti, sem allshn. hefur á þessu frv. Hæstv. ráðh. tók það fram, að hlunnindi þau, er æðarvarpi fylgja, gengju nú mjög til þurrðar, og það væri vegna þess óskunda, sem svartbakurinn ylli í vörpunum. Það er fjarri mér að mótmæla því, að svartbakurinn sé vargur í varplöndum, en til hins þarf meira en staðhæfingar, að sannfæra mig um það, að sú rýrnun, sem orðið hefur á tekjum af æðarvarpi, stafi einvörðungu af aðgerðum svartbaksins. Ég vil bara benda á það, að frá því að Ísland byggðist, og sjálfsagt í margar aldir áður, hefur bæði svartbakur og æðarfugl lifað hér á landi. Að vísu eru engar sagnir til um að, hvernig þeirra viðskipti hafa gengið, áður en landið byggðist, en síðan það byggðist, hefur það verið þannig, að báðir þessir fuglastofnar virðast hafa haldizt við með líkum hætti og aðrir fuglar hér á landi. Þegar hafin var fyrst herferð gegn þessum spellvirkja í varplöndunum, svartbaknum, þá var það gert með því að taka egg hans og koma á þann hátt í veg fyrir offjölgun hans. Mönnum hefur borið skylda til þess að lögum að eyðileggja egg hans, en þegar það þótti ekki bera nægilegan árangur, voru veitt verðlaun fyrir hvern fugl, sem drepinn var, og nú á að gera enn rækilegri tilraun til þess að eyða honum með því að eitra. En eftir umsögn þeirra manna, sem hafa fengizt við rannsóknir á þessum málum, virðist sem fjölgun svartbaksins hafi orðið einna mest, síðan farið var að gefa út lagaboð um að eyða honum. Ef þetta er rétt, þá virðist sem eitthvert samband sé milli fjölgunarinnar hjá þessum fugli og þess, að löggjafinn ákveður, að honum skuli tortíma. Ég treysti mér ekki til að fara út í þá sálma að útskýra það samband, en vil benda á það, sem ég sagði í framsöguræðu minni, að það virðast vera fleiri öfl að verki, sem áhrif hafa á hlunnindi æðarvarps, en svartbakurinn einn. Ég held, að ég hafi skotið því fram í framsöguræðu minni, að þar mundi maðurinn vera einna stórvirkastur. Það er ekki sagt beinlínis til áfellis mönnum að öllu leyti, en það er þó vitað, að þeir hafa átt þátt í því, að egg æðarfuglsins hafa verið nýtuð til neyzlu og jafnvel til sölu, og það tel ég til áfellis. Svo kemur annað, sem hefur átt sinn þátt í því að draga úr æðarvarpi, og það eru hinar bættu samgöngur. Má þar til nefna vélbátaumferðina. Yfirleitt eru öll samgöngutæki hávaðameiri en áður og spilla því mikið æðarvarpinu, Mér er það mikið til efs, að þær miklu rannsóknir, sem liggja til grundvallar þessu frv., bendi ekki eindregið í þá átt, að rýrnun æðarvarpsins stafi meðal annars af hinni auknu og hávaðasömu umferð, þó að það sé fjarri mér að benda á þetta mönnum til ámælis, því að það verður vitanlega ekki unnið fyrir nokkur pund af æðardún að kippa öllum samgöngum í það horf, sem þær voru fyrir 50 árum. En hins vegar er þess að gæta, að við megum ekki kenna svartbaknum, sem að vísu er ránfugl, um þau spjöll, sem við mennirnir sjálfir völdum.

Þá vil ég benda á eitt atriði enn, en ég hef það úr skjali því, sem dr. Finnur Guðmundsson hefur sent til þingsins um rannsóknir á æðarvarpi. Þar er vikið að því, að skelfiskur sé ein aðalfæðutegund æðarfuglsins. Nú er það öllum ljóst, að skelfiskurinn kringum Ísland hefur gengið svo til þurrðar, að víða þar, sem fyrir 50 árum mátti moka upp skelfiski á einni fjöru og jafnvel fylla væna báta, sést nú varla nokkur skel. Ég þekki staði við sjó, þar sem fyrir 50 árum var krökkt af æðarfugli á haustin, eftir að kom fram í september, og var hann þá uppi undir landi svo hundruðum skipti, en nú kemur það varla fyrir, að þarna sjáist æðarfugl. Ég staðhæfi, að það er ekki af því, að fuglinn hafi verið styggður með skotum, vegna þess að fyrir 50 árum var þetta svæði ekki friðað fyrir skotum frekar en önnur meðfram landinu. Nú hefur þetta svæði aftur á móti verið alfriðað í 12 ár, og það er ekki styggð, sem hefur valdið þessu. Það er ekkert annað en það, að skelfiskurinn er horfinn, sem veldur því, að þarna sést ekki lengur æðarfugl. Það má segja, að þetta hafi ekki áhrif á varplöndin. Það kann að vera, en það hefur þó a. m. k. áhrif á lífsafkomu æðarfuglsins. Ég held, að ef við athugum allar hinar sýnilegu orsakir, sem geta legið til þess, að æðarvarpið hefur rýrnað, þá sé ekki rétt að kenna svartbaknum einvörðungu um þá rýrnun, en að það sé meðfram honum að kenna, get ég vel viðurkennt. Ég held, að ég hafi í framsöguræðu minni bent á eitt atriði, sem veldur því, að arður af æðarvarpi hefur rýrnað hin síðari ár.

Allt þetta, sem ég hef þegar talið, virðist mér styrkja skoðun okkar allshn. á því, að of langt sé gengið hjá löggjafa að heimta svo harðvituga árás á þennan fugl, að það skuli lögbjóða að eitra fyrir hann á hverju vori. Ég held, að Alþingi héldi sínum fulla heiðri og gæti unnið á réttmætan hátt að því að efla æðarvarp að töluverðu leyti með allt öðrum aðferðum en þessum.

Þá kem ég að einu mikilvægu atriði, er hæstv. forsrh. hélt fram. Hann taldi, að allshn. byggði skoðun sína á skaðsemd eitrunarinnar á ummælunum, sem tilfærð eru í nál. eftir dr. Finni Guðmundssyni, og skoðun allshn. byggðist á því, að ummælin væru misskilningur. Ég mótmæli því algerlega, að allshn. byggi skoðun sína á þessum ummælum, en hitt er rétt, að hún rökstuddi skoðun sína m. a. með þessum ummælum. Ég neita því þess vegna alveg, að allshn. hafi á nokkurn hátt misskilið þessi ummæli, enda eru þau svo skýr, að þau verða varla misskilin, og skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp úr skýrslu dr. Finns Guðmundssonar, sem þm. hefur verið send og er um æðarvarp og dúntekju á Íslandi. Það er þar, sem hann talar um, hvað sjálfsagt er að nota við eitrun svartbaks, og er á bls. 15 og hljóðar svo:

„Sjálfsagt er að nota stryknin til þess að eitra með. Það er hvítt duft og afar beizkt á bragðið. Það er banvænt eitur, jafnt fyrir menn

sem skepnur. Skal því geyma það vel og gæta þess vandlega, að það verði engum að meini. Bezt væri að geta komizt hjá að handfjatla það, að öðrum kosti verða menn að þvo sér vel um hendur á eftir.“

Þessi ummæli eru svo skýr, að það er alveg ógerningur að misskilja þau. En það, sem hæstv. forsrh. vill koma að, að við höfum misskilið, er það, að í þessum ummælum er ekkert um það sagt, hvort hræ þeirra dýra, sem eitrið verður að bana, eru skaðleg. Ég held, að það sé hvergi hægt að finna það í nál., að skoðun okkar á skaðsemi eitursins sé byggð á því, að hræ þeirra fugla, sem drepast, séu mjög skaðleg. Skoðun okkar byggjum við ekki á þessum ummælum, en rökstyðjum með þeim, og ég álít, að þau séu nógu greinileg til þess, að þau þurfi ekki að valda neinum misskilningi.

Það er rétt og hefur einnig verið játað af læknum, að eitrið er banvænt bæði mönnum og skepnum. Þessu eitri verður að koma ofan í svartbakinn, ekki á venjulegan hátt, — væri svo, að hægt væri að mata svartbakinn á eitrinu með matskeið, þá væri það kannske hættulaust eða hættulítið. En nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir, að svartbakurinn væri svo styggur, að jafnvel hinar beztu skyttur gætu ekki skotið hann. Ég tel þetta nú ekki alveg rétt, því að ég þekki ýmsar skyttur, sem að vísu eru ekki beztu skyttur, en allgóðar, og ég veit til, að þær hafa skotið svartbak og það í allstórum stíl, t. d. til refafóðurs. En hitt er aftur á móti víst, að svo styggur er hann, að hann verður ekki mataður á eitrinu með matskeið.

Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir því að nota eitthvert æti, sem svartbakurinn nær til að eta, og blanda eitrinu í það, og er því haldið fram, að til þess séu egg tilvalin. En er þá trygging fyrir því, að þessi egg, sem sett eru til höfuðs svartbaknum, verði ekki öðrum fuglum að bana, og þar á meðal hrafninum, sem mér er vel við? Það er hætta á því, að t. d. hrafninn, sem hefur þann sið að eta ekki bráð sína á staðnum, heldur fljúga með hana heim, að hann verði á leiðinni fyrir ónæði músarrindilsins eða annarra fugla, svo að hann missi eggin, og eitrið getur þá á þennan hátt borizt út og af því stafað hætta. Að minnsta kosti held ég það.

Önnur aðferð er sú, að eitra hrognkelsi, og er það talið mjög gott ráð. Ég get vel trúað, að svo sé, — en ber bara ekki að sama brunni með það? Er nokkur vissa fyrir því, að engin önnur skepna komist í þetta æti? Ég tel miklu meiri hættu á því, þegar eitrað er með hrognkelsum, en með eggjum, og miklu meiri líkur til þess, að með því að eitra hrognkelsi, þá sé jafnframt verið að eitra fyrir æðarfuglinn, því að eins og öllum er kunnugt, þá er mesta lostæti æðarfuglsins einmitt innmatur úr hrognkelsum.

Ég held því, að álit okkar allshn. á því, að þessi aðferð sé skaðleg mörgum dýrum og jafnvel mönnum, byggist ekki einvörðungu á því, að hræ þeirra fugla, sem eitrið verður að bana, sé skaðlegt öðrum dýrum, heldur einnig og engu síður, að hið eitraða æti verði hættulegt fleiri dýrum en svartbaknum einum.

Ég skal taka það fram, að ég er ekki svo fróður, að ég geti staðhæft um það, hvort hræ þeirra dýra, sem deyja af eitrinu á þann hátt, sem gert er ráð fyrir með þessum aðferðum, eru skaðleg. Ég skal ekkert um það deila, en hæstv. ráðh. tilfærði í ræðu sinni umsögn þýzks prófessors, að ég held, um það, að þegar eitrið væri komið út í líkama dýrsins, sem hlyti dauða af þess völdum, þá væri það orðið svo útþynnt, að það gæti engri skepnu orðið að meini. Þetta breytir bara engu. Hættan af eitruninni er alls ekki aðallega í því fólgin, en í þeim varning, sem eitrður er og er ætlaður svartbaknum til matar.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að í nál. allshn. er vitnað í ummæli stjórnar Náttúrufræðifélags Íslands frá 1935, og taldi hann þau ummæli úrelt og sagði, að fram væru komin önnur ummæli frá Náttúrufræðifélaginu, sem gengju í aðra átt.

Ég skal ekkert um það segja, því að ég hef alls ekki séð þau ummæli, en mér þykir mikið, ef þau telja, að eitrun með stryknin sé hættulaus. Þá verður að álíta, að stjórn Náttúrufræðifélagsins hafi ekki skipt um skoðun til batnaðar, og efast ég um, að sú skoðun geti staðizt. En ég get skilið, að Náttúrufræðifél. hafi breytt um skoðun síðan og að það telji nú hræ þeirra dýra, sem deyja af eitrun, ekki skaðleg, en það virtist koma fram árið 1935.

Ég held því, að hvernig sem á þetta verður litið, þá verði aldrei hnekkt nál. allshn., að eitrunin er fyrst og fremst bæði ómannúðleg fyrir svartbakinn og einnig hættuleg öðrum dýrum.

Hitt verður svo að vera á mati hvers einstaks þm., hvort hann telur, að svo miklu sé fórnandi fyrir það að gera tilraun til að fækka svartbaknum, í von um, að þá batni eitthvað um afkomu varplandaeigenda, að hann vilji beita ómannúðlegum og hættulegum aðferðum til þess að gera þessar tilraunir.

Ég gæti líka trúað því, eftir því sem svartbakurinn virðist hafa staðið sig, að þó að þetta yrði lögboðið og framkvæmt, þá gæti hann á einhvern hátt fundið upp eitthvað á móti eitrinu, t. d. það, að hann þekkti eitrið og hann yrði svo jafnfjölmargur eftir sem áður. Það er kunnugt, að til eru dýr, a. m. k. hrafninn, sem þekkir eituragn, ef því er beitt til langframa.

Að öðru leyti held ég, að ég þurfi ekki að færa frekari rök og rökstuðning allshn. fyrir því, að Alþingi beri að víkja þessu máli frá og gera það ekki að l. Eins og ég tók fram áðan, þá verður það að fara eftir mati hvers einstaks þm., hvernig hann vill greiða atkv. í þessu máli, en því verður ekki hnekkt, að þau rök, sem allshn. hefur fært fram, verða ekki hrakin. Það má vel vera, að einhver líti svo á, að hér sé um svo mikla nauðsyn að ræða, að hjá því verði ekki komizt að beita ómannúðlegum aðferðum til að útrýma svartbaknum. En ég verð að segja, að ég mun ófáanlegur til þess að fara þá leið og m. a. vegna þess, að ég hef enga trú á því, að með þessum aðferðum náist það, sem nást á, að tryggja auknar afurðir af varplöndum manna.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er þýðingarlítið að vera að ræða lengi um þetta mál,

því að efni þess er svo takmarkað, að það verður eins og þegar mest var um það deilt í Nd., að mér virtust þá mest vera haldnar sömu ræðurnar, umr. eftir umr., enda er það eðlilegt af þessum ástæðum, sem ég hef þegar greint. Ég vil þess vegna ekki endurtaka neitt eða sem allra minnst af því, sem ég hef áður sagt, en svara þessu örfáum orðum.

Það er minnzt á, að þetta sé tilraun, og má náttúrlega lengi um það deila, hvort svo er eða ekki, en ég benti á, að þetta er ekki á tilraunastigi, vegna þess að þessi aðferð hefur verið notuð um marga áratugi og gefizt mjög vel, og því búið að gera tilraun löngu áður en ætlazt var til, að hún yrði gerð með þessu frv.

Viðvíkjandi undirbúningnum, sem ég taldi vera góðan, vil ég svara því, að þegar fyrir liggja sannanir um, að þessi fugl hirði 37% af eggjum í varpi og egg úr 56% af öllum hreiðrum, þá tel ég það vera nokkurn undirbúning.

Það er jafnframt fullyrt af þeim, sem hafa undirbúið frv., að ef útrýma á þessu, þá sé önnur aðferð til, sem færðar eru sönnur á í undirbúningi þessa frv., eins og grg. ber með sér, og sú reynsla er reyndar fengin áður, því að gerðar hafa verið tilraunir við Vesturland, og er það sú eina aðferð, sem reynzt hefur nothæf.

Það eru engin rök gegn þessu máli, þó að svartbakurinn kunni að finna upp einhverja mótstöðu gegn þessari eitrun, — hún er sú eina aðferð, sem dugar af þeim, sem þekkjast nú.

Það eru heldur engin rök í þessu máli að segja, að vörpin hafi minnkað, vegna þess að þau séu ekki eins vel hirt, og að æðarfuglinn muni vanta æti, en á það er ég ekki dómbær, en dreg það hins vegar ekki í efa.

Enn fremur er það sagt, að vélbátaumferðin hafi aukizt, en kunnugir fullyrða, að fuglarnir venjist hávaðanum, því að vélarnar hafa jafnan hávaða, og við vélbátana er ekki hægt að losna, en það er svartbakurinn, sem drepur í vörpunum, og það er hann, sem við erum hér að fást við.

Hvað viðvíkur hættunni, sem af þessu stafar, þá vil ég segja það, að það hefur verið eitrað fyrir ref í mörg ár. Það má náttúrlega segja, að af þessu geti stafað nokkur hætta, en ég veit ekki til þess, að það komi mjög að sök, og það má benda á, að það eru miklu minni líkur til þess, að af þessu eitri stafi hætta.

Fáir fuglar munu éta egg, en í skýrslunni er fullyrt af þeim manni, sem hefur undirbúið þetta frv., að örninn éti ekki egg, og er það fróðleikur, sem er alveg nýr fyrir mér.

Enn fremur má benda á það, að þó að af þessu stafi hætta og aðferðin sé talin ómannúðleg, þá má einnig benda á, að það stafar einnig hætta af því að fara með byssu, og það meira að segja stórkostleg hætta, sem við verðum varir við á tilfinnanlegan hátt. En þrátt fyrir það álítur n., að það sé sú eina aðferð, sem nota á til þess að útrýma svartbaknum, þó að hún sé bæði hættuleg og gagnslítil.

Hvað viðvíkur því, að aðferðin sé ómannúðleg, þá fullyrði ég, að með því að nota eitrið, sem drepur fuglinn á mjög stuttum tíma, 2 til 3 mín., og án verulegra kvala, að því er náttúrufræðingar fullyrða, þá sé það miklu mannúðlegri aðferð en að eyða honum með skotum. Eitrunaraðferðin er líka sú aðferð, sem notuð er í dýragörðum, og mundi ekki vera notuð, ef hún væri talin ómannúðleg. Aftur á móti er það vitað mál, eins og ég benti á við síðustu umr. þessa máls, að meiri hl. fuglanna, sem skotnir eru, þeir sleppa særðir. Og efast ég því um, að n., sem talaði svo mikið um þá ómannúðlegu hlið þessa máls, geti þá leyft sér að staðhæfa það, að skotin séu ekki ómannúðlegri aðferð en eitrunin.

Meðan hv. frsm. n. var að tala, leit ég yfir bréf, sem ég fékk frá bóndakonu norður í Húnavatnssýslu, og segir í því frá almennum fréttum. Í lok bréfsins segir hún, að allt gangi sæmilega, tíðin sé góð og sauðburður byrjaður, en „veiðiþjallan og refirnir tína upp lömbin, og þeir verða að missa, sem eiga."

Þetta er ekkert nýtt. Við, sem ferðumst norður um Strandir, þar sem mikið er um svartbak, vitum, að svartbakurinn hirðir mikið af lömbum og fer ekkert mannúðlega að því að draga úr þeim innyflin. Alveg eins er um uppsveitir Árnessýslu, þar gerir svartbakurinn einnig mikið tjón.

Þess vegna er það, að það þarf að gera ráðstafanir í þessu máli, og þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, eru þær einu, sem verður von um, að muni duga, vegna þess að þær eru ekki hættulegri en skotin, en mannúðlegri.

Þorsteinn Þorsteinsson: Mér finnst ef til vill ástæða til þess, að ég vitni eitthvað í þessu máli, þar sem ég var flm. að l. þeim, sem nú eru í gildi og á að fresta með þessu frv., er nú liggur hér fyrir.

Ég vil þá fyrst minnast á það, að ég tel þetta frv. ekki alls kostar heppilegt. Það þarf að gera við það nokkrar breytingar. T. d. er það ekki rétt að skipa svo fyrir, að varpeigendur eigi eftirlitslaust að eitra hver hjá sér. Ég tel miklu réttara, að skipaður sé eftirlitsmaður í hverjum hreppi eða vissu svæði. Hreppsnefnd beri að velja manninn og sjá um, að eitrunin sé framkvæmd á þann hátt, sem getur orðið hættulítill eða hættulaus öðrum en þeim, sem fyrir eitrinu eiga að verða. (**Forsrh.**: Það er gert ráð fyrir því í frv., að fyrir þessu sé séð með reglugerð). Í öðru lagi tel ég verðlaunin óþarflega há. Ég hefði helzt viljað færa þau niður í eina krónu, eða eins og upphaflega var í frv. í Nd. tvö undanfarin þing. Því að það er yfirleitt erfitt að veiða svartbak, og hann er ekki skotinn til þess að vinna fyrir peningum, nema geysihátt væri í boði, heldur skjóta hann aðallega þeir, sem nota hann til refafóðurs. Þá getur það og dregið úr eitrun fyrir hann, ef það reynist góð atvinna að skjóta hann, en með skotum einum verður honum ekki eytt verulega. Þetta vildi ég, að væri athugað. Einnig getur það orðið nokkuð óþægilegt ákvæði, að sá hreppur, sem svartbakurinn er drepinn í, á að borga. Nú getur oft orðið þræta, þegar skotið er á hreppamörkum og skyttan ein er til frásagnar, sem getur hæglega ruglazt í þessu, þó að maðurinn sé allur af vilja gerður að segja satt. Ég tel réttara, að sýslan borgaði þetta ein.

Ég verð að segja það, að eins og ástatt er í þeirri sýslu, sem ég er í, tel ég lög þessi ekki nauðsynleg. Þar hefur verið komið á samþykkt, sem menn hafa unað vel við. Ráðh. staðfesti samþykktina, og eitrun hefur farið fram og þar með eyðing fuglsins með góðum árangri innan endimarka sýslunnar. En mér er sagt, að í næstu sýslu hafi borið meira á svartbak á síðustu árum, heldur en hann hafi minnkað, jafnvel þótt lagt hafi verið til höfuðs honum. (**Forsrh.**: Sumir sýslumenn neita að ganga frá reglugerð.) Ég er að koma að því. Ég sagði, að ég gæti unað við það, sem er, vegna framkvæmda í mínu héraði. En í nágrannasýslunni er tafið fyrir því, að samþykkt sé gerð um eitrun; vargfuglavarpið helzt þar við, og síðan flýgur fuglinn yfir til okkar, svo að eitrunin nær ekki að því leyti fullum tilgangi. Af þeirri ástæðu verð ég að vera með þessu frv. og tel, að það væri gagn, jafnvel í þeim héruðum, sem þegar hafa samþykktir hjá sér, því að samkv. því eru allir skyldir til að fara í herferð móti fuglinum, en nú ala sumir upp, en aðrir eitra. Af þessari orsök er það rétt, sem hv. frsm. sagði, að fuglinum virðist fjölga, þótt lög væru til um að eyða honum. En það kemur fram á þennan hátt, þegar sumir leggja kapp á að koma fuglinum upp, enda líka góðæri undanfarið, svo að varpið og uppeldi unga hefur gengið vel hjá fuglinum.

Áður en lögin frá 1936 voru sett, var mikið umtal heima hjá mér í héraði, hvernig ætti að bjarga varpinu. Var talað um að byrja á því, sem áður var gert, því að milli 1880 og 1890 var stofnað svokallað Vargafélag til þess að eyða vargfugli með skotum. En almenningur leit svo á nú, að þetta væri ógerningur og menn fengjust ekki til þess, og því þýðingarlaust að stofna slíkan félagsskap. Þess vegna var tekið það ráð að viðhafa eitrun. Það getur verið, að vargi þessum hafi fjölgað, síðan hætt var að eitra fyrir refi, eins og víða var gert áður. En þar, sem eitrun fyrir svartbak hefur verið tekin upp, þar sýna verkin merkin, með því að fuglinn liggur í hrúgum kringum hin eitruðu egg. En um hættuna, sem af eitrinu á að stafa, er það að segja, að það hefur nú þessi árin frá 1937 verið eitrað alls staðar þar, sem varp er í Dalasýslu úti um eyjar, og jafnvel eitthvað í landi, og hvergi nokkurs staðar orðið að nokkrum skaða á mönnum eða skepnum eða öðrum fuglum en vargfuglum. Ég veit ekki til þess, að örn hafi nokkurn tíma orðið fyrir fjörtjóni, enda lifir hann mest á fiski, sem hann tekur. Ég held satt að segja, að allt of mikið sé gert úr þessari hættu af eitrun. Enda var búnaðarþingið, þar sem menn eru af öllu landinu, á allt öðru máli en að hér væri um hættu að ræða. Þar var samþ., að mig minnir með öllum atkv., að skora á Alþingi að lögbjóða eitrun í umflotnum hólmum og eyjum. Það getur verið heldur hættulegra á landi, en á þeim stöðum, sem aðrar skepnur ganga lítið um, tel ég enga hættu. Ég verð að segja, að hv. frsm. hefur stundum verið rökfastari heldur en þegar hann kom að því efni. Hann sagði meðal annars, að hrafninn væri það gáfaður, að hann þekkti, hvort eitur væri í ætinu (egginu) eða ekki; en þó taldi hann eina af hættunum, að hrafninn tæki eitruð egg og flygi með þau um heima og geima, léti þau síðan falla niður þar, sem aðrar skepnur færu um, og gætu eggin þá orðið þeim að tjóni.

Ég verð að segja, að þeir, sem þekkja framferði svartbaksins, eru yfirleitt ekki í vafa um, að hann eigi ekki rétt á sér og sjálfsagt sé að farga honum, náttúrlega á eins mannúðlegan hátt eins og hægt er. En ég vil segja, eins og hæstv. ráðh., að það er ekki mannúðlegra að vængbrjóta fugla með skotum og sjá þá síðan þvælast í flæðarmálinu dag eftir dag eða viku eftir viku heldur en þótt einnar mínútu krampateygjur svipti þá lífinu. Það hafa orðið ótrúlega mikil brögð að því, hvernig þessi fugl ræðst á æðarunga í Breiðafjarðareyjum, og þar með á þennan skemmtilega atvinnuveg, dúnræktina, sem ætti að stunda meira hér á landi en gert er. Svo hefur sagt bóndinn í Hrappsey, sem er ein af stærri dúneyjum, að eitt sumar sá hann komast til vaxtar aðeins tvo æðarunga, og í Langey var mér sagt, að bóndinn hefði ekki séð nema einn æðarunga komast upp það sumar. Þessir bændur horfðu á veiðibjölluna sitja um, þegar æðarfuglinn kom með ungana niður í flæðarmál, og tína þá upp hér um bil jafnóðum og þeir komu út á vatnið.

Svo er annar atvinnuvegur, sem veiðibjallan heggur skarð í, en það er laxveiðin. Það hefur verið lögð stund á að koma upp lax- og silungsveiði í ám; en meðan fjöldi svartbaka er við árósana og tínir upp smálaxinn og silunginn, þá truflar þetta veiðina geysimikið. Og ég sé ekki, hvaða hugsun ýmsir hv. þm. eru gripnir, að vilja endilega vægja sem mest þessum vargfugli og banna mönnum varnartæki til að vernda framleiðslu sína gegn hættulegum ágangi og drápi hans. Sannast að segja er það svo í þessu landi, að það veitir ekki af að styðja hverja nytsama framleiðslu, afurðirnar eru ekki svo miklar, a. m. k. þær, sem sveitirnar gefa af sér. Það hlýtur að vera einhver meira en lítill misskilningur á bak við hjá hv. allshn., að hún ber fram þessa rökstuddu dagskrá, sem virðist fela í sér bendingu til stj. að afturkalla staðfestingu á reglugerðum um eitrun fyrir þennan varg, sem leggst með svo grimmilegum hætti á framleiðslu landsmanna. Enn er það ótalið, að um allt land kveður meira og minna að því, að svartbakurinn ráðist á lömb, jafnvel stálpuð, og kvelur þau og drepur með því að rekja úr þeim garnirnar. Meira að segja veit ég, að sumir af þeim, sem hér sitja á þingbekkjum, hafa orðið á sínu fé fyrir erfiðum búsifjum af þeim fugli.

Að lokum þetta: Ég vildi gjarnan, að þessu frv. yrði ofurlítið breytt og síðan samþ.

***Sigurjón Á. Ólafsson**: Það er nú kannske að bera í bakkafullan lækinn að ræða meira um þetta mál. Ég skal undirstrika, að hv. frsm. n. hefur gert ýtarlega grein fyrir afstöðu hennar til málsins almennt. Það er svo um þetta mál eins og sum önnur, þó að það sé ekki mjög stórt, að það er til nokkuð, sem heitir „princip“, sem menn geta lengi togazt á um. Mér er fylli-

lega ljóst, að um þetta mál eru nokkur átök, og ef til vill verður allshn. í einhverjum minni hl. í hv. d., þar sem á móti stendur hæstv. forsrh., sem líka er landbrh., og hv. 5. landsk., sem sækir þetta mál nokkuð fast, þótt á annan hátt sé.

Ég get ekki að því gert að minnast nokkuð á forsögu málsins. Ég held, að þetta mál hafi verið fyrst sýnt á þinginu 1935, af hv. þm. Dal. Eins og allir muna, var í frv. — fleiri en einni gr. — ákveðin eitrun. Í stuttu máli urðu mótbökur þm. þær, að málið dagaði uppi í Nd. við 1. umr. Og það er alveg tvímælalaust, að málið fékk ekki meiri byr fyrir þessa eitrun, sem þm. voru á móti. Og hvað skeði svo? Ég hygg, að hv. þm. Dal. hafi lært það ef reynslunni, að ekki var hyggilegt að bera málið fram í svipuðu formi og áður, því að árið eftir kemur hann með frv., og var nú engin eitrun á ferð. Útkoman varð sú, að Alþ. féllst á það frv. eins og það lá fyrir. Nú skal þess getið, að ef til vill þótti mörgum þm. ekki nógu ljóst kveðið á um, hvaða aðferð skyldi nota við eyðingu svartbaks. Þetta kom sérstaklega fram í Nd., því að tveir eða þrír þm. vilja setja í frv., að eitrun skuli bönnuð. En samkv. umr., sem þá fóru fram, er ekki talið nauðsynlegt að setja þetta ákvæði inn í l., vegna þess að eitrun sé þar hvergi leyfð. 8. landsk. þm. þáverandi, Sigurður Einarsson, sagði að síðustu: „Ég skal viðurkenna, að óþarfi er að vera að slást á móti þessu; það er hvergi nefnd eitrun í frv., svo að það er tómt mál að vera að tala um þetta atriði.“ Að mínu viti fer svo frv. gegnum þingið, að eitrun er ekki leyfð.

Nú kem ég að því atriði, að ég vildi óska, að hæstv. landbrh. mætti vera að koma úr hliðarherbergi og hlýða á mitt mál. Ég vildi gjarnan beina fyrirspurn til hans, og þá um leið til hv. 5. landsk., sem er sýslumaður. Ég hef lítillega lýst því, að þingið gengur svo frá málinu 1936, að af hálfu þm. er talið, að ekki sé leyfð eitrun samkv. frv., sem samþ. var þá. En svo er gefin út reglugerð í febrúar 1937, og er sú í 3 greinum. Segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Svartbak má einnig eyða með eitri.“ Það stendur síðar í reglugerðinni, að hún sé samin af sýslunefnd Dalasýslu, — og sennilega þá hv. 5. landsk. Nú vil ég spyrja þessa lögfræðinga: Er heimilt að setja það ákvæði í reglugerð, sem ekki á stoð í lögunum sjálfum, sem reglugerðin er byggð á? Mér hefur sagt prófessor við Háskóla Íslands, að það sé ekki hægt að setja ákvæði í reglugerð, sem ekki hefur stoð í l. Ef ætlun mín skyldi reynast rétt, að eitrunin hefði ekki stoð í l. frá 1936, þá er það ólöglega gert að eyða svartbaknum með eitri. Hæstv. ráðh. segir, að þetta hafi verið gert um áratugi. Ef svo er, þá hefur það sennilega verið gert án allrar lagaheimildar. Ef ég man rétt, þá var aðeins heimilt að eyða refum með eitri. (**Forsrh.**: Má ég gera fyrirspurn? Í hvaða l. er það bannað?) Hvort það á að byggja á því „negativa“ í lögum eða því „pósitíva“, því verða lögfræðingarnir að svara. Ég hélt, að það yrði að vera eitthvað „pósitívt“ í lögum til þess að hægt væri að byggja á þeim reglugerð; en náttúrlega gefa lögfræðingarnir sínar skýringar, og það er þá gott fyrir eftirkomendurna að heyra svörin.

Það hefur nú ærið margt verið talað um skaðsemi svartbaksins, og ber ég ekki brigður á það. En bæði hv. þm. Dal. og deildin yfirleitt taldi árið 1936 alveg nægilegt að eyða honum með skotum og öðru, sem menn telja ekki mjög ómannúðlegar aðferðir. En nú er því haldið fram, að skotin komi ekki að notum, en þó sagði hv. þm. áðan, að menn gerðu mikið að því að skjóta þennan fugl, af því að hann væri tilvalið refafóður. Þetta skil ég mætavel. (**ÞÞ**: Ekki, að þeir gerðu mikið að því að skjóta, heldur skjóta þeir fuglinn aðeins til refafóðurs.)

Nú hefur það skeð í nágrannasýslu við þennan hv. þm., samkv. því, sem ráðh. upplýsti, að sýslumaður neitar að setja samþykkt eða reglugerð samhljóða þeirri, sem gildir í Dalasýslu. Af hverju? Finnur hann ekki stoð í l., eða er það af mannúðarhugsun? Það kunna að verða fleiri sýslumenn, sem hugsa líkt. Og svo segir hæstv. forsrh. bara: Við lögbjóðum þessum trúnaðarmönnum þjóðfélagsins og skipum þeim, að þeir skuli eitra.

Árið 1936 er leitað umsagnar stjórnar Náttúrufræðifélagsins um frv., sem telur þetta ómannúðlegt og hættulegt öðrum dýrum, eins og erni og val, af þeim fuglum, sem eru friðaðir. Og dr. Finnur Guðmundsson, sem hefur verið við þetta riðinn, kemst þannig að orði, þegar hann talar um eitrun, með leyfi hæstv. forseta: „Ég álít, að ekki komi til mála að slaka nokkuð til á friðun þeirra (þ. e. arnarins og fálkans) fyrst um sinn, enda eru þessar tegundir víðast á landinu orðnar svo sjaldgæfar, að tjón af þeirra völdum hlýtur að vera hverfandi.“ En það er ekki upplýst nema slík eitrun þýði það að eyða val og erni. Og það er ekki langt síðan talið var af náttúrufræðingum, að tíu arnarhjón væru til í landinu. Hitt vitum við líka, að þegar eitrað var í heilum byggðarlögum, eyddust svo hundarnir, að vart var til smalahundur á nokkrum bæ á heilum svæðum. Kettir eru nú kannske ekki eins nauðsynleg húsdýr, en þeir eyddust mjög mikið líka. Ég hygg, að það hafi dregið mjög úr því, að eitrað væri fyrir refi, að svo nauðsynleg húsdýr sem hundarnir eru hrundu niður af eitrinu. Þegar nú um er að ræða, að Alþ. fyrirskipi að eyða fuglategund einni með eitri, þá er ég ekki svo fróður, að ég geti fullyrt, hvort komið geti til greina, að örn og valur eða jafnvel svanir verði fyrir líftjóni með því að snerta við þessu eitri. En mér virðist ekki ómögulegt, að svo geti farið, að verið sé með þessari eitrun að taka með annarri hendinni það, sem gefið er með hinni. Þetta vildi ég, að kæmi fram frá mínu sjónarmiði. Og ég verð að vitna í stj. Náttúrufræðifélagsins frá 1936, sem var þessu algerlega mótfallin. Nú upplýsir hæstv. ráðh. að vísu, að stjórn þessa sama félags sé búin að skipta um skoðun. Ég er ekki nógu fróður til þess að geta rökrætt við þessa háu herra. En ég vil benda hv. dm. á annað, sem er þessu skylt. Hér á árunum var af þáverandi dýralækni landsins, Magnúsi Einarssyni, mótmælt að flytja inn erlenda hrúta. Hann lagði mikinn þunga á sínum tíma á þetta atriði. Og

svo eru það nýir menn, sem koma og segja: „Það er ekkert í veginum að drepa svartbakinn á eitri.“ Þetta segja þessir vísu menn, þó að Bjarni Sæmundsson legði fast á móti því. Ég veit ekki, hvort þetta eru meiri vísindamenn en Bjarni Sæmundsson. Svona getur þetta stangazt aftur og fram, en ég hygg, að reynslan verði sú, að hinir nýju fræðimenn verði ekki betri en hinir eldri.

Það hefur nokkuð verið gerð grein fyrir því, hvað það er raunverulega, sem veldur minni dúntekju. Hún er athyglisverð greinin, sem Jónas í Öxney skrifaði um þetta mál í Tímann fyrir nokkru. Þar talaði bóndinn af reynslunni. Ástæðan er minni umhirða um varpið en áður var. Ég var hér fyrir skömmu að lesa í æviminningum eftir einn merkisprest um það, hvernig honum tókst að skapa og auka æðarvarp. Ætli það hafi ekki þá verið til veiðibjalla eins og nú? Nei, það er umhyggjan, sem gerði það að verkum, að það gat þrifizt. Svo er líka hitt, sem dr. Finnur kemur réttilega inn á, að árferði hefur mikil áhrif á dúntekjuna. Árið 1928 er hæsta ár um 40 ára skeið í dúntekju, hvað sem hefur valdið því.

Þetta er svo illa upplýst mál, þrátt fyrir þessa vísindalegu ritgerð, að raunar finn ég mig ekki mann til þess að greiða atkv. um það, hvort fara skal inn þá braut að eyða svartbaknum með eitri. Það liggur ekkert fyrir, sem sannar það, að fuglinn kveljist ekki. Enn fremur er það óupplýst, hvort hræ af skepnu, sem hefur drepizt af eitri, geti ekki orðið öðrum að tjóni. Því hefur verið kastað fram, að það sé meira að segja engin hætta að éta þetta eitraða kjöt. Ég vissi þess dæmi, þegar eitrað var með þessu sama eitri fyrir refi, að þá komust hross í það og drápust af því. Svo að þau rök, sem fram eru borin hér, að það sé nú sannað mál, að þetta sé ekkert hættulegt, eru enn þá léttvæg í mínum augum. Það er líka óupplýst, hvað okkur tekst að útrýma miklu af svartbak með eitri.

Þetta, sem ég nú hef fram tekið, eru meginrökin fyrir því, að ég er andvígur því að útrýma svartbaknum með eitrun. Og þetta er nokkurn veginn í samræmi við mína afstöðu 1936. Ég er líka með einni undantekningu í samræmi við alla mína flokksmenn, þó þetta mál sé ekki flokksmál. Það hefur einhvern veginn viljað svo til, að þeir hafa allir hallazt á móti þessari aðferð við eyðingu dýra og hallast að öðrum mannúðlegri aðferðum. Dýraverndunarfélagið segir, að þessi aðferð sé ekki samboðin okkar siðmenningu. Og ég veit ekki betur en Dýraverndunarfélag Íslands hafi sýnt það í verki, að það sé félag, sem óhætt sé að taka fullt tillit til í þessum málum. Fyrir n. hefur legið bréf um þetta mál frá þessu félagi, og n. getur ekki annað en gert þessi orð að sínum, hvað svo sem líður hagsmunum einstakra kjördæma, hvort heldur það er kjördæmi hæstv. forsrh. eða önnur. Mér er sagt, að úr þessu kjördæmi sé það sótt mjög fast að koma þessu máli fram. Og reynslan er sú, að þessi kjördæmamál eru einhver þau erfiðustu og viðkvæmustu, sem menn geta talað um. Það er eins og dómgreind manna sljóvgist, þegar um slík mál er að ræða.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég á nú erfitt með að tala í mig jafnmikinn hita og hv. síðasti ræðumaður út af þessu máli. Það var út af fyrirspurn, sem til mín var beint, að ég vildi taka til máls. Það var spurt um, hvort það væri nokkurs staðar bannað að eitra fyrir svartbak. Það er vitanlega ráð fyrir því gert, að eitrað sé fyrir hvers konar skaðsemdarkvikindi. Í hverju apóteki er hægt að fá þessa eiturtegund. Og þess vegna er það, að hv. þm. — mig langar til að segja — veður reyk í þessu máli, því hann fer svo rangt með sem mest má verða. Og það er yfirleitt erfitt að svara þessari ræðu hans. Hér er vefengt það, sem frægustu vísindamenn segja um áhrif eitursins. Það eru vefengdar yfirlýsingar og rannsóknir um það, hvort hræin séu eitruð. Það er vefengdur undirbúningur frv., hvað mikið svartbakurinn drepi og hvað mikið hann hirði af eggjum. Og hv. þm. segir, að hann leyfi sér að efast um þetta allt. Til hvers er þá að rökræða? Ég vil benda á, að skot eru margfalt ómannúðlegri aðferð, einkanlega við fugla, sem eru jafngóðir sviffuglar. Mikill fjöldi af þeim fuglum, sem skotið er á, særist aðeins, en drepst ekki. En þessa aðferð vill n. hafa. Hv. frsm. sagði, að ef til vill gæti stafað hætta af þessu fyrir fálka og örn. En hver Íslendingur veit, að eitt af einkennum fálkans er það, að hann leggst ekki á hræ. Hann drepur sjálfur það, sem hann étur, og étur það um leið. Þess vegna hirðir hann hvorki egg né grásleppu. Hér kemur ein röksemdin enn, sem þarf engan náttúrufræðing til að sjá, að er fjarstæða ein.

Ég þykist hafa sýnt fram á, að engin rök hafa komið fram í þessu máli, sem þarf sérstaklega að taka til athugunar, heldur hafa aðeins komið fram nokkur atriði, sem byggð hafa verið á misskilningi. Og mér virðist koma greinilega fram, sem hv. frsm. sagði, að hann hefði ekki þekkingu til að leggja dóm á þetta mál. Það virðist aðallega lifa í gömlum glæðum frá 1936 um þetta mál, og gætti þess mjög í ræðu hans að efni og flutningi. Ég sé því ekki ástæðu til að svara henni frekar.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það var aðallega út af fyrirspurn hv. 2. landsk. til hæstv. forsrh. og mín, sem ég vildi standa upp. Annars er þetta mál farið að verða nokkuð rætt og þarf ekki að lengja umr. um það.

Ég get tekið það fram, sem lýst var yfir í framsögu um það, hvernig l. frá 1936 urðu til, að ég játa, að fyrst, þegar ég flutti þetta mál, þá hafði ég ákvæðið um eitrun í því, en þegar ég sá andúðina, sem það mætti, og þegar Dýraverndunarfélagið reis öndvert gegn því, þá sá ég, að það mundi réttara að hafa sama ástand og geta ekkert um það í l., að heimilt væri að eitra, því það var þyrnir í augum sumra hv. þm. En það var vitanlega þá, eins og nú, heimild til þess að eitra fyrir vargfugl og önnur dýr. Það mun að vísu enginn lagabókstafur vera fyrir þessu, en það mun vera auglýsing frá landlækni frá því 1913 til apóteka, sem staðfestir þetta, þar sem apótekum er heimilað að láta af hendi eitur til þess að eitra fyrir dýr og fugla og önnur kvikindi, sem eru skaðleg.

Það þarf að fá vottorð sýslumanns eða hreppstjóra um, að gætilega verði farið með eitrið. Einnig hefur það um langan tíma verið boðið í reglugerðum um eyðingu refa að eitra fyrir þá úti um beitilönd og afrétti, a. m. k. fram um 1930. En ég verð að segja það, að mér sárnar við þetta svokallaða Dýraverndunarfélag, hvernig það hefur hagað sér í þessu máli. Það er eins og það loki alveg augunum fyrir því, hvernig vargfuglinn fer með nytjaskepnurnar. Þær virðast engan rétt eiga á sér til varnar, þó að ungar séu gleyptir daglega í tugatali og ráðizt sé á lömb. Það er talað um, að mannúðlegasta aðferðin sé að drepa svartbakinn með skotum. Nú er þetta alls ekki rétt, nema ef svo vel tekst til, að heppnist að helskjóta fuglinn. Annars er þetta alls ekki mannúðleg aðferð. N. vill samt hafa hana, en hún vill ekki, að leyfð sé sú aðferð, sem raunverulega er kvalaminnst að mörgu leyti.

Annars er það hart að setja bann við eitrun, þar sem svo mikið er í húfi fyrir dýrmæta framleiðslu sem hér er.

Það getur vel verið, að einhverjir gallar séu á þessu frv., en þrátt fyrir það má það ekki koma fyrir, að frv. sé fellt.

*Jónas Jónsson: Mér finnst þetta mál vera nokkuð hliðstætt máli, sem var nokkuð lengi á döfinni, sem sé um sambúð sels og lax. Það eru nokkur ár síðan skuldaskil milli þessara tveggja dýrategunda byrjuðu, ekki sízt við Ölfusá. Ég átti þátt í því einu sinni að koma fram með frv. um ófriðun selsins. Mér fannst ekki sambærilegt það gagn, sem af selnum var, samanborið við gagnið af laxinum. Það var ekki hægt að mæla á móti því, að það voru tugir manna við þetta stóra vatnsfall t. d., sem höfðu gagn af laxinum, en ekki nema fáir af selnum. Það beið í mörg ár, að þetta mál næði fram að ganga, en hafðist að lokum í gegn eftir mikla mótspyrnu. Því var slegið föstu af Alþ. og héraðsbúum, að það ætti að meta laxinn meira en selinn. Nú er árangurinn að koma í ljós eins og menn gátu bezt búizt við. Laxinn hefur farið vaxandi og tekjurnar af honum orðið miklu meiri en menn grunaði, jafnvel eftir svo stutta friðun. Og nú dettur engum í hug að bera saman eða meta selinn neitt sambærilegt við laxinn.

Ég skal ekki segja um, hvernig því frv., sem hér liggur fyrir, reiðir af. Annars vegar hefur ríkisstj. lagt það fyrir, en hins vegar hefur n. lagt til, að frv. nái ekki fram að ganga. Ég skal engu spá um, hver úrslitin verða, en hitt þykist ég vita, að það muni fara með þessi skuldaskil eins og þau, sem ég nefndi áðan. Það má mjög líklegt teljast, að það sé ekki svartbakurinn einn, sem veldur hrörnun æðarvarpsins, en það er sannað mál, að hann veldur þar miklu um, og meðan hann er látinn afskiptalaus svo að segja, þá er ekki hægt að búast við, að æðarvarpið dafni og blómgist. Það liggja mér vitanlega ekki rök fyrir því, að svartbakurinn sé arðbær skepna. Það vill svo til, að ég hef lítils háttar reynslu í þessu, vegna þess að fyrir nokkru keyptu 10 menn hólma í Þingvallavatni, sem Sandey heitir. Náttúran notar ekki þennan hólma til annars en að unga út svartbak. Þetta er mikið svartbaksbæli, og hefur verið reynt að eyða honum með eggjatöku, en þrátt fyrir það hefur það ekki tekizt nógu vel enn þá. Bændunum í nágrenni Þingvallavatns er illa við hann vegna silungsins og lambanna, og alls staðar er sama sagan, að af svartbaknum fer versta orð, nema fyrir það, hvað hann er fallegur á að horfa, þegar hann flýgur. Mér er það ljóst, að ómögulegt er að bera saman fjárhagslegt gildi æðarfugls og svartbaks, og er óhugsandi að halda fram, eins og sumir gera, að hvorir tveggja geti verið nytjafuglar. Ef við tökum hérað eins og Breiðafjörð, þá er það ljóst, að ef svartbakurinn yrði friðaður á sumum eyjunum, mundi það ganga út yfir varpið í hinum. Æðarfuglinn er allt öðruvísi, mjög fallegur og friðsamur fugl, enda hefur hann verið talinn kóróna landbúnaðarins, þar sem hann hefur verið ræktaður. T. d. hafa Sauðanes og Laxamýri þótt hinar prýðilegustu jarðir vegna æðarfuglsins. Mér er kunnugt um, að áhugasamir menn hafa litið svo á, að hægt sé að færa út æðarvarp, en til þess þurfi friðun, sérstaklega fyrir svartbaknum. Er ekki hægt að neita því, að alltaf hefur þótt ánægjulegur atvinnuvegur, ef hægt er að færa æðarvarp út í stórum stíl.

Mér virðist mjög undarlegt, að þrír mætir menn í allshn. skuli hafa getað komið sér saman um að stöðva þetta frv., vegna þess að öll skynsamleg rök mæla með því eins og stjórnin lagði það fyrir. Það getur vel verið, eins og hv. 5. landsk. þm. tók fram, að gera þurfi á því einhverjar breytingar, en aðalstefnan er sú að eyða svartbaknum með kröftugum meðulum. Hitt, hvort borga eigi eina eða tvær krónur, er aðeins fyrirkomulagsatriði, sem kunnugir menn eins og hv. 5. landsk. þm. geta vel borið um.

Mér þykir sennilegt, að afgreiðsla hv. þm. á frv. í n. stafi af mannúðartilfinningu, þeim finnst óþægilegt að lögbjóða aðferð, sem veldur jafnkvalafullum dauða og eitrunin. Þeir hafa þar áreiðanlega menn í Dýraverndunarfélaginu með sér, sem virðast líta þannig á þetta mál. Ég verð að segja, að Dýraverndunarfél. gerir töluvert gagn, en það gerir oft mjög vafasamt gagn fyrir löggjafarstarfsemina í landinu og hefur oftar en einu sinni gert að engu nauðsynlegar ráðstafanir, sem gera þurfti, til þess að ákveða, hvort dýrið á að meta meira. Ég hygg, að dómur Dýraverndunarfél. hafi að verulegu leyti haft áhrif á niðurstöðu n. og tafið þannig fyrir eðlilegri lausn þessa máls. Þarna hefur félag þetta, um leið og það vildi láta gott af sér leiða, unnið verk, sem var betur látið ógert.

Við, sem unnum í þingvallanefndinni, áttum í miklum erfiðleikum með að friða staðinn fyrir ágangi búpenings, sérstaklega í sambandi við hlið eitt á Almannagjá, sem alltaf var skilið eftir opið í hinni miklu umferð, og hvernig sem farið var að, streymdu skepnur inn yfir staðinn. Svo fengum við vitneskju um, að hægt væri að gera hlið, sem opnaðist fyrir bíla, svokallað pípuhlið. Yfir þetta renna bílar, en hestar geta ekki farið um hliðið, enda er það hættulegt, af því að pípan er ekki svo þétt, að þeir geti verið öruggir. Þess vegna létum við gera

annað hlið fyrir hesta og kindur. Nú skyldum við ætla, að Dýraverndunarfél. léti málið hlutlaust. Þarna var stærsta friðunargirðing landsins, en þó ekki hægt að framkvæma friðun af þeim ástæðum, sem ég hef greint. En Dýraverndunarfél. blandaði sér í þetta eftir þeirri kenningu, að hestar gætu álpazt út á grindurnar og brotið sig þar. Nú er það skaði í sjálfu sér, að menn, sem að Dýraverndunarfél. standa, skuli vita svo lítið um dýrin. Allir, sem þekkja íslenzku hestana, þekkja varfærni þeirra, enda hefur það aldrei komið fyrir, að þeir hafi skaðað sig á þessu pípuhliði. En Dýraverndunarfél. gat verið svo duglegt í þessu, að það braut án okkar leyfis girðinguna eða gerði hana ónýta í bili, og fórum við að fá aðgang á okkar verndaða land, þar til úr var bætt. Síðan höfum við sloppið vel, félagið hætti að sarga í okkur, og friðuninni fór vel fram.

Ég ætla að taka annað dæmi, sem sýnir, að Dýraverndunarfélagið getur í sjálfu sér komið með eðlileg rök frá tilfinningasjónarmiði fyrir sínum aðgerðum, þó að það í rauninni sé ekki byggt á skynsemi. Fyrir nokkrum árum kom hv. þm. Mýr. með frv. um það á Alþ. að ófriða svaninn undir vissum kringumstæðum. Þetta mætti mikilli mótspyrnu, og voru í því sambandi ortar grínvísur um þingmanninn. Dýraverndunarfél. stóð mjög framarlega í þessu og hélt því fram, að ekki kæmi til mála að eyðileggja svaninn. Skömmu eftir þetta varð ég vitni að tvenns konar ástandi með svaninn. Ég kom eitt sumar í Gilsfjörð og sá þá mörg þús. svani baða sig úti á firðinum í sumarblíðunni. Var það mjög ánægjulegt á að horfa. Svo kom ég þarna 2 eða 3 árum seinna, og þá var svo að segja enginn svanur á firðinum. Hafði komið harður vetur og þeir farizt svo hundruðum þúsunda skipti úr hungri. Það er hlutverk löggjafarinnar að taka hér í taumana, og er ekkert vit í því að láta þessum fallega fugli fjölga svo mikið, að hann geti ekki annað en hrunið niður úr hungri, hvenær sem kemur harður vetur. Svanurinn er til mikillar prýði fyrir landið og til verulegrar ánægju fyrir landsmenn, verði ekki of mikið af honum, svo að honum reynist ógerlegt að lifa sökum hagleysis.

Þá kem ég að einni hlið þessa máls, sem beinlínis skilur á milli þessara tveggja dýrategunda. Finnur Guðmundsson vatnafræðingur hefur rannsakað Mývatn og komizt að raun um, að það er svo gott veiðivatn, að það á ekki neinn sinn líka á öllu landinu. En þrátt fyrir klakið hefur silungsveiðin heldur farið minnkandi. Nú er þessi veiði mjög nauðsynleg fyrir sveitina, sem er mjög fjölmenn. Mun vera vissa fengin fyrir því, að svanurinn kafi niður og taki hrognin. Bændurnir hafa ekki leyfi til að drepa þennar fugl og verða því að sjá þessi verðmæti sín eyðilögð. Ég hef búizt við því, að friðunarlögunum yrði breytt, áður en langur tími liði, og svanurinn yrði ófriðaður vissan tíma á árinu, til þess að hindra það, að hann eyðileggi sums staðar tún og sums staðar silungsveiði. Þetta mál er mjög tilfinningaríkt fyrir Dýraverndunarfélagið, og þess vegna hefur það reynt að hindra allar skynsamlegar endurbætur á lögunum. Ég vil nefna þetta hér sem dæmi, af því að ég þekki þetta mjög vel.

Ég býst við, að ástæðan til þess, að þrír hv. nm. taka hér svo ótrúlega afstöðu í svo augljósu máli, sé mannúð við dýrin, þó að hún óhjákvæmilega leiði til ómannúðar. Það, sem þessi fugl gerir, ef honum er leyft að fjölga, er að drepa svo mikið af öðrum fuglum, að það er ekki sambærilegt. Ef við athugum, hvað einn stór og sterkur svartbakur getur drepið mörg hundruð af minni fuglum, þá rekur mannúðin sig ónotalega á. Ég vonast því eftir, að þó að hv. nm. geti ekki skipt um afstöðu í þessu máli nú, verði þeir því fylgjandi, er til atkvgr. kemur, vegna þess að hér er um að ræða réttlátan málstað þegnanna.

*Magnús Gíslason: Umr. hafa orðið nokkuð lengri heldur en búizt var við um þetta mál, sem er í sjálfu sér mjög einfalt. Þegar ég, ásamt meðnm. mínum, afgreiddi málið á þann hátt, sem skýrt er frá í nál., þá var það ekki vegna þess, að ég áliti ekki rétt að fækka svartbaknum. Allir nm. voru sammála um, að svartbakurinn væri vargur í varplöndum og því rétt að eyða honum, þó að honum yrði ekki tortímt með öllu. Okkur datt ekki í hug að hrófla við l., sem nú gilda um þetta. Í grg. þeirri, sem fylgir frv. frá Finni Guðmundssyni, er getið um þrjár leiðir, sem réttastar þykja til að útrýma svartbaknum: í fyrsta lagi að eyða honum með skotum, í öðru lagi með eitrun og í þriðja lagi með því að eyða eggjunum. Í l., sem nú gilda, er ákvæði, sem heimilar að eyða svartbaknum með skotum, og jafnvel heitið verðlaunum fyrir hvern fugl, sem er drepinn á þann hátt. Enn fremur er öllum jarðareigendum gert að skyldu að eyða öllum þeim svartbakseggjum, sem finnast í landareign þeirra. Virðist þetta vera örugg leið til þess að fækka svartbaknum. En auðvitað vita allir, sem eru kunnugir íslenzku landslagi, að þetta er eitt af þeim ákvæðum, sem eru óframkvæmanleg, að eyða öllum svartbakseggjum, þó að þau séu á þeim stað, sem ómögulegt er að komast að þeim. Hvað snertir eyðingu með eitri, þá er ekki getið um hana í l., sem nú gilda um útrýmingu svartbaks. En eftir því, sem upplýstst hefur í umr. og staðfest var af hæstv. forsrh., þá ber að skilja l. þannig, að eitra megi fyrir svartbak að fengnu samþykki viðkomandi sýslunefndar. M. ö. o., allar þessar leiðir, sem vísindamaður þessi leggur til, að nota skuli við eyðingu svartbaks, eru nú farnar að meira eða minna leyti. Eina breytingin, sem fengist með samþykkt þessa frv., er sú, að umráðendum varplanda er gert að skyldu að eitra fyrir svartbakinn, hvort sem þeir vilja eða vilja ekki. Okkur nm. er kunnugt um, að mörgum þessum umráðendum varplanda er illa við að eitra fyrir svartbakinn í landi sínu. Okkur fannst ástæðulaust að lögbinda eitrunina og erum henni mótfallnir vegna þess, er nú skal greina. Það er fyrst og fremst mjög ómannúðleg aðferð að skjóta veiðibjölluna, og það bætir ekki úr skák að taka upp aðra ómannúðlega aðferð. Ýmsir þekkja, að oft komast hundar í eitruð hræ, og þeir vita vel, að það

er ekki mannúðleg aðferð að drepa skepnur á eitri, og þegar farið er að eitra takmarkalaust út um allar jarðir, má alltaf búast við, að það verði öðrum skepnum að fjörtjóni en ætlazt er til. Auk þess segir þessi vísindamaður, að ekki megi hirða svartbak, sem drepinn sé á eitri, og menn megi ekki einu sinni freistast til að taka af þeim vængina. Af þessum ástæðum er ég mótfallinn eitrun í svo stórum stíl.

Ég sé svo ekki ástæðu til að rökstyðja mál mitt frekar.

Páll Zóphóníasson: Ég er ekki með frv. því, sem hér liggur fyrir, vegna þess að mér finnst það ekki vera byggt upp á nógu traustum grundvelli. Þessu frv. er ætlað að styðja að eyðingu svartbaks, en ég vildi láta það styðja að eyðingu allra vargfugla í varplöndum. Fyrir 3 árum var samþ. á Alþ. að láta endurskoða öll friðunarlög fyrir fugla hér á landi, en hvað þessu máli líður, veit ég ekki. Var Bjarna heitnum Sæmundssyni fengin sérstaklega þessi endurskoðun í hendur, en að honum látnum, hefur einhver annar haft þetta verk með höndum. Mér finnst nú þessi endurskoðun hafa dregizt nokkuð lengi, og hefði hún fyrst og fremst átt að liggja til grundvallar þessu frv.

Ég legg ekkert upp úr eitrunarhættunni og ekkert upp úr mannúðinni í röksemdum þeirra, sem eru móti frv. Hvort er meira að sjá svartbak deyja með skammvinnum þjáningum eða sjá þá tvo eða þrjá saman vera að rekja garnir úr sama lambsskrokknum, meðan lambið er enn ódautt? Mér skilst, að eigi mannúðarsjónarmið að ráða nokkru, orki það ekki tvímælis, að kvalirnar, sem svartbakurinn veldur öðrum skepnum, séu margfaldar við þær, sem hann líður sjálfur, þótt hann deyi af eitri.

Ég er sammála hv. 5. landsk. þm. um það, að 1 kr. sé nægileg verðlaun fyrir hvern drepinn fugl, og mun fylgja brtt. um það, ef hann ber hana fram.

Ég geri hiklaust ráð fyrir, að frv. verði samþ. nú. En ég vildi, að hæstv. ríkisstj. sæi til þess, að málið yrði tekið upp aftur á næsta þingi á breiðari grundvelli og næði til alls vargs, sem í varplönd sækir. Þess vil ég geta, að ey sú, sem Finnur Guðmundsson athugaði, hjá Bæ í Hrútafirði, er ekkert sérlega ásótt af svartbak. Þær ályktanir, sem hann gerði um eyðing af völdum svartbaksins, sýna ekki nema brot þeirrar eyðingar, sem hann veldur víða annars staðar, þar sem hann er meiri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Ed., 5. júní, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 647 felld með 9:5 atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PHerm, PZ, ÞÞ, BSt, HermJ, JJós, JJ, EÁrna.

nei: MG, SÁÓ, ÞrB, ErlÞ, IngP.

ÁJ, BSn greiddu ekki atkv.

3.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 73. fundi í Ed., 7. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 10. júní, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 466, 697).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það sýndi sig við atkvgr. um þetta mál við 2. umr., að þau atriði frv., sem allshn. taldi varhugaverðust í því, hafa nægilegt fylgi til þess að ná samþykki. Þó að allshn. sé fyllilega sömu skoðunar og hún var við 2. umr. um það atriði, þá hefur hún tekið þá afstöðu, sem minni hl. ber að gera í hverju máli, að hún sætti sig við orðinn hlut, þó að hún geti ekki fylgt því, og byggir það á þeirri staðreynd, að góð mál sigra alltaf að lokum, og gerir n. því ráð fyrir, að þó að þetta verði gert að l. nú, þá muni það í framkvæmdinni sýna sig, að þetta er slæmt mál, og þess vegna muni það ekki standa lengi frekar en það vonda, því við höfum þá trú, að það verði alltaf að láta undan því góða á endanum. En þar sem sýnt var, að málið gengi fram, þótti n. rétt að gera tilraun til lagfæringar á frv. Það hafði hún ekki gert fyrir 2. umr., vegna þess að hún hafði lagt til, að málinu yrði vikið frá með dagskrá. Nú hefur n. komið með nokkrar brtt., sem hún telur til lagfæringar, og skal ég víkja að þeim nokkrum orðum.

Það er aðeins ein brtt., sem snertir aðalmálefnið, eitrunarákvæðin í frv. Og ég ætla að minnast á það fyrst, af því að ég tel, að hinar brtt. séu þess eðlis, að engin ástæða sé fyrir flm. frv. að ganga á móti þeim, þó að þeir kynnu að ganga á móti þeirri brtt., sem snertir aðalefnið. Og vil ég þá lýsa þessari 2. brtt. fyrst. Þar gerum við ráð fyrir, að sú breyt. verði á gerð, að inn í þessa frvgr., 2. gr., verði felld þessi orð á eftir orðunum „í varplöndum“: þar sem meiri hluti viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar samþykkir.

Okkur finnst, að þeim, sem með eitruninni halda, ætti að nægja það, að það yrði eitrað þar, sem menn vilja gera það, þó að eitrunaraðferðinni yrði ekki þröngvað upp á menn. Og ég vil bæta því við, að ég vil með þessari brtt. og n. öll fá úr því skorið, hvort það sé virkilega meiningin með þessu frv. að þröngva eitrunaraðferðinni upp á alla, hversu mikið sem þeir kunna að vera á móti henni. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta atriði, það skýrir sig sjálft.

Þá vík ég að hinum brtt., sem allar eru til lagfæringar á frv. Skal ég fyrst víkja að fyrstu brtt., þar sem við leggjum til, að í 1. gr. komi í staðið fyrir „tvær krónur“: ein króna, — þ. e., að verðlaun fyrir að skjóta svartbak verði færð niður í eina krónu. Og ég hygg, að ekki verði á móti því mælt, að það séu sæmileg verðlaun. Og ég vil geta þess, að þessi brtt. er flutt af tilefni, sem gafst í ræðu hv. 5. landsk. við 2. umr. Ég geri mér því fyllilega von um, að hv.

þd. fallist á þessa brtt., því að þó að menn vilji svartbaknum allt illt, finnst mér óþarfi að eyða á hann meiri peningum en þörf er.

Þá kem ég að 3. brtt., sem er svo sjálfsögð, að ég skil ekki í, að nokkrum hv. þm. detti í hug að greiða atkv. á móti henni; er hún við 3. gr. frv. Hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Orðin „eða vitanlegt er, að hafa drepizt af eitri“ falli niður.“ Verður þá fyrri málsgr. 3. gr. frv., ef þetta er samþ., þannig: Bannað er að hagnýta á nokkurn hátt svartbaka, sem finnast dauðir, og skulu þeir grafnir tafarlaust, þar sem þeir finnast.

Það sjá allir, að þetta ákvæði, sem við viljum fella niður, er hégóminn einber. Hvernig á ég að vita, ef ég finn svartbak, hvort hann hafi drepizt af eitri eða ekki? Mér er það vitanlega ómögulegt. Þetta ákvæði má því til að leiðrétta. Og ég skal játa, að okkar brtt. gengur of skammt, því að í raun og veru hefði átt að banna að hirða alla ránfugla, sem finnast dauðir, og fyrirskipa að grafa þá. Því að þrátt fyrir það, þó að hæstv. forsrh. héldi því fram við 2. umr., að hræ dýra, sem drepast af eitri, séu ekki hættuleg, þá hefur lagasmiðnum þótt ástæða til að leggja svo fyrir, að grafa skyldi alla svartbaka, sem vitað er, að drepizt hafi af eitri. Og það getur varðað frá 100 upp í 1000 kr. sekt að fylgja ekki þessu ákvæði. Ég tel alveg víst, að þetta ákvæði verði þannig úr garði gert frá d., að það verði einhver dálítil skynsemi í því. Því að eins og það er nú er það gagnslaust og óþarft að láta það standa. Annaðhvort á að gera þessi hræ óskaðleg eða ekki, og þá væri réttast að beita því við hræ allra rándýra, sem dauð finnast, þó við höfum ekki gengið svo langt í brtt. n.

Þá er 4. brtt., við 4. gr. Hún er að nokkru leyti afleiðing af fyrstu brtt. og að nokkru leyti leiðrétting á ákvæðum frv. og gerð með það fyrir augum, að hægt verði að framkvæma ákvæði frv. Ef 1. brtt. okkar verður samþ., þá lækka verðlaunin fyrir að drepa svartbak með skotum, og þá leggjum við til, að það verði aðeins ríkissjóður og sýslusjóðir, sem greiði verðlaunin til að byrja með, en hreppssjóðunum sé sleppt. Og að við leggjum þetta til, byggist á því, að ég sé ekki betur en að það verði afar erfitt að framkvæma það að fá þessu ákvæði fullnægt. Ef t. d. drepinn er máfur þar, sem ekkert æðarvarp er, jafnvel drepinn í stórum stíl, því að svartbakur er víða töluvert á vissum tíma árs í hreppum, þar sem ekki er um neitt varp að ræða, hvorki æðarvarp né svartbaksvarp, og af því að þetta getur orðið sæmileg atvinnugrein, að skjóta svartbak, því að fyrst og fremst er greidd eftir okkar brtt. ein kr. fyrir væng af honum, og svo þykir mér ekki ósennilegt, að það mætti fá, með því verði, sem nú er á kjöti, og líklega verður á næstunni, aðra krónu fyrir kjötið til refaeldis, þá eru allar líkur fyrir, að hreppsnefnd verði treg til að greiða sinn hluta af verðlaununum, og afleiðingin verði sú, að það reynist ókleift að innheimta þann hlutann, sem hreppurinn á að greiða, og leggjum við því til, að ríkissjóður greiði ¾ hluta af verðlaununum, en sýslusjóður ¼ hluta þeirra. Og ég held, að með þessu móti verði miklu hægara fyrir ríkissjóð að ná inn þessum hluta af verðlaununum, sérstaklega þegar þannig er um búið, sem við leggjum ekki til, að verði neitt breytt, að æðarvarpseigendur eiga að greiða eina krónu fyrir hvert hreinsað kg æðardúns, er þeim fellur næstu fimm ár eftir gildistöku þessara l., eins og í frv. getur. Þær tekjur ættu að gefa nægilegt til endurgreiðslu á framlagi sýslusjóða og ríkissjóðs. Þetta er a-liður 4. brtt. B-liður er orðabreyt., sem nauðsynleg er, ef a-liður er samþ.

Skal ég svo láta við þetta sitja, af því að ég hef ekki löngun til að tefja fyrir þessu máli, og einnig er nú orðið áliðið fundartíma.

Ég geri ráð fyrir, að 1. og 4. brtt. þurfi ekki að valda deilum, en get búizt við því, að þeim mönnum, sem fylgja eitrunaraðferðinni, þyki nokkuð skertur sinn hlutur með 2. brtt. En eins og ég sagði áðan, þá þykir mér rétt að fá úr því skorið með atkvgr., hversu fast dm. sækja hina skefjalausu eitrunaraðferð. Ég tel, að með frv. sé gengið miklu lengra í því efni en venja er til, þar sem á annað borð á að ríkja lýðræði. Ég læt við það sitja, sem ég hef sagt um þessar brtt., og mun alls ekki taka til máls frekar, þó að andmælum verði hreyft.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal vera stuttorður um þetta mál eins og endranær. Ég get tekið það fram, að allshn. hafði rætt við mig um þessar brtt., sem hér liggja fyrir. Við 2. umr. lýsti ég því yfir, að ég teldi verðlaunin fyrir það að drepa hvern svartbakinn of há, og eins, að ekki væri heppilega skipt niður greiðslunni fyrir að skjóta svartbakinn. Úr þessu hefur hv. allshn. bætt með 1. og 4. till. á þskj. 697, og get ég vel unað við þá úrlausn, enda var það gert í samráði við mig. Um 3. till. vil ég segja það, eins og hv. frsm. tók fram, að hún er alveg sjálfsögð, og þarf ekki að orðlengja um hana. Um 2. brtt. vil ég segja það, að ég álít, að þetta innskot, sem þar er sett, verði yfirleitt til óþæginda og erfiðleika, ef það næði fram að ganga. Ég álít nauðsynlegt að hafa hreint og beint boð eða skipun um það frá löggjafanum að eyða svartbaknum í varplöndunum, því að það er náttúrlega unnið fyrir gíg, þó að einstakir menn fari að eyða svartbaknum í sínum löndum, ef aðrir menn ala hann upp í varplöndum sínum. Ég verð að lýsa því yfir, að ég er andvígur 2. brtt. n., af því að ég tel, að hún sé til skaða fyrir frv. En ég hef þegar gefið yfirlýsingu (við 2. umr.) um það, að ég tel 1. og 4. brtt. til bóta, og tel nauðsynlegt að fá þær fram, og þess vegna verð ég að fylgja þeim við atkvgr., og einnig þeirri 3., sem er sjálfsögð brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Ed., 11. júní, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 697,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 697,2 felld með 9:6 atkv.

Brtt. 697,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 697,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:6 atkv. og endursent Nd.

Á 77. fundi í Nd., 12. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 724).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 735).

---

28. Ríkisborgararéttur.

Á 58. fundi í Nd., 13. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (stjfrv., A. 478).

Á 59. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 478, n. 532).

Frsm. (Bergur Jónsson): Allshn. hefur athugað þetta frv., sem nú er lagt fram sem stjfrv., og hefur það komið í ljós, að allir þeir, sem greindir eru í 1. gr., fullnægja skilyrðum l. til þess að fá ríkisborgararétt, að undanskildum nokkrum mönnum, sem eru taldir upp í aths. við frv. Þeir hafa ekki getað aflað sér hegningarvottorðs vegna styrjaldarástandsins, og virðist ekki ástæða til þess að láta þá gjalda þess, þar sem mennirnir hafa hagað sér sómasamlega hér á landi, en hins vegar ekkert samband við heimaland þeirra.
Þá hefur n. tekið það til athugunar, að einn af þessum mönnum hefur ekki náð fullum 16 ára aldri fyrr en 9. júlí, en það virðist lágmarksaldur til þess að geta fengið sjálfstæðan ríkisborgararétt. — Önnur brtt., sem fram er borin, stafar af þessu, og gerir hún ráð fyrir, að enda þótt l. öðlist gildi þegar í stað, þá verði gerð undantekning að því er snertir Martin Petersen og l. látin ná til hans, þegar hann verður 16 ára að aldri, 9. júlí 1941.

ATKVGR.
Brtt. 532,I samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 532,II (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 569, 573, 578).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Síðan mál þetta var til 2. umr., hefur það verið athugað í allshn., sem hefur fundizt rétt að veita 3 nýjum mönnum ríkisborgararétt. Í samræmi við það hefur hún borið fram brtt. á þskj. 573 og 578.
Að því er snertir fyrri manninn, sem nefndur er á þskj. 573, þá fullnægir hann öllum skilyrðum til að öðlast ríkisborgararétt. — Síðari maðurinn hefur ekki verið hér í 10 ár fyrr en 1. okt. 1941, og er því ætlazt til, að l. öðlist ekki gildi hvað hann snertir, fyrr en eftir að hann hefur uppfyllt 10 ára skilyrðið.
Maður sá, sem nefndur er á þskj. 578, Baarregaard, hefur ekki verið hér í 10 ár fyrr en 31. ág. 1941, og er því sams konar brtt. við 2. gr. frv. að því er hann snertir.

ATKVGR.
Brtt. 573,I samþ. með 19 shlj. atkv.
— 578,I samþ. með 18 shlj. atkv.
— 573,II samþ. með 17 shlj. atkv.
— 578,II samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., 21. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 582).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 11. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 582, n. 715).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Allshn. hefur gaumgæfilega athugað þau skilríki, sem fylgja þessu frv. Það er um, að þeim mönnum, sem teknir eru upp í frv., verði veittur ríkisborgararéttur hér á landi. — Allshn. hefur orðið sammála Nd. um, að allir þessir umsækjendur uppfylli skilyrði l., sem snerta veiting ríkisborgararéttar hér á landi.
Í 20. lið frv. er skráð nafn Þórarins Jónssonar, hárskera á Seyðisfirði. Hann er fæddur hér á landi, en hafði öðlazt ríkisborgararétt í Vesturheimi, en síðan hann sendi sína umsókn, hefur hann látizt, eftir áreiðanlegum upplýsingum, sem n. hefur fengið, og er því rétt, að nafn hans sé numið burt úr frv.
Meðan þetta frv. hefur legið fyrir þessari hv. d., hafa borizt tvær sams konar umsóknir um veiting ríkisborgararéttar hér á landi. Önnur er frá Carl Adam Hoffritz, sem er starfsmaður hjá Mjólkurbúi Flóamanna, og er hann fæddur

í Danmörku. Hin er frá Sigríði Evu Sætersmoen, ungri konu af íslenzkum ættum, sem er fædd í Noregi.

N. hefur athugað þessar umsóknir og þau skjöl, sem fylgdu, og hefur hún orðið sammála um það, að þessum umsækjendum skuli einnig veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Að vísu vantar lögskipað hegningarvottorð frá Danmörku að því er Adam Hoffritz snertir, en af því að erfitt er að afla slíkra vottorða nú og hann hefur dvalið hér á landi síðan hann kom hingað árið 1924, á vegum dansk-isl. Samfund, sem ætla má að hafi séð til þess, að það hafi ekki verið neinn vandræðamaður, sem sendur var hingað upp, þá hefur n. fallizt á að gera ekki þær athugasemdir út af því, að þetta vottorð skuli vanta, sem annars hefði kannske verið ástæða til, því að ég tel rétt fyrir Alþingi að fara varlega í þessum sökum og veita yfirleitt ekki erlendum mönnum ríkisborgararétt, nema öll skilyrði séu algerlega uppfyllt og glöggar sannanir fyrir því. — En í þessu tilfelli, þar sem ómögulegt er að útvega þetta vottorð, og maðurinn, sem um er að ræða, hefur dvalið hér lengi, er kvæntur íslenzkri konu og hefur hin beztu meðmæli frá þeim, sem honum eru kunnugir, þá telur n., að ekki sé ástæða til að synja um þessa umsókn.

Ég skal að vísu geta þess, að það vantar hegningarvottorð fyrir dvöl hans hér á landi, en hann hefur dvalið 2 sumur á Fáskrúðsfirði, og er mér kunnugt um, að hann hefur ekki orðið brotlegur við lög þar, því að ég var þá lögreglustjóri í Suður-Múlasýslu.

Um hinn umsækjandann, Sigríði Sætersmoen, er það að segja, að hún er ung kona, fædd í Noregi árið 1920, móðir hennar er íslenzk, og hún fluttist hingað til Íslands árið 1923 og hefur verið hér síðan, og má því miklu frekar telja hana íslenzka en norska, þó að hún sé fædd í Noregi, og hefur n. því ekki talið neina ástæðu til að synja um þessa umsókn.

Ég vil leggja það til, að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt., sem n. leggur til að verði gerðar á því og eru á þskj. 715.

ATKVGR.
Brtt. 715,1.a—b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 715,2 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 12. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 721).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Nd., 13. júní, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 748).

---

29. Staðarprestakall á Reykjanesi.

Á 70. fundi í Nd., 4. júní, var útbýtt:
Frv. til l. um preststsetur Staðarprestakalls á Reykjanesi (stjfrv., A. 679).

Á 71. fundi í Nd., 5. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Bergur Jónsson: Þetta frv. er flutt sem stjfrv. En þar sem hæstv. kirkjumálaráðh. er ekki viðstaddur, skal ég geta um það, að þetta mál er flutt hér samkv. ósk sóknarmanna í Staðarprestakalli. Og hér er aðeins um það að ræða, að veita heimild til þess að flytja preststsetrið frá Stað á Reykjanesi að Reykhólum í Reykhólahreppi, sem er eitt af höfuðbólum Reykhólasveitar og þar að auki eign ríkisins. Með þessum skiptum á preststsetri væri auðveldara að hafa not af kennslukröftum prestsins, og auk þess hægara fyrir safnaðarmenn að njóta krafta prestsins yfirleitt.

Ég vil svo leyfa mér að gera að till. minni, að þessu máli verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 7. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 679, n. 690).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Allshn. leggur einróma til, að þetta frv., sem er stjfrv., verði samþ. óbreytt.

Ég vil taka það fram, að hér er aðeins um heimild til ríkisstj. að ræða til þess að flytja preststsetrið frá Stað á Reykjanesi að Reykhólum í Reykhólahreppi. Heimildin verður tæplega notuð, nema séð verði fyrir sæmilegu jarðnæði handa prestinum, þegar flutningurinn fer fram. Enda er hægt um vik, þar sem flutningur á að fara fram til Reykhóla, þar sem nægilegt jarðnæði og jarðgæði eru fyrir hendi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 9. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 10. júní, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 75. fundi í Ed., 11. júní, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 12. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 679, n. 729).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Þetta frv. mun vera komið frá ríkisstj. og hefur gengið í gegnum Nd. Frv. er um heimild til handa ríkisstj. að breyta um prestssetur í Staðarprestakalli á Reykjanesi, þ. e. a. s. að flytja prestssetrið að Reykhólum í sama hreppi. Allshn. þessarar d. leitaði sér upplýsinga um þetta mál og ræddi sérstaklega við þm. kjördæmisins og í öðru lagi við herra biskupinn, Sigurgeir Sigurðsson. Tilefni þessa máls má að nokkru leyti sjá í þeirri stuttu grg., sem fylgir frv., en höfuðástæðan fyrir því, að þetta mál er sótt af sóknarmönnum, er sú, að Reykhólar eru betur í sveit komnir sem prestssetur heldur en Staður. Það er mikill áhugi fyrir því, að á Reykhólum rísi upp menntasetur fyrir Breiðafjörð og ef til vill fyrir Vestfirði, og er þá mjög þægilegt að geta haft prestinn þar á staðnum sem virkan aðstoðarmann við slíkt menntasetur. Ég hygg, að þetta séu höfuðástæðurnar fyrir því, að þessi ósk hefur komið fram frá sóknarmönnum. Hins vegar er ekki því að neita, að af þessu hlyti að leiða það, að byggja þyrfti yfir prestinn á Reykhólum, en n. hefur verið tjáð, að bærinn á því núverandi prestssetri sé orðinn það forn, að óumflýjanlegt væri að byggja hann upp í náinni framtíð. Þá yrði sennilega að skipta einhverjum hluta úr jörðinni, til þess að presturinn gæti haft nokkurt bú, en það er kunnugt, að Staður á Reykjanesi er talinn með beztu bújörðum og hæg bújörð, og fyrir þá sök hafa prestar setið þar um langan aldur.

Að þessu öllu athuguðu telur n. rétt að mæla með því, að frv. verði samþ. og gefa þar með kirkjumálaráðuneytinu þessa heimild og láta það um það, hvort þessar ráðstafanir verða gerðar eða ekki.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Það var út af þessu frv., sem ég vil spyrjast fyrir um einstök atriði.

Ég sé, að í grg. er sagt, að Reykhólar séu betur í sveit settir en Staður. Eftir þeirri staðarþekkingu, sem ég hef þarna, þá eru Reykhólar annars vegar við það núverandi prestssetur, en Gufudalur hins vegar, og sé ég ekki annað en að prestssetrið sé nálægt miðju prestakallinu. Þess vegna finnst mér dálítið skakkt að segja, að presturinn sé betur í sveit settur á Reykhólum heldur en á Stað. Það getur verið, að ýmis þægindi séu því samfara að hafa prestssetrið á Reykhólum, þar er t. d. jarðhiti, en eins og hv. frsm. tók fram, þá er Staður ágæt bújörð og hefur þótt ein af beztu bújörðum fyrir prest um þessar sveitir, og þó að fólksekla sé, er hægt að sinna hlunnindum jarðarinnar, þar sem hún er ekki fólksfrek. Mér finnst því dálítið varhugavert að þjóta í að veita þessa heimild, því að það mun vera meiningin, að hún verði notuð. En tilefni þessa frv. er, eftir því sem grg. segir, að ungmennafélagið þar vestra hélt fund og boðaði til sín hreppsnefnd, sóknarnefnd og skólanefnd, en það sést hvergi, hvort nokkur þessara manna hefur komið eða ekki, en það getur verið, að einhver skilríki liggi fyrir um það, og vil ég þá spyrja hv. frsm., hvað hann veit um það, því að ef fáir eða engir þessara manna hafa komið, þá vitum við lítið um vilja þeirra í málinu.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Hv. 5. landsk. hefur andæft þessu máli. Ég efast ekki um, að hann er þarna öllum staðháttum kunnugur og kunnugri en ég, sem hef ekki komið á þessar slóðir og hafði landabréfið aðeins fyrir augum, þegar ég varð að skapa mér skoðun um þetta mál.

Hann telur, að Reykhólar séu ekki betur í sveit komnir heldur en Staður. Þeir eru á miðju nesinu, en Staður liggur vestan á nesinu, á hreppsenda, svo að kirkjusókn er miklu hægari, ef þessi breyt. verður gerð. Hvað Gufudal við kemur, þá skiptir það litlu máli, því að hann er vestan megin við Þorskafjörð, og verður prestur venjulega að fara sjóleiðis til kirkjunnar, hvort sem hann situr á Stað eða Reykhólum.

Þá vildi hv. þm. draga úr því, að almennur vilji væri meðal sóknarmanna um þetta mál. Ég hef ekki, eða n., annað við að styðjast en það, sem herra biskupinn upplýsti, að fyrir þessu máli væru óskir og ákveðin meðmæli frá sóknarnefnd og frá prófasti prestakallsins og yfirleitt frá þeim aðilum, sem frá greinir í grg. Ég held, að ekki sé hægt að draga í efa, að fyrir hendi sé almennur vilji Reykhólasveitarmanna, að þessi breyt. sé gerð, svo að það er engin ástæða til að mótmæla frv. á þeim grundvelli. Sem sagt, eftir þeim upplýsingum, sem n. fékk, sá hún ekki ástæðu til annars, eins og segir í nál., en að rétt væri að veita þessa heimild. Ég tel þetta mál ekki stærra en það, að ég tel

alveg rétt að leggja það á vald kirkjumálaráðuneytisins, hvor leiðin verði farin, því að Alþ. hefur oft veitt stj. heimild til að gera stærri hluti en þá, sem hér er um að ræða, og er engin ástæða til að ætla, að stj. geri í þessu máli annan en það, sem rétt er og skynsamlegt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Þetta frv., sem liggur hér fyrir í heimildarformi, miðar að því að færa prestssetrið frá Stað að Reykhólum. Í fyrra voru samþ. — ef ég man rétt — l. um að fjölga prestum í Reykjavík. Þegar þau voru samþ., var mér tjáð, að n. sæti á rökstólum að athuga yfirleitt prestaskipun og prestakallaskiptingu í landinu. Nú hagar svo til, að upp að þessu prestakalli, sem presturinn á Stað þjónar, liggur prestakall, sem kallað er Staðarhólsprestakall og búið er að vera prestlaust og fá prestsþjónustu að, að ég ætla síðan 1927, og hefur verið þjónað frá Hvammi í Dölum. En önnur kirkjusóknin, sem heyrir undir þetta prestakall, er Garpsdalskirkjusókn, sem liggur að norðanverðu við Gilsfjörð. Presturinn í Hvammi þarf ekki einungis að fara um Svínadal og heiðina og Saurbæinn, heldur inn fyrir allan Gilsfjörð út að Garpsdal, eða fá ferju yfir fjörðinn, -- hvort tveggja óraleið, enda er presturinn fleiri daga, þegar hann á annað borð leggur af stað að heiman. Hins vegar liggur betur við að þjóna Garpsdalssókn frá prestssetrinu á Stað, og alveg sérstaklega, ef presturinn er settur að Reykhólum.

Ég vil nú búast við, að það, hvort stj. notar þessa heimild, fari fyrst og fremst eftir því, hver vilji er fyrir vestan, og þar næst eftir því, hvort af því verður, sem liggur á döfinni, að breyta eitthvað prestakallaskipun í landinu og sameina þau. Og þá er sjálfsagt að láta Garpsdalssókn falla undir Staðarprest, en Saurbæinn falla undir Hvamm í Dölum. En ef á að þjóna Gufudal frá Staðarprestakalli, eins og nú er, er betra, að presturinn sitji á Stað en Reykhólum, því að það munar miklu að fara sjóveg frá Stað og hins vegar sjóveg frá Reykhólum fyrir eyjar og nes, eða þá ríðandi inn Barmahlíð og yfir Þorskafjörð eða inn fyrir og yfir hvern hálsinn af öðrum.

Þar sem þetta er ekki annað en heimild, mun ég fylgja frv. En nú fór hæstv. forsrh. út úr d., en ég vildi spyrja hann, hvað liði yfirleitt því starfi, sem verið er að vinna til breyt. á prestakallaskipun í landinu. Þar sem hæstv. forsrh. kemur nú inn, vil ég endurtaka það, að ég greiði atkv. með þessu frv. fyrst og fremst af því, að það er heimild. Ég álít, að Staðarhólsprestakalli, sem hefur verið prestslaust síðan 1927, eigi að skipta og Garpsdalur að leggjast undir Staðarprest, en ekki vera þjónað frá Hvammi í Dölum, eins og nú er. Treysti ég því, að þetta verði framkvæmt um leið og prestssetrið er flutt. Sömuleiðis vil ég spyrja, hvað líður endurskoðun á prestakallaskipun, sem hefur verið í framkvæmd undanfarin ár.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 13. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 749).

---

30. Ríkisreikningurinn 1939.

Á 65. fundi í Nd., 23. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939 (stjfrv., A. 606).

Á 66. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 9. júní, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 10. júní, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 606, n. 704).

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Fjhn. hefur borið tölur frv. saman við ríkisreikninginn 1939 og ekki fundið neitt við þær að athuga. Aðeins einni aths. endurskoðenda hefur verið beint til Alþingis, um ríkisútgáfu skólabóka. Í tilefni af því kallaði n. til sín framkvæmdastjórn þessarar útgáfu og formann þeirrar nefndar, sem skipuð er til þess að sjá um útgáfuna, og hefur n. fallizt á, að óhreyft sé látið standa í þetta sinn það fyrirkomulag, sem haft hefur verið á útgáfu og reikningum útg., en n. sýnist hins vegar ástæða til, að næst verði bætt úr ýmsum ágöllum. Sérstaklega hafa bækurnar þótt koma of seint, og hefur það tafið kennslu meinlega. En slíkt eru framkvæmdaratriði, og við vitum, að þessir menn, sem við töluðum við, hafa áhuga fyrir því, að þetta sé lagfært eins og hægt er. Annars virtist mér og fleirum í n., að stjórn þessarar útgáfu ætti að vera í höndum fræðslumálastjórnar landsins, fremur en í höndum nefndar, sem í rauninni ber enga ábyrgð. Nú er svo áliðið þingtíma, að of seint er að koma fram breyting á þessu, og verður það að bíða betri tíma.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

*Jón Pálmason: Eins og hv. frsm. gat um, er enginn ágreiningur hjá fjhn. um að mæla með, að ríkisreikningurinn verði samþ. óbreyttur. En í tilefni af ágreiningi, sem á eldri rætur, þykir mér rétt að segja nokkur orð. Undanfarin ár hefur verið vísað til Alþingis nokkuð mörgum aths. En það sýnir sig, að Alþingi hefur ekkert með það gert. Nú hefur því verið slegið fram af einum þeim embættismanni, sem sætt hafði aðfinnslum í þessum aths., að þar sem Alþingi hefði ekki sinnt málinu, gæti þetta ekki verið aðfinnsluvert hjá sér. Þegar aukagreiðslur til embættismanna verða hærri en hin eiginlegu laun þeirra, eða þegar einum þeirra eru borgaðar nokkrar þúsundir fyrir að semja símaskrána eða búa til prentunar, þá er að sumu leyti eðlilegt, að þögn Alþingis um þá hluti, þótt þeim sé vikið undir dóm þess, sé skoðuð sem samþykki. En sá misskilningur má þó ekki festa rætur. Því höfum við tekið upp þá venju, að setja aths. til athugunar framvegis fyrir þá, sem hlut eiga að máli, og fyrir ríkisstjórnina, því að hún hefur betri tök á því en Alþingi hefur í önnum þingtímans.

Fáein einstök atriði vil ég nefna. Víða í reikningum ber tölunum ekki saman við ríkisreikninginn. Þegar við gerðum aths. um það, kom alltaf sama svarið: Það eru reikningar, gerðir upp á mismunandi tíma. — En það er mjög athugavert atriði, hvernig hægt er að koma á samræmi í reikningsfærslu og miða við sama tíma. Sem endurskoðunarmaður vil ég eindregið mælast til þess og að reikningum sé lokið eins fljótt og kostur er.

Hjá ýmsum stofnunum eða gjaldheimtumönnum ríkisins hefur innheimta dregizt. Útistandandi skuldir fara vaxandi ár frá ári og nema stórfé. Aðfinnslum er svarað út í hött af ráðuneytum, þegar hjá þeim er leitað svara og aðgerða. Þegar tekið er tillit til þess, sem strikað hefur verið út af töpuðum skuldum, hafa þær enn vaxið þrátt fyrir góðæri. Þá verður að minna á, að 340 þús. kr. krafa um stuðning til héraða, sem bíða tjón af mæðiveikinni, er enn óinnheimt frá þeim héruðum, sem hafa ekki beðið tjón af henni.

Fjárhald sumra einstakra stofnana er á líkum vegi og áður, þótt stríðið hafi raunar haft þar nokkur áhrif. Ríkisútvarpið hefur t. d. engum breytingum tekið í því efni, þótt ráðh. lofaði, að það skyldi verða athugað.

Hvanneyrarbúið og bændaskólabúin bæði skila mjög ófullkomnum reikningum, og vænti ég, að ríkisstj. sjái til þess, að því verði kippt í lag á næsta ári.

Með þessum fáu orðum vildi ég aðallega ítreka það og skýra, sem ég hef sagt, að við höfum tekið upp nýjan hátt um aths. okkar í þeirri von, að betri aðgæzla verði þá höfð framvegis en var á árinu 1939.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 11. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 76. fundi í Ed., 12. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 13. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 606, n. 738).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Frv. þetta hefur gengið gegnum hv. Nd., sem hefur ekkert haft að athuga við það, enda gefa ekki athugasemdir yfirskoðunarmanna Alþ. tilefni til gagnrýni. Fjhn. þessarar hv. d. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Tekjubálkur samþ. með 10 shlj. atkv.
Gjaldabálkur samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 14. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 756).

---

31. Skatta- og tollaviðauki 1942.

Á 57. fundi í Ed., 10. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1942 með viðauka (stjfrv., A. 439).

Á 58. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 439. n. 469).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Frsm. (Magnús Jónsson): Ég þarf í raun og veru ekkert meira um þetta mál að segja en sagt er í nál. Hér er um framlenging laga að ræða. Fjhn. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 13. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 439, n. 733).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 14. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23:2 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 757).

---

32. Ríkisstjóri Íslands.

Á 71. fundi í Nd., 5. júní, var útbýtt:
Frv. til l. um ríkisstjóra Íslands (stjfrv., A. 684).

Á 72. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 9. júní, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 10. júní, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 684, n. 711).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Frsm. (Bergur Jónsson): Þetta frv. er fram borið í samræmi við þál. frá 17. maí. Allshn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með 3 breyt.
1. brtt. er við 6. gr. og er að nokkru leyti efnisleg. Í henni er gert ráð fyrir, að ríkisstjóri megi ekki hafa önnur störf á hendi, enda þótt ólaunuð séu.
Hinar brtt. eru orðabreytingar.
Í frv. er ekki tekið fram, frá hvaða degi ríkisstjóri sé kosinn, en það mun vera meiningin að geta þess í dagskrá, þegar kosning fer fram, frá hvaða tíma starfstími hans hefst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:2 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 711,1 (ný 6. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 711,2 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.
8. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 711,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.
10.—11. gr. samþ. með 14:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 76. fundi í Nd., 11. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 720).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:1 atkv.

*Sigurður Kristjánsson: Ég vil ekki, að þetta frv. fari svo í gegnum þingið, að ég geri ekki grein fyrir, hvers vegna ég mun greiða atkv. eins og ég mun gera. — Þetta mál lá áður fyrir Sþ. og var þá rætt með öðrum málum þar, og þá greiddi ég atkvæði á móti því, og hér vil ég gera grein fyrir hvers vegna, og er það því fremur ágætt tækifæri til þess, þar sem málið hefur fengið viðauka, nefnilega í 10. gr., en þar

er ákveðið, að ríkisstjóri skuli hafa aðsetur í Reykjavík eða næsta nágrenni. — Þetta atriði er mjög óákveðið, og það er undarlegt, að ekki skuli fást nánari greinargerð fyrir þessu. Það hefur þó ekki svo litla þýðingu, hvað þetta kostar. — Í heilt ár hefur það verið svo, að ríkisstj. hefur farið með æðstu stjórn landsins, og á meðan svona ástand ríkir í heiminum og við lifum undir stjórnarl., sem eru úr gildi fallin, þá finnst mér óþarfi og í hæsta máta undarlegt að vera að breyta þessu óskipulega skipulagi. Hér er um nýjan kostnað að ræða, og svo á að kaupa jarðnæði og hús í fjarlægð frá Reykjavík fyrir æðsta mann landsins á stað, sem er bæði óhentuglega og ósmekklega valinn. Það mun og kosta mikið að kaupa hann og útbúa þannig, að hann verði boðlegur jafnháttsettum manni.

Þetta finnst mér nægilegt tilefni til að gera athugasemd við, og vil ég fá því svarað, hvort ákveðið sé að kaupa þennan stað og þá, hvað hann eigi að kosta. — Ég vil spyrja hæstv. félagsmálaráðherra að þessu, því ég sé, að það er eini ráðherrann, sem nú er staddur hér í hv. deild.

Svo er annað, sem ég vil minnast á í sambandi við þetta, og það er, með hverjum hætti ríkisstjórinn verður kosinn. Það á að kjósa hann af Alþ. — Það finnst mér ekki rétt, og þetta getur orðið fordæmi síðar, þegar um forsetakosningu yrði að ræða, að hann yrði kosinn á sama hátt. Það hlýtur að vera krafa alþjóðar, að æðsti maður landsins sé kosinn af almenningi, en ekki af Alþ., af því að á Alþ. eru svo mikil flokkaskipti og er hætt við bræðingi um málið þar og ekki víst, að sá maður yrði fyrir valinu, sem alþjóð hefði kosið. Það verður að kjósa mann í þetta embætti, sem er alveg óbundinn af pólitískum málum, en því miður er erfitt að finna góðan mann, sem er alveg laus við pólitísk mál. Bezta tryggingin er að kjósa æðsta mann landsins af kjósendunum. Þetta er nokkurs konar millibilsembætti, og ég býst við, að hv. ríkisstjórn svari þessu með því, að þetta eigi ekki að vera til frambúðar, og síðar verði öðruvísi háttað með kosningu æðsta valdsmanns landsins. En ég álít, að þetta geti orðið hættulegt fordæmi síðar.

Nú eru líkur til, að fyrir valinu verði ágætur maður, og þess vegna væri hægt að segja síðar, að í þetta sinn hefði Alþ. tekizt vel í vali sínu, og því þá að vera að breyta til um kosningu. Þannig gætu menn talað síðar, en slíkt má ekki vera, að æðsti maður landsins verði kosinn af Alþ., og framvegis verður að gera kröfu til þess, að hann verði kosinn af kjósendum landsins. Bæði af þessari ástæðu og eins vegna þess, að mér finnst engin þörf á að taka þetta vald af ríkisstjórninni, þá mun ég greiða atkvæði gegn þessu frv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það hefur verið spurt að því, hvort Bessastaðir verði keyptir fyrir ríkisstjórabústað, og fyrir hvaða verð. — Það stendur í frv., í 10. gr. þess, að ríkisstjóri skuli hafa aðsetur í Reykjavík eða næsta nágrenni, og það er því enn þá á valdi Alþ. að ákveða, hvort ríkisstjórinn situr í Reykjavík eða á Bessastöðum. Þeir, sem ekki vilja, að hann sitji á Bessastöðum, geta komið með brtt. við 10. gr., og ef sú brtt. yrði samþ., þá eru Bessastaðir útilokaðir, því þá nær heimildin ekki lengra en til Reykjavíkur. — En ef 10. gr. frv. helzt óbreytt og frv. verður samþ. þannig, þá verða Bessastaðir keyptir, og ég get upplýst hér, að eigandi Bessastaða mundi afhenda jörðina án þess að hækka hana frá því, sem hann keypti hana, en það verð er miðað við fyrir stríð. — Viðgerðarkostnaður yrði aldrei mjög mikill, því nýlega hefur verið gert við húsið allmikið.

Í sambandi við þetta má geta þess, að í umr. um þetta mál hér um daginn var talið sjálfsagt af mörgum að kaupa húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg hér í bænum. Ég neita því ekki, að þetta er mjög myndarlegt hús, en það er nálægt 40 ára gamalt. **(Fjmrh:** 30 ára mun vera nærri sanni.) Það er nú sama, hvort það er 30 eða 40 ára gamalt, mér er nær að halda, að það sé 40 ára, þá er vitað, að gömul timburhús eru farin að láta á sjá. Járnið í þeim er ryðgað og viðurinn fúinn, og nú hefur það síðustu árin verið notað undir skrifstofur. — Þar að auki mundi það kosta nálægt 300 þús. kr., og viðgerðarkostnaður yrði aldrei lægri en 100 þús. kr.

Ég vil ekki eiga þátt í, að gamalt timburhús sé keypt fyrir 400 þús. kr. Það þekkist heldur hvergi í víðri veröld, að forseta sé holað niður í námunda við íshús eða unglingaskóla. Ef ríkisstjóri eða forseti ættu að eiga sæti hér í Reykjavík, þá yrði að byggja sérstakan bústað einhvers staðar á góðum stað í útjaðri bæjarins.

Það yrði ekki hjá því komizt, að rífa þyrfti húsið á Fríkirkjuvegi 11 eftir 8—10 ár, og margir eru þeirrar skoðunar, að það bæri að rífa það strax, og þar að auki er lóðin líka of lítil fyrir bústað þessa manns.

Hins vegar má benda á það, að þegar talað er um, að Bessastaðir séu of langt frá bænum, þá mun sú vegalengd ekki vera meiri en víða í stórborgum erlendis, og Hafnarfjörður og Reykjavík mundu vaxa saman með tímanum, svo ég tel, að sú ráðstöfun að kaupa Bessastaði fyrir ríkisstjórabústað beri aðeins vott um, að hugsað sé fram í tímann. Hitt, að þessi staður hafi verið aðsetursstaður valds, sem var illa liðið hér á landi, það eru svo hlægileg rök, að halda því fram, að einhver staður sé vanhelgaður af því einu, að þar hafi verið beitt erlendu valdi. Þvílík fjarstæða!

Hvernig var með Skálholt, þennan helga stað? Ekki eru ljúfari minningar tengdar við hann. Og hvernig var með Hóla?

Ég ætla, að ef við ættum að telja hvern þann stað á Íslandi vanhelgan, þar sem erlendu valdi hefur verið beitt, þá yrðu þeir nokkuð margir staðirnir, sem yrðu í þeirri tölu, og takmark okkar með því að fá fullt frelsi er að gera hvern þann stað, þar sem erlendu valdi hefur verið beitt, að íslenzkum stöðum, þaðan sem íslenzku valdi er beitt, eins og komizt var að orði af einum þeirra, sem mælt hafa með því, að Bessastaðir yrðu keyptir.

Að þessi staður sé ljótur, hef ég satt að segja ekki heyrt fyrr en fyrir tveimur dögum, enda er vitað, að þeir, sem hafa valið þann stað fyrir skólasetur, og þeir menn, sem úr fjarlægð hugsuðu heim til Íslands, þeir völdu sér fegursta staðinn í nágrenni Reykjavíkur. Þar vildu þeir eiga heima, bæði læknirinn, sem bjó þar, og eins Grímur Thomsen. Það var þessi staður, sem dró þá til sín. Það vita allir, að þetta er höfuðból, og þeir, sem bjuggu þarna, vissu, að þetta var einn af þeim 3 fegurstu stöðum vestan heiðar í nágrenni Reykjavíkur, sem um var að velja, og um það hefur heldur aldrei verið deilt.

Ég vil því vekja sérstaka athygli á ákvæðum 10. gr. og vil, að það komi skýrt fram, að þegar verið er að velja aðsetursstað fyrir ríkisstjóra eða forseta, þá á að velja honum fallegan stað, þar sem rúmt er um hann, og það verður gert, nema Alþingi taki þar fram fyrir hendurnar um að hola honum niður á einni lóð, þó að sá staður sé fallegur og það hús, sem þar er byggt, sé eitt af myndarlegustu húsum í bænum.

Ég vil því, að það komi skýrt fram, að gefnu tilefni vegna þeirrar fyrirspurnar, sem fram hefur komið, hver er vilji Alþingis í þessu máli, því að án þess að taka beina afstöðu til þess vil ég ekki taka á mig þá ábyrgð að kaupa gamalt timburhús fyrir hundruð þúsunda, sem ekki getur dugað nema svo sem 8 ár. Ég vil ekki, að það komi fram í Alþt., að ég hafi mælt með því.

Pétur Ottesen: Þegar hér var til umr. þáltill. um það að hleypa ríkisstjóra Íslands af stokkunum, greiddi ég atkv. á móti þeirri till. Ég gerði það af því, að ég sá ekki, að í því fælist neitt öryggi fyrir land og þjóð eins og ástatt er, og ég held, að sú reynsla, sem við höfum fengið á því ári, sem liðið er, síðan við byggðum upp ráðstafanir okkar í þessu efni, hafi ekki gefið neitt tilefni til, að við færum að gera aðrar bráðabirgðaráðstafanir en þær, sem þá voru gerðar. Þessi skoðun mín hefur að engu breytzt, síðan sú þáltill. lá hér fyrir, og þess vegna er afstaða mín til þessa máls sú sama og áður, sem sé, að ég mun greiða atkv. á móti þessu frv. Mér finnst, að úr því að ekki gat fengizt samkomulag um að stíga sporið til fulls á þessu þingi og gera þá skipan á stjórnarháttum landsins, sem ein átti við það ástand, sem við búum við, og er eðlileg afleiðing af því, að við tókum þessi mál að fullu og öllu í okkar hendur, sem sé að ganga endanlega frá því máli, þá væri ekki ástæða til að vera að bæta neinum nýjum liðum inn í þessar bráðabirgðaráðstafanir.

Ég hef gert þessa almennu grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, og vil ég þá aðeins víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. forsrh., að því er lýtur að fyrirhuguðum bústað þess nýja ríkisstjóra.

Það virðist svo, að hæstv. forsrh. sæki það ákaflega fast, að svo verði ákveðið, að bústaður ríkisstjórans verði ákveðinn á einum sérstökum stað, sem sé Bessastöðum. Að vísu er svo að orði kveðið í þessu frv., að ríkisstjóri skuli búa í Reykjavík eða næsta nágrenni, og sömuleiðis er svo til orða tekið í brtt., sem hæstv. forsrh. flutti vegna þessarar ráðstöfunar við fjárl., sem sé að veita ríkisstjórninni heimild til að kaupa bústað handa ríkisstjóranum í Reykjavík eða næsta nágrenni. Þetta er orðað þannig, að bæði samkvæmt fjárlagaákvæðinu og þessu frv. gæti verið um að ræða Reykjavík og hvaða stað sem er í næsta nágrenni hennar. En hæstv. forsrh. hefur tekið af allan vafa að því er hann snertir um þetta atriði, því að svo framarlega sem hann fær til þess heimild frá Alþingi, ætlar hann ekki að ákveða ríkisstjóra bústað í Reykjavík, og að því er snertir búsetu hans utan Reykjavíkur, þá er hann ekki í neinum vafa um, hvar hann vill, að hann eigi að sitja. Hann á að sitja á Bessastöðum, og hvergi annars staðar, svo að hér er um það að ræða, að ríkisstjórinn sitji á þessum stað, svo framarlega sem Alþingi veitir þá heimild, sem felst í 10. gr. þessa frv., sem Alþingi í raun og veru hefur samþ. með þeirri brtt., sem samþ. var við fjárl. Það er því ekki að undra, þó að hæstv. ráðh. tali hraustlega í þessu máli, þar sem hann er í raun og veru búinn að fá vilja sinn samþ. í sambandi við fjárl., og enginn vafi leikur á, að þessi ákvæði 10. gr. verða látin standa eins og þau eru nú í frv., og þá er ekki heldur vafi, hvernig hæstv. ráðh. ætlar að nota þau, því að hann hefur sagt skýrt og skilmerkilega, hvernig hann ætlar að nota þessa heimild, svo að það er ekki hægt að ásaka hann fyrir, að hann gangi ekki hreint til verks. Hitt er annað mál, hvort þetta er heppilega ráðið af hæstv. forsrh. og þeim, sem standa að því með honum, — a. m. k. finnst mér það mjög orka tvímælis.

Mér finnst, að þegar við Íslendingar ætlum að fara að byggja upp sjálfstæði okkar, þ. e: a. s. stjórnarskipun okkar, sem byggð er upp í algerlega sjálfstæðu landi, þá beri okkur í því efni að haga okkur eins og skynsamir og praktiskir menn. Það reynist alstaðar dýrt að bera uppi fullt sjálfstæði. Það er stór kostnaðarliður hjá hverri sjálfstæðri þjóð, þó að sjálfstæðisþráin sé miklu sterkari en svo, að mönnum detti í hug að horfa í það, þó að þurfi að leggja í nokkurn kostnað til þess að fullnægja þessari sterku og eðlilegu mannlegu þrá. Hins vegar verður ævinlega að gæta þess í þessum efnum að rasa ekki fyrir ráð fram, sérstaklega fyrir okkur Íslendinga, sem erum ekki nema 120 þús. menn, sem byggjum þetta land. En aðstaða okkar er þannig í verzlun og viðskiptum, að við þurfum að tryggja hana í flestum heimsálfum og mörgum löndum, og þar af leiðandi hlýtur það að hafa allverulegan kostnað í för með sér. Hjá þessu verður ekki komizt að því er snertir viðskipti okkar við önnur lönd. En heima fyrir höfum við þetta ákaflega mikið á okkar valdi, svo að það getur hreint og beint ráðið á því, hvort okkur reynist fært að bera uppi sjálfstæði okkar, að við högum okkur eins og skynsamir menn í þessu efni og reisum okkur ekki hurðarás um öxl.

Mér virðist, hvað þessar ráðstafanir snertir, að langeðlilegast hefði verið að leysa þetta mál með þeim hætti, að sá bústaður, sem ríkið á hér í Reykjavík, þar sem forsrh. hefur búið og séð

um móttökur erlendra gesta fyrir landsins hönd, þar sem aðstaða hefur verið til að taka á móti erlendum gestum á þann hátt, sem sæmdi gestrisni hinnar íslenzku þjóðar, — mér hefði fundizt eðlilegasta leiðin og skynsamlegasta, þegar kemur annar maður, sem sé ríkisstjórinn, sem á að taka að sér þennan starfa forsrh. landsins, að hafa ekki meira við en svo, að hann fengi bústað forsrh., en hæstv. forsrh. væri séð fyrir öðrum bústað, sem honum væri fullkomlega við hlítandi, og þó að hinir ráðh. verði sjálfir að sjá sér fyrir bústað, þá hefði ég talið eðlilegt, að honum hefði verið borguð húsaleiga fyrir þann bústað, sem honum hefði verið fenginn í sambandi við þessa breyt. Þetta álít ég, að hefði verið mjög skynsamleg till. og mjög við hæfi fjárhagsgetu þessarar þjóðar, og engri rýrð slegið á okkar unga sjálfstæði, þó að ekki hefði verið gengið lengra en þetta. En þar sem nú virðist ákveðið, að ríkisstjórinn skuli búa á Bessastöðum, þá vil ég athuga í sambandi við það, hvort ekki verði dýrara að láta hann búa þar, því að við skulum ekki loka augunum fyrir því, að sá eðlilegi gangur þessa máls verður sá, að þrátt fyrir þennan bústað á Bessastöðum verður ríkisstjórinn í mörgum tilfellum, kannske flestum tilfellum, að hafa aðstöðu til að vera í Reykjavík og taka þar á móti erlendum gestum og öðrum gestum, sem hann þarf að taka á móti fyrir ríkisins hönd, auk þess sem hann verður að hafa þar skrifstofu. Mér virðist því, að með þessu sé lagður grundvöllurinn að tvöföldum óþarfakostnaði að því leyti, sem þetta snertir, sem mér virðist, að spái illu og slær óhug á mig við framkvæmd á sjálfstæði okkar, þegar við tökum það formlega og endanlega í okkar hendur. Ég vil þess vegna mjög nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli á, að við þetta fyrsta spor, sem við erum nú að stiga, gætum við fyllstu varfærni. Ég vil láta þetta koma hér fram og þykir mjög leitt, af því að ég eins og aðrir hef þráð það mjög, að við getum fengið fullt sjálfstæði í okkar hendur og getum byggt það upp, að við gerum það á skynsamlegan hátt og með það fyrir augum, að við séum menn til að bera uppi þann kostnað, sem leiðir af sjálfstæði okkar. Ég er sannfærður um, að í augum allra skynbærra manna í hvaða landi sem er, sem þurfa að hafa viðskipti við okkur, verður það okkur frekar til heiðurs, ef við förum þannig með sjálfstæði okkar, að við séum ekki að tildra okkur þannig upp, að það sé umfram fjárhagsgetu okkar.

Jafnframt því sem hæstv. forsrh. hefur gefið í skyn, að aðstaða á Bessastöðum sé mjög góð að því er húsakynni snertir, — reynslan sýnir það ef til vill síðar, hvort ekki þykir þörf umbóta þar —, þá hefur hann mjög lagt sig fram að gera lítið úr þeim húsakynnum í Reykjavík, sem stj. hefur fengið heimild til öðrum þræði að kaupa í þessu skyni, Bindindishöllina svo kölluðu við Fríkirkjuveg. Hann gerir mjög lítið úr því og yfirleitt því umhverfi, sem þetta hús er reist í. Hæstv. ráðh. lét í ljós undrun sína yfir þeim blaðaskrifum, sem komið hefðu fram um þessa hlið málsins. Ég skal engan dóm leggja á þau. En þó verð ég að segja, að ég varð undrandi, sennilega upp á sama máta og hæstv. forsrh. um það, hvaða lýsingu hann gaf á umhverfi, sem þetta hús hér í Reykjavík er í. Hann talaði um það sem alveg útilokað, að ríkisstjórinn byggi nálægt íshúsi og unglingaskóla, þ. e. kvennaskólanum. Ég verð að segja, að það er óþarfi fyrir okkur að líta neitt smáum augum á íshúsin og þá starfsemi, sem er í sambandi við þau, sem er einn máttarviður atvinnulífs okkar, og við þurfum ekki heldur að tala neitt lítilsvirðandi um skólana, sem vinna að því að halda uppi andlegri menningu okkar. Og ef þessi fyrirhugaði ríkisstjóri á hvergi að vera, þar sem neitt minnir á atvinnulíf eða menningu, hvar á þá að velja honum stað? Hann er þá ekki ætlaður fyrir Ísland eða Íslendinga, því að á lífsskilyrðum atvinnuvega okkar og menningar grundvallast tilvera okkar, fjárhagslegt og menningarlegt sjálfstæði. Því get ég ekki á neinn hátt fallizt á, að það sé ríkisstjóranum neitt til óvirðingar, þó að hann ætti að búa nálægt íshúsi, sem er einn af hyrningarsteinum atvinnulífs okkar, eða í grennd við skóla, undirstöðu andlegrar menningar okkar. Nei, hér er of langt gengið til þess að koma því til leiðar, að Bessastaðir skuli valdir til bústaðar ríkisstjóra. Að því er snertir kostnað við byggingu á þessu húsi. Þá hef ég heyrt talað um nokkru lægri upphæð en þessi 300 þús., og það mun hafa verið að nokkru leyti vegna þess, sem hæstv. fjmrh. greip áðan fram í, en ég þekki það ekki svo, og vel getur verið, að breytingin á húsinu mundi kosta allmikið fé, og get ég vel gengið inn á, að sú upphæð, sem hæstv. forsrh. nefndi í því sambandi, sé nærri lagi hjá honum. En að lóðin, sem þessu fylgir, sé ekki nægileg fyrir bústaðinn, get ég ekki fallizt á, því að það er mjög stór lóð, sem fylgir þessu húsi, blátt áfram mikið landrými, þegar borið er saman við, hvaða land fylgir húseignum hér. Það er spilda milli tveggja gatna, svo að hvaða höll sem er gæti rúmazt á þeirri lóð. Þegar um það var að ræða, að Góðtemplararegluan fengi þetta hús, sem ég tel mikinn skaða, að ekki fékkst samkomulag um, þá var gert ráð fyrir að byggja þarna til viðbótar sýningarsal, sem átti að rúma allt að 1000 manns, og þrátt fyrir það var talsvert landrými utan veggja, — svo stór er þessi lóð, sem þarna er um að ræða. En þó að ég segi þetta, þá tel ég langskynsamlegast og eðlilegast, að ríkisstjórinn fengi þann bústað, sem ríkið á og hæstv. forsrh. býr nú í, án þess að í því þyrfti að felast nokkur niðrun fyrir hæstv. forsrh., því að ég hefði talið skylt og sjálfsagt, að þingið sæi honum fyrir öðrum mjög sæmilegum bústað.

Ég skal svo ekki orðlengja meira um þetta mál. Hæstv. forsrh. segir, að rétt væri að koma með brtt. um að taka út orðin „eða næsta nágrenni“, en ég segi fyrir mig, að af því að ég vil ekki vera með neinar tilgangslausar till. hér á þingi, þá mun ég ekki bera fram slíka brtt., — mér finnst það ekki þýða neitt, þar sem samþ. var till. forsrh. við fjárl., eftir að hann hafði lýst yfir, að hún þýddi það, að Bessastaðir yrðu keyptir handa ríkisstjóranum. Ég sé því ekki annað en að tilgangslaust væri að

þera fram þessa brtt. við frv., því að hún mundi að sjálfsögðu, í samræmi við þá samþykkt, sem gerð var í Sþ. fyrir tveimur eða þremur dögum, verða felld.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Hv. þm. Borgf. taldi, að ef valinn væri bústaður, sem er utan við bæinn nú, en mundi verða í honum eftir nokkur ár, þá mundi það auka kostnaðinn. Ég held, að ekki sé lengra suður að Bessastöðum en innan bæja í öðrum ríkjum. Vitanlega yrði ríkisstjóri að hafa skrifstofu utan bústaðar síns, hvort sem hann sæti að Bessastöðum eða í Reykjavík. Mundi hann vinna hér ýmis störf og embættisverk, en þegar hann tæki á móti gestum, mundi hann að jafnaði bjóða þeim heim og halda uppi risnu á bústað sínum. Held ég því, að enginn aukakostnaður yrði að þessu. Ég held, að fá megi staðinn fyrir gott verð, þó að eigandanum sé ekkert áhugamál að selja hann, en eigandinn getur hins vegar ekki vel lagzt á móti því að selja ríkinu staðinn í þessum tilgangi, þó að hann gæti vitanlega selt eignina síðar fyrir miklu hærra verð. Sá maður, sem seldi honum, hefði litlu síðar getað fengið 1000 kr. meira fyrir eignina. Þá má benda á það, að Reykjavík og Hafnarfjörður eru staðir, sem eru þegar orðnir hafnlitlir, en Bessastaðir liggja þar á milli, og hafnarskilyrði eru þar góð. (PO: Einar Benediktsson sagði einu sinni, að höfnin lægi nær Stóra-Bretlandi en Reykjavík). Já, Einar Benediktsson sá stundum margt betur en aðrir, og er sumt að koma fram, sem menn töldu draumóra hjá honum.

Ég álít því, að staðurinn sé hentugur bústaður fyrir þennan mann. Hins vegar tel ég ekki, að bústaður sá, sem forsrh. hefur nú, sé viðunandi. Var einu sinni stungið upp á því að taka undir hann lóðirnar þar í kring, eins og Hannes Hafstein vildi, en síðar var farið að stykkja þetta sundur og selja lóðirnar fyrir 1000—2000 kr. hverja. Annars hefði þetta getað orðið fallegur „park". En smásálarskapurinn var svo mikill, að farið var að stykkja þetta land sundur, þar til orðið var eins þröngt um þetta hús og önnur hús í bænum.

Þó að ég hafi talað um íshús og skóla í sambandi við þetta mál, er það ekki af þeirri ástæðu, að ég hafi meiri andúð en aðrir menn á atvinnuvegunum og fræðslu unglinga. Í nánd við bústað ríkisstjóra á ekki að vera hávær skóli, þó að skólar eigi í sjálfu sér að vera háværir, og þar á ekki heldur að vera síldarfrysting, hversu vænt sem okkur kann að þykja um atvinnuvegi landsins. Ég geri ekki lítið úr þessum stórmyndarlega bústað, og lóðin umhverfis hann er stór, en umhverfis bústað ríkisstjóra þyrfti að vera fallegur trjágarður, og það ætti ekki að þurfa að auka kostnað mjög mikið, þó að slíkum garði yrði komið upp á Bessastöðum. (PO: Umhverfis húsið á Fríkirkjuvegi er fallegur trjágarður). Já, en gallinn er sá, að trén þrífast þar ekki, vegna þess, að þegar trén stækka og rætur þykkna, lenda þær niður í salt. Þess vegna deyr allur trjágróður hér, þegar hann er orðinn gamall og ræturnar komast niður í seltuna. Ef gera ætti þetta að ríkisstjórabústað, yrði fyrst og fremst að kaupa eignina, en hún er raunar allt of lítil. Og ef svo á að gera við eignina fyrir á fjórða hundrað þúsund kr., þá er það komið upp í hálfa millj. kr., sem kastað er á glæ og er orðið ónýtt eftir nokkur ár. Á undanförnum 15 árum er t. d. búið að kosta meira upp á forsrh.bústaðinn en kostað hefði að reisa nýtt sæmilegt hús úr steini, sem ekki þyrfti alltaf að vera að gera við.

Það er rétt, að ég hef ekki farið dult með vilja minn í þessu máli, og því tók ég það fram, að ég mundi taka samþykkt 10. gr. sem sönnun þess, að þingið vildi láta kaupa Bessastaði. Og ég vil ítreka þá ósk mína, að þingið láti í ljós vilja sinn að því er snertir 10. gr. Ég álít, að ríkið eigi að fá Bessastaði, því að þar er einhver fallegasti staðurinn hér í grenndinni. Og þó að fallegt sé að Laugarnesi, býst ég við, að fæstir vilji láta ríkisstjóra setjast að í því húsi. Það er líka fallegt í Viðey, en þar er sá ókostur, að yfir sjó er að fara til Reykjavíkur. Það getur verið erfitt að gera upp á milli þessara staða, en það er mikilsvert atriði, að hægt er að fá Bessastaði við góðu verði og gera þann stað íslenzkan. Mér þótti gott, að ég heyrði það ekki af vörum hv. þm. Borgf., sem er mikill áhugamaður um sjálfstæðismálin, að nokkur staður á landinu væri vanhelgaður af því, að þar hafi verið beitt ofbeldi við Íslendinga, því að þá væru margir staðir hér á landi vanhelgir.

Forseti (JörB): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt., önnur frá hv. 5. þm. Reykv. og hv. þm. Ak. (sjá þskj. 725) og hin frá hv. þm. Mýr. (sjá þskj. 726). þessar skrifl. brtt. eru of seint fram komnar og þarf því afbrigði, og vil ég hér með leita þeirra.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*Héðinn Valdimarsson: Eins og ég hef lýst yfir áður hér á þingi, er ég óánægður með þá lausn, sem orðið hefur á sjálfstæðismálunum hér, því að ég óska fulls skilnaðar við Dani nú og að ekki sé haldið í konungssambandið að nafninu til. Þegar fréttir bárust til Danmerkur um það, sem Alþ. hafði gert í málinu, tóku flest blöðin þessu eins og um fullan skilnað væri að ræða, svo að þær viðtökur, sem málið hefur fengið í Danmörku, eru þær sömu og ef fullur skilnaður hefði verið ákveðinn. Þeim, sem hafa viljað stíga sporið til fulls, hefur ekki skjátlazt um afstöðu Dana. Ég vildi auk þess óska, að við hefðum hér fyrir framan okkur frv. um forseta Íslands, en ekki ríkisstjóra, en um það er ekki að sakast, eins og komið er. Mér finnst hæstv. stj. hafa ærið vald, er hún hefur konungsvaldið í sinni hendi, svo að ég fylgi frv., úr því sem komið er. Ég álít ekki, að hún eigi að vera sá vörður stjórnarskrár og lýðræðis sem ríkisstjóranum er ætlað að vera, enda treysti ég henni ekki til þess.

Ég tek undir það, sem einn hv. þm. hefur sagt, að ef ráða ætti þessu til lykta nú til frambúðar, þá mundi ég ekki kjósa, að ríkisstjóri væri kosinn af Alþ., heldur þjóðinni, svo

að ekki kæmist að það klíkuvald, sem nú veður hér uppi, einnig í þessu máli.

Í 8. gr. fjárlfrv. er kostnaður við æðstu stj. landsins ákveðinn 75 þús. kr. Þetta er hin gamla konungsmata. Nokkrir hv. þm. hafa talað um, að þetta fé skyldi ekki ganga til konungs, og mun það hafa verið álit hv. fjvn. Nú vil ég spyrja, hvort þetta fé muni verða greitt framvegis til konungs og hvort það yrði þá greitt lengur en þetta ár, hvort þessar 75 þús. kr. eigi þá ekki að ganga til ríkisstjórans, ef þær verða ekki greiddar til konungs. Ég tel vafalaust, að það sé á móti vilja landsmanna, að fé sé greitt í þetta málamyndakonungssamband.

Þá er spurning viðvíkjandi 7. gr. frv. Þar er ákveðið, að ríkisstjóri skuli greiddar 30 þús. kr. á ári af ríkisfé, auk kostnaðar af risnu. Vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvort ætlazt sé til þess, að ríkisstjóri gefi reikning fyrir útgjöldum sínum í hvert sinn. Nú er á fjárl. ekki lagt til, að risnufé til ráðh. sé meira en 6000 kr., nema ef það skyldi talið, að utanríkismrh. fær 3000 kr. fyrir húsnæði, sem hann borgar víst ekki fyrir meira en 2000 kr.

Ég hef heyrt, að það sé siður hæstv. forsrh. að fá keypt vín og tóbak án þess að greiða af því toll, eins og aðrir menn verða að greiða. Vil ég nú spyrja, með hvaða lagaheimild þetta sé gert, því að mér er ekki kunnugt, að l. heimili þá undanþágu.

Út af ákvæði 10. gr. um bústað ríkisstjóra vil ég segja það, að ég tel það ekki skipta miklu máli, hvort ríkisstjóri býr innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur eða ekki, hvort Bessastaðir verða valdir eða einhver annar staður. En þar sem hæstv. forsrh. gaf upplýsingar um það, með hvaða kjörum mætti fá húseignina á Fríkirkjuvegi 11, er Thor Jensen átti einu sinni, vil ég mælast til, að hann gefi sams konar upplýsingar að því er Bessastaði snertir. Mér er sagt, að kaupverð Bessastaða hafi ekki farið fram úr 150 þús. kr.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Ég vil svara fyrirspurnum hv. 3. þm. Reykv. Fyrst var fyrirspurn hans um konungsmötuna. Ég get ekki svarað þessu nú, því að þetta hefur ekki verið rætt svo ýtarlega í ríkisstj., að ég geti á þessu stigi málsins svarað fyrir hönd allrar stj. En ég geri ráð fyrir, að stj. fari í þessu sem í öðrum efnum eftir vilja þingsins.

Þá var spurt um það, hvort risnufé til ríkisstjóra yrði ákveðið þannig, að ríkisstjóri yrði látinn gefa reikning um kostnað hverrar veizlu. Hefur verið gert ráð fyrir, að svo yrði fyrst um sinn, til þess að hægt væri að fá nokkra hugmynd um það, hver upphæð væri hæfilegt risnufé.

Um söluverðið á Bessastöðum er það að segja, að ég hef óskað eftir því að fá upplýsingar um þetta, en ekki fengið þær. En ég tel víst, að hægt sé að fá staðinn fyrir sæmilegt verð. Og svo mikið er víst, að á þessa eign verður ekki lagður einn eyrir, og get ég fullvissað hv. þm. um þetta, þó að ég hafi ekki fengið nákvæmar tölur í hendur.

Þá var spurt, hvort það væri rétt, að ráðh. hefði fengið áfengi og tóbak tollfrjálst vegna risnu, því að flestir ráðh. nota þessar vörutegundir í þeim tilgangi. Það er rétt, að ráðh. hafa um nokkur ár fengið þessar vörur með kostnaðarverði, og hefur ekkert verið lagt á þær nema nokkur kostnaður af áfengissölunni. Ég býst við, að þingið sé á einu máli um, að laun og risnufé ráðh. sé ekki svo ríflegt, að rétt sé, að þeir greiði toll úr eigin vasa ofan á risnuna. Að minnsta kosti geta þeir menn, sem langar til að sannfæra sig um það, séð það, þó að ég sé hvorki reykingarmaður eða drykkjumaður, hvað hefur verið keypt af áfengi og tóbak fengið í tóbakseinkasölunni á einu ári fyrir forsrh. í ofanálag á það, sem ég hef borgað fyrir þetta úr eigin vasa. Og tel ég það ekki mikið, þó að ég hafi ekki þurft að borga toll á vöruna ofan á annað, sem ég hef greitt til risnu úr eigin vasa.

Ég get upplýst það að gefnu tilefni, að ég hef tapað nær 30 þús. króna á því að vera í ráðherrastarfinu. Og ég býst ekki við, að ég eigi eftir að vera svo lengi í starfinu, að ég þoli ekki það tap, sem ég á eftir að hafa af því. Sé ég þó ekki ástæðu til, að það sé rétt, að ég greiði toll í ofanálag á það.

*__Jón Pálmason:__ Ég skal ekki fara neitt inn á að ræða almennt um þetta mál, því að það er orðið ákveðið, að ríkisstjóri skuli kosinn, heldur aðeins segja örfá orð um það deilumál, sem hér liggur fyrir, sem sé um bústað þessa væntanlega ríkisstjóra.

Hæstv. forsrh. sagði það hér í sinni fyrstu ræðu áðan, að hann undraðist mjög þær umr., sem hefðu orðið hér í blöðum og annars staðar um það, að ríkisstjóranum væri ákveðinn bústaður á Bessastöðum. En mér virðist hæstv. ráðh. þurfi sannarlega ekkert að undrast þetta, og liggja til þess margar ástæður. Í fyrsta lagi sú, að ekkert er undarlegt, þó að ágreiningur sé um það, hvort æðsti valdsmaður ríkisins eigi að búa hér í höfuðstaðnum eða ekki. Í öðru lagi eru minningar tengdar við þennan stað, Bessastaði, sem ekki er undarlegt að valdi ágreiningi. Og í þriðja lagi er um stórkostlegt kostnaðaratriði að ræða. Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. hefur talað um, að óviðfelldið væri, að menn létu sér detta í hug, að gamlar minningar hefðu vanhelgað vissa ákveðna staði í landinu, svo að það mundi loða við um aldur og ævi, þá er nokkuð rétt í því. En annars er það að segja, að hinu er ekki að leyna, að mjög óviðfelldnar og ömurlegar minningar eru við þennan stað bundnar. Og þess vegna er óviðfelldnara að setja þangað æðsta valdsmann ríkisins heldur en á flesta aðra staði á landinu. Mér fyndist það líkast því ef t. d. væri um að ræða að endurreisa Alþ., að setja nýtt Alþingi á stofn í Kópavogi.

Kostnaðarhlið málsins er atriði, sem mjög kemur til greina, og virðast vera talsverðar deilur um það á milli manna, sem um það hafa látið í ljós skoðun sína hér. Og ég verð að segja, að ég sé ekki líkur til annars en að það hljóti að verða mjög dýrt að kaupa Bessastaði og setja jörðina svo í stand, að hæfa þyki að bjóða

ríkisstjóra verustað þar. Því að það er ekki aðeins íbúðarhúsið, heldur einnig útihús og jarðrækt og annað fleira, sem í sambandi við það stendur, sem þyrfti að endurbæta til þess að staðurinn geti talizt hæfa æðsta valdsmanni ríkisins. Og kunnugir menn hafa sagt mér, að ekki mundi vera hægt að komast af með minna til þessara endurbóta heldur en hálfa millj. króna að kaupverði meðtöldu. Hvort það sé heppilegt að setja þarna upp ríkisbú, sem vel getur komið til mála að eigi að gera, — en um það hef ég ekkert heyrt frá hæstv. ráðh. né öðrum, — veit ég ekki. En ef á að ákveða ríkisstjóra jörð til ábúðar og húsa hana í samræmi við það, sjá það allir menn, að þó að hann hafi þá sérstakan bústjóra, þá verður mikill kostnaður í sambandi við það.

Þá er að bera þetta saman við það, sem sagt hefur verið í sambandi við Fríkirkjuveg 11. Það eru náttúrlega mjög ónákvæmar upplýsingar, sem hér hafa komið fram um það, hvað kaup á þeirri húseign og endurbætur á henni mundu hafa mikinn kostnað í för með sér. Hæstv. ráðh. segir, að það hús hafi verið falt fyrir 300 þús. kr. Svo segir hann í næstu setningu, að það kosti 400 þús. kr. En fyrir tveimur árum var það selt fyrir 136 þús. kr. Og það er mikil framfærsla, hvort sem það á nú kosta 300 þús. kr. eða 400 þús. kr. En ég get vel tekið undir það með hv. þm. Borgf., um þá lausn, sem ég teldi í bili vera heppilegasta á þessu máli, og það því fremur sem hæstv. forsrh. tekur fram, að hann væri þeirri lausn fylgjandi, að hann teldi núverandi ráðherrabústað samboðinn ríkisstjóra. En við verðum að athuga það, að við erum nú með þetta mál í millibilsástandi, og meðan það stendur, er ekki ástæða til að leggja í miklar framkvæmdir eða mikinn kostnað fram yfir það, sem þörf er á. Og því miður verðum við að játa, að það er allt á huldu, hvernig fer um sjálfstæðismál okkar, þó að við, að því er virðist, þurfum ekkert að óttast frá Dana hendi.

Þá er þess að geta, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að hann ætlast til þess, þó að ríkisstjóri verði búsettur á Bessastöðum, þá hafi hann skrifstofur sínar í Reykjavík og afgreiði hér embættisverk sín, og hlýtur það að hafa aukinn kostnað í för með sér, borið saman við hitt, ef hægt væri að hafa húsnæði og skrifstofur á sama stað. En viðvíkjandi meðferð þessa máls hér á hæstv. Alþ. er það að segja, að mér þykir framkoma hæstv. forsrh. í því mjög undarleg. Hann talar hér um það sem alveg sjálfsagðan hlut, að ef frv. verður samþ., og úr því að búið er að samþ. þessa heimild vegna ríkisstjóra, sem ákveðin er í fjárl., þá ætlist hann til þess, að bústaður ríkisstjórans verði á Bessastöðum. En því getur þá ekki hæstv. ráðh. gengið hreint til verks og sett í till., að bústaður ríkisstjórans skuli verða á Bessastöðum? Ég lít svo á, að jafnvel þó að þetta frv. verði samþ. sem l. eins og það liggur fyrir, og þó að nú sé samþ. heimildartill. frá hæstv. ráðh. við fjárl., þá sé alls ekki orðið ákveðið um bústaðinn, nema hæstv. ríkisstjórn hafi um það fengið alveg samkomulag. Og það hefur komið í ljós, að hæstv. atvmrh., sem er formaður fjölmennasta flokksins í landinu, er þessu mótfallinn, og ég vænti þess, að að baki honum standi meiri hl. Sjálfstfl., bæði hér á þingi og utan þings. Ég býst því við, að ef hæstv. forsrh. er eins ákveðinn í þessu og hann talar, þá ætti hann að ganga hreint til verks og setja í l.: „Bústaður ríkisstjóra skal vera á Bessastöðum," og láta svo atkvgr. skera úr um þá till.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er aðeins leiðrétting og undirstrikun á því, sem ég er búinn að segja oft áður, enda liggur hér fyrir till. um það, að ef frv. verður samþ. til viðbótar því, sem búið er að samþ. í sambandi við fjárl., þá er þingið búið að ákveða þar með bústað ríkisstjórans, og ríkisstjórnin verður að haga sér eftir því, hvort sem hún er sammála því eða ekki. En mér dettur ekki í hug að taka upp deilur um það, hvort það eigi að hlíta samþykktum hæstv. Alþingis eða ekki, eftir að búið er að taka fram, að þessi samþykkt verði skilin eins og ég hef óskað eftir. Enda viðurkenndi hv. þm. Borgf., að um þetta lægju fyrir yfirlýsingar frá ráðh. Og ég deili ekki um það, hvort ríkisstjórnin eigi að fara eftir því.

Um það, að slæmar minningar séu tengdar við Bessastaði, er vert að benda á það, að enginn minnist á Hólminn, þar sem mest var unnið að því að drepa niður íslenzka endurreisn á sínum tíma, sem er sá staður, sem Reykjavík nú stendur á, — og þeir menn, sem þannig kúguðu Íslendinga, notuðu hús það, sem nú er stjórnarráðshús, fyrir tugthús. Þar hafa oft setið góðar ríkisstjórnir, sem hafa stjórnað landinu með mikilli farsæld og hamingju. Ég hef ekki heyrt minnzt á. að ótilhlýðilegt þætti að nota svona þetta gamla tugthús. Og stofan, þar sem forsrh. situr, er sú sama stofa, sem Trampe greifi notaði.

Það má með því að tala um þetta Bessastaðavald búa til grýlur og koma þeim inn í heilann á mönnum. En menn hugsa ekki um margfalt verri dæmi, sem ég hef nefnt.

Það er vitanlega ekki nokkur fótur fyrir því, að það mundi nema hálfri millj., sem það kostaði að gera svo við Bessastaði, að boðlegt væri ríkisstjóra að vera þar. Viðgerð á húsinu er langt komin, og ég býst við, að hún nemi ekki nema litlu broti af þeirri upphæð.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég hafði nú eiginlega ekki ætlað mér að blanda mér mikið inn í þessar umr. En ég sé þó ástæðu til, út af húsnæðinu eða Bessastaðamálinu, að gefa nokkrar frekari upplýsingar en fram hafa komið áður viðvíkjandi því. Skal ég þá út af aths. frá hv. þm. Borgf., í sambandi við það ákvæði frv. að undanskilja búsetuskilyrðið fyrir kjörgengi ríkisstjóra frá almennum kjörgengisatriðum, taka það fram, að það er misskilningur, að ég hygg, að það sé sett inn í frv. vegna þess manns, sem nú er gert ráð fyrir, að verði fyrir kjöri í þetta. Því að hans vegna þurfum við ekki að gera þessa undanþágu. En hv. þm. Borgf. og hverjum öðrum, sem kann að falla miður að sjá undanþáguna í l., er opin leið til að koma með brtt.

um að fella þetta niður. Í því sambandi er það náttúrlega hins vegar athugandi, að ef ekki er gerð þessi undanþága, þá getur það orðið til þess, að Íslendingar, sem vegna 5 ára búsetuskilyrðisins t. d. hafa misst búsetu hér á landi og þess vegna kjörgengi og kjörrétt hér á landi, þeir geta ekki verið kjörgengir í þetta starf. Fyrir mitt leyti verð ég að játa, að ég kann illa við að hafa þetta undantekningarákvæði í l. En hitt verð ég einnig að játa, að það getur verið viss ástæða til þess að hafa það, þó að ekki sé vegna þess manns, sem nú er sérstaklega um að ræða, þá vegna annarra, sem svipað kynni að standa á um. Og ég geri ráð fyrir, að finnanlegir séu menn hér í landinu, sem misst hafa búsetu í landinu og þess vegna kosningarrétt og kjörgengi.

Annars skal ég gefa nokkrar frekari upplýsingar viðkomandi aðsetursstað ríkisstjórans. Það er alveg upplýst, eða ég leit svo á, að gengið væri út frá því sem nokkurn veginn sjálfsögðu eða a. m. k. að það væri rétt, að ríkið fengi umráðarétt yfir og eignaðist húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg hér í bænum, og að mér skildist beinlínis með það fyrir augum, að æðsti maður ríkisins fengi þá húseign fyrir bústað. Ég veit ekki betur en að öllum hafi komið saman um, að það hús væri mjög sómasamlegur bústaður fyrir slíkan mann. Og ég verð að segja þess vegna, að mér kom það dálítið á óvart, hvað hæstv. forsrh. tók því fjarri í ræðum sínum, að nokkuð slíkt gæti komið til mála.

Saga máls þessa er annars sú, að því leyti sem ríkisstjórnin hefur haft það með höndum, að málið var tekið upp í utanrmrn., þar sem samþ. var að grennslast eftir því, hvort þessi eign mundi vera fáanleg til kaups og hvort hægt væri að ná samkomulagi um kaup á þessari eign sem bústað fyrir ríkisstjórann. Ég átti svo að grennslast eftir þessu. Í því skyni var svo samkomulag milli núverandi eiganda eignarinnar og mín um, að mat skyldi vera látið fara fram á eigninni, og voru tilnefndir tveir menn til þess að meta eignina, annar af hálfu eigenda og hinn af hálfu fjármálaráðuneytisins. Matið varð svo á þann veg, að matsmaður eigenda mat eignina sem næst 500 þús. kr. virði, en matsmaður ríkisstj. sem næst 300 þús. kr. virði. Ég gaf svo skýrslu um þetta, og þótti mér hvort tveggja matið of hátt. En nokkurn veginn samkomulag virtist mér vera um það í utanrmrn., — á þeim fundum, sem um þetta var rætt, voru allir ráðherrarnir —, að sanngjarnt væri að gefa núverandi eigendum kost á því, að ríkissjóður gengi inn í kaupin, sem þeir hefðu gert á eigninni, og tæki að sér að greiða þann viðgerðarkostnað og umbætur, sem þeir hefðu haft í sambandi við eignina, og auk þess nokkurt álag á verðið, þannig að kaupverðið yrði 250 þús. kr. Ég orðaði það að vísu þannig, að þeir fengju sem næst 50 þús. kr. álag, og ætla ég, að það muni þá látá nærri, eftir því sem þá stóð, að eignin hefði komizt í 260 þús. kr. eða nálægt því.

Í sambandi við ummæli hv. þm. A.-Húnv. skal ég upplýsa, að þar sem hann sagði, að kaupverð eignarinnar hefði verið 136 þús. kr., þá er það ekki alls kostar rétt, því að nafnverði til var eignin af núverandi eigendum keypt fyrir 170 þús. kr. En það verð var talið jafngilda nokkurn veginn 136 þús. kr. vegna sérstakra greiðsluskilyrða, sem voru á andvirðinu. En út frá nafnverðinu, 170 þús. kr., var gengið, þegar ég talaði um þetta umrædda kaupverð ríkissjóðs, 250—260 þús. kr. En svo er náttúrlega það að athuga í þessu sambandi, að núverandi eigendur þurfa ekki að láta eignina af hendi fyrir annað verð heldur en þeim þykir hæfilegt. Og ég veit, að þeim þykir ekki hæfilegt verð 250 þús. kr. Þeim þykir ekki einu sinni hæfilegt verð 300 þús. kr., eða matsverð þess manns, sem mat eignina fyrir hönd ríkissjóðs. Þeir telja eignina 500 þús. kr. virði. Og ég hef ekki fengið neitt endanlegt loforð frá þeim um að selja eignina fyrir annað verð. Hitt er annað mál, hvað hægt er með meiri eða minni hörkubrögðum að fá þá til að ganga inn á. Það skal ég ekkert fullyrða um. En að sjálfsögðu er þeim í lófa lagið að halda sér að sínum eignarrétti og neita að láta eignina af hendi, nema samkvæmt eignarnámi, en við slíkt mat skal ég ekki segja, hvað eignin yrði metin hátt eða lágt. Og þó að núverandi eigendur hafi gert eigninni nokkuð til góða innan húss og utan og kostað til þess nokkru fé, þá hygg ég, að ef ætti að gera húsið að sómasamlegum bústað fyrir ríkisstjórann, þá þyrftu að fara fram allsherjar umbætur á því, — það yrði, eins og sagt er í daglegu tali, sjálfsagt að taka húseignina alveg í gegn, utan húss og innan og frá mæni til kjallaragólfs. — Hve mikill kostnaður yrði við það, skal ég ekki um segja og get ekki nefnt neina upphæð í því sambandi. En af þessu má þó sjá, að jafnvel þó að ríkissjóður ætti kost á að fá eignina keypta fyrir það verð, sem talað var um í utanrmn., með álaginu, þá eru ekki öll kurl komin til grafar, heldur bætist að verulegum mun þar við. Ég leit eigi að síður svo á, að ef ekkert annað hefði verið því til fyrirstöðu, að þessi eign hefði verið keypt handa ríkisstjóranum, — og mér hafði skilizt það eftir þeim umr., sem fram höfðu farið um þetta —, þá hefði ekkert annað komið til mála heldur en að kaupa þessa eign handa honum. Mér skilst nú á hæstv. forsrh., að hann hafi alltaf haft sínar efasemdir um það, eða hann hafi alltaf verið á móti því, að þessi húseign yrði keypt, vegna þess, hvernig hún er sett í bænum. En það hafði ekki frá upphafi komið fram. En þegar til átti að taka, kom fleira til greina í þessu sambandi, og þá fyrst og fremst það, að þegar átti að fara að kjósa ríkisstjórann, sem átti að taka til starfa þegar í stað, þá var ekki sjáanlegt, að nokkru nær væri um að leggja honum til húsnæði, þó að húseignin væri keypt, vegna þess að húsið er fullsetið. Og má segja, að það vilji svo heppilega til, að í því eru opinberar skrifstofur, sem ríkisstjórnin getur ráðið yfir, hvort látnar eru vera þar eða ekki. En til þess að geta látið þær fara, verður að vera húsnæði til þess að vísa á. En það hef ég ekki séð, að séu nein tök á. Ég sé ekki betur en að húseignin nr. 11 við Fríkirkjuveg sé alveg setin, og þar sé því ekki rúm fyrir ríkisstjórann að svo komnu, né heldur, að

hægt sé að gera þær umbætur, sem nauðsynlegar eru, áður en ríkisstjóri geti flutt í húsið. Þess vegna var það, að þegar nú á síðustu stundu kom að því að taka ákvörðun um það, hvar ríkisstjórinn skyldi hafa búsetu, kom uppástunga um það að kaupa Bessastaði til þess, og þegar það upplýstist, að þar væri fullnægjandi húsnæði fyrir hann, þá tók ég því fyrir mitt leyti fegins hendi. Mér sannast að segja kom ekki til hugar sú mótbára, að þar mætti bústaður ríkisstjórans ekki vera, vegna þess að Bessastaðir hefðu fyrr verið aðsetur danskra valdhafa. Þegar ég heyrði þá mótbáru fyrst, rak mig alveg í rogastanz af þeim hugsunarferli, sem þar stæði á bak við. Mér finnst felast í þessu svo áþreifanleg minnimáttarkennd, að það sé ekki sæmandi Íslendingum, sem hugsa til þess, að landið verði sjálfstætt ríki, að ala slíka tilfinningu í brjósti. Eigum við að leggja fæð á einstaka staði í landinu vegna þess, hvað á þeim hefur skeð fyrir hundruðum ára? Mér finnst þetta vera svo mikil fásinna, að mér hefði aldrei komið til hugar, að nokkur maður gæti falið í sínu brjósti slíkar tilfinningar. Ef staðurinn er sæmilega hentugur til bústaðar fyrir æðsta ráðamann ríkisins, þá finnst mér slík viðbára vera einskis virði og langt fyrir neðan það að vera einskis virði. Mér finnst miklu frekar ástæða til þess að gera slíkan stað að höfuðsetri til þess að afmá slíka tilkenningu úr hugum manna, fall getur aðeins orðið mönnum til viðvörunar. Hins vegar skal ég segja það, að fyrir mitt leyti er mér ekki sérstakt kappsmál um Bessastaði frekar en annan stað, þar sem þessi embættismaður ríkisins hefði búsetu, og ef hentugri stað er hægt að finna, þá tek ég því fegins hendi. En hér er úr vöndu að ráða, ég sé ekki annan stað hentugri. Það hefur að vísu verið stungið upp á öðrum stöðum, t. d. Laugarnesspítala, en ég get ekki viðurkennt, að það sé nein minnimáttarkennd, sem felst í því, en samt gæti ég ekki til þess hugsað, að bústaður ríkisstj. yrði þar. Ég greiddi atkv. með brtt. forsrh. um heimild í fjárl. um það, að ríkisstj. heimilaðist að kaupa Bessastaði, Fríkirkjuveg 11 eða annan stað í nágrenni Reykjavíkur fyrir ríkisstjórabústað. Ég hef að vísu heyrt, að hæstv. ráðh. hafi orðað þetta svo, að hann mundi leggja þann skilning í samþ. á þeim till., að meiri hl. þingsins væri því samþ., að þessi leið yrði farin. Af þessum ástæðum var það, að ég hikaði við, þegar að mér kom í nafnakallinu við atkvgr. Ég nennti ekki að fara að gera grein fyrir atkv. mínu í því sambandi, hins vegar hefði ég ekki kosið, að mitt atkv. væri skilið þannig, að ég vildi þennan stað og engan annan. Því er ekki svo háttað, að ég mundi, ef fáanlegur væri annar staður, sem mér þætti eins vel henta, standa á móti því, að ríkisstj. hefði heimild til þess að kaupa þann stað. Þess vegna er í rauninni ekkert á móti því, að atkvgr. færi fram um þetta, sérstaklega ef menn óska þess, þó að ég geri ráð fyrir, að það sé fyrirfram vitað, hvernig sú atkvgr. færi.

*Sigurður Kristjánsson: Ræður hv. þm. hafa snúist um eitt atriði, það atriði, sem ég í upphafi ræðu minnar við þessa umr. taldi aðalatriði málsins, því að náttúrlega er kjarni málsins, eins og hv. 3. þm. Reykv. benti á, hvernig sjálfstæðismálið var afgr., þannig, að það er þess vegna, sem þetta frv. um ríkisstjóra er fram komið. En fyrst nú svo er komið sem komið er, þýðir ekki um það að ræða, og ég skal þá ekki heldur gera það, en ég hef nokkrar aths. að gera við það, sem hér hefur komið fram í umr. um bústað væntanlegs ríkisstjóra. Ég var að vísu ekki viðstaddur, en mér er sagt, að hæstv. forsrh. hafi gefið yfirlýsingu um það við atkvgr. fjárl., að hann mundi skoða till. stj. um það, að kaupa húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg sem samþykkt þingsins fyrir því, að Bessastaði mætti kaupa, ef brtt. stj. yrði samþ., m. ö. o. þyrfti aðeins orðalagsbreyt. til þess að ríkisstj. væri heimilt að kaupa annaðhvort Fríkirkjuveg 11 eða Bessastaði.

Ég er hæstv. forsrh. sammála um það, að það er ekki sérstaklega glæsilegt að fara að kaupa húsið við Fríkirkjuveg 11, það er ekki glæsilegt að fara að kaupa alveg óundirbúið og í skyndi gamla húseign í þessu skyni. Þó að hæstv. forsrh. andmælti mínu máli um Bessastaði, aðallega með samanburði við Fríkirkjuveg 11, þá verður það aldrei eitt saman sagt til meðmæla með því að kaupa Bessastaði. Ég er sannfærður um það, að sú leið, sem þeir hv. þm. Borgf. og A.-Húnv. hafa hér bent á, hæfði miklu betur þessu millibilsástandi, sem nú ríkir. Ég er sannfærður um það, að hvor þessara eigna sem keypt yrði, verður kostnaðurinn gífurlegur við að gera hana þannig úr garði, að hún hæfi slíkum valdamanni sem ríkisstjóra. Ég er sannfærður um það, að báðir þessir staðir eru mjög óheppilegir, einkum þó Bessastaðir, og það mundi koma að því, að það yrði samt sem áður að byggja nýjan forsetabústað, þó að annar hvor þessi staður yrði nú keyptur sem bústaður fyrir ríkisstjórann.

Ég vildi láta þetta koma fram, svo að sá misskilningur stæði ekki, að ég sé sérstaklega að halda fram húsinu við Fríkirkjuveg 11; a. m. k. hef ég ekki trú á því, að þau kaup yrðu hagkvæm hvað kostnaðinn snertir. Það er enn óupplýst, hvað það mundi kosta að kaupa Bessastaði og gera þá þannig úr garði sem þeir þurfa að vera til þess að geta orðið bústaður ríkisstjóra. Ég hef heyrt, að Fríkirkjuv. 11 mundi kosta um 150 þús. kr., eða jafnvel 300 þús. kr. Þetta álít ég ekki vera þýðingarlaust, og mig undrar það, að jafnvel á þessum tímum skuli menn tala um svona hluti eins og það væri hégómi. Það er eiginlega hryggilegt, að þegar við eigum að taka ákvörðun um sjálfstæðismál þjóðarinnar, þá skulum við vera svo smástígir, að við erum eins og hræddir krakkar og kiknum í hverju spori, en þegar á að fara að velja bústað fyrir þennan mikla valdamann, ríkisstjórann, þá er sama, þó að sá bústaður kosti ½ millj. kr., það þarf ekki að hugsa sig neitt um það.

Ég hef ásamt hv. þm. Ak. borið fram brtt. við 10. gr. frv., og það er ekki fyrir það, að ég viti það ekki með vissu, að áður en Bessastaðir komu inn í þetta, þá hafi verið búið að tryggja það að fá meiri hl. þingsins til þess að fylgja

því, ég efast ekki um, að það hafi verið svo. En ég tel samt alveg rétt að reyna þingviljann, eins og hæstv. forsrh. komst að orði, um það, hvort menn vilja einskorða þetta við Bessastaði.

Hæstv. fjmrh. talaði um það, að það væri ekki rétt að leggja fæð á einstaka staði fyrir það, sem þar hefði skeð. Þetta er náttúrlega alveg rétt, að það er ekki rétt að leggja fæð á staði fyrir það, hvað þar hefur skeð, en það er ekki hægt að slá niður tilfinningar, sem eru bundnar við sérstakt kúgunartal, sem um þessa staði hefur orðið. Það er ekki hægt að má úr hugum manna þær tilfinningar, sem bundnar eru við lífsstríð þjóðarinnar, með því að viðhafa slagorð. Það er vitað, að þessi staður hefur enga fegurð til að bera, nema í fjarska, enda er þarna að mestu leyti óaðlaðandi móaland.

Það er ekki heldur hægt að neita því, að við þennan stað eru bundnar ömurlegar minningar. Þar hefur erlent vald drottnað og beitt kúgun og ofbeldi, og ef menn halda, að það sé hægt að afmá þetta úr hugum manna, svo að menn sækist eftir því að velja þessa staði til þess að líta upp til, þá er það hinn mesti misskilningur. Hitt er miklu nær sanni, þegar menn sjá í því enga hagsýni, en telja það samt eftirsóknarvert að binda mestu völd landsins við þennan stað, að það stafi af því, að það séu komin þau elliglöp á menn, að þeir hafi ekki æskilega tilfinningu fyrir þjóðernislegum og þjóðfélagslegum málum. Ég er alveg sannfærður um það, að sú ráðstöfun að færa æðsta vald landsins til Bessastaða, þó ég telji það ekki neitt höfuðatriði, mælist ekki vel fyrir og snertir almenning heldur illa. Einnig er ég sannfærður um hitt, að tilfinningin fyrir sjálfstæði landsins og því, sem er þjóðræknislegt, er miklu ríkari í brjóstum alþýðu manna um allt land heldur en hún er yfirleitt hjá þeim mönnum, sem eru búnir að fá á sig einn andlegan skrokk af ýmsum áhrifum, bæði hér á hv. Alþ. og annars staðar.

Ég skal ekki hafa þetta mál mitt lengra, en það er þó eitt atriði í sambandi við þá ræðu, sem hv. 3. þm. Reykv. flutti hér, er hann lýsti yfir, að hann mundi greiða alkv. með frv., þó að hann hefði verið á móti tilefni þess, þá vil ég út af þessum orðum hans gefa þá yfirlýsingu, að ég ætla að greiða atkv. á móti þessu frv. Það stafar af því, að ég er sannfærður um það, að ef við fengjum ekki ríkisstjóra nú, þá mundi þetta millibilsástand, sem til var stofnað, verða skemmra heldur en annars hefði orðið. — Ég álít, að það sé mjög háskalegt og særandi fyrir okkur Íslendinga, ef það ástand á að haldast til næsta þings eða næsta sumars, að við eigum einnig að búa við yfirlýsingu um það, að við getum tekið sjálfstæði landsins í okkar hendur, en gerum það ekki á borði.

*Eiríkur Einarsson: Ég skal ekki halda langa ræða um þetta mál, en vil þó stuttlega gera grein fyrir því, sem mér er efst í huga um einstök atriði þess. Ég mun greiða atkv. skrifl. brtt., sem komin er fram við 10. gr.

Það, sem veldur því, að ég vil segja þessi orð, er hið margumrædda búsetuatriði. Þar kemur það til greina, sem ekki hefur verið tekið sérstaklega fram af öðrum, að frv. ber þess keim, að um bráðabirgðaráðstöfun er að ræða að mörgu leyti. Þar sem frv. kveður svo á, að ríkisstjóri skuli kosinn til eins árs í senn, er það að mínu áliti gert með sérstöku tilliti til ástandsins, sem er. Ég tel líka, að það ástand réttlæti, að sú aðferð sé höfð, og vil því samþ. frv. En það er von mín, að þegar fram í sækir, verði æðsti valdamaður Íslands ekki kosinn með þessum hætti né heldur til eins árs, heldur verði hann kosinn af þjóðinni sjálfri.

Mér hefði ekki þótt óeðlilegt, með tilliti til þess, sem ég hef sagt um, að ég lít svo á, að hér sé um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, að það væri ekki fastbundið í byrjun, hvar ríkisstjóri skuli eiga aðsetur, heldur væri þar líka leyst úr til bráðabirgða. Mikill fjöldi meðal almennings vill eflaust láta sig þetta nokkru skipta, og tilfinningar fólksins eru vakandi gagnvart slíku máli.

Hvort það sé vanhelgun að hafa bústaðinn á Bessastöðum, finnst mér hvumleitt að þurfa að rökræða. Bessastaðir eru eins og hver annar staður á Íslandi, það er margt vel um hann, og sólin skín þar eins og annars staðar, og þá getur verið fallegt þar. En út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði um minnimáttarkennd í þessu sambandi, verð ég að játa, að ég er dálítið háður slíkri minnimáttarkennd. Það eru til staðir á Íslandi, sem eru alþjóð manna sérlega kærir, t. d. Þingvellir. Sama er að segja um biskupsstólana. Það hefur verið nefnt, að þar hafi setið misjafnir menn. Það er rétt. Þar sátu erlendir biskupar, sem voru þrándur í götu íslenzks þjóðarréttar, en þar hafa líka setið ágætir íslenzkir menn, bæði fyrir og eftir. Og nú er það m. a. á dagskrá Alþ. að minnast helgi þessara staða á maklegan hátt. Hugir Íslendinga eru ekki tilfinningalausir fyrir því, hver staðurinn er, með tilliti til þess, sem liðið er. Ef á að ákveða æðsta embættismanni íslenzka ríkisins stað annars staðar en í Rvík, hefði sá staður mátt vera Þingvellir. Ég er að vísu ekki beinlínis að halda fram nýjum stað, því að staður utan Rvíkur finnst mér óhentugur, þó að æskilegur gæti verið af þjóðernisástæðum.

Eins og ég sagði áðan, vill fólkið láta sig skipta slík mál sem þetta. Það er alveg eins dómbært um þetta og þm. Ég vil því láta það bíða að ákveða um það. Ef sú stund kemur, að almenningur ákveður forseta sínum verustað, hygg ég, að það mundi verða framkvæmanlegt mál að gera þann vilja gildandi. Staðinn væri hægt að fá. Oft eru látin fara fram lögnám og eignarnám, þegar um minni máttar mál er að ræða.

Hvað kostnaðarhliðina snertir, brestur mig nokkuð þekkingu um það atriði. Hvort dýrara yrði að velja Bessastaði eða Fríkirkjuveg 11, skal ég ekki um segja, en geri ekki ráð fyrir, að mikill munur sé þar á. Aðalkostnaðurinn yrði e. t. v. ekki kaupverðið, heldur yrði hann rekstrarlegs eðlis. Að velja ríkisstjóra stóra og umfangsmikla bújörð, virðist ekki vera neinn kostur, því að ef hann er ekki hneigður fyrir

búrekstur, yrði það eins konar kvöð, sem gæti orðið til óþæginda fyrir ríkið, því að nóg er af ríkisbúunum að öðru leyti.

*Sigurður E. Hlíðar: Hæstv. forsrh. lét svo um mælt, að hann teldi það vilja Alþ., að Bessastaðir yrðu keyptir, hvað sem líður 10. gr. En til hvers er þá orðalag 10. gr. með því sniði, sem er? Ég vil því gera grein fyrir minni afstöðu til þessa máls, þó að ég í fjvn. hafi verið með því að samþ. heimild til ríkisstj. til að kaupa bústað handa væntanlegum ríkisstjóra. Ég hélt ekki, að það ætti endilega að vera þessi ákveðni staður, Bessastaðir. En nú veit ég, að tilgangurinn er að velja þann stað, ef meiri hl. fæst með 10. gr. Ég lýsi því yfir, að ég felli mig ekki við það. Bessastaðir eru ekki vel valinn staður nú, þegar verið er að rekja þetta þjóðmetnaðarmál okkar. Það er leiðinlegt að rígskorða þessa embættisstofnun við þennan stað, þó að margt sé gott um hann að segja að öðru leyti. Ég er fæddur þar í nágrenninu og veit, að þar er fallegt. En svo er um velflesta staði á Íslandi.

Ég veit ekki, í hvaða ástandi húsið er þar, en veit, að þar muni þurfa að gera miklar umbætur. Þó að Bessastaðir fáist fyrir sæmilegt verð, mun kostnaðurinn ekki verða minni, heldur meiri en ef keypt er hús í Reykjavík. Þá hefur það ekki komið fram í umr., að vitanlega þyrfti að leggja þangað góðan veg, flestir munu aka þangað í lúxusbílum, en til slíkra hluta er ekki vel fallinn sá vegur, sem nú er.

Margir héldu, að það væri ákveðið að reyna að ná í Fríkirkjuveg 11. Það kom beinlínis fram í fjvn., og hún ritaði bréf til fjmrh. um að leita hófanna um kaup á því húsi. Nú upplýsir hæstv. fjmrh., að húsið sé ekki fáanlegt og sé upptekið af öðrum aðilum. Það eru ekki nóg rök til að staðnum sé sleppt. Sakadómaraskrifstofunum má koma burt. Það stendur m. a. s. hús til boða fyrir skikkanlegt verð, 140 þús. kr., sem væri tilvalið handa þeim. (Fjmrh.: Hvaða hús?) Lækjargata 12. (Einhver: Þar er ekki nóg pláss.) Jú, þar alveg nóg pláss. Húsið er gríðar stórt, og öll efri hæðin yrði laus strax. Ég sé ekki ástæðu til, að sakadómaraskrifstofurnar þurfi að þenja sig út í einhverju gegndarleysi.

Ég vil, að tilvonandi ríkisstjóri — ég tala nú ekki um forseta — fái bústað í höfuðstaðnum. Líka mætti reisa veglega höll handa honum. Ég hef því ásamt hv. 5. þm. Reykv. með brtt. við 10. gr. viljað fella niður orðalagið „og næsta nágrenni“, til þess að úr því verði skorið, að ekki séu allir á því einu máli, að sjálfsagt sé að kaupa Bessastaði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Nd., 12. júní, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 720, 725, 726).

ATKVGR.

Brtt. 725 felld með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, StSt, ÞBr, EE, ÍslH, JGM, JóhJón, JPálm, ÓTh, PO, SEH.

nei: SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HelgJ, HV, JÍv, PHann, JörB.

GÞ, GSv, JakM greiddu ekki atkv.

1 þm. (TT) fjarstaddur.

Brtt. 726 tekin aftur.

Frv. samþ. með 23:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég tel mig ekki þurfa að hafa neina verulega framsögu fyrir þessu máli. Það hefur verið samþ., að Alþ. kjósi ríkisstjóra nú á næstunni, og hér eru sett ákvæði um, hvernig hann skuli kosinn, hver séu kjörgengisskilyrði, og um réttindi hans og skyldur, laun og búsetu, og enn fremur hverjir eiga að gegna starfi hans, ef hann fellur frá. Ég hygg það sé ekki margt í þessu frv., sem geti valdið ágreiningi, a. m. k. ekki við þessa umr. Óska ég eftir, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og allshn.

*Jónas Jónsson: Ég ætla aðeins að bæta fáeinum orðum við, sérstaklega út frá umr. í hv. Nd. Þar kom fram till. frá hv. þm. Mýr. um það að setja bráðabirgðaákvæði í l. í þá átt, að tilvonandi ríkisstjóri taki við embætti sínu 17. júní. Ég ætla aðeins að geta um það hér, að ég hef hugsað mér að taka upp þessa till. fyrir 2. umr., og vonast eftir, að henni verði vel tekið. Það liggur ekkert í henni annað en það að reyna að auka veg þessa embættis með því að tengja það á þann hátt við þennan merkilega hátíðisdag.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er síður en svo, að ég sé á móti því, að samþ. sé sú till., sem tekin var aftur til bráðabirgða í Nd. En það, sem fyrst þarf að ræða við ríkisstj., og ég hef ekki haft enn þá tíma til, er, hvort hægt sé að koma þessu við. Meðal annars hefur verið rætt um það, þótt engin ákvörðun hafi verið tekin, að ríkisstjórinn hafi skrifstofu hér í Ed. fyrst um sinn, og þarf þá að sjá fyrir því, að þinginu sé lokið, og í annan stað að laga þannig til, að hann geti tekið á móti mönnum og haft viðtöl. Ég álít vel farið, að ríkisstjóri taki við embætti sínu 17. júní. Mun ég skjótlega taka til athugunar ásamt hinum í stj., hvort þetta verði ekki hægt að framkvæma þingstarfanna vegna.

*Magnús Jónsson: Það er aðeins ein spurning, sem ég vildi beina til hæstv. forsrh. út af þessu frv. Mér — og víst flestum — hefur skilizt svo, að hér sé um bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Spurningin er, hvort það sé ekki alveg tvímælalaust, að með þessu frv. hafi ekki verið tekin nein afstaða til þess út af fyrir sig, hvernig Alþ. hugsar sér kosningu ríkisstjóra, hvað sem hann verður kallaður í framtíðinni,

þegar hið íslenzka ríki hefur sett sig á laggirnar með sinn eiginn þjóðhöfðingja. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að slíkan mann bæri að kjósa af þjóðinni, með atkvgr. allrar þjóðarinnar, en ekki Alþ. En mér sýnist þetta frv. vera í orðalagi þannig, að þetta sé nokkurs konar framtíðarskipulag, þar sem talað er um „til eins árs í senn", og er ekkert í því, sem hefur á sér bráðabirgðablæ. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort þetta sé ekki að sjálfsögðu hugsað sem bráðabirgðafyrirkomulag, — án þess að ég spyrji hann nokkuð um það, hver hans skoðun er um það, hvernig hann vill láta haga þessu máli í framtíðinni.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég tel mig ekki hafa látið í ljós neina skoðun um það, hvort ég telji réttara að kjósa ríkisforseta, þegar þar að kemur, með almennum kosningum eða hér á Alþ., og tel ekki heldur, að neinn þm. með því að greiða þessu frv. atkv. sitt bindi sig á neinn hátt í því máli, enda auðsætt, að þótt þetta frv. hafi ekki á sér neitt bráðabirgðasnið, að það gildir um ríkisstjóra, sem ætlað er að vera til bráðabirgða. Og þegar ríkisstjórastarfið fellur niður, sem væntanlega verður þegar við fáum fullt sjálfstæði, falla l. úr gildi af sjálfu sér. Það, sem frv. fjallar um, á að vera til bráðabirgða, og þess vegna er því auðsvarað, að það er ekkert bindandi með þessu frv., hvernig ríkisforsetinn verður valinn á sínum tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 14. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 720, n. 744).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og sjá má á nál. 744, leggur n. til, að frv. verði samþ. Frv. og þau l., sem það gerir ráð fyrir að sett verði, er fram borið til að fullnægja ályktunum Alþ. 17. f. m., er samþ. voru nær einum rómi. Mér virðist, að líta beri á þetta mál sem ráðstöfun um óákveðinn tíma. Þess vegna lítur allshn. svo á, að einstök ákvæði í frv. bindi á engan hátt atkv. þm. um endanlega lausn málsins, og þess vegna sá allshn. ekki ástæðu til að gera brtt. við frv., en ég taldi rétt, að þessi skilningur n. kæmi fram nú, og mér virðist mega ályktа, að hann komi ekki í bága við þann skilning, sem hæstv. forsrh. lýsti sem sínum við 1. umr.

Þegar á málið er litið frá þessu sjónarmiði, eru umr. um það ekki aðkallandi. Þær umr., sem fram fóru í Nd., snerust að miklu leyti um atriði, sem í raun og veru liggja fyrir utan málið sjálft, og ég hef ekki tilhneigingu til að leiða þau atriði inn í umr. nú. Ég vil því aðeins beina því til hv. d., að n. leggur einróma til, að frv. verði samþ. án breyt.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég þakka hv. n. fyrir, að hún fellst á frv. Ég vil geta þess, að ríkisstj. hefur athugað þá till., sem kom fram í Nd., að kjósa ríkisstjórann 17. júní, og ég get lýst því yfir, að það ætti að vera hægt að kjósa hann þá. Það er eftir afgreiðsla eins máls, sem er að vísu mikið um deilt, og ríkisstj. vill mælast til þess við hv. þm., að því máli gæti orðið lokið hér án verulegra umr. Ef það mál verður afgreitt hér til 2. umr. í dag, og mánudagurinn notaður til 2. og 3. umr. þess, gerum við ráð fyrir, að ríkisstjórinn verði kosinn kl. 1½ í Sþ. á þriðjudag. Þeirri athöfn á að útvarpa, og meðan á kosningunni stendur, skýrir þulur frá því, sem fram fer. Síðan flytur hinn kjörni ríkisstjóri ræðu í útvarpið frá Alþ., eftir að hafa undirritað eiðstaf. Þá verður fundi slitið, en boðaður fundur í Sþ. kl. 5 eða 6 samdægurs, og þá slítur ríkisstjóri Alþ. Til þess að þessi vinnubrögð geti orðið, þarf að flýta dýrtíðarmálinu hér í d.

Í sambandi við þetta mál vil ég jafnframt geta þess, af því að það hefur verið spurt um það, fyrir hvaða verð Bessastaðir væru fáanlegir, að mér hefur í dag borizt bréf frá eiganda Bessastaða sem svar við bréfi mínu til hans. Bréfið hljóðar svo — með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík, 13. júní 1941.

Hr. forsætisráðherra Hermann Jónasson,
Reykjavík.

Í bréfi til mín, dags. 31. f. m., spyrjið þér mig, hvort ég vilji selja jörðina Bessastaði á Álftanesi sem bústað handa væntanlegum ríkisstjóra Íslands, ef Alþingi heimili ríkisstjórninni að kaupa jörðina í því skyni.

Með því að Alþingi hefur nú látið í ljós þann vilja sinn, að væntanlegum ríkisstjóra sé valinn bústaður á Bessastöðum, vil ég hér með gefa yður eftirfarandi svar:

Ég hafði eigi hugsað mér að selja Bessastaði fyrst um sinn, og þær fyrirætlanir, sem ég hafði um hagnýtingu jarðarinnar, hnigu eigi í þá átt að selja jörðina alla í einu lagi. En ég er sömu skoðunar og þeir menn, sem telja Bessastaði, sökum legu staðarins og náttúrufegurðar, vel fallna til þess að vera bústaður æðsta valdsmanns íslenzka ríkisins, og vil því gefa ríkinu kost á að fá jörðina til eignar í því skyni. Söluverð vil ég eigi nefna, vegna þess að ég geri ráð fyrir, að mat mitt á jörðinni mundi þykja nokkuð hátt, einkum þar sem ríkið væri kaupandi.

Þess vegna býð ég yður, fyrir hönd íslenzka ríkisins, að taka við jörðinni Bessastöðum, ásamt Lambhúsum og Skansi og ⅓ hluta Breiðabólsstaðaeyrar, sem gjöf með eftirfarandi skilyrðum.

1. Mér séu greiddar við afhendingu kr. 67671.68, sem er sá kostnaður, sem ég hef haft af endurbótum á húsum og jarðræktarframkvæmdum o. þ. h., síðan ég keypti jörðina.
2. Að ríkið taki við þeim skuldbindingum, sem ég hef nú þegar tekizt á hendur í sambandi við byggingu og viðgerð á húsum og vegna annarra framkvæmda á jörðinni. Um þessi atriði fylgir greinargerð í sérstöku bréfi.
3. Að ríkið kaupi áhöfn þá, sem nú er á jörð-

inni. Enn fremur verkfæri, áhöld og innanstokksmuni.

4. Með því að ég hef nú með allmiklum kostnaði undirbúið bæði tún og garða og að nú þegar er byrjað að slá túnið, fái ég sem svarar afrakstri þessa sumars af garðrækt og heyskap að mestu, að frádregnum kostnaði.

Þessa tvo síðustu liði met ég samtals til peninga á kr. **52328.32**, og verður því upphæð sú, sem ber að greiða mér við afhendingu jarðarinnar, samtals kr. **120000.00.**

Fyrir skuldum, sem á jörðinni hvíla, svo og vöxtum af þeim til þessa dags, mun ég afhenda viðtakanda sparisjóðsbók með upphæð, sem þarf til lúkningar skuldum, miðað við daginn í dag.

Afhending sé miðuð við daginn í dag. Viðtakandi greiði kaup starfsfólks og kostnað við það frá byrjun þessa mánaðar.

Að öðru leyti mun ég í sérstöku bréfi skýra ýmislegt viðvíkjandi afhendingunni.

Ég óska svo eftir, að þér tilkynnið mér hið fyrsta, hvort þessu boði verður tekið.

Virðingarfyllst

Sigurður Jónasson."

Ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að eftir því, sem lagt hefur verið í þessa eign með ýmsum stórframkvæmdum á síðasta ári, viðgerðum á húsum og jarðabótum, séu komnar í jörðina um 250 þús. kr. Jörðin er gefin eins og hún var, þegar hún var keypt, en greitt fyrir þær umbætur og húsbyggingar, sem til hafa komið síðan.

Þá hef ég í samráði við þann byggingarmeistara, sem hefur séð um þessar framkvæmdir, athugað, hvernig hægt sé að gera húsið úr garði, og við gerum ráð fyrir, að það sé mjög vel í lagt, að hægt verði að gera húsið svo sem bezt verður á kosið fyrir 70—80 þús. kr. Húsið er 21 metri á lengd, en 10½ á breidd, ein hæð og portbyggt. Niðri eru þrjú stór herbergi og 2 minni og eldhús. Á efri hæð eru 10 herbergi og 2 baðherbergi. Í húsinu eru því 15 herbergi og stofur og 2 baðherbergi. En því er ekki að leyna, að það mundi þurfa að reisa hús fyrir starfsfólkið. Þó er áætlað, að þessi eign með gjöfinni kosti ekki meira en það lægsta verð, sem Fríkirkjuvegur 11 fengist fyrir, áður en farið er að gera við þar. Það hefur verið upplýst, að hægt er að fá þá eign fyrir 250 til 300 þús. kr. Eftir að búið er að reisa hús á Bessastöðum fyrir starfslið ríkisstjórans og gera þar allt úr garði á fullkomnasta hátt, stendur sú eign í líku verði og Fríkirkjuvegur 11. Ég vildi skýra hv. d. frá þessu nú.

***Magnús Jónsson:** Ég hafði hugsað mér að hreyfa aths. við 10. gr. frv. í sambandi við ummæli hæstv. forsrh. við umr. fjárl., þar sem hann lýsti yfir því í sambandi við samþ. till. þar, að ríkisstjórinn mundi sitja á Bessastöðum. Ég er algerlega á móti því, vegna sögulegra minja, og finnst óþarfi að vera að setja fyrsta innlenda þjóðhöfðingja okkar á þennan stað, sem á ógeðslegastar endurminningarnar úr sögunni. Menn koma fram með það hér, að nú sé það íslenzkt vald, sem eigi að sitja þennan stað, en að ætla sér að gera staði vinsæla með því móti, það er alls ekki siðaðra manna háttur. Hverjum mundi nokkru sinni detta í hug að gera Kópavog að aðsetursstað Alþ.? Þetta er álíka, að fara nú að setja ríkisstjórann á Bessastaði. Þar að auki er þessi staður leiðinlegur og illa settur. Af stöðum í námunda við Reykjavík er þessi staður langþrengstur og lítilmótlegastur. Vegurinn þangað liggur í gegnum hraun með slýtjörnum á báða vegu og er langsamlega nálegasti staðurinn, þó víða væri leitað hér í nágrenni Reykjavíkur. Einnig er hann svo langt frá höfuðstaðnum, að ferðir gætu teppzt bæði á sjó og landi oft á vetrum. Bréf hefur borizt frá Sigurði Jónassyni, eiganda Bessastaða, þar sem hann tilkynnir, að hann muni gefa ríkinu þessa jörð fyrir ríkisstjórabústað. Þetta er hin mesta rausn, því mun enginn neita, en ég vil þó ekki, að það valdi fullnaðarákvörðun um þetta. Ég segi nú svona í gamni, að ef Alþ. ætti að launa þessa gjöf sómasamlega, þá gæti það ekki betur gert en að kjósa gefandann fyrir ríkisstjóra. Þessi maður er prýðilega kjörgengur og væri vel svarað hjá Alþ. með því að kjósa hann. — En svo ég sleppi öllu gamni, og þó þetta sé rausnarleg gjöf, þá vil ég þó ekki, að þessi maður ráði, hvar ríkisstjórinn hefur aðsetur sitt.

Ef þessi gjöf yrði þegin, þá er þessum eiganda Bessastaða þar með gefið vald til þess að ákveða, hvar ríkisstjórinn skuli sitja, en það er Alþ., sem á að ákveða það. Þess vegna vil ég, að eiganda Bessastaða verði þakkað þetta rausnarlega boð, en því miður sé ekki hægt að þiggja jörðina í þessu skyni. Ég vil spyrja hæstv. forsrh., hver ákveður staðinn endanlega, hvort það verði forsrh. eða ráðherrafundur. Ég vil setja þau ákvæði í frv., að ríkisstjórinn eigi sæti í Reykjavík eða þá svo nærri, að það hindri ekki störf hans.

Það er t. d. venja víða í öðrum löndum, að helztu menn þjóðarinnar heimsæki þjóðhöfðingjann á nýársdag, en vel getur svo farið, að ekki verði fært til Bessastaða á nýársdag, og er það leiðinlegt fyrir ríkisstjórann, að hann skuli ekki geta tekið við gestum á sínum eigin bústað hvaða tíma árs, sem er. Í stjórnarkrísu gæti farið svo, að hans yrði þörf hér í bænum, og þá þyrfti bústaður hans að vera svo nærri, að alltaf væri hægt að ná í hann. Ég er alveg sammála þeim, sem ekki vilja Fríkirkjuveg 11, enda þótt það sé indæll staður. Ég vil ekki, að ríkisstjórinn búi sem óbreyttur borgari. Hann á að búa í útjaðri bæjarins eða rétt utan við hann, en þó nær en á Bessastöðum. — Bæði Fríkirkjuvegur 11 og Bessastaðir eru of litlir sem einkabústaður. Ríkisstjórinn þarf stórhýsi, stóran móttökusal, álíka og hátíðasal háskólans, og borðsal líkt og gylta salinn á Hótel Borg. Slík húsakynni komast ekki fyrir í neinum „villum" hér, enda þótt þær séu stórar. Þetta eru þó engin rök gegn Bessastöðum einum. Það er sama, hvar er hér, að öll hús yrðu ófullnægjandi fyrir ríkisstjórann.

Mér líkaði vel það, sem hæstv. forsætisráðherra sagði um að hafa viðhöfn, þegar ríkisstjórinn verður kosinn, og mér finnst viðeig-

andi að hafa það 17. júní, þó mér finnist það óþarfi að binda allt við liðna atburði. — Við getum vel eins og aðrir búið okkur til nýja merkisdaga. — Annars sé ég ekki, að það þurfi að standa í sambandi við nokkurt annað mál. Þó þingi sé ekki lokið, þá má gjarnan taka einn dag eftir að ríkisstjórinn hefur verið kosinn.

Ég get vel fallizt á, að ríkisstjóri sliti þinginu og flytji þá ávarp til þjóðarinnar, en hann þarf að fá tíma til að undirbúa sig. — En ég sé ekki, að kosning ríkisstjóra þurfi endilega að vera bundin við dýrtíðarmálin. Það má vel ljúka við þau 18. júní. Það mál kom seint fyrir Alþ. og er betra, að menn fái að ræða það í næði. — En hvað sem því líður, þá get ég ekki verið með ákvæðum 10. gr., þrátt fyrir hið rausnarlega boð eiganda Bessastaða.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það hafa heyrzt raddir um, að þinginu yrði ekki lokið fyrir þriðjudag. Ég skal ekki ræða um það, en ég segi samt, að þingið er búið að standa svo lengi, að það ætti að vera fært að afgreiða dýrtíðarmálin fyrir þriðjudag.

Það er einkennilegt, að mál, sem hafa verið rædd innan flokkanna og í n. og einnig meðal þingmanna sjálfra, skuli þurfa að ræða hér fram á nótt. Ég mun svo ekki ræða það frekar, en mér finnst þingið vera orðið æðilangt.

Svo ég snúi mér þá að hinu, þá virðist mér sem nokkurs misskilnings gæti hjá mönnum hér, þegar þeir ræða þetta mál, um ríkisstjórann, þegar menn halda, að þessi gjöf jarðarinnar þurfi að ráða, hvar bústaður ríkisstjórans verði. Ef það verður samþ. að kaupa eign utan Reykjavíkur, þá álít ég, að hv. Alþ. mundi vera með að kaupa Bessastaði. Ég hygg, að í þessari hv. d. sé meiri hlutinn með því að ákveða Bessastaði sem ríkisstjórabústað. Enda þótt Fríkirkjuvegur 11 sé myndarlegt hús, þá þyrfti það mikillar viðgerðar, sem mundi eigi standa til neinnar frambúðar, því húsið er gamalt. Í sambandi við þetta hafa komið fram ýmsar firrur viðvíkjandi Bessastöðum. Það er minnzt á Bessastaðavald, og Bessastaðir eru gerðir að hálfgerðri grýlu í augum manna.

Ég á bágt með að hlusta á slíkt. Að nokkur staður sé vanhelgur, þó þar hafi setið erlent vald, — þá yrðu þeir nokkuð margir, slíkir staðir hér á landi.

Hvernig var með Skálholt? Þar sátu biskupar, sem bændur voru neyddir til að beita þeim ráðstöfunum, sem óþekktar eru í sögu allra þjóða. Þar var hálshöggvinn einn af beztu mönnum þjóðarinnar ásamt sonum sínum. Ég held, að maður mætti þá fara að yfirgefa Reykjavík. Hólmurinn var langmesta einokunarbæli, sem sögur fara af hér á landi, og ég hygg, að hvergi hafi verið beitt meiri kúgun og hvergi fleiri blóðdropar sognir úr þjóðinni heldur en þar.

Eins er með stjórnarráðið. Það er fallegt hús, en gamalt dankst tugthús, þar sem voru hafðir í haldi íslenzkir menn, sem risu gegn erlendu valdi, og Trampe greifi sat í ráðherraberbergjunum, sem nú eru. Hvort sem um er að ræða Bessastaði, Hóla eða Skálholt, þá tökum við þá staði og gerum íslenzka. Ég get tekið undir með hæstv. fjmrh., að það sé ekki hlustandi á aðra eins minnimáttarkennd hjá þjóð, sem á að heita sjálfstæð. — Um það, að staðurinn sé ekki fagur, mun ég ekki ræða, því það er viðurkennt, að þetta er fegursti staðurinn í nágrenni Reykjavíkur. Hann var valinn sem skólasetur af tveimum Íslendingum, sem dvöldu erlendis, sem elskuðu Ísland og unnu því, sem fagurt var.

Ég vil nú skora á þennan hv. þm. að taka sig upp að loknum fundi og fara suður af Bessastöðum og skoða þá. Ég er þess fullviss, að þegar hann hefur gengið um landareignina, þá hefur hann orðið snortinn af fegurð staðarins og skipt um skoðun.

***Jónas Jónsson:** Við 1. umr. gat ég um brtt., sem ég mundi ef til vill bera fram viðvíkjandi því, að ríkisstjórinn tæki við 17. júní. Ég mun ekki bera fram þessa brtt., því ríkisstj. hefur undirbúið málið þannig, að ég tel till. minni borgið.

Ef ríkisstjórinn verður kosinn 17. júní, þá er það á miklum degi og því slegið föstu, að hann er kosinn til eins árs. Næsta ár mætti vel kjósa fyrr, því það þarf ekki endilega að binda það við 17. júní. Forseti Bandaríkjanna er t. d. kosinn á haustin, en svo líða allmargir mánuðir, þar til hann tekur við völdum. Svo er það annað atriði í sambandi við ríkisstjóra, sem ég vil minnast á. — Fjvn. hefur í bréfi til ríkisstjórnarinnar lagt til, eða 6 menn af 9 í n., að greiðsla til konungs falli niður frá næstu áramótum. Ég ætla ekki að fara út í neinar ríkisréttindadeilur, en mér finnst rétt, að greiðsla falli niður til hans, þar sem hann er ekki lengur konungur. Ég hygg, að það sé skoðun þjóðarinnar, að ríkisstjóranum, sem nú fer með vald konungs, verði greitt með því fé, sem fór til æðstu stjórnar áður.

Mér líst vel á Bessastaði sem aðsetursstað ríkisstjóra, enda þótt húsið sé ófullnægjandi, en við eigum ekki völ á betri stað. Síðar gætu menn sett markið hærra. Ég vil skjóta því til fjmrh., að æskilegt væri að halda áfram með umleitanir á Fríkirkjuvegi 11 og reyna að festa kaup á honum, þó að það verði ekki ríkisstjórabústaður, því ríkið þarfnast hans samt til ýmissa annarra hluta, og ég álít, að málið um Fríkirkjuveg 11 sé ekki dauðadæmt með þessu, ef sæmilega er samið. Og það er enginn betur fallinn en hæstv. fjmrh. að halda þeim athugunum áfram. En um það, hvernig þingið og stj. hafa haldið á þessu máli yfirleitt, vil ég álíta, — ekki sízt sem skilnaðarmaður —, að allar ástæður séu fyrir þjóðina að gleðjast yfir því, hve litlar efnislegar deilur hafa verið um ríkisstjórann, og hve vel þing og stj. hafa unnið að því að fá æðsta vald í landinu eftir margra alda burtveru í hendur eins manns, sem þjóðin velur. Þó að nokkur skoðanamunur sé um það, hvar hann eigi að búa, eru það minni háttar atriði. Ég lít svo á, að vald ríkisstjórans sé mjög svipað valdi forsetans, þegar hann kemur, — þar verði enginn eðlismunur, og að við, sem óskum eftir, að Ísland verði sem fyrst viðurkennt lýðveldi, getum varla annað betra gert en að hlynna að

þessu skipulagi og reyna að gera sem veglegast starf ríkisstjórans í því skyni, að þjóðin setji sinn metnað í það að vera fullkomlega sjálfstæð. Ég álít enn fremur, að ástæða sé til að telja þinginu til tekna, að það lítur út fyrir, að engar deilur verði um mannval í þessa stöðu, sem vel gat komið fyrir. Ef harðvítugar deilur hefðu orðið um þessa kosningu, hygg ég, að margir menn hefðu e. t. v. komizt á þá skoðun, að betra væri að hafa útlendan mann í öðru landi sem æðsta valdamann heldur en að eiga í deilum um það í landinu sjálfu. Þess vegna er fullkomin ástæða til að gleðjast yfir, hvernig þetta mál hefur þróazt. Og ekki sízt finnst mér ástæða til að þakka þann þegnskap, sem einstakur maður hefur sýnt með því að gefa verulegan hluta af mikilli jarðeign í þessu skyni. Mér finnst allt spá góðu um, að þetta bráðabirgðaskipulag stefni að góðri framtíð í þessu efni fyrir land og þjóð.

*Magnús Jónsson: Ég tek alveg þátt í þeirri almennu gleði yfir því, að þetta ríkisstjóramál er hægt að leysa á friðsamlegan hátt, að því er snertir kosningu í þessa miklu virðingarstöðu. Það er einmitt þess vegna, sem mér finnst dálítið leiðinlegt að varpa — í mínum huga — nokkrum skugga á málið með því að velja þennan stað fyrir bústað ríkisstjórans. Ég held, að Þorsteini heitnum Erlingssyni gæfi á að líta, ef hann væri risinn upp úr gröf sinni. „Því var nú aldrei um Álftanes spáð, að ættjörðin frelsaðist þar". Hann fann það vel, sá næmi maður, að kringum þennan stað var alveg sérstök óhugnan. Og ég vil alls ekki ganga inn á þá skoðun hæstv. forsrh., að ef við eigum að hafa heldur ímugust á þeim söguminjum, sem bundnar eru við Bessastaði, þá þýði það, að við verðum eins að hafa ímugust á Skálholti og Hólum og ég held Þingvöllum. Hann nefndi þá víst ekki, en það er óhætt. Og Reykjavík, og ég man ekki, hvað marga staði hann nefndi. Þetta er náttúrlega alveg út í bláinn sagt. Ef við lítum á okkar gömlu biskupsstóla, Hóla og Skálholt, eða Alþ. á Þingvöllum, þá eru þetta staðir, sem við eru bundnar þúsundir af fögrum endurminningum. „Hinn hæsta höfuðstað í Skálholti" kallaði þjóðin þennan stað, og það alveg án tillits til þess, að þar, eins og á öllum stöðum þar sem mikið fer fram, hefur eitt og annað komið fyrir, sem mönnum gezt ekki að og veitir ekki fagrar minningar. Slíkt hefur algerlega drukknað og orðið að engu fyrir þeim stóru atburðum og glæstu minningum, sem bundnar eru við þá staði. Við skulum taka Hólmskaupstað á einokunartímunum. Ég hef aldrei heyrt, að Hólmurinn hafi verið einhver versti staðurinn, — hann var bara ein verstöð gömlu einokunarinnar. Þær voru margar og þaðan kom mikil harðdrægni í garð landsmanna. Hins vegar er um Bessastaði það að segja, að því er söguna snertir, — en ég vil náttúrlega ekki leggja allt of mikið upp úr því, — að það eru frá upphafi bundnar við þá hinar ömurlegustu minningar. Ég man ekki, hvort það er í ritgerð Jóns Gissurarsonar eða annálum Jóns Egilssonar sagt, að Bessastaðir verði til á seinni öldum við það, að hið danska vald kemur. Hann byrjar á því að segja, að þetta var skoðað eitt rýrðarkot. Það er miklu meira en að þeir, sem þarna sætu, væru svona heldur óvinsælir embættismenn. Það var eini staðurinn, þar sem kúgun var innleidd á Íslandi. Í kringum Bessastaði voru menn teknir og látnir inna af hendi dagsverk og kvaðir, teknir á skip og látnir róa. Þetta er eini staðurinn, þar sem þrælahald hefur átt sér stað á Íslandi á seinni öldum, þrælahald, sem þetta útlenda vald á Bessastöðum innleiddi. Við eigum engar slíkar endurminningar annars staðar og enga minnimáttarkennd gagnvart Dönum. Þetta er alls ekki sagt af óvildarhug til dönsku þjóðarinnar. Danir sjálfir hata mikið þetta tímabil í sinni eigin sögu, með átthagabandi og alls konar þrældómi. Þetta kúgunarvald, sem hér var, var bara lítill angi af því valdi, sem danska þjóðin hataði í Danmörku, kom hingað til Íslands og var bundinn við þennan eina stað, sem menn geta nú helzt fundið til þess að láta ríkisstjórann hafa aðsetur sitt. Ég vil nú ekki segja, að þetta geri neitt til í vissum skilningi. En það er ákaflega mikill óþarfi. Alveg eins og mér finnst það óþarfi að velja endilega tugthús fyrir stjórnarráðshús. En það var bara þá langvegleg asta húsið í bænum. Það var byggt sem betrunarhús og sem ákaflega merkileg stofnun, og lesi menn bara öll þau plögg og skrif, sem áttu sér stað í þessu sambandi, þá leynir sér ekki, að það átti að fara fram heil þjóðarendurreisn á þessum grundvelli. Þetta átti að vera eitthvað annað en tugthúsin, sem áður voru til. Þarna áttu þessir menn, sem höfðu lent út á glapstigu, að læra alla skapaða hluti og verða að nýtustu mönnum þjóðfélagsins. Þessi trú á betrunarhúsin þá var álíka mögnuð og þetta með „skipulagið" nú á dögum. En geta má þess til fróðleiks, að þessi endurreisn kom með því ágæta móti, að margir af þessum vesalings föngum dóu bara úr hungri, og þess vegna eru minningar við þetta hús ákaflega sárar frá okkar aumustu og vesölustu tímum, einmitt þegar okkur var stjórnað frá Bessastöðum. Ég álít það mjög leiðinlegt, ef menn fyndu ekki annan stað handa ríkisstjóranum. (JJ: Hæstiréttur er í tugthúsi.) Bæði hv. þm. S.-Þ. og ég viljum hjálpa til að færa hann þaðan sem allra fljótast. En annars er nú skylt skeggið hökunni, rétturinn, sem dæmir menn í fangelsi, og fangelsið sjálft, enda algengt, að fangelsi séu í sambandi við réttarsali.

En svo að ég víki aftur að Bessastöðum, þá get ég alls ekki neitað því, að mér er þetta ógeðfellt, að þessi staður er valinn. En mér dettur ekki í hug, að hæstv. forsrh. hafi valið staðinn af því, að hann hafi vitað, að eigandinn mundi gefa hann, eða að það réði valinu, alveg eins og það ræður ekki minni afstöðu til málsins, þótt jörðin hafi verið gefin, og það rýrir ekkert þá rausn, sem fólgin er í gjöfinni. En ég tel staðinn þar að auki heldur óhentugan. Ekki að ég telji Fríkirkjuveg 11 hentugan stað, því að það hef ég áður tekið fram. Það hús er allt of mikið innan um fólkið, a. m. k. er næsta umhverfi ekki sem hentugast. Náttúrlega höfum við ekkert að gera með heila sveitajörð fyrir ríkisstjórann, við þurfum að fá þar stórt „park"-

stæði, og svo má hver búa á jörðinni Bessastöðum, sem vill. Það þarf að vera vel gott rúm fyrir skóg til að prýða og skýla kringum húsið, ef þá skógur þrífst á Bessastöðum. Ég vil nú ekki gera því skóna, að þetta sé einn liður í því — ég veit ekki, hvernig ég á að orða það nógu vægt, af því að ég er svo friðsamur í þessari tíð, — en mér finnst dálítil tilhneiging til þess að hafa hlutina burt úr Reykjavík, eiginlega að það, sem er nýtilegast, megi ekki vera í þessu syndabæli, og mun vera óvanalegt um höfuðstað. Menn vilja flytja burt ýmsa helztu skóla, koma þeim helzt upp í sveit, og fleiri stofnanir. Og mér þætti leiðinlegt, ef þessi ákvörðun, að ríkisstjórinn megi ekki sitja t. d. í jaðri Reykjavíkurbæjar, yrði til þess að kæla eitthvað hug manna í þessum bæ, og það yrði nú Álftanesið, sem hlyti nú sérstaklega okkar ríkisstjóra. (**JJ**: Það eru beztu karlar á Álftanesinu.) Já, það eru beztu karlar þar, en ég á hér aðallega við það, hvort hér sé á ferðinni eitthvað, sem á skylt við það að vilja hafa hlutina burt úr höfuðstaðnum. Hæstv. forsrh. hefur sagt við mig og í þingræðu, að hann gerði ráð fyrir, að bærinn mundi með tíð og tíma, kannske áður en langt líður, aukast svo suður með sjó, að Bessastaðir yrðu í næsta nágrenni bæjarins. En það á sennilega langt í land, enda er nú verið að berjast gegn aðstreymi í bæinn, sem er að verða þjóðinni ákaflega stórt höfuð og kannske fullþungt.

Ég skal svo ekki ræða fleira um þetta, því að eiginlega er tilgangur minn ekki annað en að fá skýra yfirlýsingu um, að það sé meiningin að velja Bessastaði. Því að þá ætla ég að bera fram brtt. við 3. umr. Þó að svo fari, að ég verði einn um till., þá ætla ég ekki að láta það kæla gleði mína yfir því að fá ríkisstjóra, — sennilega mann, sem mér fellur mjög vel að fá í þá stöðu.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Það hefur verið álitið, að óþægilegt sé að ná til ríkisstjórans á Bessastöðum, vegna fjarlægðar. Við höfum haft þjóðhöfðingja um nokkurra alda skeið, sem hefur búið í öðru landi, en nú geta menn ekki unað því að hafa þjóðhöfðingja, nema helzt í næsta húsi. En til Bessastaða er fjarlægðin ekki meiri en fjarlægð innan bæja erlendis, þar sem þjóðhöfðingjar búa í bæjum. Og viðvíkjandi því, að stundum sé sérstaklega erfitt að komast þangað, þá er það að segja, að það eru stundum svo miklir skaflar á götum Reykjavíkur, að ekki er hægt að komast á bifreiðum nema að moka þá skafla. Þetta er ákaflega sjaldgæft, af því að það er snjólétt á þessum nesjum. Og það er vitað mál, að það kemur næstum aldrei fyrir, að ekki sé fært á bifreiðum suður um nes. Ég er þeirrar skoðunar, að val þessa staðar sé ekki nema eðlileg fyrirhyggja um bústað æðsta manns ríkisins. Það er auðsætt, að hann á ekki að búa annars staðar en þar, sem verulegt rúm er kringum bústað hans. Og við höfum ekki getað valið til bráðabirgða annan stað en Fríkirkjuveg 11, en það er ekki staður til frambúðar, um það virðast allir á einni skoðun. Ég hef ekki séð annan hugsanlegan stað en hér fyrir innan bæinn, inni hjá Sunnuhvoli. Þó að við spornum við því, að bærinn stækki mjög, er vitað, að Reykjavík er svo stór nú, að aðeins með eðlilegri fólksfjölgun, um 700—1000 manns á ári, hlýtur bærinn að stækka þannig, — og við sjáum, hvert hann vex, suður með sjó —, að það líða ekki mörg ár, a. m. k. ekki margir áratugir, þangað til Bessastaðir eru orðnir einn staður í bænum Hafnarfjörður-Reykjavík.

Við sjáum það allir, hvað bærinn stækkar ört. Það þótti fyrir nokkru ákaflega langur göngutúr — segja mér þeir, sem þá voru ungir — að ganga inn á Hlemm: það er hjá gasstöðinni. Það hefur sagt mér Ingibjörg Jensdóttir, að þegar hún fór að búa á Laufásvegi 38, hafi einhverjum orðið á að segja, að þetta kerlingarskass vildi ekki búa í bænum, heldur langt fyrir utan hann! Þá var Laufás bújörð utan við Reykjavík. Með því samgöngutækjaleysi, sem þá var, var Laufás því tiltölulega allt að því eins fjarri Reykjavík og Bessastaðir eru nú. Vegir fara nú stórbatnandi, og það er búið að steypa og malbika veg langt áleiðis suður að Bessastöðum. Innan skamms verður kominn malbikaður vegur milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar eins og beztu götur í bænum. Það býr þess vegna ekki undir hjá mér að vilja flytja bústaðinn út fyrir Reykjavík, því að ég lít svo á, að Bessastaðir séu svo nálægt Reykjavík, að þeir tilheyri hverfi Reykjavíkur, ef svo mætti segja. Og það mun sannast, að ekki verður langt þangað til hér verður byggð á milli, enda sér hver maður, sem fer um Fossvog og Kópavog, að þessi byggð er þegar hafin, þótt í öðru formi sé en síðar verður. Það liggur þess vegna ekki í minni afstöðu nokkur óvild gagnvart Reykjavík, fjarri því. En ég held mér yfirsjáist ekki í því, að það sé ekki heppilegt að hafa endilega í allra næsta nágrenni þann mann, sem er æðsti valdsmaður þjóðarinnar, sem við eigum að geta treyst til að líta hlutlaust á öll mál, án þess að bönd kunningsskapar og allt of mikillar nærveru trufli hann í þeirri dómgreind. Og ég held það sé gott, að hann sé í huga þjóðarinnar ekki eins og hver annar borgari inni í bæjarþrönginni.

Viðvíkjandi því, hvort Bessastaðir verða fyrir valinu eða ekki, fer eftir þeim vilja, sem þingið lætur í ljós, því að fyrir honum verðum við ráðherrarnir að beygja okkur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 720, 758).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Forseti (EÁrna): Brtt. á þskj. 758, frá 1. þm. Reykv. (MJ), er ekki enn komin úr prentun.

Hún er eins og kunnugt er við 10. gr., um aðsetursstað ríkisstjórans. En þar sem þm. er áður kunnugt efni hennar, fer samt fram atkvgr. um hana nú. Verður fyrst að leita afbrigða frá þingsköpum, þar sem brtt. er of seint fram borin.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Magnús Jónsson:** Till. þessi er ákaflega einföld. Hún er því miður ekki komin á prent, en hún er ekki um annað en það, að í staðinn fyrir, að ríkisstjórinn skuli hafa aðsetur í Reykjavík, komi, að aðsetur hans skuli vera í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Ég mælti fyrir þessari till. hér við 2. umr. málsins. Mér finnst alls ekki fært, að ákveðið sé, að bústaður ríkisstjórans skuli vera í bænum sjálfum, en ég vildi, að hann yrði í næsta nágrenni, og með því að ákveða lögsagnarumdæmi Reykjavíkur er átt við það svæði, sem búast má við, að bærinn nái yfir á næstunni og samgöngur eru að jafnaði góðar við.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar, en tel rétt, að atkvgr. skeri úr um þetta mál.

ATKVGR.
Brtt. 758 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSn, JJós, MJ, ÁJ.
nei: BSt, ErlÞ, JJ, MG, PZ, SÁÓ, EÁrna.
BrB, ÞÞ greiddu ekki atkv.
3 þm. (HermJ, IngP, PHerm) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 762).

33. Áfengislög.

Á 3. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 (stjfrv., A. 18).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 6. fundi í Nd., 24. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16:3 atkv. og til allshn. með 15:2 atkv.

Á 61. og 62. fundi í Nd., 16. og 19. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 20. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 18, n. 499 og 520).

***Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, um breyt. á áfengisl., felur í sér staðfestingu bráðabirgðal., sem gefin voru út af hæstv. ríkisstj. 29. október 1940. Efni þeirra bráðabirgðal. er það, að ríkisstj. skuli vera heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼ af hundraði af vínanda að rúmmáli, til þess að selja hinu brezka setuliði. En þetta er hámark þess áfengismagns, sem hefur mátt vera í öli, sem framleitt er hér á landi.

Þetta mál mun hafa legið þannig fyrir á síðasta hausti, að ríkisstj. mun hafa borizt vitneskja um það frá hinu brezka setuliði, að það mundi telja sér nauðsyn á að flytja inn áfengt öl handa setuliðinu til neyzlu, ef ekki væri hægt að fá þetta öl keypt hér á landi. Það var þá skoðun hæstv. ríkisstj., að ástæðulaust væri að láta þann innflutning fara fram á þessari erlendu framleiðslu og réttara væri þá að gefa undanþágu frá íslenzkum l., til þess að þessi framleiðsla mætti fara hér fram, þó með þeim takmörkunum, að salan færi eingöngu fram til þeirra útlendinga, sem hér er um að ræða, en ekki til íslenzkra manna.

Meiri hl. allshn. getur fallizt á, að þær forsendur, sem virðast hafa legið til grundvallar fyrir útgáfu þessara bráðabirgðal., séu nokkuð vegamiklar, bæði með tilliti til þeirra tekna, sem ríkissjóður getur af þessu haft, og svo með tilliti til þess, að það á að vera hægt að hafa allrækilegt eftirlit með þessari framleiðslu, sem er í íslenzkum höndum, og virðist því meiri hl. n., að ekki væri ástæða til þess að hindra það, að þessi bráðabirgðal. verði endanlega staðfest. N. hefur því lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn af nm. meiri hl. hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun hann, að ég hygg, gera sérstaklega grein fyrir honum. En minni hl. n., hv. þm. N.-Ísf. (VJ), hefur ekki getað fallizt á að skrifa undir álitið með meiri hl. og hefur lagt fram sérstakt nál., þar sem hann leggur til, að frv. verði fellt, og mun hann væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EystJ, GG, JakM, JPálm, ÓTh, SEH, SK, SkG, BJ, BÁ, JörB.
nei: EmJ, FJ, JóhJón, PHann, PO, SvbH, VJ, ÞBr, BjB.
GSv greiddi ekki atkv.
12 þm. (GÞ, HG, HelgJ, HV, ÍslH, JGM, JÍv, StSt, StgrSt, TT, ÁÁ, EE) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 11:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:10 atkv.

Á 64. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EystJ, GÞ, GG, HV, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, SEH, SK, SkG, StgrSt, JörB.
nei: SvbH, VJ, ÞBr, BjB, EE, FJ, HG, HelgJ, ÍslH, JóhJón, JÍv, PO.
ÁÁ greiddi ekki atkv.
6 þm. (BJ, EmJ, GSv, PHann, StSt, TT) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., 21. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 66. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, MG, MJ, PHerm, PZ, ÞÞ, BSt, EÁrna.
nei: IngP, SÁÓ, BSn, ErlÞ.
4 þm. (JJ, ÁJ, BrB, HermJ) fjarstaddir.
Frv. vísað til allshn. með 9:2 atkv.

Á 72. fundi í Ed., 5. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 677 og 680).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þetta mál, sem er stjfrv., er komið frá Nd. og hefur legið hjá allshn. síðan 25. fyrri mán.

Eins og sjá má af nál., þá er n. ekki sammála um málið. Við tveir nm., hv. 2. þm. S.-M. og ég, leggjum til, að frv. verði fellt, og er í okkar nál. gerð grein fyrir, af hvaða ástæðum. Höfuðástæðan er, að við viljum ekki leyfa ölbruggun, eins og hún er leyfð nú.

Hæstv. ríkisstj. sá sig knúða til að gefa út bráðabirgðal., sem leyfðu bruggun öls með 4% styrkleika handa brezka setuliðinu. Mér er ekki grunlaust um, að ríkisstj. hafi reiknað með allverulegum tekjum af þessu öli fyrir ríkissjóð. Reynslan hefur þó ekki verið sú, að ríkissjóður hafi fitnað mjög af öltollinum, því eftir heimildum, sem ég hef fengið, þá hefur sala ölsins verið minni en ráð var fyrir gert í upphafi. Salan mun hafa byrjað í kringum 16. janúar síðastl., og skýrslan nær til 10. maí. Á þeim tíma seldust 122480 flöskur, líklega hálfflöskur. Tekjur ríkissjóðs af þeirri sölu nema 9286 kr. Þetta jafnar sig í að vera á dag 1055 flöskur og 80 kr. fyrir ríkissjóð. Á ári með sömu sölu mundi ríkissjóður fá í tekjur af ölinu kringum 30 þús. kr., og nú á tímum er ekki litið stórum augum á jafnlágan toll. Nú er það að segja, að þótt ölið sé aðeins ætlað fyrir útlendinga, þá er þó hætta á, að ölið renni úr sínum rétta farvegi og til Íslendinga, en hvað sem því líður, þá er meiri hl. n. þess fullviss, að þegar brezka setuliðið hverfur burtu héðan, þá verður reynt að halda í þessa ölbruggun fyrir landsmenn sjálfa.

Ýmsir af valdamönnum þjóðfélagsins hafa lagt mikið kapp á, að slík áfengisbruggun yrði leyfð. Fram að þessu hefur víst ekki fengizt meiri hl. fyrir þessu á þingi, og því er nú gripið þetta kærkomna tækifæri til að koma á ölbruggi, með þá von í brjósti, að það verði aldrei lagt niður aftur.

Frá sjónarmiði okkar bindindismanna á alls ekki að leyfa ölbrugg hér á landi. Ástæður fyrir því eru margar, meðal annars sú, sem drepið er á í nál. okkar, að öldrykkja er fyrsta skrefið til þess að venja menn á vínnautn, og við þykjumst hafa átt að búa við ömurlega reynslu af vínnautninni hér á landi, svo að hið opinbera hefur jafnvel verið til neytt að reyna að draga úr henni, t. d. með skömmtunarkerfinu, sem átti eingöngu að vera til þess að draga úr vínnautninni, fyrirbyggja launsölu og útiloka setuliðið frá því að eiga greiðan aðgang að vínútsölum landsins, en það hafði borið sorglegan árangur, eins og kunnugt er. Hið opinbera hefur haft fleiri varnir í frammi. Hefur t. d. verið nokkuð rætt um, að reisa þurfi drykkjumannahæli, sem kosta mundi mikið fé, og er það afleiðing þess, að mikill hluti þeirra manna, er víns neyta, kann ekki með það að fara. Og svo er nú farið inn á þá braut að leyfa bruggun á sterku öli, sem er drykkur handa fátækum sem ríkum. Það er leiðin til að koma þeim, sem létta pyngju hafa, til að kaupa flösku og flösku af öli. Með því er verið að leiða þjóðina út á þá braut að hafa vín með höndum meira en verið hefur.

Reynsla annarra þjóða er sú, að ölnautn sé fyrsta stig vínnautnar. Meðal annars af þeirri ástæðu teljum við, að ekki ætti að leyfa ölbrugg í okkar landi. Okkar land var einu sinni bannland, og ef til vill er það ekki svo langt framundan, að það verði bannland á ný, þó að ég spái engu um það, en það væri þá illa farið, ef áður væri búið að lögleiða hér bruggun á allsterkum áfengisvökva. Meðal annars af þessum ástæðum teljum við, að fella eigi þetta frv., þó að það sé stjfrv. Ríkissjóður missir mjög lítils í, og það eina, sem gerðist, væri það, að brezka setuliðið mundi flytja inn öl handa sér. Ég hygg, að þeir flytji yfirleitt inn það, sem þeir þurfa, og að þeir lifi ekki á okkar framleiðslu nema að litlu leyti.

Þess má geta, að mér er ekki grunlaust um, að þessi bruggun á sterku öli hafi orðið til að draga úr neyzlu á veikara ölinu, sem öllum er heimilt að drekka, og ef svo er, sé ég ekki, hvað er unnið með þessu. Annað atriði athugavert er það, að öltollurinn er nú 7 aurar á flösku, og á víst að láta hann gilda einnig um sterkara ölið. Nú væri ekki óeðlilegt, þar sem sterka ölið á að vera handa gestum vorum, að tollurinn væri hærri á því í hlutfalli við styrkleikann, en með 7 aura tollinum eru tekjur ríkissjóðs af þessu mjög litlar. Þó að ég tali hér um tekjur ríkissjóðs í þessu sambandi, erum við þó algerlega andvígir því, að ríkið afli sér tekna á fávizku og vesaldómi manna, en það er gert með þessu. Vissir menn verða á þennan hátt byrði þjóðfélagsins, og margar fjölskyldur hafa komizt á vonarvöl vegna vínnautnarinnar. Því erum við „principielt“ á móti því, að ríkið afli sér tekna af vínsölu.

Mér blandast ekki hugur um það, að löng ræðuhöld munu vera til lítils. Ég hef það á tilfinningunni, að þessu frv. sé ætlað líf og nóg þingfylgi sé fyrir því, og ég þykist vita, að hvorki ég né aðrir geti snúið þessum hv. þm. En sagan mun á sínum tíma dæma um þetta verk sem önnur. Ég efast ekki um, að við Íslendingar erum ein af þeim fáu þjóðum í heiminum, sem gætum sýnt þann menningarvott að brugga ekki áfengi og neyta þess ekki. Flest það, sem við bindindismenn sögðum, þegar áfengisl. var breytt, hefur rætzt. Þá sagði hæstv. forsrh., að íþróttahreyfingin mundi lækna þetta, ungir menn, sem efldu þor sitt úti við og uppi um fjöll og firnindi, mundu ekki neyta víns, en hann hefur ekki reynzt forspár, því að unglingar hafa mjög gerzt til þess að neyta víns, og áfengisflóðið hefur aukizt, þó að áfengisverzluninni sé lokað nú um stund, vegna þess að vínandi fæst ekki frá útlöndum.

Ég skal láta máli mínu lokið. Ég skil afstöðu minni hl. Hún er gagnstæð afstöðu okkar meiri hl. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég svari aftur, nema eitthvað nýtt komi fram, því að ég býst ekki við því, að fram verði borin rök, sem kollvarpi þeim rökum, sem við berum fram í nafni bindindismanna í landinu.

***Frsm. minni hl. (Magnús Gíslason):** Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, hefur n. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, aðallega vegna þess, að ég leit á þetta sem fjárhagsmál ríkisins, en hv. meðnm. minir vildu líta á það sem bannmál eða bindindis. Litur út fyrir, að þeir hafi þá skoðun, að þótt ölið verði eingöngu selt setuliðinu fyrst um sinn, þá muni fara svo, að það verði síðar selt landsbúum yfirleitt. En í frv. er ekkert, sem réttlæti þessa skoðun. Ég man ekki til, að hér hafi nokkurn tíma komið fram till. um, að leyft yrði að framleiða öl handa landsbúum. Það er alkunnugt, að hér er hægt að framleiða öl, er ekki stæði að baki því, sem framleitt er hjá þjóðum, sem lengra eru komnar í þessu efni en við. En ekkert hefur komið fram, sem sýni, að halda eigi áfram og framleiða ölið handa öllum landslýð. Þetta er hliðstætt því, að öl væri framleitt til útflutnings. Það væri engin frágangssök, ef menn vildu ekki neyta ölsins í landinu, að það væri framleitt til útflutnings í því skyni að afla ríkinu tekna.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ríkið hefði litlar tekjur haft af þessu hingað til. Það er rétt, en ástæðan er sú, að ekki hefur fengizt innflutningur á efni til ölbruggsins, svo að hægt væri að fullnægja eftirspurn setuliðsins. En þó að tekjurnar hafi ekki enn orðið nema 30 þús. kr., er það fundinn peningur fyrir ríkissjóð.

Hv. frsm. meiri hl. vildi láta skína í, að ekki væri víst nema nokkur hluti ölsins rynni ekki í réttan farveg. En ég held, að hann hafi ekkert fyrir sér í þessu. Ríkisstj. hefur sett ströng ákvæði um þetta, enda er framleiðslan ekki meiri en svo, að hún fullnægir ekki einu sinni þörf Breta sjálfra.

Hér togast í rauninni á tvö sjónarmið. Annað er sjónarmið bannmanna, sem vilja ekki, að nokkurt áfengi sé selt í landinu, en hitt er sjónarmið þeirra, sem vilja fá tekjur af ölsölunni. Það er rétt, að tollur af þessu öli er hinn sami og af óáfenga ölinu, en ríkið getur hækkað tollinn á sterkara ölinu, ef því sýnist, og eru þess dæmi frá öðrum löndum, að tollurinn fari eftir styrkleika ölsins.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þetta mál stendur ekki í sambandi við það, hvernig á að vinna á móti áfengisnautn á Íslandi, og því er ekki rétt að ræða um þau efni í sambandi við þetta mál. Þjóðin skar úr um það á sínum tíma við almenna atkvgr., hvað henni hafði fundizt um reynsluna af bannl., og fer ég ekki lengra út í það mál. Það liggur ekki heldur fyrir að ræða um framleiðslu áfengs öls til sölu á íslenzkum markaði. Raddir um það, að þetta öl hafi verið selt að nokkru til Íslendinga, held ég, að hafi ekki við rök að styðjast. Spurningin er því þessi: Átti ríkisstj. að leyfa þetta ölbrugg, eftir þeim ástæðum, sem fyrir hendi voru?

Það bar talsvert á því, að brezku hermennirnir drykkju úr hófi hér áður. Var það mjög áberandi á götum úti, og hlutust oft vandræði af og lá við slysum. Við í ríkisstj. ræddum við þá um það, að okkur þætti ekki fara vel á þessu. Þeir svöruðu, að meðan hér fengjust sterkir drykkir, eins og „svarti dauði", sem seldir væru í bifreiðum og hægt væri að fá í áfengisverzluninni, hlyti þetta að verða svo, því að hermennirnir þyldu þessa drykki illa og kynnu ekki með þá að fara, enda væri ölvun af þessum drykkjum öðruvísi en af því áfengi, sem þeir væru vanir. Eins og kunnugir menn vita, eru áhrif af áfengi ólík, eftir því, hver tegundin er. Og áhrifin af áðurnefndum drykkjum eru svo, að menn komast í æst skap og verða örðugir viðfangs. Var því tekin upp áfengisskömmtunin, til þess að hermennirnir fengju ekki tækifæri til að ná í þetta áfengi. Hefur það valdið mikilli breytingu til bóta á framkomu hermannanna. — Hins vegar bentu þeir á það, að Bretar væru tiltölulega mesta ölneyzluþjóð veraldar og vanir ölinu frá æsku, og ef hermennirnir fengju ekki öl daglega, eins og heima fyrir, teldu þeir ekki viðurværi sitt sæmilegt. Því væri ekki annað fyrir þá að gera en flytja inn öl, án þess náttúrlega að greiða af því toll, eða að taka upp framleiðslu á því hér á landi. En ölið kváðust þeir verða að fá, og töldu þeir það óviðfelldið af íslenzku stj., ef hún neitaði um leyfi til að búa til öl hér á landi og neyddi þá til að flytja hingað vatn á flöskum í stað þess að flytja hingað aðeins annað nauðsynlegt efni og búa til ölið hér. Ef stj. hefði ekki leyft framleiðslu ölsins, mundu þeir því hafa flutt það hingað frá Englandi eða bruggað það sjálfir á Íslandi, og ríkið hefði tapað miklu fé. Því ákvað stj. með bráðabirgðal., að brugga mætti hér öl handa setuliðinu, en það er alveg eins og ef ölið væri framleitt hér til útflutnings. Ég sé ekki, hvað tapazt hefur, ef það hefur legið fyrir, að ölið væri annars flutt inn tollfrjálst eða framleitt hér tollfrjálst. Munurinn er sá, að ríkið fær í öðru tilfellinu peninga, en

í hinu enga. Ríkisstj. varð því sammála um að taka tilboði Breta og leyfa framleiðslu á öli handa þeim hér, í stað þess að neyða þá til að nota skipakost sinn til að flytja inn vatn á flöskum.

Með þessu er ekkert skarð brotið í þær varnir, sem uppi hefur verið haldið. En það er vitað mál og augljóst öllum, sem þekkja nokkuð til áfengisneyzlu, að ölið er meinlausast þeirra drykkja, og svo er talið alls staðar nema á Íslandi. Ölneyzlan er miklu eldri með forfeðrum okkar en víndrykkjan, sem kom fyrst fyrir alvöru fyrir fáum öldum, en það er ekki fyrr en með sterku vínunum, sem ofdrykkja verður þjóðarböl. Menn, sem haft hafa hér löggæzlu, vita, að tiltölulega mjög lítið af sterkustu vínunum er drukkið óblandað, heldur blandað saman við óáfengt öl, gosdrykki eða ávaxtasafa eða þá vatn, svo að drykkurinn verður áfengi að 6—7% og ekki beizkur til muna, svo að kvenfólk og unglingar fælist hann engan veginn meir en öl. Einna algengast er „gin", drukkið í ávaxtasafa. Það er einhver eitraðasti drykkur, sem hægt er að fá. Hvarvetna nema hér mundi þykja fjarstæða að leyfa að flytja inn „gin" og kenna að drekka það í ginnandi og sakleysislegum ávaxtasafa, en banna ölneyzlu, með þeirri einu röksemd að kalla, að ölið kenni mönnum að drekka. Hér má flytja inn ótakmarkað whisky og aðrar sterkar víntegundir og eitruðustu, en ölið á nú að vera aðalhættan. Það er ómögulegt að hlusta á svona staðhæfingar. Málið er svo einfalt, að langar umr. ætti ekki að þurfa. Hér er ekki um það að ræða að vernda brezka herinn hér fyrir öldrykkjunni, sem Íslendingar telja hættulegasta, en yfirstjórn hans skaðlausasta allrar áfengisneyzlu. Hvort sem við viljum eða ekki, fær herinn sitt öl, og viðleitni okkar yrði fyrir gýg. Hér er ekki um það að ræða, hvort bannlög vor eigi að þoka eða ekki fyrir óskum hersins um ölið, því að þeir flytja inn ölið, tollfrjálst, eða brugga það sjálfir, ef þeir þykjast þurfa. Hér er aðeins um það að ræða, hvort við eigum að hirða toll af ölframleiðslu í ríkissjóð eða hirða hann ekki.

Á síðastl. vetri tókst ekki að fá nema svo lítið efni til ölgerðarinnar, að tekjur ríkissjóðs af henni hafa ekki orðið nema 10—20 þús., líklega nær 20 þús. kr. Þó að þær yrðu aðeins nokkrir tugir þúsunda yfir árið, þætti mér ekki ástæða til að neita þeim viðtöku. En ég hygg, að þær tekjur yrðu 200 eða a. m. k. hátt á annað hundrað þús. kr. á ári, ef fullnægt væri eftirspurn hersins eftir ölinu. Ríkisstj. taldi sig ekki hafa neina heimild til að kasta því fé ríkissjóðs frá sér til þess að fá því einu framgengt, að lög vor yrðu brotin. Heldur kaus hún að gefa út bráðabirgðal. um undanþágu til ölframleiðslu, sem stuðlar á engan hátt að drykkjuskap Íslendinga, heldur eingöngu að hættulausri áfengisneyzlu erlends hers.

*Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Það var fátt, sem ég þarf að svara í ræðu hv. frsm. minni hl. Hann tæpti á nokkrum ummælum mínum og taldi, að engar sannanir lægju fyrir um, að innlendir menn hefðu smakkað á réttunum hjá þeim brezku. Ég veit nóg dæmin, allt of margir menn hafa sagt mér frá því persónulega, að þeir hafi drukkið ölið og vita vel, hvernig það er á bragðið. Hann talaði um nokkurt fundið fé, en ég lýsti yfir, að það fundna fé mætti liggja kyrrt í jörð, þar sem það er grafið. Hæstv. forsrh. talaði af persónulegri tilfinningu í málinu, og það kom fram, sem ég vissi raunar áður, að hann er einn hinn sterkasti formælandi þess að leyfa bruggun áfengs öls handa innlendum mönnum, og liggur það að baki samúð hans með þessari ölbruggun. Það sannast nú þegar ótti okkar í meiri hl. n., að bruggunin á sterku öli yrði ekki lögð niður síðar. Það er rétt, að frv. gefur ekki ástæðu til þess ótta, en þessi ræða hefur aukið tilefni til hans.

Það hefur verið talað um, að of lítið væri af skipum til að flytja að hinn enska guðadrykk þeirra, áfenga ölið, svo að við værum siðferðilega skyldugir til að bæta úr. Þetta er ekki með öllu rétt um skiprúmið. Oft hafa, a. m. k. síðastl. sumar, komið hingað hálftóm skip frá Bretlandi. Auk þess hefur verið flutt inn öl, því að þessi nýja framleiðsla hér hrökk of skammt. Ég sé ekki betur en þeir hefðu mátt flytja inn þá smáskammta líka, sem hér voru kokkaðir. Brezku hermennirnir eru úr öllum stéttum þjóðfélagsins og með ýmsar lífsskoðanir, en það þori ég að segja, að meðal alþýðumanna þar er mjög almennur bindindisvilji og vafalaust óskir um, að við gerum ekkert til að auka áfengisneyzlu hersins, ekki sízt þar sem mjög er margt unglinga í setuliðinu, sem læra mundu að drekka á þessu öli. Er það rangt eða óhyggilegt að mæta fremur óskum þessara manna, sem auk þess sýna bezta framkomuna í okkar garð, en hinna, sem opna vilja hér nýja flóðgátt til að svala áfengisþorsta sínum og vekja hann í öðrum? Hæstv. ráðh. skýrði frá þeirri hættu, sem virtist af því stafa að leyfa hermönnum aðgang að vínbúðum okkar, en gerði ekkert úr hættu af ölinu. Ég hef reynslu fyrir því frá yngri árum. Ég gat drukkið mig ölvaðan af öli. Ráðh. taldi ölið einu leiðina til að koma í veg fyrir ölvun hinna erlendu hermanna og árekstra, sem af henni geta leitt. Verði honum að von sinni, en önnur hefur reynsla okkar Íslendinga verið af svo sterkum drykk sem „stríðsöl" getur orðið. — Við vitum ekki einu sinni, ef atkvæðagreiðsla færi fram meðal ensku hermannanna, nema þeir yrðu fleiri þar, sem vildu ekki leyfa þetta öl, heldur láta sér lynda hið indæla vatn okkar, sem ég veit þeir lofa og prísa, við þeim þorsta, sem á suma þeirra kynni að sækja þrátt fyrir okkar svala, tæra loft. Hinir, sem heimta áfengið, fá það og það án tolls, segir ráðh. Rétt mun það. En þá er líka margt annað, þarft og óþarft, flutt inn handa hernum án þess að ísl. ríkið fái toll af, þótt háir tollar séu á þeim vörum til innlendra manna. Má nefna matvæli eins og niðursoðna ávexti eða nautnavörur eins og vindlingana, sem ætluðu að verða ríkisstj. mest hneykslunarhellan, vegna þess hve mikið af þeim laumaðist í vasa Íslendinga um skeið, sennilega við vægu verði. Nú er verið að efna til hins sama með sterka ölið, og ráðh. lætur fyrirfram í ljós áhuga sinn fyrir því, að landsmenn fái

síðar meir löghelgað leyfi til að neyta þessa öls. Má nærri geta, hve vonin og fyrirheitið um löghelgunina torvelda mótstöðu gegn lagabrotum í þessu efni nú á næstunni, og má vera, að frá sjónarmiði nokkurra formælenda áfengis hér á landi þyki það vel farið, en auðvitað er það ekki hugsun hæstv. ráðh.

Ég færði rök að því áðan, að ölið væri sennilega minna skaðsamt en aðrir áfengir drykkir, sé það drukkið einsamalt, en þar sem það er tiltölulega ódýrt, er það hentugt til að læra að drekka og auk þess blandað enn sterkari drykkjum, til þess að þeir renni betur niður og menn vari sig ekki á, fyrr en þeir eru ofurölvi. Ofdrykkjan er því langtíðast meira og minna af öldrykkju sprottin. (**BSt:** Ekki var það nú í gamla daga.) Ég man vel eftir því, að gamli Carlsberg var vel kunnur hér og mikið drukkinn, og menn byrjuðu á honum. (**ÞÞ:** Margir á brennivíninu). Það þurfti ekki alltaf brennivín til að fylla uppvaxandi æskumenn, „því gamli, gamli Carlsberg þeim gerði beztu skil", eins og kveðið var. Þá var ölið gert landrækt með víninu á sínum tíma. Nú á það að vera sönnun fyrir skaðleysi ölsins, að drykkjumenn vilja blanda það sterkari drykkjum, svo að það hrífi betur. Ég held við vitum, að vínhneigðir menn taka „kogarann", brennslusprittið, þegar annað þrýtur, — engin takmörk fyrir því, hvað þeir geta látið í sig. Hinir hófsamari fara gætilegar. En fíkn sumra manna í sterka áfengið bætir ekkert málstað ölsins, það er jafnskaðlegt fyrir því. Mér skildist á hæstv. ráðh. (HermJ), að með reynslu frá lögreglustjórn sinni hér í bæ í huga teldi hann vínnautn ekki æskilega. Því síður skil ég hann, þegar hann vill stuðla að henni og telur eyðslu manna til þeirra hluta æskilegan tekjustofn fyrir ríkið. Þann tekjuauka vitum við, að það borgar margföldu verði fyrr eða síðar. Hann hélt, að tekjurnar samkv. þessu frv. yrðu einar 200 þús. kr. á ári eða upp undir það, en þó urðu þær ekki nema um 80 kr. á dag. En ríkissjóður mundi sem stendur standa jafnréttur, þótt tekjuvonin, sem hann missti, væri eins mikil og hæstv. ráðh. hélt. Í svo stóru framtíðarmáli er sú upphæð smámunir, miðað við aðrar upphæðir, sem við reiknum nú með, og auk þess a. n. l. sýnd veiði en ekki gefin, þótt færð hafi verið í ísl. krónur að nafni til.

Ég held ég hafi svarað öllum aðalatriðum í ræðu hæstv. ráðh. Sú lífsskoðun, að vínnautn spilli mönnum og mannfélagi, og auðmagn, sem í áfengisframleiðslu er bundið, leiði til ófarnaðar í okkar þjóðfélagi sem víðar, getur ekki haggazt af stundarástæðum, slíkum sem hann bar fram. Verði frv. samþ., mun reynslan því miður skera átakanlega úr því, hvorir hafa réttara fyrir sér. Ég legg til, að málið verði fellt og þar með úr sögunni.

***Jónas Jónsson:** Þetta mál er að vissu leyti nýtt hér í deildinni, en þó hygg ég það rétt hjá hv. 2. landsk. (SÁÓ), að umræður um ölið hafi verið hér á sveimi undanfarin ár. Ég lít svo á, að málið, sem hér liggur fyrir, sé ákveðinn liður í því, að teknar verði upp umr. um aðalmálið, bruggun áfengs öls í stærri stíl hér á landi. Þetta er fyrsta skrefið í þá átt. Úr því að málið kemur hér til meðferðar, álít ég rétt að líta á það frá nokkru hærra sjónarmiði. Ég er að vísu sammála hv. 2. landsk. um það, að áfengisnautn Íslendinga er afar mikið böl. Það lítur út fyrir, að þjóðin sé fram úr lagi hneigð til áfengra drykkja. Bæði kostar þetta mikið fé og veldur erfiðleikum sakir þess, hve þjóðin kann illa með vín að fara eða að hegða sér á almannafæri. Þetta sýnist hafa fylgt kynstofninum gegnum aldirnar. Skoðanir skiptast um það, hvort rétt sé að reyna að útiloka allt áfengi með valdboði og gera menn þannig fráhverfa því, er þeir ná því ekki nema með erfiðleikum og illum ráðum, eða láta sér nægja bindindisleiðina. Það var ákaflega eðlilegt, að góðtemplarar, en til þeirra mun hv. 2. landsk. teljast með heiðri og sóma, ynnu mjög á árin 1880—1908 og sæju sér, er á leið, færi á að reyna hér aðflutningsbann áfengra drykkja. Þegar þeir lögðu út á þá braut, verð ég að segja, að það var nokkuð stór hugsjón og nokkuð djörf. En til þess að átta sig á málinu verður að líta á, hvernig þetta hefur gefizt.

Bannmenn höfðu meiri hl. með sinni skoðun á Alþingi 1908. Sá maður, sem þá var ráðherra, hafði það mikla trú á þessu, að hann tók bannmálið fram yfir stjórnarskrármálið, sem þó hafði þá verið kosið um til Alþingis. En þótt bannmenn hefðu meiri hl. við kosningarnar, kom það fram, að áfengið hafði svo sterk ítök í þjóðinni, að þeir gátu ekki hindrað, að framkvæmd l. yrði spillt. Eftir nokkra stund knúði læknastéttin það fram, að hún mætti nota alls konar vín í lækningaskyni, nema e. t. v. öl. Nokkur hluti þeirrar stéttar hélt ásamt þeim, er áttu birgðir frá fyrri árum, uppi möguleikum til þess, að Íslendingar gætu fullnægt þessari sterku löngun sinni. Of stór hluti þjóðarinnar vildi ná í áfengið, þar á meðal margt embættismannanna. Bandaríkjamaður, sem hér kom, lét svo um mælt, að ómögulegt væri að láta bann haldast í landi, þar sem embættismennirnir væru á móti því. Þá kom að því, að Spánverjar settu hnífinn á hálsinn á Íslendingum og sögðu: Annaðhvort verðið þið að kaupa af okkur vín eða við hættum að kaupa af ykkur fisk. En það gerðist ekki annað en það, sem mundi hafa gerzt af sjálfu sér eftir nokkur ár. Þetta tók samt steininn úr. Og það var drukkið í landinu fyrir millj. króna. Síðan hafa verið gerðar eindregnar og ákveðnar tilraunir í þá átt að útrýma vínnautninni, en það hefur ekki reynzt unnt að gera það. Þegar tók fyrir læknabrennivínið og skipabrennivínið, kom bruggið til greina. Það, sem gerðist með hinni almennu atkvgr., var afleiðing af þessu. Bannmenn höfðu í raun og veru beðið ósigur. Meiri hluti þjóðarinnar vildi hafa áfengið, bruggið þróaðist úti um allt land, jafnvel í fjósum landsmanna var bruggað. Þá var það ráð tekið að leyfa alla sterka drykki, og eina vígið, sem skilið var eftir, var ölið. Nú hefur með stjórnarboði verið hallazt að því að leyfa tilbúning öls á takmarkaðan markað, sem raunar liggur fyrir utan hið íslenzka þjóðfélag.

Ég held ekki, að hv. 2. landsk. hafi gert sér

það ljóst, að eftir þá reynslu, sem fengin er í áfengismálunum, er sú gamla skoðun dauðadæmd, að hægt sé að ráða við vínnautnina með lagaboðum. Það verður að gera með andlegum meðulum. Stefna hv. meiri hl. í þessu máli er vitanlega sprottin af góðum hvötum. En hv. meiri hl. getur verið viss um, að úr því að hér er drukkið á hverju ári fyrir 3 millj. kr. af öllum mögulegum tegundum, er ekki til neins að ætla að stöðva eina lindina með lagaboði, — þá einu, sem er hægt að framleiða hér.

Ég vil beina því til hv. 2. landsk., hvort honum er ekki kunnugt um, að áhrifamenn í hans flokki hafa starfað að því árum saman af einlægni, að hér yrði komið upp stórfelldri framleiðslu á öli, með það fyrir augum, að þetta yrði mikilsverð atvinnugrein fyrir Íslendinga. Ég ætla um leið að fara nokkrum orðum um það mál, því að það er stærra en málið, sem fyrir liggur. Ýmsir áhrifamenn hafa verið á verði um það undanfarin missiri, hvort ekki ætti að reyna að koma hér á nýjum iðnaði, ölgerð, og skapa fyrir hann markað erlendis. Út af þessu hafa verið gerðar rannsóknir á drykkjarvatni í Reykjavík, en það er bezta drykkjarvatn í veröldinni eftir því, sem margir halda fram. Því er ástæða til að ætla, að ölið yrði betri vara hér en ölið úr hinu hversdagslega vatni í Danmörku. Það væri vel hægt að hugsa sér, að bæði væri þetta stjfrv. samþ. og að hér yrði komið á stórfelldri framleiðslu til útflutnings, enda þótt ölbann væri í landinu sjálfu. Ef um mikla framleiðslu væri að ræða, t. d. eitthvað að tiltölu við Carlsberg í Danmörku, mundi það hafa litla þýðingu, þó að selt væri hér það, sem þjóðin kynni að vilja kaupa. Mér finnst, að hv. 2. landsk. gæti vel út frá sinni lífsskoðun sætt sig við, að bruggað væri öl handa setuliðinu og til útflutnings. Ég get ekki skilið annað en að einmitt hann, sem er fulltrúi fyrir verkamenn, mundi gjarnan vilja þá aukningu á atvinnu í landinu, sem af slíkum iðnaði mundi leiða.

Ég hef ekki mikla reynslu af öli sjálfur og finnst það eiginlega hvorki gott né vont. En ég man eftir, að erlendis hef ég rekizt á bjór frá Tékkóslóvakíu, sem mikið var flutt út af. Sá bjór bar það með sér, hvað vatnið í honum var hreint og loftkent, og hann var fyrirtaksvara. Tékkóslóvakía hefur haft miklar tekjur af þessu öli og það hefur þótt bera af öðru öli.

Það er undarlegt, þar sem hv. 2. landsk. er ljóst, að Bretar mundu fá öl frá Englandi, ef þeir fengju það ekki hér, að hann skuli taka þessa afstöðu. Ekki getum við hindrað menn í stóru löndunum í að drekka öl. Spursmálið er, hvort við viljum hafa atvinnu af því hér á landi. Merkir menn í flokki hv. þm. hafa verið þeirrar skoðunar, að þetta væri æskilegt frá atvinnusjónarmiði. Þess vegna kemur mér það á óvart, að bæði hv. 2. landsk. og flokksbróðir hans í Nd. skuli vera á móti þessu frv.

Sú þraut, sem þarf að leysa í þessu sambandi, er uppeldislegs eðlis. Sú uppástunga, sem gerð var í einni n. hér á þ., að láta góðtemplara fá 50 þús. kr. sem gjöf í byggingarsjóð sinn, ber vott um skynsamlega íhugun. Á þá leið væri skynsamlegt að taka upp baráttuna þar, sem góðtemplarar byrjuðu hana 1880. Ég býst við, að þeir af borgurum landsins, sem sjá, að ekki er hægt að ráða við áfengisflóðið með lagaboðum, en að hins vegar þarf að lækna skaðann af því, áliti, að efla beri góðtemplararegluna til að koma sér upp góðum húsakosti á ágætum stað, þar sem salarkynni væru á þann veg, að þar gætu farið fram góðar og hollar skemmtanir og fræðslustarfsemi. Þar er sú rétta leið. Við verðum að viðurkenna, að bannleiðin hefur tapað hér á landi.

Ég vil óska eftir því að fá hjá aðalfrsm. meiri hl. upplýsingar um, hvort hann gæti ekki gengið inn á þann málstað, sem hæstv. forsrh. reifaði hér: að hafa allar tegundir til sölu, en hefja svo jafnframt kröftuga uppeldislega baráttu í þá átt, að vínnautn sé ekki úr hófi fram.

*__Bjarni Snæbjörnsson:__ Þeir, sem hafa haldið því fram, að samþ. beri frv. þetta, hafa samt allir látið þá skoðun í ljós, að drykkjuskapur sé hér svo mikill, að full ástæða sé til að ugga um fjárhagslega og heilbrigðislega afkomu þjóðarinnar. En þá skil ég ekki vel þeirra hugsanagang, þar sem þeir vilja gera það, sem hægt er, til að stemma stigu fyrir drykkjuskap í landinu, en samt hafa fleiri tegundir áfengis á boðstólum en áður. Það hefur komið skýrt fram í umr. hér, að ekki er ætlazt til, að ölbruggið hætti, þó að setuliðið hverfi héðan, heldur á ölið að vera handa Íslendingum, þegar fram í sækir.

Ég skil ekki röksemdafærslu þeirra, sem vilja samþ. frv., nema ef þeir væru þeirrar skoðunar, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að það eigi að stefna að því, að allir Íslendingar verði svo ósjálfbjarga af vínnautn, að brýna nauðsyn beri til að stemma stigu fyrir henni, þegar út í öngþveiti er komið. Ég veit, að hv. þm. finnur, ef hann athugar málið, að sú reynsla yrði of dýrkeypt.

Það er ekki vafamál, að öldrykkja er undir flestum kringumstæðum byrjun til víndrykkju, en þar sem bæði hæstv. forseti og hv. þm. S.-Þ. eru á þeirri skoðun, að víndrykkja sé löstur, skil ég ekki þeirra afstöðu.

Ég vann hér í eyrarvinnu, þegar ég var innan við fermingu. Þá var öldrykkja hér mikil bæði meðal verkamanna og annarra. Þá voru hér unglingar, sem byrjuðu á bjórdrykkju, og margir þeirra urðu síðan ræflar, rónar, eins og það er kallað nú. Öldrykkjan var fyrsta sporið á þeirra óheillabraut. Íslendingar eru öðruvísi en aðrar þjóðir „mentalt“ séð í þessum efnum. Þeir kæra sig ekki um upplyfting. Þeir vilja verða drukknir.

Þrátt fyrir það, þó að leyft sé að verzla með sterka drykki hér, kinokar ríkisstj. sér við að leyfa að selja landsbúum öl, af því að hún veit, að það fæst ekki samþykkt fyrir því á Alþingi, og þjóðin vill það ekki heldur.

Eftir atkvgr. í Nd., þar sem samþykkt hafðizt með eins atkv. mun bæði við 2. og 3. umr., sést, að ef um hefði verið að ræða að leyfa ölbruggun fyrir landsmenn sjálfa, hefði það verið fellt. Af hverju á líka að þrengja slíku upp á þjóðina, þegar allir eru sammála um, að drykkjuskapur hér er miklu meiri en góðu hófi gegnir?

Þá kem ég að atriði, sem hæstv. forsrh. gat um, að ef ríkisstj. hefði ekki hafizt handa, hefðu Englendingar flutt inn öl. Það virðist sem ríkisstj. hafi verið sannfærð um, að ölið væri ekki heppilegt fyrir Íslendinga, annars hefði hún gefið það frjálst. Þar sem hún hefur þessa skoðun, er það siðferðileg skylda hennar að sporna við því, að ölbrugg sé yfirleitt leyft hér. Ef Bretinn hefði heimtað það, þá hefði hann brotið landslög. Þeir um það. Það var siðferðilega miklu réttara að láta útlendinga knýja þetta fram með lögbroti en að ríkisstj. sé að hjálpa þeim til að brjóta l. á móti vilja mikils hluta þingsins. Það er svo hæpið, að ég efa, að ríkisstj. sé ánægð yfir þeim Pyrrhusarsigri. Og þegar við bætist, að þetta á að réttlæta með því, að nokkrar þúsundir komi í ríkissjóð fyrir að brugga það, sem er Íslendingum skaðlegt, má hún vel sætta sig við, að málið gangi ekki fram.

Það má vel vera, að aftur komi fram einhver krafa frá brezka setuliðinu og því þyki henta að fá hér eitthvað, sem útheimtir lagabreyt., það bjóðist til að borga nokkur þúsund í ríkissjóð fyrir lagabreyt., og þá eigum við að vera boðnir og búnir til að gera þetta. Við gerum margt, sem er siðferðilega rangt, en það bætir ekki úr skák að sama sem bjóðast til að gera það fyrir peninga, fyrir ofurlitinn gróða. Þá mundi reynslan sanna okkur fljótlega, að það er hættuleg braut.

Í aðra röndina viðurkenna menn, að þetta sé skaðlegt, drykkjufýsn Íslendinga sé svo mikil, að það verði að stemma stigu fyrir aukningu hennar. En í öðru orðinu segja sömu menn, að það verði að fullnægja henni og virðast taka fegins hendi við tilmælum brezka setuliðsins, ef það gæti leitt til þess, að þorstanum í sterka ölið yrði að fullu svalað innan skamms, og verðlaunin fyrir að brjóta þessar varnir okkar niður eiga að verða fáeinir aurar frá Bretum í ríkissjóð. En þá er metnaður Íslendingsins orðinn lágur, ef hann lýtur að þessu.

Ég ætla ekki að gera orð mín fleiri. Ég á bágt með að skilja, að í þessari deild fáist meiri hl. til að hjálpa ríkisstj. til að vinna þennan Pyrrhusarsigur, heldur verði deildin til þess að forða henni frá því í framtíðinni að hafa borið þetta mál fram gegn vilja hálfs þingsins, — til einskis sjáanlegs gagns nema brjóta niður lögin og auka á verðbólguna í landinu.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Mér virtist ræða hv. þm. Hafnf. (BSn) byggð að sumu leyti á misskilningi og verð að svara nokkrum atriðum. Samkv. frv. er ekki verið að framleiða öl fyrir íslenzkan markað, svo að hér er ekki um ölhneigð Íslendinga að ræða. Engu að síður er rétt að minna þessa sérfræðinga í öldrykkju á það, hvernig stendur á því, að aðrar þjóðir, sem hafa áfengi um hönd, hafa ekki þessa sérstöku íslenzku hræðslu við ölið. Eða hvar er það nema hér, að leyft sé að drekka gin og whisky og alla hina sterkustu drykki, en öl bannað? Eins og ég benti á í framsöguræðu, hefur aðferð Íslendinga við vinneyzlu gerbreytzt á síðari árum. Hv. þm. Hafnf. talaði um, hve mikið hefði verið drukkið hér við höfnina. Það er rétt, að menn drukku bæði öl og sterkt áfengi óblandað, og unglingum þótt vínið beizkt, þar sem það var skenkt á staupin við búðarborðið. Nú þegar sterku drykkjunum er hellt út í sítrón og ávaxtasafa eða vatn, er ekkert sem torveldar kvenfólki og unglingum neyzlu þeirra. (IngP: Er „svartidauði" drukkinn blandaður?). Það er engin fullyrðing út í loftið, að 14, 16—18 ára unglingar og kvenfólk komast strax upp á það að drekka hvaða sterkan drykk sem er, einnig „svartadauða", með ýmsum blöndunaraðferðum. Þess vegna er hitt rangt, að með ölneyzlu einni komist menn heldur á lagið að drekka. Þessari höfuðröksemd andmælenda frv. álít ég, að hiklaust beri að mótmæla, eins og venjur eru breyttar.

Það hefur komið hér fram, að ríkisstj. hafi ekki viljað koma fram með frv. um öl fyrir íslenzkan markað, af því að hún viti, að meiri hl. þingsins sé móti því. Stj. veit, að þetta er deilumál, og hún er ekki á einu máli um það. Hún sér enga ástæðu til að koma fram með slíkt frv. á þessum tíma. En þegar hv. þm. Hafnf. (BSn) staðhæfir, að meiri hl. þjóðarinnar hafi lýst sig fylgjandi banni á öli, er það tilhæfulaust, og ég leyfi mér að fullyrða, að líkur séu fyrir hinu gagnstæða, að meiri hl. þjóðar mundi fylgja því við atkvgr. að leyfa öl, fyrst sterkt áfengi hefur verið leyft. Ég held, að skoðun sumra hv. þm. í þessu efni sé óþörf kosningahræðsla. Mér hefur aldrei dottið í hug að segja annað hér á Alþingi né á kjósendafundum en að ég tel ekki nokkra ástæðu til að banna öl, eftir að sterkir drykkir eru leyfðir. Þetta hef ég m. a. oft látið í ljós í Strandasýslu, og þótt þar sé lítið drukkið, eins og yfirleitt á Vestfjörðum, hef ég aldrei vitað, að þetta reytti af mér fylgi, fremur hið gagnstæða. Ríkisstj. taldi ekki eðlilegt að hreyfa málinu nú. En það sat ekki á okkur, sem höfum leyft hið sterka áfengi, að gerast forsjá fyrir brezka hernum og reyna eftir getu að fyrirmuna honum að ná í hið hættulausa öl. Og mér er spurn, hvar í veröldinni sá her muni finnast, sem lætur sér lynda að hafa ekki öl. Ég býst sízt fremur við því um andstæðinga brezka hersins í þessari styrjöld. Þeir þiggja ölið, ef ég þekki þá rétt. Herstjórnir eru þeirrar skoðunar, að öldrykkja sé langsamlega skaðlausasta áfengisneyzlan, sem um er að velja, en reyna hins vegar að halda hermönnum frá hinum sterku drykkjum.

Hér er ekki farið fram á neitt, nema að ölgerðin fari hér fram á þann hátt, að tollur renni af til ríkisins. Spurningin er aðeins þessi: Eigum við að taka við tolli af þessari framleiðslu fyrir brezka herinn eða ekki? Ölið fá þeir hvort sem er. Deildin ræður, ef hún vill fella frv., en það þýddi ekki nokkurn skapaðan hlut nema afsal á tekjum.

*Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Áður en ég svara hv. þm. S.-Þ. (JJ), vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort í ráði sé að verja tekjunum, sem fást kunni af ölinu, í ákveðnu augnamiði. (Forsrh.: Það hefur verið talað um það, en ekki ákveðið.) Mér skilst, að talað hafi verið um að reisa fyrir það fé alldýra

stofnun og kosta rekstur hennar. Það styður þá skoðun meiri hl. n., að ölið þurfi um ófyrirsjáanlega framtíð að fullnægja þörfum, sem óhjákvæmilegt verður að standa undir, eftir að á er komið, og verði þá ölframleiðslan að miðast við innlendan markað og raka saman peningum á sjaukinni öldrykkjufýsn þeirrar vaxandi kynslóðar, sem við á að taka. Þetta sýnir, hve viðtækt málið er og afleiðingar þess.

Hv. þm. S.-Þ. spurði, hvort mér væri ekki kunnugt um, að áhrifamenn í mínum flokki væru fylgjandi stórfelldri bruggun á öli. Mér er ekki kunnugt um þær stórfelldu áætlanir, sem hann þykist vita til, og ætti það svar að nægja honum. Enn fremur spurði hann, hvort ég, fulltrúi verkalýðsins, gæti lagzt móti aukinni framleiðslu, sem gæfi atvinnu. Ég get sagt honum það strax, að ég mundi ekki vilja stofna til atvinnuaukningar á þennan hátt. Áfengisnautn vegur þar móti atvinnunni. Og reynslan er sú í flestum löndum, að áfengisauðmagn myndast um slíka framleiðslu og er eitthvert hið spilltasta og versta viðfangs af öllum auðvaldsklíkum. Oft hefur risið barátta fyrir því að breyta ölgerðarhúsum og bruggunarstöðum í þarfari iðngreinar, en sjaldan áunnizt mikið, vegna þess, hve framleiðsla þessara hringa reynist viðast arðvænleg. Helzt hefur sú breyting tekizt í Bandaríkjunum. Yrði á þessu byrjað hér, til útflutnings eða heimanotkunar eða hvors tveggja, benda líkur til, að svipað yrði uppi á teningnum og í öðrum löndum álfunnar. Hagnaður verkalýðsins er áreiðanlega ekki í fyrirrúmi hjá þeim herrum, sem berjast fyrir ölbruggun á Íslandi.

Hv. þm. (JJ) telur sig vera bannmann, en bannið sé búið að vera á Íslandi. Enginn er spámaður í sínu föðurlandi, en ekki mun hann vita meira en aðrir um úrslit þess hildarleiks, sem yfir álfuna gengur. Veit hann, hvaða lífsstefnur kunna þá að verða ofan á, þegar farið verður að byggja hana úr rústum? — Það gætu orðið þær, sem legðu meira upp úr vörnum gegn vininu en hv. þm. gerir nú. Ósigur bruggvinanna hér í þessu máli gæti líka ýtt undir það, að Ísland yrði síðan fyrsta bannlandið að nýju.

Hæstv. forsrh. vildi bregða mér, og sennilega einnig hv. þm. Hafnf. (BSn), um kjósendahræðslu í þessu máli. Það nægir, að ég svari fyrir mig, aðrir munu svara fyrir sig. Lífsskoðun mína í málinu hef ég nú haft meiri hluta ævinnar, hvað sem liðið hefur vilja kjósendanna. Ég hef aldrei verið óákveðinn í því, þótt ég vissi, að sitt sýndist hverjum kjósenda minna. Eigi að fara eftir geðþótta þeirra, er þarna engin leið nema tvístíga á þann hátt, sem hv. þm. S.-Þ. gerir.

*Ingvar Pálmason: Ég sé mér ekki fært annað en taka til máls, því að eiginlega skil ég ekki nema helminginn af því, sem sagt er. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum að hlusta á ræðu hv. þm. S.-Þ. Eins og hans var von og vísa, byrjaði hann mjög skynsamlega á því að rifja upp sögu bindindis og banns. En þá kom það í ljós, að hann var orðinn algerlega uppgefinn á þeirri starfsemi, sem hann hafði einu sinni barizt mjög fyrir. Hann virtist orðinn alveg trúlaus á, að hægt sé að útrýma áfenginu, og held ég þó, að hann hafi haft þá trú, og það hlýtur að vera takmark hvers, sem vill ekki vera hálfur í baráttunni gegn drykkjuskapnum. Ég álít, að hver, sem hverfur frá þessu markmiði, sé í rauninni horfinn frá allri bindindisstarfsemi, sem varanleg áhrif hefur. Þannig er um takmark flestra hugsjóna. Menn verða að stefna að takmarkinu, hvort sem þeir ná því eða ekki, án takmarks er viðleitni til einskis eða verra en það. Það er um tvenns konar sjónarmið að ræða í þessu efni, annað að við viljum alls staðar vera á verði gegn aukinni áfengisneyzlu, hitt, að hvar sem við sjáum stein í götu útrýmingar áfengis, viljum við velta honum burt og ekki láta setja þar nýja steina í staðinn, því fleiri steinarnir, því meiri hætta á, að gatan verði aldrei rudd.

Okkur er það ekkert nýnæmi, þótt við heyrum sagt, að drykkjuskapur sé böl. En gallinn er sá, að það er aldrei tekið nógu hreint á málinu. Mér finnst það því einungis vera krókódílstár, sem stuðningsmenn áfengisneyzlunnar gráta yfir böli drykkjuskaparins.

Mín lífsreynsla er sú, að það sé engin leið önnur til út úr áfengisbölinu en að neyta aldrei áfengis. Þannig hef ég farið að og óska meðbræðrum mínum hins sama. Ég vil ekki sætta mig við það, að mönnum sé veitt áfengi hér á landi, íslenzkum, brezkum né frönskum né nokkurrar þjóðar, jafnvel þótt ríkissjóði gefist af því staðgóðar tekjur í bili.

Það eru mér mikil vonbrigði, að sessunautur minn (JJ), sem manna kröftugast barðist fyrir bindindi á sínum tíma, skuli nú mæla hér eindregið með bruggun áfengs öls, til sölu innan lands og útflutnings. Þessi stefna hans er gagnstæð því, sem ég tel, að hljóti að vera grundvöllur undir allri starfsemi í þjóðbætandi átt.

Við vitum, að menn fást til að verzla með allt, ef hagnaðarvonin er mikil. Við þekkjum þess dæmi, að verzlað sé með lifandi vöru, ef það gefur peninga. Við Íslendingar höfum heyrt talað um hvítt mansal. Það gefur peninga, og jafnvel þótt sé rekið í smáum stíl. — Og þótt þessi ölbruggun sé sögð í smáum stíl og aðeins fyrir útlendinga enn, þá er hugsunarhátturinn sá sami: Að vilja selja erlendum þjóðum það, sem formælendur þessa frv. telja skaðlegt og böl okkar eigin þjóð.

Það varð bannlögunum að fótakefli, að bindindismennirnir voru of umburðarlyndir og léðu um of eyru mótbárum andbanninga. Bannmenn töldu atkvgr. 1908 svo sterka, að hægt væri að setja bannlög. En það kom í ljós, sem ýmsa grunaði, að minni hl. var of sterkur, sem á móti stóð og hafði staðið. Stærsta yfirsjón margra bindindis- og bannmanna var sú, að þeir töldu öllu borgið með setningu bannlaganna og slökuðu því á bindindisfræðslunni og baráttunni yfirleitt. Árveknin minnkaði um að vera á verði um bannlögin. Læknabrennivínið flóði yfir landið og spönsku vínin komu. En bindindismenn náðu ekki síðan að hamla upp á móti áróðri hinna, sem vildu veita víninu yfir. Og þó fullyrði ég, að tíminn frá 1915 og þangað til

spönsku vínin komu, sé minnsta drykkjuskapartímabil síðan bindindisstarfsemi hófst hér á landi. Við vitum það, sem lifðum hina fyrri brennivínsöld.

Ég get ekki látið hjá líða að benda á það, að rök andbanninga hafa alltaf stangazt og engin rök verið.

1922, þegar Spánarundanþágan var á döfinni, var því haldið fram, að það væri um að gera að fá léttu vínin, þá mundi löngunin í hina sterku drykki hverfa. En sú tilslökun leiddi af sér heimabruggið, eins og hv. þm. S.-Þ. viðurkenndi.

1934 var því haldið fram, að öll bölvunin stafaði af spönsku vínunum, í skjóli þeirra hefði bruggið þróazt, því væri eina ráðið til að útrýma því að fá nú sterku vínin inn í landið.

Og svo fékkst meiri hl. fyrir því að afnema bannið. En það var dálítið einkennilegur meiri hl. Hann fékkst í Reykjavík og nágrenni hennar, þar sem áróður andbanninga var mestur. En allar hinar sýslurnar voru á móti. Allur meginhluti þjóðarinnar var þá á móti því, að áfengisflóðinu væri á ný veitt yfir landið. Sá hluti þjóðarinnar, sem ekki var orðinn gegnsýrður af hinum spillta hugsunarhætti Reykjavíkur. Og svo mun enn vera. Ég tek óhikað undir það, sem hv. þm. Hafnf. sagði, að þjóðin vill ekki sjálf leyfa tilbúning né sölu á sterku áfengu öli.

Þegar því hv. d. sker úr í afgr. þessa máls, þá er ekki allt, sem veltur á því, hvort ríkissjóður fær 30 þús. kr. í toll af því, sem Bretar drekka hér, heldur er hér um að ræða ágreinings- og stefnumál tveggja flokka, tveggja gerólíkra lífsskoðana, sem við vitum, að berjast um þessi mál hér í þjóðfélaginu.

Okkur er sagt, að ef við gefum upp bannleiðina, þá sé ekki nema rétt og sanngjarnt, að ríkissjóður leggi 50 þús. kr. af hagnaði áfengisverzlunarinnar til að ala þjóðina upp í bindindissemi. Það verður vitanlega ekki hægt án uppeldis, en það þarf meira en 50 þús. kr. eða peninga yfirleitt. Það, sem fyrst og fremst þarf, er góður og einlægur vilji meiri hlutans af leiðandi mönnum þjóðarinnar til þess að binda enda á óöld drykkjuskaparins. En það verður ekki gert meðan hið opinbera hefur megintekjur af sölu áfengis til þjóðarinnar.

Svo er nýtt atriði, sem ég hef ekki heyrt fyrr en í þessum umr., að verja eigi þessum 30 þús. kr. til líknarstarfsemi eða rannsóknarstarfsemi. Kannske drykkjumannahælis? Hvar er þá hagnaður ríkissjóðs af tolltekjunum kominn?

En svo ég snúi aftur að hinu, sem mér finnst vera hámark allra óheilinda í sambandi við áfengismálin: Fyrst eru brugguð vín og seld hverjum, sem hafa vill. En síðan er það kölluð göfug menningarstarfsemi að verja örlitlu broti af hagnaðinum til þess að stofna drykkjumannahæli fyrir nokkra af þeim aumingjum, sem orðið hafa áfengisbölinu að bráð. Þetta er þokkaleg afsökun! En það er líka til önnur leið í þessu máli. Og hún er létt og hún er fær, og hún kostar engan neitt fé, engin 50 þús. eða 100 þús. Sú leið er að fara að vilja þjóðarinnar og binda enda á áfengisausturinn. Sú leið er ein fær.

Þegar gengið verður til atkv. um þetta frv., verður um tvö sjónarmið að ræða, tvenns konar afstöðu. Öðrum megin standa þeir, sem vilja velta björgum í leið bindindisstarfsins í landinu. Þeir greiða atkv. með þessu frv. Hinum megin standa þeir, sem vilja halda vörð um bindindisstefnuna og velta hverri völu úr vegi, er á leiðinni verður. Þeir greiða allir atkv. á móti þessu frv. — Ég vona, að þeir verði fleiri, svo fall þessa frv. flýti ferð bindindismanna til sigurs að leiðarenda.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Herra forseti! Ég skal ekki lengja þessar umr. En mér fannst ég ekki geta látið 2. umr. líða hjá án þess að benda á nokkur atriði í sambandi við þær.

Ég hef hlustað á mál hæstv. forsrh., og ég verð að segja, að ég hef oft heyrt hann færa betri rök fyrir máli sínu en nú. Hann sagði, að þetta væri allmikið fjárhagsatriði. En ég verð að mótmæla því og benda á, að einmitt hefur nýlega verið lagt til að afnema 2 gjaldstofna, sem hvor um sig, og einkum báðir til samans, gáfu ríkissjóði margfalt meiri tekjur en öltollurinn getur gefið. Þessir gjaldstofnar eru greiðslumerkin, sem gáfu um 70 þús., og veitingaskatturinn, sem árlega gaf 100—200 þús. kr. Hins vegar er sannað, að öltollurinn gefur ekki nema ca. 29 þús., eftir afköstum verksmiðjunnar að dæma, en í allra hæsta lagi 40—50 þús., þegar allt er komið í fullan gang.

Hæstv. forsrh. lýsti nauðsyn bráðabirgðal. um þetta. En þær ástæður hafa verið hraktar af öðrum á undan mér. Og ég vil taka undir með hv. 2. landsk. og hv. þm. Hafnf., að þau l., sem brezka setuliðið hefur þegar brotið, eru orðin svo mörg, að það hefði verið alveg óhætt að leyfa því að brjóta þessi l. einnig.

Þá var því haldið fram, að ef Bretar hefðu ekki fengið öli hér, þá hefðu þeir flutt það inn sjálfir. En hvernig má það vera, ef ekki er hægt að fá hráefni í nóg öl? Nú hefur það komið í ljós, að Bretar hafa ekki svo mikinn skipakost, að þeir megi eyða skiprúmi í ölflutninga. Hvað þá um innflutning?

Því hefur verið lýst átakanlega af hæstv. forsrh., hve miklum árekstrum og truflunum ölæði setuliðsmanna hafi valdið meðan þeir höfðu aðgang að vínum áfengisverzlunarinnar. Nú var gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir það. En svo er leyfð bruggun áfengs öls. Og þá er engin hætta á árekstrum milli Íslendinga og setuliðsmanna, þótt þeir drekki frá sér vitið í hinu sterka öli.

Ég ætla ekki að fara út í reynslu bannlaganna hér. En ég tel það vera kaldhæðni örlaganna, að hv. þm. S.-Þ., fyrrv. dómsmrh., skuli vera aðalforsvarsmaður sterka ölsins, hann, sem gaf bannlögin upp á bátinn, af því að hann hafði hvorki vilja né getu til að framfylgja þeim, svo þau kæmu að tilætluðum notum.

Því var haldið fram, að þetta frv. verði að samþykkja, vegna þess að ríkisstj. ber það fram.

Ég get ekki fallizt á þessa mótbáru, því ég tel víst, að hæstv. ríkisstj. láti sér í léttu rúmi liggja, hvort frv. er samþykkt eða ekki. Og tel ég enga ástæðu til, að hún geri það að fráfararatriði, þótt frv. verði fellt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Ed., 7. júní, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 10. júní, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁJ, BSt, HermJ, JJós, JJ, MG, MJ, PHerm, EÁrna.

nei: BSn, BrB, ErlÞ, IngP, SÁÓ.

PZ greiddi ekki atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 76. fundi í Ed., 12. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Ed., s. d., og 78. fundi, 13. júní, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Ed., 16. júní, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 773).

---

34. Sóttvarnir gagnvart útlöndum.

Á 3. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands (þmfrv., A. 23).

Á 6. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Þetta mál er svo einfalt, að óþarfi er, að það fari til n. Ég legg þó ekki á móti því, að það fari til allshn., ef hv. þdm. lízt svo.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 44).

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Eins og nál. á þskj. 44 ber með sér, hefur allshn. athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Um þetta mál er það að segja, að það hefði farið betur á því að fella ákvæði þessi inn í sóttvarnarlögin, en sakir þess að víða í reglugerðum o. fl. er vísað til gr. í l. þessum, þá leit allshn. svo á, að slíkt gæti orðið til þess að valda ruglingi og vildi því ekki hverfa að því ráði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 15. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 86).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þetta frv. er komið frá Nd. og er flutt þar af hv. þm. N.-Ísf. Efni frv. er, eins og sést af grg., að koma í veg fyrir, að næmir sjúkdómar berist til landsins. Það er engum vafa bundið, að þessi breyt. er nauðsynleg, ekki sízt eins og nú er háttað. Fyrri breyt. miðar að því, að fulltrúar utanríkismálaráðun. erlendis geri sér far um að fylgjast sem bezt með sóttarfari, hver í sínu umdæmi, og vera við því búnir að gefa skipstjórum, er sigla vilja til Íslands, leiðbeiningar þar að lútandi. Slíkar sóttir eru mjög tíðar og geta komið fyrir í hvaða landi sem er, og er nauðsynlegt, að tilkynningar um þær liggi fyrir hjá fulltrúum utanrmrn. og þetta tilkynnt, þegar slík hætta vofir yfir. Þetta hefur ekki verið nógu greinilega orðað, og er hér fært til skýrara máls og ákveðnari framsetningar.

Síðari brtt. miðar að því að tryggja umbúnað líka, sem flutt eru til landsins, svo að ekki geti stafað hætta af og sjúkdómar borizt til landsins á þann hátt.

Allshn. leggur til, að þetta mál verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 118).

---

35. Sóttvarnir innanlands.

Á 3. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (þmfrv., A. 24).

Á 6. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Um þetta frv. gegnir í rauninni alveg sama máli og það, sem var hér síðast til umr. (frv. um breyt. á l. um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins), og þarf ég því ekki að fara um þetta mál frekari orðum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 45).

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Um frv. þetta er það eitt að segja, að allshn. hefur athugað það og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 87).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Um þetta mál er það sama að segja og það, sem síðast var afgr., að það er flutt af landlækni, hv. þm. N.-Ísf., og er bein afleiðing af því frv., sem var hér á dagskrá (þskj. 23.). Hér er að mestu leyti um formsatriði að ræða, — þessi gr. er tekin úr l. um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins og sett í þessi l., sem fjalla um líkt efni. N. hefur einnig athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 119).

---

36. Bifreiðalög.

Á 29. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940 (þmfrv., A. 125).

Á 31. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Hv. deildarmenn mun reka minni til þess, að fyrir d. var lagt frv. til l. um frestun á bifreiðal. frá 7. maí 1940 og umferðarl. nr. 110 frá 30. maí sama ár, og var þetta frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út í fyrrahaust. Ástæðan til þess, að bráðabirgðal. voru sett, var sú, að ekki þótti fært að taka upp hægri akstur í landinu, eins og bæði þessi l. gerðu ráð fyrir, sökum hernámsins. Umferðin á vegum landsins er miklu meiri nú en nokkru sinni áður, og hinn útlendi her, sem hér dvelst, er einmitt vanur við vinstri akstur, eins og við höfum haft til þessa. Mátti vitanlega alltaf gera ráð fyrir nokkurri slysahættu með því að breyta til, en margfalt meiri með því að breyta til nú. Þessu máli var vísað til samgmn., og leit hún einkum á höfuðtilgang bráðabirgðalaganna um að fresta því að breyta til um ökureglur og mælti því með frv. óbreyttu og gekk það því hér í gegnum tvær umr. í hv. d. Við 2. umr. hóf hv. 2. þm. S.-M. máls á því, að þó að hann fyllilega viðurkenndi þörfina á því, að frestað yrði að taka upp hægri akstur, þá efaðist hann mjög um það, að fresta þyrfti að öðru leyti gildistöku umræddra l. og bað n. þess að athuga þetta alveg sérstaklega. N. hefur nú orðið við þessum tilmælum, og sú athugun hefur tekið lengri tíma heldur en ætla hefði mátt, að nauðsynlegt hefði verið, en það er sökum þess, að n. hefur rætt við ýmsa aðila, sem þarna koma til greina, fyrst og fremst dómsmrh., vegamálastjóra og svo bifreiðaeftirlitsmennina. Þegar farið var að athuga þetta mál nánar, kom í ljós, að þeir aðilar, sem mest höfðu með þetta mál að gera, töldu í raun og veru fært að fresta aðeins ákvæðunum, sem lutu að hægri akstri, en láta l. að öðru leyti öðlast gildi. Það kom að vísu fram, að vegamálastjóri var heldur á móti því að fresta, að þessi ákvæði væru tekin út úr l., og kaus heldur hina leiðina. En það var ekki

sökum þess, að hann teldi þetta hafa sérstaka „tekniska" örðugleika í för með sér, heldur af ótta við, að hægri akstur yrði síður tekinn upp síðar, ef lögunum yrði beinlínis breytt nú. Hvað sem um þetta má segja, gat n. ekki tekið tillit til þess, því það verður að fara eftir þingvilja á sínum tíma, hvort hægri akstur verður tekinn upp eða ekki.

Það hefur því orðið ofan á í n. að bera fram tvö frv., annað það, sem hér liggur fyrir um breyt. á bifreiðal., nr. 75 frá 7. maí 1940, en hitt frv. er um breyt. á umferðarl. Fjalla þessi frv. eingöngu um það atriði að nema úr l. þau ákvæði, er lúta að því að taka upp hægri akstur. Er till. n. því sú, að halda áfram vinstri akstri, þar til því kann að verða breytt með sérstökum lögum.

Að langmestu leyti eru þessi frv. samhljóða brtt., sem einn af nm. bar hér fram í fyrra, þegar þessi mál voru þá hér til umr., nefnilega hv. 9. landsk. þm. Áður en ég lýk máli mínu, skal ég taka það fram, að ég býst við, að það sé réttara við seinni umr. þessa máls að bæta við nýrri gr. inn í bæði frv., sem eru á dagskrá, um það, að fella þeri texta þeirra inn í lögin og gefa l. út þannig breytt. Ég leyfi mér að minnast á þetta nú við 1. umr. og vona, að hæstv. forseti taki ekki hart á því, því að það getur sparað að mæla fram með brtt. við 2. eða 3. umr., sem ég býst við, að n. beri fram um þetta. Því að þar sem svo margir menn þurfa daglega að lifa undir þessum lögum og þekkja þau til hlítar, þá er nauðsynlegt, að þeir hafi greiðan aðgang að þeim, og til þess þurfa þau helzt að vera í einu lagi, svo að menn þurfi ekki að fletta upp tvennum lögum um þessi mál.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Aðeins örfá orð. Ég stend ekki upp til þess að andmæla þessu frv. n., heldur miklu frekar til þess að þakka n. fyrir.

Það vill svo til, að Alþfl. á engan mann í þessari n., og þess vegna þykir mér hlýða að taka til máls.

Ég var einn af þeim þm. hér í hv. d. á síðasta þingi, sem andmælti því að breyta til um akstur þannig, að í staðinn fyrir vinstri kæmi hægri akstur. Fyrir rás viðburðanna hefur reynslan orðið, að við höfum fylgt okkar gömlu reglu í þessu efni. Og ég er þeirrar trúar, að við munum gera það áfram á næstu áratugum, og sé ég ekkert því til fyrirstöðu.

Ég er ekki í neinum vafa um, að það eru svo fullkomin rök, sem n. færir fram fyrir þessu máli og sömuleiðis því máli, sem er síðar á dagskrá, umferðarl., að þingið ætti að hraða afgreiðslu þessara mála.

Vil ég svo þakka hv. n. fyrir röggsamlega afgreiðslu þessa máls.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Eins og kemur fram í grg. frv., þá sætti ég sem dómsmrh. mig við það, að þessu, sem hér er til umr., verði breytt.

En ég vænti þess, að hv. þd. sjái það einmitt nú, eftir að l. hefur verið breytt, að það var ekki nema um tvær leiðir að ræða, — að láta l. halda gildi eða fresta þeim öllum.

Það hefði verið, eins og hv. þm. sjá nú, hið mesta glappaskot, ef l. hefðu verið látin haldast óbreytt, en ökureglurnar að aka til vinstri hafðar gildandi. Það hefði orsakað svo mikið ósamræmi í texta l., að erfitt hefði verið að átta sig á þeim. Og að fresta l. í heild hefði komið í veg fyrir nokkurt millibilsástand eða öngþveiti í þessu efni.

En nú hefur verið valin sú leið, sem ég er ekki ósamþykkur, og ég tel að ýmsu leyti til bóta að láta þau l. um þetta halda sér, sem samþ. voru á síðasta þingi, að öðru leyti en því að breyta þeim í samræmi við það að aka til vinstri.

Um vinstri eða hægri akstur er það að segja, að það má ekki kóma fram sá misskilningur, að meira öryggi sé í því að aka vinstra megin heldur en hægra megin. Það er alveg eins mikið öryggi í akstri í Tékkóslóvakíu, Þýzkalandi, Danmörku og Noregi t. d. eins og hvar annars staðar sem er, þó að þar sé hægri akstur. Þess vegna skulum við ekki taka upp neinar deilur um það. Það var orðin almenn regla að aka til hægri, nema í þremur löndum álfunnar. Þess vegna hefði það, að óbreyttum þeim ástæðum, sem voru hér á landi, þegar l. voru samþ., verið alveg sjálfsagt að taka upp hægri akstur vegna ferðamannastraums frá útlöndum hér á landi og ferðamanna héðan í öðrum löndum. Auk þess, þar sem hægri akstur er svo almennur í öðrum löndum, getum við búizt við því, að geta ekki fengið ökutæki nema í samræmi við þá almennu reglu.

En hitt er annað mál, að ástæður eru nú þannig, að það væri fásinna ein að beygja sig ekki fyrir þeim í þessu efni. Og þeim, sem voru fylgjandi því í fyrra að lögfesta þá reglu að hafa hægri akstur, finnst það jafnsjálfsagt nú að fresta þessum ákvæðum l. Því að það að halda sig við það að breyta ökureglunum nú, álít ég, eins og það hefði verið auðvelt að gera það eins og ástæður voru fyrir ári síðan, eins mikla fásinnu nú og blátt áfram óðs manns æði, því að það mundi að öllum líkindum valda svo miklum slysum, að ófyrirsjáanlegt væri, hve alvarleg og mikil þau mundu verða. Þess vegna er ekki um annað að gera en að halda þeim ökureglum, sem verið hafa hér. Það getur tafizt um nokkur ár, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að taka upp hægri akstur á vegum, og tel ég sjálfsagt að ganga frá löggjöf um þetta atriði eins og hér er gert ráð fyrir eins og nú standa sakir. Hitt getum við ekki sagt um, hvort vinstri akstur eða hægri akstur verði hafður hér á landi eftir t. d. 2—3 ár. Það fer eftir því, hverjir skipa þá l. í þessum heimi, og fyrir því verðum við að beygja okkur í þessu sem öðru.

Báðar reglurnar — að aka til hægri og að aka til vinstri — eru jafnöruggar. En í umferðinni verðum við að haga okkur í þessu efni eftir þeim umferðarstraum, sem er í þessu landi nú sem stendur. Og við verðum einnig að vera í samræmi við það, sem kemur í þessu efni. Það vita þeir, sem verða að halda uppi l.

og reglu í umferð, sem ég hef gert talsvert og þekki þess vegna nokkuð vel.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, 148).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 148 (ný 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 160).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 160, n. 206).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Það hefur orðið svo á þessu ári, þótt ekki sé langt um liðið síðan á þinginu í fyrra, að þótt hefur rétt að breyta til um nokkur ákvæði í bifreiða- og umferðarl. Þá var tekinn upp í l. hægri handar akstur, eins og verið hefur á meginlandi Evrópu. En nokkuð hefur breytzt hér á landi síðan, sérstaklega er þeir atburðir gerðust, að hingað til landsins hefur komið setulið frá þeirri þjóð, sem er ein af þeim stórþjóðum, sem heldur vinstri handar akstri. Það þótti því ekki tiltækilegt að láta hvorki bifreiðal. eða umferðarl. koma til fullra framkvæmda, og var frestað gildistöku þeirra að því leyti að skipta ekki um hægri og vinstri akstur. Og má segja, að ekki hefði þurft að fresta gildistöku þeirra ákvæða, sem tímabært var að taka upp og löglciða og menn voru sammála um.

Þau bráðabirgðal., sem frestuðu framkvæmdinni, hafa, eins og l. gerðu ráð fyrir, verið lögð fyrir Alþ., og n. þingsins hafa séð sér þann kost vænstan að láta l. koma til framkvæmda, þó með þeirri höfuðbreyt., að hægri handar akstur verði ekki upp tekinn og vinstri akstur-inn haldi sér eins og verið hefur hér á landi.

Ég læt þessi orð nægja sem framsögu fyrir þessu frv. og fyrir því næsta, sem er á dagskránni, sem er frv. til l. um breyt. á umferðarl., og legg til, að bæði frv. verði samþ. óbreytt eins og þau komu frá Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 270).

---

37. Umferðarlög.

Á 29. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940 (þmfrv., A. 124).

Á 31. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ástæðurnar til þess, að samgmn. ber fram þetta frv. um breyt. á umferðarl., eru nákvæmlega þær sömu eins og liggja til þess, að hún bar fram það frv., sem afgr. var hér núna rétt áðan. Þarf ég því ekki að endurtaka neitt af því, sem ég sagði þá, og get látið nægja að vísa til þess.

En í sambandi við þetta mál skal ég þó bæta einu við, sem sýnir, hvað það var nauðsynlegt að láta l. öðlast gildi, að svo miklu leyti sem hægt var, þó að ekki væri hægt að taka upp hægri akstur. Áætlanir langferðabíla eru beinlínis byggðar á þeim ökuhraða, sem er leyfður í þessum nýju l., sem er töluvert hærri heldur en var í gömlu l., þannig að það hefði algerlega stangazt á áætlanirnar og lögin, ef ekki hefði verið að þessu ráði horfið.

Ég leyfi mér að geta þess, að ég geri ráð fyrir, — en það er ekki fullathugað —, að það þurfi að gera smábreyt. við 3. málsgr. 13. gr. frv., um umferð gangandi manna á vegum, og svo auðvitað að gera einnig þá brtt. við þetta frv., að það skuli fella það inn í texta umferðarl., þegar það verður orðið að lögum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 124, 147).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Við 1. umr. þessa máls leyfði ég mér að gera grein fyrir

því að nokkru, hvaða breytingar mundi verða lagt til að gera á frv. við þessa umr., og liggja þær nú fyrir á þskj. 147. 1. brtt. er um að nema burt skyldu gangandi manna til að halda sig við vinstri brún akbrautar. Í umferðarl. frá í fyrra er ákveðið, að gangandi menn skuli halda sig vinstra megin akbrautar, um leið og ætlazt var til, að hægri akstur væri upp tekinn. Nú þegar vinstri akstur er aftur lögboðinn, mætti í fljótu bragði ætla, að ástæða væri til að snúa einnig við ákvæðinu um gangandi fólk, en mér virðist nóg að fella ákvæðið niður, því að það er í rauninni sama og að lögfesta venjuna, sem almenningur fylgir og mun fylgja, hvað sem öll lög segja, að víkja út á þá vegarbrúnina, sem er nær þeim, og ganga þeim megin vegar, sem þægilegast er.

Að vísu finnst mér ekki auðsæ nauðsyn á að fella niður eða breyta ákvæðinu um að fylgja reglu vinstri umferðar á gangi, sökum þess að vinstri umferð er aftur lögboðin í akstri, því mér virðist, sem leikmanni í þessum efnum, að ákvæði laganna frá í fyrra hafi stangazt hvað þetta snertir, og ekki skil ég annað en það hefði orðið örðugt að kenna almenningi þveröfuga reglu á gangi við þá, sem í akstri er höfð. En okkur er tjáð af skilríkum mönnum með reynslu og sérþekkingu í þessum efnum, að þetta ákvæði hafi þó verið sett í lögin að vel yfirlögðu ráði. Röksemdir þeirra viðurkenni ég ekki allar né skil svo, að ég kunni að fara með þær að gagni hér, og mun þess ekki þörf. Brtt. nefndarinnar er lausn í þessu efni, sem ég held, að sé hin eina rétta og eðlilega. Hef ég rætt þá uppástungu bæði við Jón Ólafsson bifreiðaeftirlitsmann og sakadómarann í Reykjavík, og hafa þeir fallizt á þessa tilhögun. Auk þessara tveggja manna, sem fallizt hafa á hana, vil ég nefna, að ég hef heimild fyrir því, að vegamálastjóri sé henni samþykkur. — Í b-lið sömu brtt. þarf að leiðrétta í próförk málvillu eða prentvillu „halda sig“ í stað „halda sér“, og beini ég því atriði til hæstv. forseta.

Ég hygg óþarft að skýra málið frekar, nema tilefni gefist.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 147,1 (ný 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 147,2 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 161).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 161, n. 207).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 271).

---

38. Búnaðarbanki Íslands.

Á 6. fundi í Sþ., 25. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og l. nr. 20 13. jan. 1938, um breyt. á þeim l.** (þmfrv., A. 92).

Á 24. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er flutt af okkur tveim þdm., sem sæti höfum átt í mþn. í bankamálum, og er frv. samið af henni. N. var kosin á þinginu 1937, og skilaði hún heildaráliti sínu nú í byrjun þessa þings. Ríkisstj. hafði ekki, eftir að þó nokkur tími var liðinn frá þingbyrjun, tekið þetta frv. upp sem stjfrv., og varð það að samkomulagi milli okkar nm. í mþn., sem sæti eigum í þessari d., og hæstv. landbrh., sem þetta mál heyrir undir, að við skyldum flytja það sem þmfrv. Að sjálfsögðu tók mþn. l. um Búnaðarbanka Íslands í heild sinni til meðferðar, eins og hún tók önnur lög, er snertu bankana, til meðferðar í heild sinni. N. komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki ástæða til að breyta miklu í þessum l. — Það eru eiginlega ekki nema 3 meginatriði, sem með þessu frv. er lagt til, að breytt verði í búnaðarbankal., fyrir utan ýmis smáatriði eða leiðréttingar, sem ekki þýðir að fara orðum um, sízt af öllu á þessu stigi málsins.

Fyrsta atriðið, sem lagt er til að breytt verði, er það, að numin séu úr l. þau ákvæði, sem gera ráð fyrir því, að Búnaðarbankanum beri sérstaklega að veita rekstrarlánafélögum lán. Þetta ákvæði hefur verið í bankal. frá upphafi, og um sama leyti og búnaðarbankal. voru sett önnur l. um rekstrarlánafélög. En framkv. á þessu hefur orðið sú, eftir því, sem ég bezt veit, að Búnaðarbankinn hefur ekki veitt einu einasta rekstrarlánafélagi lán, og það er ekki vegna neinnar stirfni frá bankans hendi, heldur af þeirri einföldu ástæðu, að ekkert rekstrarlánafélag hefur beðið um lán. Aftur á móti hefur útibú bankans á Akureyri veitt einu rekstrarlánafélagi lán, og held ég, að það sé eina rekstrarlánafélagið, sem stofnað hefur verið hér á landi samkvæmt þessum lögum.

Eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur af þessu í 11 ár, sýnist því vera alveg óþarft að hafa ákvæðin um þetta áfram í búnaðarbankal. Þess ber þá líka að geta, að þó að þessi ákvæði væru numin burtu úr búnaðarbankal., þá er síður en svo, að nokkurt bann sé lagt við því, að Búnaðarbankinn veiti slíkum félögum lán, ef þau kynnu að koma upp og æskja láns úr bankanum. Bankanum er það vitanlega heimilt samkvæmt öðrum ákvæðum laganna, þó að ekki sé lögð nein skylda á hann í því efni.

Þá er annað atriðið, sem frv. gerir ráð fyrir að breyta, og það er að setja aftur inn í lögin kafla um smábýladeild. Upphaflega var svo ákveðið, að Búnaðarbankinn skyldi starfa í 6 deildum og nánari reglur settar um hverja af þessum deildum. Muna menn sjálfsagt, hvernig sú deildaskipting átti að vera, svo ég þarf ekki að rifja það upp hér. En það fór svo, að 2 af þessum deildum, sem átti að stofna samkv. búnaðarbankal., tóku aldrei til starfa, annað var bústofnslánadeild, hitt var lánadeild smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún.

Það er megintill. þessa frv. og aðaltilgangurinn með því að fá þessa smábýladeild tekna upp aftur, svipað því, sem upprunalega var ákveðið, en þó dálítið rýmkað um þau ákvæði, sem upprunalega giltu.

Upprunalega var ákveðið í búnaðarbankal., að ríkissjóður legði smábýladeildinni til 50 þús. kr. á ári í 6 ár, eða 300 þús. kr. samtals. Ég lít svo á, þar sem þessi kafli um smábýladeildina var ekki numinn úr l. fyrr en löngu eftir að þessi 6 ár voru liðin, að ríkissjóði hefði borið skylda til að greiða þessar 50 þús. kr. á ári, jafnvel þó að deildin væri ekki starfandi, og að þá peninga hefði síðan átt að leggja til hliðar, þangað til deildin væri stofnuð. Hér í frv. er lagt til, að þessi smábýladeild verði stofnuð, og að ríkissjóður árið 1942 greiði þessa skuld sína, 300 þús. kr., til þess að stofna deildina með. Það má búast við því, að þessar 300 þús. kr. hrökkvi skammt til lánveitinga, þess vegna er einnig lagt til, eins og upprunalega var í búnaðarbankal., að deildin megi gefa út vaxtabréf og selja þau og afla sér þannig starfsfjár.

Þessu 300 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði verður þá einkum varið til þess að deildin verði fær um að veita lán með lægri vöxtum heldur en ella væri, ef hún ætti eingöngu að starfa með því fé, sem hún gæti fengið fyrir bankavaxtabréf.

Í frv. er dálítil breyt. frá því, sem áður var, þar sem gert var ráð fyrir því, að lánin yrðu eingöngu veitt til býla í grennd við kaupstaði og kauptún. Mþn. leit svo á, að það væri óþarfi að binda þetta svo, því að við sjávarsíðuna gæti staðið svo á, að gott væri að styðja fólk til þess að koma upp heimilum, þar sem það hefði lítils háttar stuðning af landbúnaði, þó að aðalatvinnan væri sjávarútvegur, og gæti þetta verið á stöðum, sem ekki eru nálægt kaupstöðum eða kauptúnum.

Eins má benda á það, að á síðari árum hefur jarðhitinn víða verið tekinn til notkunar við garðrækt o. fl. Má gera ráð fyrir, að víða geti orðið bezt gagn að þessum náttúruhlunnindum með því móti að koma upp smábýlum í grennd við jarðhita, þar sem garðrækt væri aðallega stunduð. Þar, sem þessi náttúrugæði eru fyrir hendi á annað borð, gæti þetta orðið jafnhentugt inn til dala, upp til sveita og upp til fjalla, þó ekki sé í nánd við kaupstað eða kauptún. Um stærð býlanna er í frv. miðað við landsstærðina, að landið þurfi að jafnaði að vera 1 hektari, en ef sérstaklega vel hagar til um garðrækt eða náttúruhlunnindi á staðnum, þá nægi ½ hektari. En áður var miðað við það, að meðalfjölskylda gæti haft ⅓ framfæris síns af landbúnaði á býlinu.

Það er víða um lánveitingu til landbúnaðar svo ákveðið í lögum, að lána megi út á afgjaldskvöð með eigninni sem tryggingu. Þetta hefur harla lítið verið notað, en að svo miklu leyti sem það hefur verið notað, hefur það gefizt illa. Það sýnist líka ástæðulaust við nánari athugun, að þessi lán verði annað en almenn fasteignaveðslán, því ef ábúandi býlisins á það sjálfur, getur hann veðsett það, og sömuleiðis, ef hann hefur það á erfðafestu. Í þriðja lagi má ætla, að hann sé leiguliði annars manns, og má þá gera ráð fyrir, að eigandinn hafi hagsmuni af því og vilja til þess að útvega lán, ef nauðsynlegar framkvæmdir eru fyrir hendi, enda ber þá eiganda skylda til að sjá um, að húsakynni séu viðunandi.

Töluverð breyting hefur verið gerð í frv. frá því, sem búnaðarbankal. voru upprunalega, um lánsupphæðina. Upprunalega var svo ákveðið, að lán til smábýla mættu nema 15 þús. kr. Þetta var rétt fyrir 1930, þá kom það fyrir, að lánað var upp undir 20 þús. kr. úr Byggingar- og landnámssjóði, og þetta ákvæði hefur verið sett í samræmi við það. En nú orðið mun það vera venjulegt, að byggingarsjóðslán eru alls ekki yfir 6 þús. kr., og varla það, og þetta ákvæði hér í frv., að hámarkslán megi vera 6 þús. kr., er því til samræmis við þetta, og má segja, að sízt sé hallað á þessi smábýli, því að ef gera ætti mun á þeim og jörð í sveit eða reglulegu nýbýli, 10 hektara að stærð, þá væri eðlilegast að álykta, að þessi smábýli hefðu ekki eins mikla þörf fyrir lánsfé og stóru býlin. Þess vegna er sízt hallað á þau með þessu ákvæði.

Í frv. er líka öðruvísi ákvæði, og nokkuð lægra hlutfall sett um það, hvað lána megi út á mikinn hluta fasteignamats smábýla og sett til sam-

ræmis við ákvæði í búnaðarbankal. um önnur fasteignalán. Ég álít, að það sé mjög aðkallandi þörf að samþykkja þetta frv., alveg með sérstöku tilliti til þess að láta nú af því verða að stofna þessa smábýladeild, sem lofað var fyrir 12 árum síðan, þegar búnaðarbankal. voru sett árið 1929, en ekki hefur verið efnt enn.

Þessir menn, sem eiga býli, sem ekki eru á kaupstaðalóðum og ekki geta heldur kallazt jarðir eða lögleg nýbýli í sveitum, hafa verið, hvað lánveitingu snertir, allt til þessa tíma eins og utan við lög og rétt í þjóðfélaginu, og er það alls ekki viðunandi ástand lengur.

Mér er fyrir minni, að fyrir nokkrum árum var ég að útvega manni lán hér. Fasteign hans var metin til skatts á 20 þús. kr., og á henni hvíldu engin veð. Það voru aðeins 2 þús. kr., sem ég ætlaði að útvega honum, en það var ekki hægt að fá neitt lán út á eignina, vegna þess að hún var hvorki í kaupstað né heldur jörð í sveit. Aftur á móti hefur milliþn. ekki séð sér fært að gera till. um það að taka upp aftur bústofnslánadeild, sem upprunalega var ákvæði um í búnaðarbankal., en hefur síðan verið felld niður. Bæði kann að vera, að það sé vafasamt ákvæði frá upphafi, og hvað sem um það er, þá hygg ég, að Kreppulánasjóður og þær framkvæmdir geri það í raun og veru þýðingarlaust að fara að stofna slíka deild, vegna þess að fjöldi þeirra manna, sem kannske hvað helzt þyrftu á lánum að halda úr slíkri deild, hafa fengið lán í Kreppulánasjóði á sínum tíma og veðsett þar búpening sinn.

Þá er þriðja atriðið, sem mþn. gerir brtt. við frá núgildandi l., og ætla ég ekki að fara langt út í það atriði, sökum þess, að ég var þar ekki till.maður, þó að ég hins vegar sjái ekki ástæðu til að kljúfa n. út af því. Það er um að breyta stjórninni við Búnaðarbankann, koma á bankaráði eins og við aðra banka, en jafnframt er gert ráð fyrir því að leggja niður starf gæzlustjóra, sem nú er við Búnaðarbankann, og að bankaráðið, og þá sérstaklega formaður þess, annist þau störf, sem nú hvíla á gæzlustjóra. Og í sambandi við þetta er gerð lítils háttar leiðrétting á því, hverjir geta skuldbundið bankann o. s. frv., og er gengið tryggilegar frá því, hverjir megi gefa umboð til að skuldbinda bankann. Áður mátti jafnvel skilja ákvæði l. þannig, að bankastjórinn gæti gert þetta einn, og var þá vald gæzlustjóra eiginlega að engu gert, ef virkilega mátti skilja l. í þessu efni á þá leið, sem orðin virtust benda til.

Ég geri ráð fyrir, að það, sem helzt kynni að vera haft á móti þessum breyt., sé það, að þetta sé kostnaðarauki, þar sem komi 3 menn í staðinn fyrir 1. En nú er ekki gert ráð fyrir því, að þessir bankaráðsmenn mundu hafa mikil störf og þar af leiðandi ekki mikil laun, svo ég sé ekki, að þetta skipti miklu máli. En það er tekið fram í grg. frv., að ég persónulega teldi þessa breytingu óþarfa, þó að ég mæli ekki beint á móti henni, og sé þar af leiðandi ekki ástæðu til að rökstyðja þessa till. nánar.

Þá vil ég geta þess, áður en ég sezt niður, að einn af nm. í mþn., meðflm. minn að þessu frv., hefur einnig nokkra sérstöðu að því er snertir frv. Það er um fyrsta atriðið, sem ég nefndi. Hann telur það óþarfa að vera að fella þau ákvæði, sem fjalla um rekstrarlánafélög, burtu úr búnaðarbankal.

Það kann að vera nokkurt álitamál, til hvaða n. eigi að vísa þessu frv. Frv., sem fjalla um bankamál, eru venjulega látin ganga til fjhn., en ég man ekki betur en að frv., sem fjalla um Búnaðarbankann, hafi að undanförnu verið vísað til landbn., og ætla ég að leyfa mér að skjóta því til hæstv. forseta að gera till. um það, í hvaða n. eigi að vísa þessu máli.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég sé ekki, að þörf sé á því að endurtaka neitt af því, sem hv. 1. flm. þessa frv. hefur tekið fram um, að nauðsyn beri til þess að stofna hér landbúnaðardeild fyrir smábýli í kaupstöðum og kauptúnum. Ég hygg, að hv. þingdeild geti fallizt á þau rök. Það hefur verið mjög tilfinnanlegt fyrir þessi smábýli, sem vissulega eiga víða mikinn rétt á sér, að geta ekki fengið hentug lán. En það, sem hefur valdið því, að dráttur hefur verið á þessu, er það, að þessi banki hefur ekki frekar en aðrir bankar haft mikið fjármagn aflögu. Og þar sem skortur var á fjármagni til útlána, hefur þótt þýðingarlítið að stofna þessa lánadeild fyrir smábýli, þó að l. hafi verið um það sett.

Ég verð að segja, að ég hef rekið mig á það og það mjög á undanförnum árum, að þessi smábýli hefur vantað lán. Þau eiga víða mikinn rétt á sér engu síður en annar atvinnuvegur, og sýna smábýlin það greinilega, þar sem þeim hefur verið komið upp við hentugar ástæður, að lífsafkoman getur verið góð þar engu síður en við sjávarútveginn. Vegna þess að ég býst við, að hv. þingdeild geti fallizt á þessi rök, ætla ég ekki að lengja mál mitt um það atriði frv.

En viðvíkjandi því að breyta um stjórn á bankanum, vil ég segja það, að ég er í sjálfu sér ekki mótfallinn því, að það verði gert. Það er að nokkru leyti eðlilegt að taka það fyrirkomulag upp, sem hér er gert ráð fyrir, eða svipað því. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að það sé vafamál, hvort reynist betur, að hafa bankaráð eða að ráðherra hafi með stjórn bankans að gera með bankastjóra. En því fylgja þó þeir kostir að taka þetta fyrirkomulag upp, sem hér er gert ráð fyrir, að fleiri pólitískir aðilar geta fylgzt með því, hvernig bankanum er stjórnað, og það er óneitanlega kostur. En ég verð að segja, að mér þykir sá tími, sem hér er gert ráð fyrir, að bankaráðsmennirnir verði kosnir til, til fjögurra ára í einu, of stuttur tími. Mér þykir sú stjórn vera of laus, og er hætt við, að það verði ekki til neinna bóta frá því, sem nú er. Ég held mér sé óhætt að segja, að undanfarin ár hefur þessum banka verið stjórnað með mikilli gætni, og einmitt vegna þess hefur hann komizt yfir alla erfiðleika, sem oft hefur kostað eins og gengur og gerist, að það varð að neita um lán, sem að sumu leyti voru nauðsynleg, en sem hefðu verið bankanum og fjárhag hans fyrir framtíðina um megn að veita. En einmitt vegna þess, að bankanum hefur verið stjórnað þannig, hefur verið talað um að stofna lánadeild fyrir smábýli, og það,

hvernig bankinn er stæður, gerir það mögulegt. En ég er hræddur um, að ef kosin verður stjórn til fjögurra ára, verði það ekki til bóta frá því, sem nú er. Hvaða landbrh., sem fer með völd, þá hygg ég, að það megi gera ráð fyrir því, þar sem hann ber einn ábyrgð á þessum banka, að hann setji sinn metnað í að stjórna bankanum með sem mestri gætni. Og þess vegna vildi ég, ef horfið verður að því ráði, að bankaráð yrði tekið upp, þá verði það kosið til ekki skemmri tíma en 6—8 ára í einu. Einnig held ég, að það verði rétt að ákveða laun bankaráðsformannsins, sem kemur í stað gæzlustjóra, og jafnframt hinna tveggja manna, því að það er viðkunnanlegra en að það sé ákveðið af ráðherra. Þeim breytingum, að bankaráðið verði kosið til lengri tíma, er ég engan veginn mótfallinn og álít meira að segja, að verði það gert, eins og hér er gert ráð fyrir, gæti það jafnvel að mörgu leyti verið hagkvæmt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 92, n. 111).

***Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti! Eins og segir í nál., þá mælir n. með því, að frv. verði samþ. með litlum breyt.

Brtt. n. við frv. eru þrjár. Í fyrsta lagi leggur n. til, að 2. liður 2. gr. I. d. falli burt. Þar er svo ákveðið, að lána megi til þessara smábýla gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfélaga. Þetta ákvæði er að vísu í samræmi við ákvæði, sem gilda um lán úr byggingar- og landnámssjóði. En eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur af þeim lánum, telur n. óheppilegt að hafa þetta ákvæði. Þar að auki er hag margra hreppsfélaga nú þannig komið, að þau eru meira og minna háð eftirliti þess opinbera, þar sem sérstakur maður hefur verið skipaður til þess, og meðan svo er, virðist ekki ástæða til að veita bæjar- eða sýslufélagi heimild til að ganga í ábyrgð fyrir þessum lánum, enda ekki þörf á því. Ef maður, sem vill setja býli á stofn, hefur eignarrétt á jörðinni, þá getur hann veðsett hana, og ef ríkið á hana og hann hefur erfðaábúð, getur hann líka veðsett hana eftir lögum um erfðaábúð og óðalsrétt. En ef jörðin er í einstaks manns eign, þá er eigandanum ekki mikil þægð í; að býlið komi upp, eða þá að milli eiganda og leigjanda er um meira en lítið ósamkomulag að ræða, ef eigandi vill ekki veita veðleyfi, svo býlið komist á fót. Hreppsnefndir eru oft bóngóðar og því erfitt að standa á móti slíkum beiðnum, ef fram koma, og þá betra að fyrirbyggja það með því að leyfa ekki lán út á hreppsábyrgðir. N. leggur því til, að þessi liður falli burt.

Þá er nokkur ágreiningur um það í n., til hversu langs tíma bankaráðið skyldi vera skipað. Sumir álitu, að það ætti að vera í samræmi við það, sem er í hinum bönkunum, en aðrir álitu, að um meiri ábyrgðartilfinningu yrði að ræða, sérstaklega hjá bankaráðsformanninum, og að hann mundi rækja starf sitt betur, ef hann yrði skipaður til lengri tíma, og þá helzt til 8 ára eða lengur. Endirinn varð sá, að n. kom sér saman um að leggja til, að formaðurinn yrði skipaður til 6 ára. Vona ég, að þótt vera kunni í d. menn með mismunandi sjónarmið eins og í n., þá geti þeir mætzt á miðri leið með því að samþ. þessa miðlunartill. n., þó að ýmsir, og ég er einn af þeim, kunni að álíta, að heppilegra sé, að formaður sé skipaður til lengri tíma.

3. brtt. er í því fólgin, að ákveðin verði laun þessara bankaráðsmanna. Við hugsum okkur, að formaður bankaráðsins sé einhvern part úr hverjum degi til viðtals í bankanum og hafi umsjá með því, sem þar gerist. Með tilliti til þessa eru laun hans sett þetta hærri en hinna, sem sé, að honum eru ætlaðar 3600 kr. auk verðlagsuppbótar, en hinir eiga að fá 1800. Ég get tekið það fram, að ég hefði vel getað sætt mig við að hafa laun þessara manna lægri, því að þetta mundi ekki verða ýkjamikið starf fyrir aðra en bankaráðsformanninn, en um þetta varð samkomulag í n., og tel ég sjálfsagt að fylgja því.

Þá skal ég geta þess, að n. var dálítið að velta fyrir sér þessu 6 þús. kr. hámarki, sem lánin mega ná. N. var ljóst, að það er ekki hátt, ef þetta smábýli er að öllu leyti byggt upp fyrir lán, og frá því sjónarmiði gat verið ástæða til að hækka þetta 6 þús. kr. hámark. Hins vegar er það vitað, að hver, sem tekur lán, þarf að koma til með að standa undir því, og eftir því, sem gengur að standa undir lánum, er hvíla á bændum í venjulegum árum, þá munu þessi 6 þús. vera nóg til að standa undir fyrir þá, sem þessi býli reisa. N. sá sér því ekki fært að hækka þetta hámark.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að taka fram f. h. n. um þetta frv. N. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég hef nú greint frá.

Bernharð Stefánsson: Ég finn ástæðu f. h. okkar flm. þessa frv. til að þakka n. fyrir, hvað fljótt og röggsamlega hún hefur afgr. þetta mál.

Um brtt. n. vil ég segja það, að við flm. höfum ekki borið okkur saman um þær, en ég get fyrir mitt leyti vel á þær fallizt. Um 1. brtt., sem er við 2. gr., um það að fella burt ákvæðin um ábyrgð sveitarfélaga, er það að segja, að það kom til orða í mþn., sem samdi frv., að nema þetta atriði burt, og það hafði fylgi þar. En ástæðan til þess, að það var ekki borin fram till. um þetta þá, var sú, að okkur fannst, að ef það væri gert á annað borð, væri eðlilegast að bera fram sams konar till. viðvíkjandi hinum deildum bankans, því, að þar er líka gert ráð fyrir lánum, sem sveitar- og bæjarfélög ábyrgjast. Niðurstaðan varð, að till. okkar í þessu máli fjölluðu eingöngu um þann nýja kafla um smábýladeildina. Mér þykir því það eitt á skorta hjá n., fyrst hún gerir till. um þetta, að hún skuli ekki bera einnig fram sams konar till. um hina kafla búnaðarbankal., því að mér er fullkunnugt um það, sem hv. frsm. vék að, að lán út á ábyrgð sveitarfélaga eru mjög lítið

notuð nú í seinni tíð, og þar sem þau hafa verið notuð, hafa þau gefizt misjafnlega.

Ég hef ekkert að athuga við brtt. n. um stjórn bankans. Mér finnst það ekki skipta ýkjamiklu máli, þó að formaðurinn sé skipaður til 6 ára í staðinn fyrir 4. Það er sjálfsagt á margan hátt til bóta, eins og hv. frsm. orðaði það. Ekki finnst mér heldur fara illa á því, eins og n. gerir till. um, að laun bankaráðsmanna séu ákveðin. Mér finnst, úr því það er gert, að formaður bankaráðsins ætti varla að hafa lægri laun en meðbankastjórar við Búnaðarbankann höfðu áður, því að honum er í sjálfu sér ætlað sams konar starf og þeim voru ætluð, þó með þeim mun, að þeir voru tveir, en hann er einn, og má því búast við, að hann hafi meira starf en meðbankastjórarnir höfðu áður, á meðan þeir voru, en þetta er kannske sniðið eftir launum núverandi gæzlustjóra, því að ég verð að kannast við, að ég veit ekki, hversu há þau laun eru. Þetta starf formannsins verður sjálfsagt einnig líkt starfi því, sem gæzlustjórinn hefur nú.

Ég er sammála hv. frsm. um það, að þóknunin til hinna bankaráðsmannanna sé óþarflega hátt sett, 1800 kr. auk dýrtíðaruppbótar, því að ég býst ekki við, að starf þeirra verði annað en að sitja á fundum einstöku sinnum. Þess konar störf eru það, sem menn í stjórnmáladeilum benda á og kalla bitlinga, og að líkindum lenda þau hjá launamönnum í Reykjavík, sem frá sjónarmiði margra eru nægilega hátt launaðir fyrir. Finnst mér þó, að betur færi á því, án þess að ég ætli að fara að gefa nokkra reglu um það fyrirfram, að til þessa starfs væru valdir bændur, svo að þeir hefðu áhrif á stjórn bankans.

Þetta er aðeins stutt aths., en ég kvaddi mér aðallega hljóðs til þess að þakka n. fyrir, hvað hún hefur afgr. þetta mál fljótt og hvað hún hefur orðið sammála okkur flm. frv., því að þessar breyt., sem hún flytur, raska ekki stefnu frv. né tilgangi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það eru aðeins örfá orð til að gera grein fyrir ástæðunni, að ég varð að lokum sammála hv. frsm. um skipunartíma formanns bankaráðsins. Ég hreyfði því líka í n., og er bezt, að ég segi það nú, hvað kom mér til þess að fallast á, að það yrðu 6 ár.

Eins og stendur í frv., þá er skipunartími bankaráðsins aðeins 4 ár, og þeir eru aðeins þrír. Og ef formaður er líka skipaður til aðeins 4 ára, þá gæti farið svo, að skipt yrði um alla stj. á einum og sama degi. Þetta er ekki þægilegt, og þurfa að vera reglur, sem koma í veg fyrir þetta. Þess vegna var það, að ég vildi, að þótt skipt væri um aðra nm., þá væri formaðurinn eins og seglfesta, eins og kunnugur maður, sem stjórnaði störfum ráðsins og hyrfi ekki úr því fyrr en hinir nýkosnu menn væru orðnir kunnugir málefnum bankans.

Ég þarf svo ekki að orðlengja um þetta frekar, við erum að öðru leyti alveg sammála um þessi atriði. Ég get sætt mig við, að skipunartími formanns sé þetta langur, með þeirri ósk, að valinn væri sæmilegur maður til þessa starfs, þó að ég jafnvel beri ekki fullt traust til þess, að það verði gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 111,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 111,2.a samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, PHerm, PZ, SÁÓ, ÞÞ, BSt, HermJ, EÁrna.

nei: ÁJ, BrB.

6 þm. (JJós, JJ, MG, MJ, BSn, ErlÞ) fjarstaddir.

Brtt. 111.2,b samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 139).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 211).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég skal fyrst geta þess, að í 1. gr. frv. hefur fallið niður orðið rekstrarlánadeild. Þessi breyt. er þó engin efnisbreyting.

Félög, er fá lán úr þessari deild, eru ekki mörg og eru á engan hátt miklir viðskiptamenn fyrir bankann.

Hér er farið fram á, að þessari deild verði veittar 300 þús. kr. á 3 árum úr ríkissjóði.

N. leggur til að deila tillaginu niður á þrjú ár, því það stendur betur á fyrir ríkissjóð, en gerir í sjálfu sér ekkert til fyrir deildina.

Ekki er þess að vænta, að lán úr þessari deild verði svo há, að þetta muni alveg nægja. Þessi till. getur haft talsverða þýðingu.

Annað atriðið er um yfirstjórn bankans. N. leggur til, að skipað verði bankaráð. Bankaráð þetta kysi svo aðalbankastjóra, á sama hátt og bankastjórar hinna bankanna eru kosnir af bankaráði. — N. hefur afgreitt þetta athugasemdalaust að öðru leyti.

Pétur Ottesen: Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara að því er snertir 1. gr. frv., og var

fyrirvarinn byggður á því, að gert var ráð fyrir, að rekstrarlánadeild yrði felld niður og borin fram sú ástæða, að þessi lánastarfsemi hafi aldrei komizt á þann rekspöl, sem ætlazt var til í öndverðu. Enda er nú orðið rýmra um viðskipti á þessu sviði en var, þegar lögin voru sett um þetta. Ég vildi með fyrirvaranum aðeins vekja athygli á, að þarna er verið að nema úr gildi ákvæði, sem þannig var litið á í öndverðu, að gæti haft þýðingu til hagkvæmrar verzlunaraðstöðu.

En eftir að hafa athugað þessa hlið málsins nánar, get ég fallizt á, að eins og nú er komið sé þessa ekki brýn þörf og að við þessa breytingu megi hlíta.

*Sigurður Kristjánsson: Ég veitti því athygli, að vextir af þessum lánum eru taldir 6%.

Ég álít þessa vexti of háa. Í byggingar- og landnámssjóði er þetta öðruvísi. Þar eru greiddir 5% vextir, og tel ég það fyllilega nóg. Ég hef minnzt á þetta við hv. frsm., og hann er mér sammála um, að vextirnir ættu að vera lægri. Og má því búast við brtt. um þetta atriði við 3. umr.

*Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég get heitið því, f. h. n., að þetta verður tekið til athugunar milli 2. og 3. umr.

*Einar Olgeirsson: Hér er talað um að fara að koma upp einhverju bankaráði. Einu sinni var þó sú hliðin upp að fækka öllum n. og þess háttar, til þess að draga úr kostnaði. Hvers vegna á að fara að stofna eitthvert bankaráð? Það væri nógu gaman að fá upplýsingar um það. Hér hafa engin rök komið fram fyrir því. Er það af því að núverandi bankastjórn er ekki störfum sínum nógu vel vaxin? Eða kannske það sé af því, að hér eigi að fara að stofna nýja bitlinga? Ég hygg, að þetta sé hinn mesti óþarfi, og að bezt mundi fara á því að láta Búnaðarbankann óbreyttan. Hann hefur getað starfað bankaráðslaust hingað til. Ég get heldur ekki séð, að nokkur þjóðarhagur sé að bankaráði. Ég mun því greiða atkv. á móti því. — Það má vera, að þetta sé einkaþörf einhverra vissra manna, en áreiðanlega ekki annarra.

Þá er það enn fremur eitt, sem ég vildi gera athugasemd við. Það er viðvíkjandi því, að sameinaðar landbn. Alþ. eiga með hlutfallskosningu að kjósa viðkomandi bankaráðsmenn, Hvað á að þýða að draga úr höndum Alþ. það vald, sem því yfirleitt er þó fengið, þegar um svona er að ræða, og fara að setja það inn í einhverjar n., sem kosnar hafa verið? Eru menn orðnir svona hræddir við sameinað Alþ., að það megi ekki gera þær ráðstafanir, sem því ber að gera?

Er það kannske fjvn., sem á að kjósa bankaráðsmenn í Landsbankann bráðum? Ég veit ekki, hvar þetta ætlar að lenda. Ég sé ekki betur en að þetta sé öfugt við allt lýðræði. En tilgangurinn með því að kjósa n. eða ráð, sem l. samkvæmt á að kjósa á opnum fundum í Sþ., er sá, að þm. fyndu til einhverrar ábyrgðar gagnvart þjóðinni og umbjóðendum sínum. En það á að flýja inn í einhver skúmaskot með þetta. Það er af því að þeir, sem að þessu standa, þora ekki að láta þjóðina sjá, hvað verið er að framkvæma. Þeir þora ekki að koma í dagsljósið með gerðir sínar.

Ég sé enga ástæðu til þess að koma þessu bankaráði á, en ef því er komið á, sé ég ekki, hvaða ástæða er til þess að kjósa það ekki á fundi í Sþ. Ég sé ekki einu sinni, hvaða ástæðu þjóðstj. hefur annars til þess að flýja frá Sþ. og í landbn., því að mér hefur sýnzt, að þeir, sem að henni standa, geti komið sér saman með fullkomnu baktjaldamakki að skipta á milli sín bitlingum, sem þeir skapa. Samvizka þeirra hlýtur að vera eitthvað athugaverð í þessum skollaleik og hlaupum inn í skúmaskot landbn.

*Sigurður Kristjánsson: Herra forseti! Ég hafði einmitt hugsað mér að gera athugasemd við 3. gr. frv., m. a. það atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. var að gera að umtalsefni, um leið og ég talaði um vextina, og hætti ég ekki við það, og vil þess vegna fara um það nokkrum orðum.

Ég er alveg á sömu skoðun og hv. 4. þm. Reykv. um það, að það er verið að fara inn á dálítið athugaverða braut með því að áskilja einhverri sérstakri n. rétt til þess að útnefna trúnaðarmenn, sem eiga að vera trúnaðarmenn Alþingis. Þetta er ekki aðeins upphafið. Fjvn. er byrjuð á því, eða menn fyrir hennar hönd, að pota henni fram til slíks. Og má mikið vera, að það verði ekki samkeppni um það að komast í þá n., sem á að vera nokkurs konar veitingarvald fyrir stöður, sem ég skal ekki segja, að verði bitlingar.

Ég álít þetta mjög athugaverða og jafnvel háskalega braut að ganga inn á. Hvað verður langt þangað til fjvn. heimtar að mega skipa bankastjóra og bankaráðsmenn í Landsbankann, og svo að sjútvn. vill hafa hlutdeild um Útvegsbankann, skipa gæzlustjóra þar og við fiskveiðasjóð o. fl.?

Ég held, að þetta sé mjög athugaverð braut, sem við erum hér að ganga inn á. Og hafði ég hugsað mér að gera athugasemd við þetta, og get það ekki síður, þó að hv. 4. þm. Reykv. gerði það. Og það er rétt að það komi fram, að það eru fleiri þeirrar skoðunar. Um það, hvort rétt sé að hafa gæzlustjóra við þessa banka, ætla ég ekki að ræða sérstaklega. Ég vil þó benda á það, að það er ekki óeðlilegt, þó að Alþ. vilji hafa eitthvert öryggi fyrir stjórn svona mikilsverðra stofnana og eiga einhverja trúnaðarmenn, sem þar gætu haft gát á, hvernig öllu væri háttað. Það er náttúrlega ekki útilokað, að slíkir menn geti orðið nafnið tómt, og þess vegna lítils verðir. En það er þó ekki tilgangurinn. Og ég held þess vegna, að það sé vel til fallið, að bankastjóri hvaða banka sem er hafi einhverja menn, sem gæti þess, hvernig stofnuninni er stjórnað, og séu þeir bankastjórum einnig til ráðuneytis.

Það er líka þjóðfélaginu óhollt, að þeir verði allt of einráðir um bankamálin, sem hafa svo mikla þýðingu fyrir alla okkar lífsbaráttu. Hitt er að sjálfsögðu athugandi, að þessum eftirlitsmönnum séu ekki skömmtuð óhóflega há laun fyrir starf sitt, og eins sé hins gætt, að þeir ræki sitt starf vel og sofni ekki á verðinum.

*Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Í tilefni af þeim ummælum, sem fallið hafa, vil ég benda á, að það bankaráð, sem hér er sett upp, er sett í staðinn fyrir þann gæzlustjóra, sem hefur verið við bankann, svo að það er ekki fellt niður embætti hans með öllu og ekki stofnað nýtt embætti, heldur ráð, eins og jafnan hefur þótt sjálfsagt að hafa við ríkisbankana. Hér er því ekki um stóra útgjaldabreytingu að ræða, heldur er þessi banki settur í nánara samband við stjórnarvöld landsins, og hlutfallskosning getur þá komið til greina. En þetta getur verið til öryggis fyrir Búnaðarbankann og líka til öryggis um það, að lánadeild verði stofnuð við bankann samkv. frv., sem láni til ræktunar á smábýlum úti um land. Þetta er gert í samráði við bankastj. og landbrh. og hefur ekki valdið ágreiningi hingað til. Í ádeilum sínum um það, að þessir bankaráðsmenn séu kosnir af landbn., hafa hv. þm. ekki gætt þess, að hin bankaráðin bæði eru ekki kosin af Alþ. Bankaráð Landsbankans er kosið af landsbankan. Bankaráð Útvegsbankans er kosið á aðalfundi bankans, þar sem fjmrh. fer með meiri hl. atkv. fyrir hönd ríkisins. Svo hér er ekki vikið út af neinni braut, sem áður hefur verið viðurkennd. Og ég sé ekkert því frekar til fyrirstöðu, þó að fjvn. kysi bankaráð Landsbankans, heldur en að landsbankan. geri það.

Þeir, sem þykjast allra viðkvæmastir fyrir lýðræðinu í landinu, fá hér ekki átyllu til þess að hamast fyrir sínum hugsjónum.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Viðvíkjandi því, hvernig kosningin fer fram á bankaráði Búnaðarbankans samkvæmt þessu frv. og því, sem hv. þm. V.-Ísf. sagði, vildi ég leyfa mér að gera þá athugasemd, að landbn. hér á Alþ. eru kosnar hvor af sinni d., en landsbankan. er kosin af sameinuðu Alþ. Og það gerir strax nokkuð mikinn mun í þessu efni. Þar fyrir utan ber þess að gæta, að landsbankan. er tiltölulega mjög stór n. og hefur a. m. k. lögákvæði um það, hvenær hún eigi að koma saman, og það eru ákvæði í l. um það, hvernig hún á að starfa, og hún hefur rétt, svo framarlega sem hún vill nota hann, til þess að geta haft kontrol yfir bankanum. Landbn. eru starfandi n. þingsins, og þær eru ekki eins lýðræðislega kosnar eins og landsbankan. Þess vegna er þar að ýmsu leyti óliku saman að jafna. Samt vita menn, að það hefur komið mjög mikil gagnrýni á landsbankan. Og ég man ekki betur en einmitt hv. þm. V.-Ísf. hafi átt þátt í till. um mjög ýtarlega breyt. á þeirri n., vegna þess að hún væri ekki heppileg eins og hún væri. Og álit, sem komið hefur fram frá Alþfl. í þessu efni, hefur gengið út á aukið vald þingsins yfir bankanum. Þess vegna er Alþ., með því að láta landbn., sem kosnar eru hvor af sinni deild, kjósa þessa bankaráðsmenn, að skjóta sér enn þá meir undan ábyrgðinni í þessu efni. Ég tel það miklu eðlilegra, ef um er að ræða, að stofnað sé slíkt bankaráð, að það sé gert af Alþ. sjálfu. Það er regla, sem hefur verið höfð við flest stórfyrirtæki ríkisins, þar sem yfirleitt er nauðsynlegt að hafa slíkar n., svo sem hjá síldarverksmiðjum ríkisins og annars staðar, þar sem slíkar n. eru. Ég veit ekki til, að uppástunga hafi komið fram um það, að sjútvn. kjósi stjórn síldarverksmiðja ríkisins eða þess háttar. Ég held, að mönnum mundi finnast það ákaflega óeðlilegt.

Það var dregið úr höndum Alþ. valdið til þess að veita skáldum og listamönnum styrk og flutt til menntamálaráðs. Þetta gengur allt út á það sama, að rýra vald Alþ., koma þessu og mörgu öðru úr höndum þess, skapa milliliði og koma öðrum áhrifum að heldur en þeim aths., sem kæmu í ljós, þegar svona ákvarðanir væru teknar á opnum fundum.

Hvað Útvegsbankann snertir, þá er það annað mál, vegna þess að þar er um hlutafélag að ræða, og sá ráðh., sem fer með bankamálin, fer með það vald fyrir hönd ríkisins.

Ég mun koma með brtt. við frv. við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 211,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 211,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 249, 253, 276).

*Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Landbn. flytur hér 2 brtt. Önnur er í samræmi við þær umr., sem fóru fram við 2. umr. þessa máls. Sú till. er um að fella niður ákvæði um, að vextir skuli vera 6%. Þar sem engum opinberum stuðningi er heitið í þessu frv. um vaxtaframlög frá ríkissjóði, verða vextirnir því að vera í samræmi við þá vexti, sem lánadeildin verður að borga af því fé, sem hún fær frá ríkissjóði. Má gera ráð fyrir, að það fari ekki fram úr 6%. Hin brtt., sem n. flytur, er á þá leið, að auk bankastjóra skipi bankaráð bókara og gjaldkera.

*Sigurður Kristjánsson: Ég á hér litla brtt. á þskj. 253, og þar sem ég mælti fyrir henni við 2. umr., þarf ég ekki að endurtaka neitt af því, sem ég sagði þá, og skal því vera stuttorður.

Má búast við því, ef farið verður að fela einni n. Alþ. að ráða stjórn eða stjórnarnefndarmenn við einhverja stofnun, eins og hér í frv. að fela á landbn. Alþ. að kjósa stjórn Búnaðarbankans, að aðrir aðilar rísi upp og vilji fá hlíðstæða íhlutun um stjórn þeirra stofnana, sem fara með þau mál, er sérstaklega heyra undir þeirra verksvið. Iðnaðarn. mundi, ef til vill, vilja ráða stjórn iðnlánasjóðs, fjvn. og fjhn. stjórnum bankanna, sjútvn. stjórn fiskveiðasjóðs og ýmsu fleiru, sem útgerðinni við kemur. Mér sýnist, að hér sé að þarflausu verið að stofna til þess, að smærri hópar manna innan Alþ. taki að sér að

ráða hlutum, sem í eðli sínu heyra undir ríkisstj. eða sameinað Alþ. Ég vil, að hér sé numið staðar á þeirri braut í tíma.

Ég hafði ætlað mér að bera fram brtt. viðvíkjandi 2. gr. f. þessa frv., þar sem ákveðnir eru vextir af útlánum. En hv. frsm. málsins gaf mér þær upplýsingar, að landbn. mundi koma með brtt. þessu viðvíkjandi við 3. umr., og lét ég því fyrir farast að flytja brtt. við þennan lið frv. Nú sé ég, að hv. n. hefur farið þá óvissu leið í þessum efnum að bera fram till. um, að ekki skuli vera í l. nein ákvæði um upphæð vaxtanna, en þá fellur það náttúrlega undir stofnunina sjálfa að ákveða þetta.

Nú fæ ég ekki skilið, hvers vegna væntanlegir lántakendur úr þessari lánadeild, sem hér er um að ræða, mega ekki eiga það víst fyrirfram, hvað vextirnir eru háir, og þar af leiðandi er ég óánægður með þessa úrlausn málsins.

En af því að þetta er síðasta umr. málsins hér í hv. d., þá vil ég leyfa mér að bera fram skriflega brtt. um það, að í stað 6%, eins og hér liggur fyrir í frv., komi 4½%.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 283) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): N. sá sér ekki fært að bera fram till. um ákveðna vexti, nema um leið væri heitið framlagi úr ríkissjóði til þess að greiða vaxtamismun, ef lán deildarinnar væru það dýr, að vextirnir þyrftu að vera hærri en 4½ til 5%. Þetta vaxtaákvæði mundi því þýða það, að lánadeildin þyrfti að hætta störfum, ef vextirnir væru dýrari en 4½%. Hins vegar eiga lántakendur víst, hvaða vexti þeir eiga að borga af lánum sínum, meðan þau standa, því að vöxtum verður ekki breytt frá því, sem þeir eru fyrst, þegar lánin eru tekin. Lánin verða vafalaust skuldulán, og á þeim eru fastir og ákveðnir vextir, og af þeim lánum, sem veitt eru, meðan þau skuldulán hrökkva til, verða vextirnir líka fastir og ákveðnir, rétt eins og í veðdeild.

Mér þykir það skorta á till. hv. 5. þm. Reykv., að ríkissjóður eigi að greiða vaxtamismuninn, ef deildin greiðir hærri vexti en hún tekur sjálf og ríkisframlagið hrekkur ekki til að jafna þann mismun.

Landbn, heldur fast við sína tillögu um það, að bankaráðið sé kosið af landbn. Landsbankan. er dæmi um þetta, og mörg önnur dæmi eru til, því að það er mjög venjulegt, að þingið feli bæði stofnunum og n. og þá sérstaklega ríkisstj. að tilnefna menn eða n. Það er þá mjög eðlilegt, að Alþ. framselji þetta vald sitt, en þá er jafnframt ætlazt hér til, að sömu hlutföll gildi í flokkaskiptingu hjá þeim n., sem taka við þessu valdi, og hjá Alþ. sjálfu. Og þegar ekki eru kosnir nema 2 menn, er öruggt, að þau hlutföll, sem eru milli flokka þingsins, fái að njóta sín í n.

Þessi n. er sérn. og er náskyld starfi því, sem Búnaðarbankinn á að sinna, og flokkaskiptingin er sú sama og í Alþ., og ef Alþ. framselur sitt vald, er ekkert við það að athuga. N. heldur fast við sína till., og tjáir ekki meira um það að tala.

*Sigurður Kristjánsson: Það má vel vera, að það skorti á, að ákveðið sé, að ríkissjóður greiði vaxtamismun, ef ekki er unnt að fá lán með svo bærilegum kjörum, að 4½% útlánsvextir standist, þrátt fyrir framlag ríkissjóð. En nú er ekki hægt að segja um það fyrirfram, með hvaða kjörum slíkt lán sem þetta fæst, og þess vegna er í raun og veru ekki hægt að láta þessa heimild, um greiðslu úr ríkissjóði á vaxtamismun, fyrr en það er komið í ljós. En það er alltaf opin leið til þess og gengið út frá því, að þegar Alþ. afgreiðir l., sem beint eða óbeint skapa ríkissjóði útgjöld, þá verði á eftir ekkert því til fyrirstöðu, að slík heimild fáist, ef hennar þarf þá með. Það má vel vera, að þegar svona stendur á, þurfi heimildar með, en annars er venjulega gengið út frá því, að ríkisstj. sé heimilt að greiða allan þann kostnað, sem l. frá Alþ. skapa. Ég held þess vegna, að það sé alveg óhætt að ákveða vexti án þess að þessi heimild fylgi nú þegar. En það er ekki hægt að neita því, að það er dálítið óeðlilegt og einnig óvenjulegt með þessi lán, sem ætluð eru til býla og ræktunar jarða eða húsabygginga, að þeim fylgi ekki einmitt ákvæði um vexti. Ég álít, að þessi tegund býla eigi ekki að sæta neitt lakari vaxtakjörum heldur en annað hliðstætt, sem ríkið hefur styrkt og komið á fót til þess að skapa afkomumöguleika fyrir almenning.

Út af hinu atriðinu í brtt. minni hér á þskj. 253, þá hefur frsm. komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta sé eðlilegt, og eins og hann sagði, að það væri öruggt, að sameinaðar n. beggja d. mundu sjá um það, að sömu hlutföll yrðu hjá stjórnendum svona stofnunar, eða að minnsta kosti milli þeirra manna, sem n. kysu, eins og í sjálfu Alþ.

Ég er alls ekki viss um það, að það sé það einasta, sem þarf að gæta að, því að það er náttúrlega réttmætt frá landsmálalegu sjónarmiði, að hlutföllin verði svipuð eins og þau eru í þinginu. En þá gæti það nú vel verið, að til væru þeir menn, sem frá sjónarmiði Alþ. væru svo sjálfsagðir til þess að hafa íhlutun í stjórn svona fyrirtækis, að þar mættu nú pólitískir litir víkja. Einnig gæti verið, að til væru menn, sem væru svo ákveðnir málbúningsmenn, utan við alla pólitík, að ekki væri hægt að draga þá í pólitískan dilk, en væru þó vel til þess fallnir að hafa hlutdeild í ábyrgðarstarfi hjá slíkum lánsstofnunum.

Ég sé enga ástæðu til þess að trúa einni n. þingsins betur fyrir slíku málefni en Alþ. í heild. Ég sé ekki líkur til þess, að slík n. fyndi farsælli ráð heldur en þingið sjálft. Hitt sýnist mér, að vel gæti verið, að n. í þinginu gerðust í svona máli eins konar hagsmunaklíkur, þó að það sé kannske ekki fallega spáð, og færu að setja við þessar stofnanir alls konar fólk, sem þessi fámenna hagsmunaklíka teldi sér bera að sjá fyrir brauði. Og ég kæri mig ekkert um að stofna til þess, að þetta verði framkvæmt af svo að segja hverri n. í þinginu, og hver n. færi að taka að sér sérstaka menn, sem hún þyrfti

að útvega brauð, kannske að minnsta kosti með því að líta mjög mildum augum á það, hvernig þessir menn væru til þess fallnir að rækja sitt starf.

Það má kannske segja, að það sé ekki sverjandi fyrir það, að Alþ. í heild kunni ekki einnig að geta gert sig sekt um þessa hluti, en það mundi þó verða að framkvæma sínar gerðir fyrir allra þm. augum og eyrum, og ég vil halda, að það sé meiri trygging fyrir því, að með þetta væri sæmilega farið, heldur en ef það væri í höndum fámennrar n.

Ég get því ekki vikið frá því að halda fram þessari till. og legg meira að segja mikla áherzlu á það, að hún verði samþ., því að ég er sannfærður um það, að allt annað er leið til þess að koma á óheilbrigðu skipulagi í þessu máli, að draga þau frá augum og eyrum almennings og inn í þröngan hring, þar sem hægt er að pukra miklu meira með þau.

Það má telja, að þetta séu getsakir einar, en lífið og reynslan hafa sannað þetta, og þess vegna er ekki nema nauðsynlegt að setja undir slíkan leka sem þennan.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég fæ ekki betur séð en að Alþ. sjálft hafi sömu kosti og galla og hv. 5. þm. Reykv. eignaði n. Andstæðingar eru vanir að segja hið sama og hann sagði nú um allar kosningar, sem fara fram í sjálfu Alþ. Að fela slíkt mál n. er því ekki á neinn hátt að pukra með það, því að kosningar á Alþ. sjálfu eru umræðulausar, og það eina, sem birtist almenningi, hver hlaut kosningu, og þetta birtist engu síður, þó að kosið sé í n. Hér er því ekki um neitt pukur að ræða við kosningar á nefndarfundum, því að þá er birt hið sama og við kosningar á opinberum þingfundum. Það er því ekki ástæðulaust að fela þessari n. þessar framkvæmdir, meðan ekki kemur í ljós, að það sé óheppilegt. Þeir menn, sem standa utan við bankamál og væru æskilegir bankaráðsmenn, hafa engu minni möguleika til þess að vera kosnir í n. heldur en af sjálfum aðalflokkum Alþ.

ATKVGR.
Brtt. 276,1 samþ. með 13:6 atkv.
— 283 kom ekki til atkv.
— 276,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 253 felld með 11:6 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 46. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 284).

Á 48. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 284, 310).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv. er komið aftur frá hv. Nd., og hefur hún gert nokkrar breyt. á því. Aðalbreyt. er sú, að þar sem gert var ráð fyrir því hér í hv. d., að landbrh. skipaði bankastjórann, er nú gert ráð fyrir því í frv., að bankaráð skipi bankastjóra, bókara og gjaldkera. Þessa breytingu mun hv. Nd. hafa gert til þess að fá fram samræmi við reglurnar um Landsbankann, en þar ræður bankaráð bankastjóra, bókara og gjaldkera. Má deila um það, hvort þessi breyting er til bóta eða ekki, og tel ég ekkert unnið með henni, en mun þó sætta mig við hana. Þó hefur hv. Nd. láðst að breyta 68. gr. l. til samræmis við þetta, en þar stendur, að ráðh. skipi bókara og féhirði. Höfum við gert viðeigandi breyt. á þeirri gr. Í stað þess að segja, að ráðh. skipi bókara og féhirði, leggjum við til, að sagt sé: „Bankastjóri ræður aðra starfsmenn bankans en bókara og féhirði.“ Svo er önnur brtt. á þskj. 310, þar sem við leggjum til, að „féhirðir“ komi í stað „gjaldkera“, og er það talin betri málfræði. Þá er enn brtt. við 4. gr., þar sem vitnað er til „sömu laga“, en þar er í rauninni ekki um að ræða sömu l., heldur breytingu á þeim l. Þessar brtt. eru allar sjálfsagðar og þarf ekki að gera ýtarlegar grein fyrir þeim. Aðalatriðið er það, hvort hv. Ed. vill fallast á breyt. hv. Nd., að bankaráð skipi bankastjóra, bókara og féhirði, í stað þess, að ráðh. skipi þá.

ATKVGR.
Brtt. 310,1.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 310,1.b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 310,2 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 323).

Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 353).

39. Sandgræðsla og hefting sandfoks.

Á 30. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um sandgræðslu Íslands og hefting sandfoks (þmfrv., A. 128).

Á 31. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. flytur þetta frv., og vil ég geta þess í upphafi máls, að einstakir nm. hafa óbundnar hendur til að bera fram brtt. við frv.

Gildandi sandgræðslulög eru frá 1923. Nokkrar minni háttar breytingar voru gerðar 1927, en síðan hafa þau verið óbreytt.

Í þau 18 ár, sem liðin eru frá því l. þessi gengu í gildi, hefur mikið verið starfað að sandgræðslu hér á landi. Ég hygg ekki ofmælt, að meiri árangur sjáist af því fé, er varið hefur ver-

ið til sandgræðslu, heldur en af flestum öðrum framlögum til nytjamála hér á landi. Sá árangur er fyrst og fremst því að þakka, að óvenju duglegur og árvakur maður hefur veitt sandgræðslumálunum forstöðu. Hefur honum því orðið ótrúlega mikið úr því litla fé, sem hann hefur haft handa í milli. Heilum sveitum hefur verið bjargað frá að leggjast í eyði. Allmargar jarðir hafa nú verið byggðar upp að nýju, sem áður voru orðnar örfoka og lagðar í auðn. Þetta sýnir, að framkvæmdir hafa verið miklar í þessu efni, enda hefur þetta mál verið í góðum höndum hjá sandgræðslustjóra, sem er þekktur að dugnaði og skyldurækni.

Þetta frv. er byggt á þeirri reynslu, sem hann hefur öðlazt í fleiri áratuga starfi í þágu sandgræðslumálanna. Um áramót í vetur fól forsætisráðherra þremur mönnum, sandgræðslustjóra, Magnúsi Torfasyni fyrrv. alþm. og búnaðarmálastjóra, að semja frv. til laga um sandgræðslu. Þessir menn endurskoðuðu síðan sandgræðslulögin og sömdu nýtt frumvarp. Frumvarpið var síðan lagt fyrir búnaðarþing, sem athugaði það rækilega og mælti eindregið með samþykkt þess. Forsætisráðherra hefur síðan óskað eftir, að landbn. flytti frv. Hefur nefndin gert nokkrar brtt. við það, en flytur það þó í meginatriðum í því formi, sem það hafði.

Í þessu frv. felast 3 meginbreytingar frá eldri lögum.

Sú fyrsta er, að gert er ráð fyrir eignarnámi þeirra landa, sem taka þarf til sandgræðslu. Þó er gert ráð fyrir, að bændur geti óskað eftir, að landið sé tekið til græðslu, þótt það verði ekki tekið eignarnámi. Þessi breyting er gerð vegna þess, að oft hefur komið upp ágreiningur um sandgræðslulönd, þegar löndin voru að byrja að gróa. Bændur vildu þá fá löndin aftur, áður en sandgræðslustjóri taldi tíma til kominn. Þess vegna er það álit sandgræðslustjóra og einnig bæði búnaðarþings og n., að heppilegast sé, að höfuðreglan sé sú, að Sandgræðslan taki löndin eignarnámi. Hins vegar töldu þeir hyggilegt, að bændur gætu fengið lönd sín endurheimt, þegar uppgræðslunni er lokið. Í flestum tilfellum eru löndin lítils eða einskis virði, þegar þau eru tekin til ræktunar.

Þá er annað nýmælið, sem fjallar um að gefa sandgræðslustjóra heimild til að ráðstafa sauðfé, sem þráfaldlega gengur inn á sandgræðslusvæðin og veldur þar tjóni. Það hefur komið fyrir, að kindur stökkva inn í girðingar, þar sem nýbúið er að sá melgrasi, og valda þær oft allmiklum skemmdum. Sandgræðslustjóri á samkvæmt frv. að fá heimild til þess að taka þetta fé og afhenda hreppstjórum, og þeim gefið vald til að lóga því, ef þörf krefur, en auðvitað með því móti, að eigendur fengju fullt gjald fyrir. Hér er ekki átt við aðra gripi en þá, sem þráfaldlega sækja á girðingarnar. Vitað er, að til eru sauðkindur, sem eru þannig, að engar girðingar halda þeim, og verður að vera til heimild til þess að lóga þeim, svo að fáar skepnur geti ekki eyðilagt þær.

Þá er þriðja nýmælið, sem er að finna í 14.—15. gr. frv. og ég tel eitthvert þýðingarmesta nýmælið. Þar er heimilað, með ýmsum takmörkunum þó, að gera ítölu í lönd og jarðir, sem álitnar eru verða fyrir ofbeit og örtröð kvikfénaðar. Í ýmsum sveitum hér á landi er ofsett á löndin af kvikfé. Eigi má þó beita ákvæðum þessum nema með varúð og þar, sem brýna nauðsyn ber til. Það er vitanlega of dýrt að láta löndin eyðast fyrst og svo græða þau á eftir með ærnum kostnaði. Í þessu tilfelli ber að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta, en vil leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr.[1])

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 37. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 128, n. 236).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er komið frá Nd. Það barst landbn., sem tók málið til flutnings frá búnaðarþingi, en til búnaðarþings kom það frá ríkisstj., sem hafði látið sandgræðslustjóra, búnaðarmálastjóra og Magnús Torfason fyrrv. sýslumann undirbúa málið.

Í frv. er gert ráð fyrir, að hægara sé um vik að taka til starfa og hefta sandfok en áður var. Áður var það svo, að það var nær útilokað nema með sérstökum l. í hvert skipti að hefta sandfok, nema fullt samkomulag næðist milli jarðareigenda og hins opinbera. En hér er gert ráð

1) Ritarinn hefur skrifað svo miklar vitleysur í ræðuna, en hins vegar sleppt svo mörgu, sem ég tók þar fram, að ómögulegt er að leiðrétta að fullu. StgrSt.

fyrir, að ráðh. sé heimilt, að fengnu áliti Búnaðarfélags Íslands, að taka land eignarnámi, sem er að blása upp, til þess að hefta sandfokið, enda komi fullar bætur fyrir og það fari fram samkv. l. um eignarnám. Það eru víða landsvæði, sem meira og minna liggja undir skemmdum vegna sandfoks, en einstaklingar hafa ekki opin augun fyrir að gera ráðstafanir til að hefta sandfokið, meðfram af því, að þótt sandfok sé á því, þá er landið notað til beitar, sem eigendurnir telja sig ekki geta misst.

Annað aðalatriði frv. er það, að hið opinbera geti fylgzt með því og gert sínar ráðstafanir, ef hætta er talin á sandfoki vegna ofbeitar á land. Það er gert ráð fyrir, að sandgræðslustjóri fylgist með þessu og tilkynni Búnaðarfélagi Íslands, ef hann telur hættu á uppblæstri. Er síðan gert ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands láti framkvæma ítölu í landið, þannig að ákveðið sé, hvað mörgu fé megi beita á landið og því skipt milli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli. Þetta ákvæði er nýtt í frv. og er áreiðanlega til mikilla bóta. Í sambandi við þetta atriði er eina brtt. n. Það lítur svo út, sem það hafi ekki verið athugað, þegar frv. var samið, að þessi ítala geti þurft að fara fram í lönd, sem fleiri hreppar eiga saman, eins og sum afréttarlönd. Brtt. n. er gerð til þess að kveða skýrt á um það, hvernig skuli að farið, þegar svo stendur á.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég lít sjálfur svo á, að þetta mál sé sjálfsagt og eigi að ná fram að ganga. Vænti ég þess, að hv. d. líti sömu augum á það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 236,1 (ný 15. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 236,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um sandgræðslu og hefting sandfoks.

Á 46. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 272).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 272).
Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 354).

---

40. Kolaveiði, sala og útflutningur.

Á 32. fundi í Nd., 7. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um veiði, sölu og útflutning á kola (þmfrv., A. 149).

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Sjútvn. hefur flutt frv. þetta til að bæta úr þeirri vöntun, sem á því hefur verið, að eftirlit væri haft með því, að ákvæðum gildandi l. um möskvastærð veiðarfæra og lágmarksstærð og lágmarksþyngd þess fiskjar, sem veiðist í dragnót, sé framfylgt, og jafnframt til þess að bæta úr því, að engin lagaákvæði eru til um lágmarksstærð og lágmarksþyngd þess kola, sem veiddur er í botnvörpur, en botnvörpuveiðar mótorbáta hafa mjög aukizt á síðari árum, og lítur helzt út fyrir, að kolastofninn gangi til þurrðar á skömmum tíma, ef ekki er að gert.

Álít ég, að hér sé um nauðsynjamál að ræða og vænti, að það fái góðar undirtektir í deildinni. Að öðru leyti nægir að vísa til greinargerðar frv., og óska ég, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 42. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 260).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Þetta frv. hefur verið til athugunar í sjútvn., og hefur hún fallizt á nauðsyn þess að stemma stigu fyrir rányrkju veiðistofnsins, en að því miðar frv.

Þar sem ákveðið er í frv., að allur koli skuli flokkaður og metinn, þótti n. rétt að kveða skýrt á um það, að kostnaður við matið skuli borinn uppi af eigendum aflans, eins og eigendur saltfisks t. d. greiða undirmatsmönnum þeim, sem meta saltfiskinn. Hins vegar skal ríkissjóður bera kostnað af starfi yfirmatsmanna, eins og hann kostar yfirfiskimat yfirleitt. Það getur verið, að hv. Nd. hafi þótt þetta liggja í hlutarins eðli, en okkur þótti þörf á að taka þar af tvímælin og leggjum það til í brtt. á þskj. 260.

Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að lesa í málið í brtt., þar sem misritazt hefur af vangá „nýr málsliður“ fyrir „ný málsgr.“.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 260 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 282).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 355).

---

41. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 178).

Á 36. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*__Frsm. (Magnús Jónsson)__: Eins og sagt er í grg., þá er frv. þetta samið og borið fram að tilhlutan nokkurra manna úr stjórnarflokkunum, sem undanfarið hafa kynnt sér þessi mál. Frv. er flutt af fjhn. þessarar d.

Það má segja, að þetta frv. sé hálfgert harmkvælabarn, því að fæðingarhríðirnar hafa verið með harðasta móti, og nú þegar það loksins er fætt, má segja, að það sé munaðarlaust, og ef það kemst á legg, þá verður það ef til vill ekki elskað eins mikið og það ætti skilið. Þó að skoðanir verði kannske skiptar um þetta frv., þá er það ekki verra fyrir það, því að það er sagt um dóma, að þeir séu einna réttlátastir, ef báðir eða allir aðilar eru óánægðir með þá.

Margir eru undrandi yfir því, hve lengi þetta frv. hefur verið á leiðinni og hve lengi Alþ. hefur verið að koma því úr höfn. Þetta er þó alls ekkert undarlegt, þegar þess er gætt, að þeir flokkar, sem að samsteypustjórninni standa, eru mjög ósammála um allt, er að skattamálum lýtur og skattastefnum. Þetta er einhver harðasta eldraunin, sem stjórnarflokkarnir hafa gengið í gegnum, og því ekkert undarlegt, þó að seint hafi gengið að fá þetta fram.

Þó er ekki hægt að segja, að það hafi tekizt til fullnustu, því að sennilega eru engir fyllilega ánægðir með frv. eins og það nú liggur fyrir. Ég mun ekki ræða hér um ágreininginn, sem er á ýmsum sviðum milli flokkanna í þessu máli. En af öllu er augljóst, að mjög erfiðlega gekk að ná samkomulagi. Enginn vafi er á, að frv. hefði litið öðruvísi út, ef framsóknarmenn og alþýðuflokksmenn hefðu verið einráðir, og sömuleiðis hefði það einnig fengið annan búning, ef ráðin hefðu að öllu leyti verið hjá Sjálfstfl.

Ég hef sem form. fjhn. framsögu í þessu máli, og vil ég í framsöguræðu minni reyna að sneiða hjá öllum ágreiningi. Ég tel það bera vott um pólitíska þroska, að flokkarnir skuli geta staðið í sameiningu að þessu frv., því að ávallt er það mikil freisting fyrir hvern og einn að láta sína skoðun ráða.

Í fyrsta lagi má geta þess, að þetta var í raun og veru ágreiningur um, hvort framkvæmd skyldi endurskoðun á skattalögunum og gerð breyt. á l. um tekju- og eignarskatt frá árinu 1935. Skoðun flestra var sú, að tímarnir væru ekki hentugir til endurskoðunar eins og stæði. Á öllum sviðum ríkir nú svo mikil óvissa, að þess eru engin dæmi. Menn geta hæglega séð, hve breytingarnar eru nú afar fljótar að gerast. Lítum t. d. á útgerðina árið 1940 og hinn geipilega gróða í sambandi við hana. En svo við hliðina á hinu gleðilega koma svo erfiðleikarnir brátt í ljós, upphrúgun punda í Englandi og verðbólga innanlands, sem allt stafar af hinu mikla peningaflóði. Og svo síðast innilokun pundanna í Englandi. Allir þessir erfiðleikar munu að einhverju leyti stafa af brezka setuliðinu hér og innflutningi peninga í sambandi við það. Ég tel, að í raun og veru þá séu bankarnir ekki sjálfráðir um að skrá gengi sitt til að verjast skakkaföllum af völdum þessa óvenjulega ástands. Svo kemur siglingateppan, og ég held, að enginn geti nú sagt neitt um, hvað er framundan. Það er það almenna ófriðarástand, sem getur hvenær sem er færzt svo miklu nær okkur. Ég held, að það geti engan skaðað, þótt ekki sé nú farið út í að gera almenna endurskoðun á skattalöggjöfinni, heldur sé það lagt meira og minna á vald þeirra, sem bera meira og minna ábyrgð á málefnum landsins, að ráða fram úr þessum málum. Þó varð að samkomulagi að taka upp þrjár gr., sem eru breyt. á skattalögunum frá 1935, þeirra varanlega meginmáli.. Það var skoðun margra, að óþarfi væri að taka mest af

þessu upp, t. d. skattstigann, það þyrfti ekki annað en nota ónotaða heimild til þess að innheimta hátekjuskatt. Álíta margir það einfalt og eðlilegt. Að vísu þykir mörgum sá skattstigi of hár, en öðrum helzt til lágur. Það hefði því mátt ætla, að vel hefði mátt sameina sig um það. Það varð samt sem áður ekki, heldur var skattstiganum breytt, og varð að lokum samþ. sá skattstigi, sem er í 1. gr. Hann er eins og menn hafa séð alveg óbreyttur upp í 8 þús. kr., en fer hækkandi þar fyrir ofan, hægt upp að hér um bil 12 þús. kr., hækkar þá ofurlítið örar — hvergi miklu hærri, en þó nokkru, það getur leikið á nokkrum hundruðum króna, sem munar, — en þegar kemur upp yfir 50 þús. kr., þá er skatturinn 40% af því, sem er þar fram yfir. Þó er sá munur frá því, sem var, að eftir þessum skattstiga á að gjalda 14980 kr. af 50 þús. kr., en eftir skattstiganum frá 1935 er það 13200 kr., en skatturinn af því, sem fram yfir er, er ákveðinn eins og áður var.

Þá var tekin upp í 2. gr. frv. nokkur breyt. á 6. málsgr. 8. gr. tekju- og eignarskattsl. Þar eru ákvæði um það, hvernig búið skuli um varasjóði og að þeir séu ekki notaðir á annan hátt en ætlazt er til, að varasjóðir séu notaðir. Það er komin nú ákaflega sterk tilhneiging í þá átt að girða fyrir, að varasjóðir séu notaðir til annars en þeir eru ætlaðir til, og er ekkert við því að segja, ef ákvæðin eru skynsamleg, og er þá bezt að búa svo um þau, að eftir þeim sé farið.

Ég held, að ekki sé ástæða til að fara út í einstök atriði 2. gr. og þau viðurlög, sem m. a. er talað um í síðustu málsgr., það koma þá fram aths. við 2. umr., ef ástæða þykir til.

Þá var gerð nokkur breyt. á 12. gr. l., en hún fjallar um persónufrádrátt. Sumum hefur þótt hann of lágur, og kom fram ósk um að hækka hann dálítið. Það er alltaf álitamál, hvort það eru einstaklingar eða hjón eða börn, sem mest tillit á að taka til í þessu efni, en ég býst við, að ekki sé ólíklegt, að brtt. komi fram við þetta atriði, þó að ég sé ekki viss um, að það orki tvímælis um breyt. í heild sinni.

Þá er lokið þeim breyt., sem á að gera við þau almennu tekju- og eignarskattsl.

Þá kemur 3. gr., sem er breyt. á bráðabirgðaákvæðum skattal. og sett inn í staðinn fyrir 55. gr. þeirra. Þetta eru 10 nýjar gr. og stafa langmest af því, að skattaívilnunarl. frá 1938 og breyt. á þeim 1940 eru afnumin, en í þeirra stað eru sett þessi bráðabirgðaákvæði við skattal. Ég held, að deila megi um þetta form. Mér finnst alltaf óviðkunnanlegt að hafa þennan langa bráðabirgðahala aftan við l., sem verður að lafa þar löngu eftir að allt líf er úr honum, en þetta er fyrirkomulagsatriði, og varð að samkomulagi að bera þetta fram sem bráðabirgðaákvæði. Fyrsta nýja gr., sem á að koma inn, er dálítið sérstök, því að hún er ekki miðuð við eitt ár eða ákveðinn tíma, heldur er hún bráðabirgðaákvæði að því leyti, að hún er miðuð við núverandi ástand, að meðan veruleg verðrýrnun peninga er frá því, sem verið hefur, skuli reikna skattinn með ákveðnum hætti. Ef verðrýrnun peninga yrði varanleg, en peningarnir festust í því nýja gildi, þá álít ég sjálfsagt, að þetta bráðabirgðaákvæði félli niður, en í þess stað yrði skattstiganum breytt, miðað við það nýja verðgildi. En meðan þetta er á reiki, er óhjákvæmilegt að hafa ákvæði í þessa átt. Ég veit ekki, hvort í grg. er gerð nægilega glögg grein fyrir þessu, en það er augljóst, að það er óhjákvæmilegt að gera einhverja slíka ráðstöfun í sambandi við skattal., ef þau eiga ekki alveg að ruglast. T. d. maður, sem hefur 4—5 þús. kr., borgar 140 kr. af 4 þús. og 9% af afganginum. Nú rýrna peningar svo í verði, að hann fær 6 þús. kr., sem jafngilda þessum 4 þús., sem hann hafði áður. Þá er ekki aðeins það, að hann greiði skatt af þessum 2 þús., sem hann fær til viðbótar, heldur greiðir hann líka eftir öðrum skala í skattstiganum. M. ö. o., laun hans hækka um 50% að krónutali, en skatturinn mundi hækka um meira en 50%, en það rétta er vitanlega, að skatturinn hækki ekki meira en um sömu hundraðstölu og tekjurnar, sem hann fékk, svo framarlega sem verðvísitalan sýnir, að þessi hækkun er ekkert annað en tilraun til þess að láta manninn vera í sömu fjárhagsaðstöðu og áður. Það hefur líka verið talað um að hækka persónufrádráttinn, og það sýnist í fljótu bragði geta dugað, en það er bara alls ekki rétt. Það hafa verið gerðir um það útreikningar og töflur, sem allar eru óhrekjandi, og þær sýna, að með því móti hækkar skatturinn um miklu meira en það, sem menn fá til að bæta dýrtíðina með, enda er þetta augljóst, ef menn líta á það, að persónufrádrátturinn er yfirleitt ekki sú upphæð, sem menn almennt þurfa til að lifa á í borgaralegum félagsskap. Það má kannske segja, að með þeirri upphæð megi halda saman líkama og sál, en ekki heldur meira. T. d. maður, sem hefur 6 þús. kr. laun og kemst af með þau, hann fær kannske ekki nema 2 þús. kr. persónufrádrátt. Það má segja, að hann geti haldið saman líkama og sál með þessum 2 þús. kr., en hin 4 þús. eru einnig hans þurftarlaun.

Þá kem ég að 4. gr., sem segir, hvernig reikna skuli skattinn um eftir verðvísitölu. Er sú formúla voðaleg að lesa hana, en ákaflega einföld og auðveld í framkvæmd. Það er með hana eins og sagt er í Ameríku, að það þurfi 5—6 blaðsíður til þess að lýsa því, hvernig hestur sé settur fyrir vagn, en það er ákaflega einfalt, þegar maður sér það gert. Eins er með þessa formúlu. Hún virðist vera ákaflega margbrotin og erfið, en í framkvæmd er hún mjög auðveld. Þegar peningarnir rýrna í verði, þá er það eina rétta að umreikna skattinn eftir því, eins og hér er lagt til. Þegar krónan breytist í 50 aura, þá verður að reikna allt í 50 aurum, ekki aðeins þegar maður talar við Pétur, heldur líka þegar maður talar við Pál.

Þá kemur næsti liður, og má segja, að hann sé aukaatriði og komi dálítið undarlega við, en það kemur til af því, að hér eru sett nokkru fleiri og strangari ákvæði heldur en gert er með skattaívilnunarl. Það mætti ímynda sér, að einhverjir hefðu gert ráðstafanir með eigin fé á liðnu ári, þannig að það varðaði við þessi l., en ekki þau, sem þá voru í gildi. Þessum mönnum er nú gefinn frestur til þess að koma því í

samræmi við þessi l., áður en skatturinn er reiknaður. Þetta ákvæði getur nokkuð orkað tvímælis. Það eru möguleikar til, að menn hafi ráðstafað fé sínu þannig, að þeir geti ekki kallað það aftur. Það er dálítið stíft, og þarf sjálfsagt að halda með lipurð á þessu, því að ef menn hafa gert ráðstafanir með fé sitt, sem er á allan hátt í samræmi við landslög, en geta ekki afturkallað það, þá er dálítið hart, ef menn eiga að lenda í miklu hærri skatti en þeir, sem hafa gert þær ráðstafanir, sem hægt er að kippa til baka. Við skulum segja, að menn hafi lánað til 5 ára með föstum afborgunum, þá er þetta eins og miðað sé við skyndilán. En svo skulum við segja, að menn hafi keypt ríkisskuldabréf, og þá getur verið erfitt að afturkalla það, en þetta býst ég við, að megi ræða undir meðferð málsins.

Þá er sú gr., sem felur í sér ákvæði um þann hluta varasjóðstillags, sem er skattfrjáls. Það er ákveðið almennt í skattal., að skattfrjáls skuli vera helmingur þess, sem lagt er í varasjóð, en hér er tekin upp sú regla, að önnur félög en útgerðarfélög fái ekki að draga frá nema 40% af því, sem þau leggja í varasjóð. Þetta er rökstutt með því, að það sé ekki rétt, að önnur félög hafi hér sömu friðindi og útgerðarfélög, sem eru sérstaklega áhættusöm og þurfa mikið fé til að endurnýja framleiðslutæki sín, og þar sem útgerðarfélög fara úr þeim 90%, sem þau fengu samkv. skattaívilnunarl., og niður í 50%, þá er ekki ósanngjarnt, að önnur framleiðslufyrirtæki fari niður í 40%. Ég vil kasta því fram frá mér, að ég er alveg ósamþykkur þessu ákvæði og mun bera fram brtt. við það.

Þá koma hér breyt. við 58.—62. gr., sem eru um varasjóðstillag útgerðarfélaga og koma í staðinn fyrir ákvæði skattaívilnunarl. frá 1938 og 1940, þar sem þeim var heimilað að draga frá skattskyldum tekjum 90% af því, sem þau lögðu í varasjóð, en eiga nú að fá að draga helminginn frá. En svo koma ákvæði um, að 40% af því, sem lagt er í varasjóð af tekjum ársins 1940, skuli ráðstafað á alveg sérstakan hátt. Á að leggja það á sérstakan reikning í banka eða kaupa fyrir það opinber verðbréf, og þar verði þessi eign að liggja kvaðalaus og óhreyfð til annars en þess, sem gert er ráð fyrir í þessum l. Þetta nefnist nýbyggingarsjóður. Þetta er nýtt í íslenzkri löggjöf. Hefur verið mikið um þetta talað, og þetta, sem borið er fram, er svo þaulrætt, að jafnvel þótt menn langaði til að koma með ýmsar breyt. á þessu, þá held ég, að það orðalag, sem hér er og er ávöxtur af mjög ýtarlegum umræðum og mjög úthaldsmiklu tosi, sé svo gaumgæfilega athugað, að þar séu fá orð af hendingu. Þessi 40% af því, sem lagt er í varasjóð og lendir í þessum nýbyggingarsjóði, eiga samkvæmt 59. gr. að vera eingöngu til þess að auka og endurbyggja framleiðslutæki til útgerðar, sem eru annaðhvort byggð hér innanlands eða keypt frá útlöndum, þ. e. a. s. það á að vera til virkilegrar aukningar. Annars er „framleiðslutæki á sviði útgerðar" mjög rúmt hugtak, og býst ég við, að það verði túlkað mjög rúmt, svo að ekki verði eingöngu átt við skip, — því að hagsmunir útgerðarinnar eru undir fleira komnir en að draga fiskinn upp úr sjónum —, heldur einnig t. d. verksmiðjur til að vinna úr fiskafurðum og gera þær verðmætari og ef til vill skip til að koma afurðunum frá sér á markaðinn eða annað þess konar, en nýbyggingarsjóður má eingöngu fara til nýbyggingar þessara framleiðslutækja. En þá er augljóst, að þessi sjóður má ekki fara til kaupa innanlands, því að annars gæti t. d. Alliance keypt af Kveldúlfi og Kveldúlfur af Njáli og nýbyggingarsjóðirnir látnir fara í það, en eins og menn sjá, væri það engin aukning á skipastólnum.

Ég held, að ekki þurfi margt að segja um þetta, nema um það verði spurt. Þetta á að vera í reiðu fé, og er það gert til þess, að það sé tekið burt úr rekstrinum og sé handbært, hvenær sem á því þarf að halda. Ég verð að segja, að ég tel það engan veginn fulltrygga geymslu að geyma það þannig í peningum, því að þeir geta hrunið niður eins og annað. Ég hefði því óskað eftir, að ramminn um geymslu þessara sjóða hefði verið hafður dálítið rýmri, en það fékkst ekki samkomulag um að geyma þetta fé öðruvísi en í banka eða í ríkistryggðum bréfum. Þetta ákvæði er sett hér, ef koma skyldi fyrir, að eitthvert félag geti ekki lagt þessa upphæð fram. Er þá ætlazt til, að það greiði sem svarar ½ hluta þess í skatt, sem vantaði í nýbyggingarsjóðinn.

Þá er óhjákvæmilegt að taka tillit til þess, hvernig hefur orðið að binda andvirði afurðanna erlendis, og er heimilað, að ¼ hluti af fé nýbyggingarsjóðs megi vera innstæða á biðreikningi í sterlingspundum. Er og heimild fyrir n., sem síðar er talað um, til að veita leyfi til, að þetta megi jafnvel vera meira en ¼, ef hægt er að sanna, að skuldagreiðsla hafi orðið til að binda svo hendur fyrirtækisins, að það geti ekki lagt féð fram á annan hátt.

Fé nýbyggingarsjóðs má eingöngu verja til endurnýjunar flotans og aukningar hans, en vitanlega er þetta líka varasjóður, því að það er enginn, sem getur bundið hendur þessara fyrirtækja gagnvart skuldheimtumönnum. Félag, sem á 100 þús. kr. í nýbyggingarsjóði og kemst í greiðsluþrot, verður að hafa heimild til að taka af nýbyggingarsjóðnum til þess að bjarga sér út úr slíkri klípu. Það nær engri átt, að skuldheimtumaðurinn hafi ekki síðast aðgang að nýbyggingarsjóðnum. Hann verður því félaginu jafnframt undirstaða lánstrausts. Hins vegar má ekki veðsetja nýbyggingarsjóðinn. Ef það er gert, verður að greiða háan refsiskatt.

Þá er gert ráð fyrir, að skipuð verði sérstök n. til þess að hafa eftirlit með framkvæmd l. Það er óneitanlega dálítið hætt við, að framkvæmd l. gæti orðið dálítið mismunandi. Þessi n. á eingöngu að vera til þess að tryggja sömu framkvæmd l. alls staðar. Henni er svo einnig lagt nokkurt úrskurðarvald í hendur, sérstaklega viðvíkjandi því, ef fé nýbyggingarsjóðs er varið til einhvers, sem er á mörkunum. Þá á þessi n. að úrskurða, hvort leyfilegt hefur verið að verja fé nýbyggingarsjóðs þannig eða hvort viðkomandi á að greiða þennan háa refsiskatt, sem frv. gerir ráð fyrir. Úrskurðum þessarar

n. er svo hægt að skjóta til ríkisskattanefndar og dómstólanna eftir því, sem fyrir er mælt í hinum almennu skattalögum.

Þá er ákvæði 62. gr. um, að þegar fé nýbyggingarsjóðs hefur verið notað, þá sé hann úr sögunni. Ef félag á 500 þús. kr. í nýbyggingarsjóði og kaupir fyrir það nýjan togara, þá á félag ekki lengur neinn nýbyggingarsjóð, en togarinn færist sem eign og lendir reikningslega í varasjóð þessa félags.

Þá er 63. gr., um að einstaklingar og sameignarfélög, sem stunda sjávarútveg, megi draga frá skattskyldum tekjum sínum 40% af því fé, sem þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum árið 1940, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldenda. Það virðist vera, að þeir, sem ekki hafa áður talið sér fært að stofna varasjóð, eigi ekki kost einhverra skattfríðinda, ef þeir vilja stofna nýbyggingarsjóð.

Þá er loks 64. gr. Hún kemur í raun og veru í staðinn fyrir eitt meginatriði gömlu skattívilnanalaganna, um tapsfrádráttinn. Hér er gert ráð fyrir að veita útgerðarfyrirtækjum heimild til að draga frá skattskyldum tekjum sínum árið 1940 það tap, sem orðið hefur af útgerðarrekstri þeirra yfir tímabilið frá 1. jan. 1931 til ársloka 1939. Frá tapinu skal þó draga þann gróða, sem kann að hafa orðið hjá fyrirtækjunum einstök ár á þessu tímabili. Á þetta jafnt við um stærri og smærri útgerðarfyrirtæki. Síðan koma ákvæði svipuð og áður, sem eiga að girða fyrir misnotkun, en því bætt við, sem skiptir miklu máli, að togara megi ekki fyrna lengra niður en í 150 þús. kr., miðað við 31. des. 1939.

Loks eru ákvæði um, að ekki megi verja tapsfrádrætti, sem undanþeginn er skattálagningu, til annars en skuldagreiðslna hlutaðeigandi fyrirtækis, þangað til þær eru að fullu greiddar.

Ég hef þá farið í gegnum frv. Bið ég afsökunar á því, hvað ég hef verið langorður, en það er aðallega vegna þess, að svo mikið hefur verið talað um þessi mál og þau þvæld svo mikið, að ekki er nema eðlilegt, að þau þurfi talsverðra skýringa við.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta miklu frekar. Það er auðvitað, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er talsvert öðruvísi en það, sem hver flokkur um sig hefði viljað, ef hann hefði átt einn að semja það. Þetta er árangur af löngum samningaumleitunum um mál, sem mikið hefur verið deilt um. Það munu t. d. margir vera hræddir um það, að breyt. á skattívilnanaákvæðunum séu að ýmsu leyti hæpnar. Ég fyrir mitt leyti er dálítið hræddur um, að breyt. kunni að draga úr kjarki manna til þess að leggja í útgerð. Það er vitað mál, að útgerð er áhættusamt fyrirtæki. Það verður þess vegna að vera talsverð gróðavon til þess, að þeir, sem peningaráð hafa, vilji leggja í slíkt. Það er hins vegar þjóðhagsleg nauðsyn, að menn vilji gefa sig í útgerð.

Ég vil svo að lokum mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. Ég sé ekki ástæðu til, að því verði vísað til n. Fjhn. mun hins vegar athuga ný atriði, sem fram kunna að koma. Fjhn. beggja d. hafa fylgzt með umr. um þetta mál, sem farið hafa fram milli flokkanna, og eru því eftir atvikum vel inni í málinu, þannig að þær þurfa lítið að ræða málið, nema eitthvað nýtt komi fram í því.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Það mun þykja viðeigandi, að þeir flokkar, sem standa að ríkisstj., láti eitthvað frá sér heyra um þetta mál við 1. umr. Það hefur orðið að ráði, að ég segði nokkur orð um afstöðu Framsóknarflokksins.

Mér finnst einfaldast að skipta þessu máli í 2 kafla og ræða annars vegar um skattgreiðslu útgerðarinnar, eins og hún er ákveðin samkvæmt þessu frv., og hins vegar hin almennu ákvæði.

Áður en ég vík að höfuðatriði málsins, vil ég segja það, að það er óhætt fyrir okkur að segja sama og hv. 1. þm. Reykv., að Framsfl. mundi ekki hafa gengið frá því frv., sem hér liggur fyrir, á þennan hátt, ef hann hefði einn ráðið, heldur er það árangur af langvinnum samningaumleitunum. Ég skal víkja að því um leið og ég kem að meginatriðum málsins, hvað það er, sem Framsfl. hefði talið eðlilegra, að væri öðruvísi.

Fyrst tel ég nauðsynlegt að víkja að því, að á árinu 1938 voru sett sérstök l. um skattgreiðslur útgerðarfyrirtækja. Í þessari löggjöf voru 3 meginatriði. Í fyrsta lagi, að útgerðarfyrirtækjum var heimilað að draga frá tekjum sínum, áður en skattur var á lagður, rekstrartöp, er orðið höfðu á árunum 1931—1938. Í öðru lagi átti útgerðarfyrirtækjum að vera heimilt að fá skattfrjáls 90% af fé því, er þau legðu í varasjóð, en áður höfðu verið skattfrjáls 50%. Þriðja meginatriði l. var það, að hreppsnefndum og bæjarstjórnum var óheimilt að leggja á útgerðarfélögin hærri útsvör en þau höfðu borið 1938. Jafnframt var svo heimild fyrir sömu aðila til þess að undanþiggja útgerðarfélögin útsvörum.

Samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, eru þessi l. afnumin. Ég geri ráð fyrir og veit raunar, að allir muni fallast á það út af fyrir sig, að það sé eðlilegt að afnema þessi l. eða a. m. k. að breyta þeim, vegna þess að ástæður eru allar gerbreyttar frá því l. voru sett. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru 2 af ákvæðum skattfrelsislaganna felld niður og ekkert tekið upp í þeirra stað. Þetta eru ákvæði um heimild handa bæjarstjórnum og hreppsnefndum til að láta útgerðarfélögin vera útsvarsfrjáls eða að öðrum kosti leggja ekki á þau hærra útsvar en þau báru 1938. Hitt ákvæðið er um að heimila að láta 90% af fé, sem lagt er í varasjóð, vera skattfrjáls. Um þriðja atriði skattfrelsislaganna frá 1938 er öðru máli að gegna. Það var um heimild fyrir útgerðarfyrirtækin til þess að draga rekstrartöp frá tekjunum áður en skattur væri lagður á þær. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að útgerðarfélögunum sé þetta heimilt að því er snertir framtöl fyrir árið 1940. Þessum hlunnindum er haldið, en þó með þeim takmörkunum, sem nánar er til tekið í frv., sem fyrst og fremst eru þær, að það fé, sem þannig verður skattfrjálst, skoðist sem varasjóðstillag. Síðan eru ákvæði um, að ef þessu fé verði nokkru sinni varið til annars en að mæta hreinum rekstrar-

halla, þá skuli greiða fullan skatt af því, eins og greiða hefði átt af því 1940. Það má því segja, að þessu atriði sé í verulegum atriðum breytt frá því, sem var, og segja megi, að undir vissum kringumstæðum verði hér um frestun á skattgreiðslum að ræða. Þá er ákvæði um, að fyrningarafskriftir verði nokkuð takmarkaðar, þannig að ekki megi telja til skatts meiri afskriftir en svo, að hver togari sé færður niður í 150 þús. kr. Þetta er mikilsvert ákvæði, því að eftir núgildandi reglum má afskrifa 6% árlega, unz skip er afskrifað niður í ekki neitt.

Þegar skattfrelsislögin voru sett, sem svo hafa verið kölluð, var aðdragandi þess sá, að menn voru hræddir um, að útgerðinni mundi verða gersamlega um megn að reisa við fjárhag sinn, ef útgerðin þyrfti að greiða fulla skatta af þeim gróða, sem henni kynni að áskotnast, án þess að eldri töp væru tekin til greina við skattálagningu. Og það er auðvelt að sýna fram á, að þetta var eðlilegt sjónarmið. Ef ekki hefði verið tekið tillit til fyrri tapa, þá voru engar líkur til, að útgerðarfélag gæti unnið sig upp, þó það græddi talsvert, ef skattalöggjöfinni væri háttað á þennan veg. Sjá það allir menn, að útgerðarmenn eða framleiðendur hafa engar líkur til þess að geta unnið sig upp, væri skattalöggjöfinni hagað þannig. Annað atriði kemur ákaflega áberandi fram, að ef ekki er leyft að draga rekstrartöpin frá skattskyldum tekjum, þá verða þeir menn, sem tapa stundum og græða stundum, að greiða miklu hærri skatta en hinir, sem alltaf græða, því að sá, sem alltaf græðir, getur dregið allan sinn rekstrarkostnað frá, en hinn ekki nema nokkurn hluta hans þau árin, sem tapið á sér stað. Þegar þessi mál voru til meðferðar árið 1938, taldi Framsfl. aðeins tvær leiðir koma til greina í þessu sambandi. Önnur leiðin var að hafa meiri tapsfrádrátt en áður, en hin leiðin var sú að lækka skattstigann og hafa hann svo lágan, að þeir menn, sem óvissan atvinnuveg stunda, gætu unað hag sínum sómasamlega, enda þótt þeir töpuðu í mörg ár. En ef sú leið hefði verið valin, mundi það hafa valdið almennri skattalækkun, því að lækkun skattanna mundi ekki aðeins hafa orðið hjá þeim, sem græða einstök ár og tapa önnur, heldur líka hjá þeim, sem græða alltaf. En Framsfl. taldi ekki rétt að lækka beinu skattana. Framsfl. var andvígur því og hefur alltaf verið, að framleiðendum yrði leyft að jafna tekjur sínar með því að lækka skattstigann. Við höfum alltaf haldið því fram, að lækkun skattstigans mundi alls ekki verða til þess að koma meiri jöfnuði á, því að með því móti sleppa þeir menn betur, sem hafa jafnan stórgróða, en engin töp. Þetta mundi svo aftur leiða til þess, að óbeinu skattana yrði að hækka töluvert, ef ríkissjóður ætti að hafa sömu tekjur og áður. Út frá þessu sjónarmiði var það, að Framsfl. var með því að heimila tapsfrádrátt árið 1938. Nú má að vísu segja sem svo, að þótt eðlilegt væri að leyfa tapsfrádrátt að vissu marki, hafi það verið of langt gengið að leyfa slíkt um alllangt tímabil, 8—9 ár. Enn fremur hafa menn sagt, að það væri nokkuð langt gengið að leyfa að draga frá töp margra ára á einu og sama ári og að eðlilegt væri að takmarka þann frádrátt nú verulega frá því, sem ákveðið var árið 1938. Það má vel vera, að þessar skoðanir eigi einhvern rétt á sér. En frá sjónarmiði okkar framsóknarmanna teljum við það fjarri lagi að taka meira af stórgróða útgerðarfyrirtækja með því að ganga út frá hinum almenna skattstiga, því að með því móti mundi ekki aðeins verða tekið tillit til rekstrarkostnaðarins þau árin, sem töp hafa átt sér stað, heldur rekstrarkostnaðarins yfirleitt. En rekstrarkostnaðurinn á undanförnum árum mundi í mörgum tilfellum ekki koma til greina vegna þess, að þá hafa ekki verið neinar tekjur til að draga frá.

Við í Framsfl. höfum því til samkomulags valið þá leið, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Þar er tapsfrádráttur heimilaður, eins og gert var ráð fyrir í l. frá árinu 1938, en þó með þeim mikilsverðu breyt., að vissar takmarkanir eru settar um ráðstöfun þess fjár, sem sé að það fé, sem menn fá þannig skattfrjálst, verður að vera bundið í fyrirtækjunum. En verði það ekki bundið þar áfram, heldur varið til þess að greiða skuldir umfram hreinan rekstrarhalla eða til annarra afnota, skal telja 60% af þeirri upphæð til skattskyldra tekna, en ekki aðeins helming, sem annars er gert ráð fyrir. Í þessu frv. er svo um hnútana búið, að ekki er unnt að úthluta fé úr varasjóði smátt og smátt og láta það koma í lægri skattstiga. Ef það er gert, þá verða félögin að greiða þann sama skatt sem þau áttu að greiða á því ári, sem féð var tekið úr sjóðnum, og þar með talinn stríðsgróðaskattur. En þau ákvæði, er ég minntist áðan á, eru sett í frv. með það fyrir augum, að því fé, er kemur til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, verði varið til þess að styrkja atvinnurekstur fyrirtækjanna sjálfra. Aðeins með því skilyrði gátum við leyft þeim félögum, sem um ræðir í 3. gr. a., tapsfrádrátt eins og gert var árið 1938. Það liggja sömu ástæður til þess nú sem þá, og hef ég reynt að skýra það mál með örfáum orðum.

Ég vil leggja áherzlu á það, að frá sjónarmiði okkar framsóknarmanna er ekki hægt að hugsa sér nema tvær stefnur í skattamálunum, a. m. k. hér á Íslandi, þar sem þannig hagar til, að margir menn græða annað árið, en tapa hitt, — annaðhvort þá, sem hér er farin, eða þá lækkun skattstigans. En með lækkun beinna skatta hljóta tollarnir að hækka, og sú leið, sem mönnum hefur þótt eðlilegast að fara, er að hafa heldur hærri beina skatta en óbeina. En við rekstur útgerðar þurfa menn á ýmsu að halda, sem ekki getur alltaf notið sín til skattafrádráttar. Eins og ég drap lauslega á áðan, þá er það svo samkv. l. um skattfrelsi útgerðar og útgerðarfyrirtækja, að þessi fyrirtæki mega fá skattfrjáls 90% af því, sem lagt er í varasjóð.

Í þessu frv. eru mjög veruleg nýmæli um varasjóðshlunnindi útgerðarfyrirtækja. Ég skal fyrst taka það fram, áður en ég ræði það mál nánar, að í Framsfl. hefur ákaflega mikið gætt þeirrar skoðunar, að varasjóðshlunnindi þau, sem gert er ráð fyrir í skattal. frá árinu 1935, séu yfirleitt of mikil. Ég tek það fram, að hér á ég ekki við l. um skattfrelsi útgerðarinnar frá árinu

1938. En heimilað er í l. frá 1935 að draga frá sem skattfrjáls 50% af því fé, sem félögin leggja í varasjóð. En ef það fé er notað í öðru skyni en því að mæta töpum, skal greiða skatt af ⅔ þeirrar upphæðar. En það má telja, að þessi hlunnindi séu of mikil, sérstaklega hjá þeim fyrirtækjum, sem ekki hafa verulega áhættusaman rekstur, og sú skoðun var ofarlega í Framsfl., að einmitt nú væri ástæða til að takmarka að allverulegu leyti þessi hlunnindi. Menn skulu veita því athygli, að gera má ráð fyrir, að á síðastl. ári hafi ýmis hlutafélög grætt allháar upphæðir, og það orkar tvímælis, hvort eðlilegt væri, að þessi félög gætu lagt allan gróða sinn í varasjóð og fengið helming þess fjár skattfrjálsan. Það var því ofarlega hjá mörgum, að eitthvað yrðu takmarkaðar þær upphæðir, sem félögin mættu leggja í varasjóði. Við nánari athugun reyndist það ýmsum annmörkum bundið að finna slíka takmörkun, og niðurstaðan varð sú, bæði af þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í frv., og til að samkomulag næðist um málið, að leggja til, að þeim félögum, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, skuli heimilt að fá skattfrjáls 50% af því fé, er þau leggja í varasjóð af tekjum sínum á árinu 1940, en öðrum félögum skuli aðeins heimilt að draga frá skattskyldum tekjum 40% þeirrar upphæðar, og hefur þá upphæðin hvað hin síðar töldu snertir verið lækkuð um 10%. Við álítum rétt að lækka þessi hlunnindi nokkru meira, en til samkomulags gengum við inn á að sætta okkur við það lagaákvæði, sem hér er gert ráð fyrir, jafnframt þeim miklu nýmælum, sem þar eru og gera það að verkum, að menn sætta sig miklu betur við ákvæðin um þessa varasjóði. Ég á þar við d-lið í 4. gr., sem sé að útgerðarfélag, er skattaívilnunar hefur notið, skuli leggja 40% af því fé, sem það leggur í varasjóð af tekjum ársins 1940, í sérstakan nýbyggingarsjóð.

Eins og hv. frsm. (MJ) mun hafa skýrt frá, er gert ráð fyrir, að ráðh. skipi 3 manna n. eftir þeim fyrirmælum, sem sett eru í g.-lið 4. gr. Sú n. á að hafa eftirlit með því, að þetta fé sé fyrir hendi, og jafnframt á sú n. að sjá um, að þessu fé verði ekki varið til annars en endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar. Skattfrelsi útgerðarfyrirtækja er þeim skilyrðum bundið, að félögin hafi lagt í nýbyggingarsjóð ákveðinn hluta af tekjum ársins 1940. Þetta gerði það að verkum, að við framsóknarmenn féllum frá því að halda til streitu þeirri skoðun, er var talsvert ofarlega hjá okkur, að takmarkanir yrðu settar viðvíkjandi því, hve háar upphæðir félögin mættu leggja í skattfrjálsa varasjóði.

Það er líka annað atriði, sem við teljum mikilsvert í frv., sem sé að hlutafélög, sem hafa notfært sér hlunnindi þau, er þar um ræðir, mega ekki verja fé úr varasjóði til neins annars en þess, sem við kemur rekstri félaganna. Ef félag brýtur þessi fyrirmæli, þá á að reikna þá upphæð til skattgreiðslu, sem þannig hefur verið ráðstafað, eins og hún hefði verið tekin úr varasjóði. Þetta er mjög þýðingarmikið ákvæði. Eins og þm. vita, hafa verið talsverð brögð að því, að ýmis hlutafélög hafi notfært sér varasjóðshlunnindin eins og það fé væri þeirra eign samkv. l. Síðan hafa félögin ráðstafað fjármunum sínum eins og þeir menn, er að þeim stóðu, höfðu mest gagn af, stundum án þess að það kæmi beint við rekstri félagsins. En því fé, sem lagt var í varasjóð, var komið undan ákvæðum skattal., og enginn skattur var reiknaður af því. En í frv. eru skýr ákvæði til að fyrirbyggja óbeina úthlutun fjár frá félögunum. Við, sem fylgjum Framsfl. að málum, gengum inn á tapsfrádrátt og varasjóðsfrádrátt þessara félaga einmitt vegna þess, hve örugglega er búið um ákvæði þessa frv. Þau eiga að fyrirbyggja, að það fé verði notað til annars en þess að hjálpa þeim félögum, sem hlut eiga að máli, til að standa undir töpum, sem kunna að verða á rekstri fyrirtækjanna. Einmitt vegna þess, hve skynsamlega er að okkar dómi búið um hnútana í þessu frv., vildum við ganga inn á þá stefnu, sem þar kemur fram. Við vildum taka fullkomið tillit til þess, hve sjávarútgerð er áhættusamur atvinnuvegur, og koma í veg fyrir þyngri álögur á þá, sem þann áhættusama atvinnuveg stunda, en hjá verður komizt. Hér er um lágmark að ræða, sem löggjöfin reynir að setja til þess, að þeir, er þá atvinnugrein stunda, verði ekki langtum harðar úti en hinir, sem aldrei leggja neitt í hættu, og þess vegna er þeim leyft að draga frá skattskyldum tekjum vegna rekstrarhalla.

Hitt er annað mál, að þegar búið er að taka fullt tillit til þeirra, sem stunda slíkan atvinnurekstur, þá er í þessu frv. gengið talsvert langt í því að skattleggja það, sem þá er umfram af tekjunum, enda liggur hér í d. fyrir frv. um sérstakan stríðsgróðaskatt. Þar er gert ráð fyrir því, að ef skattskyldar tekjur nema 50000—75000 kr., greiðist 4% af því, sem er umfram 50000 kr., og fer sá skattur síðan stighækkandi. Af 200000 kr. og þar yfir greiðist 26000 af 200000 og 35% af afganginum.

Það er bezt að segja það eins og það er, að það hefði verið ómögulegt að setja l. um stríðsgróðaskatt, sem gengi svona langt, ef ekki hefði áður verið búið að sjá sómasamlega fyrir skattafrádrætti útgerðinni til handa til að bæta hag þeirra, sem þann áhættusama atvinnuveg stunda, og sömuleiðis að stofna varasjóði bæði til að mæta hinum gífurlegu töpum útgerðarfyrirtækjanna frá fyrri árum og líka þeim rekstrartöpum, sem kunna að verða í framtíðinni. Það er skoðun okkar framsóknarmanna, að ekki sé unnt að hafa beinu skattana eins háa sem æskilegt væri og ber að gera ráð fyrir, nema því aðeins, að sómasamlega sé fyrir þessu séð. Við höfum talið eðlilegt að ganga inn á þetta og að stríðsgróðaskatturinn sé hafður svo ríflegur sem frv. á þskj. 179 gerir ráð fyrir. Við töldum alls ekki rétt að leggja á svo háan stríðsgróðaskatt áður en búið væri að sjá fyrir þörfum framleiðenda með þeim hætti, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, með tapsfrádrætti og varasjóðshlunnindum. Þetta tvennt hlýtur að efla og styðja hvort annað. Ef þessi leið hefði ekki verið valin, þá hefði vitaskuld niðurstaðan orðið sú, að ekki hefði verið unnt að hafa stríðs-

gróðaskattinn eins háan og nú er hægt, og þá mundu þeir framleiðendur, sem hafa fengið stríðsgróða, sleppa mun betur heldur en ef þetta frv. verður látið verða að l. óbreytt. Ég geri ráð fyrir, að þm. hafi yfirleitt sæmilegan skilning á því, að það er eðlileg stefna, að sá gróði, sem ýmsum mönnum hefur áskotnazt í stríðinu, renni að nokkru leyti til opinberra þarfa, einkum þar sem yfirleitt má segja, að sá gróði hafi aðeins komið að litlu leyti fyrir beinan tilverknað þeirra manna, er verða hans aðnjótandi. Það ber að taka tillit til þessara aðstæðna og taka meiri skatta af þessu fé heldur en tíðkast um annað fé.

Ég hygg, að óhætt sé að gera ráð fyrir því, að verði það frv. samþ., sem hér liggur fyrir, ætti að verða sæmilega séð fyrir því, að sá gróði, sem útgerðinni hefur hlotnazt og öðrum reyndar líka árið 1940, renni að langsamlega mestu leyti til þess að greiða eldri skuldir til þess að tryggja rekstur útgerðarfyrirtækjanna og skipaflotans og loks til opinberra þarfa. Það er mjög mikilsvert, að með löggjöfinni sé tryggt, að meiri hl. stríðsgróðans verði varið á þennan hátt.

Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í að tala um skattgreiðslur útgerðarmanna. Nú ætla ég að minnast með nokkrum orðum á þau ákvæði þessa frv., er snerta almenning meira en þau sérákvæði, er ég hef minnzt á. Skoðanir manna hafa verið mjög skiptar um það, hve langt skuli ganga í því að leggja á beina skatta og hvort rétt sé að nota meira eða minna þá aðferð að leggja tolla á vörur. En ef skattarnir eru lækkaðir, þá verður að hækka tollana, ef tekjur ríkissjóðs eiga ekki að minnka. Það hefur verið fundið að því á undanförnum árum, að skattstigi sá, sem notaður hefur verið, væri of hár, sérstaklega með tilliti til þess, að útsvarsstiginn væri einnig mjög hár og skattgreiðslur manna keyrðu úr hófi fram. Um þetta hefur margt verið rætt, og það kann að vera, að sumt af því megi til sanns vegar færa.

En ég vildi benda þm. á það, að þegar um álagningu beinna skatta er að ræða, þá dugir ekki að einblína á skattstigann. Menn verða að gæta þess, að skattstiginn er miðaður við tekjur manna, eftir að dregnir hafa verið frá greiddir skattar og útsvör. Þetta hefur það í för með sér, að hjá mönnum, sem hafa jafnar tekjur, sýnast skattgreiðslurnar miklu meiri en þær raunverulega eru. Við skulum hugsa okkur mann, sem hefur haft 25 þús. kr. tekjur á síðastl. ári eftir að skattar og útsvar frá fyrra ári hefur verið dregið frá. Skattar og útsvar hafa verið 5 þús. kr. Tekjur hans af atvinnurekstri eða laun hans hafa verið 30 þús. kr., og hann hefur greitt 5 þús. kr. í skatta. Þá mundu margir segja, að hann hefði eftir 20 þús. kr. En þetta er ekki alls kostar rétt. Hann hefur 20 þús. kr. afgangs eftir að skattar og útsvör tveggja ára hafa verið dregin frá tekjum hans.

Þetta gerir það að verkum, að skattstiginn sýnir hærri greiðslur en í raun og veru eiga sér stað. Það er mjög villandi að setja dæmið upp á þennan hátt, en það er þó venjulega gert. Aftur á móti er það augljóst mál, að ef þessi maður hefði ekki borgað neinn skatt og útsvar tiltekið ár, en haft síðan 30 þús. kr. tekjur á ári og orðið að greiða þar af 5000 kr. í skatta og útsvör, þá væri dæmið rétt reiknað þannig, að hann hefði haft eftir 25000 kr. handa sjálfum sér. Skattar og útsvör geta komið mjög þungt og illa niður á þeim mönnum, sem hafa háar tekjur eitt árið, en lágar tekjur á því næsta. Þá getur það komið fyrir samkv. þeim útsvars- og skattastigum, sem gilt hafa, og þeim, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og þeir eru raunar hærri en þyrfti að vera, ef nýtt fyrirkomulag væri upp tekið, að menn þurfi að borga nærri allar tekjur sínar eitt árið í skatta og útsvör. En ef þessir menn hefðu haft sömu tekjur næsta árið, þá hefðu þeir fengið að draga skatta og útsvör fyrra árs frá skattskyldum tekjum og orðið nærri alveg skattfrjálsir. Það er augljóst mál, að þetta er mjög óheppilegt fyrirkomulag og að það er óviðunandi, að þeir menn, sem fá stórgróða eitt árið, en græða ef til vill alls ekki neitt eða tapa annað árið, verði að greiða hærri skatta en þeir, er hafa jafnar tekjur. En nú er eftir að athuga málið almennt. Það er mjög auðvelt að villa mönnum sýn, þegar þetta fyrirkomulag er haft. Framsfl. er þeirrar skoðunar, að þessu fyrirkomulagi verði að breyta og gera það með þeim hætti að fella úr skattal. þau ákvæði, sem heimila frádrátt á útsvari frá tekjum áður en skatturinn er lagður á. Jafnframt eigi að breyta skattinum þannig að lækka skattstigann enn, þó þannig, að ríkissjóður fái svipaðar tekjur og verið hefur. Þetta hefur marga kosti, sem of langt yrði upp að telja. Fyrst vil ég telja þann kostinn, sem mestur er, og hann er sá, að með þessu móti er útilokað, að þeir aðilar, sem eitt ár fengju talsverðar tekjur, yrðu að láta þær mestallar í skatt. Það er mjög óheppilegt, að þetta geti átt sér stað, og ég vil segja, að í þjóðfélagi eins og okkar, þar sem atvinnureksturinn gengur svo misjafnlega, er þetta sérstaklega óheppilegt fyrirkomulag. Ég vil benda á annað í þessu sambandi, og það er sjónarmið þeirra, sem álíta, að beinu skattarnir séu réttlátir. Eins og fyrirkomulagið er nú, er ákaflega erfitt að ganga eins langt og réttlátt væri um álagningu beinna skatta, og hætta er á því, að skattstiginn reki sig upp undir, ef svo mætti segja, áður en skattabyrðin hefði náð eðlilegri hæð. Niðurstaðan getur orðið sú, að menn verði að borga allar sínar tekjur í skatt einstök ár, en orðið síðan skattlausir önnur ár, þótt um mjög háar tekjur sé að ræða. Þá er sá stórkostlegi kostur við þá leið, sem við viljum fara, að með þessu móti væri torvelt að villa mönnum sýn um það, hverjir skattarnir raunverulega væru, en auðvelt að gera grein fyrir því, hvað einstaklingar borga í skatt. Eins og nú er ástatt, er ákaflega flókið að ræða þessi mál svo, að menn fái um þau fullkomið yfirlit, og má í því sambandi benda á hinar þrálátu deilur, sem um þessi mál hafa verið að undanförnu. Það er í rauninni ekki hægt að finna nema eina röksemd, sem mælir með því að láta undir höfuð leggjast að gera þessa breytingu, og hún er sú, að hætta gæti verið á því, að menn vanræktu að greiða á réttum tíma tekjuskatt og

útsvar. Þetta er af þeim ástæðum, að nú er ekki leyft að draga frá nema það, sem menn hafa borgað. Það munar þess vegna miklu á næsta ári, hvort staðið er í skilum. Nú vilja því sumir segja, að með þessari nýju leið, ef hún yrði farin, yrði miklu verra að innheimta tekjuskatt og útsvar. Ég skal játa, að þetta er nokkur röksemd, ég þekki svo vel, hvað mikil hvöt það hefur verið mönnum til þess að ljúka þessum greiðslum fyrir áramót. En til þess að vinna á móti þessu, er hægt að taka upp það fyrirkomulag að láta sérstaka sekt falla á öll þessi gjöld, ef þau eru ógreidd um áramót, og þá munu menn þrátt fyrir breyt. taka þann kostinn að ljúka greiðslum áður en sektin fellur á, þann 31. des. ár hvert. Með þessu móti er hægt að minnka mjög þá hættu, að þessi breyt. gerði innheimtuna örðugri en verið hefur. Nú vil ég taka það fram, að enda þótt þetta hafi verið hér sagt um þessa breyt. og Framsfl. hafi ákveðið að beita sér fyrir því að koma henni á, hefur það þó verið gert til samkomulags að flytja ekki þessa breyt. á þessu þingi (eins og nú standa sakir). En ég verð þó að nota tækifærið til þess að lýsa því yfir, að við framsóknarmenn munum reyna að koma þessari breyt. fram seinna, enda þótt við flytjum ekki sérstaka till. um það að þessu sinni. Ég vil einnig geta þess um leið, af því að ég gleymdi að tala um það áðan, að við höfum fallizt á að takmarka ekki árið 1940 þær upphæðir, sem aðilar mættu leggja til varasjóða. En eigi að síður teljum við, að þessar takmarkanir verði að setja, vegna þess að við álítum, að þessi varasjóðshlunnindi geti ekki náð lengra en að vissu marki.

Ég vil svo að lokum aðeins minnast á skattstigann sjálfan, sem er tekinn upp í þetta frv. Það mun mega telja, að þessi skattstigi sé samkomulagsatriði, sem orðið hefur til eftir miklar samkomulagsumleitanir. Skattstiginn, sem hér er ætlazt til, að verði notaður, er mitt á milli skattstigans frá 1935 og hátekjuskattstigans, sem notaður hefur verið undanfarin kreppuár, og varð samkomulag um að sigla þannig bil beggja um þetta atriði. Það, sem gerzt hefur raunverulega um skattgreiðslur almennt, er, að af 5—6 þús. kr. tekjum upp í 40—50 þús. kr. er skattstiginn lítið eitt lækkaður frá því, sem hann var 1936—1938, og má segja, að skattbyrðarnar séu að þessu leyti færðar yfir til hinna, sem hafa tekjur yfir 75 þús. kr. En eftir að kemur yfir 75 þús. kr., telja menn, að stríðsgróðinn sé kominn til sögunnar. Ég sé ekki ástæðu til að ræða mikið um persónufrádráttinn. Um hinn svo kallaða umreikning vil ég segja það, að ég held, að hann verði nokkuð örðugur í framkvæmd, en inn á það hefur þó verið gengið til samkomulags. Hv. 1. þm. Reykv. gerði að vísu skilmerkilega grein fyrir því, í hverju umreikningurinn væri fólginn, en ég efast um, að það sé eins einfalt í framkvæmdinni og hann vildi vera láta. Það mætti kannske hugsa um það, hvort ekki væri hægt að finna einhverja leið, sem gerði framkvæmd hans einfaldari.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en taldi rétt að fara um það nokkrum orðum fyrir hönd flokksins við þessa 1. umr. málsins.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Það er nú ekki meira en svo, að ég geti fundið mér skylt sem fjmrh. að lýsa minni skoðun á þessu frv. Það er ekki fram borið af mér og ekki heldur af Sjálfstfl.

Frv. er, eins frsm. lýsti því, eins konar tilraun til þess að sjá, hvort unnt sé að fá samkomulag milli þeirra flokka, sem að stj. standa, um lausn þess, þannig að samvinna þeirra þurfi ekki að rofna vegna ágreinings út af þessu máli. Sjálfstfl. hefur enn ekki tekið afstöðu til málsins að sínu leyti. Hins vegar er flokknum ljóst, að þar sem hann er í minnihlutaaðstöðu, er þess ekki að vænta, að hann geti ráðið öllu um afgreiðslu þessa máls, einmitt þess máls, sem aðallega ber á milli um. Hann verður því að meta það, hvað hann telur unnið við lagasetningu þessa, samanborið við það, sem hann telur sig annars mega vænta, ef hann léti hina flokkana eina um afgreiðslu málsins.

Menn muna vafalaust, að á þingi 1935 stóð hörð rimma milli Sjálfstfl. annars vegar og hinna flokkanna í sameiningu hins vegar, og taldi Sjálfstfl., að þá þegar væri allt of langt gengið í því að taka aflafé einstaklinga og fyrirtækja til þarfa ríkissjóðs með þeim skattstiga, sem þá var frammi, og voru þau l. samþ. gegn shlj. andstöðu Sjálfstfl., að engum þm. flokksins undanskildum. Síðan var þó enn gengið nokkru lengra með bráðabirgðal. um hinn svokallaða hátekjuskatt, sem þó að vísu voru sett sem heimild ríkisstj. til handa, að innheimta þennan hátekjuskatt. Nú var á valdi ríkisstj., hvort hún notaði þessa lagaheimild áfram eða eigi, og er því eðlilegt, að Sjálfstfl. beri saman þetta frv. og tekjuskattsl. frá 1935 án hátekjuskattsl. Almennt skoðað virðist mér litlu nær, að Sjálfstfl. komi fram sinni stefnu í skattamálunum. Það má að vísu segja, að í þessu frv. sé nokkur línun á skattinum neðan til, en svo er hins vegar komið nokkurn veginn upp í hámarkið skv. l. frá 1935, en þar ofan á bætist svo stríðsgróðaskatturinn. Skv. frv. er þannig gert ráð fyrir, að tekjuskatturinn geti numið 75%, þ. e. skv. hinum almenna skattstiga að viðbættum stríðsgróðaskatti, og er það gífurleg hækkun frá því, sem áður var. Nú vil ég ekki þar með segja, að Sjálfstfl. telji óeðlilegt að lögleiða stríðsgróðaskatt, ef hann kemur niður á reglulegum stríðsgróða, en það eru þær tekjur, sem aflast mestmegnis í skjóli þess ástands, sem ófriðurinn skapar, en sá skattur, sem hér um ræðir, er ekki stríðsgróðaskattur nema að nokkru leyti. Það er hugsanlegt, að fyrirtæki, sem hafa jafnvel haft meiri tekjur á undanförnum árum heldur en nú á stríðsárunum, verði eigi að síður að greiða stríðsgróðaskatt, og það verður náttúrlega varla talið réttmætt að skattleggja slíkar tekjur á svo óvenjulegan hátt. Hins vegar er á það að líta, að stríðsgróðaskatturinn byrjar ekki að verulegum mun fyrr en komið er upp í svo háar tekjur, að telja má, að tiltölulega fá fyrirtæki muni undir hann komast, sem ekki hafa þá verulegan ágóða beinlínis í sambandi við stríðið. Fyrir þá sök, að þannig

hagar til, hefur Sjálfstfl. líka getað fallizt á það að lögleiða þennan skatt eða einhvern slíkan skatt. Þá er þess að gæta, að þó að skattstiginn fari allhátt, eða upp í 75%, eins og ég hef áður getið, þá er það, hvað snertir mikinn þorra atvinnufyrirtækja, nokkuð villandi að því leyti, sem skatturinn er sumpart lagður á aðeins nokkurn hluta teknanna, og í öðru lagi vegna þess, að skattafrádrættinum, eða heimildinni til þess að draga greidda skatta frá skattskyldum tekjum, er haldið. Hvað stríðsgróðaskattinn snertir sérstaklega, er gert ráð fyrir, að ⅔ hlutar gangi til þeirra bæjar- og sveitarfélaga, þar sem hann er á lagður og innheimtur, en það þýðir í raun og veru, að skatturinn sé þeim mun lægri sem gera má ráð fyrir, að minna fé þurfi að innheimta með útsvörum til þarfa sveitarfélaganna. Þrátt fyrir þetta hygg ég, að það sé yfirleitt skoðun sjálfstæðismanna og Sjálfstfl. hér á Alþingi, að bæði með skattal. frá 1935 og eins með því frv., sem hér liggur fyrir, sé í rauninni of langt gengið í því að afla ríkissjóði tekna með þessum hætti. Ég veit það, að það eru nú á síðustu tímum a. m. k. misjafnar skoðanir á því, hvað góð latína það sé að vera fjmrh. og amast beinlínis við því, að ríkissjóði sé aflað tekna með hvaða hætti sem er. En það er skoðun Sjálfstfl., að það beri að líta á fleira en það eitt, hve mikilla eða lítilla tekna er aflað í ríkissjóð. Það verður líka að taka tillit til þess, hvernig það kemur niður á atvinnurekstri og athafnalífi í landinu, því sé athafnalífinu ofboðið með sköttum, bitnar það að lokum á ríkissjóði sjálfum. Það er einmitt þessi ágreiningur í skattamálunum, sem einna mest er áberandi í stefnumiðum þeirra flokka, sem fulltrúa eiga hér á þingi, og þá einnig þeirra flokka, sem standa að núverandi ríkisstj.

Mér finnst hálft um hálft, að segja megi, að við séum að nokkru leyti á milli vita í þessum málum. Mér finnst það vera svo áberandi hjá öðrum flokkum en Sjálfstfl., hvað lítið tillit er tekið til þess, á hvaða hagkerfi þjóðfélagsbyggingin er reist. Við vitum það og fáum oft að heyra frá andstæðingum okkar sjálfstæðismanna, að við séum fylgjandi auðvaldsskipulagi og viljum halda því uppi, og það er af mörgum talið okkur ekki lítið til foráttu. En sannleikurinn er sá, að í þessu efni er ekki nema um tvennt að gera: Annaðhvort verður að gera einstaklingum það kleift að safna eigum, svo þeir geti staðið undir athafnalífinu, eða ríkið verður að taka atvinnureksturinn í sínar hendur. Meðan ekki er horfið að því ráði, dugir ekki, að atvinnurekstrinum sé haldið á horrim. Sú skattastefna, sem ríkt hefur hér á undanförnum árum, hefur virzt sú að koma öllu í kaldakol, og sannleikurinn er sá, að við höfum komizt hjá því í svipinn vegna óviðráðanlegra ástæðna, en ekki fyrir þá stefnu, sem hefur verið ríkjandi í okkar opinberu málum að undanförnu. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að meðal nálægra þjóða hefur hvergi verið gengið eins nærri einkarekstrinum. Þar hafa þó sums staðar verið sósialistastj. í hreinum meiri hl. En þessir menn hafa gert sér það ljóst, að meðan ekki er komið á því hagkerfi, sem þeir aðhyllast, verður að búa svo að hinu ríkjandi skipulagi, að ekki leiði til hruns.

Sjálfstfl. er ljóst, eins og ég hef áður getið, að hann er í minnihlutaaðstöðu hér í þinginu og getur þess vegna ekki að svo stöddu gert sér vonir um að koma fram sínum stefnumiðum í þessum málum. Sjálfstfl. mun láta sér það lynda, að þessi frv. verði samþ. hér á Alþingi í aðalatriðum eins og þau hafa verið lögð fram.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Við þessa umr. málsins þykir mér rétt að láta falla nokkur almenn orð um það frv., sem hér liggur fyrir hv. d., um breyt. á skattal., og geri ég það af hálfu Alþfl.

Ég mun ekki fara inn á neinar almennar hugleiðingar yfirleitt um skattastefnur, eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., sem hann lauk nú rétt áðan. Það getur verið, að til þess gefist betra tóm síðar að ræða um hin mismunandi viðhorf í þeim málum yfirleitt, en það verður vissulega að segjast um það frv. og þau, sem hér liggja fyrir, að þau séu ekki mótuð af einni ákveðinni skattastefnu á kostnað annarrar sérstaklega. Að því leyti get ég að vissu leyti tekið undir með frsm. þessa máls, hv. 1. þm. Reykv., og hæstv. viðskmrh., að ef þetta mál hefði verið á valdi Alþfl., mundi hann hafa afgreitt það nokkuð á aðra lund en það liggur hér fyrir. Ég geri jafnvel ráð fyrir því, að hinir flokkarnir, sem staðið hafa að umr. um þetta mál og undirbúningi þessa frv., geti sagt nokkuð á líkan veg, eins og kom líka fram í umr. í dag. Það verður sjálfsagt ætíð þannig, ef leitað er samkomulags milli sjónarmiða, sem ekki falla saman, jafnvel þó að ekki beri mjög mikið á milli, að ef samkomulag næst um einhver stærri atriði, þá verður tæplega við það búið, að einn ráði þar öllu og annar verði algerlega undan að láta. Þetta vildi ég almennt segja um þetta mál og frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. Síðan vildi ég með nokkrum orðum víkja að þeim höfuðatriðum, sem í frv. felast, út frá því sjónarmiði, sem Alþfl. vildi til þessa máls leggja, og benda á þau atriði, sem Alþfl. hefði kosið, að væru á aðra lund, ef hann hefði mátt ráða.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa skattamálin lengi verið til íhugunar meðal manna og verið rædd allýtarlega, sérstaklega í mþn., sem til þess var skipuð, þar sem flokkar þeir, sem standa að núverandi ríkisstj., áttu allir sína fulltrúa. Þar komu fram í höfuðatriðum þau ólíku sjónarmið og viðhorf, sem óneitanlega eru á milli þessara 3 flokka í þessu málefni.

Frá því 1938 og með breyt. á árinu 1939 höfum við til þessa dags búið við eitt bráðabirgðaskipulag í einum þætti skattamálanna, sem er það að undanþiggja útgerðarfyrirtæki skatti að verulegu leyti og útsvarsgreiðslum til bæjar- og sveitarfélaga. Ýmis önnur fyrirmæli voru í þessari löggjöf, er sérstaklega voru undantekningaákvæði. Þessi sérstaka löggjöf átti rætur sínar að rekja til þess, að mörg undanfarin ár hafði íslenzk útgerð verið rekin með verulegum töpum, og ekki var þá á árinu 1938 fyrirsjáanlegt, að veruleg breyt. yrði þá á, heldur bentu flestar líkur til þess, að nokkuð mundi líkt áfram halda

næstu árin um gengi þessa atvinnurekstrar, ef ekki breyttist allt viðhorf í heiminum yfirleitt. Af þessari ástæðu voru skattalögin 1938 sett og nokkuð breytt á Alþingi 1939, eins og ég gat um áðan. En svo gerast þeir viðburðir, sem allir vita, að á árinu 1939 brauzt út stórveldastyrjöld, og eins og alltaf, þegar slíkt á sér stað, gerbreytist svo margt, ekki einungis hjá stríðsþjóðunum sjálfum, heldur mörgum þeim þjóðum, sem ekki búa í nálægð við þær. Allt fer úr sínum venjulegu skorðum og gerbreytist fyrir þessi miklu átök, sem háð eru af stórveldunum. Það kom í ljós í upphafi þessa stríðs eins og varð í síðustu heimsstyrjöld, að íslenzkir hættir breyttust á skömmum tíma. Sá atvinnurekstur, sem hafði verið rekinn með verulegu tapi og þótti fyrir margra hluta sakir næsta óálitlegur, varð nú í skyndi að einstæðum gróðavegi. Fiskveiðar yfirleitt eða sala á fiskafurðum í Bretlandi og fyrst framan af í Þýzkalandi gerbreyttist svo í skyndi, að af þessum atvinnurekstri varð stórgróði. Þegar fram vatt svo um skeið, varð auðséð, að forsendurnar hafa fallið undan þeirri löggjöf, sem sett var 1938 og miðuð við það ástand, sem þá ríkti. Svo mjög var þessum grundvelli raskað, að þau fyrirtæki og sá atvinnurekstur, sem yfirleitt hafði gefið lítinn ágóða eða jafnvel hjá sumum fyrirtækjum var rekinn með stórtapi, varð nú einstæðasti gróðavegur, sem þekkzt hefur í sögu íslenzku þjóðarinnar. Af þessum ástæðum varð auðsætt, að þessum lögum, sem á sínum tíma var hugsaður annar aldur, varð að breyta. Þess vegna setti Alþfl. það fram fyrir alllöngu síðan, og var undir það tekið af öðrum, að við svo búið mætti ekki lengur standa, þessu yrði að breyta. Það varð því eitt höfuðatriðið að áliti Alþfl. upp úr þessari endurskoðun skattalöggjafarinnar að afnema eða gerbreyta þeirri löggjöf, sem sett var 1938 og miðuð við allt aðrar aðstæður, á þeim tímum, sem engan óraði fyrir, að mundi verða svo stór bylting í þessum atvinnuhætti eins og varð. Fyrsta höfuðatriðið í endurskoðun þessarar skattalöggjafar var því það að afnema skattfrelsi útgerðarinnar. Það má segja, að með vissum undantekningum sé þetta gert í frv. því, sem fyrir liggur. Í síðustu gr. frv. er, eins og frv. ber með sér, lagt til, að felld sé algerlega úr gildi hin svokallaða skattfrelsislöggjöf. Hins vegar hefur því verið lýst yfir í umr., bæði af hv. frsm. og hæstv. viðskmrh., að löggjöfin eða frv. það, sem hér er til umr., feli í sér nokkur ákvæði, er geri það að verkum að milda fyrir útgerðarfyrirtækjum hvað snertir skattálagningu fyrir 1940, og á ég þar sérstaklega við þau ákvæði frv., sem gera ráð fyrir því, að útgerðarfyrirtækjum sé leyfilegt að draga frá skattskyldum tekjum 1940 tap það, sem hefur orðið á fyrirtækjunum á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939. Þá er komið að fyrsta atriðinu og því höfuðatriði, verð ég að segja, sem mestur ágreiningur hefur orðið um í þessum umr. við Alþfl. og hina flokkana, sem að þessum samkomulagstilraunum hafa staðið hins vegar, og það er tapsfrádrátturinn. Strax í sambandi við umr. um þetta mál lýstum við yfir till. okkar, sem voru á allt aðra lund heldur en hér kemur fram í frv., og höfum við áskilið okkur rétt til að bera fram brtt., sem er í samræmi við okkar sjónarmið. Það var að vísu ekki svo af hálfu okkar Alþfl.-manna, að við vildum, að með því að leyfa ekki jafnmikinn tapsfrádrátt og í frv. vildum við koma því til leiðar, að fyrirtækjum, sem eru illa stæð, yrði ekki íþyngt svo, að þau gætu ekki risið upp á sæmilegum fjárhagslegum grundvelli. Við lögðum það til, að tapinu yrði aðeins leyft að ná yfir 3 næstliðin áramót, en svo yrði gerð sú takmörkun á frádrættinum, að hann yrði ekki meiri en næmi því, að fyrirtækin skulduðu ekki meira en 150 þús. kr. á hvern togara og samsvarandi upphæð á önnur fiskiskip, og þar sem um aðrar eignir væri að ræða, skuldir, sem næmu því mati, er skattal. hafa slegið föstu sem réttu skattmati á eignum manna til skattframtals, sem ég hirði ekki um að greina hér nánar, því þau fyrirmæli er að finna í 19. gr. skattal.

Þessi skoðun okkar varð því miður ekki ofan á í þessum umr., og höfum við áskilið okkur rétt til að bera fram brtt. við frv., er ganga í líka átt og ég hef nú nefnt. Á þessu stigi málsins sé ég ekki ástæðu til að fara út í neinar rökræður um þetta atriði, þar sem þess gefst kostur, þegar brtt. koma fram á Alþingi. Enda hafa þær umr., sem orðið hafa um þetta atriði, ekki heldur verið á þá lund, að ég sjái ástæðu til að víkja að þeim frekar, enda yrði það aðeins endurtekning, þar sem þetta atriði kemur sérstaklega til umr. og úrslita á sínum tíma. Það má segja, að með þessari breyt. á tapsfrádrættinum sé skattfrelsið afnumið, eins og það var í l. frá 1938, og er það að sjálfsögðu stórt atriði, sem hefur ekki heldur orðið verulegur ágreiningur um, að l. frá 1938 mættu ekki óbreytt standa. Það höfuðatriði, sem Alþfl. er ekki ánægður með, að þessi verulegi frádráttur sé leyfður, hefur þó orðið ofan á í þessu máli eins og það er lagt fyrir Alþingi. Það, sem Alþfl. lagði meginácherzlu á í milliþn., var stofnun nýbyggingarsjóðanna, og segja má að vísu, að þessi hugsun sé tekin til greina í frv., þótt það sé nokkuð á aðra lund en Alþfl. hefði kosið, ef hann hefði einn mátt ráða efni þessa frv.

En aðalatriðið í þessu sambandi er það, að með ákv. þessa frv. er gert ráð fyrir, að í löggjöfinni skuli felast viss. vernd og réttur til þess að endurnýja atvinnutækin. Það hefur alltaf verið höfuðmál frá sjónarmiði Alþfl. að gera skynsamlegar ráðstafanir til að endurnýja öll íslenzk atvinnutæki og þá sérstaklega þau, sem notuð eru við sjávarframleiðsluna.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þessa, því að þessi framleiðslutæki eru beztu hjálpartæki þjóðfélagsheildarinnar og hinn mesti búbætir, hvernig sem lætur í ári.

Hins vegar hafa tæki þessi elzt og gengið úr sér og ekki verið endurnýjuð vegna slæms rekstrar eða fátæktar framleiðendanna. Og nú er svo komið, að mörg skipin, sérstaklega togararnir, eru orðin ævagömul og geta ekki enzt mikið lengur. Þess vegna er þörfin á endurnýjun þeirra orðin mjög brýn.

Í annan stað vakti það fyrir Alþfl. með till. sínum, að þeir peningar, sem nú hafa runnið í

stríðum straumum til útgerðarfél., verði ekki teknir út úr framleiðslunni í eitthvað óskylt henni og miður þarft fyrir þjóðfélagsheildina. Það getur skapað öngþveiti og aukið dýrtíðina, eins og t. d. þegar útgerðarmennirnir draga fé út úr framleiðslunni til þess að kaupa aðrar eignir, svo sem jarðir og hús, sem svo fara sí-hækkandi í verði, og stuðlar að því að auka á vandræði í landinu.

Segja má, að fyrir Alþfl. hafi fyrst og fremst vakað með stofnun endurbyggingarsjóðanna að tryggja það, að það fé, sem nú hefur grædzt, gangi í framleiðsluna sjálfa. Að féð lenti ekki í braski, heldur gengi til að endurnýja framleiðslutæki atvinnuvegarins.

Ég sagði áðan, að þessi hugsun hefði að nokkru verið tekin upp í frv., en nokkuð á aðra lund en Alþfl. hefði kosið. Við hefðum helzt kosið, að þetta fé hefði allt verið lagt í einn sjóð frá öllum fyrirtækjunum, og sjóðurinn hefði verið undir stjórn hins opinbera, og féð því aðeins hreyft, að færð væru í hvert sinn full rök fyrir því, að nota ætti það til þess að kaupa ný framleiðslutæki. En þetta fór á aðra lund, eins og mörg önnur atriði.

Þriðja atriðið, sem Alþfl. barðist fyrir í milliþn., var lækkun skattstigans á lágum tekjum og miðlungstekjum. Eins og frsm. tók fram, er gildandi skattstigi frá árinu 1935. En þessi skattstigi hefur tvisvar verið hækkaður. Fyrst og fremst með hækkun þeirri, sem kallaður var hátekjuskattur og lagður var á skattskyldar tekjur, er námu kr. 3000 og meira. Og síðan var svo bætt 12% skattviðauka ofan á allan skattinn, sem orðinn var tvöfaldur fyrir hjá sumum skattgreiðendum. Þessi mikli skattur hefur því orðið mikil byrði fyrir margar stéttir þjóðfélagsins. En einkum hefur hann orðið láglaunastéttunum og mönnum með miðlungstekjur mjög þungbær, þegar þess er gætt, að útsvarsgreiðslur hafa síðustu árin mest mætt á þeim.

Nú þegar flest atvinnufyrirtæki skila góðum arði og allt stendur með meiri blóma, virtist ekki vera nokkurt vit eða sanngirni í því að leggja sömu byrðar á launastéttirnar, sem hafa lág laun eða miðlungstekjur, og gert var 1935. Því að þá var ástandið miðað við mikla tekjurýrð ríkissjóðs annars vegar og hins vegar mikla þörf opinberra framkvæmda vegna mikils atvinnuleysis. Skattstiginn 1935, hátekjuskatturinn og 12% viðaukinn voru einmitt miðaðir við það. Þess vegna var þá lagt meira á en tekjur fátækra manna gátu yfirleitt borið. En nú, þegar batnar í ári og tekjur ríkis og bæjarfélaga aukast, er sjálfsagt að láta þá menn njóta þessa góðæris og bæta hag þeirra, sem undanfarið hafa stunið undan erfiðum og allt of þungum skattaálögum.

Það má segja, að nokkuð sé bætt úr þessu með frv. þessu, en það er þó ekki til fullnustu. Neðan til er skattstiginn frá 1935 tekinn upp svo að segja óbreyttur, en hækkaður nokkuð þegar kemur yfir 8—9 þús. kr. skattskyldar tekjur. Nokkur úrbót er það, að hátekjuskatturinn og 12% viðaukinn eru afnumdir. En helzt er þó umreikningurinn, sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frv., og hækkun persónufrádráttarins í 3. gr. því fólki nokkuð til léttis, sem harðast hefur orðið úti undanfarið.

Alþfl. getur að mestu leyti unað við þá afgreiðslu, sem málið fékk í milliþn. Einkum má segja, að allmikil bót sé að þessum þrem atriðum: Afnámi hátekjuskattsins, umreikningnum og hækkun persónufrádráttarins. Og á þann hátt hafi náðst það, sem Alþýðuflokkurinn leggur mest upp úr: Að eins og nú hagar til í hinu íslenzka þjóðfélagi, eigi launastéttirnar að njóta í lækkuðum gjöldum þess mikla gróða, sem ýmis fyrirtæki hafa haft síðastl. ár. Þau eiga tvímælalaust að geta borið kúfinn af tekjuþörf ríkisins, án þess að seilzt sé of djúpt í vasa hinna fátækari.

Í sambandi við umræður þær, sem hafa orðið um skattstigann, skal ég einkum víkja að því, sem hæstv. viðskmrh. sagði. Hann sagði, að það hefði vakað fyrir Framsfl., að skattstiganum yrði öllum breytt til lækkunar, en að svo yrði hætt að draga frá skattskyldum tekjum greitt útsvar, tekju- og eignarskatt.

Alþfl. lýsti yfir því í milliþn., að hann væri í meginatriðum ekki andvígur þessari tillögu Framsfl. og hann gæti aðhyllzt þessa breyt. síðar. En við Alþfl.-menn lítum svo á, að nú, þegar gróði einstakra fyrirtækja er svona mikill, þá sé þetta ekki heppilegur tími til að fara að lækka skattstigann og breyta þar með þessu meginatriði löggjafarinnar.

Það fyrirkomulag, sem nú er á þessu, skapar skattgreiðendum visst aðhald um að standa í skilum, því þeir njóta þess í lækkuðum skatti næsta ár, sem þeir greiða af opinberum gjöldum árið á undan.

Meðan ekki hefur skapazt meira öryggi um innheimtu skatts og útsvara, verður að telja, að bæjar- og sveitarfélögum sé mikið hagræði í núgildandi fyrirkomulagi um frádrátt vegna greidds skatts og útsvars.

Löggjöf hefði vantað um slíkt eðlilegt aðhald, ef þessi frádráttur væri nú afnuminn, og þess vegna var Alþfl. ekki reiðubúinn til þess að ganga með til þessara meginbreytinga á skattalöggjöfinni. En flokkurinn er engan veginn á móti þessu atriði í sjálfu sér og er albúinn til þess síðar að breyta þessu í það horf, sem Framsfl. leggur til, ef hann teldi, að tryggilega og rétt væri frá breyt. gengið.

Þá var enn eitt atriði, sem Alþfl. lagði mikla áherzlu á, en það var að setja lög um sérstakan stríðsgróðaskatt. Frv. um þetta hefur verið lagt hér fram á þskj. 179. Það er ekki til umr. fyrr en næst á eftir því máli, sem hér liggur fyrir, og fer ég því ekki nánar út í það.

Það má segja, að í frv. sé fullnægt þeirri höfuðhugsun, er fyrir Alþfl. vakti, enda þótt flokkurinn hefði kosið að hafa ýmislegt í því frv., eins og þessu, nokkuð með öðrum hætti, ef hann hefði mátt ráða.

Þá kem ég að því atriði, sem kallað er umreikningur og hv. frsm. skýrði allýtarlega í framsöguræðu sinni. Alþfl. lagði höfuðáherzlu á þessi þrjú meginatriði í milliþn.: 1. hækkun skattstigans á lágum og miðlungstekjum. 2. umreikningurinn vegna gengisfalls krónunnar. 3. Hækkun persónufrádráttarins.

Þetta stefnir í rétta átt, þótt Alþfl. hafi lagt til, að þær tekjur yrðu nokkuð lægri en hér er gert ráð fyrir, sem umreikningur kæmi til greina við. En vitaskuld má deila um það, hvar setja skuli takmörkin, og verður jafnan matsatriði.

Þá kem ég að hækkun persónufrádráttarins. Þó að ekki væru að öllu teknar upp till. Alþfl. í milliþn., þá er niðurstaðan svipuð. Flokkurinn lagði til, að frádrátturinn yrði hærri fyrir börn og aðra skylduómaga, en hins vegar hefði þá frádrátturinn fyrir þá fullorðnu mátt vera lægri, og sérstaklega fyrir einhleypt fólk.

Í till. þessa frv. er frádrátturinn fyrir hjón með 3 börn 3900 kr., en átti eftir till. Alþfl. að vera 4000 kr., lægri fyrir fullorðna, en hærri fyrir börnin. Það má segja, að þetta sé nú aðeins bitamunur, en ekki fjár. Annars er enn ekki fullgengið frá undirbúningi þessa máls, og geta því enn komið fram brtt. bæði frá Alþfl. og öðrum flokkum. En þó tel ég, að þær breyt., sem í frv. þessu felast, séu allar til batnaðar. — Hv. frsm. gat þess, að með hækkun persónufrádráttarins hefði ekki náðst fullkomið réttlæti, og því hefði verið gripið til umreikningsins, sem er í raun og veru leiðrétting á ástandi því, sem skapazt hefur vegna verðfalls peninganna. Og hækkun frádráttarins er í raun réttri leiðrétting á eldri löggjöf. Þess vegna má segja, að nokkrar umbætur felist í þessu frv.

Þá vil ég stuttlega nefna þá breyt., sem gerð er á löggjöfinni um það, að útgerðarhlutafélög mega ekki lengur verja 90% skattfrjálsum til varasjóðanna. Sú breyt., sem hér er gerð, er í raun og veru mjög eðlileg leiðrétting á því, sem fólst í skattfrelsisl., og lagði Alþfl. áherzlu á, að í stað 90% kæmi 50%. Það var þetta höfuðsjónarmið, sem mótaði afstöðu Alþfl. til málsins, enda þótt hann hefði kosið, eins og ég gat um í upphafi, að hafa ýmislegt á aðra lund.

Margt hefur þó verið tekið upp í frv., sem að áliti Alþfl. er til stórbóta miðað við það, sem verið hefur í skattalöggjöfinni undanfarin ár.

Að svo mæltu sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar um frv. almennt á þessu stigi málsins. Til þess gefst vafalaust tækifæri síðar. En þó vil ég geta þess viðvíkjandi hinum ótakmarkaða tapsfrádrætti, sem helzt frá gömlu l., að um það atriði áskiljum við okkur rétt til að bera fram sérstaka brtt. síðar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég skal játa það fúslega, að mér er ekki alveg ljóst, hvernig þessu máli er varið. Í öðru orðinu er talað um, að samkomulag hafi náðst um þetta frv., að hér sé á ferðinni bræðingur, sem allir séu orðnir sammála um, en í hinu orðinu er talað um, að allir aðstandendur þessa frv. hafi óbundnar hendur með að flytja alls konar brtt. En ég hygg, að undirbúningur málsins sé nú ekki betri en svo, að margt standi enn til bóta í frv., þrátt fyrir langan undirbúningstíma. Enda virðist mér, að málið hafi meira hvílt á einstökum mönnum, t. d. í fjhn., heldur en að til þm. hafi verið leitað álits almennt.

Ég vil hér benda á einstök atriði, sem mér virðist, að hv. n. þyrfti að breyta. Og í því sambandi vil ég taka það fram, að mér finnst, að úr því verið er að breyta þessari löggjöf, þá þurfi að gera gagngera breytingu á ýmsu, sem miður hefur verið heppilegt í gildandi lögum.

Það er þá fyrst 19. gr. í l. um tekju- og eignarskatt. Þar er sagt í b-lið, að yfirskattan. eigi að meta búfé bænda til skatts. Þetta mat er svo venjulega miðað við áætlað söluverð vorið eftir að skatturinn er lagður á. Þetta skapar alls konar ósamræmi og verður til þess, að matið hoppar upp og niður ár frá ári. Gallar þessa fyrirkomulags eru alveg augljósir, og því finnst mér það koma mjög til álita nú, hvort ekki beri að setja samkv. löggjöfinni fast verð á búfé, t. d. á 10 ára fresti. Þetta atriði vil ég, að hv. n. taki til rækilegrar athugunar. Því að búfé er í raun réttri aðeins framleiðslutæki bændanna á sama hátt og skip og veiðarfæri hjá útgerðarmönnum, en verðmæti þess í eignaframtali er ekki breytt upp og niður eftir söluverði. En þar er fast mat viðhaft og fastar reglur um afskriftir.

Þá er í öðru lagi viðvíkjandi 30. gr. l. Hún mælir svo fyrir, að í kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annars staðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skuli borgunin ekki fara fram úr 8 kr. og ekki vera minni en 4 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns. Nú hefur allt kaupgjald hækkað stórlega, og þá hlýtur svo að fara, þegar tillit er tekið til fólkseklunnar í sveitunum, að erfitt verði að fá menn til að taka að sér þessi skattanefndarstörf. Þetta gat gengið, þegar skattanefndarstörfin voru að mestu unnin sem þegnskaparvinna að vetri til. En eins og nú er komið dragast þessi störf langt fram á vor og sumar, og eru lítil líkindi til þess, að bændur fari að hlaupa frá orfi sínu til að gegna þessum störfum, sem sama og ekkert eru launuð, á þeim tíma, þegar engan mann er hægt að fá til starfa í sveitum, nema fyrir mjög hátt dagkaup, eða allt að fimmföldu kaupi nefndarmanna. Í sambandi við þetta er rétt að benda á það atriði í 27. gr. l., að leggja skuli fram skattskrár fyrir 25. maí ár hvert hér í Reykjavík. Í framkvæmdinni hefur skattskráin ekki verið lögð fram fyrr en í júní. En einkum er það víst, að þetta ákvæði l. getur ekki orðið framkvæmt núna vegna þeirra breytinga, sem verið er að gera á löggjöfinni. Hvers vegna er ekki lagt til að breyta eins sjálfsögðum atriðum og þessum.

Sama gildir um alla fresti í IV. kafla skattalaganna, þeim þarf öllum að breyta eða heimila ráðh. að breyta þeim.

Þessi þrjú atriði, sem ég hef bent á, eru svo sjálfsögð, að ekki þarf um þau að deila, og þeim á að breyta, úr því l. er breytt á annað borð.

Úr því verið er að afnema skattfrelsi útgerðarinnar, finnst mér undarlegt, að ekki skuli vera tekið upp í frv. ákvæði um afnám l. um skattfrelsi iðnfyrirtækja. Mér hefur þó skilizt á blöðunum, að allir séu nú sammála um, að þessi l. hafi frá því fyrsta verið óskapnaður og á allan hátt óviðeigandi að efni til.

Ég vil biðja hv. n. að athuga þetta, því varla getur verið nokkurt ósamkomulag um það í n., og taka þetta upp í frv.

Ég ætla ekki að tala mikið um 1. og 2. gr. frv. að þessu sinni, en skal aðeins taka það fram, að ég hef alltaf talið sjávarútveginn mjög áhættusaman atvinnuveg. Og ég skil ekki þá menn, sem segjast vera sömu skoðunar, en gera lítið til að leiðrétta þann glundroða, sem er ríkjandi í skatta- og útsvarsálögum hér á landi, en þó einkum ósamræmið, sem er milli einstakra manna, sem hafa árlega sömu tekjur, og hinna, sem hafa þær mjög misjafnar, og undir þá síðari heyra útgerðarmenn. Tökum t. d. fyrirtæki, sem hefur 100 þús. kr. í skattskyldar tekjur annað hvert ár. Það eru samtals 500 þús. kr. í 10 ár. Meginið af þessu fer í skatta og útsvör, en þó misjafnt eftir því, hvar maðurinn er búsettur, því útsvörin eru misjöfn á hinum ýmsu stöðum.

Annar maður eða fyrirtæki, sem hafði líka 500 þús. kr. tekjur á 10 árum, misjafnt á hverju ári, mundi aftur hafa um helminginn eftir, þegar búið væri að greiða alla skatta og útsvör.

Þetta mikla ósamræmi þarf að hverfa, til þess að þeim fyrirtækjum, sem hafa áhættusaman rekstur og því misjafnar tekjur frá ári til árs, sé ekki gert örðugra fyrir en þörf er á og þau beitt rangindum gagnvart öðrum með jafnar árstekjur.

Þess vegna skil ég ekki þá menn, sem telja sig fulltrúa þeirra, sem hafa áhættusaman atvinnurekstur, en vilja þó ekki veita þeim fyrirtækjum, sem eru í áhættusömum atvinnurekstri og hafa miklar tekjur annað árið, en hitt árið litlar, þær breyt., að ganga inn á þann grundvöll, sem hæstv. viðskmrh. lýsti hér í dag, að láta skattinn verða jafnháan á þessi fyrirtæki á þessu tíu ára bili, þó að annað fyrirtækið hafi jafnar tekjur, en hitt misjafnar.

Þetta álít ég mestan galla á okkar skattalöggjöf, hvað þau atvinnufyrirtæki, sem hafa misjafnar tekjur, hafa orðið hart úti. Þess vegna er ég alveg hissa á því, þegar menn sjá leiðina til þess að laga þessa galla, að þeir skuli ekki vilja líta við henni.

Um 3. gr. er það að segja, að ég verð vitanlega ekki með henni. Ég hef aldrei verið með neinum sérstökum ívilnunum fyrir neina sérstaka menn, af því að þeir búa í Reykjavík eða öðrum kaupstöðum. Ég barðist á móti þessu 1935. Þangað til hafði sú skynsemi ríkt í skattamálum, að allir hefðu jafnan persónufrádrátt. Það hafði engum dottið í hug þá, að menn hefðu meiri persónufrádrátt fyrir það, þó að menn færu á bíó og reyktu sígarettur. En því er meira að segja hér á hæstv. Alþingi haldið fram, að þeir menn, sem væru hér í þéttbýlinu í Reykjavík, eyddu meiru, og af því ættu þeir að fá meiri persónufrádrátt. Um þetta flutti ég brtt., hvort sem hv. n. vill taka hana til greina eða ekki.

Þá flyt ég brtt. um það, að í staðinn fyrir orðið „skylduómagar“ komi: ómagar. Þetta er eins og það hefur verið í gömlum l. Það er leiðinlegt að geta ekki látið bónda fá frádrátt fyrir það að hafa t. d. föðursystur sína, sem hann framfærir og komin væri í kör, fyrir ekki neitt í stað þess að láta hana fara á sveitina, og ég ætla, að á hverju ári séu mörg slík dæmi, að maður hafi á framfæri gamla konu eða gamlan mann, sem unnið hefur um marga áratugi hjá bóndanum. Þegar hann er orðinn óvinnufær, tekur bóndinn hann á sitt framfæri til þess að verja hann því að fara á sveit. En fyrir slíkt fær hann engan persónufrádrátt. Ég vil láta orðið „skyldu“ falla framan af orðinu „skylduómaga“ vegna þessara manna, sem eru svo velviljaðir sínu sveitarfélagi og sínu fólki að framfæra þetta fólk í stað þess að láta það fara á sveitina.

Þá hefði mátt gera ákvæði 4. gr. einfaldari. Það eru nú í landinu 220 undirskattan. og 20 yfirskattan., og vegna hvers einasta skattþegns þurfa þær að umreikna skattstigann eftir því, hver vísitalan er. Og meðalvísitala ársins verður útkoma mánaðarvísitalnanna deilt með tólf, og gæti því verið misjöfn eftir því, hve margir desimalar eru teknir. Ég held, að það sé tiltölulega auðvelt að finna ákveðna formúlu fyrir því, hvernig skattstiginn breytist eftir vísitölunni. Það er með því að lækka skattstigann hlutfallslega eftir því, sem vísitalan hækkar, til þess að ná nákvæmlega sömu niðurstöðu og á að ná með þeim útreikningi öllum, sem gert er ráð fyrir í 4. gr. Ég hygg, að það sé auðvelt að koma þessu fyrir með því að láta fjármálaráðuneytið reikna út í jan. á hverju ári, hvernig skattstiginn á að lækka eftir því sem vísitalan hefur hækkað eða hækka eftir því sem vísitalan lækkar.

Ég vil biðja n. að athuga það vel, hvort það sé ekki fært að gera þetta. Það er allt að því óforsvaranlegt að setja svo mikla vinnu á hendur skattan. í landinu eins og verður, þegar þessi l. koma til framkvæmda, ef þessu verður ekki breytt.

Ef ekki finnst gerlegt að breyta þessu, þá þarf a. m. k. að ákveða, að meðalvísitala ársins sé í heilli tölu og sé ekki reiknuð með ótal desimölum og sitt á hvað hjá skattan., því að meðalvísitala ársins getur staðið alla vega af sér, þegar deilt er með 12, en hún þarf að vera sú sama yfir allt landið. Annars gæti hugsazt, ef 220 desimalar væru teknir, að talan yrði sín hver hjá öllum undirskattan.

Þá held ég, að sé gengið nokkuð langt í því að láta nýbyggingarsjóðshluta varasjóðs vera 40% af varasjóðnum. Ég held, að eins og dæmið liggur fyrir hjá atvinnufyrirtækjum hér í Reykjavík, sé það vafasamt, að mörg þeirra þoli að festa svo mikið fé utan við sjálfan atvinnureksturinn, og það mundi vera alveg nóg að hafa þennan varasjóðshluta 30%.

Enn fremur er mér ekki ljóst, hvernig á að fara að viðvíkjandi þessum 150 þús. kr., sem er lágmark fyrir því, sem má afskrifa skip niður í. Ég þekki eitt félag, sem aldrei hefur haft tapsfrádrátt, og þau eru raunar fleiri eða líklega fjögur alls. Það er komið með skip sitt niður í 70 þús. kr. með eðlilegum afskriftum. Á nú að drífa skipið upp í 150 þús. kr. og láta telja félaginu þá hækkun sem tekjur? Eða á að láta það fyrirtæki, sem aldrei hefur tapað, fá minna í frádrátt af því að það hefur aldrei tapað?

Ég held, að það hafi ekki verið hugsað nóg, hvernig það í þessum tilfellum eigi að vera og menn eigi eftir að athuga það betur og vonandi laga það. Vona ég, að hv. n. eigi eftir að taka þetta til greina.

Ég mun ekki flytja margar brtt. við frv. við 2. umr., en a. m. k. gagnvart persónufrádrættinum mun ég koma með brtt. og kannske um fleira við 3. umr., ef þessu verður ekki breytt áður, svo n. taki athugasemdir mínar til greina.

Jóhann Jósefsson: Það ber svo einkennilega við, hvað þetta mál snertir, sem hér er til umr., að það má heita, að búið sé að halda í því þrjár eða jafnvel fjórar framsöguræður, sína úr hverri áttinni, og er jafnan sami formálinn fyrir þessum ræðum, sem sé sá, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé nú ekki eftir þeirra höfði að öllu leyti, er hér hafa talað, en þó sameiginleg niðurstaða fulltrúa fyrir þá þrjá flokka, sem hér eiga hlut að máli. Hver fyrir sig þvær hendur sínar til hálfs. Hver og einn vill helzt fyrir sitt leyti hreinsa sig af hinum ýmsu ákvæðum þessa frv. og telur, að ef hann hefði mátt ráða, hefði þetta eða hitt ekki verið svona, eins og það stendur á prenti.

Þetta skýrist nú að vísu við athugun á sjónarmiðum þeirra manna, sem hér hafa átt hlut að máli, og ef ókunnugir hefðu furðað sig á þeim ræðum, sem fluttar hafa verið, þá verða þær öllu skiljanlegri fyrir þá, sem hafa fylgzt með þróun skattamálanna hér á landi á undanförnum árum.

Það var ýmissa manna ósk, og ég held flestra manna ósk í þessu þjóðfélagi, að þessi ófögnuður, sem heitir skattamál landsins, það er óhætt að kalla þau hreinan og beinan ófagnað eins og þau eru orðin nú, væri tekinn til gagngerðrar endurskoðunar og breytingar gerðar, sem næðu til allra greina skattalöggjafarinnar.

Þjóðin var yfirleitt farin að skilja það, að skattstefnan sósialistíska, sem hefur verið í algleymingi a. m. k. síðastliðin 14 ár í þessu landi, var búin að leiða yfir atvinnuvegi þjóðarinnar stórtjón og búin að færa jafnvel hinum tekjuminnstu mönnum heim sanninn um bölvun þeirrar skattstefnu, sem hér var fylgt af hinum sósialistísku öflum, sem að henni stóðu. Mennirnir, sem lengi höfðu haldið, að þeir væru svo tekjulitlir, að þessi ránför ríkisvaldsins á hendur gjaldþegnunum mundi aldrei ná til þeirra, voru nú farnir að finna til þess, að hún náði líka til þeirra.

Af þessum ástæðum leyfi ég mér að halda fram, að það hafi verið afar almennur þjóðarvilji fyrir því, að skattalöggjöfin væri tekin til verulega gagngerðra breytinga.

Hv. frsm. færði nokkur rök fyrir því, hvers vegna — með tilliti til hins óvenjulega ástands, eins og það heitir nú — það ráð hafi ekki verið tekið upp að búa til almennilega og skynsamlega skattalöggjöf fyrir framtíðina heldur en enn þá einu sinni að fara þessa uppáhaldsleið hinna sósialistísku afla í þjóðfélaginu, bráðabirgðafyrirkomulagið. Það væri annars ekkert ófróðlegt, ef litið væri yfir og gerð skrá yfir alla þá bráðabirgðalöggjöf, sem hrúgað hefur verið upp hér á landi síðan 1927. Einlæg bráðabirgðalög á ýmsum sviðum og viðaukar við þau bráðabirgðalög o. s. frv. Og enn er haldið hér áfram á sömu brautinni, en þó má segja, að nú sé nokkuð meiri afsökun fyrir hendi heldur en oft hefur verið áður.

Hv. frsm. taldi þessu frv. margt til gildis, og má vist með sanni segja, að þar hafi verið að ýmsu leyti rétt mælt, og skal ég taka undir það að því er snertir þá lagfæringu á skattstiganum, sem hér er fram komin, svo og persónufrádráttinn og e. t. v. sumt af því, sem snýr að útgerðinni. En þó efast ég um, að allt, sem þar er fram sett, muni reynast heppilegt í framkvæmdinni eða til bóta fyrir atvinnuveg þann, sem hér á helzt hlut að máli.

Það er annars dálítið eftirtektarvert að athuga aðstöðu löggjafarvaldsins gagnvart útgerðinni á undanförnum árum, og þá ekki síður, hvernig þessi aðstaða hefur haft áhrif á framtak manna í þeim efnum.

Eftir síðasta ófrið var talsverð velmegun hér á landi. Fólkið hafði nokkuð mikla peninga með höndum, og menn voru mjög áfram um það að koma þessum peningum í arðberandi fyrirtæki. Og stærsta átakið, sem fengizt var við, var útgerð, einkum stórútgerðin. Um tíma gekk þetta vel. En þegar fram í sótti, gerði margt vart við sig, sem varð til þess að koma á kné þessum tiltölulega blómlega atvinnuvegi, svo sem kaupkröfur, markaðstöp og verðfall og síðast en ekki síst skattaálagning, bæði af hálfu ríkisvaldsins og bæjar- og sveitarfélaga. Og þetta heldur áfram að koma útgerðinni í kaldakol svo að segja. Útgerðin var yfirleitt taprekstur allt frá 1930 og fram til þess, að núverandi styrjöld fór að skapa nýtt viðhorf. Loks rak þetta svo langt, að sjálft Alþingi hafði til meðferðar frv. um það að gera sum útgerðarfélögin upp. Svo háværar urðu raddirnar um það, að hið opinbera skipti sér af stórútgerðartapinu, að Alþingi þóttist ekki geta leitt þetta mál hjá sér. Svona skapaðist þá veður í lofti á ekki lengri tíma en þarna var um að ræða. 1938 er ástandið orðið svo óbærilegt í þessum efnum, að Alþingi telur sig verða að gera hvort tveggja í senn, gefa útgerðinni loforð um skattfrelsi, — loforð, sem allir vissu þá og viðurkennt var við framsögu málsins á Alþingi, að væru einskis virði, nema því aðeins, að útgerðin yrði fyrir einhverju happi, svo að henni gengi betur þar eftir en fram að þeim tíma, — og um svipað leyti er það, sem Alþingi heitir verðlaunum, peningaframlagi, styrk úr fiskimálasjóði, ef einhver vildi nú leggja í það að kaupa nýtízku togara. Það er talsvert eftirtektarvert, ofan í hversu djúpan dal við vorum komnir í þessum efnum og hversu mikið vonleysi var búið að hertaka hugi manna, að það varð enginn til þess að taka í þá framréttu hönd og þiggja það landssjóðsfé, sem fram var boðið, eða hætta sínu fé á móti ríkisfé til þess að kaupa svona framleiðslutæki.

Svo kemur ófriðurinn og stríðsgróðinn, og nú hefur hið háa Alþingi beðið eftir því á annan mánuð, að menn úr hinum ýmsu flokkum gætu náð samkomulagi um það, hvernig ætti að meðhöndla þá peninga, sem hlaupið hafa á snærið

hjá stórútgerðinni, því að ég held, að óhætt sé að segja, að mestur tími muni hafa farið í þessi störf, þó að nokkur tími kunni að hafa verið helgaður skattstiganum fyrir almenning o. s. frv.

Það hefur nú undanfarið mátt skilja það á skrifum sumra blaðanna, að það stappaði nærri, að þau litu á það sem ólán fyrir þjóðina, að þessi grein útgerðarinnar hefði orðið fyrir happi, um leið og á ýmsum sviðum þrengir að viðskiptum í heiminum. Þær eru ekkert orðnar fáar ritgerðirnar um það og kröfurnar, að tekin séu ráðin af þeim, sem nú eiga þessa peninga, og þeim fyrirskipað að gera við þá það, sem löggjafarvaldinu þóknast að ákveða. En minna hefur borið á því, að minnzt væri á nokkurt sjálfræði útgerðarfélaganna yfir hinum öfluðu fjármunum eða hverju þeir menn hafa fórnað á undanförnum árum og teflt í hættu, sem borið hafa hita og þunga dagsins, meðan hvert tapsárið rak annað.

Hér liggur þá fyrir þessi sambræðsla af till. og þankagangi hinna ýmsu aðila, sem að frv. standa. Hér er það kristaliserað í þessu frv., sem myndazt hefur úr hinum ólíku frumefnum, er notuð hafa verið í þessari bráðabirgðaúrlausn.

Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það, að ekki hafi verið leitazt við að fara hér einhverja sanngirnisleið, en þó vil ég halda því fram, að óþarflega nærri sé gengið þeirri atvinnugrein, sem hér á hlut að máli. Þetta er ekki sagt sérstaklega vegna þeirra, sem í dag standa að þessum atvinnufyrirtækjum, heldur vegna þess, að ég veit það, og það vitum við reyndar allir, að tímarnir, sem í hönd fara, og sérstaklega tímarnir eftir þetta stríð, verða áreiðanlega ekki eins uppskeruríkir fyrir stórútgerðina eins og þetta tiltölulega stutta tímabil, sem liðið er af ófriðnum. Þess vegna þarf útgerðin að vera fjárhagslega sterk eftir ófriðinn.

Við vitum það af fyrri reynslu, að þessi stríðsgróði dregur einhvern veginn á eftir sér þann slóða af töpum og kreppu í atvinnuvegunum, að hinn fljóttekni gróði stríðsins er oft, ef ekki alltaf, fljótur að hverfa úr umferð.

Þegar þessi — ég held ég megi segja — staðreynd er athuguð, þá væri full ástæða til að gera meira heldur en gert er með þessari bráðabirgðaúrlausn til þess að skapa heilbrigðan og réttlátan grundvöll fyrir útgerðina, í fyrsta og síðasta lagi vegna þess, að það er undir því komið, á hversu góðum grundvelli útgerðin starfar, hvað hún getur lagt af mörkum til þjóðarbúsins og hvað hún getur fætt marga munna á landinu á komandi árum eins og þetta hefur verið háð afkomu hennar á liðnum árum. Hversu margar fjölskyldur munu ekki hafa horft fram á afkomubágindi, atvinnustöðvun og jafnvel neyð á liðnum árum, þegar við borð hefur legið, að útgerðin hreint og beint gæfist upp? Ég hygg, að þær hafi ekki verið fáar.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hið svonefnda skattfrelsi verði afnumið, og ég er viss um, að enginn ætlast til annars en að það hverfi á einhvern hátt úr sögunni. Hins vegar er það heldur óviðkunnanlegur grundvöllur fyrir löggjafarákvæðum, að þau séu, þegar þau eru sett, látin verka aftur á bak, en það virðist úr því sem komið er vera eina leiðin til þess að afnema hið svokallaða skattfrelsi útgerðarinnar. Í því sambandi vil ég minnast á það, sem hæstv. viðskmrh. lagði til málanna, og benda á þá játningu, sem hann gerði í ræðu sinni í dag, játningu, sem ég tel gerða fyrir hönd þeirra flokka beggja, Alþfl. og Framsfl., sem hafa staðið að niðurrifsskattastefnu síðasta áratugs. Hæstv. viðskmrh. sagði sem sé um skattfrelsisl. frá 1938, að þau hefðu verið sett, „þar eð sýnt þótti, að engar líkur voru orðnar til þess, að félögin gætu nokkurn tíma reist sig við með gildandi skattalöggjöf“, eins og hann orðaði það. Já, það er nú vitað, að ástandið var svona, og það er talsvert góðra gjalda vert, að það er viðurkennt, þó að seint sé.

Hugmyndin um það að verja verulegum hluta af gróða togaraflotans nú í stríðinu til þess að endurbyggja hann eftir stríðið er góðra gjalda verð. Í þessu frv. er þessi hugmynd færð út og ákvæði sett um það, hvernig ganga eigi frá þeim peningum, sem fastsettir verða í því skyni. Ég verð að taka undir það með hv. frsm., þegar hann sagði við framsögu málsins, að hann hefði óskað eftir, að sá stakkur, sem útgerðinni er þar sniðinn með ákvæðunum um nýbyggingarsjóð, væru nokkuð rýmri. En ég er honum ekki fyllilega sammála um það, sem hann sagði um, að nýbyggingarsjóðurinn væri sem varasjóður, sem hlyti að verða undirstaða undir lánstraust, því að þótt nýbyggingarsjóður og varasjóður geti verið hjálp fyrir lánstraustið, þá er það því skilyrði háð, að sú atvinnugrein, sem lánið skal veita til, verður í augum lánveitanda að vera fyrirtæki, sem geti staðið undir sér og þeim lánum, sem til þess eru veitt. Þá, en fyrr ekki, er þetta orðið grundvöllur undir lán, en það er það, sem ég er ekki óhræddur um, að verði tilfellið með aðbúnað stórútgerðarinnar í framtíðinni eins og það hefur verið á liðnum árum, að þessi aðbúnaður miði ekki að því, þegar gróðaflóðið hættir, sem nú er um að ræða, sem við vitum allir, að er ekki nema dægurfluga, að lánsstofnanirnar megi líta á togaraútgerðina sem trygga atvinnugrein. Það er t. d. með þennan nýbyggingarsjóð ákaflega óviðkunnanlegt ákvæði að skylda þá, sem eiga hann, til að koma honum fyrir á þann hátt, að eins og nú standa sakir getur hann enga vexti gefið, því að ég tel augljóst, að með því að slegið sé föstu, að hann sé geymdur í opinberum verðbréfum eða í banka, þá sé hann svo að segja vaxtalaus, því að við vitum, að bankarnir eru hér um bil hættir að gefa vexti, og opinber verðbréf standa engum til boða í dag, og þessir sömu menn, sem löggjöfin skyldar til að eiga fé sitt þannig geymt, eiga svo að reka atvinnufyrirtæki sín með lánsfé frá bönkum, sem lána með fullum vöxtum. Ég vil beina því til hv. n., hvort hún geti ekki náð samkomulagi um það að rýmka dálítið til í þessu efni, og ég held, að það hljóti að vera hægt að gera það á tryggilegan hátt, svo að leið sé til þess að geyma þessa sjóði á þann veg, að þeir svari einhverjum sæmilegum vöxtum, því að það er satt að segja hálfbarnalegt að ríghinda þetta svo, að menn séu dæmdir til að hafa stórskaða af því, hvernig þetta fé er

geymt. Og af þessum nýbyggingarsjóðum og varasjóðum, sem eftir ákvæðum frv. verður óarðbær eign, verða félögin og hluthafarnir að greiða skatt til ríkisins, því að við vitum eftir reynslu undanfarinna ára, að hlutabréf fiskveiðahlutafélaga hafa verið metin af skattstjóra til þessarar og þessarar krónuupphæðar og mönnum gert skylt að borga skatt af þeim, þó að þau hafi enga vexti gefið, svo að maður, sem á hlutabréf í fyrirtæki, sem stendur að þessari eign, verður að gjalda árlega til ríkisins fullan skatt af nafnverði, eins og hér væri um arðbæra eign að ræða, um leið og með einstrengingslegum ákvæðum er svo til hagað, að engir vextir fást af þessari eign, meðan hún er þannig geymd. Við þetta bætist svo það, að ef félag fargar skipi sínu, svo að það er gert upp, þá tekur ríkið tekjuskatt af 60% af þeirri upphæð, svo framarlega sem það er ekki notað til að borga skuldir. Hér er þó um að ræða fé, sem Alþingi í dag vill láta kalla skattfrjálst og vill láta landslýðinn skoða, að lagt sé til hliðar með þeim fríðindum, að það sé skattfrjálst, en það er þó engan veginn víst, ef svo fer, sem ég lýsti nú. Svo getur farið, að af þessu fé verði menn að borga fullan skatt til ríkisins.

Ég hef þá í fáum dráttum bent á, hvernig þetta mál horfir við í heild sinni. Ég ætla ekki að fara út í neina tekniska hlið á þessu máli, en mér þótti ræða hv. síðasta ræðumanns allfróðleg í því efni. Ég geri ráð fyrir, að aths. hans hafi að mörgu leyti verið réttar, en hann hefur líka aðstöðu til þess öllum mönnum fremur að benda á þessar teknisku hliðar slíks máls sem þessa. En formælendum þeirrar góðu hugmyndar, sem hér hefur verið talsvert hampað að eðlilegum hætti, vil ég segja það frá mínum bæjardyrum séð, að sá öflugasti nýbyggingarsjóður, sem löggjafinn getur stuðlað að, er grundvöllur undir atvinnuveginn, sem er þannig gerður, að þeir, sem hann vilja stunda, geti gert sér skynsamlega von um arðvæna afkomu. Ef löggjafarvaldið sneiðir fram hjá þeim aðgerðum, sem nauðsynlegar eru til þess, að slíkur grundvöllur sé lagður, eða beinlínis beinir gangi málsins inn á annan veg, t. d. með skattalöggjöf, þá hjálpar enginn nýbyggingarsjóður til frambúðar til þess að halda þessari atvinnugrein gangandi. Það er og verður alltaf þungamiðjan í öllum atvinnurekstri og farsælasta leiðin fyrir alla, sem að honum standa, að hægt sé að reka hann með skynsamlegri og öruggri von um arðvæna afkomu. Undir því er í mínum augum mest komið, þó að ég vitaskuld viti, að það getur verið ákaflega mikil hjálp til þess að komast yfir örðugan hjalla, ef til er varasjóður til þess að kaupa fyrir þau nauðsynlegustu áhöld, sem til atvinnurekstrarins þarf. En virðulegasta skylda Alþingis er að stuðla að því eftir megni, að atvinnuvegirnir séu reknir á heilbrigðum grundvelli, en þeirri skyldu hefur á undanförnum árum mjög svo lítið verið sinnt gagnvart stórútgerðinni. Þær aðgerðir, sem gerðar voru, þegar allt var komið í ógöngur á árinu 1938, voru beinlínis afleiðing af vitlausri skattapólitík undanfarinna ára, og því miður hafa þær aðgerðir, skattfrelsið svokallaða, orðið til þess, að almenningur hefur litið svo á, að útgerðin hafi búið við skattfrelsi, þó að það skattfrelsi, eftir því sem nú liggur fyrir, muni aldrei sjá dagsins ljós í framkvæmd, því að hér er verið með löggjöf, sem á að verka þannig aftur á bak, að skattfrelsisl. frá 1938 eru þar með gerð ónýt.

Ég vil að síðustu endurtaka þá beiðni til n., að hún sérstaklega reyni að sjá til þess, að þessir peningar, sem eiga að vera aukavarasjóður til nýbyggingar, geti um leið verið til styrktar atvinnurekstrinum, en ekki sem mylnusteinn um háls honum, en ef frv. verður samþ. óbreytt í þessu efni, liggur nærri, að það síðarnefnda yrði tilfellið.

*Frsm. (Magnús Jónsson): Af því að það er orðið framorðið, skal ég leitast við að stytta mál mitt, eftir því sem unnt er, þótt vitanlega hafi margt komið fram, sem ástæða væri til að gera að umtalsefni. Ég býst þó við, að ég geti naumast komizt hjá að fara nokkrum orðum um sum atriðin f. h. n. Vil ég þá byrja á því að geta þess, að slæðzt hefur prentvilla inn í frv. Þar stendur, að af 20 þús. kr. eigi að greiða 4040 kr., en á að vera 4030 kr. Ég hef þegar bent skrifstofunni á þetta og vona, að hæstv. forseti athugi þetta einnig og leiðrétti.

Nú hafa þrír hæstv. ráðh. talað um málið frá sjónarmiði sinna flokka. Hæstv. viðskmrh. byrjaði á að gera grein fyrir afstöðu Framsfl., og mér skildist á hv. síðasta ræðumanni, að mín ræða hefði átt að skýra málið frá sjónarmiði Sjálfstfl., en það er alls ekki. Ég skýrði málið frá sjónarmiði n. í heild, en aðeins á 2—3 stöðum vék ég að minni persónulegu skoðun.

Hæstv. viðskmrh. minntist á skattaívilnunina, sem önnur félög en útgerðarfélög hefðu um varasjóðsfrádrátt, og þar yrði að mismuna þeim allmikið. Ég get vel viðurkennt þetta, en mér þykir heldur mikið sagt hjá honum, þegar hann talar um, að þessi fyrirtæki séu áhættulaus. Ég held, að áhættulaus fyrirtæki séu ákaflega fá til. Ég skal taka sem dæmi fyrirtæki, sem ákaflega fáir hér virðast hafa samúð með, verzlunarfyrirtæki, heildsölufirma. Þetta er talsvert mikið áhættufyrirtæki, enda hafa þau mörg orðið gjaldþrota. Þau eiga það t. d. á hættu að tapa útistandandi skuldum. Iðnrekstur er talsvert áhættumikill, t. d. vegna samkeppni, erlendrar og innlendrar. Hins vegar skal ég játa, að munur er nokkuð mikill á þessu, sérstaklega munar miklu á nýbyggingarþörf fyrirtækja, og það, að ég hef á móti því að fara niður fyrir 40 með þann skattfrjálsa hluta varasjóðstillags er aðallega af því, að mér þykir það vera að seilast óþarflega langt aftur fyrir sig.

Mér þótti gott að heyra það, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að hann taldi nauðsynlegt að jafna töp milli ára. Ég er alveg sammála þessum tapsfrádrætti, sem innleiddur var með skattaívilnunarl. frá 1938 og endurnýjaður í frv., ekki í 10 ár, heldur einhver svo og svo margra ára heimild til að jafna töpin og skattfrelsi á því, sem fer til að jafna þessi töp, og ég hygg, að óhætt sé að segja, að í mþn. sé till. um, að töpin skuli þannig jöfnuð milli nokkurra ára.

Ég álít, að þetta ætti að vera geymt, en ekki gleymt, þegar tekin verða til endurskoðunar skattal. til frambúðar.

Hv. næstsíðasti ræðumaður minntist á, að stríðsgróðinn hefði fallið útgerðarfélögunum í skaut, án þess að þau hefðu nokkuð gert til þess. Ég álít þetta mjög ómaklega sagt. Það er auðvitað rétt, að útgerðarfélögin hafa ekki komið stríðinu af stað, en þau hafa sannarlega til þess unnið að fá stríðsgróðann. Þau hafa braukað með þessi dýru atvinnufyrirtæki í 9—10 ár, ýmist með lítinn eða engan ágóða eða þá stórtöp, þannig að auðug félög, sem áttu mjög gilda sjóði 1930, stóðu þannig, að það opinbera var farið að tala um, hvort ekki ætti að gera þessi félög upp. Þeir, sem þannig hafa braukað með þessi atvinnufyrirtæki, þegar menn vildu ekki ráðast í að kaupa slík tæki, þó að þeim væri boðið fé að gjöf úr ríkissjóði til þess, þeir hafa talsvert gert til þess að fá að njóta þess veltiárs, sem síðasta ár hefur verið. Ég vil ekki mæla þá undan stríðsgróðaskatti, en ég vil ekki, að þessum eiturdropa sé blandað í þennan bikar, því að þeir eiga það ekki skilið. Ég býst við, að það geti orðið áhöld um töp þrengingaáranna og gróðann nú, og þegar farið verður að gera upp töpin, þá komi í ljós, að stríðsgróðinn verði ekki mikið fram yfir þann mun, sem þeir hafa orðið að bera á tapsárunum.

Þá vil ég minnast með örfáum orðum á það, sem hæstv. ráðh. ræddi ýtarlega, sem sé þá skoðun Framsfl., sem kom fram í mþn. og viðtölum, sem fóru fram til undirbúnings þessu máli, að hætta að draga frá tekjuskatt og aukaútsvar og reikna skattstigann um með það fyrir augum, og getur það þá um leið verið svar til hv. 1. þm. N.-M., sem kom inn á þetta atriði líka. Ég hef ekki talað við neinn, sem hefur ekki séð, að þetta hefur marga kosti. Ég fyrir mitt leyti tel hiklaust, að þetta hafi ýmsa kosti, en í mínum augum hafa ókostirnir verið meiri, og nokkuð er það, að þegar tekju- og eignarskattsl. voru sett fyrst hér á Íslandi árið 1921, þá var því hagað þannig, en var síðan breytt. Það er þess vegna ómögulegt að segja eins og hv. 1. þm. N.-M., að það sé tvímælalaust, hvort réttara er. Skal ég ekki fara langt út í það. En það eru sum stór atriði á móti því. Fyrst er það, að við höfðum í mþn. skrá, sem er mjög eftirtektarverð, sem sýnir, hve mikið greiðist af tekjuskattinum og útsvörum rétt fyrir áramótin. Það er svo gífurlegt, að það er næstum ómögulegt annað en að láta undan fyrir þeim rökum einum saman. Menn streitast við að greiða þetta fyrir áramótin til þess að fá það reiknað til frádráttar. Og t. d. skattstjóri hefur talið ógerning að afnema þetta. Þó að hann setti í staðinn háa dráttarvexti, þá kæmi það ekki að sama gagni. Það er betra að gefa góðum viðskiptamanni afslátt heldur en að refsa þeim vonda viðskiptamanni, — það verkar miklu sterkar.

En í mínum augum er önnur ástæða fyrir þessu enn meiri. Hæstv. viðskmrh. talaði um það með réttu, að hátekjuskatturinn beinlínis staðnæmdist við það, að hann væri farinn að reka sig upp undir, við það, að hann væri kominn í það að taka allar tekjurnar. En með því að lækka skattstigann, þá er stiginn framlengdur um helming. Og með reynslu undanfarinna ára fyrir augum vil ég ekki gera það að framlengja hann um helming. Og þegar hátekjuskatturinn var settur hér á í árslok 1935, þá er ég ekki viss um, hvort mönnum hefði þótt álitlegt, ef hann hefði verið helmingi hærri, en hálfur ófarinn.

Ég hef þess vegna verið á móti því að hringla með þetta. Það minnir á það, þegar verið var að hringla með hæstv. Alþ. milli árstíða. Það var stundum haft á sumrin og stundum á veturna. Hvor tveggja þingsetutíminn hafði nokkuð til síns ágætis, en aftur ýmsa ókosti. Við játum líka, að það eru nokkrir kostir við þessa aðferð, en það eru bara ókostirnir, sem okkur þykir vega meira.

Kem ég svo að hæstv. félmrh.

Það var einn aðalörðugleikinn á að koma á þessu samkomulagi, hve Alþfl. var ófús á að vilja viðurkenna réttmæti tapsfrádráttarins alveg frá 1931, og voru ýmsar till., sem þeir voru þar með, eins og t. d. sú, sem hann lýsti, um það að taka við þann frádrátt tillit til þess, að ævinlega ætti að hvíla á félaginu ákveðinn þungi skulda, svo eða svo mikill á hvern togara og svo og svo mikill á öðrum eignum félagsins eftir fasteignamati. En höfuðgallinn á þessu var sá, að samfara þessu hlaut að verða ógurlega mikið umstang. Og ég spyr bara að því: Hvaða samkomulag ætli mundi verða um slíkt mat? Og hvaða deilur gætu út af því risið og hve mikil sundrung, þegar fara ætti að meta, hve miklar skuldir ættu að hvíla á hverju félagi eða skipi? Annars vil ég benda á, að það er langt frá því, að félögin fái þessa peninga svo að segja gefins upp í hendur eða aðrir eigendur skipanna, sem koma í tapsfrádrátt. Þarf í því sambandi ekki annað en minna á e-lið 64. gr., sem talar um, hvernig á að verja þessu fé, sem verður skattfrjálst þannig. Það á að fara í ekki aðeins varasjóð, heldur sérstaka tegund varasjóðs, sem ekki má nota fyrr en á eftir öðrum varasjóði, sem ekki má nota nema til þess að mæta rekstrarhalla. Að vísu er gert ráð fyrir því, að ef þessu fé er varið til annars en þess, sem tekið er fram í þessum e-lið, 1. mgr., þá skuli greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt. Ef stríðsgróðaskatturinn verður samþ. á Alþ. fyrir árið 1940, á af hverjum eyri af þessum 60% að greiða 75% í þann skatt. Þetta eru ákaflega hörð kjör, en hreint ekki óeðlileg. Þessi ráðstöfun, að veita þetta sérstaka skattfrelsi fyrir þessa upphæð, er ekki fyrir eigendur framleiðslutækjanna, heldur fyrirtækin sjálf, til þess að þessi varasjóður standi undir fjárhag fyrirtækjanna með því að tryggja þeim meira lánstraust. En svo endanlega, þegar slík félög væru gerð upp á sínum tíma, þá má ekki verja þessum varasjóði, sem myndaður er af þessu skattfrjálsa fé, til annars en þess að greiða þær áföllnu skuldir, sem eru á félaginu, og þar með náttúrlega hlutafé félagsins, sem er ekkert annað en skuldir félagsins til þeirra einstöku manna,

sem lagt hafa fram fé í fyrirtækið. En það, sem þar er fram yfir, fellur undir þennan refsiskatt, þ. e. sem á að greiða af 60% þess fjár og tekið er fram í e-lið 64. gr. Það er því svo langt frá því, að þessi félög, sem hafa fengið þennan tapsfrádrátt, en ekki þurfa að nota hann allan til skuldagreiðslu, séu gerð jafnrétthá eins og hin, sem hafa tapað og þurfa svo að verja öllum þessum aukavarasjóði upp í áfallnar skuldir.

Ég skal svo lítið minnast meira á þetta, sem hæstv. félmrh. sagði, en vil aðeins út af því áhugamáli hans og Alþfl. að fá lækkaðan skattstigann segja, að það er mjög einkennilegt, að einn af fulltrúum þess fl. í mþn. (og við þessar umr.), eins og sést á áliti mþn., hefur unnið að því að hækka skattstigann frá 1935, svo að sá kærleikur hæstv. ráðh. og hans fl. að lækka skattstigann kemur mér ákaflega einkennilega fyrir sjónir. Við hinir nm. vildum hafa skattstigann óbreyttan. En fulltrúi Alþfl. í n. vildi hækka skattstigann strax, þegar tekjurnar væru komnar í 8 þús. kr. og þar yfir. — En skattstiginn er lækkaður dálítið af tekjum frá 8 þús. og upp í 12 þús. kr. En hann er hvergi hækkaður. Hins vegar hefur hvergi komið fram frá Alþfl. till. um lækkun skattstigans, heldur aðeins til hækkunar hans.

Hvað snertir 12% viðaukann, er það að segja, að það hefur aldrei verið við þessa meðferð skattamálanna á hann minnzt. Ég sé ekki, að í þessu frv. standi nokkuð um að afnema 12% ákvæðið. En þau 12% renna, að því er ég bezt veit, til bæjarsjóða og sveitarsjóða. Þessi 12% má því láta út úr reikningnum, því að þau koma til góða þeim sömu gjaldendum, þegar farið er að jafna útsvörum niður á þá. Ég held, að ég sleppi svo öðrum atriðum í ræðu hæstv. félmrh., sem ég skrifaði upp eftir honum, sérstaklega af því að hann er ekki viðstaddur.

Kem ég þá að hv. 1. þm. N.-M. Hann undraðist dálítið yfir þessu merkilega frv., að samkomulag væri um það, en þó væru menn að boða brtt. Það stendur nú í grg. frv., að það sé borið fram af fulltrúum fl., en í grg. er einnig tekið fram, að þm. séu óbundnir um að bera fram brtt. og um að samþ. þær brtt., sem fram kunna að koma. Þessi sami hv. þm. beindi svo til n. nokkrum atriðum til athugunar. Því miður veit ég ekki, hve mikið starfshlé verður fyrir n. til að taka þetta til athugunar milli umr. En sumar þessar aths. voru um almennar breyt. á skattal. En hér er alls ekki farið fram á algerða endurskoðun á skattal., t. d. um það, hvernig skuli meta búfé til eignar. Það er sjálfsagt að minnast á þetta í n. En ég hygg, að n. taki þetta varla til að gera till. um það nú. Það væri eðlilegt í sambandi við útsvarslöggjöf að taka þetta til athugunar.

Þá minntist þessi hv. þm. á borgun til skattan. fyrir störf þeirra. Það er ekki ætlazt til þess, að skattan. starfi á öðrum tíma en þær hafa hingað til gert, nema í þetta eina skipti vegna þess dráttar, sem orðið hefur á þessari löggjöf. En það má vera, að setja megi bráðabirgðaákvæði í þessi l., þar sem stj. sé heimilað að greiða skattan. í þetta skipti eitthvað hærri borgun. Mér finnst í alla staði eðlilegt, að skattanm. þyrftu að fá meiri borgun, ef þeir vinna að þessu um hábjargræðistímann.

Sömuleiðis talaði hv. þm. um það, hvenær skattskrá væri lögð fram, en ákvæði um það heyra til almennrar endurskoðunar l., ef breyta ætti því. En ég skal minnast á það í n.

Þá beindi sami hv. þm. því til n., hvort ætti að afnema skattfrelsi iðnfyrirtækja. Iðnfyrirtæki geta nú notið skattfríðinda í 5 fyrstu árin, er þau eru rekin. En svo þegar þessi 5 ár eru liðin, leggur fyrirtækið sjálft sig bara niður, og svo er af sömu aðilum stofnað iðnfyrirtæki í annari grein, sem nýtur þar skattfrelsis í 5 ár, o. s. frv.

Það var talað um það í mþn., hvort ekki ætti að veita þeim iðnfyrirtækjum fríðindi með skattívilnunum, sem t. d. þurfa að koma sér upp húsum. En þess konar ákvæði heyra undir almenna löggjöf, en ekki þetta mál, sem hér er um að ræða.

Þá sagði hv. 1. þm. N.-M., að sér fyndist ekki sanngjarnt, að menn ættu að fá skattfrádrátt fyrir það að fara á bíó og reykja sígarettur. En þessi mismunandi persónufrádráttur er bara miðaður við það, að það er dýrara að lifa í kaupstöðum heldur en í sveitum, þótt aðeins séu nauðsynjar keyptar, dýrast í stærstu kaupstöðunum, næstdýrast í þeim minni, en ódýrast í sveitunum. En hér er ekki verið neitt að reyna að mismuna mönnum með þessum mismunandi persónufrádrætti.

Ég er sammála því, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði um skylduómagana, að það er sanngirnismál, sem hann þar hélt fram. En það er bara ákaflega erfitt að komast kringum þetta og breyta þannig til eins og hann vill, það verður erfitt að setja þar ákvæði um. Mér virðist eðlilegt, að menn ættu að fá frádrátt frá skattskyldum tekjum fyrir það að framfæra náin skyldmenni, eins og hv. þm. tók dæmi um, og einnig vegna barna, sem komin eru yfir það aldurstakmark, sem l. tiltaka um frádráttinn, þegar þau ganga í skóla og fara fyrst að verða verulega dýr. En þetta er bara skoðað þannig (t. d. viðvíkjandi því dæmi, sem hv. þm. nefndi), að maðurinn sé ekki skyldugur til að gera þetta, að skulum við segja framfæra farlama föðursystur o. s. frv., alveg eins og það er ekki skattfrjálst, þó að menn gefi svo eða svo mikið til guðsþakka eða gefi fátækum. Það eru góðverk, sem menn eru frá lagasjónarmiði ekki skyldugir til að framkvæma. Þess vegna er þetta hugsunarrétt eins og það er í l. Ef maður kostar barn sitt á skóla, má segja, að það sé lúxus í vissu falli. Ég er þess vegna, af greindum ástæðum, ekki sammála hv. 1. þm. N.-M. um þetta.

Þá skaut hv. þm. fram aths. um umreikninginn. Ég tel till. hv. þm. um það mjög athyglisverða, og ef þetta, sem hann leggur til, er framkvæmanlegt, þá sýnist mér það miklu einfaldara. Ég vil spyrja hagfræðinga um það, hvort þetta sé hægt, og ef það er hægt, er sjálfsagt að breyta þessu. En ég vil ekki breyt. í þessu, nema hún jafni þetta á fullkominn hátt. (PZ: Það liggur fyrir till. um form fyrir þessu hjá skattstjóra).

Þá sagði hv. 1. þm. N.-M., að honum þætti

alveg nóg að binda 30% af skattskyldum tekjum útgerðarfyrirtækja 1940, sem lagðar eru í varasjóð þeirra. En að hafa þetta 40% er algerlega bundið í því samkomulagi, sem hefur orðið um málið milli fl. eftir langvarandi umr. og mikið reiptog, og býst ég við, að það hljóti þess vegna að verða gildandi.

Ég verð að játa, að ég skildi ekki alveg, hvað hv. 1. þm. N.-M. átti við, þegar hann var að tala um þessar 150 þús. kr., sem má eftir frv. vera lægsta verð, sem togarar eru metnir til í sambandi við tapsfrádráttinn. Ég hef skilið þetta þannig, að félag, sem aldrei hefur tapað og hefur fært fyrningar á skipum sínum, komi alls ekki til með að geta haft neinn tapsfrádrátt. Það er sama með það félag, hvað lágt skip þess standa í bókfærðu verði, og þetta 150 þús. kr. ákvæði kemur því ekkert við, hvað þau skip eru bókfærð. Það getur verið t. d., að einhvert skip sé bókfært í núlli, og félagið heldur áfram að bókfæra það í núlli. Það er hægt vegna þessa ákvæðis. En það má ekki fara lengra niður reikningslega með skipið en í 150 þús., til þess að eigandi þess, félag eða einstaklingur, geti fengið tapsfrádrátt. Þetta ákvæði er sett inn í l. aðeins til þess að draga úr tapsfrádrættinum. Ég hef samþ. þetta til samkomulags, þó að ég álíti ekki neina sanngirni mæla með því að hafa þetta svona.

Ég þarf svo sem ekkert að segja um ræðu hv. þm. Vestm., því að ég er honum í raun og veru alveg sammála um það, sem hann var að segja í sinni ræðu. Ég er fús til að taka það til athugunar, hvort hægt er að koma nýbyggingarsjóðnum þannig fyrir, að hann gæti orðið fyrirtækjunum til framdráttar, en ekki sem mylnusteinn um háls. En ég gef honum ákaflega litla von um það, að ákvæðum frv. verði breytt, því að þessi ákvæði um nýbyggingarsjóðinn eru ákveðin eftir mjög miklar umr., og sem því er, eins og maður þekkir í slíkum efnum, hlutur, sem ekki þýðir að reyna að hrófla við. En hins vegar vil ég segja það, að ég álít ekki, að hægt sé að segja, að þessi nýbyggingarsjóður verði fyrirtækjunum mylnusteinn um háls. Það geta að vísu verið erfiðleikar á að leggja þetta fé fram. En nýbyggingarsjóður er náttúrlega varasjóður gagnvart skuldheimtumönnum og aflar útgerðarfyrirtækinu sterkara lánstrausts heldur en ef það hefði hann ekki. Og eru þess vegna miklar líkur til þess, að banki lánaði það fé, sem félag þyrfti að festa í nýbyggingarsjóði, vegna þess að þótt ekki megi veðsetja það, þá er það eign, sem kemur til skuldagreiðslu, þegar annað þrýtur. Hins vegar getur sumum kannske þótt það kjánaleg hugsun, að félag geti átt kannske milljón kr. í nýbyggingarsjóði, en verða að starfa með talsvert dýru lánsfé. En þetta er kredda, sem komizt hefur inn í þetta mál, og kredda, sem hefur nokkuð til síns máls. Með því að binda fé þannig er því komið úr umferð til þess að skapa ekki verðþenslu, sem yrði útgerðarfélögum sem öðrum til mestu bölvunar.

Ég er sammála hv. þm. Vestm. um það, að það dugar enginn nýbyggingarsjóður eða aðrir sjóðir til þess að kaupa ný skip, ef atvinnufyrirtækin bera sig ekki. En einn stór liður í því, að þau geti borið sig, er, að verðlag allt, kaupgreiðsla o. þ. l. þenjist ekki upp úr öllu valdi. Og það er skylda þjóðfélagsins, eftir því sem hægt er, að koma í veg fyrir verðþenslu. Þetta ákvæði er ein tilraun í þá átt, þó hún sé að vísu ekki stór. Annars er annað frv. fyrir þessari hv. d., sem gæti orðið til þess, að menn gætu lagt nokkurt fé í nýbyggingarsjóði, þ. e. heimildin til að taka 10 millj. kr. innanríkislán. Væri ekki óeðlilegt að koma fyrir fé nýbyggingarsjóða í þessum bréfum. Ég álít, að í nýbyggingarsjóðum væru gild bréf, sem lánuð væru gegn handveði í ríkisskuldabréfum, — t. d. væri ríkisstofnun svo sem háskólinn, sem á mikið af bréfum, sem gæti fengið hentugt lán með tryggingu í slíkum bréfum. Það er alveg hiklaust hægt að slá því föstu, að slík bréf hljóta að vera gjaldgeng, þar sem þau eru tryggð með handveði í ríkistryggðum bréfum. En það hefur verið mikið um það talað, að það mætti ávaxta fé nýbyggingarsjóða á annan hátt en þann, t. d. í öruggri fasteign eða öðru slíku, sem ekki væri háð verðfalli peninganna, en það hefur ekki verið við það komandi.

Ég þori ekki að segja um það, hvernig bréf nýbyggingarsjóða yrðu metin til skatts eða hvernig á að meta hlutabréf félaganna út frá því, hve mikið er af bréfum í nýbyggingarsjóðum. En ég sé ekki, að vaxtalaus bréf sé hægt að meta í fullu verði.

Hin ströngu ákvæði 2. gr. um varasjóði eru svo víðtæk og almenn, að ég tel stórum varhugavert, t. d. í c-lið, þar sem fyrirtæki er bannað að viðlögðum refsiskatti að verja fé til nokkurs, sem talizt geti rekstrinum óviðkomandi eða ónauðsynlegt. Það getur vel verið, að maður vildi bjarga fé úr áhættusömum atvinnuvegi eins og útgerð, en hið opinbera telji tjón að því, að það sé gert, og hindri það því með slíkum ákvæðum. En ef verzlunarfyrirtæki t. d. vildi aftur á móti leggja fé í útgerð, hvaða ástæða er til að torvelda það? Hvers vegna má ekki málningarverksmiðja t. d. leggja í skósvertugerð? Hvaða ástæða er yfirleitt til að leggja hömlur á þess konar þróun iðnfyrirtækja í landinu? Ákvæði í 2. gr. um slíka meðferð varasjóða eru eingöngu miðuð við útgerðina, og þá er það rangt að láta þau ná til hvaða atvinnurekstrar sem er. Þessu þyrfti að breyta.

Einni spurningu vildi ég að lokum beina til hæstv. fjmrh. Það gæti leikið vafi á, hvað átt er við með skattskyldum tekjum í 64. gr. (j-lið). Er þar ekki átt við hið sama og hingað til, þegar um skattskyldar tekjur hefur verið rætt? Ég teldi æskilegt að fá yfirlýsingu hæstv. ráðh. um, að svo sé, og tel þá ekki þurfa brtt. til að segja það skýrar í l. En í 2. gr. frv., sem er brtt. við 6. málsgr. 8. gr. l., er sagt, að sé nokkuð af ársarði umræddra félaga lagt í varasjóð, þá skuli helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, „og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna“. Mér skilst það væri hugsanlegt, ef ekki er sleginn varnagli við, að láta „skattskyldar tekjur“ þýða nettó-tekjurnar að ½ varasjóðstillagsins frádregnum. Þótt ég teldi slíka skýringu mjög hæpna, skaðar ekki, að hinn rétti skilningur liggi fyrir skýrt og öruggt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 37. fundi í Ed., 17. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 178, 191, 195, 199, 200, 201, 202).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og enn fremur frá úbýtingu brtt. 191, 195, 199, 201 og 202. — Afbrigði leyfð og samþ. um hvort um sig með 10 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Ég var farinn að óttast um, að málið færi umræðulaust í atkvgr., en ég vildi ekki láta þetta tækifæri hjá líða að skýra brtt. mínar, og þar sem ég tók ekki til máls við 1. umr., vil ég leyfa mér að segja nokkur orð um frv. almennt.

Einn ræðumaður sagði við 1. umr., að skattfrelsisl. fyrir útgerðina hefðu því aðeins getað komið að haldi, að eitthvert óvænt happ kæmi fyrir. Þetta er rétt. Þegar l. voru sett, var gert ráð fyrir því, að óvænt happ mundi koma fyrir, og þetta happ var stríðið. Þetta var stríðsundirbúningur stórútgerðarmanna til þess að geta haft stríðsgróðann skattfrjálsan. Og stríðið kom og gróðinn var skattfrjáls.

Nú vilja fulltrúar stórútgerðarmanna á Alþingi nota þessa aðstöðu til þess að fá varanleg friðindi og ívilnanir gegn því að skattfrelsisl. verði afnumin. Þessi varanlegu friðindi fá þeir með samþykkt þessa frv., og eru þessi friðindi aðallega fólgin í eftirfarandi:

1) Hátekjuskatturinn er afnuminn, og það hefur þau áhrif, að skattur á hátekjumönnum lækkar mikið samkv. hinum nýja skattstiga.

2) Útgerðarfyrirtækjum er leyft að draga frá skattskyldum tekjum sínum árið 1941 tap undanfarinna níu ára fyrir stríð.

3) Með ákvæðinu um skattfrelsi á helming þess, sem lagt er í varasjóð, og þar sem gert er ráð fyrir, að 40% af varasjóðunum fari í sérstakan sjóð, sem ætlaður er til þess að koma upp nýjum framleiðslutækjum, þá gefst hér tækifæri til þess að sleppa við að greiða skatt af meiri hluta stríðsgróðans. Þegar á allt þetta er litið, er augljóst, að stórútgerðarmenn og stóreignamenn hafa gert góð kaup. Þeir hafa fengið varanleg friðindi fyrir sérréttindi, sem aðeins voru veitt um ákveðið árabil. Hins vegar eru í frv. nokkrar umbætur, en þær ná svo skammt, að ég tel þær með öllu óviðunandi. Hækkun persónufrádráttarins er svo lítil, að lagður er skattur á tekjur, sem ekki eru helmingur af brýnustu þurftartekjum. Skatturinn á lágtekjumönnum og miðlungstekjumönnum verður þannig óhæfilega hár, þegar hægt er að fullnægja tekjuþörfinni með því að skattleggja stórgróðamennina sæmilega.

Umreikningurinn á tekju- og eignarskattinum samkv. vísitölu er hárrétt aðferð, en hann kemur ekki að fullum notum vegna þess, að vísitalan er áreiðanlega miklu lægri en verðhækkunin.

Þetta frv. er sameiginlegt afsprengi þjóðstjórnarfl., sömu flokkanna sem á sínum tíma samþykktu skattfrelsislögin. Þessir fyrirvarar Alþfl. og Framsfl. um fylgi við frv. eru einskis virði nema því aðeins, að flokkarnir neyti sameiginlega þess meiri hluta, sem þeir hafa ásamt Sósialistafl., til þess að koma fram till. sínum. Báðir flokkarnir hafa haft á orði, að rétt væri að hækka persónufrádráttinn meira en hér er gert. Hvers vegna neyta þeir ekki meiri hluta síns og samþykkja það? Þeir hafa sömuleiðis haft á orði, að réttara sé að leggja skattinn á, áður en greiddur tekjuskattur sé dreginn frá. Hvers vegna samþykkja þeir það ekki?

Það er vitaskuld engin mótbára gegn þessu, sem fram kom í ræðu hæstv. félmrh. (StJSt), að löggjöf skorti til þess að ýta undir menn að greiða skattinn á réttum tíma, ef sá spori sé tekinn, sem frádrátturinn er. Úr þessu má bæta með einföldu sektarákvæði. Það þarf ekki sérstaka löggjöf til þess. Þetta er því gersamlega einskisnýt mótbára. Ef Framsfl. og Alþfl. álíta rétt að hafa þessa aðferð við álagningu skattsins, er þeim innan handar að samþ. það. Ef þessir flokkar neyta ekki sameiginlegs meiri hl. til þess að koma þessum umbótum fram, eru fyrirvarar þeirra og till. ekkert annað en leikaraskapur. Sama máli gegnir um till. þeirra um tapsfrádráttinn.

Lög þau, sem afgreidd verða frá þinginu, með öllum sínum fríðindum fyrir stóreignamennina og stórútgerðarmennina, eru á ábyrgð þjóðstjórnarfl. allra og allra jafnt.

Sósialistafl. er andvígur grundvelli þessa frv. Skv. frv. er gert ráð fyrir, að 40% af varasjóði sé lagt í nýbyggingarsjóð til þess að koma upp nýjum fyrirtækjum fyrir gróðann, sem lagður er til hliðar og er að nokkru leyti skattfrjáls. Sósialistafl. viðurkennir ekki rétt einstakra manna til þess að auðgast þannig á stríðsgróðanum, sem kemur upp í hendurnar á þeim eins og hver annar fiskidráttur. Auk þess er engin trygging fyrir því, að fénu verði varið til nýbygginga, áður en það er orðið verðlítið. Stríðsgróðinn á ekki að vera eign einstaklinga, heldur sameiginleg eign landsmanna.

Sósialistafl. hefur líka árum saman bent á, að það er í raun og veru hin versta svikamylla, að leyft sé að draga opinber gjöld frá skattskyldum tekjum. Þetta er svo augljóst mál, að jafnvel Framsfl. er nú farinn að viðurkenna það.

Eðlilegast væri að sameina alla skattana í eitt og skipta tekjunum síðan eftir ákveðnum hlutföllum milli bæjarfélaga, ríkis og einstaklinga. En ef þessi háttur væri upp tekinn, mundu bæjarfélögin eiga undir högg að sækja hjá ríkinu, eins og valdahlutföllin eru nú í landinu. Í stuttu máli: Sósialistafl. er það ljóst, að gagngerð breyting á skattalöggjöfinni og skattafyrirkomulaginu kostar gagngerða breytingu á valdahlutföllum stéttanna í landinu.

Brtt. þær, sem Sósialistafl. flytur við frv. þetta, geta því ekki komið nema að takmörkuðum notum. Þær miða allar að því að létta skattabyrðinni af þeim, sem hafa lág laun og miðlungslaun, en draga úr fríðindum stóreigna-

manna, og mundu þær marka ærið djúp spor í áttina til endurbóta, ef þær næðu samþykki.

Þá vil ég skýra með fáum orðum þær brtt., sem ég flyt við frv. þetta á þskj. 202.

1. till. miðar að því að takmarka allverulega þær fjárupphæðir, sem njóta skattaívilnana, ef þær eru lagðar í varasjóð. Og 4. og 5. brtt. eru fluttar til samræmis við þetta. Er lagt til, að skattaívilnunin nái aðeins til 40% í stað 50% af varasjóðstillaginu og megi aldrei vera hærri en nemur ⅛ af innborguðu hlutafé eða stofnfé þessara félaga. Enn fremur er lagt til, að réttur hlutafélaga til að draga frá 5% af innborguðu hlutafé, áður en skattur er lagður á, verði afnuminn. — Þetta miðar að því að byrgja helztu smugurnar, sem hlutafélögin hafa notað til þess að smeygja sér undan réttmætum skatti af stórgróðanum. Þó er ekki, eins og um hnútana er búið í skattalöggjöfinni, unnt að komast fyrir alla klækí þeirra, er svíkja vilja undan skatti, t. d. er það stundum gert að búa til mörg hlutafélög utan um eitt og sama fyrirtækið.

2. till. er um það, að tekjuskattur sé lagður á án þess að tekjuskattur fyrra árs sé dreginn frá. Þetta hefur þau áhrif, að skattskyldar tekjur, sem eru yfir 14 þús. kr., verða skattlagðar nú svipað og meðan hátekjuskatturinn og 12% viðaukinn voru enn í gildi, og hækkar skatturinn svo nokkuð, eftir því sem tekjurnar hækka. Á lágum tekjum hefur þetta sama og engin áhrif. En í sambandi við 3. brtt. mína verður niðurstaðan sú, að borið saman við frv. stjórnarfl. og núgildandi skattalög, hækkar skatturinn á hátekjumönnum allmikið, en lækkar hins vegar mjög verulega á lágtekju- og miðlungstekjumönnum.

Þá kem ég að 3. brtt. minni, en hún fjallar um hækkun persónufrádráttarins. Hér er um allríflega hækkun að ræða. Með því að hækka persónufrádráttinn eins mikið og hér er lagt til, og þegar þess er gætt, að hin raunverulega skattfrjálsa upphæð fæst með því að bæta 32% af upphæðinni við, þegar skatturinn er lagður á tekjur ársins 1940, þá fer hinn skattfrjálsi hluti teknanna að nálgast brýnustu þurftarlaun (meðalvísitala ársins 1940 er 132). Hjón með 3 börn í Reykjavík hafa t. d. 4900 kr. skattfrjálsar, ef farið er eftir þessari till. Við það bætist svo 32%, svo að hin skattfrjálsa upphæð 5 manna fjölskyldu yrði þá 6468 kr. á þessu ári. 5 manna heimili í Reykjavík með 7000 kr. árstekjum, mundi t. d. greiða aðeins rúmar 5 kr. í tekjuskatt í stað 155 kr. nú. Það er því augljóst, að þessi till. yrði til þess að lækka mjög ríflega skattinn á láglauna- og miðlungstekjumönnum, þar eð hinn skattskyldi hluti teknanna lækkar að sama skapi og persónufrádrátturinn hækkar.

Ég mun svo bíða með að bera fram viðtækari brtt., þangað til séð er, hvernig þessum till. verður tekið. En skal að lokum lýsa yfir því, að ég mun til vara greiða brtt. Alþfl. atkvæði mitt, þó að ég telji þær næsta ófullnægjandi og ganga mikils til of skammt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég get verið stuttorður, þar eð ég gerði að mestu grein fyrir efni þeirra brtt., sem ég flyt, við 1. umr. málsins. Ég óskaði þá eftir, að hv. n. tæki þessi atriði til athugunar og flytti sjálf um þau brtt. Nú hef ég fengið að vita það frá n. viðvíkjandi 1. liðnum, að hún vildi ekki skipta sér neitt af því, sem ég hélt fram. Þess vegna verð ég að líta svo á, að n. telji réttmætt að hafa mismunandi persónufrádrátt eftir því, hvar menn eru búsettir á landinu. Hins vegar lít ég enn þannig á, að ekki beri að gefa þeim mönnum sérstakar ívilnanir, sem hafa vanið sig á meiri þægindi eða kostnaðarsamara líf en almennt gerist. Þvert á móti. En til þess að ekki sé hægt að segja, að ég vilji íþyngja neinum með of lágum frádrætti, þá hef ég lagt til, að sá frádráttur gildi fyrir allt landið, sem n. hafði lagt til fyrir Rvík.

Frádrátturinn var sameiginlegur fyrir allt landið til ársins 1935, að svo margir Reykvíkingar náðu sæti á Alþingi, að þeir komu þessu ákvæði inn í l. Eins og áður er sagt, legg ég til, að frádrátturinn fyrir Reykjavík verði látinn gilda fyrir allt landið.

Ég talaði um það við 1. umr., að í mörgum tilfellum væri það óþægilegt og beinlínis ranglátt að mega ekki gera frádrátt fyrir aðra ómaga á heimili en skylduómaga, t. d. gamla ættingja eða gömul hjú, sem lengi hafa verið í þjónustu húsráðenda, en eru orðin óvinnufær. Mér er kunnugt um það, að skattan. hafa að vísu leyfi til þess að leggja til við yfirskattan., að ívilnun sé veitt í skatti vegna þessa, en það er mönnum ókunnugt og því lítið notað. Ég hefði því kunnað betur við, að í l. stæði „ómagar“ í stað „skylduómagar“, og að þessu miðar b-liður 1. brtt. minnar á þskj. 199.

2. brtt., a-liður, er við 19. gr. l. 1935 um mat á búfé. En við því atriði hefur n. ekki hreyft. Mér er það ljóst, að lítið sem ekkert samræmi hefur verið í mati búfjár í samliggjandi sýslum, þar sem markaðsskilyrði eru að öllu leyti hin sömu. Matið hefur hækkað og lækkað frá ári til árs án sýnilegs tilefnis. Og þó að einhverjar sveiflur séu á verðlagi, á þetta að standa fast, því búfé er bústofn og framleiðslutæki bændanna.

Ég veit ekki til, að neinn okkar meti hærra innbú sitt nú í ár en í fyrra, þótt meira kosti að endurnýja það. Sama máli gegnir um skip og báta og öll önnur framleiðslutæki en búfé. Og yfirleitt er ekki hækkað mat á neinu nema þá verðbréfum og hlutabréfum. Fasteignir eru undirorpnar sama fasta matinu til margra ára í senn. Búfé er það eina, sem er háð sífelldum breytingum. En ég held því fram, að festa beri það í mati, og það mat eigi svo að haldast óbreytt um ákveðinn lengri tíma.

Einn hv. dm. sagðist geta fallizt á að lengja matstímann, en vildi ekki hafa hann svona langan eins og hér er gert ráð fyrir. Hann talaði um það, að vel gæti sölugengi búfjár hækkað, og þá kæmi fram ósamræmi. En þetta er ekki rétt athugað. Búfé er fastur stofn, sem bóndinn má ekki án vera og getur því ekki losað sig við. Það skiptir því engu máli í þessu sambandi, þótt eigendaskipti verði að þessum stofni, því að ef selt er með hærra verði en matsverði, þá er mismunurinn reiknaður seljandanum til tekna það ár, sem salan fer fram.

B-liður 2. brtt. minnar fjallar um laun til skattanefndar- og yfirskattanefndarmanna. Ég sé, að n. hefur að nokkru tekið til greina ábendingu mína um þetta atriði við 1. umr. málsins. Mér var tjáð, að n. miðaði aðeins við árið 1941, vegna þess að allt væri í óvissu um framtíðina, og enn fremur stæði til að endurskoða skattalöggjöfina á næsta ári eða næstu árum. Ég hef nú ekki mikla trú á, að það verði, því seint gekk um þá endurskoðun, sem hér er nú loks fram komin, og er hún þó ekki ýkjafullkomin. Því var haldið fram, að launin væru að vísu of lág nú, en ekki væri samt rétt að ákveða skattan. hærri laun til frambúðar.

Ég held þvert á móti fast við þá ósk mína, að þetta verði ákveðið til frambúðar 10 kr. á dag, að viðbættri dýrtíðaruppbót og ferðakostnaði til yfirskattan. Þó má segja, að mínum tilgangi sé að miklu leyti náð, þótt till. n. yrði samþ.

Sama er um þá till. mína um heimild ráðherra til að veita fresti, sbr. c-lið 2. brtt. minnar. N. vill einnig miða þetta við 1941 eingöngu. En ég held, að allt muni fara eins næsta ár, er fara á að breyta l., það muni dragast svo, að tafsamt verði að ljúka skattauppgjöri og skattaálagningu. Þess vegna tel ég eins gott að ljúka því af strax, sem menn eru sammála um að þurfi að gera síðar, og hafa heimild ráðherra ekki tímabundna um eitt ár.

Þá lít ég svo á, að nema beri úr gildi tvenn lög, sem of lengi hafa verið til vansæmdar. Önnur þessara l. eru beint í sambandi við skatta-l., hin óbeint. Það eru annarsvegar l. um skattfrelsi iðnaðar- og iðjufyrirtækja. Þetta voru frá upphafi óhæf lög. Enda hefur það víst orðið þannig í framkvæmdinni, að þegar fyrirtækin voru búin að starfa í 3 ár, þá voru þau leyst upp, og eigendurnir hirtu reyturnar. Þessi lög voru hinn versti óskapnaður frá upphafi vega sinna. Þar sem þau eru undantekningarlög frá skatta- og útsvarsgreiðslum, þá eiga þau að afnemast nú.

Sama er að segja um „litla ljóta frv.“, um að dreifa útsvörum Hafnarfjarðarbæjar á farþega þá, sem ferðast í farþegabílum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Í því fólst jafnan hið mesta ranglæti. Einhverjir hafa sagt, að réttara væri að flytja sérstakt frv. um afnám hvorra tveggja þessara l., og það mætti vitanlega gera það, en ég hygg, að fullt eins eðlilegt sé að flytja einmitt till. um afnám þeirra í sambandi við þetta mál, og þess vegna hef ég gert það.

Þá gat ég víst um það í fyrradag við 1. umr., að réttara hefði verið að breyta skattstiganum en að fara að taka upp þennan tafsama umreikning á skattskyldum tekjum ársins 1940, þannig að sami skattur hefði komið út. Ég held nú raunar, að samkomulag sé um það milli fjmrh. og n. að hafa þetta þannig í framkvæmdinni.

Þó að ég hafi ekki gert fleiri brtt. við frv., þá er að mínum dómi margt, sem ákvarða hefði þurft nánar. Skal ég ekki fara út í það að sinni, en vil aðeins benda á það, að í frv. vantar ákvæði um það, hvernig reikna skuli út meðalvísitölu þá, sem nefnd er í 4. gr., a-lið. Þar er ekki minnzt á það, hvort hún eigi að vera heil tala, né, ef hún á að vera með brotum, hversu marga desímala þá skuli nota við útreikninginn. Ekki er heldur minnzt á það við skattútreikninginn, hvort reikna skuli af heilli krónu eða eins og í gömlu l. láta hlaupa á 50 kr. Um þetta má vitaskuld koma á fastri skipan í framkvæmdinni, og má því e. t. v. sleppa því að flytja um það brtt.

Það er rétt að geta þess að lokum, að það er ákaflega langt frá því, að ég sé ánægður með þetta frv., eins og hv. n. hefur gengið frá því. Enda er þess varla að vænta, þar sem hér er um bræðing að ræða. Það er verið að reyna að bræða saman gerólíka hagsmuni og gerólík sjónarmið. Ég hefði heldur kosið að mæta þessum sjónarmiðum hverju út af fyrir sig, — á sama hátt og ég vil helzt fá hverja tegund feitmetis fyrir sig, en þykir bræðingur alltaf slæmur.

*Bjarni Snæbjörnsson: Ég á litla brtt. við 4. gr. frv., á þskj. 195, sem ég vil gera grein fyrir með fáeinum orðum. En áður en ég sný mér að því, vil ég segja nokkuð álit mitt á þessu frv. almennt.

Ég get ekki látið hjá líða að harma það, að ekki skuli vera tekið meira tillit til sérstöðu útgerðarinnar meðal atvinnuvega þjóðarinnar, sérstaklega togaraútgerðarinnar, og hún látin njóta meiri friðinda en raun er á samkv. frv., svo hún gæti komizt á þann rekspöl, að ekki sé hætta á, að lík vandræði steðji að henni í bráð og voru fyrir 1939.

Mér hefði fundizt réttara og eðlilegra, ef þeir menn, sem stóðu að þessu frv., hefðu getað orðið ásáttir um að láta skattfrelsisl. halda gildi sínu fyrir árið 1940. Það hefði e. t. v. mátt hugsa sér að leggja á stríðsgróðaskattinn, en mér finnst, að ríkissjóður hefði átt að láta sér nægja það, en bæjarfélögum hefði verið heimilað að leggja á útgerðina þau útsvör, sem þau teljast þurfa gagnvart efnahag sínum.

Menn þurfa að athuga það, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, að þessi atvinnuvegur hefur stórmikla þýðingu fyrir allt landið í heild sinni. Þess vegna tel ég það vera skyldu ríkisstj. og Alþingis að búa svo um hnútana, að útgerðin þurfi ekki að komast fljótlega í sama öngþveitið og áður en þessi óvænti hvalreki barst á fjöru hennar síðastl. ár.

Ríkissjóður þarf ekki eins mikilla peninga við nú og áður vegna þess ástands, sem nú er ríkjandi, og með þeim tollum, sem nú hafa aukizt ríflega, er að verulegu leyti séð fyrir hans þörf, og einnig má á það líta, að nú er niður fallinn, eða a. m. k. mjög mikið minnkaður, atvinnuleysisstyrkur og annað, sem ríkið hefur þurft að leggja til bæjanna. Það er einnig ljóst, að tekjuskattur frá einstaklingum er stórum aukinn, svo að fjárhag ríkissjóðs ætti að vera vel borgið. Aftur á móti hafa bæjarsjóðir og sveitarsjóðir, þar sem stórútgerð er rekin, orðið fyrir barðinu á því, hvernig útgerðin hefur gengið að undanförnu, og þeir fyrir bragðið komizt í fjárþröng, sem er ekki nema sjálfsagt, að Alþingi geri sitt til að koma þeim úr með því, að þeir fái sem mestar ívilnanir og hlunnindi og tekjur af þeim stríðsgróða, sem orðið hefur.

Ég segi því fyrir mig, að ég tel, að ef þeir hv. þm., sem hafa haft þessi mál með höndum og undirbúið undir Alþingi með þessu frv., hefðu haft þetta sjónarmið, hefði það orðið happasælla fyrir þjóðina í heild, og sérstaklega fyrir þá mannmörgu bæi, sem þarna er um að ræða, og alla þá mörgu verkamenn og sjómenn, sem eiga allt sitt undir þessum atvinnuvegi.

Ég þarf svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, en þetta er í sem fæstum orðum það, sem ég álít, að heppilegast hefði verið að gera í þessum málum.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um brtt. mína. Hún fer fram á, að þau félög, sem eiga að leggja fé í nýbyggingarsjóði og fá þess vegna veruleg hlunnindi um skattgreiðslur, þau megi nota til þess þær innstæður, sem þau eru nú skyldug til að eiga í enskum bönkum, af því fé, sem þeim hefur grædzt á ísfisksölunni, að þau megi hafa helminginn af þessu fé, sem í nýbyggingarsjóðina á að fara, af þessum innieignum í enskum bönkum. Mér finnst þetta svo sanngjarnt, að ég hef ekki komið með aðra kröfu til þess að sjá, hvort nokkur vegur er að fá nokkru breytt í þessu frv., því að ef svo mikilli sanngirniskröfu sem þessari er synjað, þá álít ég ekkert þýða að hrófla neitt við frv., því að þá sé ákveðið, að það skuli ganga óbreytt í gegnum þessa hv. d. og til Nd.

Til að rökstyðja þessa sanngirniskröfu mína vil ég fyrst og fremst segja það, að ég tel sanngjarnt, að útgerðarmönnum sé leyft þetta, þegar um slíka lagasmíð er að ræða og þessa, þar sem þeir hafa gert ýmsar ráðstafanir lögum samkvæmt með fé sitt, sem gerir þeim kannske ókleift að leggja fram tilskilið fé í þessa sjóði, af því að þetta frv. verkar aftur fyrir sig. Þeir hafa ekki vitað annað en að þeir mættu ráðstafa sínu fé á þennan hátt, og þess vegna verður erfitt fyrir þá að uppfylla þau skilyrði, sem fullnægja þarf, til þess að þeir geti notið þessa skattfrelsis að sem mestu leyti. Það eru kannske menn, sem hafa ráðizt í það að kaupa skip dýru verði og hafa hjálpað upp á bankana um leið með því að forða þannig bönkunum frá að verða að festa fé á þennan hátt. Ýmsir menn hafa lánað opinberum stofnunum fé, sem mikil þörf hefur verið að rétta hjálparhönd, þar sem það opinbera hefði annars orðið að koma til. Það ætti ekki að refsa þeim fyrir það, heldur ætti Alþingi að sýna, að það vilji skilja og viðurkenna þegnskap þeirra í þessum málum. Þá ber einnig á það að líta, að stj. hefur gefið út bráðabirgðal. um, að þeir yrðu að hafa fé sitt fast og vaxtalaust í bönkum erlendis. Það væri því ekki nema rétt og eðlilegt, að þeir fengju að nota þetta fé í þessu augnamiði, í stað þess að fá kannske dýr lán hér innanlands til þess að uppfylla þessi skilyrði, sem hér er farið fram á. Þetta er sem sagt svo mikil sanngirniskrafa frá hendi þessara manna, að ég veit, að hver hv. þdm., sem athugar þetta mál, hlýtur að sjá, að það er ekki nema sjálfsagt að samþ. brtt. mína. En ég lít svo á, að ef hún verður ekki samþ., þá sé búið að binda svo hendur þeirra, sem standa að þessu frv., að það þýði ekkert að reyna að hrófla við því eða ræða það og lýsa óánægju sinni yfir því eða einstökum atriðum þess.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Það er svo um þetta mál, eins og hv. þingheimi er kunnugt, að að því hefur verið unnið bæði af mþn. og hæstv. ríkisstj. og að lokum tekizt að finna samningsgrundvöll þann, sem sjá má í þeim tveim frv., sem hér eru á dagskrá. Eins og lýst hefur verið, hafa flokkarnir reynt að sveigja til hver fyrir öðrum og skapa sameiginlega útkomu, sem menn gætu unað við. Ég hygg því, að langar ræður um þetta mál hafi litla þýðingu og þær muni yfirleitt mjög litlu breyta um meðferð málsins, þar sem mér skilst, að flokkarnir séu búnir að binda sig um, að frv. skuli ná fram að ganga í aðalatriðunum eins og það liggur fyrir frá hendi stj. Það hefði verið ástæða til um svona stórt mál að halda langa ræðu, en ég mun varpa þeirri löngun minni frá mér og ræða aðeins örlítið þá brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram við 4. gr., en hún er eins og þar hermir við j-lið eins og hann er í frv., en í frv. er gert ráð fyrir, að útgerðarfyrirtækjum íslenzkra skipa sé heimilað að draga frá skattskyldum tekjum síðasta árs allt það tap, sem þau hafa orðið fyrir frá 1. jan. 1931 til ársloka 1939. Ég verð að segja, að mér finnst, að hér sé helzt til langt gengið um hlunnindi í þessu efni með tilliti til þess góða ástands, sem nú hefur ríkt í afkomu útgerðarinnar á síðastliðnu ári og þessu ári, því sem af er. Ég vil því leyfa mér að bera fram brtt. um nokkru meiri takmarkanir á þessum tapsfrádrætti, og legg ég því til, að allt það tap, sem orðið hefur á árunum 1938 og 1939, sé dregið frá, en auk þess megi draga frá þau töp, sem orðið hafa á árunum 1931—1937, þar til eigi hvíla hærri skuldir en svarar til 150000 kr. á hverjum togara og tilsvarandi fyrir önnur skip. M. ö. o., að það sé ekki hægt að fara lengra niður með tapsfrádráttinn en svo, að þessi upphæð sé undanskilin. Enn fremur er gert ráð fyrir, að með önnur fyrirtæki sé farið eftir nánari reglum, sem er ekki gott að setja í svona löggjöf, en verður að setja í reglugerð, en þegar um er að ræða að meta eignarskatt, verður að sjálfsögðu að fara eftir matsverði þess verðmætis, sem skattleggja á.

Þetta er höfuðatriðið í brtt. minni, og virðist mér, að það sé nokkuð sönnu nær en ákvæði frv., því að þar er gert ráð fyrir, að draga megi frá allt það tap, sem orðið hefur á þessu árabili, þótt að vísu sé ætlazt til, að allur gróði útgerðarfyrirtækjanna á þessu árabili sé dreginn frá tapinu. Ég býst nú varla við, að þessar till. fái hljómgrunn í hv. d. frekar en aðrar till., sem hér eru bornar fram, en ég tel samt rétt, að mín skoðun og míns flokks komi fram í sambandi við þetta. Við ræddum þessa till. að sjálfsögðu í fjhn. eins og aðrar till., sem fram höfðu komið, en við vorum sammála um, að n. gæti ekki tekið hana til greina, og þykist ég vita, að forlög hennar séu ráðin eins og ýmissa annarra till., sem hér liggja fyrir.

Um aðrar till. get ég verið fáorður. Ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. n. muni lýsa viðhorfi n. til

þeirra, en þær eru flestar þess eðlis, að n. sá sér ekki fært að fallast á þær. Hins vegar lágu ekki fyrir n. brtt. á þskj. 202, og ég ætla ekki að gera þær að umtalsefni eða þá ræðu, sem flutt var í sambandi við þær. Það er ekki venja mín að svara manni úr þeim flokki, en fyrst ég stóð upp, vil ég lýsa afstöðu minni til till. á þskj. 191 frá hv. 1. þm. Reykv. Hún var, eins og fleiri till., rædd í n., og voru menn sammála um, að hver bæri sínar till. fram og léti svo slag standa um, hvernig d. tæki undir þær. Ég get lýst því yfir, að ég get ekki greitt henni atkv.

Þá er till. á þskj. 195 frá hv. þm. Hafnf. Hún var eins og aðrar till. athuguð í n. Hv. frsm. mun gera grein fyrir vilja n. til hennar, en ég held, að ég segi ekki of mikið, þó að ég taki fram, að það sé velvilji í n. fyrir henni eða einhverri till. í þessa átt, þó að það verði kannske ekki alveg eins og hv. tillögumaður ætlast til, en ég mun verða með einhverri miðlun í þessu efni.

Ég ætla ekki að ræða mikið till. hv. 1. þm. N.-M. eða svara þeim orðum, sem hann lét falla í sambandi við þær, en ég tel, að sumt af því, sem hann sagði, sé ekki rétt hermt, og í öðru lagi kom þar fram skoðun, sem ég get ekki fallizt á, en út í það fer ég ekki nú, því að ég ætlaði aðeins að lýsa afstöðu minni til brtt., og læt ég því máli mínu lokið að sinni.

*Frsm. (Magnús Jónsson): Fjhn. hélt fund í gær, fór í gegnum frv. og athugaði þær umr., sem fram fóru við 1. umr. málsins, og þær brtt., sem þá voru tilbúnar. N. kom sér saman um að flytja eina brtt., sem sjá má á þskj. 200, og mun hún geyma sér rétt til að flytja fleiri brtt. við 3. umr.

Þessi eina brtt. er um að bæta við einu nauðsynlegu bráðabirgðaákvæði, sem heimilar ráðh. að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatts 1941. Þetta er af því, að dráttur málsins á Alþingi hefur farið alveg í bága við sum ákvæði þessa kafla, og er því að þessu sinni alveg óhjákvæmilegt að veita þessa fresti. Býst ég við, að um þetta verði enginn ágreiningur.

Síðari liður till. er um það að heimila að greiða skattan. á árinu 1941 allt að helmingi hærri þóknun en um ræðir í 30. gr. Er þetta lagt til sökum þess, að n. verða nú að vinna þetta verk á þeim miklu óhagstæðari tíma vegna þess dráttar, sem orðið hefur á málinu. Ég býst ekki heldur við, að þessi till. sæti andmælum. Það gæti aðeins komið til greina, hvort menn vildu í stað síðari liðsins setja varanlegt ákvæði, en það er hægt að gera það við endurskoðun l., sem má búast við, að fari fram áður en langt um líður.

Ég skal svo snúa mér að einstökum brtt., sem fyrir liggja, í þeirri röð, sem fyrir þeim hefur verið talað, og skal ég reyna að hafa ekki fleiri orð um þær en nauðsynlegt er.

Það eru þá fyrst till. á þskj. 202 frá hv. 1. landsk. Ég skal ekki fara út í þær almennu umr., sem hann hóf um málið, af því að þær áttu að koma við 1. umr., og var honum frjálst að hefja þær þá. En bæði er það alkunnugt, og líka sást það af hans ræðu, að það þýðir ekki að taka upp umr. við hans flokk, því að hann segir, að hann og hans flokkur sé andvígur þeim grundvelli, sem frv. er byggt á, og ef ætti að fara að taka upp almennar umr. við kommúnista um skattamál almennt, þá mundi það tefja málið óhæfilega mikið. Hv. þm. sagði, að hér hefðu verið höfð mikil vélráð, þegar skattfrelsisl. voru sett, því að þeir, sem hefðu sett þau, hefðu gert ráð fyrir, að eitthvað mundi koma óvænt. Ég læt hann um að skýra þessa setningu, því að ég hef heyrt, að það, sem kæmi óvænt, væri það, sem kæmi án þess að gert væri ráð fyrir því. Skattfrelsið var gefið með þeirri von, að eitthvað rættist úr, og þá væri skattfrjálst það, sem hægt væri að greiða upp í töpin. Með það fyrir augum voru þessi l. sett. Skýrasta sönnunin fyrir því, að þau voru ekki sett með núverandi ástand fyrir augum, er það, að nú eru allir sammála um að breyta þessum l. Þetta er því alger afsönnun þeirra dylgna, sem hann fór með um það, hvaða ástæður lágu fyrir, þegar l. voru sett.

Ég þarf ekki að svara því, sem hann sagði um, hvers vegna menn væru með orðagjálfur og fyrirvara og hvers vegna menn notuðu ekki harðfylgi til að keyra sín mál í gegn, því að menn eru með fyrirvara sitt á hvað, og það var borið fram, sem menn gátu komið sér saman um, en það, sem menn treystu sér tæplega til að koma fram, var borið fram sér. Orðagjálfrið er orðið að brtt., sem menn hafa borið fram, þar sem hver og einn sýnir, hvað hann vill.

Ég skal svo snúa mér að brtt. hans. Fyrsta brtt. hans er um það að færa skattfrjálsa hlutann af varasjóðstillaginu niður í 40%, og þó ekki hærra en ⅓ hluta af innborguðu hlutafé eða stofnfé félagsins. Þetta var nú rætt mikið, því að það voru til menn, sem vildu gjarnan takmarka þetta fé, en þetta varð að samkomulagi, sem í frv. stendur, enda er augljóst, að ef takmarka ætti þetta við hlutafé, væru þessar undanþágur gerðar nálega gagnslausar. Þetta er augljósast, þegar það er athugað, að hlutafé margra útgerðarfyrirtækja hefur verið innborgað á tíma, þegar peningarnir höfðu allt annað gildi en nú. T. d. má nefna félag, sem hefur einn togara og hefur verið stofnað með 100 þús. kr. hlutafé. Það var stórfé á þeim tíma, allt að því að vera verð togarans. Því væri sanngjarnt, að menn mættu leggja í varasjóð upphæð, sem jafngilti þessum 100 þús. kr., þegar þær voru innborgaðar sem hlutafé.

Það eru ekki sömu krónurnar nú og þegar hlutaféð var innborgað. Þess vegna finnst mér ekki rétt að binda þetta meir en gert er í frv.

Þá leggur þm. til að hækka allmikið perónufrádráttinn umfram það, sem frv. gerir ráð fyrir, og aukaútsvar og tekjuskatt vill hann ekki leyfa að draga frá tekjum, — en án þess að umsaminn sé allur skattstiginn, væri slíkt ógerlegt. Það má segja um þessar brtt. yfirleitt, að þær ríði í bág við það samkomulag, sem náðst hefur um meginatriði frv., og geta því tæplega náð samþykki hér.

Þá kem ég að brtt. hv. 1. þm. N.-M. (PZ). Um

1. brtt. hans og persónufrádráttinn get ég sagt, að þar er ekki um neitt meginatriði samkomulagsins að ræða. En ég fellst ekki á það, að þegar hærri frádráttur er leyfður í Reykjavík en annars staðar, sé verið að mismuna mönnum eftir því, hvað þeir eru búnir að skapa sér mikil þægindi. Það er vissulega misdýrt að draga fram lífið við sams konar aðbúð í Reykjavík og á öðrum stöðum á landinu. Húsaleiga er hærri á einum stað en öðrum, mjólk, garðmeti, fiskur og margt fleira, sem veldur miklu um framfærslukostnað. Fjölskylda, sem lifir t. d. vestur í Ólafsvík eða Sandi, þarf ólíkt minna til frumstæðustu þarfa en ef hún lifði í Reykjavík. Þetta munar því meira, tiltölulega, sem menn lifa óbrotnara lífi. Þetta veit hv. þm. og skilur, að persónufrádráttur var hafður misjafn til að vega upp móti þessum mun.

Þá getur n. ekki fallizt á, að fyrir orðið „skylduómagi" komi: ómagi. Það gæti talizt sanngjarnt, en yrði afar erfitt í framkvæmd. Meginregla skattal. er sú, að ekkert sé frádráttarbært, sem gefið er til guðsþakka. Enginn „lúxus" er þar leyfður, hvort sem hann kemur fram í illum verkum eða góðum. Það yrði erfitt reiptog fyrir skattan. og yfirskattan. að hafa hemil á þeim ómagafjölda, sem talinn yrði fram í skattskýrslum, ef brtt. yrði samþ. Svo erfitt sem hv. flm. hefur þótt að þurfa í yfirskattan. að neita um frádrátt fyrir ómaga, sem voru ekki beinir skylduómagar, yrði þetta sýnu örðugra verk.

Þá er 2. brtt. Ég sé enga sanngirni í því að ákveða fast verðlag til 10 ára á öllum búpeningi, svo sem fasteignamat væri. Við skulum segja, að maður, sem býr stöðugt á sömu jörð, sé ekki svo háður verðsveiflum, að rétt sé að breyta matsverði jarðarinnar af þeim ástæðum. En verð fénaðar er miklu meiri sveiflum háð, — samanburður verður þar hæpinn. Ákvæði um slíkt mat yrði þó, býst ég við, enn virkara við útsvarsálagningu en skatts. Svo er brtt. um að hækka kaup skattan.manna. Mér finnst eðlilegra að samþykkja aðeins bráðabirgðaákvæði í þá átt, eins og lagt er til á þskj. 200. Þá er brtt. um að heimila fjmrh. að framlengja tímatakmarkanir þær, sem um ræðir í 32. gr., og tímaákvæði 36.—40. gr., um kærufresti o. fl. Ég vil fyrir mitt leyti alls ekki framlengja frestina, nema þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem nú, þegar löggjafarvaldið sjálft er seinna á ferð en þurft hefði með afgreiðslu þessara laga, sem nota á við álagningu skatts á árinu. Og á þskj. 200 er bráðabirgðaákvæði um þetta efni. Það tel ég nægja.

Loks er síðasta brtt. þm. um að afnema lög um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki og lög nr. 44 frá 26. maí 1938 ásamt breyt. frá í fyrra á þeim lögum. Þarna er furðu óskildum efnum blandað saman, og það er næg ástæða til að samþ. ekki tillögu í slíkri mynd. Ef breyt. á l. um hlunnindi iðju og iðnaðar lægju hér fyrir í fullri alvöru, væri auðvitað skylt að vísa því máli til iðnn. Ég get vel verið hv. þm. sammála um, að þau lög hafi verið missmíði, og gæti orðið honum samferða að breyta þeim.(PZ: Gott er það). En það má ekki gera í almennum skattal.

Þá var þm. að tala um, að breyta ætti útreikningnum til skatts. Þetta hefur verið nokkuð rætt, og það varð að samkomulagi, að ég skyldi sem frsm. skjóta því til ríkisstj., að hún kæmi því svo fyrir, að þetta yrði reglugerðaratriði við framkvæmd laganna, og virðist þá engin þörf að lögbinda neitt um það, en nokkur áhætta.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 195, frá hv. þm. Hafnf., um að hækka úr ¼% í ½% þann hluta af fé nýbyggingarsjóðs, sem vera má innistæða á biðreikningi í sterlingspundum. Persónulega er ég þessu algerlega meðmæltur. Þetta var rætt í fjhn., og er þar til athugunar, hvort ekki geti náðst samkomulag um að rýmka þetta eitthvað. Ég skýt því til hv. þm., hvort hann vildi ekki taka brtt. sína aftur til 3. umr. — Samkv. ákvæðunum um nýbyggingarsjóð verða menn að geyma hann þar, sem hann gefur tiltölulega lítinn arð. Samtímis verða sömu fyrirtæki að geyma mikinn gjaldeyri erlendis, þar sem hann færir þeim lítinn sem engan arð eða stuðning við atvinnureksturinn, en má teljast nokkurn veginn trygg eign, eftir því sem nú er völ á. Þá sýnist hart aðgöngu að mega ekki nota allmikið af því fé í nýbyggingarsjóð. — En menn mega ekki gleyma, að í frv. er gert ráð fyrir, að með nefndarleyfi megi meira en ¼ hluti sjóðsins vera á biðreikningi, þegar knýjandi nauðsyn er á.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 201, frá hv. 2. landsk. (SÁÓ). Hann svaraði henni bezt sjálfur í inngangi sínum, þegar hann sagðist vita, að allt þetta frv. væri bundið ríkföstu samkomulagi og brtt. færi í bága við það. Það er satt, að samkomulag hefur náðst um annað en þarna er lagt til. Auk þess held ég, að svona breyt. yrði ákaflega slæm í framkvæmd, aðferðin mundi leiða til margvíslegrar mæðu. Matið, sem fram þyrfti að fara, ekki aðeins á skipum, heldur á öllum eignum fyrirtækjanna, smáum og stórum, arðgæfum og óarðgæfum, yrði æríð umbrotasamt og að lokum mjög valt á að byggja. Það er misskilningur, að útgerðarfélag, sem stendur skuldlaust, hljóti að vera öflugt og öruggt fyrir eignahruni. Eignir þess geta verið metnar milljóna virði í dag, án þess að nokkur viti með vissu, nema þær þyki lítils virði á morgun, ef markaðsástand snýst við. Það eru ekki mjög mörg ár, síðan maður var talinn eiga 1¾ millj. kr. umfram skuldir, og þótti gætilega metið. Þessi maður dó nokkru seinna, og það varð þrotabú, án þess að nokkur veruleg rýrnun hefði orðið á eignunum sjálfum. Við heyrum um kaup á togurum fyrir hundruð þúsunda, skipum, sem hefðu varla þótt til annars á venjulegum tímum en að höggva þau upp. — Það var mikið rætt um svona mat í n., en ég held flestir hafi fallizt á, að það yrði ekki framkvæmanlegt að gagni.

Á þskj. 191 á ég sjálfur brtt. um, að stafl. c í 4. gr. falli niður. Auðvitað læt ég atkvæði ráðast um hana eins og aðrar brtt., þegar þar að kemur. Þessi c-liður gildir aðeins fyrir árið 1941, þ. e. um álagningu fyrir síðastl. ár, og það er ætið betra að fara sem skemmst í því að láta lög verka aftur fyrir sig. Takmörkun þessa

c-liðar á hinu frádráttarbæra varasjóðstillagi af tekjum ársins 1940 styðst engan veginn við sömu rök að því er snertir útgerðarfyrirtæki og annan atvinnurekstur, enda er það 10% meira, sem útgerðarfyrirtækjum er leyft að draga frá. — En bezta lagfæringin á þessum c-lið er að fella hann niður.

Um leið og ég hverf frá þessum brtt. einstakra þm. vildi ég ræða ýtarlegar atriði, sem menn hafa ruglað saman. Það fé er sitt hvort, sem félög fá skattfrjálst vegna tapsfrádráttar, og hitt, sem þau mega leggja í varasjóð, að hálfu leyti án skattlagningar. Og einkum verða menn að varast að blanda nýbyggingarsjóði saman við venjulegan varasjóð. Þegar búið er að gera upp skattskyldar tekjur útgerðarfyrirtækis á árinu 1940, rekstrarkostnaður frá dreginn o. þ. h., en áður en rætt er um, hvað lagt skuli í varasjóð, hefur fyrirtækið rétt til að draga frá tap fyrri ára, og er það skattfrjálst, og rennur féð í varasjóð, að kallað er, þótt orðið varasjóður sé þá villandi. Líklega hefði verið rétt að nefna það heldur öðru nafni, t. d. tryggingarsjóð. Í 4. gr., j, sést glöggt á ýmsum sérákvæðum, að þetta er enginn venjulegur varasjóður. Þessi sjóður á t. d. að verða til hjá einstaklingsfyrirtækjum og sameignarfélögum, sem hafa engan eiginlegan varasjóð. Til þessa „varasjóðs" má ekki grípa fyrr en varasjóður fyrirtækisins, hinn eiginlegi varasjóður, og aðrar eignir þess hrökkva ekki lengur til að jafna rekstrarhalla. Sé eitthvað tekið úr sjóðnum til sömu notkunar og aðrar eigur fyrirtækisins, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt. Ef svo félag er gert upp, sem á slíkan varasjóð, gengur hann til þess að greiða skuld félagsins og þar með hlutaféð. En sé hann fram yfir það, kemur allt, sem umfram er, undir þessa geysiháu skattaprósentu. Það nær því engri átt, að hluti af þessum varasjóði sé nýbyggingasjóðsskyldur, enda var till. um það dregin til baka.

Ég vildi láta þetta koma hér skýrt fram. Þegar svona félag hefur tekið frá skattfrjálsan þann hluta, sem töpin nema, getur það lagt það, sem eftir er, í varasjóð, og þá fyrst koma hin venjulegu varasjóðsfríðindi til greina. Ég vona, að þessi skilgreining komist rétt inn í þingtíðindin. Af því fara svo 40% í nýbyggingasjóð. Hjá þeim fél., sem engan tapsfrádrátt hafa, lendir þetta í venjulegum varasjóði. Hann er sérstakur sjóður, myndaður í eitt skipti fyrir öll.

Ég hef þá víst minnzt á allar till. fyrir hönd nefndarinnar.

Bernharð Stefánsson: Það skal verða stutt, sem ég segi. Það er að vísu sagt í grg. frv., að einstakir nm. í fjhn. hafi óbundnar hendur um að bera fram brtt. og vera með brtt., sem fram kunni að koma. Það hefur komið fram hjá báðum meðnm. mínum nokkur sérstaða. Það mætti því gera ráð fyrir, að ég fyndi ástæðu til að gera grein fyrir sérstöðu minni, en ég ætla ekki að fara út í það, því að eins og líka stendur í grg. frv., er það árangur langvarandi samningsumleitana milli þingflokkanna. Í frv. er svo það, sem helzt gat orðið samkomulag um milli flokkanna.

Ég get lýst yfir því f. h. Framsfl., að við þann samningsgrundvöll, sem hér er lagður, mun hann standa, ef hinir flokkarnir standa við sitt. en eins og kom fram við 1. umr. hjá hæstv. viðskmrh., er langur vegur frá því, að frv. sé eins og Framsfl. einn hefði helzt viljað.

Nú er því ekki að leyna, að ýmsar af brtt. þeim, sem hér liggja fyrir, fjalla um þau efni og eru þannig að forminu, að þær koma óneitanlega í bága við það samkomulag, sem ég hef skýrt frá. Ég sé mér ekki annað fært en vera á móti þeim till., því samþ. þeirra mundi raska samkomulagsgrundvellinum. Annars er það um brtt. að segja, að þeim var flestum eða öllum útbýtt á þessum fundi. Dm. hafa því haft lítinn tíma til að átta sig á efni þeirra, og n. þaðan af minni, því að hún hefur ekki tekið þær til meðferðar, nema að því leyti sem hv. 1. þm. N.-M. hreyfði fyrirfram við n. till. þeim, sem hann flytur á þskj. 199. Hv. 2. landsk. hreyfði líka í n. þeirri till., sem hann ber fram. Frsm. n. hefur lagt það til við hv. þm. Hafnf., að hann taki aftur til 3. umr. brtt. á þskj. 195, ef ske kynni, að samkomulag næðist um einhverja breyt. á þeim ákvæðum frv., sem að sama efni lúta. Ég vil taka undir þessa ósk, og það því fremur sem þetta atriði, hvað mikið af nýbyggingarsjóði mætti vera á geymslureikningi í sterlingspundum, var eitt samningsatriðið á milli flokkanna.

Það er ekki einasta brtt. hv. þm. Hafnf., sem mér finnst eins og ástatt er, að ætti að bíða til 3. umr. Mér finnst líka, að hv. 1. þm. N.-M. ætti að taka sumar brtt. sínar aftur til 3. umr., t. d. sérstaklega 2. till., tölul. 2, á þskj. 199. Ég býst ekki við, að þær till. séu þess eðlis, að þær reki sig á samkomulagið milli flokkanna. Þær fjalla um aukaatriði. En samt hygg ég, að æskilegt væri, að þessar till. fengju nánari athugun í n. en tími var til í gærkvöldi, því að n. var mjög önnum hlaðin.

Yfirleitt finnst mér það eðlilegast um brtt. um stórvægileg mál, sem eru bornar fram á sama fundi og atkvgr. ætti að fara fram, að þær bíði til næstu umr. Hitt er gott, að þær komi fram á fundinum og að flm. geri grein fyrir þeim, svo að dm. verði ljósara efni þeirra.

Það á ekki við að ræða þetta mál frá almennu sjónarmiði við 2. umr. En ég má til að skjóta því fram, að ég kann illa þeim tón, sem hv. þm. Vestm. talaði í við 1. umr. þessa máls, — það var helzt hægt að skilja hann svo, að með þessu frv. væri verið að leggja kvaðir á útgerðina í landinu fram yfir aðrar atvinnugreinir landsmanna. Í frv. felast einmitt hlunnindi útgerðinni til handa. Það má deila um skattstigann. Hann kann að vera of hár, en það kemur þá niður á öllum skattborgurum landsins. En ef við miðum við, að skattstiginn í 1. gr. sé hæfilegur, kemur mér undarlega fyrir sjónir, að risið er upp f. h. útgerðarinnar og rifizt út af henni sérstaklega. Ég kann illa þeim brigzlum, sem fram komu við 1. umr. frá hv. þm. Vestm. til míns flokks um það, hvernig hann hefði búið

að útgerðinni á undanförnum árum. Ég veit ekki betur en að Framsfl. hafi yfirleitt verið boðinn og búinn til að samþ. fríðindi útgerðinni til handa og þau hreint ekki lítil. Ef verið hefði um miklar flokkadeilur að ræða og stj. hefði stuðzt við harðvítugan meiri hl., en hv. þm., sem þessi orð talaði, verið stjórnarandstæðingur, gat framkoma hans verið skiljanleg. En að heyra þetta frá samstarfsmanni er undarlegt. Hann sagði, hv. þm. Vestm., að sum blöð hefðu ekki getað unnað útgerðinni, að hún varð fyrir óvæntu happi. Mér þætti gaman að vita, hvort hann á við framsóknarblöðin. Þau hafa eindregið fagnað því, að útgerðin gat komizt úr þeim miklu fjárhagsörðugleikum, sem hún var komin í.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta. Ég vona, að hæstv. forseti beri mér það, að ég sé ekki vanur að brjóta þingsköp, en ég gat ekki látið hjá líða að benda á þetta atriði, þó að nú sé 2. umr. málsins.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég skal vera stuttorður. Hv. frsm. mælti eindregið á móti minni fyrstu brtt. við 3. gr., um að hafa persónufrádráttinn þann sama fyrir alla landsmenn. Hann sagði, að mér væri kunnugt um, að hér væri dýrara að lifa en annars staðar. Mjólk væri dýrari hér, kjöt og húsaleiga. Það er rétt, en þess ber að gæta, að margt er dýrara annars staðar en hér. Hvað kostar t. d. að flytja kol austur að Stórólfshvoli? 120 kr. á tonnið. (**MJ:** Þurfa þeir eins mikil kol þar?). Já, ef lífsstandardinn á að vera sá sami. En 1. þm. Reykv. ætlast til þess, að þar sé ekki hitað eins og hér í bæ. Svona mælti lengi telja. En ef það er rétt hjá hv. frsm., að það sé ódýrara að lifa annars staðar en hér, af hverju vilja þá verklýðsfélögin leggja Reykjavík til grundvallar, þegar um laun er að ræða, og af hverju vill þá hv. frsm. hafa sömu embættismannalaun og sömu verðlagsuppbót annars staðar og í Reykjavík?

Af því að ég hef orðið var við, að nokkrir þm. vilja fylgja till. minni í breyttu formi, tek ég hana aftur núna. Sama er að segja um brtt. 2. a. Mönnum, sem að öðru leyti vilja samþ. hana, þykir tíminn of langur. En b-liðinn tek ég ekki aftur, nema eftir sérstakri ósk hv. 1. þm. Eyf. (**BSt:** Ég óska þess). Í því trausti, að síðari liður till. á þskj. 200 verði ekki látinn koma til atkvæða nú, get ég gert það. (**BSt:** Ég legg enga áherzlu á þetta). Þá nær það ekki lengra, og mín till. kemur þá líka til atkv.

Núgildandi skattalög eru frá 1935. Einu sinni á þeim árum öllum hefur skattskrá í Reykjavík verið lögð fram á réttum tíma. Öll hin skiptin hefur hún ekki verið tilbúin. (**MJ:** Þá á að breyta tímanum). Af hverju kemur n. ekki fram með brtt. um það? Þar sem mér skilst, að fyrir næsta þing komi nýtt frv., sem menn munu sætta sig betur við, álít ég rétt að láta frestinn gilda fyrir bæði árin. Það er rétt að hafa frestina í l. fasta, en ekki bráðabirgðaákvæði fyrir eitt ár.

Ég legg til, að numin verði úr gildi „litlu ljótu lögin", en hv. frsm. minntist ekki á það. Þögn er líklega sama og samþykki. Ég vil biðja hæstv. forseta að bera þá brtt. mína, þskj. 199,3, upp í tvennu lagi, hvor laganna fyrir sig.

Jóhann Jósefsson: Hv. 1. þm. Eyf. vék að mér nokkrum orðum fyrir það, sem ég sagði um þetta mál við 1. umr. Hann kallaði mín orð „brigzl" í garð Framsfl. Ég held samt, að ég hafi ekki í minni tölu farið út fyrir þau takmörk, sem leyfileg eru, þegar tekið er tillit til þess, hvernig gangur skattamálanna hefur verið hér á undanförnum árum. Það kemur mér allundarlega fyrir sjónir, að þessi þm. skuli sérstaklega vilja telja Framsfl. undan öllu ámæli í þessum efnum, þar sem sjálfur viðskmrh. játaði einmitt við 1. umr., að árið 1938 hefði ekki verið fært annað en setja á þessi svonefndu skattfrelsislög fyrir útgerðina, þar eð þótt hefði sýnt, að engar líkur væru orðnar til, að félögin gætu nokkru sinni rétt við með gildandi skattalöggjöf. Þetta voru nú orð flokksbróður hv. þm. En hvaða flokkur bar árið 1938 höfuðábyrgðina á skattamálunum í landinu? Svarið getur bara verið á einn veg: Sú skattalöggjöf, sem þá gilti, var til orðin aðallega fyrir tilstilli Framsfl., og það var sú skattalöggjöf, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að hefði verið þannig vaxin, að útgerðin gat ekki risið undir henni. Vona ég, að hv. þm. athugi þetta mál og falli frá því að bera mig sökum um ósanngjörn ofmæli í garð Framsfl.

Hv. þm. sagðist kunna því illa, að hér væri talað eins og þetta frv. hefði í för með sér nýjar kvaðir á útgerðina, þar sem þvert á móti væri um fríðindi að ræða henni til handa.

Enn fremur vil ég benda á, að það virðist vera nýmæli í löggjöfinni, og harla undarlegt nýmæli, að útgerðarfél. er skylt að geyma fé varasjóðanna og nýbyggingarsjóðanna vaxtalaust, eftir ákvæðum þessa frv.

Ég er viss um, að hv. þm. geta fallizt á, að hér er rétt skýrt frá efni frv., að þessu leyti, því að bankarnir eru hættir að ávaxta fé, en hins vegar eru þau verðbréf, sem frv. vísar til, orðin lítt fáanleg eða jafnvel ófáanleg með öllu, nema gefið sé fyrir þau miklu meira en nafnverð. Held ég því, að erfitt verði að hrinda þeirri staðhæfingu minni, að hér sé um nýjar kvaðir að ræða.

Ég sagði ekkert um það, að framsóknarblöðin hefðu skrifað mikið um gróða útgerðarinnar og jafnvel á þá lund eins og um eitthvað skelfilegt óhapp væri að ræða. Ég nefndi ekki framsóknarblöðin í þessu sambandi. Hitt er annað mál, að ég les ekki öll framsóknarblöðin, og geta þess konar ummæli því vel hafa staðið í einhverju þeirra. En hins vegar er það fullvíst og rétt, að slík ummæli hafa staðið í þjóðstjórnarblöðum.

Hv. 1. þm. Eyf. segir, að Framsfl. hafi ekki búið illa að útgerðinni. Þessu get ég vel látið mér nægja að svara með þeim orðum, sem hæstv. viðskmrh. viðhafði á Alþingi 1938, að skattfrelsislögin hefðu verið sett, „þar eð sýnt þótti, að útgerðarfélögin mundu ekki nokkurn tíma geta reist sig við með núgildandi skattalöggjöf."

En hæstv. ráðh. verður að muna, að það var Framsfl., sem bar ábyrgð á þeirri skattalöggjöf,

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti! Ég hafði ekki ætlað mér að taka verulegan þátt í þessum umr. umfram það, sem ég gerði við 1. umr.

En bæði var það, að mér var tjáð, að hv. þm. Vestm. hafi beinlínis beint til mín ýmsum atriðum, og eins hitt, að ég var þess var, að hann ræddi málið nokkuð með sérstökum hætti við 1. umr. og í nokkuð öðrum tón en búast hefði mátt við, þar sem yfirlýst var, að samkomulag hefði náðst um málið milli stjórnarflokkanna.

Hv. þm. mun hafa sagt, að skattamálastefna undanfarinna ára hafi verið þjóðhættuleg, og því beri brýna nauðsyn til gerbreytinga.

Ég hef ekki haft aðstöðu til að fylgjast svo vel með umr. í þessari hv. d., að ég viti, hvort þessi hv. þm. er með frv. eða móti. En þetta er samkomulagsfrv., og því hygg ég, að hann sé því fylgjandi. Þess vegna finnst mér, að hin digurbarkalegu ummæli hans séu bæði óviðkunnanleg og ástæðulaus, þar sem skattstigi þessa frv. er talsvert hærri en í l. frá 1935, sem mikið var deilt um á sínum tíma. Í þessu frv. er gert ráð fyrir allt að 75% skatti á hæstu tekjur, en áður var þetta hámark aðeins 49%. Að vísu eru nú sérstakar ástæður fyrir hendi, þar sem er hinn óvenjulegi stríðsgróði.

Ég verð því að segja, að ég kann illa stóryrðum þm. um þetta atriði, því að skattstiginn er almennt hærri í þessu frv. en meðan hátekjuskatturinn og 12% viðaukinn voru í gildi. En af þeim hátekjuskatti rann helmingurinn til bæjar- og sveitarfélaga. (**MJ:** Það varð nú víst lítið úr því!). Ég veit ekki betur en það hafi verið framkvæmt. (**MJ:** Hann var allur tekinn í annað). Það mun vera rétt, að skatturinn rann í sérstaka sjóði, en það kom í sama stað niður.

Því verður ekki neitað, að í þessu frv. er gengið miklu lengra en gert var í l. frá 1935. Ég ætla ekki að fara hér út í nein brigzlyrði, þótt ég telji þessi ummæli hv. þm. (JJós) vera óréttmætar árásir á samstarfsflokkana. Ég viðurkenndi það, að sum útgerðarfélög hefðu ekki getað reist sig við samkvæmt þágildandi skattal. En þetta var ekkert sérstakt. Þannig var það, er og verður um sum þeirra, ef tapsfrádrátturinn væri ekki leyfður. Hann höfum við alltaf viljað leyfa vegna hins áhættusama rekstrar þessara fyrirtækja.

Framsfl. hefur lagt til, að farin yrði ný leið til að koma í veg fyrir, að tekjuskattskalinn þurfi að ganga eins hátt og verið hefur og gert er í þessu frv., en það strandaði á hinum flokkunum. Þeir vildu ekki fylgja þessari sjálfsögðu umbót.

Ég ætla svo ekki að blanda mér frekar í þessar umr. eða fara að gera frekari samanburð umfram það, sem ég drap á í frumræðu minni um málið og var algerlega hlutlaust.

Bjarni Snæbjörnsson: Hv. frsm. fjhn. og annar hv. þm. hafa tekið vinsamlega í brtt. mína á þskj. 195 og mælzt til þess, að ég tæki hana aftur, og vil ég verða við þeim tilmælum.

En þegar ég tók til máls áður, láðist mér að minnast á einn lið í brtt. hv. 1. þm. N.-M., þar sem hann fer fram á það, að l. nr. 44 frá 26. maí 1938 og breyt. á þeim l., nr. 106 frá 14. maí 1940, um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfj., verði úr gildi numin. Fór þessi hv. þm. mjög óviðurkvæmilegum orðum um málið, taldi það lítið mál og ljótt mál og þar fram eftir götum. Það mál hefur verið bitbein okkar að undanförnu, þegar það hefur verið til umr. Ég vil minna hv. þdm. á það, að þessi l. eru einungis heimildarl. fyrir ríkisstj., og það er í valdi ríkisstj. algerlega, hvort hún framfylgir þessum l. eða ekki. Og mér finnst í sjálfu sér, að a. m. k. á meðan þessi þjóðstjórn er við lýði hjá okkur, þá sé ekki ástæða til að efast um það, að þessi heimild verði ekki notuð af ríkisstj. nema þangað til bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hættir að undanþiggja útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa útsvari. Það er því óþarfi fyrir hv. þdm. að taka nokkra afstöðu til þessa máls nú, álít ég.

Svo vildi ég líka mótmæla því, sem hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði, að í þessu frv. væru ekki lagðar neinar nýjar kvaðir á útgerðina. Hv. þm. Vestm. hefur nokkuð svarað honum um þetta. En ég vil bæta því við, að þetta frv., sem hér er fram komið, verkar aftur fyrir sig. Þess vegna verkar það á þá aðila þannig, að þeir verða fyrir vonbrigðum, má segja, um það, að l. um þetta efni mundu haldast óbreytt. Þeir höfðu ekki getað skilið annað en að l. mundu standa óbreytt fyrir árið 1940, og það því fremur sem frv. kom fram á Alþ. á síðasta ári, einmitt 1940, um það að nema þessi fríðindi úr gildi, — það kom fram í hv. Nd. og var flutt af hv. 3. þm. Reykv. (HV), en það kom öllum saman um það að skipta sér ekkert af þeim l. og láta allt standa við það sama. Þess vegna var ekki nema eðlilegt, þó að menn héldu, að þeir mundu fá að njóta þessara fríðinda fyrir síðastl. ár.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Það var út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. Mér þótti vænt um, að hann gerði tilraun til þess að andmæla því, sem ég hélt fram í ræðu minni og till. minni, með rökum, í staðinn fyrir að nota miður gáfuleg slagorð eins og stundum hefur tíðkazt, þegar svarað hefur verið till. sósíalista hér á þessari hv. samkundu. Ég vitnaði í það, sem einn hv. ræðumaður sagði hér við 1. umr. þessa máls, að l. um skattfrelsi útgerðarinnar hefðu því aðeins getað komið að gagni, að eitthvert „óvænt happ" vildi til. Hv. 1. þm. Reykv. vildi mótmæla því, að það hefði verið gert ráð fyrir þessu „óvænta happi", þegar skattfrelsisl. voru samin. En nú vil ég minna hv. 1. þm. Reykv. á það, að þessi ummæli hv. þm. Vestm., sem ég vitnaði í, eru alls ekki fundin upp hjá okkur sósíalistum, heldur voru þessi ummæli höfð hér á hæstv. Alþ., þegar skattfrelsisl. voru til umr., og man ég ekki betur en þau sé að finna í ræðu frsm. í málinu. M. ö. o. lögin voru sett í trausti þess, að það vildi til eitthvað, eins og það var kallað „óvænt happ", því að það var gert ráð fyrir þessu „happi". Og það „happ" var styrjöld, og það var búizt við því, að ekkert góðæri væri fram undan fyrir útgerðina, nema í sambandi við

styrjöld. Svo framarlega að vígbúnaði þjóðanna hefði verið hætt, hefði verið framundan kreppa. Framundan var annaðhvort kreppa eða styrjöld. Og, það, sem búizt var við, var styrjöld. Og fleira á þeim tíma var sett í l. einmitt með tilliti til þess, að búizt var við styrjöld, sem ég hirði ekki um að fara inn á hér. En hvort sem búizt hefur verið við því eða ekki, að þetta „happ" vildi útgerðinni til, þá haggar það ekki því, að hér hafa verið gerð góð kaup af hálfu útgerðarmanna. Þeir hafa fengið varanleg friðindi í staðinn fyrir hlunnindi, sem þeim voru veitt um takmarkað tímabil.

Þá gerði hv. þm. tilraun til þess að afsaka framkomu Alþfl. og Framsfl. í þessu máli, afsaka þennan fyrirvara þeirra, sem sýnilega er ekkert meint með. Hv. þm. vildi afsaka það, að ekki væri hægt að koma þeim till. fram, sem óskað væri eftir, með því að þessir fl. gætu ekki gert annað en að leggja þessar till. sínar fram, og síðan yrðu þær að sæta þeim örlögum, sem þingviljinn segði til um, en hins vegar væru þessar till. þannig vaxnar, að um engar þeirra væri fyrir hendi sameiginlegur vilji fl. En þetta er ekki svo eftir þeim umr., sem fram hafa farið um þessi mál. Ég tók það fram áður, að um tvö stór atriði hefur í ræðum hv. þm. komið fram sameiginlegur vilji þessara fl., að því er snertir persónufrádráttinn og um að breyta fyrirkomulaginu um skattálagninguna þannig, að skatturinn sé lagður á tekjur, áður en tekjuskattur fyrra árs er dreginn frá þeim. Þessir fl. hafa sameiginlega meiri hl. í þinginu með Sósíalistafl. til þess að koma þessu „áhugamáli" sínu fram. Félmrh. taldi sig samþ. þessu. En talað var um, að fyrst þyrfti að setja löggjöf til þess að tryggja, að skatturinn yrði greiddur á réttum gjalddaga. En á því verður ekki mark tekið, því að það er auðvelt að setja slíkt ákvæði strax inn í skattal. Svo að þessi röksemd hv. 1. þm. Reykv. dugar ekki.

Síðan kom hv. 1. þm. Reykv. inn á nokkrar af þeim brtt., sem ég flyt við frv. Hann áleit, að þessi hlunnindi, sem veitt eru hlutafélögum, séu þannig, að ekki megi úr þeim draga. Þarna greinir okkur á. Ég álít, að um það megi deila, hvort yfirleitt eigi að veita þessum félögum nokkuð af þessum hlunnindum, hvort eigi að hafa nokkuð skattfrjálst af því, sem þau leggja í varasjóði eða nýbyggingarsjóði. En frá sjónarmiði almennings er ótvírætt, að þennan rétt á að takmarka, ef þess er gætt, hvað þessi hlunnindi þýða í raun og veru. T. d. um það er nefnt ágætt dæmi, sem skattstjóri hefur lagt fram í grg. fyrir till., sem hann flutti í mþn., sem ég vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Skattstjóri segir hér um:

„Ef hlutafélag hefur í hreinar tekjur kr. 20 þús. og leggur þær í varasjóð, þá eru hálfar tekjurnar skattskyldar, þ. e. kr. 10 þús., og tekjuskattur af þeim kr. 1713.60. Sé hlutafé félagsins kr. 100 þús., má enn draga frá tekjunum 5% af hlutafé, eða kr. 5 þús., og verða þá skattskyldar tekjur félagsins kr. 5 þús. og tekjuskattur kr. 285.60.

En ef einstaklingur hefur jafnháar hreinar tekjur og hlutafélagið, þ. e. kr. 20 þús., og sé hann einhleypur, verða skattskyldar tekjur hans kr. 19200, og tekjuskattur kr. 5407.36, eða sem næst nítjánföld sú upphæð, er hlutafélagið greiðir af sömu tekjum. En eins og framanbirtar samanburðartölur sýna, fer þessi mismunur hlutfallslega minnkandi eftir því sem tekjur hækka".

Hér er um svo gífurleg hlunnindi og friðindi fyrir þessi félög að ræða, að ég get ekki skilið annað, ef á málið er litið frá almennu sjónarmiði, en að tillit beri að taka til þessa samanburðar skattstjórans og jafna metin.

Hv. frsm. vildi líta svo á, að ef þessi till. mín væri samþ., þá yrðu hlunnindi þessi, sem hér er um að ræða, að hafa skattfrjálsan þann hluta varasjóðs, sem lagður er í nýbyggingarsjóð, svo að segja einskis virði. Ég lít öðruvísi á þetta. Ef um hlutafélag er að ræða, sem hefur hlutafé, sem nemur hundruðum þús., þá er ekki um svo litla upphæð að ræða, sem hefur þannig skattfrelsun, og það hefur ekki svo lítil áhrif til þess að lækka skatt á viðkomandi félagi, þar sem með því að skattskyldar tekjur þess lækka, þá kemst félagið einnig í lægri gjaldendaflokk. Ég lít því allt öðruvísi á þetta mál en hv. þm.

Hv. þm. benti einnig á það, að hlutafé félaganna, sem innborgað hefur verið fyrir löngu síðan, væri nú orðið minna virði heldur en þegar það var innborgað. Þetta er alveg rétt. Hv. þm. getur náttúrlega komið með till. um að umreikna hlutafjárupphæðina á svipaðan hátt og skatturinn er umreiknaður. Ég tel, að engin þörf sé á slíkri till. En það er hægt að koma með hana.

Hvað snertir gagnrýni hv. þm. á hinum till., þá er þar bara um mismunandi sjónarmið að ræða. Ég álít, að það eigi að hækka persónufrádráttinn þangað til hann er farinn að nálgast það að vera brýnustu þurftarlaun. Ég álít ekki ná nokkurri átt að skattleggja upphæð, sem ekki nægir til þess að framfleyta lífi viðkomandi gjaldenda og hans skylduliði. Og þetta hefur áhrif að vísu til þess að lækka nokkuð mikið skattinn á lægri gjaldendum og miðlungsgjaldendum, en ég álít líka, að það sé rétt að lækka á þeim skattinn, sérstaklega þegar svo mikið fé er til hjá hátekjumönnunum, að það gerir meira en að fullnægja tekjuþörfum hins opinbera.

Bernharð Stefánsson: Hæstv. viðskmrh. hefur nú tekið af mér ómakið og svarað hv. þm. Vestm. (JJós). En ekki gat ég séð það, að í þeim ummælum, sem hæstv. viðskmrh. hafði hér við 1. umr. málsins, liggi nein viðurkenning á því, að útgerðin hafi verið komin á höfuðið vegna skattkúgunar. Því að það er alveg sitt hvað, að hagur eins fyrirtækis sé svo kominn, að það geti ekki haldið áfram að borga skatta, eða hitt, að hag þess sé svona komið vegna skattanna. Enda er það nú svo, að í þeirri ræðu, sem hv. þm. Vestm. flutti hér í fyrrakvöld og ég sé, að hér er komin prentuð í Vísi, þá telur hann réttilega margt fleira sem ástæður til þess, að hagur útgerðarinnar var illa kominn heldur en skattana, t. d. kaupkröfur, markaðstöp og verðfall. En að vísu bætir hann við: „og síðast

en ekki sízt skattaálagning". En hann sleppir að segja frá aðalatriðinu, sem er aflaleysið, sem á þessum árum átti sér stað. En hvað gerði svo Framsfl., þegar einmitt hagur útgerðarinnar var illa kominn? Hann stóð að því að samþ. l. um það að losa útgerðina undan skatti og gjaldi til bæjar- og sveitarfélaga. Þrátt fyrir þetta hefur Sjálfstfl. klifað á því, að framsóknarmenn beri óvildarhug til útgerðarinnar, eins gáfulegt og það nú er, að nokkur fl. geti haft slíkan óvildarhug til eins stærsta atvinnuvegar landsmanna.

Í þessu sambandi spurði hv. þm. Vestm. þess, hvaða fl. hafi borið ábyrgð á skattaálögunum eftir l., sem giltu hér 1938, og telur það Framsfl. En það er vandi að svara því, hvaða fl. ber ábyrgðina á skattalöggjöfinni á hverjum tíma. Það er ekki víst, að sá flokkur, sem verður að sjá um að afla teknanna, af því hann er við stjórn, beri aðalábyrgðina. Þeir, sem gera fjárkröfurnar á hendur ríkissjóði, bera ekki síður ábyrgð. Ef farið er út í þá sálma, þá er óhætt að segja, að allur almenningur í landinu eigi sök á því, að skattar hafa hækkað, því hann hefur farið fram á og fengið framlög úr ríkissjóði til alls konar framkvæmda sér til hagsbóta. Og þetta er orsökin til þess, að skattarnir og tollarnir, yfirleitt gjöldin til ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga, hafa farið hækkandi á síðastl. árum, hverjir sem við völd hafa verið. Það hefur svo oft verið rætt um þetta, að ég ætla að láta allar frekari umr. um þetta falla niður, þó að margt mætti um það segja.

Eftir þeim tón, sem hefur verið hjá hv. þm. Vestm. og hans líkum, að það sé skattkúgun Framsfl. að kenna, hvernig útgerðin var komin 1938, þá er það náttúrlega Framsfl. að kenna líka, að borgarastyrjöldin brauzt út á Spáni og fiskurinn var ekki á miðunum o. s. frv. Nú eru sjálfstæðismenn komnir í stj. landsins. Hagur útgerðarfyrirtækjanna og annarra fyrirtækja hefur batnað. Ég efast ekki um, að það verður þakkað því, að sjálfstæðismenn eru í ríkisstj. nú. En það vita allir, að það, að nú hefur um skeið gengið vel fyrir þessum fyrirtækjum, er vegna atvika úti í heimi, sem enginn Íslendingur ræður við, og efast ég um, að Sjálfstfl. vildi láta „þakka" sér þá atburði, þó að hann vildi kannske gjarnan koma því á Framsfl. að hafa komið af stað Spánarstyrjöldinni og að hafa fælt fiskinn burt af fiskimiðunum kringum landið.

Þá fannst mér hv. þm. Vestm. lesa frv. eiginlega dálítið skrýtilega, þegar hann var að tala um, að eftir því væri útgerðarfélögum skylt að geyma þá sjóði, sem þar um ræðir, vaxtalausa.

Í fyrsta lagi veit ég ekki til, að það sé nein skylda eftir frv. að leggja fé í þessa sjóði. Ef útgerðarfélög leggja ekki í þessa sjóði, borga þau bara skatt, eins og t. d. hv. þm. Vestm. gerir sem einstaklingur og ég geri og allir skattskyldir menn. Í öðru lagi er það, að þó að í þessa sjóði sé lagt, þá þarf ég ekki annað en minna hv. þm. Vestm. á það, sem hv. frsm. n. veik að, einmitt í svari sínu til þessa hv. þm. út af þessu sama atriði, að það eru ýmsir möguleikar til þess, bæði nú og virðast verða framundan í enn ríkara mæli, að ávaxta fyllilega þessa sjóði.

Í því sambandi vil ég minna hv. þm. á það, sem hv. form. n. benti honum á við 1. umr., að nú liggur fyrir d. frv. um innanríkislán. Með því að kaupa bréf í því láni, og það er útgerðarfyrirtækjum heimilt, má fá allríflega vexti. Ég skal játa, að almennar umr. um málið eiga nú ekki við við þessa umr., en ég hef það til afsökunar, að ég hef ekki talað við 1. umr. Það, sem ég vildi sérstaklega benda á, var þetta, sem ég reyndar gat um áðan, að mér finnst það ekki viðeigandi, að einn af þeim mönnum, sem tilheyrir stuðningsfl. stj., skuli, eftir að búið er að hafa mjög mikið fyrir því að ná samkomulagi, rísa upp með brigzl um samstarfsfl. sinn. En brigzl voru í ræðu hv. þm. hér við 1. umr. málsins.

Páll Zóphóníasson: Í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, og ummæli einstakra hv. þm. um hinn mikla skattþunga útgerðarinnar, vil ég benda á það, að árið 1938 var aðeins einn togari af öllum togaraflotanum í Reykjavík, sem hafði borgað skatt næstu 5 árin á undan, en hinir engan, og allir sama og ekkert útsvar. Það er staðreynd, að svona voru l., þetta voru hinar þungu byrðar, sem voru að drepa útgerðina, að sögn hv. þm. Vestm.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég verð að segja það, að mér er næsta óljúft að rísa upp oftar við 2. umr. þessa máls til þess að ræða um þau atriði, sem hv. 1. þm. Eyf. og hv. 1. þm. N.-M. nú hafa gert að umtalsefni. En mér er haslaður völlur hér með ummælum hv. þm., og vona ég því, að hæstv. forseti virði mér þess vegna nokkuð til vorkunnar. Þessir hv. þm. hafa nú báðir horfið að því fangaráði, til þess að geta sakað mig um það, sem hv. 1. þm. Eyf. kallar brigzl, að leggja mér það í munn, sem ég hef aldrei sagt. Ég hef aldrei sagt það, að öll vandræði útgerðarinnar og hagur hennar, eins og þeim var komið árið 1938, hafi verið einvörðungu vegna þungra skattabyrða. Hv. 1. þm. Eyf. sannaði þetta nú sjálfur með því að slá upp parti af því, sem ég hef sagt, þó að ég telji það ekki nægilegt til þess að afsanna það, sem hann var að halda fram. Það eru þessi þungu brigzl, sem þá sviður undan, að ég hef bent á sögulega staðreynd, að árið 1938 sér ríkisstj. og Alþ. sig tilneytt að veita útgerðarfélögum skattfrelsi vegna þess, að þá var sýnt, að útgerðarfélögin gátu aldrei reist sig við með þeirri skattalöggjöf, sem þá gilti. Þetta, að ég vísaði til sögulegrar staðreyndar í málinu, virðast hv. þm. ekki kunna að meta að verðleikum, þeir þola ekki, að bent sé á ýmsar sögulegar staðreyndir í málum, en grípa til þess ráðs að kalla slíkt brigzl. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að slíku, því er sjálfvísað til föðurhúsanna, sem það hefur vaxið upp í.

Hæstv. viðskmrh. fór hér um það nokkrum orðum, hvað ég hefði lagt til þessara mála. Hann sagði, að ég teldi enn lengra gengið í skattaálögum í þessu frv. en verið hefði í þeirri löggjöf, sem áður hefði gilt, og getur vel verið, að svo sé. Ég hefði ekkert á móti því, að það væru goldnir háir skattar af miklum tekjum, —

ég hef aldrei haft á móti því, að þeir borgi háa skatta, sem verulega geta það. Annars hélt ég ekki, að það þyrfti að vekja svona mikinn óróa hjá framsóknarm., þó að ég gerði aths. við 1. umr. málsins, og ég skal geta þess, að ég er ekki búinn að kynna mér allan skattstigann ennþá og bera hann í öllum atriðum saman við fyrrverandi skattstiga.

Ég kem þá næst að aths. hv. 1. þm. Eyf. um sjóðina. Það, sem ég sagði um þá, er ekki hægt að véfengja eins og ástatt er í dag. Það er ekki hægt að segja um það, hvað verða kann um framboð á hentugum bréfum í framtíðinni, sem þessir sjóðir geta notað. Að síðustu vil ég aðeins segja það, að ég get ekki séð, að það sé neitt athugavert við það, þó að þetta mál sé rætt eins og hvert annað skattamál og minnzt á aðdraganda þess og sögu. Það þýðir ekki að setja það fram, að stuðningsmenn þjóðstj. megi helzt ekki minnast á nokkurn hlut, sem hinum flokknum er óþægilegt að heyra. Ég býst við, að það megi saka mig um það að hafa haldið uppi gagnrýni í þessum málum, en ég get ekki séð, að við það sé neitt að athuga. Annars er það einkennilegt, ef það á að fara að innleiða þá venju hér á hv. Alþ., þegar einhver flokkur eða menn úr einhverjum flokki hafa undirbúið svona mál, að venjulegum þm. sé óheimilt að koma með nokkra gagnrýni um málið. Ég veit ekki, hvernig sá hugsunarháttur ætti að samrýmast því, sem talið er þingræði og lýðræði. Mér skilst, að á bak við orð hv. 1. þm. Eyf. liggi það, að þegar mál eru svona undirbúin, megi þm. ekki, nema þeir séu í opinberri andstöðu við stj., hreyfa neinum mótmælum. Ég get ekki viðurkennt þetta sjónarmið hv. 1. þm. Eyf. (**BSt**: Þetta er ekki hans sjónarmið). Ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi en að þetta væri hans sjónarmið, enda kann að vera, að það sé vilji hans flokks að líta þannig á málið. Ég held, að ekki þurfi að líta langt aftur í sögu til þess að finna, að hans flokkur stóð að því að hækka útgjöld og skatta. Það er bláköld staðreynd, sem að vísu heyrir sögunni til, en það ætti þó að vera leyfilegt að minnast á það. (**BSt**: Hvað gerði okkar fyrsta þing?) Það var margt gert þar, en ég held, að þessi mál, skattamálin, hafi fyrst færzt í aukana, þegar fl. hv. þm. komst í meirihlutaaðstöðu. Það er alveg sama, hvað hv. þm. neitar þessu oft, sögulegum staðreyndum verður ekki hnekkt með þess háttar útúrdúrum.

Atkvgr. frestað um stund.

Forseti (EÁrna): Ég vildi vekja athygli á því, áður en gengið er til atkvæða, að ég hef verið beðinn að hraða þessu máli svo sem kostur er á. Hér hafa verið látin orð falla um að bera fram brtt. um málið til 3. umr., en ég hefði helzt kosið að hafa 3. umr. í kvöld, til þess að þurfa ekki að hafa fund á morgun. Auk þess er von á máli frá Nd., sem mjög þarf að hraða. Ég vil því beina þeim tilmælum til hv. dm., að þeir hafi brtt. sínar tilbúnar fyrir fundinn í kvöld, en hann mun að öllum líkindum hefjast kl. 9.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 202,1 felld með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 202,2 (ný 3. gr.) felld með 11:1 atkv.
— 202,3.a—c felld með 10:2 atkv.
— 199,1.a—b tekin aftur.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 199,2.a tekin aftur.
— 199,2.b.1—2 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, JJós, JJ, PHerm, PZ.
nei: ÁJ, BSt, BSn, IngP, MG, MJ,[1]) SÁÓ,[2]) EÁrna.
BrB greiddi ekki atkv.
2 þm. (ErlÞ, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 199,2.c felld með 9:3 atkv.
— 191 felld með 8:4 atkv.
— 202,4 kom ekki til atkv.
— 202,5 kom ekki til atkv.
— 195 tekin aftur.
— 201 felld með 11:2 atkv.
— 200 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 199,3 tekin aftur.
5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 219, 195, 199,2.a. og 3, 220, 222).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (EÁrna): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. og hv. 5. landsk. við brtt. 199, svo hljóðandi: Við 2.a. Í stað „10 ára“ komi: 2 ára. Verður að veita afbrigði frá þingsköpum, ef brtt. á að mega taka til meðferðar á þessum fundi.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 225) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Eins og ég gat um í dag, þegar ég tók tvær af brtt. mínum aftur til 3. umr., hef ég fellt niður till. mína um, að í stað „skylduómaga“ í frv. komi: ómaga, til þess að till. gengi fremur fram.

Ég skal ekki fara frekar út í þetta, en aðeins geta þess, að ég álít þetta ekki rétt, þótt ég geri það til samkomulags. Ég hef hér lært þá gullnu reglu prestanna, að ef það bezta fæst ekki, þá sé að taka það næstbezta.

Hvað hina till. snertir, þá hef ég breytt henni úr „10 árum“ í tvö ár. Þetta byggist ekki heldur á því, að ég hafi ekki álitið sjálfsagt að festa mat á búfé í 10 ár. Eins og ég hef margtekið fram, er allt annað metið til eignar fast um lengri tíma en búfé og svo kannske verðbréf. Þau geta hækkað, ef mikil sjóðseign hefur

1) **MJ**: Með skírskotun til annarrar brtt. segi ég nei.

2) **SÁÓ**: Þar sem fyrir liggur brtt. frá fjhn., sem fer í sömu átt, segi ég nei.

myndazt á bak við. Allt annað er eins og óbreytt um mörg ár, skip, bátar og húseignir. Maður, sem virti innbú sitt á kr. 2 þús. í fyrra, gerir það eins nú. 1. þm. Reykv. taldi allt öðru máli að gegna með fénaðinn en fasteignir og sagði í því sambandi, að grasið á jörðinni væri alltaf jafnmikils virði. Ég held þetta sé mesta fjarstæða, það er einskis virði, ef ekki er búféð til að breyta því í aðrar afurðir seljanlegar, og kannske sýnir þetta dæmi hv. þm. bezt, hve réttlátt það er eða hitt þá heldur að láta kvikféð ekki vera með sínu matinu hvert árið. En ég hef farið niður í 2 ár til samkomulags og þá sérstaklega vegna þess, að óvíst er, hvort það mat, sem nú yrði sett, yrði ekki vegna „ástandsins" óeðlilega hátt til þess að láta það gilda í 10 ár.

Þá hefur og verið rætt um, að gagngerð endurskoðun á skattalöggjöfinni stæði fyrir dyrum. Þó vill nú enginn fullyrða, hvenær þeirri endurskoðun verður lokið. En það stuðlar samt að því, að ég hef fallizt á að breyta þessu úr 10 árum í 2 ár.

Einn hlut langar mig til að vita nánar um, sem orkað hefur tvímælis undir þessum umræðum, og það er, hvort 12% viðaukinn eigi að falla úr gildi. Ég hefði kunnað bezt við, að það hefði verið samþykkt á þingi, að svo yrði. Mér hefur skilizt, að hæstv. fjmrh. vilji veita því fulltingi sitt, en hins vegar virtist mér á ræðu hv. frsm., að halda ætti þessu gjaldi, en eins og menn vita, er ráðherra í lögum veitt heimild til að innheimta það, en það ekki gert skylt.

Þetta hefur áhrif á afstöðu mína til skattstigans, og þess vegna óska ég að fá um það upplýsingar nú.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég tók einmitt eftir því, að hv. frsm. gekk út frá því, að heimildin til að innheimta 12% viðaukann yrði notuð.

Hann mun byggja á því, að í vor, áður en þessar breyt. voru komnar á rekspöl, var gert ráð fyrir því í orðsendingu, sem ráðun. sendi skattanefndunum um að fara að undirbúa skattaálagninguna. Síðan hefur viðhorfið breytzt, en það er rétt, að þá var gengið út frá þessu.

Ég geng út frá, í sambandi við samkomulag flokkanna, að þessi 12% viðauki falli niður, án þess ég minnist þess sérstaklega, að þetta hafi borið á góma á fundum n. En það má fullyrða, að um þetta atriði er ekki ágreiningur milli mín og hæstv. viðskmrh.

Hins vegar mætti segja, að ástæða væri til að láta sveitar- og bæjarfélög fá eins mikinn hluta stríðsgróðaskattsins og þetta nemur.

*Frsm. (Magnús Jónsson): Það er rétt hjá hv. 1. þm. N.-M., að ég gekk út frá því, að 12% viðaukinn yrði innheimtur á árinu. En það var vegna þess, að þetta var tilkynnt í sjálfu Lögbirtingablaðinu, að hann skyldi innheimta.

Nú heyri ég, að hæstv. ráðh. segir, að það muni ekki verða gert. Um þetta hefur sennilega verið rætt utan funda í n. og mér því verið ókunnugt um það.

Ég skal ekki harma það, þótt 12% viðaukinn verði afnuminn, eins og hag bæjar- og sveitarfélaga er nú komið.

Í sambandi við skrifl. brtt. hv. 1. þm. N.-M. og hv. 5. landsk. viðvíkjandi mati á búfé má segja, að þeir hafi gert allverulegan afslátt á upphaflegu brtt. hv. 1. þm. N.-M. En ég er ekki sammála þeim um að þetta sé það eina, sem nú færist til í mati. Ég veit t. d. um ýmiss konar verðbréf og veðdeildarbréf, að þau hafa hækkað á skömmum tíma úr 75% upp í nafnverð og þar yfir.

Ég er ekki viss um, að allir bændur yrðu glaðir, þótt þessi brtt. næði fram að ganga, enda nefndi hv. fyrri flm. till., að hún væri varasöm, og matið gæti farið út úr eðlilegu samhengi, ef tíminn yrði eins langur og upphaflega var lagt til af honum.

Annars er mér alveg sama, hvernig atkv. falla um þessa brtt. á þskj. 225. Fyrri flm. sagðist sjálfur eiginlega vera á móti henni, en hefði sveigt til vegna áhrifa frá Reykjavíkurandanum, og harma ég það mjög, að hann skuli þannig hafa leiðzt út á lastanna braut.

Þá er það till. hv. þm. Hafnf., sem var tekin aftur við 2. umr. Hv. þm. talaði fyrir henni þá, og býst ég því ekki við, að hann tali fyrir henni nú. Ég er persónulega með þeirri brtt., en ég vil benda á, að n. ber hins vegar fram þá till. um þetta efni, sem samkomulag náðist um, sem þess vegna má telja öruggt, að verði samþ., og er hún á þá leið, að ⅓ í stað ¼ af nýbyggingarsjóði megi vera í bundnum pundum. Tel ég þar hafa nokkuð áunnizt. Þó að ég sé með till. hv. þm. Hafnf., vildi ég þó vera með í að flytja þessa till. til þess að fá þó þessa bót.

Fyrri brtt. n. er aðeins framkvæmdaratriði. Um það hefur verið talað, að nauðsynlegt væri að senda skattan. leiðbeiningar til þess að gera útreikning skattsins auðveldari, en það yrði óendanleg runa, ef ætti að taka upp töflu fyrir hverja einustu krónu. En það má gera hana meðfærilega með því að láta hlaupa á 50 kr. T. d. ef maður hefur 4376 kr. tekjur, þá er það 4350, sem reiknað er um. Þetta munar svo ákaflega litlu á skatti, en er mjög mikið til hægðarauka.

Þá benti hv. 1. þm. N.-M. okkur á það í n., að óhægt gæti verið að reikna með meðalverðvísitölunni, því að hún yrði í langflestum tilfellum brot. Það er óþægilegt að verða alltaf að vinna með þessum brotum. Þess vegna tókum við upp þá brtt., að meðalvísitalan, sem reiknað yrði með, skyldi alltaf vera heil tala, þannig að minna en hálfum væri sleppt, en hálfur eða meira fyllt upp. Þessi till. er aðeins til að gera framkvæmdina auðveldari, og býst ég því ekki við, að hún þurfi að valda ágreiningi.

Það voru ýmsar fleiri till., sem ég hafði í hyggju að bera fram, en ég álít ekki til neins að bera fram aðrar till. en þær, sem samkomulag gat fengizt um milli flokkanna, en það má athuga frv. betur, meðan það er á milli d., því að það þarf ekki að tefja það svo mikið, þó að einhverjar breyt. yrðu gerðar á því í Nd., sem samkomulag væri um og Ed. þyrfti svo aðeins að samþ. formlega.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Það er um brtt. á þskj. 220, sem ég á með hv. 1. þm. N.-M., sem ég vildi segja nokkur orð.

Ég játa það, að Reykjavík er dýrasti staður landsins til að lifa á, og þess vegna er rétt, að persónufrádráttur sé þar meiri en annars staðar. Hins vegar er víða ekki mikill munur á framfærslukostnaði í sveitum og ýmsum kauptúnum landsins, og í ýmsum kauptúnum, þar sem hægt er um mjólkurframleiðslu og gnægð af fiski, er framfærslan jafnvel ódýrari en í sveitum. Það, sem helzt munaði þá á, væri framfærsla barnsins, en í þeim till., sem fyrir liggja, er enginn munur gerður á frádrætti vegna barnsins, heldur er hann alls staðar 600 kr. Till. okkar fer ekki fram á að draga úr persónufrádrættinum á neinum stað, en hins vegar er lagt til, að fólk í sveitum og kauptúnum verði gert jafnt. Mér virðist tæplega geta staðizt að hafa börnin jöfn á báðum stöðunum, en ég tel rétt að hafa fullorðna fólkið jafnt.

Svo er það skriflega till. Ég játa, að ég er ekki hrifinn af henni, þó að ég sé meðflm. að henni, en ég vil fyrirbyggja það, sem skaðlegra er, að miða verðlag búpenings við 10 ár, og vil því ganga inn á tvö ár, því að ég álít ekki skaðlegt að gera það. Ég greiði því atkv. með till., en hvet engan til að gera það. Ég er búinn að segja tilganginn með þessu, að hann er sá að koma í veg fyrir það, sem lakara er, eins og hv. 1. þm. N.-M. sagði áðan. Annars er ég öðruvísi gerður en sá hv. þm. Hann sagðist ekki vilja lifa á bræðingi, en ég hef orðið að gera það og þykir hann sæmilegur, þegar hann er góður, og ég hef ekki átt kost á að lifa á 8 króna smjöri, en þegar ég kom með hann til þessa hv. þm., fannst mér hann kunna prýðilega átið.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Það er út af þessum brtt., sem liggja hér fyrir, aðrar en fjhn., sem ég vildi segja nokkur orð. Fyrst vil ég minnast örfáum orðum á þá brtt., sem var talað um síðast, á þskj. 220. Í sjálfu sér er það ekkert stórmál, hvernig á að haga þessum frádrætti fyrir einstaklinga, og mér finnst, að með henni sé ósamræmið aukið frá því, sem verið hefur í skattamálum á undanförnum árum. Menn geta deilt um það, hvar dýrast sé að lifa, en ég held, að flestir séu sammála um, að í höfuðstaðnum eigi að vera mest frádráttarupphæðin, af því að þar sé dýrast að lifa.

Tillögumenn ætlast til, að sveitir og kaupstaðir séu jöfn. En ef þarna ætti eitthvað að gera í réttlætisáttina, þá væri það það, að sumir þessir kaupstaðir yrðu gerðir jafnir Reykjavík. Það er áreiðanlega ekki miklu ódýrara að lifa t. d. á Siglufirði eða Ísafirði eða jafnvel í Vestmannaeyjum eða Hafnarfirði, sem allir vita, að er rétt hjá Reykjavík. Þessir bæir ættu að vera jafnir Reykjavík með persónufrádrátt. Það vita allir, að það er miklu ódýrara að lifa í sveitum landsins en í kaupstöðum. Við erum ekkert einstakir með þetta. Hjá okkar nágrannaþjóðum er persónufrádrátturinn minni í sveitum og smærri bæjum en í stærri borgum. Ég vil því meina, að þessi till. sé frekar til að skapa ósamræmi en til að eyða því. Hitt er annað mál, hvort þessi upphæð er nægilega há. Ég lít svo á, með tilliti til þeirrar dýrtíðar, sem nú er, að hún mætti vera nokkru hærri, bæði hér í Reykjavík og annars staðar.

Ég mun leiða hjá mér að greiða atkv. um skrifl. brtt. Mér virðist líka, að hv. flm. leggi ekki mikið kapp á hana, þar sem a. m. k. annar þeirra virðist vera á móti henni.

Þá liggur fyrir till., þar sem ætlazt er til, að l. nr. 57 frá 1935 og l. nr. 44 frá 1938 og breyt. á þeim l. frá 1940 verði felld úr gildi. Um þetta var rætt í fjhn., og ég hygg, að n. hafi yfirleitt litið svo á, að réttast væri að bera fram breyt. við þau l., sem þarna eru nefnd, án tillits til þess, hvort þessar till. væru réttmætar. Það er tvímælalaust um l. um iðnfyrirtæki, að það ber að bera fram breyt. við þau l., en ekki við skattal. Um l. nr. 106 frá 1940 verð ég að segja það, að ég tel óþarft að bera fram till. þar að lútandi, því að það er til heimildarákvæði, sem stj. getur notað. Að vísu er það rétt, að þessi heimild er sett sem tekjustofn fyrir bæjarfélag Hafnarfjarðar, því að bærinn missti svo mikið af tekjustofnum sínum, þegar ekki mátti leggja á útgerðina, en ég hygg, að þetta sé ekki nauðsynlegt, því að stj. getur haft þetta í hendi sér. Ég verð því að vera á móti þessari till.

Aðrar brtt. held ég, að liggi ekki fyrir, sem koma til atkv., og get ég því látið máli mínu lokið, því að ég vildi aðeins gera grein fyrir atkv. mínu.

ATKVGR.

Brtt. 220 samþ. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PZ, ÞÞ, BrB, IngP, JJ.

nei: MJ, SÁÓ, ÁJ, BSn, MG.

BSt, JJós, EÁrna greiddu ekki atkv.

2 þm. (ErlÞ, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 225 felld með 7:7 atkv.

— 199,2.a felld með 8:1 atkv.

— 222,a samþ. með 11 shlj. atkv.

— 195 felld með 8:6 atkv.

— 222,b samþ. með 11:1 atkv.

— 199, fyrri hluti, samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BSt, BrB, IngP, JJ, PHerm, PZ, EÁrna.

nei: ÁJ, BSn, JJós, MG, MJ, SÁÓ.

2 þm. (ErlÞ, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 199, síðari hluti, samþ. með 8:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSt, IngP, JJ, MG, MJ, PHerm, EÁrna.

BSn, BrB, JJós greiddu ekki atkv.

2 þm. (ErlÞ, HermJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

*Jóhann Jósefsson: Þegar lokið var 2. umr. þessa þýðingarmikla máls, sem auk þess er svo óvenjulegt, að því er ætlað að verka aftur fyrir sig, hreyfði ég andmælum gegn því, að málinu væri hraðað í gegnum þessa hv. deild, svo sem raun ber vitni um, þar sem 2. og 3. umr. fara fram með afbrigðum á einum og sama degi, en þetta hefði m. a. komið í veg fyrir, að unnt

væri að fá svigrúm til þess að undirbúa á tilhlýðilegan hátt nauðsynlegar till. til breyt., sem til muna gætu dregið úr þeirri hættu, sem ég tel frv. hafa í för með sér fyrir atvinnulífið í landinu.

Með því að ég get ekki sætt mig við þessa málsmeðferð, mun ég sitja hjá við þessa afgreiðslu frv. og greiði ekki atkvæði.

Forseti (EÁrna): Út af aths. hv. þm. Vestm. vil ég taka fram, að þessi 3. umr. málsins hefur farið fram með fullu samþykki þessarar hv. deildar.

Á 41. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 226).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ef það er ekki meiningin að halda neinar framsöguræður fyrr en við 2. umr., eins og vel getur þótt heppilegt, vil ég ekki hefja umræður, en vonast til, að hæstv. forseti verði þá rífur á umræðutíma við 2. umr.

Forseti (JörB): Ég mun hafa það í huga við 2. umr., að þingsköpum verði þá beitt frjálsmannlegar en ella, sakir þess að umr. verða engar að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 226, n. 290, 291, 292, 294, 304, 309, 313).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál., svo og frá útbýtingu brtt. 294, 309 og 313. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti! Þetta frv. er hingað komið frá Ed. og tekið til athugunar í fjhn. N. hefur lagt fram nál. á þskj. 290 og brtt. á þskj. 291.

Eins og nál. ber með sér, þá hefðu einstakir nm. kosið að gera fleiri breyt. á frv., en þar sem frv. er undirbúið af nefnd manna, kosinni úr stjórnarflokkunum, þá var ekki líklegt, að samkomulag næðist um frekari breyt. Þær breyt., sem n. fer fram á, eru ekki stórvægilegar, en ég mun reyna að gera grein fyrir þeim með nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi er brtt. við 2. gr. frv., og má segja, að það séu frekar leiðréttingar. A-liður 1. brtt. er umorðun á síðasta málslið 5. málsgr. í 2. gr. frv. og er um það, að ákvæðin um ráðstöfun á fé varasjóðs nái til félaga, sem njóta eða hafa notið hlunninda vegna framlags í varasjóð. Með þessu er tekið skýrt fram, að jafnskjótt sem félag nýtur hlunninda, þá verði það háð fyrirmælum í 2. gr. um ráðstöfun á fé varasjóðs. Þ. e. a. s., að ráðstafanir, sem félagið hefur gert á fjármunum á því ári, sem það fyrst nýtur hlunninda vegna framlags í varasjóð, þurfi að vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar, ella verði að greiða skatt, ef fé er ráðstafað öðruvísi en heimilt er samkvæmt gr.

Það er tekið fram í síðara hluta 2. gr., að ef félag, sem hefur stofnað varasjóð, ráðstafar fé eins og greint er í a—c-lið, þá falli það til skattgreiðslu, þó ekki hærra en sem nemur varasjóði. N. leggur til, að miðað verði við þá fjárhæð, sem var í varasjóði í lok skattársins.

Næsta brtt. er við 4. gr. og einstaka liði hennar. Fyrsta breyt. er leiðréttíng. N. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé hægt að samþ. þann lið eins og hann kom frá Ed., vegna þess að þá er í sumum tilfellum krafizt hærri skatts af mönnum með lægri tekjum heldur en af öðrum, sem hafa hærri tekjur. Í því er ósamræmi. Þessi leiðrétting er í því fólgin, að í stað „einhleypum gjaldendum“ í 5. málsgr. a-liðs (55. gr.) komi: gjaldendum með sama frádrætti eftir 12. gr., — þ. e. gjaldendum með jafnmiklum persónufrádrætti.

Næsta brtt., sem ég nefni, er við c-lið. (b-liður hefur áður verið skýrður, sem er aðeins orðalagsbreyt., sem n. þótti rétt að gera til að taka af allan vafa.) Í upphafi greinarinnar stendur: „Við ákvörðun tekjuskatts 1941 skal félögum, sem um ræðir í 3. gr. a og b, heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum aðeins ⅝ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940“ o. s. frv. Nú þótti réttara til þess að koma í veg fyrir misskilning um tapsfrádráttinn að bæta við greinina eftirfarandi: „Sé um tapsfrádrátt að ræða samkvæmt heimild 64. gr., skal tapið dregið frá tekjunum áður en varasjóðstillagið er ákveðið.“ Hér er dæmi um framkvæmd á þessu. Ef t. d. útgerðarfélag hefur 600 þús. kr. hreinar tekjur árið 1940. Tap þess, að frádregnum gróða á árunum 1931—1939 er samtals 200 þús. kr. Samkv. rekstrarreikningum og skattaframtali fyrir þau ár, sbr. þó a-lið 64. gr., þá ætti tapið, sem ákveðið er eftir rekstrarreikningi og skattaframtali, að dragast frá hreinum tekjum áður en ákveðið er framlag í varasjóð. Þá eru eftir 400 þús. kr. Ef félagið leggur alla þá upphæð í varasjóð, er helmingur hennar undanþeginn tekjuskatti, en skattur reiknast af 200 þús. kr. Síðan skal tapsfrádrátturinn, 200 þús. kr., teljast til varasjóðs auk þeirra 400 þús. kr., sem lagðar eru í sjóðinn samkv. framansögðu.

Ég get í sambandi við þetta getið þess, að samkvæmt fyrirmælum frv. um tapsfrádrátt, þá er hann takmarkaður við, að eigi verði afskrifað meira á árunum 1931—1939 af verði togara en svo, að þeir verði bókfærðir á 150 þús. kr. í árslok 1939, og önnur skip í hlutfalli við það.

Þá er enn fremur ákveðið svo um tapsfrádráttinn, að þær tekjur, sem hans vegna eru undanskildar skatti og teljast til varasjóðs, megi aðeins nota til að mæta rekstrarhalla, ef aðrar eignir hrökkva ekki til að greiða hann.

Er svo ákveðið, að sé nokkru af þessum tapsfrádrætti varið til annars, þá skuli greiða tekjuskatt af ⅝ þeirrar fjárhæðar, sem þannig er varið, jafnan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af þeirri upphæð, þegar hún var lögð fyr-

ir, ef hún hefði ekki verið undanþegin tekjuskatti.

Næsti liður brtt. er um það að gera nokkru rýmri heimild þeirra fyrirtækja, sem leggja fé í nýbyggingarsjóð, til þess að nota innistæður á biðreikningum sterlingspunda, sbr. síðari málsgr. d-liðs. Vill n. mæla með því, að viðkomandi þeim útgerðarfyrirtækjum, sem engan tapsfrádrátt hafa, sé ákvæðið þannig, að þau megi nota innistæður á biðreikningum í sterlingspundum til að greiða allt að ⅝ hluta af innistæðu nýbyggingarsjóða. En önnur, sem hafa tapsfrádrátt, mega nota aðeins ⅛ hluta, eins og gert er ráð fyrir í frv. N. færir þá ástæðu fyrir því að gera þennan mismun á þeim, sem njóta tapsfrádráttar, og hinum, sem ekki njóta hans, að yfirleitt yrði nýbyggingarsjóðstillagið hærra hjá þeim fyrirtækjum, sem ekki njóta tapsfrádráttar. Það verður hlutfallslega meiri hlutinn af hreinum tekjum þeirra síðastl. ár, sem þau verða að leggja fram í þennan sjóð. T. d. má benda á það, að fyrirtæki, sem hefur 200 þús. kr. í tapsfrádrátt, kemst af með að leggja í nýbyggingarsjóð 80 þús. kr. minna heldur en annað fyrirtæki með sömu hreinar tekjur, sem engan tapsfrádrátt hefur, vegna þess, eins og ég gat um áður, að tapið er dregið frá hreinum tekjum, áður en varasjóðsframlagið og þar með nýbyggingarsjóðsframlagið er ákveðið. En eins og fram kemur í frv., eru möguleikar til þess fyrir þá n., sem hefur eftirlit með nýbyggingum, að veita þessum félögum rýmri heimild til að nota innistæður á biðreikningum til framlaga til nýbyggingarsjóðs, ef félögin sýna, að þau hafi notað svo mikið af fé sínu síðastliðið ár til þess að greiða skuldir, að þau geti ekki lagt fé til nýbyggingarsjóðs á annan hátt en að nota þessar innistæður.

Næst er e-liður. Um hann er það sama að segja eins og c-liðinn, að þar er aðeins um orðabreytingu á upphafi 64. gr. að ræða, en breytir engu um efni hennar.

Þá er loks 3. brtt. við 5. gr. Hv. Ed. gerði þá breytingu á frv., að auk þess, sem ákveðið er, að um leið og þessi l. eru sett, falli úr gildi l. nr. 49 frá 12. febrúar 1940, um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja, skuli einnig falla úr gildi l. nr. 57 frá 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir nýiðn- og iðjufyrirtæki, og sömuleiðis l. frá 1938, sem breytt var 1940, um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Fjhn. leggur að sjálfsögðu til, að l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja séu úr gildi numin og sömuleiðis l. um iðjufyrirtæki. Hins vegar vildi meiri hl. fjhn. láta l. um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað gilda áfram. Ég hefði nú talið eðlilegast, að þessi gr. hefði verið samþ. eins og hún kom hér frá hv. Ed. Þessi l. um tekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað voru sett á þeim árum, sem togaraútgerðarfyrirtækin voru undanþegin útsvarsgreiðslu og skattgreiðslu. En þar sem útgerðin er aðalatvinnuvegur Hafnarfjarðar, var þetta mjög tilfinnanlegt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að hætta að leggja útsvar á útgerðarfyrirtækin, og fékk kaupstaðurinn þessar tekjur í staðinn. Nú hefur hins vegar orðið sú breyt. á, að útgerðarfyrirtækin þar sem annars staðar greiða skatt og útsvar, og má segja, að þessi l. séu þar með óþörf. Ég hef talið eðlilegast, og eins mun hafa verið með hv. 1. þm. Rang., sem einnig á sæti í fjhn., að þessi l. yrðu felld úr gildi, þó að við höfum ekki gert ágreining um það ákvæði við meiri hl. fjhn., sem óskaði þess mjög ákveðið, að þessi l. fengju að gilda áfram.

Eins og ég gat um áður, er vikið að því í nál., að einstakir nm. hefðu kosið að gera breyt. á þessu frv., þó að þeir hafi ekki flutt brtt. um það, þar sem ekki var hægt að búast við samkomulagi um verulegar breyt. á frv. frá því, sem nú er. Í nál. hafa einstakir nm. gert grein fyrir, hver afstaða þeirra er í þessum málum, og ég býst við, að einstakir nm. ræði eitthvað um þetta nú við þessa umr. Eins og kemur fram í nál., vildum við tveir af nm., ég og hv. 1. þm. Rang., gera þá breytingu á frv., að hætt yrði að draga tekjuskatt og útsvar frá tekjum við ákvörðun skattskyldra tekna, en skattstiginn lækkaður sem því svaraði. Till. um þetta voru lagðar fyrir mþn. í skatta- og tollamálum af fulltrúum Framsfl., og auk þess var þetta nokkuð rætt í þeirri n., sem undirbjó þetta frv. af hálfu þingfl. Eins og vikið er að í nál., hafa hinir stjfl. ekki fengizt til þess að samþ. þessa breyt., a. m. k. ekki enn. Sáum við því ekki, að það mundi hafa þýðingu að leggja fram brtt., sem gengju í þessa átt.

Eins og vikið hefur verið að í nál., þá er það svo með þær reglur, sem nú gilda, að hafa skattstigann háan, en leyfa skattgreiðendum að draga frá tekjum þá skatta og útsvör, sem þeir greiða, að samkv. þeim verða þeir skattgreiðendur, sem hafa ójafnar tekjur frá ári til árs, verr úti í skattgreiðslu heldur en þeir, sem hafa stöðugar og jafnar tekjur. Þetta teljum við óeðlilegt eins og hér er háttað, að skattal. krefjist þyngri fórna af þeim, sem hafa óvissar og ójafnar tekjur. Og þess vegna mun Framsfl. gera tilraun til þess að koma þessari breyt. á síðar, fyrst ekki gat orðið samkomulag um það nú að breyta þessum ákvæðum frv.

Þá skal ég geta þess, að nm. eru ekki sammála um það, hve mikinn mun eigi að gera á útgerðarfélögum og öðrum fyrirtækjum að því er snertir varasjóðshlunnindin. Að undanförnu hefur verið í l., að hlutafélög mættu draga frá tekjum sínum helming þeirrar fjárhæðar, sem þau leggja í varasjóð. Þannig er það enn í frv., sem hér liggur fyrir. Við hefðum sumir nm. viljað breyta þessu á þann veg, að útgerðarfélög hefðu eftir sem áður heimild til þess að draga frá helming þeirrar fjárhæðar, sem þau leggja í varasjóð, en aftur væri þetta takmarkað við ⅓ hjá öðrum félögum, sem hefðu hættuminni rekstur. Um þetta var ekki samkomulag. Hins vegar náðist samkomulag um það, að varasjóðshlunnindi þeirra félaga, sem ekki stunda sjávarútveg fyrst og fremst, skyldi þó takmarka nokkuð á þessu ári, þ. e. a. s. að því er snertir tekjur síðastl. árs, þannig að við ákvörðun tekjuskatts nú af tekjum ársins 1940 skyldu félög önnur en útgerðarfélög aðeins fá að draga frá tekjunum ⅝ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940.

Eins og fram kemur í nál., var það samróma álit nm., að gera ætti mun á útgerðarfélögum og öðrum í þessu efni. En hins vegar voru nokkuð skiptar skoðanir um það, hvað munurinn ætti að vera mikill og hvað mikinn hluta af varasjóðsframlaginu hvert einstakt félag eða hver einstök atvinnugrein ætti að hafa skattfrjálsan.

Nú hafa verið bornar hér fram af einstökum þm. nokkrar brtt. Tvær af þeim snerta 3. gr., þ. e. a. s. persónufrádráttinn. Í hv. Ed. var þessi 3. gr. ákveðin þannig, að þetta er aðeins flokkað í tvennt, þ. e. a. s. sérstakt ákvæði fyrir Reykjavík og svo annað fyrir aðra staði á landinu. Ég er samþ. því, að þetta verði afgr. eins og það kom frá hv. Ed. Hins vegar hefur einn af nm. fjhn., hv. þm. Seyðf., flutt hér brtt. um að skipta þessu í þrennt, þ. e. a. s. að í 1. fl. yrði Reykjavík, 2. fl. kaupstaðir og kauptún, sem hefðu yfir þrjú hundruð íbúa, og loks yrðu í þriðja lagi aðrir staðir á landinu, þar sem persónufrádráttur væri lægri heldur en í kaupstöðum og kauptúnum. Hæstv. viðskmrh. er meðflm. hv. þm. Seyðf. að þessari till. Svo hafa þrír nm. fjhn. lagt fram brtt. á þskj. 313, um það, að persónufrádrátturinn skuli vera hinn sami hvar sem er á landinu, og geri ég ráð fyrir, að þeir geri grein fyrir sínum brtt. En ég er ósamþykkur báðum þessum brtt., en mun greiða atkvæði með því, að 3. gr. verði samþ. óbreytt eins og hún er nú í frv.

Loks vil ég geta um brtt., sem hv. þm. A.-Húnv. og hv. 3. landsk. flytja á þskj. 294, við 2. gr. og 4. gr. frv. Ég geri ráð fyrir, að ég geti fallizt á fyrri brtt. þeirra, þó með nokkurri breyt. og leiðréttingu, því að það er prentvilla í brtt. Ég skal taka það fram, að það, sem ég sagði um þessar brtt., er aðeins frá mér einum, því að ég veit ekki skoðun annarra nm. á þeim. Ég geri ráð fyrir, að frsm. þeirra brtt. geri grein fyrir þeim, og sé ég ekki ástæðu til að svo stöddu að ræða meir um þær.

Ein brtt. er enn, sem fram hefur komið á þskj. 304 frá hv. 6. landsk. Er hann því mótfallinn, að l. um iðju- og iðnfyrirtæki verði úr gildi numin. En eins og ég gat um áðan, vill fjhn. láta það ákvæði standa, að þau l. verði úr gildi felld.

Ég sé ekki ástæðu til, nema tilefni gefist, að fara fleiri orðum um þetta mál, en vísa til nál. á þskj. 209.

Jón Pálmason: Það er kunnugt mál, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er árangur af samningsumleitunum og miklum undirbúningi. Það hefur starfað mþn. í skatta- og tollamálum nú í 2—3 ár. Og mun það hafa farið svo, að það hefur orðið heldur lítill árangur af því starfi í þá átt að koma þessu frv. saman, sem hér liggur fyrir. Svo var það nokkru eftir að þing var byrjað, að hæstv. ríkisstj. tók málið í sínar hendur, og hefur í nokkrar vikur verið unnið að því ásamt nokkrum mönnum, sem til þess voru valdir að semja um þetta stórmál, því þetta er vitanlega eitt stærsta málið, sem fyrir þingið hefur verið lagt.

Eftir að hafa farið gegnum frv. í fjhn., virðist mér það koma fram, að það sé svipað eins og kvæði, sem margir aðilar hafa lagt tíma í að hnoða saman og hver hefur lagt til sína hendinguna eða erindið. Og þar sem sumir kunna að yrkja, en sumir ekki, mundi skáldskapur á slíku kvæði ekki verða neitt sérstaklega glæsilegur. En sá er munur á þessu frv. og því kvæði, að hér er hendingum kræft saman, svo að ekki er gott um að losa. Og menn segja hver um sig: Ef minni hendingu verður raskað, þá breyti ég þinni hendingu, og á þann hátt hefur þetta bundið hvað annað. Afstaða fjhn. þessarar d., sem hefur fengið þetta mál til meðferðar, hefur því verið næsta erfið til þess að koma fram nokkrum verulegum eða stórum breyt. á þessu frv. Og brtt. n. bera líka vott um það, því að meira og minna af þeim eru aðeins orðabreyt. til þess að fá því slegið föstu, að það, sem við er átt, sé orðað þannig, að þar sé ekkert um að villast, heldur en að það sé um stórfelldar efnisbreytingar að ræða. Ég hef í nál. að nokkru leyti sérstöðu í einstökum atriðum málsins, og annar hv. nm., 3. landsk. Skal ég ofurlítið nánar skýra, í hverju sá ágreiningur liggur, þó að hann komi ekki fram á aðalatriðum frv.

Ég er þannig sinnaður, að þegar af hálfu ríkisvaldsins á með l. að bæta aðstöðu almennings frá því, sem verið hefur, þá gleðst ég yfir því, og er ég fús að fylgja slíkum ráðstöfunum. Og hvað þetta frv. snertir, þá er hægt að segja því það til góðs, að í því felst talsvert mikil skattalækkun í landinu frá því, sem verið hefur. Ágreiningur minn snertir því ekki það, sem að almenningi snýr, heldur að þeirri sérstöku hlið, sem hér hefur mest verið um deilt og veldur mestum ágreiningi, og það er sá liður þessa máls, sem að útgerðinni veit. Þar er að því leyti farið öfugt að við það, sem gildir um allan almenning, í stórfelldri aukningu á greiðslum fram yfir það, sem núgildandi l. gera ráð fyrir.

Það er kunnugt álit manna hér á landi, að útgerðin, og þá sérstaklega stórútgerðin, væri svo sterkur atvinnuvegur, að óhætt væri að hlaða á þann atvinnuveg gjöldum áframhaldandi, nær án takmarka. En það hefur komið í ljós á undanförnum árum fram að árinu 1938, að búið var að hlaða á þann atvinnuveg gjöldum og gera aðstöðu hans að öðru leyti svo örðuga, að hann var kominn í fullkomin vandræði. Það er ákaflega raunalegt, þegar það kemur fyrir, að annar aðalatvinnuvegur landsins, sem hér er útgerðin, er þannig með farinn, að það verður óaðgengilegra að stunda hann en önnur störf. Og það er óviðkunnanlegt að þurfa að grípa til þess, sem gripið var til 1938, að gera stórfelldar ívilnanir um skattgreiðslu útgerðarinnar fram yfir það, sem gildir um aðra þegna þjóðfélagsins. Nú var þessi undanþága um skattgreiðslu einu sinni veitt, og álít ég þá, að hæstv. Alþ. eigi að standa við það, sem það hefur lofað útgerðinni, þangað til þeim tilgangi hefur verið náð, sem fólst í þessum ívilnunum. Ég tel það fullkomin þingsvik, ef ekki er staðið við gefin loforð. Fyrsta loforðið, sem felst í l. frá 1938, var það, að útgerðarfélög mættu draga frá tekjum sínum, áður en skattur er á þær

lagður, það tap, sem orðið hefur á rekstrinum frá því 1931. Þetta loforð er viðurkennt í frv. og ætti ekki að koma til neinnar þrætu framvegis. Nokkuð hefur á því bólað, að menn hafa talið vafasamt, hvort ætti að halda það, þegar hægt er að komast hjá því.

Í öðru lagi er ákveðið í þessum l., að heimilt skuli bæjar- og sveitarstjórnum að undanþiggja þessi félög útsvarsgreiðslum að öllu eða nokkru leyti. Var nokkuð um það rætt á síðasta þingi, hvort afnema skyldi þetta, og yrði ekki sagt, að um væri að ræða neina brigðmælgi af hálfu löggjafarvaldsins, þó að sú heimild félli niður þetta ár. Í l. frá 1940 er útgerðarfélögum íslenzkra botnvörpuskipa heimilað að draga frá skattskyldum tekjum sínum 90% af því, sem þau leggja í varasjóð, en í frv. því, er hér liggur fyrir, er þessu breytt þannig, að þau mega aðeins draga frá 50% af því, sem þau leggja í varasjóð af tekjum sínum árið 1940. Útgerðin hefur grætt mikið upp á síðkastið, svo að hér er um miklar upphæðir að ræða. Við hv. 3. landsk. teljum því líka eðlilegt, að nokkur stríðsgróðaskattur sé lagður á þessi félög. En hitt, að taka félögin þegar undir almennan tekjuskatt, mundi skapa varhugavert fordæmi, sem er nýtt í þingsögu vorri, því að fráleitt er að afnema l. og láta það afnám verka aftur fyrir sig.

Þá er það, sem hv. frsm. veik að, að sanngjarnt væri að gera meiri mun á útgerðarfélögum og öðrum félögum, sem reka millilíðastarfsemi og leggja fé í varasjóð. Ég fór fram á, að útgerðarfélögin mættu draga frá ⅜ af því, sem þau leggja í varasjóð, í stað þess, að hin mega draga frá ⅝, en aðrir hv. nm. vilja færa hin fél. lengra niður og láta útgerðarfél. standa þar, sem þau eru. Það kann að virðast undarlegt, að ég, sem er bændafulltrúi, skuli vilja ganga lengra en aðrir í því að undanþiggja útgerðina skatti fyrir síðastl. ár, en ástæðan er sú, að ég álít mikla nauðsyn á því, að aðalatvinnuvegur þjóðarinnar bindi gróða sinn sem mest í tryggingarsjóðum. Þó að gróði hafi orðið mikill árið 1940, getur farið svo, að hann verði allur upp étinn, þegar stríðinu er lokið, hvað þá í kreppu þeirri, sem hlýtur að koma eftir stríðið.

Þá vil ég víkja að nokkrum till., sem fela í sér efnisbreytingar á frv. og hv. frsm. fór ekki nógu ýtarlega út í. Fyrst er sú till., sem breytir frv. um það, hve mikla upphæð útgerðarfélög megi eiga á biðreikningi í sterlingspundum. Till. n. var sú, að þetta væri fært upp í 60%, og féllst ég á það, en ég tek þó fram, að ég er óánægður með þetta. Hv. frsm. veik ekki að þessu, en ég vil taka það skýrt fram, að ef ekki fást frekari breyt. í þessu efni, mun ég biðja hæstv. fjmrh. að taka málið til athugunar, ef það mætti hafa áhrif um það, að þau félög, sem leggja mest af mörkum, fái að hafa talsvert meira á biðreikningi en þetta. Þetta gildir einnig um ný félög, sem verða að borga mikið af skuldum, verða að hafa mikið af reiðufé og leggja mikið í nýbyggingarsjóð.

Þá er önnur till., sem hv. frsm. veik að. Við höfum fallizt á litla breytingu á þeirri till., en hún fer fram á, að það, sem útgerðarfélög áttu í varasjóði skv. efnahagsreikningi 31. des. 1939, sé ekki bundið þeim böndum, er felast í a- og c-lið 2. gr. Er það undarlegt, ef hv. þm. geta ekki samþ. svo sanngjarna till. Væntanlega má því gera ráð fyrir, að till. nái samþykki, úr því að hv. frsm. hefur fallizt á hana, með lítilli breytingu.

Þá er till. okkar til breyt. á 4. gr., þar sem talað er um félög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur. Við viljum, að þar með sé talin vinnsla á útgerðarvörum. Þetta getur haft mikla þýðingu. Stundum getur það orkað tvímælis, hvort aðalatvinnureksturinn sé útgerð eða vinnsla á útgerðarvörum. Okkur hv. 3. landsk. finnst eðlilegt, að starfsemi, sem er svo nauðsynleg sem vinnsla síldar og niðursuða fiskjar, sæti sömu kjörum og hrein útgerð.

Ég fer ekki að þessu sinni út í persónufrádráttinn. Ég geri ráð fyrir, að hv. form. fjhn. mæli með þeirri till., sem ég er meðflm. að, að færa persónufrádráttinn í sveitum hærra en nú er.

Þá er það atriði, hvort skattar og útsvör skuli dregin frá tekjunum við ákvörðun skattskyldra tekna. Í nál. er getið um þau rök þeirra fyrir þessu, að það mundi verða til að lækka skatta á þeim, sem hafa ójafnar tekjur. Ég held, að ekkert sé hægt að fullyrða um það, því að þetta færi eftir atvikum, sem ekki er hægt að sjá fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Það mun vera að miklu leyti ráðið, hvernig afgreiðsla málsins á að verða, þó að vafi leiki á um einstakar brtt. Vænti ég þess, að hæstv. forseti sjái svo um, að sem flestir hv. þm. verði viðstaddir, er afgreiðsla fer fram.

***Haraldur Guðmundsson:** Um afstöðu okkar Alþfl.-manna til þessa máls skal ég vísa til ræðu, sem hæstv. félmrh. flutti við 1. umr. í Ed., og get ég látið það nægja af minni hálfu og míns flokks um aðalatriði frv.

Það er rétt, að þetta mál hefur verið býsna lengi í burðarliðnum, eins og hv. þm. V.-Húnv. sagði, að vísu með öðrum orðum. Það er líka rétt, að það ber þess merki, að menn með ólíkar skoðanir hafa unnið að því. Þess er ekki að dyljast, að hefði Alþfl. ráðið meiru, hefði frv. orðið öðruvísi en það er nú. Þó hefur flokkurinn talið, að svo sem nú er ástatt hér á landi, hafi svo langt verið gengið til móts við hann, að við megi hlíta. Hv. þm. A.-Húnv. sagði það mikinn kost á frv., að skattur hefði verið mikið lækkaður á mönnum með lágar tekjur og miðlungstekjur. Þetta er rétt. Er um verulega skattalækkun að ræða fyrir þessa menn, og er það í samræmi við mína skoðun og míns flokks, að slík lækkun sé gerð. Þessi lækkun er þó ekki meiri en svo, að skattstiginn samkvæmt frv. er nokkru hærri, þegar kemur upp fyrir 7000—8000 kr., en í skattal. frá 1935. Það var nauðsynlegt á árunum 1936—1939 að auka við þennan grunnskatt vegna erfiðleika, sem þá voru, og vegna þess, að skattur kom þá ekki frá útgerðinni, en lækkunin nú er bein afleiðing þeirra breytinga, er orðið hafa á hag þessa atvinnurekstrar á síðasta ári.

Önnur ummæli í ræðu hv. þm. A.-Húnv. voru þau, að menn hefðu lengi haft þá röngu skoðun, að óhætt væri að hlaða sköttum á stórútgerðina, enda hefði hún verið að sligast undan þessum álögum á síðari árum. Og mér skildist hann vilja halda því fram, að erfið afkoma útgerðarinnar árin 1938—1940 væri að verulegu leyti að kenna þessari harðdrægni í skattamálum. Ég hef áður heyrt þessu haldið fram, og því vil ég gera nokkra grein fyrir því, hve þetta er fjarri sanni, að minnsta kosti að því er snertir árin 1934—1938.

10 togarafyrirtæki hér í borginni hafa á þessum fimm árum greitt tekju- og eignarskatt og útsvar sem hér segir: Í tekju- og eignarskatt greiddu þau kr. 2235.10 og í útsvar kr. 320200.00. Ég leyfi mér að spyrja, hvort nokkur maður geti haldið því fram í alvöru, að það sé skattakúgunin á þessum árum, sem valdið hafi þeim erfiðleikum, er óneitanlega voru miklir árin 1938—1940. Skattar hafa í rauninni engir verið, og útsvör hafa numið liðlega 320 þús. kr., eða um 65 þús. kr. á ári, það er 6500 kr. á hvert félagið á ári. Mér þykir rétt að benda á þessar staðreyndir vegna síendurtekinna staðhæfinga um skattakúgunarvaldið.

Útgerðin var illa komin árið 1938, ekki vegna skattanna, þó að rétt sé að geta þess, að á útgerðinni hvíldu einnig önnur gjöld, svo sem útflutningsgjald af síldarafurðum og innflutningsgjald af kolum og salti, sem síðan hefur verið létt af smám saman. Orsakir örðugleikanna voru aflabrestur, markaðsbrestur og verðlækkun. Um þetta leyti fór saman lítill afli og óminnilega lágt verð, og var það aðalástæðan til hinnar þröngu afkomu útgerðarinar á því tímabili.

Þá sagði hv. þm., að Alþ. bæri að standa við gefin loforð, **og skal ekki úr því** dregið, en hann segir, að með ákvæðinni breyt. á l., sem hann mælir þó með, eins og ég geri, án þess að vera þó heldur ánægður með hana, sé verið að rifta loforðum við ákveðna menn í þjóðfélaginu. Ég er ekki sammála honum um þetta, enda mundi ég ekki fylgja þessu frv., ef svo væri. Þegar l. um skattfrelsi útgerðarfyrirtækjanna voru sett, var afkoma þeirra svo ólík því, sem nú er, að ekki var sambærilegt. Tilgangur l. var að gera útgerðinni kleift að komast á réttan kjöl. Orkar það ekki tvímælis, að þessi var tilgangurinn. Og þetta hefur nú verið efnt. En engan mann óraði þó fyrir því, að annar eins stórgróði bærist útgerðinni í hendur og orðið hefur á síðast liðnu ári. Ég skil ekki rök hv. þm. fyrir því, að eðlismunur sé á því, hvort breytt er einum eða öðrum lið af þremur í skattfrelsisl. frá 1940. Ívilnanirnar, sem ákveðnar voru í þessum l., voru þessar: 1) heitið var tapsfrádrætti, þannig að árin 1938—42 skyldi heimilt að draga frá skattskyldum tekjum allt tap, sem orðið hafði á rekstri félaganna eftir 1. jan. 1931 til þess tíma, er tapið væri að fullu greitt. [Hér virðist vanta í handr. skrifarans.] Það er ekki aðeins, að sveitar- og bæjarfélögum hafi verið heimilað að leggja ekki útsvar á útgerðarfélögin, heldur var þeim beinlínis bannað að leggja á þau meira útsvar heldur en 1938, sem var þá 40 þús. til 50 þús. kr. á öll slík fyrirtæki hér í bænum.

Þá er ákvæðið um 90% af nettótekjum þessara félaga, að sá hluti teknanna komi til frádráttar og verði ekki skattskyldur. Þessu loforði telur hv. þm. hafa verið rift að ⅘ hlutum. En þessi ákvæði eru öll felld úr gildi og önnur ný sett í staðinn. Þau eru felld úr gildi vegna þess, að sú undirstaða, sem þau voru byggð á, er ekki lengur fyrir hendi, og l. þau því ástæðulaus. Hitt væri hin freklegustu rangindi gagnvart öðrum skattgreiðendum í landinu, að láta fyrirtæki þessi, sem mest hafa grætt nú upp á síðkastið, sleppa léttar við skattgreiðslu heldur en aðra.

Hv. þm. sagði enn fremur, að hann hefði hins vegar talið eðlilegt, að þrátt fyrir það þótt skattfrelsisl. hefðu haldizt, þá hefði verið lagður stríðsgróðaskattur á þessi fyrirtæki. Hvaða mismunur er nú á því, hvort skatturinn er kallaður stríðsgróðaskattur eða einhverju öðru nafni, sé sama upphæð tekin af fyrirtækinu í skatt með stríðsgróðaskattinum, eins og nú er gert ráð fyrir að tekið verði með tekju- og eignarskattinum? Þar er í raun og veru enginn efnislegur mismunur á.

Það má gera ráð fyrir, að svo fari nú sem oft fyrr, að svipull verði sjávargróðinn, og ekki er séð, hve lengi þessi gróði stendur. Af þeirri ástæðu legg ég ríka áherzlu á það, að l. þessi séu látin ná til tekna ársins 1940, því að þá hefur skapazt meiri gróði á einu ári á þessu landi heldur en þekkzt hefur í sögunni nokkru sinni fyrr. Og kúfurinn hefur ekki enn verið tekinn til hins opinbera af þeim gróða, sem ekki hefur á neinn hátt orðið til fyrir dugnað, árvekni, atorku eða sparsemi eða neitt slíkt af hálfu þeirra manna, sem unnið hafa að þessum atvinnuvegi, heldur hefur þessi gróði hreint og beint komið vegna styrjaldarinnar. Einmitt vegna þess, hve óvíst er með framtíðina, er það skylda Alþ. að sjá um, að það opinbera fái sinn skerf af tekjum þessum frá árinu 1940, því að ekki er víst, hvað framtíðin ber í skauti sínu í þessum efnum.

Ég hef vikið hér nokkuð almennt að efni frv., af því að ummæli hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) gáfu tilefni til þess, og vænti ég, að hæstv. forseti geti fallizt á, að ekkert sé við það að athuga, þar sem ekkert var rætt um málið við 1. umr.

Þá skal ég víkja að ummælum hv. þm. V.-Húnv. Hann lét þess getið, að hann og Framsfl. hafi hreyft því við umr., að sú breyt. yrði gerð á skattal., að hætt yrði að draga frá skatt síðastl. árs við ákvörðun skattskyldra tekna, en skattstiginn lækkaður. Hann taldi, að þetta væri bæði eðlilegri aðferð við skattálagningu og sanngjarnari heldur en eftir núgildandi l., því að með þessu væri tryggt, að fyrirtæki, sem hefðu misjafnar tekjur frá ári til árs, yrðu ekki harðar úti heldur en önnur fyrirtæki með jafnar tekjur árlega yfir lengri tíma, og miðað við, að bæði fyrirtækin hafi jafnar tekjur að meðaltali á ári yfir mörg ár til samans. Ég skal viðurkenna, að eins og skattal. eru nú, þá getur það komið fyrir, að fyrirtæki verði mismunandi hart úti í skattálögum eftir því, hvort þau hafa mis-

munandi tekjur frá ári til árs eða jafnar. En það er ekki rétt að segja það skilyrðislaust, að félag með ójafnar tekjur verði harðar úti en hitt með jöfnu tekjurnar, því að það er nokkuð undir því komið, hvernig góðu og vondu árin skiptast á. Ef tvö góðæri koma í röð, þannig að síðara árið komi til greina til frádráttar tekjuskattur og útsvar frá árinu á undan, þá er ekki víst, að það fyrirtæki verði harðar úti það árið heldur en fyrirtæki, sem hefur jafnháar tekjur árlega yfir lengri tíma. Ég játa samt, að ýmislegt mælir með því, að þessi breyt. verði upp tekin. Og meginhugsun hennar er ég samþykkur, því, að gera ráðstafanir til þess að tryggja, að fyrirtæki verði ekki harðar úti vegna þess að það rekur stopulan atvinnurekstur með misjöfnum tekjum frá ári til árs. En ég tel ekki, að það hafi verið rétt að breyta þessu á þessu ári, eins og á stendur, vegna þess að nú stendur svo á, að til skatts koma tekjur ársins 1940, sem eru gevsiháar. En á árinu 1940 hefur svo að segja ekkert af þeim fyrirtækjum, sem hæstar tekjur hefur haft á því ári, greitt neitt útsvar. Fyrir þessi fyrirtæki öll mundi þessi breyt. verka sem hrein og bein skattalækkun á þessu ári. Og ég hef enga ástæðu getað séð til þess, að svo verði hagað skattálagningu, allra sízt nú, eins og árferðið er. Og ef þessi regla verður tekin upp, að draga ekki frá skatt og útsvar síðasta árs, áður en skattskyldar tekjur eru ákveðnar, þá mun verða að gera einhverjar ráðstafanir um innheimtu skattsins. Það mun vera álitið, að ákvæðin um frádráttinn sé verulegt aðhald um greiðslu á skatti og útsvari. Ef á að breyta þessu atriði í l., verður að setja einhvers konar tryggingu í staðinn fyrir þetta aðhald, sem tryggi innheimtu þessara gjalda.

Ég er einnig sammála hv. þm. V.-Húnv., er hann talaði um varasjóðstillagið, og væri ástæða til að gera meiri greinarmun á fyrirtækjum í sambandi við það heldur en nú er gert, ef það væri tryggt, að hlutafélög væru eitthvað meira en nafnið tómt. En ég hygg, að mikill meiri hl. af þeim hlutafélögum, sem myndazt hafa síðasta áratug, séu ekki hlutafélög nema að nafninu til. En með l. er hlutafélögum veitt alveg sérstök aðstaða að því er skattálagningu snertir, og ástæðan fyrir því er sú, að í hlutafélögum er fé bundið til að nota það í ákveðnu augnamiði. En ef það er notað til eigin þarfa manna, fellur það undir skattskyldar tekjur.

Vil ég svo víkja að brtt., sem fyrir liggja og mér þykir ástæða til að minnast á. Um brtt. n. hef ég engu við það að bæta, sem hv. frsm. tók fram, öðru en því, að fylgi mitt við brtt. 2.c. á þskj. 291, um umorðun á c-lið (57. gr.), er að sjálfsögðu bundið við það, að ekki nái samþ. brtt., sem ég flyt á þskj. 292. Ég vænti þess, að hæstv. forseti beri upp brtt. á þskj. 292 fyrst, því að ef hún nær ekki fram að ganga, mun ég greiða atkv. með brtt. á þskj. 291.

Um brtt. mína get ég verið stuttorður. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir því, að tapsfrádráttur fyrir árin 1931 til 1939 sé takmarkaður við það, sem hér segir:

Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá við ákvörðun skattskyldra tekna árið 1940 töp, sem orðið hafa á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939, samkv. eftirfarandi reglum: Tap, sem orðið hefur árin 1938 og 1939, má draga frá að fullu, en auk þess er útgerðarfélögunum heimilt að draga frá töp, sem orðið hafa á árunum 1931—1937, að báðum meðtöldum, þar til eigi hvíla hærri skuldir en svarar til 150000 kr. á hverjum togara og tilsvarandi fyrir önnur skip, samkv. nánari reglum, sem setja skal með reglugerð, og til matsverðs til eignarskatts samkv. 19. gr. laganna hvað snertir aðrar eignir fyrirtækjanna.

Þetta er í samræmi við það, sem ég hélt áður fram fyrr í ræðu minni, að væri megintilgangur skattfrvilnanal. frá 1938, sem sé að útgerðarfyrirtækin kæmust á réttan kjöl. Það var skylt að afstýra því, að útgerðin kæmist í voða, og það hefur verið gert. En umfram það, sem gert var í því efni, og umfram það, sem efni minnar brtt. ákveður, tel ég ekki rétt að ganga, né heldur að hafi verið tilætlunin 1938, þegar áminnzt l. voru sett. Mér er óskiljanlegt, að það hafi verið ætlun þeirra löggjafa eða að það sé rétt eða eðlilegt, að þeir menn, sem útgerð hafa rekið og hafa átt eignir miklar eða litlar 1. jan. 1931, eigi einir allra manna í þjóðfélaginu að fá þann rétt, að þeim sé skilað aftur öllum þessum eignum, hverjum eyri, áður en þeir eiga að greiða skatta og skyldur til ríkissjóðs. En það er ætlazt til eftir frv., að það sé gert með þeim takmörkunum viðkomandi ákvæðunum um varasjóð, að fyrningar séu ekki metnar meira en svo, að skipin séu metin í 150 þús. kr., ef tapsfrádráttur þeirra verður til þess að hækka þau svo mikið í verði. Ég fæ ekki betur séð en að hér sé stórlega mismunað þessum þegnum þjóðfélagsins samanborið við alla aðra þegna þess. Það er vitað, að það er fjöldi manna í öllum stéttum, sem hafa orðið fyrir svona miklum töpum og eignaskerðingum á tímabilinu frá 1931 til 1939, að báðum árum meðtöldum, án þess að nokkrum hafi dottið í hug, held ég, að þessi töp verði þeim öll bætt, áður en þeir greiða skatt af tekjum ársins 1940. En útgerðarfyrirtækin, ein allra fyrirtækja í landinu, eiga að fá þennan rétt, að fá aftur í sínar hendur eignir þær, sem þau áttu 1. jan. 1931, áður en þau greiða nokkuð í skatt af tekjum ársins 1940, þó að gróði þeirra það ár hafi oltið á milljónum. Ég gæti skilið þetta, ef nauðsyn hefði verið á að gera þennan mismun á þegnum þjóðfélagsins. En svo er ekki. Gróði þessara fyrirtækja er svo mikill, að fjárhagur þeirra er öruggur og tryggur, þó að ekki sé gripið til slíkra ráðstafana sem hér er gert ráð fyrir. Og í brtt. minni er gert ráð fyrir, hversu langt skuli ganga, til þess að það eigi að telja þessi fyrirtæki trygg fjárhagslega. Þó að hér séu tilteknar 150 þús. kr., má vitanlega miða við einhverja aðra upphæð, ef réttara þætti. En mér virðist rétt að miða þessa upphæð við smálestatölu og aldur skipa. En þetta atriði er nokkuð erfitt í framkvæmd og yrði að setja um það vissar reglur.

Hér er um að ræða gróða, sem ekki er hægt að segja að hafi verið aflað með dugnaði, sparnaði, framsýni eða atorku, heldur er hann einungis

happagróði, sem alveg án sérstaks tilverknaðar manna fram yfir venjulega fyrirhöfn hefur borizt upp í þeirra hendur, er hann hafa hlotið, í milljónatali. Er hann því að mínu áliti miklu frekar eign þjóðfélagsins í heild heldur en þeirra manna, sem af tilviljun hafa eignazt hann, þegar þessi gróðaalda reis, að svo miklu leyti sem hann er fram yfir venjulegan gróða.

Þá á ég aðra brtt. á þskj. 309 ásamt hæstv. viðskmrh., um, að gr., sem kveður á um persónufrádrátt, sé færð í það horf, sem hún upphaflega var í, þegar frv. var flutt í hv. Ed. og borið fram af fjhn. þeirrar hv. d. En þó að ég sé meðflm. þessarar brtt., þá skortir að minni hyggju mikið á, að hún nái því takmarki, sem ég taldi æskilegt og eðlilegt að ná með þessari lagasetningu. Ég tel eðlilegt, að persónufrádráttur sé jafn fyrir alla meðlimi fjölskyldunnar, án tillits til þess, hvort um gifta menn, hjón eða börn er að ræða, því að börn á vissum aldri eru jafnþung á framfæri og konan. (Annars er konan ekki ómagi á sumum heimilum).

Ég hefði helzt kosið að hafa flokkana fjóra með mismunandi persónufrádrætti í stað þriggja. En ég býst ekki við, að slík brtt. næði fram að ganga, og því hef ég tekið upp þá till., sem var í frv. upphaflega og var þangað komin inn, að ég ætla, eftir uppástungu hæstv. fjmrh. Mismunurinn á persónufrádrætti í fl. er meira til þess að sýna viðurkenningu Alþ. á því, að eðlilegt sé að gera mun í þessu efni heldur en hitt, að upphæðirnar, sem um er að ræða, skipti miklu máli, og þessi viðurkenning veldur því, að ég er flm. þessarar brtt. En það er ómögulegt að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að framfærslukostnaður er svo mismunandi á ýmsum stöðum á landinu, eftir því hvort menn búa í sveit eða kaupstað, og ef búið er í kaupstað, hvort menn búa í höfuðborginni sjálfri, að það væri beinlínis ósanngirni að láta það ekki koma fram í skattal., að löggjafanum væri ljóst, að þessi mismunur er fyrir hendi. Þessi mismunur er miklu meiri heldur en þessi brtt. gæfi tilefni til að ætla. En ef ákvæðin um þetta væru samþ. eins og þau eru í frv. nú, væri það sama sem að loka augunum fyrir því, sem hver maður getur séð með opnum augum. Því að það er dýrara að lifa t. d. í Vestmannaeyjum heldur en í Axarfirði. Það veit hver maður. Og í kaupstöðum og sveitum er munurinn á þessu svo greinilegur og meiri en brtt. gefur til kynna.

Ég sé, að meiri hl. fjhn. flytur brtt. á þskj. 313, þar sem gert er ráð fyrir, að jafn persónufrádráttur sé alls staðar á landinu og eins og hann er tiltekinn í Reykjavík eftir frv. eins og það er nú. Ég býst við glöggri grg. frá hv. form. n. fyrir þessari mjög svo fráleitu till.

Um brtt. á þskj. 294, frá tveim hv. fjhnm., vil ég segja það, að ég er andvígur fyrra tölul. brtt., ekki þó svo mjög fyrir það, að ég ekki játi, að fljótt á litið virðist sanngirni mæla með þessu, heldur af hinu, að mér er torvelt að sjá, hvernig unnt er að framkvæma það að skipta varasjóði í fleiri deildir heldur en komnar eru þarna í frv. Í öðru lagi virðist mér, að ef brtt. þessi yrði samþ., mundi hún þýða það, að þetta, sem nemur þeirri upphæð, sem varasjóðurinn hefur verið 1939, mundi þá losna til frjálsrar ráðstöfunar af arði ársins 1940, þannig að það dragi úr þeim áhrifum, sem annars er ætlazt til, að gr. hafi til þess að hindra það, að fé streymi út í alls konar ráðstafanir og skapi verðbólgu og margháttaðar óheppilegar afleiðingar.

Að því er síðari tölul. brtt. á þskj. 294 snertir, fæ ég ekki betur séð, eftir því sem hv. þm. mælti fyrir henni, en að hann sé óþarfur, því að ég skil ákvæðin svo, að fyrirtæki, sem hafa blandaðan atvinnurekstur, eins og t. d. síldarverksmiðjur, þau komi undir ákvæði frv. eins og þau nú eru, því að þar er talað um fyrirtæki í sambandi við útgerð. En þessi ákvæði ná vitanlega ekki til þess, að maður, sem rekur iðn rekstur í landinu og kaupir hráefni af útgerðarmönnum, eigi að koma með sinn iðnrekstur undir ákvæðin um nýbyggingarsjóð. Sá maður kaupir hráefni til sinnar iðnar alveg eins og t. d. bakari kaupir mjöl o. fl. Ég glöggvaði mig ekki vel á því, sem hv. þm. sagði, er hann mælti fyrir þessum lið brtt. En mér fannst hann eingöngu eiga við þau fyrirtæki, sem hafa blandaðan rekstur, eru útgerðar- og iðnfyrirtæki, þá ættu ákvæði brtt. um varasjóðinn að ná til þeirra, en ekki hinna, sem eingöngu vinna úr sjávarafurðum. Ég er andvígur því, að fyrirtæki, sem enga útgerð reka, en aðeins vinna úr sjávarafurðum, komi undir ákvæði frv. um varasjóðinn.

Ég mun greiða atkv. með brtt. á þskj. 304. Ég tel óþarft að blanda skattfriðindum gagnvart iðnfyrirtækjum inn í þetta mál, hvað sem segja mætti annars um að fella ákvæðið um þau niður.

Ég held ég hafi þá drepið á brtt. allar og vænti þess, að hæstv. forseti taki til greina tilmæli mín um röðina, sem þær verði bornar í undir atkvæði.

Pétur Ottesen: Ég sé mig tilknúðan að bera fram skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 291,2.d.1, um að meginmál till. orðist svo: Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en ⅜ hlutar vera innstæða á biðreikningi o. s. frv.

Brtt. þessi frá fjhn. á þskj. 291 á við 58 gr. l., og með henni rýmkar n. um heimild frv. til þess, að nokkur hluti nýbyggingarsjóðs megi vera innstæða á biðreikningum. Frv. ákveður þann hluta ⅛, en fjhn. leggur til að hækka hann upp í ⅜ hjá öðrum fyrirtækjum en þeim, sem njóta tapsfrádráttar. Rýmkun n. er til bóta. En mér virðist ekki rétt að gera þannig upp á milli þessara fyrirtækja. Ég get ekki séð, að nein sanngirni sé í því, að þeim útgerðarfélögum, sem hafa varið svo og svo miklum hluta af gróða sínum til að greiða skuldir, sem á félögunum hvíla frá taprekstrarárunum, sé gert erfiðara fyrir í þessu efni en öðrum félögum.

Hjá þeim félögum, sem verst voru stödd fjárhagslega áður en þetta gróðatímabil hófst, hefur mikið af gróðanum farið til að greiða þessar gömlu skuldir. Það hefur ekki einasta þýðingu fyrir eigendur þessara útgerðarfélaga, að hér hefur orðið rétting á, heldur hefur það vitanlega mikla þjóðhagslega þýðingu. Það mælir því öll sanngirni með því, að þessi félög fái jafnan rétt

og öðrum er ætlaður til þess að nota innistæðu á biðreikningi í nýbyggingarsjóðinn.

Hin skrifl. brtt. mín fellur alveg inn í meginmál till., og það þarf heldur ekki að breyta tölulið 2 næst á eftir, — hann getur staðizt fyrir þessu. Ég hef tekið þann kost að bera brtt. fram skriflega, af því að umr. á að ljúka í nótt og því ekki tími til að prenta hana.

Hv. þm. Seyðf. gerði að umræðuefni brtt. á þskj. 294 frá hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) og hv. 3. landsk. (StSt) og leit svo á, að hún væri óþörf. Ég skaut því fram, að það skipti máli, hvort átt væri m. a. við síldar- og beinamjölsverksmiðjur, sem þannig eru reknar, að þær eru að vísu hlutafélagseign, en hafa að höfuðmarkmiði að vinna úr því hráefni, sem til fellur á staðnum, lífrarbræðslu og beinamjölsvinnslu, til hagsbóta fyrir innleggjendurna á staðnum, útgerðarmenn og sjómenn, sem taka hlut sinn í afla (hlutaskipti). Þannig er því háttað t. d. með verksmiðjuna á Akranesi. Gjaldið, sem tekið er fyrir vinnsluna, er miðað við að standa undir rekstri og stofnkostnaði verksmiðjunnar. Nú finnst mér eðlilegt að líta svo á, að slík fyrirtæki hljóti að heyra undir hin umræddu lagaákvæði. Ég tel sjálfsagt að samþ. þessa viðbótartill. þeirra tvímenninganna.

*__Sveinbjörn Högnason:__ Það var vegna brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 313, sem ég kvaddi mér hljóðs. Um persónufrádráttinn hafði orðið í n. nokkurs konar þegjandi samkomulag að láta hann standa í tveim flokkum, eins og hann kom frá Ed. Að vísu voru menn mjög ósáttir um það. Hv. þm. Seyðf. (HG) vill hafa flokkana fleiri, hann vildi hafa þá fjóra, þótt brtt. á þskj. 309 sé um þrjá. En meiri hl. n., sem stendur að brtt. 313, vill hafa persónufrádráttinn alls staðar jafnan.

Hv. þm. Seyðf. segist bíða þess með mikilli eftirvæntingu að heyra rökin fyrir þeirri till. Ég býst við, að hann þekki þau rök nokkuð áður. Það er eins og að berja í stein að hamra eitthvað inn í skynsemi þeirra manna, sem vilja ekki skilja, og þessi hv. þm. er þar ekki barnanna beztur, heldur öllum mönnum þrárri, þegar hann vill. Hann lítur aðeins á það, að kostnaðurinn við að lifa reynist misjafn eftir því, hvort þeir búa á dýrum, góðum stað eða fleyta fram lífinu sem útgjaldaminnst í sveitum og á ódýrustu og þægindalausustu stöðum við sjávarsíðuna. Ef fara ætti eftir því, yrðu að vera nokkur hundruð flokkar. Jafnvel innan sömu sveitar og á sama bænum er það mjög mismunandi dýrt fyrir menn að lifa, allt eftir aðstöðu þeirra og lífskröfum. Í nágrannakaupstöðum eins og Siglufirði og Akureyri getur þetta munað svo miklu, að samkvæmt hugsanagangi hv. þm. yrðu þar að vera sinn „skalinn“ á hvorum staðnum, „skali“ nálega fyrir hvert kauptún, og næði þó aldrei að fullu tilganginum. En tilganginn skil ég ekki vel heldur. Ég sé ekki nokkurt réttlæti í því, að maður, sem leyfir sér 10—15 herbergja íbúð, eigi fyrir það að fá hærri persónufrádrátt en sá, sem verður að búa í þröngum og lélegum húsakynnum, — skil ekki, að fyrst eigi þjóðfélagið að veita honum margfalt meiri tekjur en hinum og síðan skattfrelsi með miklu hærri persónufrádrætti. Þegar hv. þm. Seyðf. ber saman Vestmannaeyjar og Axarfjörð, er ég viss um, að það er dýrara að lifa í Axarfirði en Vestmannaeyjum. Hvað sem líður landkostum Axarfjarðar, veit ég ekki betur en Vestmannaeyjar eigi þá meiri vegna auðlegðar hafsins í kring. Hv. þm. Seyðf. telur sérstaklega mikinn reginmun dýrleikans í sveitum og kaupstöðum. En að því er gætandi, að margt manna í kaupstöðum hefur skepnur og jarðarafnot, sem gefa þeim að meira eða minna leyti jafnhagstæða aðstöðu og bónda til að lifa á litlu. Bændur, sem framleiða mjólk í Reykjavík, fá ekki aðeins hærra verð fyrir hana en aðrir og sleppa við flutningskostnað, heldur eiga þeir nú í ofanálag að fá miklu hærri persónufrádrátt en aðrir mjólkurframleiðendur, s. s. þeir, sem búa á Álftanesi eða í Mosfellssveit. Hvers vegna? — Eða tökum dæmi af manni, sem lifir 100 km frá Reykjavík og verður að kaupa það mestallar nauðsynjar sínar. Á sumri þungavöru getur flutningskostnaðurinn, sem á leggst, numið nær helmingi verðsins. Það er dýrara fyrir hann að lifa þar en í Rvík, og þó á hann að fá minni persónufrádrátt. Ég get ekki skilið, að þetta sé réttlátt, en það getur vel verið jafnaðarmennska í augum hv. þm. Seyðf. (HG) fyrir því. Þó hélt ég satt að segja, að jafnaðarmennska væri falin í öðru en þessu. Það er háskalegt að draga menn í flokka eftir því, hvaða borgaralegum skyldum þeir gegna í þjóðfélaginu. Sami háski getur það orðið að veita mönnum mismunandi rétt eftir því, hvar þeir búa. Meira að segja í verklýðsfélögum hefur verið haldið stranglega við þá reglu, að allir félagsmenn skyldu njóta sömu kjara. Menn fá minna fyrir vinnu sína í dreifbýlinu. En um leið á að ganga nær þeim í skatti en höfuðstaðarbúum, leyfa þeim minni persónufrádrátt. — Ef þjóðfélagið heldur áfram að veita fólki háar tekjur, þar sem auðveldast er að afla þeirra, og ívilnar því á þeim stöðum í skatti, leiðir af því, eins og þegar sýnir sig, að fólk vill ekki vera í dreifbýlinu, þegar því er refsað fyrir þægindaskortinn og lágu tekjurnar með því að leyfa því lítinn persónufrádrátt. Menn flýja til kaupstaðanna og mest til Reykjavíkur, þar sem verðlaun eru veitt fyrir að njóta góðra íbúða og hvers konar þæginda.

Við flm. brtt. erum sammála um, að það eigi að hverfa frá þeirri stefnu í landinu, sem leiðir til slíks flótta, það eigi að vinna móti misréttinu og það jafnt í launum sem skattgreiðslum. Ef menn geta ekki fallizt á brtt., sýnir það aðeins, hve gagnsýrðir þeir eru af hleypidómum. Hv. þm. Seyðf. sagði réttilega, að frv. misjafnaði mjög aðstöðu manna í landinu, nokkrum stórfyrirtækjum er heimilað að leggja mikið fé í sjóð sinn án skattgreiðslu, en smáframleiðendur mega ekkert slíkt draga frá skatti. Mér skilst nóg vera af ójöfnuði í frv., þótt ójöfnuði í persónufrádrætti sé ekki bætt ofan á.

__Jón Pálmason:__ Það má með miklum rétti segja, að næsta litla þýðingu hafi að lengja þessar umr. til muna, þar sem komið hefur í ljós, að flestir alþm. eru fjarverandi. Ég get

þó ekki látið hjá líða að víkja nokkrum orðum að þeim atriðum, sem hv. þm. Seyðf. talaði um. Þá er fyrst það, að hann heldur því fram, eins og svo oft áður, að það sé ekki að neinu leyti fyrir ráðstafanir ríkisvaldsins, að útgerðin í heild sinni var komin í þau vandræði 1931—1939, sem raun bar vitni um. Hann hélt því fram, að þessi vandræði útgerðarinnar stöfuðu fyrst og fremst af markaðstöpum og lítilli veiði. Þessi sjónarmið má náttúrlega lengi þrátta um, en ég held samt, ef það er rannsakað, hvernig þessir hlutir standa, að það sé ómögulegt að neita því, að erfiðleikarnir stafi af því, hvernig búið hefur verið að útgerðinni af hálfu ríkisvaldsins. Það má með nokkrum rétti segja um þetta hið sama og um bændur, sem verða heylausir í harðindum, að það stafi af því, að harðindi eru í landinu. En auðvitað er orsökin ekki síður sú, að þeir hafa farið ógætilega að í ásetningi að haustinu. Nú er þess að gæta, að það hafa ekki nein óvanaleg veiðileysisár verið á þessu tímabili, svo að það hafi skarað fram úr því, sem áður hefur þekkzt. En vandræðin undanfarin ár hafa fyrst og fremst komið af falskri gengisskráningu og í öðru lagi vegna tolla og skatta.

Hv. þm. Seyðf. hélt því fram, að tekju- og eignarskattur hefði verið sama og enginn, og er það bein sönnun þess, hve illa hefur verið komið fyrir þessum fyrirtækjum vegna þess, hvernig að þeim hefur verið búið af hálfu ríkisvaldsins. Þar til má nefna gjöld, sem hlaðið hefur verið á fyrirtækin á þessu tímabili, og gæti ég um það flutt langt mál. En ég þarf ekki að þessu sinni að fara lengra út í þá sálma en aðeins að sýna fram á, hverju munar um mín sjónarmið og þessa hv. þm.

Þá er í öðru lagi það, sem hv. þm. vildi véfengja og mótmæla því, sem ég hélt fram í fyrri ræðu minni, en það var það, að brugðið hefði verið gefnum loforðum til útgerðarinnar með því að flytja þetta frv. Það er með því frv. brugðið loforðum, sem fólust í þeim l., sem gilt hafa fram á þennan dag, og ætlazt er til að verði afnumin, um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja.

Ég fæ ekki séð annað en að það liggi greinilega fyrir, að hér hafi verið brugðið gefnum loforðum með því að láta ákvæði þessara l. verka aftur fyrir sig. Við skulum segja, að allt dilkakjötið hafi verið ákveðið skattfrjálst með l. 1940, og það happ hefði svo komið fyrir, að dilkakjötið hefði hækkað gífurlega. Ég hygg, að flestir bændur hefðu talið það svik við sig, ef þessi hækkun á dilkakjötinu hefði verið tekin af þeim með skatti á þann hátt að láta afnám slíkra l. verka aftur fyrir sig. Mér er sem ég sjái allan launamannahópinn hér á hv. Alþ., ef það kæmi fyrir, vegna breyttra kringumstæðna, að lækkuð yrðu laun allra launþega og l. látin verka þannig aftur fyrir sig, að lækkunin gilti fyrir liðið ár. Í þessu sambandi er einnig þess að geta, að hér á síðasta Alþ., sem ekki er nema ár síðan var haldið, flutti hv. 3. þm. Reykv. frv. um afnám þessara l., um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja, og fór frv. fram á það sama sem gert er með þessu frv. En það kom í ljós, eftir því sem ég bezt veit, að ekki einn einasti maður úr þingfl. stj. var því meðmæltur að afnema l. að því er snerti þau tvö meginatriði, sem í frv. fólust. Mjög margir menn hér á hv. Alþ., sérstaklega framsóknarmenn og, að ég hygg, Alþfl.-menn, eru því meðmæltir að afnema útsvarsfrelsið, sem kalla mætti svo, og heimila að leggja útsvar á þessi fyrirtæki. En um það skal ég ekki fara mikið fleiri orðum, en aðeins víkja að því, sem hv. þm. Seyðf. talaði um, að þetta væri sjálfsagt eins og nú er, vegna þess að takmörkunum innan l. væri þegar náð. Að því leyti er það rétt, að takmörkum þessara l. er náð, sem snýr að þeim hluta l., er fjallar um tapsfrádrátt. En einmitt hv. þm. Seyðf. vill ekki halda það loforð, sem gefið var með skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja, að því er tapsfrádráttinn snertir, ef hann ætlast til, að brtt. hans nái samþykki þingsins.

Þó að þessum takmörkum l. sé náð, þá álít ég, að nú sé heppilegur tími til að stofna til varasjóða handa útgerðarfyrirtækjunum, svo að þeim væri engin hætta búin, þó að yfir skyllu ný vandræði, og þyrfti þá ekki að ganga aftur inn á þá braut að láta þau njóta sérstakra friðinda umfram alla aðra. Við lifum á svo miklum óreiðutímum, að við getum lítið um það sagt, hvað næstu mánuðir, hvað þá ár, fela í skauti sínu. En eins og ég tók fram áðan, getum við átt von á því, að stríðsgróðinn verði farinn áður en stríðið er búið, hvað þá heldur þegar kreppan er búin, sem hlýtur að skella yfir að stríðinu loknu. Nú er þess í öðru lagi að geta, að það veit enginn um það, hvað mikils virði þessi ensku pund, sem gróði útgerðarinnar byggist á, kunna að verða eftir stríðið. Snertandi það, að þessi hlunnindi, sem útgerðarfél. er veitt með tapsfrádrættinum, séu meiri en búast mætti við, þá vil ég enn minna hv. þm. Seyðf. á það atriði, að ekki hefur verið staðið við þau loforð, sem gefin voru með l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja. Annars kemur það fram í þessu sambandi, ekki sízt að því er útgerðina snertir, að sjónarmiðin eru ákaflega ólík, og mönnum hættir til að líta á þetta frá persónulegu sjónarmiði. Ég lít á þetta frá víðtækara sjónarmiði. Ég lít á það sem þjóðfélagsmál á þeim grundvelli, að það sé brýn nauðsyn á því, að okkar þjóðfélag geti haldið áfram framleiðslunni og ekki sízt útgerðinni, hún þarf að vera rekin þannig, að hún sé fjárhagslega tryggð. Hvað verður um alla okkar verkamenn, ef útgerðin er ekki rekin á tryggan hátt, hvað um launamennina, sem þurfa 20—30 millj. kr. í laun á ári, hvað verður um þau framlög, sem nú verður að leggja fram af ríkinu til verklegra framkvæmda, ef útgerðin er ekki rekin á tryggan hátt? Þess vegna er það ekki persónulegur hlutur, að það sé sem bezt að útgerðinni búið.

Viðvíkjandi þeim 2 till., sem við flytjum, hv. 3. landsk. og ég, og þeim andmælum, sem komu frá hv. þm. Seyðf., skal ég segja það um fyrri till., að ég fæ ekki séð, að það þurfi að valda neinum ruglingi, þó að ákvæði a- og c-liðs nái ekki til þeirrar upphæðar, sem útgerðarfélög áttu í varasjóði í árslok 1939. Ég held, að það sé af því, að hv. þm. hafi ekki athugað þetta

nægilega, að hann heldur, að þetta ákvæði muni valda einhverjum ruglingi, ef það verður samþ. Viðvíkjandi seinni till., þá finnst mér, að það sé heldur ekki rétt, að hún sé óþörf, vegna þess að gr., eins og hún er orðuð í frv., gefur ekki til kynna, hvort þau fyrirtæki, sem hafa með höndum vinnslu sjávarafurða, koma undir þetta ákvæði.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að svara í sambandi við þau atriði, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, því að form. fjhn. mælti svo skörulega fyrir till. um persónufrádrátt, að ég hef þar engu við að bæta.

*Haraldur Guðmundsson: Eftir því sem orð féllu hjá hv. þm. A.-Húnv. um annan lið brtt. 294, staðfesti hann nú það, sem mér skildist á fyrri ræðu hans, að þetta ákvæði ætti einnig að ná til iðnfyrirtækja, sem eru í eign og umráðum fyrirtækis, sem jafnframt rekur sjávarútveg. Þá vil ég út af ummælum hv. þm. Borgf. benda á það, að mér virðist þessi breyt. hins vegar, að því er snertir verksmiðjur, vera fullkomlega aðgreind frá sjálfri útgerðinni. Annars voru mér ekki fyllilega ljós orð hans um þetta atriði, og væri fróðlegt að fá um það frekari upplýsingar fyrir 3. umr.

Út af ræðu hv. þm. A.-Húnv. væri hægt að halda sérstaka ræðu, en ég get þó að mestu leitt það hjá mér. Hv. þm. viðurkenndi, að þær tölur, sem ég fór með, mundu sennilega vera réttar, og ég get fullvissað hann um það, að svo er, enda eru þær fengnar úr skýrslum skattstofunnar. En jafnvel þó hv. þm. dragi tölurnar ekki í efa, þá segir hann: Útgerðinni hefur verið íþyngt af ríkisvaldinu samt sem áður.

Ég verð að segja það, að slíkar röksemdafærslur eru lítið sannfærandi. Hv. þm. verður að játa það, að það er fjarri öllum sanni, að þau séu skattálögur einar, sem ollu þeim erfiðleikum, sem útgerðin var komin í árið 1938. Það voru a. m. k. alls ekki beinu skattarnir, sem nokkru munaði með, en það kann að vera, að einhverju hafi munað með salt- og kolatollinn, en ég vil benda á, að það var ekki minn fl., sem stóð að þeim hækkunum, sem þar voru gerðar. Dálítið svipað fór hv. þm., er hann talaði um skattfrelsi útgerðarinnar og sagði, að rift væri loforðum, sem gefin hefðu verið, með því að flytja þetta frv., sem hér liggur fyrir. Mig undrar það sannarlega, að hv. þm. skuli ekki með öllu vera á móti frv. og jafnvel vilja fella það.

Þá sagði hv. þm., að ef útgerðin hefði fengið að vera skattfrjáls, hefði henni sennilega engin hætta stafað af því, þó að ný kreppa skylli yfir. Ég skal játa að það væri mjög æskilegt, að hægt væri að búa þannig að útgerðinni og öllum atvinnuvegum landsmanna, að þeim væri engin hætta búin, þó að ný kreppa skylli yfir. En ég verð að játa þá staðreynd, að það er fullkomlega ómögulegt að skoða nokkuð slíkt sem tryggingu fyrir því, að útgerðin eða nokkur annar atvinnuvegur standi á fjárhagslega traustum grundvelli í framtíðinni. Því eins og nú er ástatt í heiminum, er ómögulegt að segja um það, hvers virði peningarnir kunna að verða á næstunni. Hvers virði eru t. d. skipin, ef siglingar stöðvast með öllu? Þetta getur enginn séð fyrir. Hins vegar er ég sammála hv. þm. um það, að það sé þjóðfélagsmál, hvernig um útgerðina fer, og Alþ. viðurkennir, að svo sé. Og þess vegna er ég líka eindreginn hvatamaður þess, að sá arður, sem skapazt hefur á árinu 1940, verði beinlínis bundinn, að svo miklu leyti sem það er hægt, við það að nota hann í þágu útgerðarinnar til þess að standa undir rekstri hennar og auka atvinnuna. Ég vil leggja áherzlu á það, að það fé, sem lagt verður til varasjóðanna, verði bundið svo tryggilega, að það komi ekki fyrir, að það verði notað til annarra hluta. Það er óþarfi fyrir hv. þm. að benda á það, að útgerðin hafi þjóðfélagslega þýðingu, a. m. k. er mér það ljóst alveg eins og honum. — Með þessu er að nokkru svarað því, sem hv. þm. sagði um brtt. 294.

Þá kemst ég ekki hjá því að svara nokkrum orðum sessunaut mínum, form. fjhn. Hann vildi halda því fram, að mér gengi erfiðlega að skilja það, sem ég ekki vildi skilja, og að ég væri hverjum manni þrárri. Ég vil þá segja honum, að það er þó eitthvað til í þessu, að ég hef mína galla. En ég þekki einn mann, sem tekur mér stórum fram, og það er þessi hv. þm. sjálfur, eins og ræða hans bar líka glöggan vott um. Hann sagði, að það væri rétt hjá mér, að mismunur væri á því, hvað dýrt væri að lifa. En mér skildist hann líta á þennan mismun, hvað dýrt væri að lifa, eftir því í hvaða landshluta menn byggju. Hann hélt því fram, að það væri ekki nóg að gera greinarmun á kaupstað og sveitabæ, heldur sagði hann, að það væri mismunandi dýrt að lifa á sama bænum eftir því, hvað menn gerðu miklar kröfur til lífsins. Hann komst að þeirri einkennilegu niðurstöðu, að mismunurinn á því, hve dýrt sé að lifa, byggist eingöngu á því, hvaða kröfur menn gera til lífsins. Það væri æskilegt, að þetta væri satt, en það er ekki satt. Það, sem verður að miða við, er, hvað lífsþarfirnar kosta til sómasamlegs lífernis, til þess að menn líði ekki skort. Það eru lágmarkskröfurnar, áður en farið er að greiða skatta.

Hv. þm. telur, að þeir, sem búa í kaupstöðum, geri svo miklar kröfur til lífsins, að nálgist bílífi, en séu svo verðlaunaðir með hærri persónufrádrætti. Þetta er mesti misskilningur. Ég hef nú heimsótt hv. þm. í sveitina og sá ekki betur en að hann búi eins vel og við í kaupstaðnum og við svipuð þægindi. Mat hugsa ég, að hann borði eins góðan og við og líklega töluvert betri, að mínum smekk a. m. k. Hitt er annað mál, að til eru efnaðir menn, sem búa í nýtízku húsum við öll heimsins þægindi, og kotbændur, sem ekki komast af. Af hverju flytur þá ekki hv. þm. till. um að mismuna persónufrádráttinn fyrir þá? Þess í stað vill hann hafa jafnan persónufrádrátt í sveit og kaupstað. En það er ekki til neins að loka augunum fyrir því, að kjör manna verða ekki jöfnuð með persónufrádrætti í skattal. frekar en hægt er að tryggja fólki sáluhjálp á himnum í skattal. Það, sem ber á að líta, er, að þær nauðsynjar, sem þarf til lífsins viðurhalds, eru mismunandi dýrar á ýmsum stöðum. Það liggja fyrir skýrslur um

það, að af fæði manna í Reykjavík eru 75% að verði innlendar vörur, fluttar hingað með ærnum kostnaði, en 25% erlendar vörur. Þessar innlendu vörur, sem Reykvíkingar þurfa að kaupa, kosta þá stórum mun meira en bóndann í sveitinni. Hv. þm. veit, hvað honum er reiknað til tekna, þegar hann á að greiða skatt. Við hér borgum 75 aura fyrir hvern lítra mjólkur. Hjá honum held ég, að mjólkin sé metin um eða innan við 30 aura lítrinn. Hann fær meira en tvöfalt meiri mjólk en við fyrir sömu peninga. Mér er sagt, að kartöflur kosti 55 kr. pokinn núna. Hvað kosta þær fyrir austan? Eða kostar kannske ekkert að flytja vörurnar úr sveitinni og dreifa þeim hér? Það þarf ekki meira um þetta að tala. Allir hv. þm. vita, að margar lífsnauðsynjar kosta tvöfalt og meira til hér í Reykjavík en í sveitunum. Auk þess er ýmislegt annað, sem mætti minna á. Ef maður leyfir sér að eiga nokkur börn og hafa vinnukonu hér, er ekkert tillit tekið til þess við skattálagninguna, en það er gert í sveitunum.

Ég vil endurtaka fyrri gullhamra mína til hv. þm. Ég veit engan mann jafnstaðfastan í að halda við villu sína og hann.

Ég játa það auðvitað, að einstaka erlend vörutegund getur verið dýrari uppi til sveita en hér, en það vegur miklu minna í nauðsynlegum kaupum sveitafólks en innlendar vörur í kaupum bæjarbúa. Annars hygg ég, að ekki hafi neina þýðingu að vera að karpa um þetta lengur.

*Sveinbjörn Högnason: Hv. þm. Seyðf. er að því leyti mér fremri í að halda staðfastlega við sinn málstað, að hann býr til þau orð og þær röksemdir, sem hann heldur, að hann sé að mæla gegn, en tekur ekki tillit til þess, sem raunverulega var sagt. Ég tel mér þó skylt að hafa röksemdafærslu andstæðings míns rétt eftir. Það er m. a. þetta, sem ég á við, þegar ég segi, að hv. þm. Seyðf. sé allra manna þráastur um að halda við sinn málstað. Hann gengur svo langt í þessu, að það er varla frambærilegt á sjálfu Alþingi. Hann segir, að ég hafi sagt, að það, hvað dýrt sé að lifa, byggist eingöngu á því, hvaða kröfur menn geri til lífsins. Ég hef aldrei sagt þetta. Ég hef sagt, að það byggist að nokkru leyti á því. (HG: Ég fór rétt með). Já, ég veit, að hv. þm. vill ekki viðurkenna þetta. Ég sagði, að það gæti verið misjafnlega dýrt að fullnægja þörfum sínum á hinum ýmsu bæjum í sömu sveit og það byggðist að miklu leyti á því, hvaða kröfur menn gerðu til lífsins.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði sagt, að menn lifðu svo miklu bílífi hér í bæ. Ég hef aldrei viðhaft þau orð. Ég sagði, að í bæjunum veittu menn sér meiri þægindi. Af hverju? Af því að þeir hafa betri aðstöðu til þess. Þeir hafa meiri laun. Það er ósköp eðlilegt, að þeir geri það, sem geta. En það á bara ekki að verðlauna þá með minni sköttum. Hv. þm. heldur því fram, að ýmsar nauðsynjar séu ódýrari uppi í sveit en í kaupstöðum. Bæjarbúar þurfi að kaupa 75% innlendar vörur, en 25% erlendar. Það er rétt. Þá segir hann, að mjólk sé tvöfalt dýrari hér en okkur sé reiknuð hún til skatts uppi í sveit, og annað sé eftir því, kartöflur o. fl. Það er ekki rétt. Innlendu vörurnar eru ekki allar meira en tvöfalt dýrari í bæjunum. Nú vil ég segja hv. þm., að ég borga tvöfalt verð fyrir kol á við hann. Öll þungavara er miklu dýrari í sveit en í bæjum. Af þungavöru borgum við 5—10 aura viðbótartoll á hvert kg. Ég get ekki séð annað en þetta geti jafnazt nokkuð á móti verðlagi innlendra afurða í bæjum. Hitt er ógerningur, að láta það jafnast nákvæmlega.

Mismunurinn á því, hvað menn komast af með, og það, að menn í sveit komast af með minna en menn í kaupstað, stafar að miklu leyti af því, að fólk í sveit verður að neita sér um fleira. Hv. þm. tók sjálfur gott dæmi, þó að hann ætlaði það sínum málstað í vil. Hann sagði, að ef hann hefði vinnukonu, fengi hann ekki að draga kaup hennar frá í skattframtali sínu, en það fengi bóndinn. Hefur hv. þm. virkilega ekki gert sér grein fyrir hinum mikla aðstöðumun í þessu efni? Dettur honum í hug, að það séu margar sveitakonur, sem hafa vinnukonu til þess að hugsa um fjölskylduna? Nei, húsmæður í sveitum verða að gera hvort tveggja, vinna að öllu innanhúss og hjálpa til við framleiðsluna. Vinnukonur í kaupstöðum eru teknar til hjálpar við þau störf, sem húsmæður í sveitum verða einar að inna af hendi auk þess að hjálpa við framleiðslustörfin. Mig skal ekki furða, þegar hv. þm. tekur svona dæmi, þó að hann verði ruglaður í ríminu.

Eins og ég hef tekið fram, sé ég ekki, að það eigi að verðlauna fólk fyrir að safnast þangað, sem hægast er að lifa. Ég sé ekki ástæðu til að verðlauna þá, sem vilja helzt vera þar, sem lífsskilyrðin eru bezt, og mynda með því misræmi í þjóðfélaginu.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Þeir hv. þm., sem talað hafa og eiga báðir sæti í fjhn., þeir hv. þm. Seyðf. og hv. þm. A.-Húnv., vildu draga í efa, að það væri rétt, sem ég og hv. 1. þm. Rang. höfum tekið fram í nál., að með því fyrirkomulagi, sem nú er, að skattgreiðendum sé leyft að draga frá tekjum sínum útsvör og skatta, sem þeir greiða á skattárinu, áður en skattur er á lagður, komi skatturinn þyngra niður á þeim, sem hafa áhættusaman rekstur og ójafnar tekjur frá ári til árs. En það er alveg ljóst, að svo mundi verða.

Hv. þm. A.-Húnv. víkur að því í nál. og lagði einnig áherzlu á það í ræðu sinni, að með því að afnema nú l. um skattgreiðslur útgerðarfyrirtækja og láta afnámið verka aftur fyrir sig, væri Alþ. að bregðast loforði, sem það hefði gefið útgerðarfyrirtækjunum. Ég veit ekki, hvort allir flokksbræður hans líta eins á þetta, en ef svo er, hefði útkoman orðið sú, ef sá flokkur hefði einn um fjallað, að útgerðarfyrirtækin hefðu haft 90% skattfrjáls af hinum mikla gróða síðastl. árs. Þetta teljum við ekki rétt og viljum benda á, að vegna þess að gróðinn kom svo óvænt, hafi verið sjálfsagt að gera hér á breyt., en þó ekki svo, að ekki væri fyrir því séð, að útgerðin gæti losnað við skuldir og lagt í varasjóð. En nú telur hv. þm. A.-Húnv. eðlilegt, að á tekjum ársins 1940 sé stríðsgróðaskattur, og

þar gætir ósamræmis hjá hv. þm. Ef það er ekki rétt að afnema l. frá 1938 og láta afnámið verka aftur fyrir sig til 1940, þá er ekki heldur rétt að setja nú ný l. um skattálagningu á tekjur ársins 1940.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði sem rétt er, að útgerðin hefði verið í kröggum áður, og kenndi hann það því, að illa hefði verið að þeim atvinnuvegi búið. Hann nefndi í því sambandi tolla á nauðsynjum útgerðarinnar og framkvæmd gengisskráningarinnar. En nú er orðin á svona mikil breyt. Útgerðin hefur grætt mikið fé árið, sem leið, og það er óhætt að fullyrða, að sá gróði stafar ekki af því, að öðruvísi hafi verið búið að útgerðinni af hálfu hins opinbera, heldur af því, að í stað aflaleysis og söluerfiðleika er nú nægur afli og markaður viss. Gengisleysi útgerðarinnar stafaði því fyrst og fremst af aflaleysi og þvílíkum erfiðleikum.

Ég vil benda á skýrslu, sem lögð var hér fram 1939 frá milliþn. í sjávarútvegsmálum. Þar kom fram t. d., að tollur, sem útgerðarfyrirtækin höfðu orðið að greiða, var ekki það mikill, að hann gæti haft neina verulega þýðingu fyrir afkomu útgerðarinnar. En eins og hv. þm. Seyðf. tók fram, greiddi útgerðin lítinn tekjuskatt á þessum árum, af því hvað útkoman var slæm.

Þá vil ég minnast á gengisskráninguna. Ég ætla nú ekki, þegar komið er fram yfir miðnætti, að fara að rifja upp allt það, sem sagt hefur verið um, að hún hafi valdið töpum útgerðarinnar, en ég vil benda á, að þegar loks var gerð breyt. í því efni, var það ekki fyrst og fremst verk þess flokks, sem hv. þm. A.-Húnv. fylgir. Fleira er það víst ekki, sem ég þarf að gera aths. við.

*__Emil Jónsson:__ Þar sem svo er orðið áliðið, skal ég ekki gera að umræðuefni það, sem helzt hefur verið rætt áður, því að hv. þm. Seyðf. hefur gert svo skýra grein fyrir skoðunum okkar Alþfl.-manna. En mig langaði með örfáum orðum að minnast á brtt. á þskj. 304 við brtt. n. á þskj. 291 við síðustu gr. frv. Inn í síðustu gr. höfðu í Ed. verið teknir 3 liðir, þrenn óskyld l., fyrst það, sem leiddi af eðli frv. og allir eru sammála um, að með l. skyldi nema úr gildi skattfrelsi útgerðarinnar. Þegar frá er skilin skoðun hv. þm. A.-Húnv., eru langflestir sammála um, að það er sjálfsagt og rétt.

En þá eru enn önnur tvenn l., sem með þessari gr. eru numin úr gildi. Önnur um skattgreiðslur íslenzkra iðnfyrirtækja eða öllu heldur skattfrelsi þeirra, og hin um tekjuöflun Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem afgreidd var með sérstökum l. hér á síðastl. ári.

Fjhn. hefur nú orðið ásátt um, að þessi síðustu l. verði látin gilda áfram, og er það þess vegna aðeins annar liðurinn, eða skattfrelsi iðnfyrirtækja, sem mig langar til þess að minnast á með aðeins örfáum orðum, og hef ég leyft mér að koma með brtt. við þau.

Þessi l. voru sett fyrir 6 árum og eru í eðli sínu eiginlega ekki skattalög, heldur þvert á móti verðlaunaveiting til þeirra, sem brjóta sér nýjar brautir í iðnaðinum og stofna til fyrirtækja, sem ekki hafa þekkzt hér á landi áður. Þessum fyrirtækjum hafa verið veitt þau hlunnindi, að þau hafa verið skattfrjáls í 3 ár eftir stofnun þeirra.

Ég þori að fullyrða, að þessi ákvæði hafa orðið til þess, að fram hafa komið og stofnuð verið þau fyrirtæki, sem annars hefðu tæplega verið stofnuð.

Sum þessara fyrirtækja hafa á þessum 3 árum, sem þau hafa verið skattfrjáls, komizt yfir byrjunarörðugleikana og komið undir sig fjárhagsfótum til þess að mæta örðugleikunum síðar.

Á þessum 6 árum, sem liðin eru síðan þessi l. voru sett, hafa þessi hlunnindi verið veitt samtals 26 fyrirtækjum. Þar af eru um það bil helmingur, eða sennilega öllu fleiri, komin undan þessum hlunnindum og nú farin að greiða skatt, og sum þeirra orðin öflugur skattgreiðandi í ríkissjóð.

Þessi hlunnindi hafa verið veitt venjulega 4, 5 eða 6 á ári, flest 6 og fæst 2, svo að ríkisstj. getur í sjálfu sér ekki munað það verulega, hvort þessum hlunnindum verður haldið áfram eða ekki.

Ég vildi þess vegna mega vænta þess, að þessi hlunnindi fengju að vera áfram eins og þau hafa verið og verði ekki blandað inn í þessi skattamál, því að þau eiga þar ekki heima, þar sem þau eru í raun og veru allt annað atriði, nefnilega verðlaunaveiting til þeirra, sem brjóta sér nýjar brautir í iðnaðinum.

Ég vildi enn fremur vara menn við þeirri aðferð, sem þarna kemur fram, að taka óskyld mál saman í eitt, því að þetta er eiginlega ekki samtengt því frv., sem hér liggur fyrir.

Ef menn vilja afnema þetta, má gera það með sérstökum l., og tel ég rétt, að slíkt yrði borið fram á þinglegan hátt í sérstöku frv., en ekki sett hér saman við.

Ég þarf svo ekki að hafa þessi orð fleiri, því að út í önnur atriði málsins þarf ég ekki að fara, þar sem aðrir hafa vikið að þeim.

__Jón Pálmason:__ Hv. þm. V.-Húnv. talaði um það, að það væri nokkurt ósamræmi í því frá hálfu Alþingis að taka tekjur útgerðarfélaganna undir almennan tekjuskatt. Hins vegar játa ég, að eðlilegt væri, að á þau væri lagður stríðsgróðaskattur. Í þessu er ekkert ósamræmi, því að þegar lagður er á nýr skattur, alveg með sérstöku tilliti til þess ástands, sem ríkir, og vegna þess gróða, sem stafar af stríðinu, þá er það alveg bundið við þann sérstaka gróða, sem stafar af stríðinu, og er ekkert í sambandi við þá skatta, sem áður giltu. — En hitt, að taka af þeim hluta tekna útgerðarfélaganna, sem lögbundið var, að ekki skyldi leggja skatt á, það er allt annað mál.

Hvað það snertir, sem hv. þm. Seyðf. var að tala um, að undarlegt væri, að ég skyldi ekki út frá þessu sjónarmiði kljúfa n. og snúast gegn frv., þá er það að segja, að ég mundi vafalaust hafa gert það, ef ekki hefði verið búið að semja um afgreiðslu þessa frv. áður.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Seyðf. var að tala um, að það væri algerlega ómögulegt að gera ráð fyrir því, að hægt væri að veita út-

gerðinni eða nokkrum öðrum atvinnuvegi þá tryggingu, sem þyrfti til þess að geta staðizt þær kreppur, sem fyrirtækin kynnu að lenda í, þá er það rétt, að fulla tryggingu er aldrei hægt að veita. En einmitt í þessu sambandi lít ég svo á, að þeim upphæðum, sem nú hafa verið teknar af útgerðinni í almennan tekjuskatt fyrir árið 1940, þeim verði á engan hátt betur varið en með því að tryggja framtíð útgerðarinnar, að svo miklu leyti sem hægt er, þegar kreppa skellur yfir næst.

Frá hagsmunalegu sjónarmiði álít ég, að þeim hluta teknanna hafi verið miklu betur varið á þann hátt en ætla hefði mátt eftir þeim umr., sem hér hafa farið fram í dag, þegar verið var að þjarka um, hvernig verja ætti afgangstekjunum, hvort ætti að leggja þær í sérstakan sjóð eða verja þeim til framkvæmda o. s. frv.

Hvað snertir þær deilur, sem fram hafa farið milli mín og hv. þm. Seyðf. og hv. frsm. vék að, snertandi heppni og óheppni útgerðarinnar á liðnum árum, þá er nú hvorki tími né ástæða til þess að lengja þær umr. frekar. Þar heldur hver sinni skoðun, og ætla ég ekki að þreyta þolinmæði hæstv. forseta og annarra þeirra, sem hér eru, með lengri ræðu um það.

***Haraldur Guðmundsson:** Áður en ég geng til hvílu, þykir mér hlýða að þakka sálusorgara mínum fyrir þær hógværu umvandanir og heilræði, sem hann flutti í síðustu ræðu sinni. Að vísu verð ég að ætla, að þessi síðasta athugasemd hans hefði verið betur komin í annan stað en beina henni til mín, þó að honum finnist hann hafa ofmælt, er hann sagði, að mismunurinn á því, hve dýrt væri að lifa, byggðist á, hvaða kröfur menn gerðu til lífsins.

Þetta voru orð hv. þm., þó að hann kjósi þau á annan hátt mælt, að segja að ég hafi gert honum þessi orð, í stað þess að játa, að honum finnist of mikið sagt. Hitt er rétt, að hið ljóta orð bilifi tók hann sér í munn. Ég sagði aldrei, að hann hefði sagt það. En hafi hann skilið það svo, þá bið ég hann afsökunar á því að hafa ekki gert grein fyrir þessu, ekki sízt þegar maður er svo prýðilega áminntur.

Um þessi atriði hef ég ekki fleira að segja, en um 2 efnisatriði í ræðu hans vil ég segja aðeins örfá orð.

Hv. þm. viðurkenndi í sinni seinustu ræðu, að það, sem í raun og veru væri rétt að miða við, væri ekki kröfur manna til lífsins, heldur mismunurinn á ýmsum stöðum á verði hinna brýnustu lífsnauðsynja, sem hver maður þarf til þess að geta lifað eins og manneskja. Þar er ég honum sammála. Það, sem okkur greinir því á milli, er það, hvort heildarverðið muni vera hærra eða lægra í þessum byggðarlögum eða sveitum, sem hér er gert ráð fyrir í mínum og hans till.

Ég hirði ekki að færa fleiri rök fyrir þessu en ég hef gert, því að það er vitað, að yfirleitt er einmitt þessi þáttur svo stór, og mun ódýrari í sveitum fyrir framleiðendur, að það gerir heildarkostnaðinn, sem menn verða að hafa til að lifa, lægri þar heldur en í Reykjavík og öðrum kaupstöðum.

Ég þóttist sýna fram á það með þeim upplýsingum, sem ég gaf, hvernig kostnaðurinn skiptist í Reykjavík, og líkt mun vera í öðrum kaupstöðum.

Það dæmi, sem ég tók, að sveitabóndinn nyti frádráttar fyrir hjú sín, áður en skattskyldar tekjur eru ákveðnar, það snertir ekki persónufrádráttinn, en sýnir bara það, að hann stendur að ýmsu öðru leyti betur að vígi heldur en aðrir menn í landinu. Ég veit það, eins og hv. þm. ætti einnig að vera kunnugt, að það er ekki nema tiltölulega sáralítill hluti af húsmæðrum í kaupstöðum, sem hafa húshjálp, en aftur á móti eru ýmsir í sveitum, sem hafa aðstoð við heimilisstörfin, ekki einungis bændur, heldur líka embættismenn, sem ekki eru framleiðendur, ef þeir hafa ráð á því að veita sér húshjálp. Yfirleitt mun það vera svo, að menn, sem hafa svipaðan efnahag, veita sér yfirleitt svipuð þægindi.

Ég hygg, að það sé þarflcysa að halda lengur áfram þessum kappræðum okkar, en vil endurtaka það, sem ég sagði fyrr, að þessa till., sem ég og hæstv. viðskmrh. bárum fram, ber ekki að skoða svo, að ég telji þann mismun, sem er á persónufrádrættinum, að hann sé jafn mismuninum, sem er á framfærslukostnaðinum í hinum mismunandi byggðarlögum, en aðeins til þess, að þingið viðurkenni þá staðreynd, sem hver maður veit, að er fyrir hendi.

Hv. þm. sagði, að kaupgjaldið væri hæst í Reykjavík og öðrum kaupstöðum, en lægra í sveitunum. Í höfuðatriðum er það rétt, einmitt vegna þess, að lífið sjálft sýnir, að það er ómögulegt að komast hjá því, ef fólk á að geta lifað af launum sínum, að þau séu mismunandi eftir því, í hvaða byggðarlögum þeir búa. Þar með hefur hann sannað, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að gera mismun á persónufrádrættinum eftir því, um hvaða byggðarlög sé að ræða.

***Sveinbjörn Högnason:** Ég verð að segja hv. þm. Seyðf. það til maklegs lofs, að hann hefur jafnvel tekið umvöndununum betur en ég bjóst við af honum, er ég flutti ræðu mína um þetta efni, því að nú viðurkennir hann, að hann hafi ofmælt, og er gleðilegt að svo skuli vera, því að í báðum tilfellunum viðurkennir hann, að svo sé.

Hann sagði, að ég hefði sagt, að það, hvað dýrt væri að lifa, byggðist á því, hvaða kröfur menn gerðu til lífsins. Það er rétt, það byggist á því, en áður sagði hann, að þetta byggðist einungis á því, og þó að þetta sé ekki fyllileg viðurkenning á því, sem hann hefur ofmælt, þá er það þó í áttina, og maður verður að viðurkenna hvað lítið sem er í þessu efni. Í þessu tilfelli hefur hann upp orð, sem hafa átt að vera eftir mér, en viðurkennir, að þau séu ekki rétt. Það er sjálfsagt að viðurkenna þetta og meta það, því að það er þó alltaf í áttina til þess að reyna að gera sér grein fyrir málinu, ekki einungis frá sínu eigin sjónarmiði, heldur líka frá því sjónarmiði, sem ég hef haldið fram.

Annars var ekkert í þessu, sem hann talaði um, nema þessi ágreiningur um persónufrádráttinn. Hann sagði nú, að það væri alveg

sama, hvort menn hefðu hjálp við hússtörf í kaupstöðum, því að það væru líka embættismenn upp til sveita, sem ekki væru framleiðendur, en þeir fengju sér sömuleiðis hjálp, ef þeir gætu veitt sér það. Það mun vera rétt, en þessir embættismenn mega ekki draga frá skattskyldum tekjum þau laun, sem þeir greiða fyrir húshjálp, svo ég sé ekki, að þetta raski neitt því, sem ég hélt fram.

Hv. þm. viðurkenndi einnig, að það væri rétt hjá mér, að kaupgjaldið væri mismunandi hátt eftir því, um hvaða staði væri að ræða. Það er einnig mjög mismunandi, hvernig verkafólk lifir á hinum ýmsu stöðum á landinu og hvaða kröfur það gerir til lífsins. Sé ég því ekki, að það sé nein þörf á því, þar sem mismunurinn er svo mikill á kaupgreiðslum, að gera þennan mismun enn meiri með því að níðast á þeim, sem lægst hafa launin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 291,1 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 294,1 samþ. með 15:13 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 313 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, HelgJ, ÍslH, JóhJón, JÍv, JPálm, PO, StSt, SvbH, ÞBr, BjB, EE, JörB.

nei: HG, HV, JakM, JGM, PHann, SEH, SK, SkG, StgrSt, VJ, ÁÁ, BJ, EmJ, EystJ, FJ.

GG, GSv greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÓTh, TT, BÁ) fjarstaddir.

Brtt. 309 felld með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JakM, SK, VJ, ÁÁ, BJ, EmJ, EystJ, FJ, HG.

nei: HelgJ, ÍslH, JGM, JóhJón, JÍv, JPálm, PHann, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, BjB, EE, GÞ, GSv, JörB.

GG greiddi ekki atkv.

3 þm. (ÓTh, TT, BÁ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 291,2.a—c, samþ. með 23 shlj. atkv.

— 291,2.d tekin aftur til 3. umr.

— 321 tekin aftur til 3. umr.

— 292 felld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÍslH, JóhJón, VJ, ÁÁ, BjB, EmJ, FJ, HG,

nei: HelgJ, JakM, JGM, JÍv, JPálm, PHann, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, EE, EystJ, GÞ, GSv, JörB.

HV, BJ greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÓTh, TT, BÁ, GG) fjarstaddir.

Brtt. 291,2.e samþ. með 20 shlj. atkv.

— 294,2 felld með 14:11 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 304 felld með 17:6 atkv.

— 291,3 samþ. með 20:2 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 331, 291, 2.d.1—2, 321, 338, 342).

Of skammt var liðið frá 2. umr., svo og frá útbýtingu brtt. 338. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

*Sveinbjörn Högnason: Við 2. umr. þessa máls flutti meiri hl. fjhn. þá brtt. við þetta frv., 3. gr., að sami persónufrádráttur skyldi vera um allt land. Þetta var felld með tveggja atkv. meiri hl., og mun stafa af því, að ýmsir þm. sveitakjördæma og aðrir þm. vinveittir sveitunum voru fjarverandi. Tel ég því, að niðurstaða þeirrar atkvgr. sé næsta óglögg mynd af afstöðu hv. dm. til þessa atriðis. Um ýmsa var það og vitanlegt, að þeir töldu alla sanngirni mæla með því, að sami persónufrádráttur væri fyrir allt landið, en hins vegar álitu þeir rétt að sýna nokkurn sveigjanleik í þessu máli vegna hinnar miklu andstöðu, sem vart varð af hálfu kaupstaðaþingmannanna, og vildu því fara þá leið að gera mismuninn sem minnstan, úr því óréttlætið fékkst ekki afnumið með öllu.

Hins ber vitanlega að krefjast, að eitt gangi yfir alla þegna þjóðfélagsins og því óréttlæti, sem ríkt hefur undanfarin ár, verði útrýmt. En þetta óréttlæti er tvíþætt, því að með þessu er höggvið í sama knérunn og gert er í launal., þar sem þeir fá lægst launin, er í dreifbýlinu búa, og annað kaupgjald er þar eftir því. — Dæmi eru til þess, að 9 króna mismunur er á dagkaupi vegavinnumanna í sömu gryfjunni, eftir því úr hvaða byggðarlagi þeir eru. Hér á að halda áfram með sama óréttlætið. Þá má og nefna framleiðendur á bæjarlandi Reykjavíkur og þá, sem búa svo nærri Reykjavíkurmarkaðinum, að þeir sleppa bæði við ýmsan tilkostnað, sem aðrir þurfa að greiða, og fá auk þess miklu hærra verð fyrir vöru sína. Samkv. þessari samþykkt hv. d. á enn að verðlauna þá með hærri persónufrádrætti en aðra landsmenn.

Þannig myndast tvöföld skrúfa, sem sogar fólkið úr dreifbýlinu í þéttbýlið. Fyrst lægri laun og lægri persónufrádráttur í sveitum, og á hinn bóginn hærri laun og hærri frádráttur í Reykjavík. Enda er því ekki að leyna, hver árangurinn er orðinn af þessari stefnu. Það er stöðugur fólksstraumur til kaupstaðanna. Þar eru gerðar hærri kröfur um lífsþægindi. Af því leiðir hærra kaupgjald. Af því stafar svo aukin dýrtíð. En til þess að mæta henni þarf svo enn hærra kaup, og svo einnig til að mæta því atvinnuleysi, sem af þessum fólksflutningum stafar. Þessi þróun er stórháskaleg, og við henni þarf að stemma stigu.

Við flm. þessarar till. teljum það ekki aðeins nauðsynlegt vegna dreifbýlisins að jafna þetta, heldur einnig, og ekki síður, vegna þéttbýlisins, svo unnt sé að sporna þar á móti hinni óeðlilegu fólksfjölgun í lengstu lög. En ef þessu verður haldið áfram þangað til stríðinu lýkur, að fólkið safnist úr sveitunum í þéttbýlið, þá verður hrunið því meira og erfiðleikarnir því geysilegri.

Sami meiri hl. fjhn. flytur nú till. um þetta efni á þskj. 342. Þessi brtt. okkar miðar að því að gera mismuninn minni. Það er gott að reyna að jafna þetta eitthvað, þótt ekki fáist fullt réttlæti í þetta sinn. Það eru, eins og ég vék að, þeir hv. þm. A.-Sk. (JÍv) og hv. 3. landsk. þm. (StSt), sem flytja þessa brtt. ásamt mér.

Við höfum orðið að ganga nokkuð til móts við þá, sem vilja halda misréttinum áfram, og leggjum því nú til, að 100 kr. mismunur sé á frádrætti fyrir börn, en hins vegar sé hann hinn sami alls staðar fyrir fullorðna.

Þetta mál var svo ýtarlega rætt við 2. umr. hér í d., enda þótt fáir væru þá viðstaddir, að ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum og læt því þessa greinargerð nægja að svo stöddu.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Í 4. gr. frv., a-lið, eru ákvæði um umreikning, þ. e. um lækkun tekna áður en skattur er lagður á. Mér var bent á það af hv. 1. þm. N.-M. (PZ), sem á sæti í Ed., en auk þess á sæti í ríkisskattanefnd, að gera þyrfti breyt. á þessari gr. Ég leyfi mér því að bera fram skrifl. brtt. um þetta atriði í samræmi við þessa ábendingu hans. Þessi brtt. er um það, að umreikningurinn nái aðeins til þeirra manna, sem eru búsettir hér.

Í 2. gr. skattalaganna er sérstaklega rætt um þá, sem ekki eru hér heimilisfastir, en eiga hér eignir eða hafa tekjur, en í 6. gr. er skattgjald þeirra ákveðið. Þá má og geta þess, að erlendir einstaklingar, sem þannig er ástatt um, njóta ekki persónufrádráttar samkv. 12. gr. l. Af þessu er augljóst, að aðrar reglur gilda nú um þá, sem ekki eru búsettir hér.

Tel ég því rétt að halda þeim aðilum, sem ég hef hér minnzt á, utan við þann umreikning á tekjum, sem gert er ráð fyrir í upphafi 4. gr. frv.

Þessi brtt. mín við a-lið 4. gr. frv. er þannig: Á eftir orðunum „tekjuskattur einstaklinga“ í upphafi a-liðar (55. gr.) komi: heimilisfastra hér á landi. — Ég er sammála hv. 1. þm. N.-M. um það, að rétt sé að gera þessa breyt. hér í þessari hv. d., áður en frv. fer til Ed., svo ekki þurfi að senda það oftar á milli deilda.

Að lokum vil ég svo afhenda forseta till. með ósk um, að hann leiti afbrigða fyrir hana.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt sú skrifl. brtt., sem hv. þm. V.-Húnv. boðaði og las upp, og leita ég samkv. ósk hans afbrigða um hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 345) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

***Sigurður Kristjánsson:** Við hv. 7. landsk. þm. (GÞ) eigum hér sameiginlega brtt. á þskj. 338, þar sem farið er fram á það, að fé nýbyggingarsjóðanna megi vera í innieignum útgerðarmanna á biðreikningi sterlingspunda.

Það er svo um þetta frv., að það eru ekki margir ánægðir með það. En hér er talið, að samkomulag sé á milli flokkanna um lausn þessara mála, og tjáir vitanlega ekki að halda uppi ádeilum á þetta frv. Og rétt er það, að þess er aldrei að vænta, að hver geti fengið sitt, þegar menn með svo ólík sjónarmið eiga að sættast.

Þessi litla brtt. okkar ber vott um, að við flm. gerum ekki ágreining um aðalefni frv., en tökum aðeins þetta eina atriði út úr. En ástæðan er sú, að ákvæðin um nýbyggingarsjóðina eru þau furðulegustu í þessu frv., en auk þess algert nýmæli í þessum efnum.

Ef það væri venja útgerðarmanna að hlaupa burt frá rekstrinum, þegar illa lætur í ári eða á móti blæs, en rísa svo upp eins og gorkúlur á haug, þegar betur árar, þá mætti segja, að ekki væri óskiljanlegt, þótt fram kæmi lagaboð í líkingu við ákvæði þessa frv. um nýbyggingarsjóðina. En nú er það hins vegar á allra vitorði, að útgerðarmenn héldu út hvernig sem áraði, og það meira að segja eftir að þeir höfðu tapað öllu. Þegar þessi reynsla er að baki, má það kallast alveg furðulegt að mínu áliti, að Alþingi fari að stimpla þessa menn með svona ákvæðum. Sú ásökun, sem felst í þessu, er í senn furðuleg og ómakleg. Og það er eins móðgandi og ókurteist og það er óheppilegt og ósanngjarnt að vera alltaf að skyrpa framan í þá menn, sem standa fyrir jafnþýðingarmiklum og umfangsmiklum framkvæmdum fyrir þjóðfélagsheildina.

Nú höfum við hv. meðflm. minn ekki séð okkur fært eða viljað hrófla við neinum aðalatriðum máls, sem samkomulag er orðið um milli flokka. En þegar menn hafa sætt sig við stofnun nýbyggingarsjóðs með þeirri stórkostlegu móðgun, sem útgerðarmönnum er þar sýnd, fullkomnu vantrausti á því, að þeir fari vel og hyggilega með eigið fé, finnst okkur ekki hæfa að bæta þar á ofan óþörfu tjóni, sem fyrirtæki þeirra hlytu að bíða af því, ef mikill hluti af útflutningsverðmætum þeirra er látinn frjósa inni á biðreikningum, þvert ofan í eldri lög, og þau mega ekki nota það fé í nýbyggingarsjóð, heldur verða að taka annað fé, líklega að láni, til að leggja í nýbyggingarsjóð, sem svo verður kannske álíka arðlítill og pundin á biðreikningunum eru nú. Þegar svo langt er komið, að hið opinbera beinlínis gerir mönnum að skyldu að eiga eignir sínar arðlitlar erlendis, er ekki hægt að krefjast þess með nokkurri sanngirni, að þau leggi einnig fyrir stórupphæðir innan lands allt að því vaxtalausar.

Það væri mjög freistandi að rekja þetta mál allt til rótar. Það er vafalaust flestum í fersku minni, að 10—11 ár eru liðin, síðan það var viðurkennt, að útgerðarfélögin væru farin að tapa á rekstrinum, og að tapið hélt stöðugt áfram. Menn, sem höfðu horn í síðu þeirra, sögðu, að tapið stafaði af óreiðu. Réttsýnni menn vissu, að ástæðurnar voru margar og allt aðrar og að álögur hins opinbera á fyrirtækjunum voru of þungar til þess, að þau fengju undir risið. Rannsóknir voru gerðar, niðurstöðurnar lagðar fyrir Alþingi, en það hafðist ekki að. Þannig stóð, unz af því hafði leitt dvínandi framleiðslu, rýrnandi opinberar tekjur af sjávarafurðum og sköttum á útgerðarfyrirtækjum, stórfellt atvinnuleysi og vá fyrir dyrum hjá miklum hluta þjóðarinnar. Þá raknaði Alþingi

við og vildi veita útgerðinni fríðindi í sárabætur. Þau voru fólgin í eins konar skattfrelsi, þannig að af hugsanlegum gróða næstu 5 ára mættu útgerðarfélögin bæta sér tap síðastl. áratugs án þess að gjalda af því skatt. Bæði ég og aðrir töldu þetta einskisvert, nema árferði batnaði. Það eru lítil fríðindi að gefa þeim eftir skatt, sem engar skatttekjur eiga. Á hinn bóginn var von um hagnað, ef árferði og markaður batnaði. Og svo varð. Útkoma s. l. árs varð stórkostlegur hagsmunarekstur. En hvernig brást Alþingi þá við? Mér virtist sem hagnaður útgerðarinnar væri talinn einhver mesti háski, sem hér hefði steðjað að. Hún var bara farin að græða! Það varð náttúrlega að taka þessi fríðindi af henni strax, svo að þau kæmu henni ekki að gagni. — Slík aðferð mundi hvergi standast fyrir dómstólum. Ef manni væru ákveðin eftirlaun eða slysabætur og Alþingi afnæmi þær greiðslur með lögum, væru það auðsæ svik og lögbrot. Eins er þetta í hlutarins eðli. — En afnám þessara fríðinda er þegar ákveðið, og þýðir ekki um að tala. Aðeins viljum við, sem stöndum að brtt., koma í veg fyrir, að ákvæðunum um nýbyggingarsjóð geti orðið misbeitt þannig, að fyrirtæki, sem á hundruð þúsunda erlendis, sé neytt til að taka stórlán innan lands og e. t. v. verði því komið í kröggur og jafnvel gert gjaldþrota á svo sem 10 þús. kr. víxli, af því að lánsstofnanir fást ekki til að yfirfæra þá upphæð. Mörg slík dæmi mætti hugsa sér.

Þó að lánsstofnanir fáist e. t. v. ekki til að lána út á innieignir á biðreikningum, má yfirleitt telja þær sæmilega örugga eign. Þess vegna skil ég ekki, að ríkið geti haft verulega á móti því að leyfa, að mikill hluti af fé nýbyggingarsjóða sé þar geymdur. Ég veit ekki betur en óhjákvæmilegt sé að fá skip til endurnýjunar flotanum byggð erlendis og þá hvergi fremur en í Englandi, þegar að því kemur, að það verður hægt. Hví þarf þá að geyma fé til þeirra hluta í arðlausum sjóði hér heima, meðan annað fé verður að liggja á biðreikningum í Englandi?

Við teljum nokkurn veginn útlátalaust að breyta þessu atriði, en það getur haft stórkostlega þýðingu fyrir útgerðina og gert margt viðráðanlegra en ella mundi fyrir útgerðarmenn.

Ísleifur Högnason: Herra forseti! Hv. flokksbróðir minn, 1. landsk. (BrB), flutti brtt. á þskj. 202 við þetta frv., þegar það var til umr. í Ed. Þessar brtt. fjölluðu m. a. um frádrátt útgerðarfyrirtækja og um hærri persónufrádrátt en frv. tiltekur. Eins og fram kom í umr., voru samtök með stjfl. um, að þær fengju engan byr. Af þessum ástæðum og fleiri og endurteknum yfirlýsingum ýmissa þjóðstjórnarmanna leiðir það, að ég þykist ekki þurfa að bera hér fram um sinn brtt. í sömu átt. Þá liggur fyrir sú brtt. á þskj. 342, að persónufrádráttur sé jafn alls staðar á landinu, og er hann nokkuð rífkaður. Tel ég þessa brtt. standa til bóta. Ég álít, að verðlagsmunur Reykjavíkur og ýmissa staða á landinu hafi mjög breytzt hin síðari ár og að víða annars staðar sé orðið jafndýrt að lifa og í Reykjavík, ef miðað er við allar aðstæður. Fæði og leiga er að vísu ódýrara í sveitum, en aðbúnaður allur er þar þó miklu lakari en í kaupstöðunum.

Það væri ástæða til að minnast á harmatölur hv. 5. þm. Reykv. (SK) um ástand útgerðarinnar, ekki aðeins fyrir stríð, eins og mætti að nokkru til sanns vegar færa, heldur um „fjárkröggur" þeirra núna og undanfarin missiri. Kvartanir yfir erfiðleikum útgerðarinnar ná ekki neinni átt. Milljónir á milljónir ofan hafa verið gefnar útgerðarmönnum með því að halda gengi krónunnar í óeðlilegu hlutfalli við ensk pund, eingöngu fyrir ráðríki og til hagnaðar lítilli klíku í ríkisstj. og í kringum hana. Milljónirnar, sem fáein fyrirtæki hafa fengið að raka saman, verða aðrar stéttir að borga beint og óbeint, þótt síðar verði, — líklega verður það einkum verkamanna- og millistéttin, sem fær að blæða.

Ég mun greiða brtt. á þskj. 342 atkvæði og frv. í heild sakir þeirrar takmörkunar, sem það gerir á skattfrelsi stórfyrirtækja, þótt tillögur okkar sósialista hafi verið ofurliði bornar af þjóðstjórnarþm.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Ég ætla ekki að eyða löngum tíma til að svara hv. 5. þm. Reykv. út af pístarsögu hans. Mér skildist á honum, að hann telji þetta frv. freklega móðgun við útgerðarmennina. En ég held, að ekki sé hægt að segja, að sérlega illa sé með þá farið eða atvinnuveg þeirra í frv. Það vita allir, hvað sem hv. þm. segir, að vandræði þeirra stöfuðu ekki af opinberum álögum, heldur fyrst og fremst af aflatregðu og markaðstapi. Á Alþingi 1938 voru sett sérstök lög um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja, þar sem opinber gjöld þeirra voru mjög takmörkuð og leyft að draga frá skatttekjum tap fyrri ára, en auk þess 90% af því fé, sem lagt væri í varasjóð. Skyldi það vera skattfrjálst. Ári síðar var svo breytt gengi krónunnar, eingöngu með hag útgerðarmanna fyrir augum. Þessar ráðstafanir voru nauðsynlegar þá. En nú hefur orðið sú breyting á, sem öllum er kunn, að útgerðarfyrirtækin hafa grætt stórfé, meira en dæmi eru til. Mér skildist hv. 5. þm. Reykv. telja, að útgerðarmenn hefðu þrátt fyrir það átt að hafa 90% af tekjum sínum skattfrjálst. Það sama kom fram hjá einum hv. flokksbræðra hans við 2. umr. málsins. En ég held, að ekki sé hægt að halda því fram, að útgerðarmönnum sé íþyngt um of með þessu frv., ef að lögum verður. Og ekki er það móðgun, þótt hið opinbera láti sig einhverju skipta varðveizlu og notkun þess fjár, sem skattfrelsi er veitt fyrir, enda eru þau ákvæði til þess eins að tryggja, að hlunnindin komi atvinnurekstrinum að fullum notum, hvort sem er til nýbygginga eða annarra nauðsynja útvegsins.

Út af því, sem hv. þm. (SK) sagði um innistæður á biðreikningum og nýbyggingarsjóð, vil ég benda á, að ekki voru sett lög um það fyrr en í jan. 1941, að útgerðarmenn yrðu að geyma nokkuð af andvirði aflans á biðreikningum, en hér er verið að ræða um meðferð gróðans frá árinu 1940, meðan menn fengu yfirfærðan hingað heim allan sinn erlenda gjaldeyri. Það lá samkv. því beinast við að leyfa ekki, að neitt af fé

nýbyggingarsjóðs mætti vera á biðreikningum. Hins vegar vildi fjhn. leyfa það um verulegan hluta nýbyggingarsjóðs, eins og menn vita. Nú hefur hv. 5. þm. Reykv. ásamt fleirum lagt til, að allt fé nýbyggingarsjóðs megi vera á biðreikningum. Engin ástæða virðist til þess. Hins vegar get ég fyrir mitt leyti fallizt á brtt. hv. þm. Borgf. um, að ⅝ nýbyggingarsjóðs megi vera á biðreikningum, og sé hvorki réttlætiskröfu né fyrirsjáanlega þörf á að ganga lengra í þá átt.

Ég held, að ekki sé hægt að segja, að útgerðinni sé íþyngt með þessum skattal. Tekjur hennar eru nú meiri en nokkru sinni áður, og hafa aldrei orðið slíkar tekjur af nokkrum atvinnurekstri hér á landi fram að þessu.

Ríkissjóði er hins vegar þörf á miklum tekjum, bæði til að lækka skuldir og til að standa straum af ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum. Því er ekki rétt að láta þetta tækifæri hjá líða, án þess að nota það til þess að ná nokkru meiri tekjum í ríkissjóð en hægt hefur verið áður. En allar fullyrðingar hv. 5. þm. Reykv. um það, að útgerðin sé hart leikin, eru algerlega út í bláinn.

Jón Pálmason: Ég gerði ekki ráð fyrir því, að fram mundi fara langar umr. við þetta tækifæri, og hefði ég ekki orðið til að lengja umr., ef ekki hefði komið fram í ræðu hv. þm. V.-Húnv. tilefnislaus, og ég vil segja ósvífin, rangfærsla á orðum hv. 5. þm. Reykv., sem hann vildi einnig sýnilega yfirfæra á mig. Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að hv. 5. þm. Reykv. og einn flokksbróðir hans hefðu haldið því fram við 2. umr., að l. um skattfrelsi útgerðarfélaganna frá 1938 ættu að gilda óbreytt áfram. Þetta er rangt. Ég veit ekki til, að nokkur þm. hafi haldið því fram, að þessi l. ættu að gilda áfram. Annað mál er það, hvort sanngjarnt sé, að afnám þessara umræddu l. sé látið verka aftur fyrir sig.

Viðvíkjandi umr., sem fram hafa farið um fé það, er útgerðarmenn eiga á biðreikningi, verð ég að segja það, að mér þykir nokkurt ósamræmi í því, að þeir mennirnir, sem vilja draga sem mest úr því, að útgerðarfél. megi eiga nýbyggingarsjóði á biðreikningi, komu hér nýlega fram með frv. um það, að stofnaður yrði gjaldeyrisvarasjóður í enskum pundum og ætti að geymast í Englandi til tryggingar fyrir gjaldeyrisverzlun landsins í framtíðinni.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Ég verð að gera stutta aths. Ég var áðan að tala um hinar miklu tekjur útgerðarinnar árið 1940, fyrst og fremst. Í ræðu hv. þm. A.-Húnv. við 2. umr. þessa máls og eins í fjhn. kom það fram, að hann taldi ekki rétt að láta l. um afnám skattfrelsisins verka aftur fyrir sig, sem hann kallar svo, þ. e. láta afnámið ná einnig til teknanna frá s. l. ári. Hann sagði þó í n. og hér í hv. d., að öðru máli væri að gegna um stríðsgróðaskattinn. En ef l. væru ekki látin verka aftur fyrir sig, þá væri ekki hægt að leggja þann skatt á meira en 10% af tekjunum, því að félögin hafa 90% skattfrjáls. Ég kannast því alls ekki við að hafa rangfært orð eða skrif hv. þm. A.-Húnv. né samflokksmanns hans, hv. 5. þm. Reykv.

Jón Pálmason: Það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði nú, er alveg rétt að öðru leyti en því, að ólíkt er að leggja á nýjan skatt og að taka hlutaðeigandi félög undir tekjuskatt. En það bætir ekki úr þeim ósannindum þessa þm., að við hv. 5. þm. Reykv. höfum sagt, að l. um skattfrelsi útgerðarfyrirtækjanna ættu að standa áfram, en þessu hélt hv. þm. fram áðan.

ATKVGR.

Brtt. 342 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, StSt, SvbH, ÞBr,[1]) BÁ, BjB, EE, GÞ, HelgJ, ÍslH, JóhJón, JÍv, JPálm, JörB,

nei: SEH, SK, SkG, StgrSt, VJ, ÁÁ, BJ, EmJ, EystJ, HG, JakM, ÓTh, PHann.

6 þm. (TT, FJ, GG, GSv, HV, JGM) fjarstaddir.

Brtt. 345 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 338 felld með 16:8 atkv.

— 321 samþ. með 17:3 atkv.

— 291,2.d.1—2, svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 346).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Það hefur að vísu ekki unnizt mikill tími til þess fyrir n. að athuga þetta mál eins og það lítur út, þegar það kemur aftur frá Nd., því það var afgr. þaðan fyrir tiltölulega stuttri stund, en n. hafði þó fund og athugaði þær breyt., sem Nd. gerði á frv. Nd. gerði að vísu nokkrar breyt. á því, en enga þannig, að það verði til að raska þeim grundvelli, sem lagður var með þeim samtölum, sem fram fóru milli fulltrúa stuðningsflokka stj.

Ég skal leitast við að gera grein fyrir helztu breyt., sem gerðar hafa verið á frv. í Nd.

Fyrst er breyt. á 2. gr. Í staðinn fyrir að í frv. stóð: „að félög, sem hafa notið hlunninda", stendur nú: sem njóta eða hafa notið. — Ég býst við, að þessi breyt. hafi verið gerð til þess að taka af allan vafa. Önnur breyt. hefur einnig verið gerð á þessari gr. Í frv. segir: „Þó eigi hærri fjárhæð en varasjóðnum". Þarna hefur verið bætt við: í lok skattársins. — Ég býst við, að þetta sé líka aðeins nánari skilgreining til að taka af vafa.

Á 3. gr. hefur verið gerð nokkur breyt. á persónufrádrættinum. Þegar frv. fór héðan, var persónufrádrátturinn þrískiptur, eftir því hvort um var að ræða Reykjavík eða aðra kaupstaði með yfir 300 íbúa eða í 3. lagi aðra landshluta. Nú hefur þessu verið breytt þannig, að persónufrádrátturinn verður jafn á öllu landinu, að öðru

1) **ÞBr:** Mér þykir hart að þurfa að láta líta svo út sem ég telji sveitabörn minna virði en önnur börn, en segi samt já.

leyti en því, að hann er 100 kr. lægri fyrir hvert barn utan Reykjavíkur. Þó ég persónulega hefði verið meira með hinu fyrirkomulaginu, að hafa þetta tví- eða þrískipt, þá geri hvorki ég eða n. neinn ágreining út af því.

Þá er það viðvíkjandi umreikningnum á skattinum vegna verðfalls peninganna. Á þessu hafa verið gerðar tvær breyt. Önnur er sú, að bætt er inn í orðunum um, að það nái aðeins til einstaklinga heimilisfastra hér á landi, en hin breyt. er leiðrétting, sem ég hef þó ekki haft tíma til að prófa með einstökum dæmum, en ég hygg þó, að hún muni standast. Hér í d. var þessu atriði breytt á sínum tíma, og átti það að vera til hægðarauka, en það varð til að koma ofurlítilli skekkju inn í þetta, sem með breyt. Nd. er leitazt við að lagfæra og ég vona, að megi takast, þótt ég, eins og ég áðan sagði, hafi ekki haft tíma til að sannprófa það með dæmi.

Þá er hér breyt. á c-lið 4. gr., sem er í rauninni ekkert annað en það, sem ég tók skýrt fram, þegar málið var hér til umr., um tapsfrádráttinn, að tapið skuli draga frá, áður en félagið leggur í varasjóð, þannig að tapsfrádrátturinn kemur fyrst til greina. Þetta er sett hér inn með 2 breyt., sem gerðar hafa verið.

Þá er efnisbreyt. við d-lið 4. gr. Í stað þess, að frv. fór héðan með því ákvæði, að ⅓ af fé nýbyggingarsjóðs mætti vera á lokuðum reikningi, hefur þetta nú verið fært upp í ⅜ eða rúmlega helming. Það stendur þó eftir sem áður, að n., sem þarna á að fjalla um, sé heimilt að hækka þetta, ef félag, vegna uppfyllinga á öðrum ákvæðum, lendir í þröng með að geta látið nýbyggingarsjóð á annan hátt.

Hér er svo breyt. á j-lið, sem verður 64. gr. Hún er um það, að í staðinn fyrir að talað var um skattskyldar tekjur, er nú í frv. talað um tekjur ársins 1940, áður en skattur er á þær lagður. Ætti að vera tekinn af allur vafi, að þarna er ekki átt við skattskyldar tekjur, eins og talað var um í frv.

Ég verð að segja, að mér þykir leitt, að hv. Nd. skyldi ekki sjá sér fært að kippa einnig þessu atriði í samt lag, því að mér finnst það röng aðferð að nema lög úr gildi á þennan hátt. Það á að þurfa þrjár umr. og athugun í viðkomandi n. til að afnema lög, en með þessu lagi er hægt að gera það með brtt., sem smeygt er inn við 3. umr. og e. t. v. samþ. af tómri hendingu. En það er óheppilegt að flækja málinu milli deilda, svo að fyrir mun farast að bera fram brtt. um þetta að sinni.

Einu atriði vildi ég skjóta til hæstv. fjmrh. Þegar frv. er orðið að l., virðist sjálfsagt að það sé fellt inn í skattalögin og þau gefin þannig út. Um þetta ætti ekki að þurfa lagaákvæði. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort hann telur ekki, að það megi gera með venjulegri stjórnarráðstöfun, án þess að nokkuð standi um það í þessum lögum.

Nefndin leggur til, að frv. sé samþ. óbreytt.

Fjmrh. (Jakob Möller): Það er sjálfsagt alveg nóg, að því sé beint til ríkisstj., að æskilegt þyki, að hún geri ráðstöfun þá, sem hv. 1. þm. Reykv. ræddi um síðast. En mér finnst satt að segja vafasamt, þar sem mjög mikill hluti þessarar löggjafar gildir aðeins fyrir þetta eina ár og kemur til notkunar næstu daga, eftir að frv. nær hér samþykki, svo að enginn tími er til að fella þau lagaákvæði inn í skattalögin, endurprenta þau og dreifa þeim út um landsbyggðina í tæka tíð, þá finnst mér vafasamt, að ráðstöfunin sé rétt eða svari fyrirhöfn, einkum þar sem vitað er, að taka verður öll skattalögin til nánari endurskoðunar á næsta þingi.

Frsm. (Magnús Jónsson): N. lagði ekki mikla áherzlu á þetta atriði. Ég vildi aðeins skila þessari fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort ekki mætti framkvæma þetta sem hverja aðra stjórnarráðstöfun, og hef fengið jákvætt svar. Það er alveg rétt, að full þörf er á að leggja þessa löggjöf alla undir nákvæma skoðun á næsta þingi. Samkomulag það, sem nú varð um málið, var bundið við þau vandkvæða atriði ein, sem bráðust þörf var á að leysa, en mörg mikilsverð atriði eru óleyst (**PZ:** Þau eru mörg).

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 360).

42. Stríðsgróðaskattur.

Á 35. fundi Ed., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um stríðsgróðaskatt (þmfrv., A. 179).

Á 36. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Það er líkt ástatt um þetta frv. og það, sem tekið var fyrir í gær um tekju- og eignarskatt. Fjhn. Ed. hefur borið það fram fyrir hönd þeirra samningsaðila flokkanna, sem fjölluðu um skattamálin. Það er flutt með sama fyrirvara um einstök atriði, og ég hef sem formaður n. tekizt á hendur að skýra frá frv.

Í raun og veru hefði efni þess getað átt heima með bráðabirgðaákvæðum í skattalögunum. Ég veit ekki með vissu, af hverju því var ekki steypt þar inn í, en ástæðan var ef til vill sú, að þetta frv. var ekki fullsamið, þegar hitt var sent í prentun. Svo er ákvæðið í 1. gr., að auk þess skattgjalds, sem heimilað er með tekju- og eignarskattsl., skuli leggja sérstakan stríðsgróðaskatt á sömu tekjur og þar er um að ræða. Í 1. gr. er svo ákveðið um skattstigann, að ef skattskyldar tekjur nema 50 þús. kr. á ári, greiðist 4% af því, sem umfram er 50 þús., upp í 75 þús. kr. Fer svo skatturinn stighækkandi, þar til skattskyldar tekjur eru orðnar 200 þús. kr., en þar eftir verður hann 35%. Ef frv. þetta nær samþykki, getur tekjuskattur og stríðsgróðaskattur komizt upp í 75% af því, sem fram yfir er 200 þús., auk 12 af hundraði, sem innheimt er handa bæjarsjóðum í öðrum tilgangi. Þetta

ákvæði er hreint samkomulagsmál, eins og önnur ákvæði þessa frv. Flokkarnir munu hafa komið sér saman um, að ekki væri ósanngjarnt að innheimta stríðsgróðaskatt af tekjum fyrir 1940 eftir skattstiga þessa frv. Hefur komið fram óánægja frá sumum hv. þm., einkum sjálfstæðismönnum, vegna orðalags þessarar gr., þar sem ekkert er getið um að binda þennan skatt við stríðsgróða. En það er mjög erfitt að koma því fyrir og skilgreina, hvað er raunverulegur stríðsgróði, og mjög undir mati skattan., hvort eigi að telja háar tekjur stríðsgróða eða ekki. En þær tekjur, sem koma undir þennan stríðsgróðaskatt, eru svo háar, að sennilega er í flestum tilfellum um stríðsgróða að ræða. En þó að svo væri nú ekki, lentu skattgreiðendur aldrei nema í lægri flokknum. Að því leyti má segja, að sé nokkuð bætt úr, þó að þetta atriði sé ekki nánar skilgreint í 1. gr. frv.

Þá eru í 2. gr. ákvæði um, að stríðsgróðaskattinum skuli skipta milli ríkissjóðs og þess bæjarfélags, þar sem viðkomandi fyrirtæki er útsvarsskylt, þannig að ríkissjóður fái 60%, en bæjarfélagið 40%. Það er sýnilegt, að stríðsgróðaskatturinn verður greiddur á ýmsum stöðum, þar sem stórútgerð er, og nær engri átt, að hann renni óskiptur í bæjarsjóð, enda gæti hann numið meira en útsvarsþörfin er. Væri óþarfi að gera alla borgarana skattfrjálsa, og þess vegna eru hér sett ákvæði um, að í bæjarsjóð skuli ekki renna nema sem svarar ¼ af niðurjöfnun útsvara á þeim stað, en það, sem er fram yfir þessi 25%, skal renna í ríkissjóð.

Þá er eitt atriði í sambandi við þetta frv., sem ég vil gjarnan fá upplýsingar um hjá hv. fjmrh. Það er tekið fram í 10. gr. tekju- og eignarskattslaganna, að frádráttarhæfur sé sá tekju- og eignarskattur, sem greiddur er á árinu. Nú leit n. svo á, sem flutti frv., að þetta ákvæði skyldi tvímælalaust gilda einnig um stríðsgróðaskattinn, og er meiningin, að hann verði frádráttarhæfur eins og annar tekjuskattur. Nú vil ég gera þá fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort stríðsgróðaskatturinn mundi ekki vera talinn undir tekjuskattinn, að því er snertir ákvæði 10. gr. tekju- og eignarskattslaganna. Að öðrum kosti er nauðsynlegt að bera fram brtt. viðvíkjandi þessu, þar sem flestir munu sammála um, að stríðsgróðaskatturinn sé einnig frádráttarhæfur.

Ég hef svo ekki fleira að segja, og mun engin ástæða til að hafa umr. úr hófi langar að sinni.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Þau fáu orð, sem ég sagði um frv. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, fjölluðu líka um þetta frv., og get ég látið það nægja sem lýsingu á minni afstöðu til þessa máls. Ég skal ekki orðlengja um það að sinni, aðeins verða við ósk hv. frsm. og svara fyrirspurn hans, hvort stríðsgróðaskattur væri ekki frádráttarhæfur eins og annar tekjuskattur.

Þó að það sé ekki beinlínis tekið fram í l. um stríðsgróðaskatt, er enginn vafi á því, að um hann skuli gilda hið sama ákvæði að því er þetta snertir og um tekju- og eignarskatt, vegna þess að stríðsgróðaskatturinn er ekkert annað en tekjuskattur. Um framkvæmd á þessum l. er vísað hér til l. um tekju- og eignarskatt, og þar af leiðir, að ákvæði þeirra l. gildir líka um stríðsgróðaskatt hvað þetta snertir. Í l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs er tekið fram, að hátekjuskatturinn eigi að vera frádráttarhæfur, eins og tekjuskatturinn að öðru leyti, og um það hefur enginn ágreiningur verið, eftir því, sem ég bezt veit. Ég lít svo á, að ekki komi annað til greina í þessu sambandi en að draga stríðsgróðaskattinn frá skattskyldum tekjum, þó að það sé ekki tekið fram í frv.

*Bjarni Snæbjörnsson: Mig langaði til að segja aðeins fáein orð í sambandi við þetta frv., og vil sérstaklega benda á eitt atriði, sem hv. frsm. kom dálítið inn á. Í 2. gr. er mælt svo fyrir, að hlutaðeigandi sveitarfélag skuli fá 40% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður, en þó ekki meira en nemur 25% af niðurjöfnun útsvara í sveitarfélaginu á því ári. Fórust hv. frsm. þannig orð, að ekki næði nokkurri átt, að hann rynni óskiptur í bæjarsjóð, og gæti svo farið, að bæjarbúar þyrftu ekki að greiða neitt útsvar. Nú er það svo, að í bæjarfélögum, þar sem stórútgerð er, hafa mörg þeirra lítinn annan tekjustofn. Þau hafa safnað skuldum á þeim tímum, sem rekstur útgerðarinnar gekk illa, og orðið að láta sitja á hakanum ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir vegna fátæktar. Þess vegna finnst mér það ekki nema sanngjörn krafa, þegar slík höpp koma fyrir ríkissjóðinn, að nokkuð renni umfram það, sem beint er nauðsynlegt, til bæjarfélaga, sem svo er ástatt um.

Það getur vel verið, að n., sem hefur þetta til athugunar, og þeir menn, sem taka að sér að semja um þetta mál, hafi ekki veitt því næga athygli, að svo er hægt að búa um, að útsvörin þyrftu samt sem áður ekki að lækka, en að það væri skylda, að gjaldendur greiddu sín útsvör, en þannig væri búið um hnútana, að stríðsgróðaskatturinn kæmi að haldi viðkomandi bæjarfélagi sem hver annar happagróði til að bæta aðstöðu þeirra í fjárhagslegu tilliti eða í því tilliti að styðja útgerðina í baráttu hennar, sem hlýtur að koma seinna meir, þegar styrjöldinni er lokið, t. d. með því að búa betur í haginn fyrir hana með hafnarbótum eða lendingarbótum eða ýmsu öðru slíku. Það mætti t. d. hugsa sér að leggja þennan afgang, ef menn eru hræddir við að setja full 40%, eins og þarna er um mælt, að setja aðeins 25% og afgangurinn væri svo settur í sérstakan sjóð, sem væri svo notaður í þarfir bæjarfélagsins, einmitt af þessum sérstöku ástæðum, annaðhvort til að grynna á skuldum félagsins eða gera nauðsynlegar, verklegar framkvæmdir í bænum, sem gætu komið bæjarbúum eða útgerðinni að gagni, en bærinn gæti ekki ráðizt í nema hann hefði aukafé.

Ég býst við því, að ég komi með brtt. á svipaðan hátt og ég hef minnzt á nú, en þar sem ég hef hlerað það, að það eigi að flýta þessu máli, þá vildi ég gjarnan og mælist eindregið til þess, að n. tæki þetta til athugunar á næsta fundi sínum, þó að ekki væri búið að útbýta brtt. hér í deildinni fyrir þann fund, hvort ekki væri hægt að haga því svo, að sveitarfélagið eða viðkomandi bæjarfélag fengi þessi 40%, án

tillits til þess, hvað jafnað er niður á bæjarbúa, en svo væri um hnútana búið, að ekki þyrfti að óttast það, að útsvör almennings lækkuðu þrátt fyrir það.

*Frsm. (Magnús Jónsson): Ég hef eiginlega engu við þetta að bæta. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svar um þetta og býst við, að það nægi til þess, að ekki þurfi að bera fram brtt. um þetta, þar sem hann er sammála því, sem einnig kom fram í samningunum um þetta mál, að þessi stríðsgróðaskattur yrði frádragshæfur ásamt öðrum tekjusköttum.

Ég vil svara hv. þm. Hafnf. því, að það er sjálfsagt, að n. taki þetta til athugunar, en ég býst við, að það yrði að halda því ákvæði, að það mætti aldrei koma nema ákveðinn hluti, t. d. 25% af stríðsgróðaskattinum, á niðurjöfnun útsvara. Hitt er annað mál, hvort það er ákveðið í l., að hinn hluti skattsins rynni til þess bæjarfélags, sem um er að ræða.

Ég get sagt það, ekki sem frsm., heldur frá mér persónulega, að ég hef í raun og veru hugsað mér að bera fram brtt. í þá átt, að það af skattinum, sem ekki félli þannig til bæjarfélagsins upp í útsvör, rynni inn á reikning þess hjá ríkissjóði og væri varið til einhvers þess, sem mætti verða til þess að styrkja útgerðina.

Mér finnst það ekki nema sanngjarnt, að þau félög, sem þannig greiða ¼ hl. útsvara með þessum hætti, og þar að auki verulega fúlgu, að þessu yrði varið sérstaklega til einhvers þess, sem væri útgerðinni til hagsbóta og náttúrlega þá einnig viðkomandi stað, þar sem það yrði til þess að gera slíkan atvinnuveg hentugri og meira arðberandi á þeim stað. Ég býst þess vegna við því, að það sé sjálfsagt, að n. taki þetta til greina, og það er sömuleiðis algerlega frjálst þm. að bera fram frá sjálfum sér brtt. um þetta atriði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 179, 192, 203).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Einnig var of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 192 og 203. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Ég þarf ekki að tala langt mál um þá brtt., sem ég ber fram á þskj. 203. Frv. það, sem hér liggur fyrir, tel ég koma að litlu gagni, nema gerðar séu á því allmiklar breyt. Það hefur orðið mikil röskun á sviði fjármálanna í landinu, sem hefur það í för með sér, að mikil breyt. hlýtur að verða á niðurjöfnun útsvara. Ef farið yrði að leggja á þann stríðsgróðaskatt, sem gert er ráð fyrir í frv., svona af handahófi, þá er hætt við, að skatturinn kæmi mjög misjafnt niður, og engin trygging fyrir því, að stríðsgróðinn yrði í raun og veru skattlagður, nema að mjög litlu leyti. Og þar sem lagt er til, að draga megi stríðsgróðaskattinn frá skattskyldum tekjum, verður skatturinn sama og enginn annað árið. Ég teldi réttara, að ákveðið væri að leggja á hærri stríðsgróðaskatt í staðinn fyrir aukaútsvar og tekjuskatt.

Samkv. brtt. kemst skatturinn á þann hluta teknanna, sem eru yfir 50 þús. kr., upp í 90%, þegar komið er upp í 150 þús. kr. tekjur. Af þeim hluta teknanna, sem stríðsgróðaskattur er reiknaður, greiðist hvorki útsvar né annar tekjuskattur. Samkv. minni till. má ekki draga frá skattskyldum tekjum þessa árs, svo að skatturinn verður raunverulega greiddur bæði árin. Það er hægt að deila um það, hvernig skipta skuli þessum skatti milli ríkis og sveitarfélaga, en þar sem hlutur bæjarfélagsins kemur í stað útsvars af þessum hluta teknanna, er varla rétt að áætla hann minni en hér er lagt til.

*Frsm. (Magnús Jónsson): N. hefur ekki óskað að bera fram neinar brtt. við þetta frv., en fram eru komnar 2 brtt., önnur á þskj. 203, frá 1. landsk., og hefur hann mælt fyrir henni. Ég vil strax taka það fram, að þessi brtt. hans, ef hún yrði samþ., mundi svo gersamlega raska grundvelli frv., að vonlaust væri um afgreiðslu þess. Ég held þess vegna, að ég geti sparað frekari umr. um þá brtt.

Brtt. á þskj. 192, sem við flytjum hv. þm. Hafnf. og ég, er hins vegar fyrirkomulagsatriði, sem hægt er að samþ. án þess að raska frv., og skal ég ekki vera að mæla frekar með brtt. að öðru leyti en því að gera grein fyrir þeim.

Það er ákveðið í 2. gr., að stríðsgróðaskatturinn skuli skiptast milli ríkis og bæjarfélaga, þannig að ríkið fær 60%, en bæirnir, þar sem viðkomandi fyrirtæki eru rekin, 40%. En það er augljóst, að það eru viss bæjarfélög, sem eru þannig sett, að þessi hluti stríðsgróðaskattsins takmarkar svo mikið fjárráð skattþegnanna, að það gæti komið fyrir, að þessi hluti stríðsgróðaskattsins yrði meiri en útsvarsþörfin. Það gæti verið dálítið hæpin sanngirni, að ríkið greiddi bæjarfélögunum aldrei hærri fjárhæð en ¼ af niðurjöfnuðum útsvörum, og gerir brtt. því ráð fyrir, að þessu verði breytt í ⅓. Hin brtt. er aftur meira um grundvallaratriði. Eins og l. eru, mundi sá hluti, sem bæjar- og sveitarfélög gætu ekki notað, renna til ríkissjóðs, en hér er lagt til, að það, sem afgangs verður af stríðsgróðaskatti, geymist á reikningi sveitar- eða bæjarfélagsins og greiðist til hafnarbóta eða annarra þeirra verklegra framkvæmda, sem sveitarfél. eða bæjarfél. ræðst í til hagsbóta útgerðinni á þeim stað, enda samþ. atvmrh. ráðstöfunina. Ég teldi rétt að gera eina smáleiðréttingu á þessari breyt. við 3. umr., af því að ekki er rétt að binda þetta eingöngu við hafnarbætur eða það, sem útgerðinni viðkemur, vegna þess að gera má ráð fyrir, að stríðsgróðaskattur falli til einhverra hreppsfélaga, sem ekki liggja að sjó, og gætu þau að sjálfsögðu ekki ráðizt í hafnarbætur. Þetta er auðvelt að leiðrétta við 3. umr., og ætti það að fást samþ. án umr., ef menn vilja ganga inn á þessa braut.

Bernharð Stefánsson: Ég vil geta þess, að mér finnst brtt. á þskj. 192, frá hv. 1. þm. Reykv.

og hv. þm. Hafnf., koma í bága við þann samkomulagsgrundvöll, sem búið var að gera, því að ég man það glöggt, að þar var rætt um bæði þessi atriði og gengið frá þeim eins og stendur í frv. Hins vegar skal það játað, að þetta samkomulag er ekki svo bindandi fyrir hvern einstakan þm., að ekki geti komið til mála að koma fram með brtt. eða fylgja þeim, en ég taldi rétt að geta þess hér, að bæði þessi atriði voru rædd, og varð um þau það samkomulag, sem frv. ber með sér. Þá vil ég árétta það, sem hv. flm. sagði um b-liðinn, að hann getur ekki staðizt eins og hann er nú í frv., því að það mun beinlínis liggja fyrir, að stríðsgróði hefur fallið til í hreppum, þar sem engin útgerð er til og því ekki hægt að verja gróðanum til hafnarbóta.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég vil aðeins geta þess, að í grg. frv. áskilja einstakir nm. sér rétt til þess að bera fram brtt. og vera með brtt. — Það samkomulag, sem ég tel mig bundinn af, er, að ég geri það ekki að ágreiningi um málið sjálft, þótt mínar brtt. verði felldar. Við hv. þm. Hafnf. leggjum aðeins þessar till. fram og látum atkv. skera úr um það, hvernig fer um þær, en samkomulagið bindur mig að vera með frv., enda þótt þær nái ekki fram að ganga.

ATKVGR.
Brtt. 203,1 felld með 11:1 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 203,2 felld með 11:1 atkv.
— 192,a felld með 7:7 atkv.
— 192,b felld með 8:5 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Forseti (EÁrna): Næsti fundur er ákveðinn í kvöld, kl. 9, og verður þá þetta mál tekið til 3. umr., svo og frv. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, og enn fremur mál, sem nú er til meðferðar í hv. Nd. (frv. um leigu húsnæðis í sveitum og kauptúnum), ef sú deild verður þá búin að afgreiða það frá sér.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Mér finnst satt að segja, að þessu máli sé hraðað helzt til mikið, ef það á að ganga í gegnum 2. og 3. umr. sama daginn. Það er öllum vitanlegt, að það eru ákvæði í þessu máli, sem ekki eru venjulega í löggjöf, og það gefur því a. m. k. ekki betri blæ, ef svona litlum tíma er varið til að afgr. málið. Auk þess veit ég, að brtt. eru í undirbúningi, sem ekki yrði lokið fyrir kl. 9 í kvöld.

Forseti (EÁrna): Ég hef lofað því vegna annars máls að hafa fund í kvöld. Ég mun þess vegna boða fund nú kl. 9 í kvöld og leggja þá fyrir dagskrá. Ég mun taka þessi 2 mál á dagskrá og enn fremur það mál, sem ég gat um, í því trausti, að málið verði þá til hjá Nd.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 332).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 47. og 48. fundi í Nd., 29. og 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 179, n. 293, 298).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti! Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar og leggur til, að frv. verði samþ. með einni breyt., sem prentuð er á þskj. 293. Í 2. gr. frv. er ákvæði um það, að ríkisstj. skuli greiða til hvers bæjarfélags 40% af þeim stríðsgróðaskatti, sem lagður er þar á og innheimtur, en þó ekki meira en 25% af niðurjöfnuðum útsvörum á því ári. Fjhn. leggur til, að sá stríðsgróðaskattur, sem koma skal í hlut sveitar- og bæjarfélaganna, megi nema 40% af niðurjöfnuðum útsvörum, í staðinn fyrir 25%. — Einnig er hér brtt. á þskj. 298, frá meiri hl. fjhn. Að undanförnu hafa bæjar- og sýslufélög hér á landi fengið greidd 12% af álagðri viðbót við tekju- og eignarskattinn, eftir l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Nú er ekki gert ráð fyrir, að sú löggjöf verði framlengd á þessu þingi, og fellur því þetta gjald niður. Meiri hl. n. leggur til í brtt., að ríkissjóður greiði 6% af þeim stríðsgróðaskatti, sem innheimtur verður eftir frv., til þeirra bæjar- og sýslufélaga, sem engan skatt fá eftir 2. gr. frv. En ætlazt er til, að fé þessu verði skipt milli bæjar- og sýslufélaganna í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem til fellur á hverjum stað.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en óska eftir því, að brtt. verði bornar undir atkv. ásamt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 293 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 298 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 14:6 atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 332).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*Frsm. (Magnús Jónsson): Það er nú víst ekki hægt að taka mál rækilegar út af dagskrá en gera það að lögum. Ég gleymdi að vekja athygli hv. þdm. á því smáatriði við 102. mál, sem var á dagskrá hér á undan (frv. um tekjuskatt og eignarskatt), að í niðurlagi 2. gr., liðunum a—c, er ekki átt við þær upphæðir, sem íslenzk útgerðarfélög áttu í varasjóði í árslok 1939. Vona ég, að þessi gleymska mín hafi ekki komið að sök.

Frv., sem hér liggur fyrir, hefur tekið tveim breyt. í hv. Nd. Fyrri breyt. er sú, að sá hluti stríðsgróðaskatts, sem renna skal til einstakra bæjarfélaga eða sveitar, má nú nema 40% af niðurjöfnuðum útsvörum á ştaðnum, en var áður 25%. Það kom nú að vísu fram hér, að þm. voru ekki fúsir að breyta þessu lagaákvæði. Brtt. var borin fram um að hækka þetta upp í 33%, en náði ekki samþykki. En n. getur fallizt á þetta og gerir ekki ágreining um það.

Þá er bætt inn í frv. nýrri 3. gr., þess efnis, að ríkissjóður greiði 6% af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkv. 2. gr. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem til fellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum. Nefndin ræddi þetta ekkert sérstaklega, en áleit ekki rétt að tefja málið með neinum brtt. um þessi efni og leggur til að samþ. frv. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 361).

---

43. Eftirlit með opinberum sjóðum.

Á 24. fundi í Ed., 27. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá (þmfrv., A. 100).

Á 27. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti! Það munu nú vera liðin 5 ár síðan eftirlitsnefnd þingsins með opinberum sjóðum tók til starfa, og hefur hún unnið að því árum saman að safna skýrslum um þá sjóði, sem hafa haft staðfesta skipulagsskrá frá konungi. Þeirri söfnun er nú lokið fyrir meira en ári síðan og er búið að skjalfæra þá sjóði, sem munu hafa fengið konunglega staðfestingu á skipulagsskrá, og eru þeir 452 talsins til ársloka 1939, og nærri hálf áttunda milljón það fé, sem í þeim er.

Það var svo komið, þegar byrjað var á þessu starfi n., að einstaka sjóðir voru að heita mátti gleymdir, og lá niðri starfsemi þeirra margra. Síðan byrjað var á þessari skýrslusöfnun, hefur að ýmsu leyti batnað skipulagið á sjóðunum, og munu þeir, að ég hygg, allir vera farnir að starfa nú samkvæmt starfsskrám sínum.

Þó að þessir sjóðir séu margir, þá eru aðrir fleiri gjafasjóðir til, sem ekki hafa fengið neina staðfesta skipulagsskrá og eru því verr komnir en hinir, sem skipulagsskrár hafa fengið. Stjórn þeirra nokkurra er í handaskolum, og fyrirmæli eru því nær engin frá gefendum þeirra um það, hvernig starfsemi þeirra skuli háttað. Sjóðir þessir liggja hjá stofnunum og einstaklingum úti um land, og starfsemi þeirra mun vera lítil eða engin. Einstaka slíkir sjóðir munu vera horfnir. Ýmsir aðrir þeirra eru að gleymast, þó að féð sé fyrir hendi, eða lítur út fyrir, að þeir muni gleymast.

Nú var einum manni úr eftirlitsn. falið að athuga, hverjir sjóðir þessir væru. Það kostaði mikinn tíma, og ekki var hægt að gera eftir þeirri athugun nema bráðabirgðayfirlit. En tala slíkra sjóða, sem víst var um, voru 344 sjóðir, sem þegar hafa verið skrásettir af eftirlitsn., og eru á þriðju milljón eignir þessara sjóða.

Við, þeir þdm. Ed., sem sæti eigum í eftirlitsn., komum með frv. um breyt. á l. frá 1935 um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, þess efnis, að hinir aðrir sjóðir, sem ekki hafa fengið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, en ættu eftir eðli sínu að hafa hana, kæmu einnig undir eftirlit þessarar sömu n. Ætlunin með þessu er alls ekki sú að fara að rugla þar neitt um vilja gefenda slíkra sjóða eða breyta til um þá starfsemi, sem þessir sjóðir, samkvæmt till. gefenda, eru farnir að hefja, heldur að líta eftir, að þeir geti framkvæmt þá starfsemi, sem þeim var upphaflega ætlað. Fyrir þá, sem ætla að stofna slíka sjóði, teljum við það tryggingu fyrir réttri meðferð þeirra, að ríkið geri eitthvað til þess að fylgt sé starfsreglum þeim, sem gefendur þeirra ætlast til að sjóðirnir fylgi. Með því móti er áreiðanlegt, að ýmsir, sem annars af ótta við glundroða í meðferð slíkra sjóða hikuðu við að gefa fé til þeirra, munu frekar gefa fé til þeirra hugðarefna, sem þeir hafa áhuga á og vilja styrkja.

Með þessu frv. er ekki ætlazt til að taka undir eftirlit sjóði félaga, sem þau kynnu að hafa stofnað og starfrækja enn, svo sem sjóði verklýðsfélaga, sem miða að kjarabótum, eða styrktarsjóði, sem félög stofna fyrir sína félaga, heldur sjóði, sem stofnendurnir eru búnir að láta hverfa frá sér og flestir eru komnir í annarra hendur.

Hér í frv. eru sett fyrirmæli um það, að þeir menn eða stofnanir, sem hafa þessa sjóði undir höndum, sem nú á að bæta undir eftirlitið, semdi fyrir lok ársins 1941 gjafabréf eða stofnskrá, svo að þá þegar væri hægt að taka þá undir eftirlitið.

Í 1. gr. hefur fallið úr ákvæði, sem þar átti að vera, um það, að eftirlitsmenn skuli á ári hverju senda Alþingi og fjármálaráðun. skýrslu um sjóði þessa. Munum við bera fram brtt. við frv. um þetta. Okkur þykir það of mikið verk að semja árlega skrá yfir alla sjóðina, þó að einstöku sinnum verði að gera það.

Ég vonast til þess, að hv. þd. sjái, að það er nauðsyn á þessari breyt. á l., sem frv. fjallar um, og muni því taka þessu máli vel. Vil ég svo óska þess, að málinu verði, að umr. lokinni, vísað til allshn., þar sem einn af eftirlitsnm. á sæti í þeirri n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, 114, n. 150).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*__Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)__: Herra forseti! Um þetta mál get ég verið stuttorður, því að frv. fylgir allýtarleg greinargerð, og enn fremur hefur hv. flm. skýrt mjög nákvæmlega frá málinu við 1. umr. þess. Það er þess vegna endurtekning að vera að flytja hér langt mál. Allshn. hefur athugað frv., sbr. þskj. 150, og mælir með samþykkt þess.

Í stuttu máli er farið fram á, að þeir sjóðir, sem ekki hafa enn fengið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, fái hana nú þegar.

Athugun hefur farið fram um, hversu margir slíkir sjóðir séu. Sú athugun er þó ekki tæmandi, því hér er um byrjunarstarf að ræða. En víst er um það, að þessir sjóðir eru allmargir, og er hér um stórar upphæðir að ræða. Reynslan hefur sýnt, að l. um þetta 1935 voru ekki sett að ófyrirsynju. Allmargir sjóðir voru gleymdir, og varð að þeim talsverð leit, en samt fundust þeir nú flestir, enda þótt fáeinir séu með öllu glataðir.

Ég hygg, að Alþ. ætti að vera sér meðvitandi um að hafa eftirlit með sjóðum, sem stofnaðir eru árlega, svo þeir séu öruggt geymdir.

Hér er um fé að ræða, sem þjóðin leggur á vöxtu til handa óbornum kynslóðum. Tilgangur sjóðanna er með ýmsu móti, og gætu þeir glatazt landslýð, ef þeir yrðu ekki undir eftirliti. Ég tel því sjálfsagt að gefa út skrá yfir sjóðina, svo landsmönnum séu þeir kunnir. Það er höfuðatriði málsins.

Gera má þó ráð fyrir ýmsum sjóðum, sem ekki mun vera hægt að seilast inn á. T. d. samvinnuhreyfingin, sem hefur sjóði sína undir eigin eftirliti. Enn fremur eiga margir skólar sjóði, sem eru undir umsjá skólastjórnarinnar. Og þannig mætti lengi telja. Ég ætla þó ekki að fara út í neina upptalningu hér. En þeir sjóðir eru margir, sem þarf að gefa gaum, og þess vegna mæli ég með, að inn á þá braut verði gengið, sem rætt er um hér að framan.

ATKVGR.
Brtt. 114 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 163).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 163).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 371).

---

44. Prentsmiðjur.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur (þmfrv., A. 170).

Á 36. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., 18. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 170, n. 281).

*Frsm. (Árni Jónsson): Eins og nál. ber með sér, hefur n. fallizt á frv., en taldi réttara að sameina í eina heild og samræma alla þá viðauka, 5 að tölu, sem bætzt hafa við þessi l. frá því, að þau voru sett. Eru það l. frá 1901, 1907, 1909, 1928 og 1939, — hafa þannig 5 viðaukar bætzt við þessi l. auk þess viðauka, sem gert er ráð fyrir í frv. Við tókum því að okkur að samræma þetta og fella í eina heild.

Eftir þessari brtt. og eins og lagagr. er nú, þá ber Landsbókasafninu og hinni konunglegu bókhlöðu í Kaupmannahöfn að fá 2 eintök af öllu því, sem prentað er. Háskólasafnið skal fá eitt eintak og nokkur önnur bókasöfn sömuleiðis eitt eintak af öllum ritlingum og bókum. Koma hér til greina amtsbókasöfn norðlendingafjórðungs, austfirðingafjórðungs og vestfirðingafjórðungs, bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar, amtsbókasafn Færeyja og háskólabókasafnið í Winnipeg. Auk þess skal þjóðskjalasafnið fá eitt eintak af öllum blöðum og tímaritum, sem út koma.

Önnur breyt., sem við höfum borið fram, er sú að hækka sektarákvæði frá því, sem nú er, úr 5—500 kr. upp í 25—2000 kr. fyrir vanskil á prentmáli, og er þessi hækkun í samræmi við þá verðgildisbreytingu, sem orðið hefur á síðustu tímum.

Ég hef nú gert grein fyrir þessum brtt. n., og ég vænti þess, að hv. d. samþ. þær.

ATKVGR.
Brtt. 281,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 281,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 393).

---

45. Sveitarstjórnarlög.

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927 (þmfrv., A. 159).

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 159, n. 277).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefur nú athugað þetta frv., og, eins og sjá má á nál. hennar á þskj. 277, mælti hún með því með lítils háttar breyt.

Þetta frv. miðar að því að ráða nokkra bót á launakjörum hreppsnefndaroddvita, og álítur fjhn., að það sé hin mesta þörf á því að gera svo, því að það er vitanlegt, að störf hreppsnefndaroddvita aukast ár frá ári, og meðfram vegna löggjafar, sem kemur frá Alþingi, og annarra ráðstafana. Það er t. d. ekki lítið, sem störf hreppsnefndaroddvita hafa aukizt við matvælaskömmtunina, sem var tekin upp í stríðsbyrjun.

Laun þessara starfsmanna hafa verið lítil og voru ákveðin fyrir 14 árum þannig, að þau skyldu vera 5 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa og önnur ekki. En víða hefur það verið svo, að hreppsnefnd hefur með samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar ákveðið hreppsnefndaroddvitanum innheimtulaun af útsvörunum, og hefur það bætt töluvert úr skák.

Þetta frv. gengur út á það að hækka hin föstu laun hreppsnefndaroddvita um helming, þannig að þau verði 10 kr. á ári fyrir hvern fullan tug hreppsbúa, en auk þess skuli greiða þeim 2% af innheimtum útsvörum. Nú er fjhn. kunnugt um það, að einstaka oddvita hafa áður af hreppsnefnd og með samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar verið ákveðin hærri innheimtulaun en 2%. Með því að samþykkja frv. óbreytt, gat því farið svo um suma oddvita, að kjör þeirra bötnuðu ekki neitt, því þó að fasta þóknunin hækki um helming, þá kynni hundraðshlutinn af útsvörunum að lækka, ef skilja mætti þetta ákvæði í 1. gr. frv. um 2% þannig, að þetta væri fast gjald. Það skyldi greiða 2%, hvorki meira né minna.

Þessi litla breyting, sem fjhn. ber fram, er þá aðeins um það, að auk þess sem launin eru hækkuð upp í 10 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa, beri oddvitum minnst 2% af útsvörunum í innheimtulaun. Það verður þá eins og áður að því leyti, að það verður komið undir samningum við hreppsnefndina og hlutaðeigandi sýslunefnd, hvort oddvita verður greitt meira en 2%. Vildi n. koma í veg fyrir, að þetta væri skilið sem hámark.

Verði frv. að l. með þessum breyt., þá ber að greiða oddvitanum 10 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa og 2% af innheimtum útsvörum, ef ekki eru ákveðin hærri innheimtulaun.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að mæla á móti þessu frv., því að ég er í sjálfu sér með því, en til þess að benda á það, að ég held, að n. þyrfti að taka til athugunar að breyta 1. gr. frv. enn. Eins og hún er orðuð nú, þá virðist það vera skýlaust, að oddvita beri að fá 10 kr. á hvern tug íbúa og 2% í innheimtulaun. En nú er það svo á allmörgum stöðum á landinu, að oddvitinn innheimtir ekki útsvörin, en það er falið sérstökum manni, Á þá oddvitinn að fá þessi 2% líka, en sá, sem innheimtir, ekki neitt? Þetta held ég, að þurfi lagfæringar við, svo það komi skýlaust fram, hvort oddvita ber að fá þessi 2%, hvort sem hann innheimtir útsvörin eða ekki, eða hvort þetta eiga að vera innheimtulaun og ganga til þess manns, sem innheimtir útsvörin.

Ég vildi biðja hv. n. að athuga þetta, þar sem þetta getur orkað tvímælis.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég held, að frv. þurfi engrar breytingar við fyrir þessar sakir. Ef ég man rétt, þá er svo ákveðið í sveitarstjórnarl., að oddvitinn eigi að innheimta útsvörin og hafa yfirleitt það og aðrar framkvæmdir hreppsnefndarinnar með höndum. Að vísu er hreppsnefnd heimilt að fela öðrum hreppsnefndarmönnum tiltekin störf, þar á meðal innheimtu útsvara. En slíkt mun jafnan gert með samkomulagi við oddvita, og verður þá sjálfsagt einnig samkomulag um þóknun fyrir störfin. En oddvita ber, samkv. sveitarstjórnarl., skylda til að inna öll þessi störf af hendi, og því eðlilegast að miða laun hans við það, að hann geri svo. Hitt virðist ekki þörf, að ákveða í lögum þóknun fyrir störf, sem unnin eru samkv. samkomulagi.

Ég hef ekki sveitarstjórnarlögin hér við höndina, og er því kannske ekki rétt að fullyrða, hvað stendur í þeim, en ég hef sjálfur verið lengi hreppsnefndaroddviti og man ekki betur en oddvita beri yfirleitt að annast um, að ákvarðanir hreppsnefndar séu framkvæmdar, og meðal annars að sjá um innheimtu útsvara, og hlýtur það því að vera sérstakur samningur, þegar annar sér um innheimtu þeirra.

ATKVGR.
Brtt. 277 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 317, 318).

Páll Zóphóníasson: Ég reyndi hér við síðustu umr. þessa máls að sýna fram á, að það þyrfti að breyta 1. gr. frv. eins og hún er nú, þar sem ætlazt er til, að oddviti fái 2% af innheimtum útsvörum, og taldi ég, að oddviti ætti ekki að fá þessi 2% nema því aðeins, að hann innheimti þau.

Nú er það svo, að það eru oft aðrir en oddvitarnir, sem innheimta útsvörin. Og ég hef orðið var við, að margir líta svo á, að þessi greiðsla eigi að vera til oddvita, hver sem inn-

heimti útsvörin. Ég hef borið þetta undir tvo lögfræðinga, og segja þeir, að eftir því, hvernig gr. sé orðuð, beri að skilja það svo, að oddviti eigi að fá þessi 2% af innheimtum útsvörum, hvort sem hann innheimti eða ekki. Stundum hefur oddvitanum verið greitt aukalega fyrir innheimtuna, sums staðar allt að 5%. Það hefur líka verið sú venja sums staðar að hækka kaup oddvita með því að reikna húsaleigu til fundahalda á heimili oddvita hærra en sanngjarnt hefur verið. Verði þetta frv. að l., hækka föstu launin úr 5 kr. upp í 10 kr. á hvern fullan tug hreppsbúa og auk þess þessi 2%. En eins og ég hef tekið fram við þessar umr. og mín brtt. er um, finnst mér ekki rétt, að hann fái þessi 2%, nema því aðeins, að hann innheimti útsvörin.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls, þá tel ég óþarft að gera þá breyt. á frv., sem hv. 1. þm. N.-M. hefur stungið upp á og flytur brtt. um á þskj. 318. Ég get nú dálítið efazt um lögskýringar hv. þm. um, að þessi 2% eigi eingöngu að vera innheimtulaun. **(PZ:** Ég sagði, hvort sem hann innheimti eða ekki). En það stendur skýrum orðum í frv., að oddviti eigi að fá 10 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa og auk þess minnst 2% af innheimtum útsvörum. Þetta eru þau laun, sem oddvitinn á að fá fyrir þau störf, sem sveitarstjórnarl. ákveða. Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. N.-M. gat hér um við 2. umr. þessa máls, að hreppsn. getur falið öðrum hreppsnefndarmanni störf þessi, svo sem fjallskil, innheimtu o. fl. En þetta eru þau störf, sem oddvita eru ætluð, og skilst mér þá, að semja verði við þá menn, sem kynnu að vinna eitthvað af þessum verkum, um borgunina fyrir þau. Hv. þm. sagði, að sums staðar væru það aðrir, sem innheimtu útsvörin, en oddvitarnir. Ég held, að það sé mjög óvíða. Þar, sem ég þekki til, eru það oddvitarnir, sem innheimta þau.

Þá skal ég að lokum geta þess, að ég hef borið þessa skoðun mína undir meðnm. mína í fjhn., og hafa þeir fallizt á, að hún væri rétt, Og er það skoðun n., að rétt sé að samþ. frv. eins og frá því var gengið við 2. umr. hér í hv. deild.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég hef kannske ekki talað nógu ljóst. Ég sagði, að þeir lögfræðingar, sem ég hefði talað við, hefðu sagt, að eftir því, sem gr. væri orðuð, bæri oddvitanum launin og þessi 2%, hvort sem hann innheimti eða ekki. Í 9. gr. sveitarstjórnarl. stendur: „Hreppsnefndin getur þó falið hverjum nefndarmanni, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf (sbr. 8. gr.), t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, annast bréfagerð um einstök mál eða einhverjar greinir mála og annað, er að þeim lýtur, o. s. frv. Að öðru leyti annast oddviti um slíkt".

Ég skal viðurkenna, að það er greinilegra að orða brtt. eins og hv. þm. var að tala um, það er greinilegra, að það komi á eftir: „ella sá, sem innheimtir útsvörin". — Ég mun koma með skrifl. brtt. um þetta.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og ég mun hafa sagt við 2. umr. þessa máls, geri ég ráð fyrir, að ef öðrum manni í hreppsn. yrði falið að innheimta útsvörin, mundi það að sjálfsögðu verða samkomulag á milli hans og hreppsnefndar, hvað hann fengi fyrir það. Því oddvita ber að vinna það verk samkv. sveitarstjórnarl., og honum eru ætluð einnig launin fyrir það. Hins vegar má auðvitað hafa samkomulag innan nefndarinnar um að haga þessu á annan hátt, og má telja víst, að oddviti greiði þá af launum sínum fyrir að vinna þau störf, er honum ber skylda til að vinna.

Ég álít, að það sé síður en svo þörf á að breyta frv., en ég mun ekki gera þetta neitt að kappsmáli, að svo verði ekki. En það mun vera afar óvíða, að aðrir en oddvitarnir innheimti útsvörin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 330) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Magnús Jónsson:** Ég er nú afar hræddur um, að jafnvel með þeirri nýju viðbót, sem felst í skrifl. brtt. hv. 1. þm. N.-M., standist brtt. á þskj. 318 illa, því að eftir orðanna hljóðan á sá, sem innheimtir, að hafa bæði launin og innheimtuþóknunina, sem eru þessi 2%, því að það stendur þannig í frv., ef brtt. bætist aftan við: „Oddviti skal hafa að launum um árið 10 kr. fyrir fullan tug hreppsbúa, og auk þess minnst 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum, sé hann innheimtumaður, ella sá, sem innheimtuna annast".

Það er alveg rétt hjá hv. frsm., að ég er sammála um tilganginn með orðalagi 1. gr. frv. Það er rökrétt, að oddvitanum ber þetta fyrir full oddvitastörf. En ræki hann þau ekki öll, hvað þá? **(BSt:** Það verður samkomulag). Nú má fela öðrum bréfaskriftir og fjallskil, og á þá sá, sem það gerir, ekki að fá neitt fyrir það? Nei, ég skil það þannig, að oddvitanum ber 10 kr. og 2% af innheimtum útsvörum. Eigi að losa hann við eitthvað af þessum störfum, hlýtur það að vera algert samkomulag. Það er oddvitinn, sem einn hefur þá borgaralegu skyldu að sjá um, að þessi störf séu innt af hendi, en feli hann það öðrum, hvort sem það eru skriftir, innheimta eða annað, ber honum að borga það, og hlýtur það alltaf að verða eftir samkomulagi, hvað hann borgar fyrir það. Ef mönnum líkar eitthvað illa við hann, þá skeður ekkert voðalegra en það, að hann hefur þessar krónur þangað til kosið verður næst. Ég hafði skilið þetta svo, að ef ágreiningur yrði um þetta, þá hefði oddvitinn þessa innheimtu. En í flestum tilfellum er það auðvitað samkomulagsmál. Ég er á móti því að taka það beinlínis fram, að þessi 2% skuli fara til þess manns, sem er falið þetta sérstaka starf oddvitans. Er sérstök ástæða til að taka þetta fram um þetta sérstaka starf? En svo þar að auki held ég, að hv. þm. verði að bæta um brtt. sína, ef hún á að verða tvímælalaus.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég skal geta þess, að það er enginn ágreiningur milli mín og

hv. 1. þm. Reykv. um þetta atriði, því ég minntist ekkert á það, hvernig að skuli farið, þegar störf eru tekin af oddvita að honum nauðugum. Ég talaði einungis um það, þegar samkomulag er innan hreppsnefndar. Ég held nú líka, að það sé varla til, að taka störfin af oddvita móti vilja hans. Bæði held ég, að það sé vafasamt, hvort hreppsnefndin getur tekið störf af oddvitanum að honum nauðugum, og eins hitt, að ég hygg, að það mundi í flestum tilfellum verða ofan á, að hún þá losaði sig við slíkan oddvita. En auðvitað greiðir oddvitinn fyrir þau störf, sem annar vinnur fyrir hann, þegar það er með hans samþykki.

ATKVGR.
Brtt. 318 felld með 8:2 atkv.
— 330 kom ekki til atkv.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 317, 343).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv. er komið aftur frá hv. Ed., sem gerði á því lítils háttar breyt., nefnilega þá, að oddviti skuli auk launa sinna hafa minnst tvo af hundraði af innheimtum útsvörum. Ég tel, að þetta hafi svo lítið að segja, að ekki sé ástæða til að gera aths. við það, en það hefur komið í ljós, að flm. frv. hefur láðst að taka fram, frá hvaða tíma ætti að reikna laun oddvita eftir þessum nýju l. Þess vegna hef ég borið fram brtt. á þskj. 343 um, að aftan við 2. gr. frv. bætist: og taka hreppsnefndaroddvitar laun samkv. þeim frá 1. jan. 1941. — Þessi brtt. er fram borin til að taka af allan vafa um það, að laun oddvita fyrir yfirstandandi ár skuli greiða eftir þessum nýju lögum.

ATKVGR.
Brtt. 343 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 53. fundi í Ed., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 369).
Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 421).

46. Búreikningaskrifstofa ríkisins.

Á 30. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins (þmfrv., A. 135).

Á 32. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, n. 344).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta um búreikningaskrifstofu ríkisins, sem nú er hér til 2. umr., var flutt af landbn. Nd., var samþ. óbreytt í Nd. og er nú hingað komið. Landbn. hefur orðið sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga, en þó með nokkrum breyt., fyrst og fremst vegna þess, að eins og frv. barst hingað til d., var það ósamrýmanlegt eldri l., því að í 1. gr. l. frá 1936, sem látið var óbreytt, var svo ákveðið, að Búnaðarfélag Íslands skyldi leggja skrifstofunni til nauðsynlegt starfsfé, en í 2. gr. samkv. frv. er svo skipað fyrir, að ríkissjóður skuli greiða þetta tillag. N. sá, að þessu varð að kippa í lag, og leggur því til, að 1. gr. frv. verði breytt þannig, að hún verði í samræmi við 1. gr. l., og fyrst koma varð með breytingar, töldum við einnig rétt að setja hámark á þá upphæð, sem greiða skal til þessarar skrifstofu, og leggjum til, að það verði 5 þús. kr.
Ég verð að segja það frá mínu brjósti, að ekki sé nein nauðsyn nú frekar en aðra tíma til

að safna búreikningum, nema síður sé, því að þótt búreikningum sé safnað nú, þá er nú svo hagað um flesta hluti, að þeir búreikningar, sem gerðir væru á þessum tímum, væru ekki eins sterkur grundvöllur fyrir seinni tíma útreikning eins og ef þeir væru gerðir á venjulegum tímum, en samt sem áður töldum við, af því að allur kostnaður eykst nú mjög mikið, að rétt væri að hækka framlagið til þessarar skrifstofu upp í allt að 5 þús. kr., því að við gerðum ráð fyrir, að annaðhvort hætti skrifstofan að starfa eða hún eyði sem svarar þessu fé.

Ég skal taka fram, að niður hefur fallið ein lína úr till. okkar, sem þar átti að sjálfsögðu að vera, sem sé: 4. gr. laganna orðist svo. — Við töldum óþarft að fara að leggja í þann kostnað að bera fram brtt. um það á sérstöku þskj., og ef enginn mælir því í gegn, þá megi skoða slíkt sem leiðréttingu.

Þá berum við fram brtt. við 2. gr. Eins og frv. er nú, þá er gert ráð fyrir, að búreikningaskrifstofan hafi eftirlit með skólabúum og öðrum ríkisbúum, og eftir því virðist óhjákvæmilegt, að sá, sem stendur fyrir þessari skrifstofu, ferðist á milli búanna, og yrði hann þá að fá ferðakostnað, en það töldum við ekki rétt og vildum, að hann hefði aðeins með höndum endurskoðunareftirlit með reikningum búanna, sem væru sendir á skrifstofuna. Þetta vildum við, að kæmi skýrt fram, svo að ekki yrði neitt þref út af því, að ætlazt væri til, að greiddur væri ferðakostnaður til forstöðumanns skrifstofunnar.

ATKVGR.
Brtt. 344,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 344,2 (ný 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 387).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 54. fundi í Nd., 8. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 387).

*__Frsm. (Jón Pálmason)__: Þessu frv., sem upphaflega kom fram í Nd., hefur nú verið breytt talsvert í Ed. á þá lund, að dregið er úr því, að búreikningaskrifstofa ríkisins fái tækifæri til að framkvæma nauðsynlegt eftirlit með ríkisbúum og skólabúum. Samkv. frv., eins og það kemur nú frá Ed., verða skrifstofunni nú aðeins sendir reikningar þeirra, og getur hún því aðeins gert athugasemdir eftir á.

Ég tel mjög óheppilegt, að hv. Ed. skyldi ekki sjá sér fært að fylgja bendingum og vilja landbn. þessarar hv. deildar.

Brtt. hef ég ekki flutt út af þessu, en vil aðeins taka þetta fram, svo hv. dm. geti áttað sig á því, sem hér er um að ræða.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 448).

---

47. Sjómannalög.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930 (þmfrv., A. 174).

Á 36. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*__Frsm. (Finnur Jónsson)__: Sjútvn. hefur tekið að sér að flytja þetta frv. eftir beiðni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og er höfuðefni þess, að skyldur og réttindi loftskeytamanna eru tekin upp í sjómannalögin, en um þá hafa ekki staðið nein ákvæði í sjómannal. Þegar þau voru afgr. síðast, virðast þeir hafa gleymzt. Samþykkt þessa frv. mun ekki hafa í för með sér nein aukin útgjöld fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar, þ. e. a. s. útgerðina, heldur yrði með þeim aðeins slegið föstum skyldum og réttindum loftskeytamanna.

Get ég að öðru leyti látið nægja að vísa til grg. frv., og óska ég, að frv. verði vísað til 2. umr., að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 42. og 46. fundi í Nd., 22. og 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.

__Skúli Guðmundsson__: Frv. þetta er borið fram af sjútvn. og inniheldur þá breyt. á sjómannal., að loftskeytamenn verði eftirleiðis taldir með yfirmönnum skipa, og sömu ákvæði gildi um þá sem stýrimenn og vélstjóra.

Í 32. gr. l. nr. 41 frá 1930 segir svo: „Sé skipverji eigi vinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa, eða sé hann haldinn sjúkdómi,

er hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, þá getur skipstjóri vikið honum úr skiprúmi. Á skipverji þá rétt á fullu kaupi sínu þar til ráðningu er slitið, og auk þess í einn mánuð frá ráðningarslitum, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, eða í 7 daga, sé hann í annarri stöðu á skipinu.

Sé skipverji sjálfur valdur að veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðst á skipið, á hann rétt á kaupi aðeins fyrir þann tíma, sem hann var vinnufær þeirra vegna, hvort sem honum er vikið úr skiprúmi eða eigi".

Ég vil vekja athygli á, í sambandi við þetta, að á stærri fiskiskipum hafa stýrimenn og vélstjórar lágt fast kaup, en meiri hluti af launum þeirra er „premía". Öðruvísi er háttað með loftskeytamenn, sem hafa aðeins sitt fasta kaup. Ég vil spyrja hv. n., hvort hún hafi talað um þetta við útgerðarmenn og hvort þeir muni vera breyt. samþykkir.

Svo er annað atriði. Ég hef veitt því athygli í fiskiþingtíðindum, að á síðasta fiskiþingi var samþykkt áskorun til Alþingis um að setja það ákvæði í sjómannal., að þeir, sem ráðast á skip, þurfi að hafa vottorð frá viðkomandi héraðslækni eða heilsuverndarstöð um, að þeir séu ekki haldnir neinum smitandi sjúkdómi. Mér finnst eðlilegt, að þetta verði gert. — Vil ég spyrja hv. n., hvort hún hafi tekið þetta til athugunar, og ef svo er ekki, hvort hún álíti þá ekki rétt að athuga það mál.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Viðvíkjandi athugasemd hv. þm. V.-Húnv. út af kaupi stýrimanna og vélstjóra, þá get ég gefið þær upplýsingar, a. m. k. hvað hlutaskiptum viðkemur, að þá telst, að hásetar haldi hlut í eina viku eftir ráðningarslit, og yfirmenn, sem ráðnir eru upp á hlut, á sama hátt þann tíma, sem ákveðinn er í sjómannal. Þetta hefur verið staðfest og er framkvæmt eftir því, sem ég bezt veit. Því næst er athugasemd hans um misræmið milli stýrimanna og vélstjóra annars vegar og loftskeytamanna hins vegar, og er hún ekki á rökum byggð, því hlutur hefur einnig verið reiknaður sem kaup.

Um hitt atriðið, sem hv. þm. V.-Húnv. drap á, viðvíkjandi berklaskoðun, þá mun hv. þm. N.-Þ. hafa haft það mál til athugunar í n., og hafði á orði að gera brtt. um það atriði, en ég held, að hann sé nú horfinn frá því. Annars mun hv. þm. skýra frá þessu sjálfur.

Þetta frv. er í rauninni ekki annað en staðfesting á samningi, sem gerður var milli loftskeytamanna og útgerðarmanna, en sem veitir þessum mönnum sömu réttindi og öðrum yfirmönnum, og mér finnst sanngjarnt, að þessir menn fái staðfestingu á þessu í l.

***Gísli Guðmundsson:** Það er viðvíkjandi ræðu hv. þm. V.-Húnv., að ég vildi segja hér nokkur orð. Það var út af ályktun fiskiþings. Það mál hefur verið til athugunar í sjútvn., og hef ég þar sérstaklega athugað um heilbrigðisvottorð sjómanna. Fiskiþing skorar sem sé á Alþ. að setja ákvæði um, að berklaskoðun fari fram á sjómönnum a. m. k. einu sinni á ári. Málið hefur verið rætt við landlækni, og hann hefur ráðfært sig við berklayfirlækni. Nú í dag sendi landlæknir sjútvn. bréf um þetta, þar sem hann segir, að í berklavarnarl. sé heimild fyrir slíkri skoðun og tekur fram í bréfinu, að honum og berklayfirlækni hafi komið saman um að leggja til, að þetta yrði gert, að svo miklu leyti sem það er framkvæmanlegt. Ég tel því, að þetta atriði málsins sé í góðum höndum og hef þess vegna ekki flutt brtt. þá, sem ég hafði gert ráð fyrir að flytja. — Mál þetta hefur ekki verið til meðferðar í sjútvn. síðan bréfið kom frá landlækni.

Ég tel, að það gerði ekki svo mikið til, þótt málið yrði ekki afgreitt á þessum fundi, því ég sé, að ýmis mál, mjög mikilvæg, eru ekki komin lengra áleiðis en þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 382).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Sjútvn. hefur á ný farið höndum um þetta frv., en það var borið hér fram á síðasta þingi í þessari hv. d., og hafði þá sjútvn. mælt með því, en það dagaði uppi í Nd. og var ekki afgr.

Frv. er í sama formi og á síðasta þingi. N. sá ekki ástæðu til að bæta þar um né breyta. En efnið er í stuttu máli á þá lund, sem rakið er í nál. á þskj. 382.

Höfuðmarkmið frv. er það, að loftskeytamenn á skipum skuli teljast yfirmenn og njóta þeirra réttinda, sem því nafni fylgja í l. nr. 41 frá 1930, sjómannalögunum. Ég fer ekki að telja upp hér, í hverju þau réttindi eru fólgin. En það eru í stuttu máli einkum lengri frestir, lengri tími, sem þeir njóta hlunninda en algengir skipverjar, bæði um ráðningarslit og í sjúkdómstilfellum. (**BSt:** Yfir hverjum eru loftskeytamenn?). Það er að vísu svo, að oft eru ekki fleiri en einn loftskeytamaður á skipi, en þar fyrir getur vel verið eðlilegt, að þeir njóti sömu réttinda og yfirmenn. Enda hefur þessi krafa fengið viðurkenningu í reyndinni, því að í öllum samningum, sem loftskeytamenn hafa gert upp á síð-

kastið, hefur verið samið á þeim grundvelli, sem hér er miðað við. Um kjör þeirra hefur samizt. Hér er því í raun og veru aðeins farið fram á að lögfesta venju, sem skapazt hefur. Þetta er í stuttu máli efni frv.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja hér nánar efni sjómannal. um kjör yfirmanna. Það var gert allrækilega hér í fyrra.

Þegar l. nr. 41 frá 1930 voru sett, var þetta ekki tekið með, en þá var farið eftir löggjöf Norðurlandanna, en þá voru loftskeytamenn í raun og veru taldir með yfirmönnum, þótt ákvæði um það væru ekki komin inn í lögin. Nú er þetta orðið breytt þar.

Vænti ég, að hv. d. fallist á frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 450).

---

48. Vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Á 41. fundi í Nd., 21. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip (þmfrv., A. 209).

Á 42. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Jón Ívarsson: Þetta mál er komið til 3. umr. og ætti því að afgreiðast út úr d. í dag. Eins og frv. ber með sér, er það flutt af meiri hl. sjútvn., en það hefur ekki fengið þá meðferð í sjútvn., sem ég hefði talið æskilega. Ég vildi þess vegna mælast til þess, að n. fengi frv. aftur til meðferðar. Það mun að vísu hafa verið minnzt á mál þetta á einum fundi í n., en æskilegt væri, að það hefði fengið þar nokkuð meiri athugun, þar sem farið er fram á allhátt fjárframlag úr ríkissjóði í frv. til ákveðins félags. Slík athugun ætti ekki að tefja verulega fyrir framgangi þess.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Það er rétt hjá hv. þm., að aðeins meiri hl. sjútvn. flutti þetta frv., en meiningin var að fá n. alla til fylgis við það. Ég sem hvatamaður að því taldi nauðsynlegt, að frv. yrði afgr. sem fyrst frá sjútvn. En hv. þm. A.-Sk. var þá ekki í bænum, þegar umr. fóru fram í n., og samflokksmaður hans vildi fá að hugsa sig um. Þegar svo tíminn leið og hv. þm. A.-Sk. var lengur í burtu en við höfðum vænzt, fór ég fram á það við hv. samnm. mína, að n. flytti málið, en hv. þm. N.-Þ. var ekki enn þá búinn að ákveða sig í þessu efni. En sökum þess að mjög var nú liðið á þingtímann, sá ég ekki fært að fresta lengur að koma málinu á framfæri. Af þeirri ástæðu fluttum við 3 nm. frv., sem vorum frá upphafi ákveðnir í að láta það koma fyrir þingið. Að öðru leyti vil ég taka fram, að frv. þetta er flutt í samráði við hæstv. atvmrh., sem er yfirmaður þessarar stofnunar, og ástæðan fyrir flutningi þess er í fáum orðum þessi.

Félag það, sem hér er um að ræða, heitir Samábyrgð Íslands og er stofnað fyrir 30 árum. Í raun og veru var hér ekki um félagsskap að ræða, heldur ríkisstofnun, sem tók að sér frjálsar vátryggingar á minni og stærri fiskiskipum. Þá var skipastóll landsmanna lítið annað en árabátar og skútur. Starfssvið félagsins var þess vegna ekki mikið, enda byrjaði það með ekki neitt. Það barðist í bökkum nokkur fyrstu árin, og mjög lengi hefur fyrirtækið verið rekið þannig, að rekstrarhalli hefur verið á því. Þess vegna hefur það átt minna en ekki neitt og ekki átt fyrir skuldum. Þetta gat forsvarazt vegna þess, að fyrirtækið hafði ríkisábyrgð og mjög takmarkað verksvið, þar sem mjög margir af fiskibátum landsins voru alls ekki vátryggðir, og auk þess margir, sem ekki voru vátryggðir hjá Samábyrgðinni. En nú varð sú breyting á, að Samábyrgðinni var gert að skyldu að endurtryggja öll fiskiskip, allt að 250 smál. Af þessari ástæðu stækkaði verksvið fyrirtækisins mikið. Sökum þess að samkv. sínum l. hafði það ekki heimild til að bera meiri áhættu en sem svaraði 15 þús. kr. á hvert skip, var skiljanlegt, að mikinn meiri hluta þeirra varð að endurtryggja erlendis, þar sem ekki var til innlent félag, sem gæti tekið þar við. Til þess að geta fengið sæmileg kjör við endurtrygginguna, þarf félagið að geta sýnt endurtryggjanda, að áhættan sé ekki mikil, og líka þarf að sýna fram á það, að rekstur þess hafi gengið sæmilega undanfarið. Nú vitum við það, að vegna styrjaldarinnar er komið mikið rask á tryggingarmálin eins og annað. Samábyrgðin, sem að mestu leyti hefur endurtryggt í Danmörku, hefur orðið að skoða huga

sinn, hvort tryggingar í herteknu landi muni vera öruggar og til frambúðar. Nú verðum við að útvega þessar tryggingar annaðhvort frá Englandi eða Ameríku, helzt í Englandi. En menn eru nú nokkuð hátt uppi með áhættuna á sjónum, og því ekki hægt að fá bærileg kjör hjá tryggingarfélögum fyrir fiskiskip. Eitt af því, sem gerði mögulegt að fá viðunandi kjör, er það, að hægt sé að sýna fram á, að áhættan sé ekki mjög mikil. Ef félagið eða stofnunin þarf að gefa skýrslu um, hvernig rekstur þess hefur gengið að undanförnu, og það kemur í ljós, að stofnunin hefur ekki borið sig fjárhagslega og á ekki fyrir skuldum, getum við ekki búizt við að fá góð kjör. Ég hef nú skýrt frá því hér, hvaða ráð Samábyrgðin verður að taka, til þess að koma væntanlegum samningsaðilum sínum á þá trú, að óhætt sé að endurtryggja með þeim iðgjöldum, sem nú eru.

Við skýrðum frá, að þetta væri ríkisfyrirtæki. Það eins og gefur því styrkari svip. Við vorum svo heppnir að geta sagt það líka, að tvö síðustu árin hafa gefið rekstrarafgang. Lengra gátum við ekki farið. Þetta er enn í samningum, og ég veit ekki, hve lengi það verður svo, en ef stofnunin væri spurð í dag, hvernig fjárhagur hennar sé, yrði að svara, að hún ætti varla fyrir skuldum. Það hafa ekki verið gerðir upp reikningar síðasta árs til fullnustu, en þeir sýna í fyrsta sinn, að félagið á fyrir skuldum. En það, sem af er þessu ári, hefur verið svo erfitt fyrir stofnunina, að enginn vafi er á, að eins og sum félögin hafa beinlínis orðið gjaldþrota eða réttara sagt komizt í greiðsluþrot, eins mun það standa svo í dag, að Samábyrgðin eigi ekki fyrir skuldum. Um leið og verður að viðurkenna þetta, er það víst, að það er óviðkunnanlegt, að tryggingarstofnun eigi ekki fram yfir skuldir. Það ber líka að líta á það, að stórum erfiðara er að fá bærileg kjör hjá endurtryggingarfélögum erlendis fyrir illa stætt fyrirtæki en vel stætt. Ég tel það nauðsynlegt fyrir Samábyrgðina að eignast stofnfé, og það er yfirsjón, að ekki var gert ráð fyrir því um leið og starfssvið hennar var aukið með bátaábyrgðarl. frá 1938. Úr þessu er verið að bæta með frv. því, sem fyrir liggur. Það er reynt að bæta úr því, að tryggingunni er gert að skyldu að tryggja öll fiskiskip landsins, án þess að fjárhagur hennar sé styrktur að neinu leyti.

Þó að Samábyrgðin hafi þessa ríkisábyrgð á 800 þús. kr., er það smátt, ef stóróhöpp ber að höndum. Það er líka óheppilegt, að ekki megi út af bera, án þess að leita þurfi á náðir ríkissjóðs. Loks er það nauðsynlegt, að Samábyrgðin sé það vel stæð, að hún geti hjálpað bátaábyrgðarfélögunum, ef þau ber upp á sker fjárhagslega.

Ég tel mér skylt að gefa þessar skýringar og aðrar, sem um er beðið. Hv. þm. A.-Sk. skýrði mér frá, að hann hefði ekki getað séð hag Samábyrgðarinnar nema til ársloka 1936, vegna þess að láðst hafði að birta reikninginn í Stjtíð. Ég gat nú ekki tekið reikninga félagsins upp fyrir þessi ár, en ég get sagt frá því, hvernig þetta hefur verið í aðalatriðum. Ég hefði viljað skýra frá þessu á sjútvn.fundi í morgun, en formaður n. þurfti að vera á 3 fundum fyrir hádegi, svo að nefndarfundur féll niður.

Árið 1936 var hagur Samábyrgðarinnar svo, að það vantaði kr. 65541 á, að hún ætti fyrir skuldum. Í árslok 1937 vantaði kr. 110700, 1938 kr. 70585, en í árslok 1939, sem er síðasta árið, sem birtur er reikningur um, vantar 2697 kr. á, að Samábyrgðin ætti fyrir skuldum. Það ár er bezta ár Samábyrgðarinnar. Veðurfar er sérstaklega hagstætt og þar af leiðandi lítið um skaða. Árið næstliðna hefur verið fremur gott ár, en eins og ég hef tekið fram, hefur þetta ár verið erfitt vegna óhagstæðs veðurfars og hækkandi verðlags. Þá hefur og útgerðin verið rekin með miklum hagnaði, og því hafa komið alveg óþekktar kröfur til Samábyrgðarinnar fyrir óbeint tjón. Ég skal skýra það í fáum orðum. Þegar skip verður fyrir skaða af öðru skipi, þarf ekki aðeins að greiða viðgerðarkostnað, heldur og óbeint tjón, vegna þess að skipið, sem hefur orðið fyrir skaða, getur ekki gengið til veiða. Þetta hefur skapað Samábyrgðinni mikil útgjöld nú, á meðan svo standa sakir, að mikill gróði er á útgerðinni. Eins lif er annars dauði í þessu efni.

Þá hef ég ekki fleiri skýringar að gefa, en ef einhver vill spyrja, mun ég reyna að leysa úr.

Ég vil mælast til, að hv. þm. A.-Sk. haldi ekki fast við ósk sína að stöðva málið og láta það fara aftur til n. Bæði er það ekki réttmætt, þó að einn þm. sé forfallaður, að stöðva málið þess vegna, og svo stendur svo sérstaklega á hér, að ekki er hægt að vita, hvað langur tími vinnst til að starfa að þingmálum hér eftir, en þetta mál er enn í fyrri d. og á eftir að ganga til Ed.

Ég þori ekki, af því að þetta er bráðnauðsynlegt mál, að eiga á hættu að tefja það neitt. Ég vil fara fram á, að það verði látið ganga áfram til Ed., og vona ég, að það geti orðið í góðu samkomulagi við hv. þm. A.-Sk.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Jón Ívarsson: Frv. þetta var fyrir skömmu hér til 3. umr., en eftir ósk minni var umr. frestað. Það hefur orðið að samkomulagi milli mín og meiri hl. sjútvn., að þetta mál gengi fram. Ég drap lítils háttar á það, þegar málið var hér áður til umr., að það hefði komið inn í d. án þess að n. hafi tekið ákvörðun um það. Í sambandi við þetta vil ég taka það fram, að þess ber að sjálfsögðu að óska, að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sé rekin á þann hátt, að hún geti verið fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki og ríkissjóður þurfi ekki að leggja henni fé. Ég vil fyrir mitt leyti leggja áherzlu á það, að forstaða Samábyrgðarinnar sé slík, að félagið verði efnalega sjálfstætt og ríkissjóður þurfi ekki að hlaupa undir bagga með því.

Það hefur verið sagt, að Samábyrgðin væri ríkisstofnun, en það er ekki svo, heldur er hún félag þeirra manna, sem fiskiskip eiga. Í l. frá 1928 er svo fyrir mælt, að Samábyrgðin skyldi koma undir stj. Tryggingarstofnunar ríkisins,

þegar þáverandi forstjóri Samábyrgðarinnar félli frá. Þetta hefur ekki verið gert, og vil ég gjarnan heyra um það frá hæstv. ríkisstj., hvort það hefði ekki verið athugað, er forstjóraskipti urðu, að fela þeirri stofnun forstöðuna. Það má vera, að heppilegra sé, að sérstök stj. sé fyrir Samábyrgðina. En mér þætti sem sagt vænt um að fá upplýsingar um þetta atriði og hverjar ástæður valda því, að ekki hefur verið farið eftir l. frá 1928 um þetta.

Hv. frsm. þessa máls minntist á það fyrr við þessa umr., hvernig hagur Samábyrgðarinnar hefði verið og væri. Þetta taldi ég nauðsynlegt að væri gert, áður en málið fengi afgreiðslu í deildinni. Nú þegar þær upplýsingar liggja fyrir, er ekki ástæða til annars en að málið fái afgreiðslu.

*Gísli Guðmundsson: Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar málið var hér til 3. umr. fyrir nokkrum dögum. Það, sem ég vildi segja þá, var, að ég taldi það ekki rétt, sem stóð í frv., að það væri flutt af meiri hl. sjútvn. Að vísu eru það 3 menn af 5, sem eru flm., en málið hafði ekki verið tekið fyrir á nefndarfundi á venjulegan hátt. Ég kvaddi mér því hljóðs vegna þess, að ég ætlaði að bera fram þá ósk, að málinu yrði vísað til n., til þess að það yrði tekið til meðferðar á venjulegan hátt, af því líka, að hér er um fjárhagsmál að ræða. Síðan umr. var frestað, hefur verið fundur í sjútvn., en hann var ekki boðaður og ég var þar ekki við. Þess vegna hef ég ekki sem nefndarmaður átt kost á að fjalla um frv., og fyrir mér er málið enn á umræðustigi, án þess að það hafi fengið nefndarmeðferð.

Ég vil skjóta því til flm., einkum hv. 5. þm. Reykv., hvort hann teldi ekki, að komið gæti til mála, að lægri upphæð nægði en í frv. er gert ráð fyrir. Þar er gert ráð fyrir ½ milli. kr. á 10 árum. Ég hef ekki flutt brtt. um þetta, m. a. af því, að ég bjóst ekki við, að málið yrði á dagskrá nú, en ég vildi gjarnan heyra álit hv. 5. þm. Reykv., sem er aðalupphafsmaður þessa frv.

Ísleifur Högnason: Ég tek undir það með síðasta ræðumanni, að þetta mál fari til n. Það hefur farið fram hjá mér við fyrri umr. og nál. hefur ekki komið fram.

Samábyrgðin hefur nú starfað í 30 ár og ekki átt fyrir skuldum, eða sjaldnast. Ég get ekki sagt, hvernig á því stendur, en orsökin hlýtur að vera sú, að iðgjöld af vátryggingarupphæðum eru of lág. Mér virðist 50 þús. kr. muni hrökkva skammt til að jafna hallann á rekstrinum, einkum á þessum tímum, þegar öll fiskiskip eru tryggð í stofnuninni. Mér sýnist, að stofnunin eigi að bera sig uppi sjálf. Ég vil í því sambandi minna á bátaábyrgðarfél. Vestmannaeyja, sem er búið að starfa í 75 ár og á allmikinn varasjóð, einungis vegna þess, að iðgjöldin hafa verið það há og útgerðarmenn látnir greiða í sjóðinn.

Mér finnst verða að breyta starfsháttum stofnunarinnar, áður en ríkissjóður kastar í hana þessu fé, sem er hvort sem er ekki nægilegt.

Ég vil að lokum styðja þá ósk, að málið fái þinglega afgreiðslu og fari til n.

*Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Út af ræðu hv. þm. N.-Þ. vil ég skýra frá því, að það er ekki rétt hjá honum, að honum sé svo ókunnugt um þetta mál sem hann vill vera láta, því að málið var rætt á tveim fundum í sjútvn. Ég skýrði málið í n., þegar ég bað hana að flytja það, m. a., að það væri ósk viðkomandi ráðh., að n. flytti málið. Ég talaði á fundi í sjútvn. og skýrði frá flestu því sama og ég gerði hér við 3. umr. Það þótti ekki ástæða til að bóka um það í n. fyrr en ákvörðun var tekin, hvort n. flytti frv. En hv. þm. færðist undan því að láta afgreiða málið, af því að einn nm. var ekki kominn úr páskafríinu. Ég skýrði frá þessu til þess að hnekkja því, að málinu hafi verið kastað inn í hv. þd. án þess að mönnum í sjútvn. hafi verið kunnugt um það. Þó að málið væri búið að mæta tregðu frá hv. þm. N.-Þ. án þess að hann segði ákveðið, hvort hann væri með því eða móti, sáum við okkur ekki annað fært en að flytja það.

Um það, hvort ekki mætti lækka upphæðina, hef ég það að segja, að féð er ætlað að innborga á 10 árum, og það tímabil er sennilega nógu langt til að leiða í ljós, hvort stofnunin geti komizt í sæmilegan efnahag án þess að allt stofnféð verði greitt. Það er sem sé mál framtíðarinnar að breyta upphæðinni.

Ég held, að hv. 4. landsk. hafi ekki hlustað á umr., og þess vegna hitti hans ræða ekki í mark. Hann óskaði, að málið færi til n. og fengi þinglega afgreiðslu. En málið er að koma frá n., og hv. þm. A.-Sk. var að skýra frá þessu. Að sönnu var þá hv. þm. N.-Þ. veikur, en 4 nm. urðu sammála um að mæla með, að frv. væri samþ.

Hv. 4. landsk. taldi, að það þyrfti að endurskoða starfsreglur fyrirtækisins, svo að ekki þyrfti að kasta í það stórfé, sem hvort eð er mundi ekki nægja. Ég held, að hv. þm. hafi ekki hlustað á þær skýrslur, sem gefnar hafa verið um hag Samábyrgðarinnar. Hún hefur ekki verið rekin svo, að á henni hafi verið stórtap, og ríkissjóður hefur aldrei lagt henni neitt. Um síðustu áramót kom í ljós það, sem ekki hafði skeð í mörg ár, að Samábyrgðin á meira en fyrir skuldum. Og til ríkisábyrgðarinnar hefur ekki þurft að taka. Hins vegar verður stofnunin að hafa mikið starfsfé síðan hún varð fyrir allan fiskiflotann, nema togarana, og hún verður að hafa lán, sem hún hefur tekið hjá Brunabótafélagi Íslands, 140 þús. kr., og væri æskilegt, að hún gæti greitt. En það er ekkert, sem bendir til þess, að hún verði rekin með tapi í framtíðinni, þó að það raski ekki því, að hún verður að hafa mikið stofnfé, ef stór óhöpp koma fyrir. Og það er það, sem verið er að gera með þessu frv.

Ég held nú, að eftir þessar upplýsingar og einkanlega þær, sem ég gaf í fyrri hluta þessarar umr., og þær, sem hv. þm. A.-Sk. hefur nú gefið, þá muni nú í raun og veru ekki vera neinn ágreiningur um þetta frv. Aðeins renna menn blint í sjóinn með það, hvort sú upphæð, sem ákveðin er í frv. til tryggingarstofnana, sé hæfi-

leg, en úr því er ekki hægt að skera nema með rannsókn, og þar af leiðandi er líka ákveðið, að stofnféð skuli innborgað á 10 árum.

*Gísli Guðmundsson: Það er ekki ástæða til þess fyrir mig að lengja mjög þessa umr. um þetta mál. En það er rétt, að ekki sé neinn misskilningur um það, hvernig málið hefur verið undirbúið.

Það er ekki rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., að ég hafi sýnt neina tregðu við að flytja þetta mál. Ég tel það ekki rétt að orða það svo. (SK: Það má orða það um). Já, ég hygg, að hv. þm. ætti að orða það um. En þannig er þetta mál upp komið, að það mun rétt vera, að hv. þm. minntist á þetta mál snemma á þingi í sjútvn., en síðan um það leyti, sem hv. þm. A.-Sk. var fjarverandi, og óskaði hann þá eftir, að það yrði tekið til meðferðar. En ég fór þá fram á, að því yrði frestað að athuga málið sérstaklega í n., þangað til þm. A.-Sk. yrði kominn. Málið var þá ekki bókað í gerðabók n. á þeim fundi, svo ég leit þannig á þetta, að n. hefði orðið við þeirri ósk minni að fresta málinu þangað til allir nefndarmenn væru viðstaddir. Síðan hefur verið óskað eftir því, að ég gerðist meðflm. að frv., en ég sagði hið sama, að ég vildi, að flutningi málsins væri frestað þangað til allir nm. í sjútvn. væru viðstaddir, enda var þá ekki nema um 1 eða 2 daga að ræða. Þess vegna kom það mér mjög á óvart, þegar þetta mál var nú flutt af meiri hl. sjútvn. Hefði það verið flutt af 2 eða 3 mönnum, t. d. þeim 5. þm. Reykv., þm. Ak. og þm. Ísaf., þá hefði ekkert verið við það að athuga, en hitt er ekki fyllilega rétt, að telja, að málið sé flutt af meiri hl. sjútvn.

Það er einnig rétt, sem ég sagði áðan, að fundur sá, sem haldinn var í sjútvn. á miðvikudagsmorgun, var mér ekki boðaður öðruvísi en svo, að það komu skilaboð til mín kl. að ganga 12, hvort ég gæti komið. En slíkt er ekki að boða fund, þegar fundur er haldinn á degi, sem annars er ekki reglulegur fundardagur.

Annars geri ég ráð fyrir því, að það muni verða tími til þess að athuga þetta mál í n. í Ed., og mun ég þess vegna ekki gera það að neinnu kappsmáli, að það sé frekar athugað í n. hér, því að ég vil á engan hátt tefja málið.

Hins vegar gæti verið vafasamt um einstaka atriði og hvort ekki hefði átt í þessu sambandi að flytja einhverjar breyt. á l. Samábyrgðarinnar. Það er nú svo, að hv. 5. þm. Reykv. hefur nú beitt sér fyrir nokkrum breyt. á l. um tryggingarfélög fyrir vélbáta, sem ég hygg, að muni vera til nokkurra bóta í þessu efni og muni heldur orka í þá átt, að þessum stofnunum gangi betur að bera sig en hefur verið að undanförnu, og er það náttúrlega spor í rétta átt, og vitanlega er það svo, að að því þarf að stefna, að Samábyrgðin geti staðið á eigin fótum.

Ísleifur Högnason: Ég var ekki viðstaddur fyrri umr. þessa máls, og þess vegna hefur farið fram hjá mér það, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði þá um málið. En það, sem hann sagði nú, hefur ekki sannfært mig um það, að þetta frv. beri að samþykkja.

Það er meira en lítið bogið við rekstur þessara fyrirtækja, ef þau hafa starfað í 30 ár og hafa ekki átt fyrir skuldum. Ástæðan hlýtur að hafa verið sú, að iðgjöldin hafa ekki verið nægilega há, og ég álít, að ef það kemur á daginn eins og nú, að félögin hafa orðið fyrir stórtjóni, þá verður það vitanlega eina leiðin að hækka iðgjöldin og nota þá ríkisábyrgðina til þess að standa straum af auknum útgjöldum.

Félögin verða að byggja sig upp á iðgjöldunum, en það kemur ekki til mála, að ríkissjóður fari að kasta út stórfé árlega, hvorki fyrir þetta né annað hliðstætt fyrirtæki.

Þess vegna mun ég, eins og málið horfir nú við, greiða atkv. gegn því. En eins og ég tók fram áðan, þykir mér málið ekki hafa fengið þinglega afgreiðslu, og hefur síðasti ræðumaður, hv. þm. N.-Þ., einmitt staðfest það með sínum skýringum, að hann hafi ekki verið kallaður á fund, þegar málið var til umr. í sjútvn.

Ég er sem sagt af þessum ástæðum á móti þessu máli.

*Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Út af því, sem hv. 4. landsk. þm. sagði síðast, vil ég taka það fram, sérstaklega í sambandi við þann samanburð, sem hann var að gera á tryggingarfélögum í Vestmannaeyjum, að ríkið hefur stutt Vestm. með stórfé til þess að byggja örugga höfn. Það er ekki víða á landinu, sem þessu er hægt að koma við, en það er alveg eins mikil nauðsyn á því að tryggja fiskiflota manna á stöðum, þar sem hafnarskilyrði eru ótryggilegri og lakari.

Nú er það ekki undarlegt, þó að þeim félögum, sem hafa aðeins eina höfn að tryggja báta í, farist betur heldur en félögum, sem bera ábyrgð á bátum í hafnleysum á kannske 10—20 stöðum til og frá um landið.

Meðan Samábyrgðin hafði frjálsar tryggingar, varð hún einnig að hafa fiskiskip í tryggingum víðs vegar um landið. Það er erfitt að hafa það eftirlit, sem þarf til þess, að slíkt geti borið sig. En nauðsynin er alveg jafnmikil fyrir því að veita útgerðarmönnum og fiskimönnum tryggingu á bátum sínum. Stofnunin var sett á fót af ríkinu einmitt með það fyrir augum, að einhver varð að hlaupa undir þennan þunga bagga. Það er því ekki nema eðlilegt, að Samábyrgðin hafi haft erfiðan rekstur til þessa dags, ef maður lítur á, hver hafnarskilyrðin eru og hafa verið hér á landi, þó að ekki væri nema sú hætta, sem fiskiskipin eru í, þegar þau eru í höfnum og þegar þau eru að lenda.

Ég held, að hv. 4. landsk. þm. hafi ekki hugleitt eins og skyldi þann mikla mismun, sem er á þessu á höfnum yfirleitt og þeim stað, sem hann er kunnugastur. Í Vestmannaeyjum er yfirleitt mjög góð höfn, og allir bátar lenda á sama stað.

Ég held ég þurfi svo ekki að svara ræðu hans neitt frekar. Hann sagðist greiða atkv. gegn frv., og það gerir kannske ekki svo mikið til, en ég efast ekki um það, að þegar hann er búinn að kynna sér þetta mál, sem hann virðist vera mjög ókunnugur, þá muni hann, ef kostur væri á því, verða alveg ákveðið með því.

Ísleifur Högnason: Það var einmitt það, sem ég óskaði eftir, að málið yrði látið fara til n., svo ég hefði tækifæri til þess að athuga það nánar.

Annars sannfærðist ég enn betur um það, að frv. er með öllu óþarft, og ég álít, að rétt sé að greiða atkv. gegn því.

Útgerðarmenn í Vestmannaeyjum hafa orðið að greiða hærri iðgjöld fyrir báta sína en aðrir. (SK: Þetta er rangt). Þetta er rétt, og ég geri ráð fyrir því, að þetta muni vera ástæðan fyrir því, að bátafélög í Vestmannaeyjum hafa ekki þurft að njóta aðstoðar ríkissjóðs.

Það, að ríkisstjórnin hafi lagt fram stórfé til öruggrar hafnar í Vestmannaeyjum, er að vísu rétt, þó að það hafi ekki verið að sama skapi og víða annars staðar.

Ég óska því, að málið verði látið fara til n., annars mun ég, eins og ég hef áður sagt, greiða atkv. gegn því í því formi, sem það er nú.

ATKVGR.

Till. frá 4. landsk. þm. um að vísa málinu til sjútvn. felld með 12:9 atkv.

Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 209, n. 381).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. fer fram á að veita Samábyrgð ísl. fiskiskipa nokkurt stofnfé. En eins og kunnugt er, hefur Samábyrgðin nú starfað um 30 ára skeið án þess að hafa nokkurt stofnfé, en aðeins orðið að styðjast við ríkisábyrgð á lánum vegna starfseminnar.

Með l. um vátryggingu vélbáta var Samábyrgðinni gert að skyldu að annast endurtryggingar fyrir öll félög, sem stofnuð yrðu samkvæmt þeim.

Þau atvik geta komið fyrir, að nauðsynlegt sé fyrir Samábyrgðina að hafa nokkurt handbært stofnfé. Reynslan hefur líka staðfest þetta. Það er torveldara að ná hagkvæmum endurtryggingum, ef það er vitað, að fyrirtæki, sem óskar endurtryggingar, er stofnfjárlaust eða jafnvel á ekki fyrir skuldum. Auk þess liggur í augum uppi, að þegar útgjöldin nema meiru en árstekjunum, þá þarf að grípa til þess óyndisúrræðis að taka lán, sem leggur nýjar byrðar á félagið í vaxtagreiðslum. Af þessu leiðir svo hærri iðgjöld en vera þyrfti, ef fjárhagur Samábyrgðarinnar væri sæmilegur.

Ég hygg, að í ár sé sérstök ástæða til að sinna þessu, því að vitanlegt er, að mörg bátaábyrgðarfélög hafa komizt í þrot. En Samábyrgðin þarf þá enn að grípa til þess að taka lán, til þess að standa undir útgjöldum sínum og hlaupa undir bagga með bátaábyrgðarfélögum þeim, sem komizt hafa í þröng.

Hér er farið fram á, að ríkissjóður leggi fram 500 þús. kr. stofnfé, sem greiðist á 10 árum. Þó ég telji persónulega, að þessi greiðslumáti sé of seinfær, þá játa ég það, að þetta er þó miklu betra en verið hefur. Þetta frv. gekk ágreiningslaust í gegnum Nd., og sjútvn. þessarar d. mælir með því, enda þótt hún hefði kosið, að starfsféð hefði verið greitt upp á skemmri tíma, og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

***Magnús Jónsson:** Ég ætla ekki að fara að andmæla þessu frv. En mér finnst óviðkunnanlegt, að viðkomandi ráðh. skuli ekki segja neitt um álit sitt á þessu. Það er ekki einu sinni hægt að sjá, hvort álits hans hefur verið leitað.

Það er nú orðið svo, að menn tala alltaf í milljónum, eins og ekkert væri, en það hefur þó komið fyrir, að hér á Alþ., og meira að segja til skamms tíma, hafa verið samþ. löng lög til þess að fresta ýmsum nauðsynlegum og lögmæltum greiðslum, og það jafnvel greiðslum, sem sömu menn ættu nú að telja smávægilegar, eins og t. d. 100 þús. kr. til Landsbankans og framlagið til þjóðleikhússins. Ef menn hafa ekki algerlega fengið ofbirtu í augun af ástandinu, þá ætti að mega benda á, að hér er þó um að ræða ½ millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Auk þess fæ ég ekki skilið, á hvern hátt þetta ætti að auðvelda Samábyrgðinni endurtryggingar.

Samábyrgðin hefur nú ríkissjóðsábyrgð fyrir lánum, svo á að bæta þessu við. Mér finnst, að með þessu sé stefnt að því, að ríkissjóður taki fyrirfram þá áhættu, sem koma kann.

Ég vil svo spyrja frsm., hvort þetta mál hafi verið rætt við ríkisstj. í Nd.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er ekki í mínum verkahring að afsaka það, þó viðkomandi ráðh. hafi ekki gert grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls í þessari d. Ég er ekki heldur svo stöðugur gestur í Nd., að ég viti, hvernig umræður hafa fallið þar, en ég sá, að fjmrh. var a. m. k. viðstaddur eina umr. málsins þar.

Það var ekki heldur ástæða til, að n. færi að kynna sér afstöðu þeirra tveggja ráðh., sem þetta mál heyrir sérstaklega undir, fjmrh. og atvmrh., því þeir eiga báðir sæti í hv. Nd.

Ég veit ekki, hvers vegna hv. 1. þm. Reykv. getur ekki skilið, að auðveldara sé að starfa með eigin rekstrarfé en lánsfé. Þetta ætti hver maður að skilja. Samábyrgðin hefur aldrei haft neitt starfsfé, en oft orðið að taka allstór lán til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar. Það hefur mikil áhrif á afkomu hvaða fyrirtækis sem er að þurfa árlega að greiða allstórar fúlgur í vexti. Ég skil ekki, að nokkrum, sem eitthvað þekkir til rekstrar, dyljist, hver munur er á að starfa með stofnfé, sem ekki þarf að greiða af vexti, eða dýru lánsfé.

Viðvíkjandi því, að þetta frv. beri vott um

of mikla bjartsýni í fjármálum, skal ég svara því, að ég tel óhjákvæmilegt fyrir Samábyrgðina að hafa þetta starfsfé, og það jafnvel þótt ríkissjóður þyrfti að taka lán í þessu skyni. Hygg ég, að ekki gæti minni bjartsýni eða óvarfærni í þessu máli en ýmsum öðrum, sem fyrir þinginu liggja, og það jafnvel málum, sem hv. 1. þm. Reykv. stendur að.

***Magnús Jónsson:** Ég stend ekki heldur upp nú til þess að andmæla frv. í sjálfu sér, enda kom hv. frsm. nú með aðalröksemdirnar fyrir frv. — **(IngP:** Þær komu strax í upphafi fyrri ræðu minnar.), að auðveldara væri fyrir Samábyrgðina að starfa með eigin fé en lánsfé. Hins vegar var svo almennt til orða tekið í grg., að lítið var á henni að græða.

Ég stóð upp áðan til að spyrja um það, hvort n. hefði talað við viðkomandi ráðh. um þetta. Nú hef ég fengið svarið. Það getur verið, að það hafi verið gert í Nd.

Annars held ég, að betra sé að sannfæra sig sjálfur um, að allt sé rétt. Því ég veit það, að í þeim n., sem ég hef setið í, höfum við oft fengið frv. frá hv. Nd. með skökkum lagatilvitnunum, röngum ártölum og alls konar ruglingi og brengli. Það veitir ekki af, að n. beggja d. athugi málin sjálfstætt og vandlega. Og hér er ekki um neina smáræðis upphæð að tala. Þess vegna spurði ég nú um það, hvort álits fjmrh. hefði verið leitað í þessu efni. Hins vegar skal ég hiklaust játa, að ég er ekkert hræddur við þetta mál, þótt ég spyrði aðeins lauslega að þessu.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 451).

---

49. Vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Á 11. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (þmfrv., A. 41).

Á 12. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Ég get að mestu látið nægja að vísa til grg. þeirrar, er fylgir frv.

Það er kunnugt, að félög þau, sem starfa eftir lögum þeim, sem hér er gert ráð fyrir að breyta, hafa þegar starfað um tveggja ára skeið. Það var þegar í upphafi gert ráð fyrir, að óhjákvæmilegt mundi að breyta l. þessum áður langt liði, eftir því sem reynslan benti til. Á þeim stutta tíma, sem l. hafa gilt, hafa verið gerðar á þeim tvær smábreyt., báðar eftir ósk skipaeigenda, en hins vegar hafa vátryggjendur ekki talið rétt að gera breytingar á l., fyrr en full reynsla væri fengin fyrir þeim, og þeir hafa ekki talið, að reynslutíminn mætti vera styttri en þetta, og hafa því ekki óskað þess fyrr en nú, að lagfæringar væru gerðar á þeim ágöllum, sem fram hafa komið.

Það, sem komið hefur fram, að helzt þyrfti að breyta, eru ákvæði, sem valdið hafa misskilningi og þrætu. Breyt. þær, sem í frv. felast, eru því gerðar til þess að komast hjá þessum agnúum.

Vegna hins óvenjulega ástands, sem nú ríkir, þykir rétt að gera dálítið auknar kröfur til skipaeigenda. Hér er því gert ráð fyrir, að skipaeigendur beri helming kostnaðar við dráttarhjálp. Eins og kunnugt er, þá eru vélar skipanna ekki tryggðar sérstaklega, en hins vegar hefur komið í ljós, að á árunum 1939 og 1940 var nálega þriðji hluti allra bótaskyldra tjóna hjá félögunum dráttarhjálp vegna vélabilunar. Og reynslan hefur sýnt annað, og það er, að allverulegur hluti þessara tjóna er sjálfskaparvíti, sem stafar af því, að skipstjórarnir fá oft stór skip til þess að draga sig, og það oft skip, sem eru jafnvel að veiðum. Þetta gera skipstjórar á bátum, sem hafa talstöðvar, og geta því látið eigendur eða útgerðarmennina vita um sig, og geta því í mörgum tilfellum verið möguleikar á að fá ódýra hjálp handa þeim. Við þetta geta vátryggingarfélögin ekkert ráðið. Það eru aðeins skipaeigendurnir, sem hafa möguleika á að draga úr þessum kostnaði, og því er lagt til, að þeir beri helming bótaskyldra tjóna vegna dráttarhjálpar.

Að umr. lokinni óska ég frv. vísað til 2. umr. og sjútvn.

***Finnur Jónsson:** Ég skal ekki tefja mál þetta mikið hér í hv. d., enda óþarft fyrir mig, þar sem því mun verða vísað til n., sem ég á sæti í.

Ég held, að hv. flmr. hafi sagt fullmikið, er hann minntist á tjónið vegna dráttarhjálpar. Það má vel vera, að stundum sé lagt fullmikið í dráttarhjálp, en að það sé eins mikið og hv. flm. vildi vera láta, held ég tæplega, að geti verið rétt. Annars er það oft erfitt fyrir skipstjórana að meta og vega á milli hættunnar, sem skip þeirra er í, og kostnaðarins af hjálpinni. En hitt er ekki nema eðlilegt, að dráttarhjálpin hafi stigið, þar sem verðmæti skipanna og aflans hefur aukizt svo mjög sem nú er orðið.

Ég mun ekki fara út í það að ræða einstök atriði frv., en aðeins benda á, að nú er komin ný hætta fyrir sjófarendur hér við land, en það er tundurduflahættan. Eins og kunnugt er, þá er það skylda eigenda fiskiskipa þeirra, sem hér ræðir um, að tryggja skip sín hjá þessum vátryggingarfélögum, en nú er það svo, að þau tryggja ekki fyrir tjóni vegna ófriðar. Hins vegar eru staðhættir þeir hjá okkur, að fjöldi hinna minni veiðiskipa er einmitt á þeim slóð-

um, þar sem tundurduflahættan er mest. Það liggur því í hlutarins eðli, að gera verður ráðstafanir til þess að tryggja þessi skip vegna hinnar nýju hættu. Fyrir nokkru sendi útgerðarmannafélagið á Ísafirði atvmrh. erindi um þetta, en hann hefur ekki svarað neinu ennþá. Um þetta og fleira viðvíkjandi hinu nýja viðhorfi í þessum málum mun ég ræða í sjútvn., og ég vænti þess fastlega, að sú n. taki tillit til vandræða þeirra, sem útgerðar- og fiskimenn á Vestfjörðum eiga við að búa.

***Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Það, sem hv. þm. Ísaf. sagði um hættuna vegna tundurduflanna, er alveg rétt, hún er ekki lítil. En það mun nú venjulega verða sú raunin á, að ef skip rekast á tundurdufl, þá týnist þau með öllu, og mun því í flestum tilfellum fara svo, að hinn almenni „assurance" verði að borga þau. Að stríðstryggingar eru ekki teknar með upp í þessi lög, er sökum þess, að ekki er hægt að samrýma þær þessum tryggingum. Um þetta hefur verið rætt í Samábyrgðinni, en ekki virzt vera hægt að fá lausn á því á þennan hátt, því að stríðstryggingarnar eru svo dýrar, að skipaeigendur mundu alls ekki rísa undir þeim. Þær fást ekki nema í Englandi, og það alls ekki með hægu móti, því að Englendingar eru mjög tregir til þess að taka skip í slíkar tryggingar, vegna hinnar gífurlegu stríðshættu. Það kemur náttúrlega ekki til mála, að félögin geti tryggt þetta. Slys af þessum ástæðum mundu langlíklegast verða við loftárásir á bátahafnir, þar sem farizt gætu tugir skipa í einu. Ekkert íslenzkt félag hefur fjárstyrk til að taka á sig slíka áhættu, nema að örfáum hundraðshlutum. Tryggingin yrði því að vera hjá ríkinu eða erlendum stofnunum, en þar munu slíkar tryggingar nú vera svo dýrar, að flestir mundu veigra sér við að kaupa þær. Mér þykir furða, að lánsstofnanir landsins skuli ekki hafa hreyft málinu. Áhætta þeirra er e. t. v. meiri en nokkurs annars aðila. Engin rödd hefur þó heyrzt úr þeirri átt.

Það, sem hv. þm. Ísaf. sagði um kostnað félaganna af dráttarhjálp, hlýtur að vera hugboð eitt hjá honum, hann getur ekkert ákveðið um það vitað. En þegar manni berast í hendur skýrslur, sem sýna svart á hvítu, að allt að ⅓ útlagðs kostnaðar er fyrir dráttarhjálp, verður þetta ekkert smámál. Ef hv. þm. fengi daglega 5—10 þús. kr. reikninga fyrir verk, sem hann hefði sjálfur getað látið vinna fyrir 300—500 kr., skipti hann kannske um skoðun. Þetta hefur komið fyrir dag eftir dag, að skip eða bátar, sem hafa talstöðvar og gætu náð til útgerðarmanns síns, hafa fengið togara eða önnur skip, sem kosta 500—1000 kr. á klst., til að draga sig í land, og það jafnvel til þess eins að geta komizt sem fyrst út á miðin aftur. Þeim dettur ekki í hug að leita þá fyrst til útgerðarmanns eða tryggingarfélagsins. Slíkt þarf að koma í veg fyrir. Það er ekki von, að hv. þm. Ísaf. sé kunnugt um þetta, en okkur er það kunnugt.

Ísleifur Högnason: Ég hef ekki orðið var við þetta frv. fyrr en nú og ekki getað kynnt mér það. En í 6. gr. þess er farið fram á að breyta l. þannig, að útgerðarmaður greiði hér eftir helming þess björgunarkostnaðar, sem þar ræðir um. Þetta á að vera til þess að spara björgunarlaun. En enginn vafi er á, að ef það yrði að l., mundu margir skipstjórar og formenn hliðra sér hjá að leita aðstoðar. Þeir eru oftast mjög háðir útgerðarmönnunum, eiga atvinnu sína undir þeim og mundu oft freistast til að leita ekki hjálpar fyrr en um seinan. Ég er sannfærður um, að öryggi sjómanna yrði tilfinnanlega skert með þessu ákvæði í framkvæmd.

Ef skipstjóri gerir sér hins vegar leik að því að fá hjálp, e. t. v. aðallega til að geta komizt sem fyrst út á miðin aftur, eins og hv. þm. sagði, ætti að vera hægt að koma ábyrgð á hendur þeim manni á annan hátt.

Ég mun verða á móti því, að útgerðarmenn taki nokkurn aukinn þátt í tryggingum skipa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 208).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Mál þetta hefur sjútvn. haft til meðferðar, og hefur n. orðið sammála um að afgr. það eins og segir á þskj. 208 og leggur því til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem þar eru gerðar.

Fyrri breyt. er við 6. gr. Þar segir: „Í stað „10%" í niðurlagi fyrri málsgr. 23. gr. laganna kemur: 50%." N. leggur til, að þetta verði aðeins 25%. — Síðari breyt., er n. vildi gera, er viðvíkjandi stríðstryggingu. Samkv. l. eru ekki bótaskyld þau tjón, sem verða kynnu af stríðsástæðum.

Nú vilja sumir bátaeigendur tryggja báta á íslenzku fiskimiðunum. En á miðum okkar Íslendinga er orðin dálítil stríðshætta vegna tundurdufla. Slíkar tryggingar fást í Englandi, og er því ekki ósanngjarnt að leyfa félögum að fá hlutdeild í þessari tryggingu, og af því að miklar líkur eru til, ef fiskibátur ferst á tundurdufli, að þá spyrjist ekkert til hans. Þess vegna kemur það á hin almennu vátryggingarfélög að bæta þetta. Oftast er því hagnaður fyrir félagið að hafa tryggingunа.

Hætta getur orðið af völdum loftárása fyrir skip, er liggja um síldveiðitímann inni við síldarverksmiðjurnar. Úti á miðunum verður hætta ekki mikil, eins og raun ber vitni, og eins og áður er sagt, ef bátar farast á tundurdufli, þá kemur það á almennu tryggingarfélögin, en ekki stríðstryggingarfélögin, að bæta það.

Við í n. vildum því, af því loftárásir á hafnir eru hugsanlegar, ekki gera þetta að skyldutryggingu, heldur aðeins setja sérstakt ákvæði um þetta og gera þátttöku frjálsa í þessum tryggingum. Að öðru leyti vill n. leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 208,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
7.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 208,2 (ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 248).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 46. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.
Á 54. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 248, n. 368).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá Nd. og var þar flutt af form. vátrygginga á íslenzkum fiskiskipum, sem er gamla Samábyrgðin. Í Nd. gekk frv. breytingalítið í gegnum allar umr. Sjútvn. þessarar d. athugaði frv. og féllst á það í öllum atriðum. Það er svo, eins og bent er á í nál., að upp í þetta frv. eru teknar breyt., sem gerðar hafa verið á vátryggingarl. fyrir vélbáta 1939—1940. Aðalbreyt., sem frv. gerir ráð fyrir fram yfir það, er áður er tekið fram, eru snertandi viðskipti félaga á milli, þ. e. þegar ágreiningur verður milli félaga eða milli félaga og Samábyrgðarinnar. Það hefur sýnt sig, að ákvæðin um það, hvernig þá skuli að farið, hafa ekki reynzt nógu ljós, og er því gerð ýtarleg breyt. á þessum ákvæðum.

Þá er 4. gr. Hún er um upphæðir þær, sem ætið dragast frá tjónbótum, og eru skipin flokkuð nokkuð ýtarlegar en í gildandi lögum. Frádráttarupphæðinni er í raun og veru ekki breytt, en flokkarnir eru fleiri og stigin því fleiri.

Þá er aðalbreyt., sem olli ágreiningi í Nd., um það, hve stór skuli vera sá hluti skipstapa, er skipseiganda ber að greiða, þegar um bætur fyrir veitta aðstoð er að ræða. Lög þau, sem nú eru í gildi, kveða svo á, að skipseigandi skuli greiða 10% af bótum fyrir veitta aðstoð, þegar annað skip veitir hjálp. Það hefur sýnt sig, að bætur fyrir veitta aðstoð hafa orðið stór liður í útgjöldum ábyrgðarfélaganna. Virðist hafa komið fram sá grunur, að bætur fyrir veitta aðstoð væru í mörgum tilfellum metnar of hátt og að það stafaði að nokkru leyti af því, að hlutdeild skipseiganda í greiðslu bótanna væri of lítil til þess, að hann láti sig upphæð bótanna nokkru skipta. Ég skal engan dóm á það leggja, hvað mikið er til í þessu, en hitt er víst, að það er ekki hættulaust að hafa þennan hluta, sem lagður er á skipseiganda, óeðlilega háan, því að það getur freistað til þess, að síður verði leitað aðstoðar, og getur af því leitt miklu meira tjón en það, sem hjálpin kostaði. Í frv. var upphaflega svo ákveðið, að skipseigandi skyldi í þessum tilfellum greiða 50% af bótum, en Nd. tók þetta til lagfæringar og færði það niður í 25%. Þó að sjútvn. Ed. þyki þetta að vísu fulllangt gengið í þessu efni, þá hefur hún ekki viljað gera það að ágreiningsefni, vegna þess að komið var svo nærri því marki, sem hún var fús til að ganga inn á, sem var ⅓. N. mun því láta við svo búið standa, þó að henni þyki þetta ákvæði ekki með öllu sanngjarnt.

Ég hef þá minnzt á þær aðalbreyt., sem frv. gerir á gildandi l., en vil þó geta þess, að þessi d. hefur þegar afgr. breyt. á þessum sömu l. í frv.formi, og er það frv. komið til Nd.

Þegar þetta frv. er nú til meðferðar, þykir n. rétt að færa þetta allt í sama frv., og leggur því til með breyt. á þskj. 368, að ákvæði þess frv., sem þegar er afgr. héðan, verði tekið upp í þetta frv., og þar með ætti þá hitt frv. að geta verið úr sögunni. Hv. þdm. munu vera þess minnugir, hver undantekning það var, sem bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja var veitt í l. upphaflega um það að falla ekki undir ákvæði þessara laga um þriggja ára skeið. Ég verð að segja það, að eins og árangurinn af þessum l. hefur hingað til verið, þá sýnist mér sú ástæða vera fyrir hendi, sem upphaflega var þess valdandi, að Vestmannaeyjar fengu þessa undanþágu. Enn þá er það form, sem upp var tekið með þessum lögum, ekki orðið það tryggt, að réttmætt sé að skylda elzta ábyrgðarfélag landsins — það félag, sem alla tíð hefur staðið við allar sínar skuldbindingar án aðstoðar, — til þess að búa við það, eins og fram hefur komið hér í umr. um hið umrædda frv., sem ég hef minnzt á. Ég tel sjálfsagt, að þetta ákvæði sé fellt inn í frv., sem hér liggur fyrir.

Ég hef, fyrir hönd n., ekki fleira um þetta að segja. N. lítur svo á, að miklar líkur séu til, að margt af þessum nýmælum geti orðið til bóta á framkvæmd bátaábyrgðarlaganna. Því verður ekki neitað, að reynslan hefur ekki orðið eins ákjósanleg eins og menn hefðu óskað um þessi bátaábyrgðafélög. Við verðum enn um sinn að bíða reynslunnar um það, hvort ekki þarf að gera enn fleiri breyt. til þess að fá þetta mál í gott horf og vinna að því, að þessar tryggingar geti orðið í lagi.

Ég vil geta þess hér, að eftir síðustu vertíð mun vera svo ástatt hjá nokkrum félögum, sem búsett eru við Faxaflóa, að þau munu vera gjaldþrota. Við því verður náttúrlega ekki gert með neinu lagaboði. Hins vegar sýnir reynslan það, að þessi l. verða að sveigjast nokkuð eftir því, sem reynslan kennir manni. Í því sambandi vil ég benda á annað frv., sem kemur til umr. síðar, um breyt. á Samábyrgðinni. Ég mun víkja að því síðar, þegar það kemur hér fyrir.

N. mælir eindregið með því, að þetta frv. nái fram að ganga, með þeim breyt., sem ég hef skýrt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 368 (ný 10. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 406).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 462).

50. Iðnlánasjóður.

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð (þmfrv., A. 186).

Á 41. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

***Frsm. (Emil Jónsson):** Þegar þetta mál og frv. um iðnlánasjóðsgjald voru til 1. umr., var þess óskað, að tvö nánar tiltekin atriði yrðu tekin til athugunar af n. milli umr.

Nú hefur ekki tekizt að fá athugað nema annað atriðið, sem um er rætt, nefnilega það, hvort ekki væri heppilegra, að ríkissjóðstillagið til sjóðsins yrði aukið og létt af því gjaldi, sem gert er ráð fyrir í frv. af innfluttum iðnaðarvarningi. Þetta hefur verið borið undir hæstv. fjmrh., og taldi hann út af fyrir sig sennilegt, að ekki mundi hljótast af því nein vandkvæði, þótt þetta verði haft eins og í frv. er gert ráð fyrir. Hefur því ekki verið gerð nein till. um breyt. á því. Hins vegar er enn til athugunar hin aths., um að takmarka eitthvað gjaldið af vinnulaunagreiðslum fyrirtækjanna. Þeirri athugun er enn ekki lokið, og vildi ég mega vænta þess, að frv. fengi að ganga áfram til 3. umr. Ég get heitið því, að fyrir 3. umr. skal verða gengið frá þessu af hálfu n. og hún koma með ákvæðnar till.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 186, 308, 328).

***Frsm. (Emil Jónsson):** Við 2. umr. um frv. til l. um iðnlánasjóðsgjald var nokkuð farið út í það af hv. þm. V.-Húnv., að hann óskaði eftir því, að þetta mál allt væri athugað betur, og taldi, að það þyrfti að gera nokkrar breyt. á þessum frumv. Og höfum við nokkrir úr iðnn., sem saman náðum, — hv. þm. Mýr. var veikur og hv. 6. þm. Reykv. náðist ekki til —, hv. 1. þm. Skagf., hv. 8. landsk. og ég, borið fram brtt. á þskj. 308, sem fer fram á það, að iðnlánasjóði sé veitt heimild til að gefa út handhafavaxtabréf, og megi hann jafnan hafa í umferð bréf, sem nema að nafnverði allt að tvöföldum þeim höfuðstól, sem hann hefur á hverjum tíma. Þetta álitum við, að ætti að vera til bóta, þannig að það yrði til þess, að meira fé væri í umferð en ella. Hitt atriðið, hvort ætti að gera upp á milli þeirra iðnfyrirtækja, sem unnu úr íslenzku hráefni eingöngu, og annarra iðnfyrirtækja um að þau sleppi við þetta gjald frá framleiðendunum, þá fannst okkur, að það skipti svo litlu máli, þar sem iðnlánasjóðsgjaldið af öllu landinu mundi nema um 25 þús. kr., og því kom okkur saman um að halda okkur við frv. að öðru leyti en því, sem brtt. okkar á þskj. 308 segir til um.

Skúli Guðmundsson: Ég sé, að hv. þm. A.-Sk. er ekki staddur hér í hv. d., en ég gerði ráð fyrir, að hann gerði grein fyrir brtt., sem við flytjum við frv. um iðnlánasjóð á þskj. 328.

Eins og ég hef sagt áður, tel ég ákaflega hæpið, að það svari kostnaði að leggja sérstakt gjald á fullunnar innfluttar iðnaðarvörur, þar sem það nemur ekki nema 25 þús. kr. Við leggjum því til, að ríkissjóðsgjaldið verði hækkað um 25 þús. kr., eða úr 40 þús. kr. í 65 þús. kr. á ári. En iðnlánasjóðsgjald samkvæmt sérstökum l. verði ekki tekið, þ. e. að það verði fellt niður, sem er b-liður úr 1. gr.

Nú er nýbúið að setja tollskrána, þar sem sett eru saman í eina heild öll aðflutningsgjöld, og mundi það valda aukinni fyrirhöfn við alla innheimtu, ef farið er að bæta ofan á mörgum vörutegundum og sérstöku gjaldi. Við flm. teljum ekki borga sig eða rétt, nema brýna nauðsyn beri til, að leggja svo mikla vinnu í þetta fyrir svo litla upphæð, heldur væri betra að hækka ríkissjóðsframlagið sem því nemur. Með brtt.

okkar mundi falla niður iðnlánasjóðsgjaldið frá iðju- og iðnfyrirtækjunum til iðnlánasjóðs, sem er ætlazt til, að verði ¼% af greiddum vinnulaunum. Við teljum sérstaklega óeðlilegt að leggja slíkt gjald á þau fyrirtæki, sem vinna úr innlendu efni, en mörg þeirra hafa ekki notið lána úr iðnlánasjóði og ekki líkur til, að svo verði fyrst um sinn, þar sem gert er ráð fyrir að veita lán aðallega til smærri iðnfyrirtækja.

*Frsm. (Emil Jónsson): Ég álít, að það sé aðalatriðið, að sjóðurinn fái þetta fé, en ekki, hvort hann fær það á þennan hátt eða hinn. Og mætti út frá því sjónarmiði segja, að það mætti nokkuð einu gilda, hvort brtt. hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. A.-Sk. eða frv. yrði samþ. í núverandi mynd. Fjárhagslega fyrir sjóðinn skiptir það engu máli, hvort brtt. verður samþ. eða frv. eins og það er. Ég teldi þó rétt, að samþ. yrði frv. eins og það er, því ég vildi ekki, að þetta hefði í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð og honum yrði ofþyngt með iðnlánasjóðsgjaldinu, m. a. vegna þess, að ef harðnaði í ári, yrði þetta skert, en sjóðurinn ekki þess megnugur að verða af því ¼% gjaldi, sem honum ber að taka nú.

Ég býst ekki við, að þörf sé að vera að bera kvíðboga fyrir innheimtunni á þessu gjaldi. Ég hef talað við hæstv. fjmrh., og hann taldi, að þessi innheimtuaðferð fyrir iðnlánasjóð hefði ekki mikil óþægindi í för með sér.

Hvað því viðvíkur að fella niður algerlega það gjald, sem iðnfyrirtækin greiða af frjálsum vilja, þá álít ég, að þar sé verið að slá á útréttá hönd þeirra. Þetta ¼% gjald af greiddum vinnulaunum er kannske ekki ákaflega mikilvægt atriði fyrir iðnlánasjóðinn. En er rétt að slá á þessa útréttu hönd framleiðenda vegna þess, að einstakir þeirra hafa ekki fengið lán úr iðnlánasjóði? Mér finnst þetta of þröngt sjónarmið. En aðalatriðið er, að sjóðurinn fái þetta fé til umráða til þess að geta styrkt þau félög, sem þurfa mikið á lánum að halda. Hvernig sem fer um brtt. þeirra hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. A.-Sk., sem ég er á móti að verði samþ., þá vænti ég fastlega, að ákvæði frv. um að gefa út handhafavaxtabréf verði samþ., því ég hygg, að enginn ágreiningur sé um það.

Jón Ívarsson: Þessi brtt. á þskj. 328, frá hv. þm. V.-Húnv. og mér, felur það í sér að fella niður ½% gjaldið af innfluttum vörum, en að ríkissjóðsframlag komi í þess stað. Hv. þm. V.-Húnv. hefur lýst þessari brtt. okkar, og hef ég þess vegna litlu við það að bæta. En brtt. byggist á því, að það sé heppilegast, að tollalöggjöfin sé sem einföldust. Nú er nýbúið að setja lög um tollskrá, og á öll tollheimta að verða einfaldari í framkvæmd en áður, og ég álít, að tollarnir eigi að vera aðeins tvenns konar, verðtollur og vörumagnstollur, og þar við látið sitja. En nú þegar eru komin þessu til viðbótar viðskiptagjald ½%, innflutningsgjald ½%, og gjald til rafmagnseftirlits ríkisins, og gerir þetta tollalöggjöfina erfiðari í framkvæmd. Það má segja, að innflutningsleyfisgjaldið og viðskiptagjaldið sé vegna sérstaks ástands og falli niður, ef það ástand breytist, en ef iðnlánasjóðsgjaldið er sett, helzt það áfram. Hvað það snertir að slá á útrétta hönd iðnrekenda um tillagið til iðnlánasjóðs, þá er þeim það vitanlega heimilt að leggja það fram af frjálsum vilja, hvort sem það er lögákveðið eða ekki. En ég tel ákaflega hætt við, að þótt í byrjun mætti líta á þetta gjald sem framlag frá iðnrekendunum sjálfum, þá mundi það fljótlega færast yfir á neytendur varanna, og yrði framlagið þá orðið neyzluskattur.

Ég álít rétt, að iðnlánasjóði sé veitt heimild til þess að gefa út handhafavaxtabréf eins og brtt. á þskj. 308, sem þrír hv. þm. bera fram, fer fram á. Iðnlánasjóður getur þá starfað meira að því að veita hagkvæm lán, ef hann fær aukið lánsfé.

Ísleifur Högnason: Það er ekki ný bóla, þó að Alþfl. víki frá sínum stefnumálum. Það er nú farið að ganga svo langt, að Alþfl. finnst það ekki nægja að hafa verndartollana, heldur á nú að fara að bæta nýjum neyzluskatti við allt, sem fyrir er af slíku tagi.

Ég er andvígur þeim frv., sem komið hafa fram um þetta efni. Ég álít, að mörg af íslenzku iðnfyrirtækjunum séu aðeins gróðafyrirtæki á kostnað neytendanna í landinu. Hefði það ekki verið nær fyrir hv. flm., ef hann þá vill vera trúr stefnu flokks síns, að leggja til, að skattur verði lagður á framleiðendurna sjálfa, nema því aðeins, að flm. hafi sérstakan áhuga fyrir að koma á fót slíkum fyrirtækjum, sem mest eru til þess að gefa mönnum tækifæri til að auðga sjálfa sig? Slík fyrirtæki, sem okra á framleiðsluvöru sinni vegna þess að innflutningur er bannaður, eru hér á landi í tugatali. Það er hin mesta óhæfa að fara nú að búa til nýjan neyzluskatt á neytendurna og lofa þessum gróðamönnum að okra á almenningi. Ég mun greiða atkv. gegn þessum frv.

*Frsm. (Emil Jónsson): Hv. þm. A.-Sk. taldi, að það ætti í raun og veru ekki að vera nema tveir tollar, helzt aðeins verðtollur og vörumagnstollur, og tollalöggjöfin ætti að vera sem einföldust. En svo taldi hann upp mörg önnur gjöld, sem mér skildist, að ættu rétt á sér, svo sem innflutningsleyfisgjald, viðskiptagjald og gjald vegna rafmagnseftirlits. Finnst mér, að ef fært þykir að hafa t. d. þetta gjald til rafmagnseftirlits, þá sé það sýnu nær, að leyft væri að innheimta þetta gjald fyrir iðnlánasjóð. Og ég sé ekki, að það ruglaði neitt við innheimtuna, þótt það væri lagt á.

En það er ekki hægt að neita því, að með því að leyfa ekki þetta gjald er verið að slá á framrétta hönd iðnrekenda, því að enda þótt þeim sé það í sjálfsvald sett að leggja fram þetta gjald, þá hlýtur hver og einn að sjá það, að þeir gera það því aðeins, að allir leggi fé fram. Hvað það snertir, að þetta sé neyzluskattur, þá er það ekki rétt. Þetta fé á að renna til iðnlánasjóðs til þess að létta undir með fyrirtækjum með hagkvæmari lán, og það, sem það kostaði þá í útlögðum peningum, mundu þeir vinna aftur í hagkvæmari lánum.

Ísleifur Högnason: Þessi rök, sem hv. þm. kom fram með, eru ekki slök. Að það ætti að verða til þess að lækka vöruverð, ef t. d. þetta gjald væri hækkað úr ¼% upp í 50%, sér hver maður, að hverju stefndi, en þó að hækkunin sé ekki nema ¼%, þá er stefnan sú sama. Það er alveg rétt hjá hv. þm. A.-Sk., að þetta er neyzluskattur, sem eykur dýrtíðina, og það er alltaf svo, að þegar búið er að rétta skrattanum litla fingurinn, vill hann taka alla höndina, og svo mun einnig verða hér.

Það sér hver maður, hvað liggur á bak við þetta. Hér er um að ræða óréttláta og óheilbrigða stefnu, þar sem verið er að skattleggja neytendur ofan á allar aðrar búsifjar, sem þeir verða fyrir af hinum ýmsu ísl. iðnfyrirtækjum.

Jón Ívarsson: Hv. 6. landsk. sagði, að ég hefði játað, að nú þegar væru komnir á margs konar tollar. Þetta er rétt. Hann vildi draga það út úr orðum mínum, að fyrst svo væri, þá væri rétt að bæta fleiri tollum við. En ég nefndi þessi gjöld til að benda á, að þetta væri óheppilegt. Ég benti á, að a. m. k. tvö af þessum gjöldum, viðskiptagjald og innflutningsleyfisgjald, væru miðuð við það sérstaka ástand, sem nú væri. en þetta nýja gjald á aftur á móti að standa áfram, og er það í samræmi við það, sem ég hélt fram, að óheppilegt sé að bæta við fleiri gjöldum, sem innheimt væru á sama grundvelli. Í sjálfu sér ættu að vera þessir tveir tekjustofnar, verðtollur og vörumagnstollur, en ekki fleiri tollar, og tel ég því mjög óheppilegt, ef ætti að bæta við, þó að ekki væri nema ½—1% aukaverðtolli, enda þótt tilgangurinn sé góður. Stefna þessi er óheppileg, einkum vegna framkvæmdar tollheimtunnar.

Önnur atriði, sem hann minntist á, þarf ég ekki að fara nánar út í, en vil aðeins geta þess, að ég álít till. um að gefa út handhafavaxtabréf heppilega til þess að sjóðurinn geti betur náð tilgangi sínum en verið hefur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 186, 308, 328).

ATKVGR.

Brtt. 328 samþ. með 12:8 atkv.

— 308 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 375).

Á 54. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 375, n. 412).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Snæbjörnsson):** Mál þetta er borið fram af hv. iðnn. Nd., og upphaflega voru tvö frv., sem fylgdust að þar í hv. d. um efni þessa frv., annað um iðnlánasjóð og hitt um iðnlánasjóðsgjald. Var gert ráð fyrir því, að framlagið, sem ríkissjóður legði fram til iðnlánasjóðs, væri 40 þús. kr., í stað þess að gjaldið hefur verið 25 þús. kr. hingað til til sjóðsins. Eins var gert ráð fyrir, að fást mundi kringum 50 þús. kr. tekjur af hinu frv., iðnlánasjóðsgjaldsfrv., sem væri lagt í þann sama sjóð, og það þannig yrði með vöxtum kringum 100 þús. kr., sem árlega kæmi í iðnlánasjóð, ef bæði frv. yrðu að l. En þessu var breytt í hv. Nd., þannig að í staðinn fyrir 40 þús. kr., sem voru í 1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, var tillag ríkissjóðs hækkað upp í 65 þús. kr. En um leið virtist anda það kalt til hins frv., að það mundi ekki fá afgreiðslu þar í hv. d.

Því er lýst allrækilega í grg., hversu mikil þörf er á aukningu iðnlánasjóðs fyrir iðnaðinn, og ætla ég ekki að endurtaka það hér í þessari framsöguræðu minni. Þó að segja megi, að frá mínum bæjardyrum séð sé fullskammt gengið í því að veita iðnlánasjóði tekjur með þessu frv., eins og það er nú, þá er það mikil bót frá því, sem verið hefur undanfarið.

Þetta er sem sagt mikilvægasta breyt. frv. á núgildandi l. En svo er önnur mikil breyt., sem var gerð á frv. í hv. Nd., um það, að iðnlánasjóði væri heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, og kemur það vitanlega til með að vega töluvert upp á móti því, sem vantar í frv. af tekjum sjóðsins, sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Aðrar breyt. frá núgildandi l., sem í frv. felast, eru einungis lítilfjörlegar. Í 3. gr. er lagt til, að það skuli vera sett þriggja manna n., sem fjalli um lánbeiðnir úr sjóðnum. Áður hafði það verið Landssamband iðnaðarmanna, sem hafði skipað þá n. En nú tilnefnir sá félagsskapur aðeins einn mann í n. og Félag ísl. iðnrekenda annan manninn, og er það ekki nema eðlilegur hlutur, þar sem lánin falla líka til iðju um leið og þau falla til iðnaðar. Þriðja manninn skipar ráðh.

4. gr. fjallar um það að fella úr 3. gr. l. orðið „smærri", þannig að yfirleitt koma öll iðnfyrirtæki til greina, hvort sem þau eru smærri eða stærri, um að fá lán úr sjóðnum, ef þau þykja hæf til lána.

5. gr. fjallar um það, að það skuli koma fram beiðni frá hlutaðeigandi fyrirtæki um lán úr sjóðnum, þar sem áður hafði staðið í l., að ráðh. auglýsti eftir beiðnum. Það fyrirkomulag hafði verið mjög þunglamalegt, þannig að menn höfðu stundum ekki fengið lánin, þó að þeir beiddu um þau fyrri part árs, fyrr en síðast á árinu, sem hafði orðið mjög til baga.

6. gr. er aðeins áréttíng frá því, sem er í núgildandi l. Í l. er sagt, að ekki megi veita hærra lán úr sjóðnum en 5 þús. kr., en þá voru tekjurnar 25 þús. kr. Nú er í frv. skýrt tekið fram, að lán megi nema ⅕ af nettótekjum sjóðsins. En

sjóðnum er ætlað að bera sig sjálfur, og þess vegna verður einhver kostnaður við rekstur hans, og því er þarna tekið fram, að þetta sé af nettótekjum sjóðsins.

Hinar gr. eru að mestu leyti lagfæringar til samræmis, sem leiðir af þeim breyt., sem hafa verið nefndar.

Iðnn. hefur haft þetta mál til meðferðar á fundi sínum, eins og nál. ber með sér, og leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 463).

---

51. Skráning skipa.

Á 41. fundi í Ed., 21. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa (þmfrv., A. 227).

Á 42. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Þetta frv. er flutt af allshn. eftir ósk hæstv. fjmrh. og fjallar um breyt. á l. um skráning skipa. Breyt. er í því fólgin, að fyrir nafnbreytingar á skipum skuli greiða nokkurt gjald í ríkissjóð, en áður þurfti þess ekki. Ástæðan fyrir því, að frv. þetta er fram borið, eru ítrekaðar umkvartanir frá skipaskráningarstofu ríkisins um hinar tíðu og óþörfu nafnbreytingar skipa. Það hefur komið í ljós, að menn hafa ekki farið eftir fyrirmælum skipaskráningarl. um að sækja um leyfi til nafnbreytingar til skipaskráningarstofunnar, og enn fremur að tilkynningar um nafnbreytingar hafa borizt svo seint, að búið hefur verið að gefa út skráningarskírteini á annað nafn en eigandi hefur ætlazt til.

Loks hafa menn ekki skeytt um að sækja um samþykki skipaskráningarstofunnar og breytt nöfnum skipa upp á sitt eindæmi, og nafnið hefur þá ekki verið í samræmi við skjöl þau, sem út hafa verið gefin. Eftir að fiskiskipin fóru að sigla til Englands í haust með afla sinn, kom þetta sérstaklega í ljós, að nöfn skipanna voru oft og tíðum ekki í samræmi við skrásetningu, en þá var það nauðsyn, að öll skjöl væru í lagi.

Aðaltilgangur frv. er ekki að afla ríkissjóði tekna, heldur sá að reyna að draga úr hinum tíðu nafnbreytingum og að gera mönnum skiljanlegt, að þeim beri að sækja um nafnbreytingarnar í tíma.

Það má deila um það, hvort gjöld þessi séu óþarflega há, og má þá taka það til athugunar, en ég hygg, að l. nái ekki tilgangi sínum að öðrum kosti.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 227, n. 428).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 472).

---

52. Hafnargerð á Skagaströnd.

Á 11. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd (þmfrv., A. 46).

Á 12. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Pálmason): L. um hafnargerð á Skagaströnd eru bráðum orðin 12 ára. Þegar þau voru sett, voru ákveðin þau fjárframlög, sem nægileg töldust til að ljúka verkinu. Síðan hafa orðið breyt. á gildi peninga og verðlagi, og hefur verkið eigi komizt svo langt áleiðis sem til var ætlazt, enda gengið frekar treglega að fá hið nauðsynlega fé til framkvæmdanna. Í þessu frv. er því farið fram á það að hækka bæði heimildina til fjárveitinga af hálfu ríkisins og ábyrgðarheimildina. Ég skal ekki fara mörgum orðum um málið, meðan ekki eru gefin sérstök tilefni til, en vonast til, að n. taki nauðsyn þess til íhugunar.

Ég legg til, að málinu verði, að lokinni umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 46, n. 262).

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv. fjallar um breyt. á l. nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd. Sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar og er ásátt um að mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt. Efni frv. er það, að framlagsheimild ríkissjóðs er hækkuð úr 285 þús. upp í 300 þús. kr. og ábyrgðarheimild ríkissjóðs úr 320 þús. upp í 600 þús. kr. Það mun vera svo á Skagaströnd, að búið er að vinna að þessum mannvirkjum, aðallega hafnargerð, fyrir sem svarar 400 þús. kr., en það er talið, að til þess að höfnin komi að þeim notum, sem að mun hafa verið stefnt, þá þurfi til hennar talsvert meira fé. Mun liggja fyrir bráðabirgðaáætlun um þetta, þar sem um er að ræða lengingu á hafnargarðinum, sömuleiðis uppmokstur og, að ég hygg, einhverja uppfyllingu. N. þykir rétt að veita þessa heimild, en síðan verður það vitanlega komið undir fjárveitingum Alþ. frá ári til árs, hvað þessu verki miðar áfram. Það er talið, að á Skagaströnd sé bezta aðstaðan til hafnargerðar, a. m. k. við austanverðan Húnaflóa, og því er það, að nokkur áherzla hefur verið lögð á, að þar væri byggð höfn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Jón Pálmason: Ég vil þakka sjútvn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Jafnframt skal ég geta þess, að ég hef fengið áætlun frá vitamálastjóra um kostnað við að gera þarna stórskipahöfn, og er hann nokkuð miklu hærri en farið er fram á í þessu frv. En þar sem áætlunin er miðuð við núverandi verðlag, ætla ég að láta það vera að flytja frekari brtt. við hafnarl., í von um, að Alþ. sýni þessu fyrirtæki hér eftir sem áður velvilja, þegar á þarf að halda, ef ekki verður lækkaður til muna sá kostnaður, þegar verður ráðizt í að fullgera þetta mannvirki, en fullgert verður það ekki talið, fyrr en þar er komin upp fullkomin stórskipahöfn.

Ég verð þess vegna að sjálfsögðu að taka með þökkum afgreiðslu sjútvn. og vona, að frv. gangi greiðlega gegnum þingið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 415).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Í þessu frv., sem komið er frá hv. Nd. og hefur gengið gegnum þá hv. d. ágreiningslaust, er farið fram á að hækka fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í l. um hafnargerð á Skagaströnd, um ⅓, bæði það tillag, sem ríkissjóður leggur til hafnargerðarinnar, og einnig þá fjárhæð, sem hafnarstjórn á Skagaströnd er heimilað að taka að láni til hafnargerðarinnar.

Sjútvn. fellst á, að þau rök, sem færð eru fyrir þessu í grg. fyrir frv., séu í alla staði rétt og að það eigi að standa við það, sem með þessum l. var upphaflega ætlað, að koma upp skipahöfn á Skagaströnd, og að þá sé óhjákvæmilegt að auka fjárhæðina a. m. k. um þetta. N. leggur því til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 484).

---

53. Hafnargerð á Akranesi.

Á 22. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 8. sept. 1931, um hafnargerð á Akranesi (þmfrv., A. 83).

Á 23. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég hef ekki á þessu stigi neinu við það að bæta, sem segir í grg. þessa frv. Ég vil aðeins gera það að till. minni, að því verði vísað til sjútvn., og vænti ég, að sú n. taki málið sem fyrst til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 83, n. 264).

Frsm. (Jón Ívarsson): Eins og nál. á þskj. 264 ber með sér, leggur n. til, að frv. þetta verði samþ. með þeirri breyt., að í staðinn fyrir 750 þús. kr. ábyrgðarheimild komi 720 þús. Er þetta í sjálfu sér leiðrétting á frv. Eins og hafnarl. fyrir Akranes eru nú, er svo fyrir mælt, að ríkið skuli leggja fram ⅔ kostnaðar, allt að 480 þús. kr., og þar að auki er stj. heimilað í sömu l. að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. Í hafnarl., sem gilda yfirleitt, leggur ríkissjóður til ⅔ kostnaðar og ábyrgist gjarnan ⅔. N. sá ekki ástæðu til að hafa Akranes að þessu leyti öðruvísi en aðra þá staði, sem hafa slík hafnarl., og í samræmi við það er ábyrgðin sett 720 þús. á móti framlagi ríkissjóðs, sem er 480 þús. Ábyrgðin er þar með sett ⅔ af kostnaði, en framlagið eins og það stendur í l. óbreytt.
Í sjálfu sér er ekkert fleira fram að taka þessu viðkomandi. Þetta frv. miðar að því að færa ábyrgðarheimild ríkissjóðs til samræmis við það, sem gildir í l. um hafnargerðir annars staðar á landinu við kauptún, og mælir n. því með, að það verði samþ.

Pétur Ottesen: Ég tel þessa brtt., sem n. ber hér fram, eðlilega og felli mig fullkomlega við hana. Að öðru leyti hef ég ekkert um þetta mál að segja, en þakka n. fyrir afgreiðslu þess.

ATKVGR.
Brtt. 264 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 315).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 50. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 315, n. 414).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Um þetta mál gildir nákvæmlega það sama og um frv. um hafnargerð á Skagaströnd, sem var hér áðan til umr. Það liggja sömu ástæður fyrir þeirri breyt., sem í þessu frv. felst, um breyt. á l. um hafnargerð á Akranesi. En ég vil aðeins geta þess, að í hv. Nd. var gerð lítils háttar breyt. á frv., þannig lagað, að tölur þær, sem í frv. standa, eru færðar til samræmis við þau hlutföll, sem hafa gilt í l. um hafnargerðir, og er það sjálfsagður hlutur. Enda var enginn ágreiningur um það í n. að gera þessa leiðréttingu, að láta sömu hlutföllin haldast um framlag ríkissjóðs og hafnarsjóðs Akraness.
Sjútvn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 485).

---

54. Hafnarlög fyrir Ísafjörð.

Á 43. fundi í Nd., 23. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922 (þmfrv., A. 255).

Á 44. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.
Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 45. fundi í Nd., 26. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 50. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 416).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*__Frsm. (Ingvar Pálmason)__: Þetta frv. er um sama efni og þau tvö frv., sem hafa verið hér á dagskrá og afgr. næst á undan þessu máli, sem sé um breyt. á hafnarl. fyrir Ísafjarðarkaupstað. Þó er efni þessarar breyt. nokkuð annað heldur en í hinum frv. Í hinum frv. er farið fram á að hækka þær tölur, sem í l. eru nú, í hlutfalli við það, sem kostnaður við byggingar hafnarmannvirkja hefur aukizt. En í þessu frv. er farið fram á það að breyta þeim hlutföllum, sem standa í hafnarl. Ísafjarðarkaupstaðar, til samræmis við það, sem nú orðið gildir í öðrum hafnarl. hér á landi. Það hefur sem sé verið þannig í hafnarl. fyrir Ísafjarðarkaupstað, að ríkissjóðsframlagið hefur ekki verið nema ¼ hluti. Stafar þetta af því, að l. eru það gömul, að þegar þau voru sett, þá var sú fasta venja höfð á hæstv. Alþ. að ákveða ekki hærri hluta úr ríkissjóði heldur en ¼ af kostnaði af mannvirkjunum. Nú var þessari stefnu breytt, að mig minnir 1928, og tekin upp allt önnur hlutföll, þannig að ég hygg, að ⅗ hlutar séu nú greiddir úr ríkissjóði og ⅗ úr viðkomandi hafnarsjóði til byggingar slíkra mannvirkja. Nú er með þessu frv. farið fram á að færa þetta til samræmis þannig lagað, að ríkissjóður greiði ⅗ hluta kostnaðar til hafnargerðarinnar á Ísafirði.
Þetta frv. var borið fram í hv. Nd. og gekk í gegnum þá hv. d. andstöðulaust með öllu. Og eftir að sjútvn. hefur athugað málið, leggur hún einróma til, að frv. verði einnig í þessari hv. d. samþ. eins og það liggur fyrir. Það virðist ekki vera annað en sanngirniskrafa, að þessi kaupstaður njóti sömu hlunninda um framlag úr ríkissjóði til hafnargerðar eins og aðrir staðir á landinu, þar sem um hafnarmannvirki er að ræða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 486).

---

55. Tannlæknakennsla við læknadeild háskólans.

Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans (þmfrv., A. 158).

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 347).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

__Frsm. (Vilmundur Jónsson)__: Um þetta frv. er ekkert að segja fram yfir það, sem í grg. stendur,

annað en að það hefur verið athugað í tveim n. d., sem báðar hafa komizt að þeirri niðurstöðu að mæla með frv. Þó hefur aðeins meiri hl. menntmn. fallizt á að lýsa fylgi sínu við frv., en allshn. samþ. það í einu hljóði. Ég vænti því, að frv. fái góðar undirtektir í hv. deild.

Helgi Jónasson: Það mun nú kominn tími til þess að reynt sé að ráða bót á tannsjúkdómum með fjölgun tannlækna, og er það okkur til háborinnar skammar, hve okkur er ábótavant í þessu efni. Það kann að vera rótgróin venja hjá almenningi að reyna ekki að bæta úr þessu böli með tannskemmdirnar, en svo mun orsökin líka vera sú, að erfitt er að ná til tannlækna. Þeir eru miklu færri að tiltölu en aðrir sérlæknar og allt of fáir, samanborið við fólksfjöldann. Þetta frv. mundi ráða bót á þessu, og menn mundu eiga hægara með að ná til tannlæknis, a. m. k. í kaupstöðum landsins.

Þetta frv. hefur tvenns konar markmið. Í fyrsta lagi, að mönnum gangi betur að ná til tannlækna og að tannlæknar eigi að verða aðstoðarmenn héraðslækna. Hið síðar nefnda tel ég mjög vafasamt atriði. Vitanlega er full þörf á slíkum aðstoðarlæknum, en ég er hræddur um, að það fari eins og með aðra lækna, að þeir fáist ekki nema í kaupstaðina. Við vitum, að þó að almennir læknar séu of margir í kaupstöðunum, er ókleift að fá þá út um sveitir landsins. Er ekki lengur vansalaust fyrir Alþ. að láta hjá líða að ráða bót á þessu. Það kann að fara svo, þegar fram í sækir og tannlæknarnir eru orðnir of margir, að einhverjir fáist út í sveitirnar, en fyrst um sinn munu kaupstaðirnir gleypa alla tannlækna, og þar er þeirra án efa full þörf. En spursmálið, sem nú er mest aðkallandi fyrir sveitirnar, er það, hvernig þær eigi að fá læknishjálp, þegar héraðslæknirinn getur ekki gegnt embætti sínu vegna veikinda eða sumarleyfis, sem allir fá nú notið nema læknar. Ég veit um einn lækni, sem hefur gegnt störfum í sínu héraði í 20 ár og hefur aldrei farið út fyrir umdæmi sitt, bæði vegna fátæktar og vegna erfiðleika á að fá lækni í sinn stað á meðan. Slíkt ástand getur ekki gengið til lengdar, að héruðin verði að vera læknislaus, ef héraðslæknirinn forfallast. — Þetta voru nú almennar hugleiðingar um þetta mál.

Þetta frv. mun ráða mikla bót á tannlæknafæðinni, og þó að það komi ekki að fullu gagni nema til að byrja með, á það fullan rétt á að verða samþ. Kostnaðaráætlunina tel ég mjög hóflega, og þar sem frv. telur flest upp, sem nota þarf, mun það varla fara fram úr áætlun í framkvæmdinni. Ég vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þetta frv. og afgreiði það sem fyrst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 188, n. 431).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Með frv. þessu, sem hér liggur fyrir, er farið fram á, að sett verði við Háskóla Íslands deild, sem kenni tannlækningar. Er í 2. gr. frv. ákveðið að nokkru leyti framlag til deildarinnar og í 3. gr. er ákveðið um kennaralið þessarar deildar.

Í grg. frv. eru færð allýtarleg rök fyrir því, að mjög erfitt er að fullnægja þörf fyrir tannlækningar hér á landi, eins og nú er, sérstaklega af þeirri ástæðu, að hingað til höfum við þurft að sækja alla tannlæknamenntun út til annarra landa. En þörfin fyrir lækna í þessari sérgrein er orðin mikil hjá okkur. Og í grg. frv. eru færð rök fyrir því, að það sé ekki hyggileg ráðstöfun að hafa hér stofnun, sem vel getur innt af hendi kennslu í þessum fræðum, og nota sér það ekki. Landlæknir hefur tilkynnt mér, að kennaraefni sé til hjá okkur í þessum fræðum, sem hefur numið erlendis, og landlæknir hefur einnig látið í ljós við mig, í viðtali, að kostnaður við þessa deild muni ekki verða stórum meiri en þeir styrkir, sem veittir eru þeim mönnum, sem þetta nám hafa sótt til annarra landa.

Í grg. frv. er vikið allmjög að því, að tannsjúkdómar fari mjög hraðvaxandi hér á landi, og það eru allmiklar líkur til þess, að það muni kannske að einhverju leyti stafa af því, að tannlæknar séu hér of fáir og ónógri fræðslu til fólksins um það, hvernig eigi að girða fyrir tannskemmdir í tíma.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi kynnt sér grg. fyrir þessu frv. Hún er ýtarleg og fróðleg. Hún hnígur öll að því að færa fram rök fyrir því, að það sé okkur ekki aðeins metnaðarmál að hafa tannlækningakennslu í landinu sjálfu, heldur sé það galli á okkar læknakennslu að hafa ekki tannlækningakennslu í háskólanum.

Allshn. hefur athugað frv. Og þar sem frv. hefur gengið í gegnum hv. Nd. andstöðulaust, sér n. ekki ástæðu til annars en að mæla með

því, að frv. gangi fram. Og n. gat ekki fundið neina ástæðu til þess að gera brtt. við frv. Má vel vera, að það geti komið í ljós með reynslunni, að einhver ákvæði frv. þyrftu að vera á annan veg heldur en þau eru sett í frv. En allshn. telur sig bresta þekkingu til þess að gera þar um nokkrar brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 487).

---

56. Bæjarstjórn á Akranesi.

Á 38. fundi í Nd., 18. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um bæjarstjórn á Akranesi (þmfrv., A. 188).

Á 41. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Í grg. þessa frv. er rakinn aðdragandi þess, að það er fram borið. Það er flutt að ósk hreppsn. í Ytri-Akraneshreppi. Það er ekki ástæða til að fara nánar inn á þau atriði, sem rakin eru allgreinilega í grg. Þar er m. a. á það bent, að fólki hafi fjölgað allört á Akranesi á undanförnum árum. Íbúatalan er nú orðin það há, að eðlilegt er, að farið sé fram á, að Akranes verði tekið í tölu kaupstaða. Það er vitað um a. m. k. einn kaupstað nú, sem ekki hefur helming íbúa á við Akranes.

Það er enn fremur bent á það í grg., að á sýslufundi, sem haldinn var í Borgarfjarðarsýslu um þetta mál, hafi orðið fullt samkomulag milli sýslun. og fulltrúa frá hreppsn. Ytri-Akraneshrepps um aðalatriðin í væntanlegum fjárskiptum Ytri-Akraneshrepps og sýslunnar. Að þessu leyti hefur þetta mál verið vel undirbúið í þessu efni, sbr. hliðstæð mál.

Ég get getið þess, að árið 1929 voru íbúar á Akranesi 1200, og eins og þá var komið, voru störf oddvita og hreppstjóra svo umfangsmikil, að eigi þótti, að við svo búið mætti sitja. Fékk ég því framgengt að ósk kaupstaðarbúa, að samþ. voru lög um lögreglustjóra þar á staðnum, en hann hefur með höndum lögreglumálin og ennfremur innheimtu á tekjum fyrir ríkissjóð. Á þeim 12 árum, sem liðin eru síðan, hefur íbúunum fjölgað svo, að þeir eru nú orðnir um 2000. Auk þess dvelur þar margt aðkomumanna á vertíðinni frá desember til maí, og vinna þessir menn að ýmsum störfum í sambandi við útgerðina.

Ég vænti þess, að hv. Alþingi taki vel í þetta mál og afgreiði það, enda þótt nokkuð sé liðið á þingtímann.

Ég hef fengið útdrátt úr fundargerð sýslun. um fjárskiptin og afhent hana formanni þeirrar n., er ég legg til, að málinu verði vísað til. Ég mun svo ekki ræða um þetta frekar, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

***Gísli Guðmundsson:** Ég geri ráð fyrir, að þessu máli verði vísað til þeirrar n., er ég á sæti í, og mun ég því ekki ræða neitt um þetta mál almennt. Ég vil aðeins spyrja hv. flm. um eitt atriði í frv. Í grg. frv. stendur, að þ. 30. marz síðastl. hafi farið fram á Akranesi skrifleg atkvgr. um þetta, þar sem 262 hafi greitt atkvæði af 1049, sem voru á kjörskrá. Þar af sögðu 228 já, 33 sögðu nei, einn seðill var auður. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvort þetta sé rétt í frv., að ekki hafi verið meiri þátttaka, og ef svo er, hvort ekki eru einhverjar ástæður til þess. Mér virðist hér vera um litla þátttöku að ræða.

Flm. (Pétur Ottesen): Að því er fyrirspurn hv. þm. N.-Þ. snertir, þá get ég skírskotað til þess, sem í grg. stendur um þetta atriði. Þar er rétt frá skýrt.

En um orsökina til þess, að þátttakan var ekki meiri en þetta, veit ég ekki, en get mér þess til, að íbúar kauptúnsins hafi litið svo á, að allar aðstæður væru þannig, að það væri augljóst sanngirnismál, sem hér væri farið fram á, og Alþingi mundi verða við ósk um þetta efni. Ég geri því ráð fyrir, að sá almenni vilji kauptúnsbúa hafi komið fram hjá þeim, sem atkvæði greiddu með því að fá bæjarréttindin. — Ég get ekki gert nánari grein fyrir þessu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 188, n. 289).

Frsm. (Bergur Jónsson): Hér er um það að ræða að veita kauptúninu Akranesi kaupstaðarréttindi og setja lög um bæjarstjórn þar.

Allshn. hefur farið gaumgæfilega í gegnum frv., og er það yfirleitt í fullkomnu samræmi við þá löggjöf, sem á þessu sviði gildir. Hún hefur gert hér þrjár smábreyt. Fyrsta breyt. er aðeins orðabreyt., að fyrir „stjórnarráðið“ komi: ráðherra. Það er orðin venja nú í lögum að hafa frekar orðið ráðherra. Önnur breyt. er sú að telja meðal tekna bæjarins fyrst og fremst útsvör, af því að þau eru yfirleitt aðaltekjurnar. Þriðja breyt. er við síðustu málsgr. 14. gr. Þar stendur: „Bæjarstjóri ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþ. af nefnd þeirri innan bæjarstjórnar, er þau heyra undir“. Þetta virðist vera þungt

í vöfum og er vafalaust ekki framkvæmt á þann hátt. Þess vegna hefur n. tekið upp ákvæði, sem er í samræmi við bæjarstjórnarl. á Akureyri, að bæjarstjórn ávísi útgjöldum samkvæmt reglum, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

Að þessu loknu leggur n. til, að frv. verði samþ., og vísar til grg. frv., sem segir, að það sé almennur vilji á Akranesi, að bærinn fái kaupstaðarréttindi, og Akranes er orðið svo fjölmennt, að það er komið fram úr tveimur kaupstöðum landsins hvað íbúatölu snertir.

Pétur Ottesen: Ég ætla ekki að hefja neinar umræður um þetta mál, enda er þess ekki þörf, heldur aðeins þakka hv. n. fyrir afgreiðslu á málinu og þær breyt., sem hún hefur gert á frv. Óska ég svo, að það geti gengið áleiðis.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 289,II samþ. með 19 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 289,III samþ. með 18 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
15.—23. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 289,I samþ. án atkvgr.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 325).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 50. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 325, n. 436).

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Herra forseti! Frv. þetta hefur borizt hingað frá hv. Nd., þar sem það var lagt fyrir Alþingi af hv. þm. Borgf. eftir ósk hreppsn. Ytri-Akraneshrepps.

Frv. þetta fer fram á það, að Akraneskaupstún verði tekið í tölu kaupstaða og veitt kaupstaðarréttindi, að það verði lögsagnarumdæmi út af fyrir sig og umdæmið nái yfir núverandi Ytri-Akraneshrepp og heiti Akraneskaupstaður. Umdæmi þetta á hér eftir sem hingað til að vera í alþingiskjördæmi Borgarfjarðarsýslu. Að öðru leyti er þetta frv. sniðið eftir þeim lögum um kaupstaðarréttindi, sem sett hafa verið á síðari árum, og að formi til svo að segja samhljóða slíkum lögum, t. d. l. um bæjarstj. í Neskaupstað.

Í Nd. voru gerðar mjög litlar breyt. á frv., aðeins smávægilegar orðabreyt., og allshn., sem hefur haft þetta mál til athugunar, hefur ekki séð ástæðu til að gera neinar athugasemdir eða breyt. á því.

Mál þetta hefur verið undirbúið heima fyrir á Akranesi, þannig að bæði liggur fyrir fundarsamþykkt, þar sem samþ. hefur verið með yfirgnæfandi meiri hluta að óska þess, að kauptúninu verði veitt bæjarréttindi, og enn fremur hefur farið fram skrifl. atkvgr. um þetta, sem fór á sömu leið, að þeir, sem óskuðu eftir þessu, voru í miklum meiri hluta. Sömuleiðis var haldinn aukasýslufundur um málið í Borgarfjarðarsýslu og þar lagður grundvöllur að fjárskiptum milli hins nýja kaupstaðar og Borgarfjarðarsýslu.

Þau rök, sem liggja til þess, að n. mælir með því, að þetta frv. verði samþ., eru hin sömu og gilt hafa í þeim tilfellum, sem Alþingi hefur áður veitt bæjarréttindi, sem sé, þegar kauptún eru orðin eins fjölmenn og Akranes nú, þá sé málefnum þeirra betur borgið með því að hafa þá stjórn á bæjarmálum, sem gert er ráð fyrir, þegar um bæjarréttindi er að ræða, þ. e. a. s. kosin bæjarstjórn, sem hefur með málefni kaupstaðarins að gera, og bæjarstjóri, sem hefur á hendi framkvæmdir og ályktanir bæjarstjórnar. Þetta hefur að vísu aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, þar sem gert er ráð fyrir, að skipaður verði nýr embættismaður, bæjarfógeti Akraness, en ekki eru þetta þó stórvægileg útgjöld frá því, sem nú er, því þar hefur um nokkurra ára skeið verið skipaður lögreglustjóri, sem hefur verið launaður af ríkissjóði. Þar sem gert er ráð fyrir, að hinn nýi bæjarfógeti hafi sömu laun og sýslumenn í lægri launaflokki, þá er hér ekki um mikil útgjöld að ræða og ekki horfandi í það, ef ganga má út frá því, að málefnum kaupstaðarins sé betur komið með þessari skipan en annars. Ég legg því til fyrir hönd n., að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir í þessari hv. deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—23. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 513).

57. Landskiptalög.

Á 32. fundi í Nd., 7. apríl, var útbýtt:
Frv. til landskiptalaga (þmfrv., A. 145).

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Ásamt hv. þm. Mýr. flyt ég þetta frv. til landskiptalaga. Gildandi landskiptalög eru frá árinu 1927, og hefur þeim, sem mest hafa með þau að gera og eiga að starfa eftir þeim, þ. e. ráðunautum Búnaðarfélagsins í jarðræktarmálum, virzt, að viss ákvæði þeirra væru orðin úrelt og þyrftu endurbóta við. Af þessum ástæðum hefur Búnaðarfélagið látið endurskoða lögin, og er þetta frv. árangur þess starfs. Get ég að mestu látið nægja að vísa til grg. frv., því þar er tekið fram um helztu nýmælin, sem í frv. felast. Ég vil þó geta þess, að einn aðalagnúinn á gildandi landskiptalögum er það, að ekki er ákveðinn neinn skiptagrundvöllur, heldur verður að leita samkomulags milli aðila í hvert skipti. En hér er svo ákveðið, að þar, sem hægt sé, skuli lagt til grundvallar jarðamatið frá 1861. Að vísu getur svo farið, að ekki sé hægt að skipta eftir jarðamatinu frá 1861, því að ýmislegt getur komið til greina nú, sem ekki hefur verið komið til við það mat. En það, hve skiptagrundvöllurinn hefur verið lítið ákveðinn í gildandi l., hefur oft valdið deilum og örðugleikum, sem hefði mátt komast hjá. Þetta er ein af stærstu breytingunum, sem frv. gerir ráð fyrir, en að öðru leyti læt ég nægja að vísa til grg. frv. Óska ég, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 145, n. 351, 377).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt að efni til, því að þær brtt., sem n. flytur á þskj. 351, eru mestmegnis orðabreyt. til lagfæringar á frv., en ekki efnisbreyt.

Landbn. lítur svo á, að þær brtt., sem gerðar eru í frv. frá eldri landskiptal., sem eru frá 1927, séu yfirleitt til bóta, enda eru þær brtt. byggðar á þeirri reynslu, sem fengizt hefur við framkvæmd þeirra l. N. telur því rétt að samþ. frv.

Brtt. við 1. gr. frv. eru aðeins orðabreyt. við 1. tölul. Hins vegar tekur n. aftur brtt. á þskj. 351 við 3. tölul. frv. og ber aftur fram aðra brtt. á þskj. 377 um að orða um þennan 3. tölulið frv., því að n. telur, að betur fari að orða liðinn þannig heldur en eins og lagt er til í brtt. á þskj. 351.

Hér er um nýmæli að ræða í þessum 3. tölul. frv., þar sem ákveðið er, að einn aðili hafi kröfurétt á því, að skipta skuli upp landi að nýju, þó að lögfest skipti hafi farið fram áður. En hins vegar er það þó lagt á vald matsmanna, hvort slíka kröfu skuli taka til greina eða ekki. Því aðeins mega þeir taka hana til greina, að úr þessu megi bæta hinum öðrum aðilum að skaðlausu. Lengra þótti ekki fært að ganga í þessu efni. En reynslan hefur leitt ótvírætt í ljós, að eldri skipti, sem hafa verið gerð lögum samkvæmt, hafa reynzt óhagkvæm í ýmsum atriðum og nauðsyn að laga þau. Þess vegna er það nauðsynlegt, að jafnvel þótt aðeins einn aðili, sem hér á hlut að máli, vilji skipta, þá geti hann gert kröfu til þess að ný landskipti fari fram. Þá hefur n. gert smábrtt. við 10. gr., sem er orðabreyt. um síðustu málsgr. þeirrar gr., en ekki veruleg efnisbreyt.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, enda lýsti ég nokkuð við 1. umr., í hverju nýmæli þessa frv. felast. N. leggur til, að þessar smávægilegu brtt. við frv. verði samþ.

***Eiríkur Einarsson:** Ég geri ráð fyrir, að frv. þetta horfi til endurbóta á löggjöf þeirri, sem nú gildir um landskipti, enda hefur ýmsu verið áfátt í þeim efnum og vakið deilur um framkvæmd þeirra l.

Tilefni þess, að ég vildi segja hér fáein orð, var eitt ákvæði í brtt. n., það er brtt. 377. Mér finnst, fljótt á litið, að sú brtt. geti tæplega horft til bóta í þessu máli. Þá skoðun byggi ég á orðalagi brtt., sem er á þá leið, að ef einum eða fleiri aðilum, sem koma við ákveðin landskipti, þyki áður lögfest skipti vera óhagkvæm, þá skuli matsmenn taka kröfu hans eða þeirra til breyt. til greina, en því aðeins megi matsmenn taka þá kröfu til greina, að breyt. á landskiptunum megi bæta úr, öðrum aðilum að skaðlausu. Þetta virðist mér mótsagnakennt, og ég hygg, að þetta geti orðið að deiluefni. Ég sé ekki betur en að hér sé verið að stofna til deiluefnis, því að þyki einum aðilanum skiptin óhagkvæm, sem fyrir eru lögfest, vill hann aðeins breytingar sér til hagsbóta, og um leið mundu skiptin koma í bága við hagsmuni hins aðilans. Ég á torvelt með að hugsa mér þau landskipti, sem séu til bóta fyrir báða aðila.

Ég vildi benda á þetta hér, og eins og lagafrv. þetta er að öðru leyti orð í tíma töluð og til mikils gagns, mundi þetta ákvæði út af fyrir sig geta valdið miklum deilum. Aðili biður matsmenn um að framkvæma skiptin, en þeir mega ekki gera það, nema telja megi, að það sé hinum aðilanum að skaðlausu. Nú mundi í flestum tilfellum ekki vera talið skaðlaust að eigin mati, sem þeir teldu réttmæt skipti. Mætti því gjarnan útrýma þessu úr landskiptalögunum, þar sem um heitt málefni er að ræða, og þarf ekki mikið út af að bera til að deilur rísi milli aðila.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Hvað snertir aths. hv. 8. landsk., sem eiga í raun og veru aðeins við 3. tölul. 1. gr., þá er ég ekki sam-

mála um, að ekki geti komið til greina skipti, sem koma til gagns fyrir þann aðilann, sem telur sig vanhaldinn af skiptunum, en veldi þó ekki hinum aðilum neins tjóns. Við getum hugsað okkur, að land eins ábúanda í margbýli liggi þannig, að mjög sé erfitt að nytja landið, en hins vegar getur það legið miklu betur við fyrir mótbýlismenn hans, þá geta skiptin komið að gagni fyrir báða. Mörg slík tilfelli geta komið til greina, og þetta er sett inn með tilliti til þess. Um þetta hafa áður gilt ýmsar gamlar venjur, sem hafa gert það að verkum, að skiptin hafa verið svo ruglingsleg og klaufaleg á ýmsan hátt, að þar við gat ekki lengur setið. Séu landamerki krókótt, er hægt að rétta þau af með landskiptum án þess að þau komi sér illa fyrir hvorugan aðilann, og frá mínu sjónarmiði getur þetta vel staðizt. Ég vissi ekki vel, hvort hv. 8. landsk. vildi fella niður 3. tölul. 1. gr. Þeir, sem undirbjuggu frv., töldu rétt að hafa þetta ákvæði, og landbn. fellst einnig á það. N. lítur svo á, að bæta megi úr ágöllum eldri landskiptalaga með þessu frv.

*Eiríkur Einarsson: Ég get fallizt á ummæli hv. frsm. um þessa breyt., svo langt sem þau ná. Þau tilfelli eru hugsanleg, að óánægja með landskipti sé milli aðila, sem í raun og veru sitja við sáttaborð. En sé gengið út frá því, sem er miklu algengara, að grunnt sé á því góða milli þeirra óánægðu, er öðru máli að gegna. Það vakti sérstaklega fyrir mér, að óánægja annars aðilans gæti orðið árekstraratriði gagnvart hinum. Ég veit, að ég þarf ekki að skýra þetta nánar. Viðvíkjandi fyrirspurn hv. frsm. um það, hvort meining mín væri sú að vilja fella niður 3. tölul. 1. gr., þá finnst mér gr. svo tvíræð eins og hún er nú orðuð, að nauðsynlegt sé að fella niður þennan tölul., og mundi ég þá greiða atkv. með gr. Ég vænti þess, að hv. n. athugi, hvort ekki megi breyta frv. á þennan hátt, þar sem ég treystist ekki til að bera fram brtt. við gr. eins og hún er orðuð í heild sinni og liggur nú fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 351,1.a tekin aftur.
— 377 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 351,1.b þar með ákveðin.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 351,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
11.—21. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 392).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 392, n. 441).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Landskiptalögin frá 1927 hafa að mörgu leyti þótt ónóg. Hafa þeir sérstaklega orðið varir við það, sem þurft hafa að framkvæma landskipti á grundvelli þeirra laga. Hin síðari ár hafa starfsmenn Búnaðarfélagsins, einkum jarðræktarráðunauturinn, ákaflega oft verið kvaddir til aðstoðar, þegar landskipti hafa átt sér stað. Þeir hafa því iðulega rekið sig á, hvað helzt hefur vantað í lögin og hve erfitt hefur verið að skipta landi eftir þeim. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að Búnaðarfélag Íslands hefur látið gera uppkast það, er hér liggur fyrir, sem búnaðarmálastjóri og formaður Búnaðarfélagsins fluttu í Nd. Það fór óbreytt í gegnum þá d. og ágreiningslaust með öllu.

Sem dæmi um erfiðleikana, sem á því hafa verið að skipta landi, skal ég taka dæmi eins og það liggur greinilegast fyrir á eina hlið. Á jörð einni í Rangárvallasýslu, þar sem að gömlu lagi áttu að vera jafnir helmingar — helmingaskipti —, er ábúandinn á öðrum helmingnum búinn að fjórfalda sitt tún og rækta alla móa í kringum túnið, sem ræktanlegir eru án framræslu. Hinn ábúandinn hefur aftur á móti ekkert stækkað sitt tún. Nú eru þessir helmingar orðnir gerólíkir að mati, þó að landskipti eigi að vera jöfn. Ef bein skipti ættu að fara fram milli þessara tveggja aðila, þá er ekkert til í lögum, sem segir til um, við hvað eigi að miða, hvort miða eigi við það, sem núna er, eða við gamla daga, áður en ræktunin var hafin. En nú er í þessu frv. ákveðið að miða við jarðamat frá 1861 og skipta eftir því, þar sem því verður við komið.

Það eru annars hrein undur, hvað menn sætta sig enn þá við að hafa land sameiginlegt. Það eru undur, að enn þá skuli vera til tún, sem 5 menn hafa til afnota sitt árið hver, og svo er ekkert gert að túninu, því að enginn telur það sitt tún. Þess vegna væri þörf á að gera meira til að ýta undir landskipti heldur en gert er með þessum lögum. Hér er ekkert gert til þess að ýta undir þau, en hins vegar sett ákvæði til þess að þau geti farið eðlilegar og betur fram, þegar óskað er eftir þeim.

Ég held, að reynslan muni sýna, að eitthvað kunni að vanta í þessi lög, þegar fara á að skipta eftir þeim, en það er þó búið að taka fyrir ákaflega marga annmarka, sem mestum árekstrum hafa valdið í framkvæmdinni hingað til.

Landbn. þessarar hv. d. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Að vísu hefur einn hv. nm. verið fjarverandi, og er afstaða hans ekki kunn, en þó tel ég víst, að hann mundi hafa verið með því að láta þetta frv. halda áfram óbreytt í gegnum þessa hv. d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—21. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 514).

---

58. Læknisvitjanasjóðir.

Á 43. fundi í Nd., 23. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um læknisvitjanasjóði (þmfrv., A. 254).

Á 44. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 254, n. 348).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Allshn. hefur athugað þetta frv., og eins og nál. ber með sér, mælir hún með því, að það verði samþ. óbreytt.
Varðandi kostnaðinn, sem gera má ráð fyrir, að frv. þetta hefði í för með sér, ef að l. yrði, vil ég geta þess, að samkv. 1. gr. má framlag ríkissjóðs á hvern héraðsbúa ekki fara fram úr 1 kr. Hér getur verið um nálega 30 þús. manns að ræða, þannig að þó að öll héruð kæmu sér upp læknisvitjanasjóðum, færi upphæðin ekki fram úr 30 þús. kr., þó að engin önnur takmörk væru sett. En nú má ekki samkv. 1. gr. veita meira en 1000 kr. til hvers læknisvitjanasjóðs, og í öðru lagi er það svo, að að sama skapi sem þessi heimild yrði notuð, mundu lækka greiðslur til læknisvitjana í fjárlögum, en þær nema nú um 13 þús. kr. Þá mun það ekki heldur koma til greina, að öll héruð stofni slíka sjóði, því að þriðjungsframlag á að koma frá viðkomandi byggðarlagi, og þar sem ekki er erfitt um læknisvitjanir, mundi ekki þykja ástæða til slíks kostnaðar.
Það er ekki ætlun okkar flm., að þessir sjóðir komi alls staðar í stað læknisvitjanastyrkja, heldur fái héruðin að velja um, hvort þau vilja heldur styrk eða framlag samkv. l. þessum.
Ég vænti, að frv. fái góðar viðtökur í hv. d.

Helgi Jónasson: Ég þarf litlu við að bæta það, sem hv. frsm. hefur tekið fram. Ég vil þakka n. fyrir fljóta afgreiðslu þessa máls og vona, að það fái góðan byr hér í hv. d.
Það er tekið fram í grg. frv., hvað nú er víða orðið kostnaðarsamt að vitja læknis. Enda þótt samgöngur hafi batnað, er það svo, að kostnaður er meiri en áður við læknisvitjanir. Alþingi hefur viðurkennt þetta og veitt árlega í fjárl. styrk til ýmissa héraða, en sá styrkur er mjög af handahófi. Sum héruð hafa orðið vel úti og hafa fengið ríflegan styrk, önnur hafa orðið út undan. Frv. þetta er fram komið til að gefa öllum héruðum, sem þess óska, kost á að mynda læknisvitjanasjóði með þriðjungsframlagi frá héraðinu og ⅔ úr ríkissjóði.
Mitt læknishérað er stórt og víðlent og því um miklar vegalengdir að ræða í sambandi við læknisvitjanir, enda er það svo, að stundum kostar bíll upp í 80 kr., og allir sjá, hvað það er óbærilegt gjald fyrir fátæka bændur. Þetta frv. er að vísu ekki stórtækt. Við leggjum til, að einnar kr. framlag komi á hvern héraðsbúa utan þess hreppsfél., sem læknir situr í, úr ríkissjóði. Við þorðum ekki að tiltaka hærri upphæð, enda hafa sumir viljað hækka þetta. Ég mun ekki hafa á móti því, en við vildum sem sagt fara gætilega í sakirnar. Þess er því að vænta, að a. m. k. verði samþ. sú upphæð, sem í frv. er tekin til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 254, n. 437).

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Þetta mál er komið frá hv. Nd. og er flutt af hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. N.-Ísf. Efni þessa frv. er á þá lund, að gert er ráð fyrir að stofna læknisvitjanasjóði, sem ríkið leggur svo til allt að 1 kr. á hvert nef í viðkomandi læknishéruðum, þar sem þessir sjóðir verða stofnaðir. Þetta er efni 1. gr.

Í 2. gr. er svo nánar gert ráð fyrir því, hver séu hlunnindi þeirra, sem eiga að njóta styrks úr læknisvitjanasjóðunum, og hverjir eigi að hafa stjórn þessara sjóða með höndum á viðkomandi stöðum. Svo er til ætlazt, að í viðkomandi læknishéruðum sé bæjarfógeti, sýslumaður eða lögreglustjóri sjálfkjörnir, og auk þess viðkomandi héraðslæknir sem annar maður, og 3. maður sé oddviti eða maður, sem oddvitar hreppsins koma sér saman um að kjósa í þessa stjórn. Þessi stjórn á að sjálfsögðu að hafa alla vörzlu sjóðsins, og að öðru leyti að úthluta úr honum til þeirra, sem talið er, að slíks styrks þurfi með, sem sjóðurinn gerir ráð fyrir. Það er gert ráð fyrir því við nánara starfssvið sjóðsins, að honum sé sett reglugerð.

Um leið og slíkur sjóður er stofnaður í einhverju læknishéraði, þá er að sjálfsögðu felldur niður sá styrkur, sem til slíkrar starfsemi er veittur á fjárl. Á fjárl. yfirstandandi árs er varið í þessu augnamiði tæpum 13 þús. kr., sem er beinn styrkur til læknisvitjana í hinum ýmsu héruðum á landinu. Héruðin, sem njóta styrksins, eru 31, og mér telst, að innan þessara læknishéraða, sem nú fá þennan styrk, séu innan við 40 hreppar. Lægsti styrkur nú er 150 kr. til eins hrepps, og hæsti styrkur er 1 þús. kr. til annars hrepps, sem er raunar smákaupstaður, en það er Raufarhöfn. Ef það yrði almennt, að slíkir sjóðir yrðu myndaðir, þá mundu að sjálfsögðu falla niður þessar fjárhæðir og þessi sundurliðun, sem nú er í fjárl., og það er m. a. vegna þess, að allshn. er fylgjandi þessu frv. Hún telur það mjög vel ráðið, að sundurliðunin, sem nú er í fjárl., hverfi, og í staðinn komi ein ákveðin upphæð, sem yrði bundin í þessum l., því hún fer að sjálfsögðu eftir því, hve margir sjóðir verða stofnaðir og í hve fjölmennum héruðum þeir verða. Ég skal ekki neita því, að ef almennt yrði horfið að því ráði að stofna þessa sjóði, þá má reikna með, að hér verði um nokkru hærri upphæð að ræða en ríkissjóður hefur orðið að greiða til þessa. Þó að gert sé ráð fyrir því, að þriðjungsframlag komi annars staðar að, m. ö. o. að hrepparnir leggi fram þessa upphæð, þá eru það samt allveruleg töp fyrir héruðin, að slíkir sjóðir sem þessir verði stofnaðir.

Ég hygg nú, að innan n. sé nokkurn veginn samhljóða álit um það, að þessir læknisvitjanastyrkir þurfi að vera í allmörgum stöðum á landinu, þar sem strjálbýlt er og erfitt að sækja lækni, sérstaklega þar sem þarf að fara langan fjallveg eða sjóleið og sókn læknis með mönnuðum bát kostar einstaklinginn, sem hlut á að máli, mjög stórar upphæðir, sem ekki eru sambærilegar við þá góðu aðstöðu, sem fólkið í kaupstöðunum hefur til að leita læknis, þar sem læknirinn býr. Og því er ekki óeðlilegt, þó að einstaklingar þeir, sem búa í strjálbýlinu, njóti styrks af almannafé til þess að greiða fyrir læknisvitjunum.

Allshn. fellst á þessa stefnu, sem í frv. felst, jafnvel þó að það feli í sér nokkuð meiri útgjöld úr ríkissjóði heldur en verið hefur til þessa.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Við sáum ekki ástæðu til að breyta neinu í frv. og mælum með því, að það verði samþ. í því formi sem Nd. samþ. það.

*Magnús Jónsson: Ég ætla ekki að andmæla þessu frv. Það getur vel verið, að full ástæða sé til að stofna slíka sjóði sem þessa. Ég vil aðeins benda á í sambandi við þetta frv. og reyndar fleiri mál, sem liggja fyrir þinginu nú, að það er hálfóviðkunnanlegt að vera að stofna til svona sjóða, samhliða því, sem frestað er framkvæmdum svipaðra laga með sérstökum l. í bandorminum svokallaða, og lægi nær, að það væri borið fram frv. um það að hætta þeim frestunum. Þar er að ræða um sjóði, sem ætlazt er til, að lagt sé fé til á hverju ári, en sem með bandorminum er a. m. k. dregið úr eða jafnvel alveg frestað greiðslu til á þessu og þessu ári. Og svo á sama tíma, sem þetta er gert, finnst mér dálítið hjákátlegt að vera að stofna til þess, að ríkissjóður greiði í nýjan sjóð á meðan aðrir sjóðir, sem fyrr voru stofnaðir og ákveðið er að leggja fé til árlega, eru ekki leystir úr álögum. Ég býst við, að ef þrengir að hag ríkissjóðs, verði það svo, að slíkum sjóðum sem þessum verði bætt við bandorminn og sagt, að á þessu ári skuli ekki greiða þetta tillag.

Það var frv. á ferðinni um það að leggja allmikið fé til Samábyrgðarinnar. Ég held, að ég hafi hreyft því þá, að það væri einkennilegt að ákveða það á sama tíma sem árlegum greiðslum, ákveðnum með l. fyrir löngu síðan um stofnfé Landsbankans, 100 þús. kr. á ári, er frestað.

Ég vildi mælast til þess, að hæstv. Alþ. athugaði þetta, að ekki verði sett mikið af slíkum sjóðum á stofn á meðan það sér sér ekki fært að leysa úr álögum stofnsetta sjóði, sem eiga að fá fé úr ríkissjóði, en er frestað fjárframlagi til þeirra ár frá ári.

*Páll Hermannsson: Ég vildi aðeins vekja athygli hæstv. Alþ. á því, að hér í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að fjárframlag ríkissjóðs til þessara sjóða megi ekki vera hærra en 1 kr. á hvern þann íbúa í læknishéraðinu, sem á heima utan þess kauptúns, kaupstaðar eða hrepps, sem læknirinn á heima í. Gæti ekki viljað til, að einhvers staðar stæði þannig á, að læknir sæti t. d. í allfjölmennum hreppi eða kauptúni, en hefði þó læknisþjónustu í öðrum hreppi, sem ætti mjög erfitt með læknisvitjun, en væri sjálfur fámennur. Ég vildi biðja hv. n. að athuga

það, hvort þessi eina króna gæti ekki í einstökum tilfellum orðið fulllítið framlag og ekki sízt með tilliti til þess, að nú er krónan ekki í ákaflegu háu verði. Annars finnst mér mjög eðlilegt, að reynt sé að setja l. sem þessi. Það hefur verið að undanförnu úthlutað úr ríkissjóði fé í þessu augnamiði. Og eins og högum er háttað, finnst mér þetta sanngjarnt. Það er t. d. á það að líta, að læknar taka nokkuð af launum sínum í aukatekjum, og nokkuð af þessum aukatekjum eru beinlínis dagpeningar, sem þeir fá á ferðalögum, sem þeir, sem vitja læknis, eiga að greiða, auk annars gjalds til læknis. Mér finnst, að það geti komið til mála að hækka laun lækna, sem búa í dreifbýlinu, en láta dagpeninga þeirra á ferðalögum algerlega falla niður. Ég vildi gjarnan heyra upplýsingar hv. frsm. um það, hvernig n. hefur skilið þetta í 1. gr., að því er snertir þriðjungsframlagið. Það má vera, að það sé skýrt, en mér virðist hv. frsm. skilja það nokkuð öðruvísi heldur en ég skil það.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það eru tvö atriði, sem mig langar til að benda á í þessu máli og biðja n. að athuga þau milli umr.

Það er í fyrsta lagi viðvíkjandi 3. gr., þar sem segir: að læknisvitjunarstyrkurinn skuli vera áætlaður á fjárl. Ég ætla, að sérstökum hreppum sé ætlaður styrkurinn, en ekki sérstökum héruðum, og að það þurfi því að orða þessa gr. öðruvísi.

Í öðru lagi álít ég, að þetta 1000 kr. hámark um greiðslu úr ríkissjóði sé of lágt, þegar litið er á það, að t. d. í einu læknishéraði, sem er Stykkishólmur, sem nú nýtur mests styrks úr ríkissjóði, þar njóta þrír hreppar í héraðinu styrks, er nemur 950 kr. Og það er miklu meiri ástæða fyrir þessa þrjá hreppa, sem hafa þessar 950 kr. á fjárl., að halda í það framlag heldur en að fara að mynda sjóð fyrir allt héraðið og fá þá kannske í mesta lagi 1000 kr. framlag. Það er því enginn ávinningur fyrir héraðið í heild að mynda slíkan sjóð.

Í Ólafsvíkurhéraði eru hreppar komnir upp í 800 kr. með læknisvitjanastyrkinn. Þeir mundu aldrei fara að hlaupa upp til handa og fóta til þess að fá 1000 kr. úr ríkissjóði handa öllu héraðinu í heild. Ég held að það sé mjög athugandi, hvort eigi ekki að hafa þessa upphæð hærri í fyrstu; ég er alltaf á móti harmonikul., sem enginn veit fyrir sig fram, hve mikil útgjöld hafa í för með sér. Þó finnst mér, að ég geti hér gert undantekningu, að þetta frv., verði að l., þó að ég sé á móti harmonikul.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Hv. 1. þm. Reykv. beindi þeirri athugasemd til hv. d., hvort ekki væri varhugavert að stofna slíka sjóði sem þessa, sem svo á krepputímum yrðu lagðir til hliðar, eins og gert hefur verið að undanförnu, og ekki greitt fjárframlag ríkisins til þeirra. Við vitum það, að þess eru dæmi, að ýmis fjárframlög ríkissjóðs, sem bundin eru í l., hafa verið felld niður á örðugleikatímum. Ég skal ekkert um það segja, hvort þeir tímar eru nú í nánd, að til slíks þurfi að grípa á næstunni, eða hvort sjóður sem þessi, ef lögfestur verður, er einn af þeim, sem verður settur til hliðar. En ég man ekki, hvort nokkur sjóður er í l., sem ríkissjóði ber að leggja til, sem uppfyllir þessi skilyrði, sem þessum sjóði er ætlað að inna af hendi. Hins vegar er það þá á valdi hvers þings á hverjum tíma, til hvaða sjóða skuli lagt fé. Og gæti ég þá vænzt þess, að sízt yrði gripið til þess að leggja til hliðar svona sjóði, sem ætlazt er til þess að greiði fyrir því að vernda mannslífin, með því að greiða fyrir að sækja lækni og lyf. Nú er það ekki meiri bjartsýni, sem felst í þessu frv. um stofnun þessa sjóðs, heldur en mörgu öðru, sem nú hefur verið gert á hæstv. Alþ. Mér virðist óþarfi að efast um getu ríkissjóðs til þess að styrkja þennan sjóð, eins og svo margt annað.

Þá var hv. 2. þm. N.-M. að beina því til n., hvort ekki væri rétt að athuga það í sambandi við 1. gr. frv., hvort ekki væri of lítið ætlað til hreppa, sem hefðu sérstöðu, að mér skildist þannig, að einn hreppur væri t. d. í námunda við fjölmennt kauptún, því að ekki er gert ráð fyrir að leggja þennan nefskatt nema á þá hreppa, sem eru utan þess kauptúns, sem læknirinn býr í. Ég skal játa, að við höfum talað um þetta í n., hvort nokkur hreppur mundi vera, sem svo væri ástatt um. (**PZ:** Í bæði Sauðanes- og Presthólahreppi situr læknir, og báðir hafa nú læknisvitjanastyrk). Það er sjálfsagt að athuga þetta. En ég hef lauslega athugað þetta við flm., hvort hér gæti orðið um árekstra að ræða á milli framlags þess, sem þessum hreppum er ætlað á fjárl., og þessa frv., og telja þeir, að það komi ekki til greina og ekki mundi vera neitt læknishérað eða hreppur, sem ekki hækkaði í þessum styrk, ef læknisvitjanasjóðurinn yrði stofnaður.

Þá beindi hv. 2. þm. N.-M. fyrirspurn til mín viðvíkjandi framlaginu. Ég skil það svo, að ef ríkið leggur fram upphæð, er nemur 1 kr. á hvern mann í læknishéraði, sem til greina kemur, þá beri hreppum að leggja fram 50 aura á hvern mann, þ. e. ½ gjalds, á móti framlagi ríkissjóðs. Ég skal ekki binda þetta fastmælum, heldur leita mér frekari upplýsinga, hvaða skilning beri að leggja í orðalag, sem hér er um að ræða.

Þá drap hv. 1. þm. N.-M. á nokkuð svipað atriði og samþingismaður hans og vitnaði í svipað dæmi. Ég man ekki, hvort sama er um að ræða í hans kjördæmi og þeim læknishéruðum, sem til greina geta komið, Hróarstungulæknishéraði og Fljótsdalslæknishéraði. Og þá koma til greina aðeins tveir hreppar í þessum héruðum, sem njóta nú styrkja, það er einn hreppur í Hróarstungulæknishéraði, sem hefur fengið 300 kr. styrk, og Jökuldalshreppur með 200 kr. Nú er ekkert kauptún í báðum þessum læknishéruðum, sem læknir situr í, svo mér skilst, að allir hreppar héraðsins geti komið til greina að verða þátttakendur í myndun þessa sjóðs. Og það er augljóst mál, að þessi læknishéruð fá með því miklu hærri styrk heldur en gert er nú ráð fyrir í fjárl. Ég hef að vísu ekki tölur um mannfjölda í þessum læknishéruðum, en ég hygg, að þetta muni vera rétt. Það er yfirleitt svo, að í hverju læknishéraði er einn hreppur, sem allajafna nýtur slíks styrks, og stund-

um eru þeir tveir og þá undantekning, ef þeir eru þrír. Þetta er því ekki eins varhugavert eins og hv. 1. þm. N.-M. vildi vera láta, að það gæti rýrt hlut þeirra læknishéraða, sem hér kæmu til greina, heldur mundi það auka upphæðina, sem kemur til greina að nota í þessu augnamiði.

Hins vegar munum við í fjhn. athuga málið milli umr. í sambandi við það, sem bent hefur verið á.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég veit ekki, hvað hv. 2. landsk. hefur heyrt mig segja. Ég minntist ekki einu orði á læknishéruð í Norður-Múlasýslu, heldur benti ég á það, að sums staðar á landinu, eins og t. d. í Stykkishólmslæknishéraði, er nú læknisvitjanastyrkurinn 950 kr. í þremur hreppum, og þegar allir hrepparnir ættu von á að geta fengið mest eitt þús. kr., þá teldi ég vafa á því, að þessir 3 hreppar vildu sleppa þessum 950 kr. til þess að láta 1000 kr. koma til þeirra allra. Í Ólafsvíkurlæknishéraði eru 800 kr. ætlaðar til sjúkravitjanastyrks fyrir tvo hreppa, og þegar ætti svo að fara veita úr ríkissjóði 1000 kr., sem skipta ætti á milli alls læknishéraðsins, þá er ég hræddur um, að þeim þætti það nokkuð lítið. En Norður-Múlasýsla kemur þessu máli ekkert við. Enn fremur stendur í frv., að styrkurinn eigi ekki að falla í hlut þess hrepps, þar sem læknir er búsettur. Nú liggur fyrir á fjárl., og þingið hefur litið svo á að undanförnu, að það eigi stundum að veita læknisvitjanastyrk í hreppa, þar sem læknir er búsettur, og svo er t. d. um Sauðaneshrepp í Norður-Þingeyjarsýslu, sem ætlaður er 200 kr. læknisvitjanastyrkur, og Presthólahreppur í sömu sýslu nýtur einnig slíks styrks, sem er 200 kr. Og að viðkomandi héruð vildu leggja fram fé til þess að leggja þetta niður til þess að fá það fé, sem frv. felur í sér, tel ég mjög vafasamt.

Í Norður-Múlasýslu hefur engum dottið í hug að fara fram á að fá læknisvitjanastyrk til hreppa, sem eru langt frá lækni, og hafa þeir þó ekki betri aðstöðu til læknisvitjana heldur en þeir menn í Ólafsvík, sem fá læknisvitjanastyrk.

Ég er viss um það, að það verður aldrei stofnaður læknisvitjanasjóður kringum Þórshöfn, þar sem læknisvitjanastyrkurinn er nú 200 kr. Og þá er komið út í sömu vitleysuna að hafa á sumum stöðum styrk þennan til einstakra hreppa eftir fjárl., en hafa í sumum héruðum læknisvitjanasjóði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Út af ummælum, sem fram komu hér við 2. umr. málsins, vil ég geta þess, að n. hefur athugað frv. og það, hvort rétt mundi að gera breyt. á því, en komst að þeirri niðurstöðu, að þess væri ekki þörf. Með samtali við hv. aðalflm. frv. hef ég fullvissað mig um það, að enginn vafi er á því, að framlag ríkissjóðs og framlagið annars staðar að á að skiptast eftir hlutfallinu 2:1. Tel ég engan vafa leika á um þetta atriði og mæli því með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 515).

---

59. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 3. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á 14. gr. l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins (þmfrv., A. 25).

Á 7. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti! Ég hef áður flutt frv., sem gekk í sömu átt og þetta frv., sem hér liggur fyrir, um breyt. á 14. gr. síldarverksmiðjul., og náði það að vísu ekki fram að ganga af sérstökum ástæðum.

Eins og hv. þm. mun vera kunnugt, hefur það ákvæði verið í l. síldarverksmiðja ríkisins, að þær skuli undanþegnar tekju- og eignarskatti til ríkisins og útsvari til bæjar- og sveitarfélaga.

Fyrir nokkru starfaði mþn. að athugun tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Hafði hún meðal annars til meðferðar þetta ákvæði, og lagði mþn. til, að þessu ákvæði væri breytt að því er við kemur útsvarsskyldu, þannig að á síldarverksmiðjur ríkisins skyldi leggja svo kallað framleiðslugjald. Mþn. lagði til, að þetta gjald yrði 1% af söluverði framleiðslunnar. Í meðferð Alþ. breyttust till. mþn. svo, að gjaldið lækkaði niður í ½%, og enn fremur var sett það skilyrði, að gjaldið mætti ekki fara fram úr 25% af álögðum útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags.

Nú er það svo, að í flestum stöðum, þar sem ríkið rekur síldarverksmiðjur, hefur þetta ákvæði um 25% ekki nein áhrif. Á Siglufirði kemur það ekki til greina, að gjaldið verði svo tiltölulega hátt, því að Siglufjörður er svo stór bær, að ¼ hluti útsvara nemur þar hærri upphæð en framleiðslugjaldinu. Á Húsavík og Sólbakka mun þetta ekki heldur skipta neinu máli. Hins vegar er einn hreppur, sem þetta ákvæði kemur algerlega niður á, og ég tel mjög óeðlilega og ósanngjarnlega; það er Presthólahreppur, þar sem Raufarhafnarverksmiðjan er rekin. Eins og nú stendur, eða síðan verksmiðjan á Raufarhöfn var reist, nemur þetta gjald allmiklu meiru en ¼ af útsvörum, sem hreppurinn getur lagt á, og verður hann því, vegna þessara ákvæða, af fjárupphæð, sem hann munar allverulega um. Ég get hins vegar ekki álitið, að hún skipti verulegu máli í þeirri miklu „umsetningu“, sem

síldarverksmiðjur ríkisins hafa. Raufarhöfn er vaxandi þorp og sennilega mjög vaxandi á næstu árum, einmitt vegna þeirra framkvæmda, sem þar hafa orðið, þ. e. a. s. verksmiðjubygginganna. Í sambandi við það hljóta að koma til greina á næstunni ýmis opinber gjöld, sem ómögulegt er að komast hjá. Vinnutími verksmiðjanna er ákaflega stuttur, ekki nema 2—3 mánuðir á ári í venjulegu ári. Og á þessum stað er mjög lítið um aðra atvinnu, þannig að þarna hlýtur að aukast fátækraframfæri. Og meira að segja á árinu sem leið, sem var þó vafalaust miklu betra ár fyrir þorpið heldur en hægt er að gera sér von um að verði yfirleitt, sáust greinilega spor í þá átt, að fátækraframfærið mundi aukast. Þar sem svo mikið er um að vera nokkurn hluta ársins, eins og þarna, verður óhjákvæmilega að gera ýmsar opinberar framkvæmdir. T. d. er engin vatnsveita fyrir þorpið í heild. Og óhjákvæmilegt verður að gera eitthvað af götum og eitthvað annað til hagræðis fyrir íbúa þorpsins og þá, sem þar eru um síldveiðitímann. Það er ekki sanngjarnt, að bændur í öðrum hluta hreppsins leggi á sig aukabyrði til þess að standa straum af þessum útgjöldum. Þess vegna finnst mér öll sanngirni mæla með því, að sá rekstur, sem þarna á sér stað, standi að verulegu leyti straum af þeim útgjöldum, sem þarna þurfa að vera, a. m. k. að svo miklu leyti, að ekki þurfi verulega að sækja tekjur til þess út fyrir þorpið. Það má vel vera, að einhverjir kynnu að álíta, að nokkur hætta gæti verið á því, að þessu fé, sem þannig yrði aflað hjá síldarverksmiðjum ríkisins, yrði varið til einhvers, sem ekki snerti þorpið. En ef menn óttast það, sem ég tel ástæðulaust, þá er mjög einfalt úrræði til þess að komast hjá því, þ. e. að skipta Presthólahreppi og gera Raufarhöfn að sérstöku hreppsfélagi, og ég hygg, að það mundi engum andmælum sæta heima í héraði, ef það teldist nauðsyn að gera slíkt.

Ég hef ekki fyrir mér nákvæmar tölur um framleiðslu síldarverksmiðju ríkisins á Raufarhöfn, en vitanlegt er það, að tölur ársins 1940 gefa ekki hugmynd um það, hvernig þær tölur mundu verða að jafnaði, því að ég geri ekki ráð fyrir, að menn geti hugsað sér, að framleiðslan verði að jafnaði eins og hún var síðastliðið sumar eða verð eins hátt og þá. En á síðasta ári hefði ½% gjaldið orðið 25—30 þús. kr. Það er ekki stór upphæð miðað við alla umsetningu síldarverksmiðja ríkisins, og þó yrði gjaldið í meðalárum vafalaust mun lægra.

Ég hef lagt til, að skilyrðið um 25% af álögðum útsvörum falli niður, og ég vona, að hv. d. fallist á, að slíkt sé ekki ósanngjarnt og að það sé ekki ástæða til þess fyrir þetta stóra fyrirtæki, síldarverksmiðjur ríkisins, að hafa þessa upphæð af fátæku hreppsfélagi.

Þegar ég flutti frv. um þetta efni síðast, var í meðferð þingsins bætt inn í það ákvæðum um annað mál nokkuð óskylt, og af þeim ástæðum var frv. fellt í Sþ. En mínar till. voru samþ. hér í hv. d., og vænti ég þess, að hv. d. hafi nú einnig skilning á þessu máli.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, 69, n. 72).

*Frsm. (Gísli Guðmundsson): Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Hv. sjútvn. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með breytingu þeirri, sem upp á er stungið á þskj. 72. Tveir af nm., hv. þm. Ísaf. og hv. 5. þm. Reykv., hafa áskilið sér rétt til að koma fram með brtt., sem munu þó fjalla um önnur atriði l. en þetta frv. Ég sé, að hv. 5. þm. Reykv. hefur þegar lagt fram sínar brtt., en ekki veit ég, hvort hv. þm. Ísaf. ætlar sér að koma fram með brtt. En ég vil skjóta því til hv. 5. þm. Reykv., hvort hann geti ekki fallizt á að geyma sínar brtt. til 3. umr., þar sem um þær geta orðið talsverðar umr.

*Sigurður Kristjánsson: Ég á brtt við frv. á þskj. 69. Hv. flm. frv. hefur stungið upp á því, að ég taki till. mínar aftur til 3. umr., og stæði mér á sama um það, ef það skipti einhverju máli. Mér skildist á hv. flm., að hann óttaðist, að till. mundu tefja þennan fund, ef ég tæki þær ekki aftur til 3. umr. En nú veit ég ekki, hvort nokkrar umr. yrðu um þær, og vildi ég, að það kæmi í ljós. Er hér ekki nema eitt mál á dagskrá, svo að ekki er mikil hætta á, að fundur verði mjög langur.

Ég þarf ekki að ræða langt mál um brtt. þessar. Ég tel þessi ákvæði l. frá 1938, sem um er að ræða, ekki mikilsverð, og legg því til, að þau falli niður. Ætti ekki að vera eftirsjón að þessum gr. Önnur er um það, að ekki sé heimilt að reisa síldarverksmiðjur, nema með leyfi atvmrh., en hin er um það, að ríkið skuli hafa forkaupsrétt að síldarverksmiðjum, sem einstaklingar vilja selja. Ég tel, að nú sé svo komið, að beinlínis sé æskilegt, að menn reisi síldarverksmiðjur, ef þeir vilja, því að nú færist allt í það horf að reyna að vinna útflutningsvörurnar sem mest hér heima. Ástæður útvegsmanna eru rýmri nú en verið hefur um nokkur undanfarin ár, og er ekki ólíklegt, að þeir mundu yfirleitt vilja leggja fé í það að tryggja, að vörurnar yrðu unnar meira innanlands en áður hefur verið. Um hina gr. l., sem fjallar um forkaupsrétt ríkisins, er það að segja, að hún getur ekki byggzt á öðru en því, að ríkið vilji leggja þennan atvinnurekstur undir sig, en ég held, að þeirri skoðun sé alltaf að minnka fylgi, að ríkið eigi að fást við svo áhættusaman atvinnurekstur.

Ég læt svo nægja þessi fáu orð, og ef ekki eru aðrir, sem gera þurfa athugasemdir, þá vænti ég þess, að málið verði afgreitt á þessum fundi.

*Finnur Jónsson: Af sérstakri nauðsyn Presthólahrepps get ég fallizt á þetta frv. hv. þm. N.-Þ. En að því er snertir fyrirvara minn eða rétt þann til að bera fram brtt., sem ég áskildi mér, er það að segja, að hann var miðaður við það, að ég vildi hafa óbundnar hendur til að ákveða

afstöðu mína eftir því, hvaða viðtökur málið fengi hér í hv. d.

Í sambandi við brtt. hv. 5. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að ákvæðið um það, að ríkisstj. yrði að veita leyfi til þess að verksmiðju mætti reisa, var sett í l. til að tryggja það, að ætíð væri til í landinu nógur skipastóll fyrir þær verksmiðjur, sem starfandi væru, enda var þá ríkissjóður búinn að leggja milljónir í síldarverksmiðjurnar, en nú virðist mér hæstv. atvmrh. hafa misbeitt þessu ákvæði, því að hann hefur t. d. meinað Siglufjarðarbæ að bæta við sína verksmiðju. Vegna þessarar misbeitingar hæstv. atvmrh. get ég fallizt á brtt. hv. 5. þm. Reykv., þ. e. fyrri hluta hennar. Ég er hins vegar mótfallinn síðari hlutanum.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég vil aðeins bera fram leiðréttingu út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, þar sem hæstv. atvmrh. er ekki viðstaddur, en hv. þm. hallaði réttu máli. Það var rangt, að stækkun verksmiðju Siglufjarðarbæjar hafi stöðvazt vegna andstöðu hæstv. atvmrh. Þar komu aðrar ástæður til greina, og skil ég ekki í öðru en hv. þm. sé kunnugt um þetta.

***Finnur Jónsson:** Út af orðum hæstv. fjmrh. vil ég taka það fram, að mér er kunnugt um, að fyrir lá lánstilboð til Siglufjarðarkaupstaðar til að koma upp verksmiðjunni. Veit ég ekki betur en bærinn hafi átt kost á því að koma verksmiðjunni á fót, ef ekki hefði staðið á leyfi atvmrh.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Þetta er jafnrangt og það, sem hv. þm. sagði áðan. Málið strandaði á banka þeim, sem lánið átti að veita, því að hann gekk frá fyrirheiti sínu um lánið.

***Finnur Jónsson:** Hæstv. fjmrh. er eflaust kunnugt, hvers vegna bankinn gekk frá fyrirheiti sínu um lánið, en það haggar ekki því, að lánstilboð lá fyrir.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Lánstilboðið lá ekki fyrir að lokum, því að það var tekið aftur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 69 tekin aftur til 3. umr.
— 72 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 27. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 80, 69).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 69,1.a samþ. með 10:8 atkv.
— 69,1.b felld með 12:6 atkv.
— 69,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 25. fundi í Ed., 28. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 103).

Á 28. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 103, n. 384).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Þetta frv. kemur frá hv. Nd. Það var flutt þar í sinni upphaflegu mynd af hv. þm. N.-Þ. Efni þess var þá, að orðin í 14. gr. l. um síldarverksmiðjur frá 1938: „þó ekki yfir 25%“, féllu niður.

Þetta snertir það ákvæði gildandi l., að síldarverksmiðjur skuli greiða ½% af andvirði seldra afurða til sveitar- eða bæjarsjóða, þar sem þær starfa. Þó þannig, að gjald þetta er takmarkað á þá lund, að það má aldrei nema meira en 25%, eða ¼ hluta niðurjafnaðra aukaútsvara á því ári. Það er þessi heimild, sem hv. flm. vill nema burt. Hann færir rök að því í grg. frv., að þetta ákvæði snerti einkum síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn og komi sérstaklega hart niður á viðkomandi hreppsfélagi, Presthólahreppi. Hann vill nú, að þessi ½% skuli gjaldkræfur í sveitarsjóðinn, án tillits til þess, hvaða tekjur honum berast í aukaútsvörum.

Í Nd. var sú breyting gerð á upphaflega frv. um þetta atriði, að í stað orðanna: „þó ekki yfir 25%“, í 14. gr. l. nr. 1 frá 1938, komi: þó ekki hærra en nemur samanlögðum útsvörum gjaldenda það ár. Þetta virðist, rétt útlagt, þýða það, að afurðagjaldið megi vera jafnhátt niðurjöfnuðum útsvörum, eða 50% af öllum tekjum hreppsins, króna á móti krónu. Þetta virðist vera allmikil rýmkun á ákvæðum l., eins og þau eru nú. En þegar tillit er tekið til, hvernig ástatt er í þeim eina hreppi, þar sem þetta kemur nokkuð óeðlilega niður, þá hefur sjútvn. þessarar d. ekki séð ástæðu til að gera ágreining við shlj. álit sjútvn. Nd. og hefur því fallizt á, að þetta haldist eins og það var samþ. í Nd.

Þessi hluti ræðu minnar snýr að frv. þessu, eins og það var upphaflega, og þeirri breytingu, sem Nd. gerði um það atriði.

En svo kom til sögunnar nýtt atriði, sem hefur alltaf áður verið ákaflega mikið „princip“-atriði hér á Alþingi. — Það er sú íhlutun, sem

ríkisvaldið hefur um það, hvort einstaklingar megi reisa síldarverksmiðjur hér á landi, sbr. 1. gr. l. nr. 1 frá 1938.

Þetta litla frv. er í meðferð Nd. orðið að svo stóru máli, að ég tel, að fyrir stuttum tíma hefði þótt öldungis fráleitt að bera hér á Alþingi fram brtt. við það ákvæði l., sem hv. Nd. hefur nú blátt áfram afnumið. Þetta sýnir bezt, hvað tímarnir breytast og hvað mat okkar er nú öðruvísi á ýmsum atriðum en það var og hefði getað orðið, ef atvikin hefðu orðið önnur.

Ég hef lítið heyrt um það rætt, og blöðin hafa ekki á það minnzt, að hér væri verið að afnema þann hefðbundna rétt ríkisvaldsins til að hafa hönd í bagga með því, hvað margar síldarverksmiðjur eru byggðar, heldur er það með einum pennadrætti afnumið algerlega hljóðalaust. Satt að segja þá er það svo, að fyrst ríkisvaldið lagði út í að byggja síldarverksmiðjur, þá hefur talsvert margt þótt mæla með því, að það sama vald tryggði sér íhlutun um það, hvernig og hvar slíkar verksmiðjur væru settar upp af einstaklingum. Hins vegar er því ekki að neita, að um þetta hafa verið miklar deilur áður fyrr. Það er ekki svo að skilja, að það hafi verið einróma álit manna, að ríkinu bæri að hlutast til um þetta í sjálfu sér, og það hafa enn fremur orðið árekstrar, og þeir mjög alvarlegir, einmitt út af þessu ákvæði, milli ríkisvaldsins og einstaklinga í landinu og milli bæjarfélaga og ríkisvaldsins. Sjútvn. þessarar d. hefur fallizt á, að það væri sennilega heppilegast, ekki sízt með tilliti til þess, sem skeð hefur í þessu verksmiðjubyggingamáli á undanförnum árum, að þetta ákvæði væri numið burt. Það verður þá ekki lengur hneykslunarhella, hvorki fyrir einn eða annan, og ég tel mjög ólíklegt, að nokkurt tjón hljótist af því, að það verði látið niður falla. Hér er um að ræða svo stórfelld atvinnufyrirtæki, að það er næsta ótrúlegt, að menn hlaupi út í að byggja verksmiðjur án þess að það sé gert á nokkurn veginn tryggum grundvelli, enda hefur það alltaf verið svo, að íhlutun ríkisvaldsins hefur orðið til að tefja, og má nefna dæmi um, að hún hafi orðið til þess að tefja slík mál til skaða og af því hafi hlotizt tjón, en ég held, að ekki sé hægt að sýna fram á, að þetta ákvæði hafi þann tíma, sem það hefur staðið í l., þ. e. a. s. allt fram á þennan dag, fyrirbyggt neitt, sem síðan hefur sýnt sig að vera ógætilegt flan í byggingarmálum slíkum sem þessum. Af þessum ástæðum verð ég að segja fyrir mitt leyti, að ég er feginn því, að þetta ákvæði hefur verið numið burt.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Sjútvn. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Ingvar Pálmason: Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari gildir um þá breyt., sem gerð var á frv. í Nd., þar sem inn í það var bætt, að 1. gr. l. um síldarverksmiðjur ríkisins skuli falla niður.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er það rétt, sem hv. frsm. tók fram, að þetta hefur verið „princip"-atriði hjá þeim flokkum, sem frá upphafi stóðu með því, að ríkið byggði síldarverksmiðjur. Fyrir þessu hafa verið færð rök, ekki einu sinni, heldur margoft, og sé ég ekki ástæðu til að fara að endurtaka þau nú. Ég vil þó aðeins benda á, að þar sem síldarverksmiðjur ríkisins hafa með atbeina ríkisvaldsins orðið til þess að koma síldarútveginum úr því ófremdarástandi, sem hann var í áður en þær voru reistar, þá er enn í dag sama ástæðan fyrir þessu ákvæði, sem sé að ef það er fellt niður, þá sé engin trygging lengur fyrir því, að hver og einn geti ekki í skjóli þess, að verksmiðjur ríkisins hafa getað komið málinu á þennan veg, hlaupið til og byggt síldarverksmiðjur, til þess að koma svo á ríkisverksmiðju, áður en langt líður og þær kannske reistar undir þeim kringumstæðum, að þær hafi lítil eða engin skilyrði til þess að bera sig. Ég hygg, að allt frá því fyrsta, að þetta mál um stofnun síldarverksmiðja ríkisins kom á dagskrá, hafi það verið hreint stefnumál Framsfl., að það heyrði undir valdsvið stj. að ákveða, hver fengi leyfi til þess að byggja síldarverksmiðjur, og get ég ekki séð, að af því hafi hlotizt tjón hingað til, heldur hygg ég, að reynslan hafi sýnt það gagnstæða.

Ég lít svo á, að verði þessi breyt. á ger, þá sé engin ástæða fyrir ríkisvaldið til að halda þessum verksmiðjum lengur undir sinni sérstöku vernd, þá er réttast að láta allt fara í sama farið og í gamla daga, og ég er það gamall, að ég er ekki í neinum vafa um, hvernig fer um síldarútgerðina, þegar að því kemur. Ég hygg, að við höfum fengið það mikla reynslu af því, að sú fjármálaafkoma, sem nú er þó í landinu, byggist ekki hvað minnst á því, að það varð ofan á, að síldarverksmiðjur ríkisins voru stofnaðar og reknar á þann hátt, sem verið hefur.

Ég hef ekki séð ástæðu til að bera fram brtt., en ég hef lýst minni afstöðu og mun greiða atkv. á móti 1. gr., en ég sé ekki neitt á móti því, að 2. gr. verði samþ., því að ég geng inn á, að þannig sé ástatt á Raufarhöfn, að rétt sé að rýmka nokkuð um möguleika hreppsn. til þess að nota þessa heimild. Auðvitað er það, að meira en ½% getur sveitarfélagið ekki lagt á, en það getur ekki notað heimildina að hálfu leyti eins og nú er. Ég er því með þeirri breyt. á verksmiðjul. Ég sé ekki, að hún sé þannig, að hún geti á neinn hátt skert afkomumöguleika verksmiðjunnar eða unnið nokkurt mein afkomumöguleikum þeirra, sem við verksmiðjuna skipta.

Ég get svo látið útrætt um þetta, því að málið liggur hreint fyrir. Ég veit það ekki, en ég hygg, að það sé of snemmt fyrir hv. þm. Vestm. að gleðjast yfir þessari breyt. Það getur vel verið, að málið gangi fram, en ég býst við, að þessi breyt. færi síldarútveginum enga gæfu, ef hún nær fram að ganga.

***Magnús Jónsson:** Ég skal ekki fara að ræða mikið þetta atriði, sem hefur komizt inn í þetta frv., því að það er aðeins einn hlekkur í langri keðju.

Ég hef alltaf verið, eins og er stefna míns flokks, með því, að atvinnureksturinn ætti að vera sem mest í höndum einstaklinga, og ég hef því frá upphafi líka álitið, að síldarverksmiðjurnar ættu eins og annar atvinnurekstur að

vera í höndum einstaklinga, þó að það væri á sínum tíma augljóst, að þeir hefðu tæplega bolmagn, nema þá með styrkjum eða lánum frá því opinbera, til þess að koma á fót síldarverksmiðjum.

Á sínum tíma var um það talað, að þessum verksmiðjum yrði komið upp sem einhvers konar samvinnufélagsskap framleiðenda hráefnanna, en það þótti þá sem einhver síldarbrækjulykt mundi koma, ef farið væri að hleypa síldarútgerð inn í þennan félagsskap. En eftir að ríkið hefur tekið þetta að sér, þá er mikið til í því, sem sumir segja, að ástæða sé til, að ríkið ráði nokkru um, hvort fleiri setja upp sams konar fyrirtæki, ekki sízt vegna þess, að þessi atvinnurekstur, sem hér er um að ræða, er meðal þeirra fyrirtækja eða starfsgreina í landinu, sem verður fyrir ákaflega miklum áhrifum af hjartsýni og svartsýni í svipinn. Það ganga þær öldur yfir, að allir vilja eiga verksmiðjur, og svo má einnig búast við, að tímar komi, sem enginn vill eiga þær, og gæti því verið ástæða til, að þar væri eitthvert drifakkeri, sem væri fyrir ofan og utan þær öldur. Ég vil samt ekki greiða atkv. á móti þessari 1. gr., því að ég hef viljað, að þetta væri frjálst, því að ég get ekki séð, eins og hv. 2. þm. S.-M., að síldin yfirleitt sem atvinnuvegur þurfi að fara niður í sama ófremdarástandið og áður, þó að þetta ákvæði sé fellt niður.

Það var eitt, sem ég vildi vekja athygli hv. n. á, en það er það, að síðan þetta frv. var lagt fram, hafa verið samþ. l. um stríðsgróðaskatt, og hluti af honum á að renna til sveitarfélaga, þar sem fyrirtæki, sem stríðsgróðann fá, eru útsvarsskyld. Ég gæti trúað, að þetta gæti haft nokkur áhrif á þörf bæjar- og sveitarfélaga, þar sem verksmiðjur eru, svo að það væri ekki þörf á að rýmka um þetta ákvæði eða jafnvel að láta það haldast lengur. Ég vil aðeins skjóta því til n., hvort henni finnist ekki ástæða til að athuga þetta tvennt hvort í sambandi við annað, stríðsgróðaskattinn og þennan skatt, sem hér er um að ræða.

Annars þykir mér skritið orðalag á þessu frv. Hvers vegna var ekki bara sagt, að í staðinn fyrir 25% skyldu koma 50%? Í stað þess er sagt: „Þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár". Hvers vegna er þetta orðalag haft? Er í þessu fólgin einhver gildra? Er þarna verið að gera einhverja tilraun til að fara í kringum Alþingi? Það er ef til vill hægt að skilja þetta þannig, að fyrst megi jafna niður fullri útsvarsupphæð og síðan megi taka jafnháa upphæð á móti af síldarverksmiðjum ríkisins, sem kynnu að vera reknar á sama stað. Þetta vil ég láta athuga, að þessi 25% af útsvarsupphæðinni megi hækka upp í helming. En ég veit ekki nema bæjar- eða sveitarfélag gæti notað sér þetta og lagt fyrst á fulla upphæð og lagt síðan jafnháa upphæð á verksmiðjurnar og notað hana til einhverra framkvæmda, til að greiða skuldir eða einhvers þess háttar. En þar sem það mun nú ekki vera meiningin, tel ég rétt, að gr. verði orðuð þannig, að ekki orki tvímælis.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Þessi umr. hefur orðið nokkru lengri en við hefði mátt búast. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls, en þar sem umr. hafa leiðzt út á það svið, sem raun hefur á orðið, þykir mér hlýða að gera nokkra grein fyrir minni afstöðu innan n., þó að ég hafi ekki skrifað undir nál. með fyrirvara. En áður en ég vík að því, vil ég segja örfá orð út af ummælum hv. 1. þm. Reykv., án þess að ég vilji vekja nokkrar deilur um það.

Mér skildist á honum, og eins á hv. frsm., að nokkur sigurhljómur væri í rödd þeirra yfir því, að nú væri ætlazt til, að þetta ákvæði væri fellt burt. Ég skal ekki um það dæma, hvað mikill sigur það er. Ég ætla ekki að fara út í sögu þessa máls frá upphafi, en vil aðeins benda á, að þegar þessu máli var fyrst hreyft hér á þingi, mætti það afskaplegri andstöðu margra hv. þm., að nokkuð væri gert af hálfu ríkisins í þessum síldarverksmiðjubyggingarmálum. Það var talið eins og einhver fjarstæða að láta sér detta í hug að reisa svo mikilvirk og dýr mannvirki. Reynslan sýndi, að hér þurfti virkilegt framtak alþjóðar, og einkafyrirtækin hafa svo farið síðar inn á þessa braut og vilja nú sitja ein að krásinni.

Viðvíkjandi því, að felld sé niður heimild um afskipti ríkisstj. af aukningu verksmiðjanna, vil ég taka fram, að ég álít, að „principielt" sé rétt, að stj. hafi þessa heimild, til þess að ekki sé farið út í hreinar öfgar í þessari atvinnugrein frekar en öðrum, og það var meiningin á sínum tíma með þessum verksmiðjulögum. Við þekkjum þess dæmi, að ef einhvern tíma er gróði á einhverjum atvinnurekstri, vilja allir leggja inn á þá braut, án þess að gera sér grein fyrir, hvort það er hollt fyrir þjóðina eða hvort framtíð er í slíku. Af þessum ástæðum held ég, að hugmyndin hafi verið alveg rétt, að stj. hefði vald til að hamla á móti óeðlilegum vexti á þessu sviði. En svo hefur það skeð, að ég veit ekki til, að stj. hafi notað þetta vald sitt nema aðeins í eitt skipti, en það var, þegar Siglufjörður bað um aukningu á sinni verksmiðju, en því var neitað, og ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að það hafi ekki verið rétt gert, og það gæti því verið dálítið hæpið, að þessi heimild sé í höndum stj., kannske til þess eins að beita einhvern aðila misrétti, en ég sé ekki, að svo þurfi alltaf að vera, þó að svo hafi orðið í eitt skipti.

Mér er ljóst, að ef flokksbróðir minn, sem á sæti í þessari d., hefði verið hér nú, mundi hann hafa verið hér á öndverðum meiði við mig, svo að við atkvgr. hefðu okkar atkv. sennilega komið til með að éta hvort annað upp. Ég vil ekki nota mér, að hann getur ekki verið hér til að taka þátt í afgr. málsins. Mun ég því sitja hjá við atkvgr. um 1. gr. og láta skeika að sköpuðu, hvað um hana verður.

*Jónas Jónsson: Þetta er ekki alveg nýtt mál hér á þingi. Það hefur oft verið um það deilt hér, hvað síldarverksmiðjum bæri að borga í útsvar til þeirra bæjar- og sveitarfélaga, þar sem þær eru. Ég hallast að því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þar sem nú er nýbúið að breyta skattal., þá hefði verið réttast að láta þetta mál

bíða, þar til séð væri, hvaða framtíð bíður okkar og hvert straumarnir liggja.

Þá er það sú breyt. sem gerð var á frv. í Nd., að leyfa ótakmarkað byggingu og rekstur síldarverksmiðja. Ég býst við, að sjálfstæðismenn séu „principielt" með þeirri breyt., því að þeir eru margir því fylgjandi, að sem minnstar hömlur séu á atvinnulífinu, en atvikin hafa nú samt hagað svo til, að sumir þessara manna hafa orðið að beita sér fyrir því, að hömlur væru lagðar á, svo sem hinni raunverulegu einkasölu, sem nú er á saltfiski, sem menn úr þessum flokki beittu sér fyrir og er mjög hliðstæð þessu, sem hér ræðir um. Þetta var brot á þeirri stefnu að hafa ótakmarkað frelsi til atvinnurekstrar, það var brot gegn þeim vilja að hafa frjálsa samkeppni á öllum sviðum, en þeir urðu að ganga þessa braut, af því að þetta frelsi var að drepa atvinnulífið.

Ég ætla ekki að fara inn á þá ósigra, sem þessir menn urðu fyrir um 1932, áður en fiskhringurinn kom, en þeim mönnum, sem halda því fram, að ríkið megi ekki blanda sér inn í neitt, vil ég benda á eitt. Í fyrra var ómögulegt að fá af stað nokkra síldarútgerð nema ríkið gerði út, það var orðið svo langt frá því, að það gamla góða frelsi væri lengur til. Það hefði einhvern tíma þótt ótrúlegt, en það var samt þannig, að útgerðin á því tiltölulega sæmilega ári í fyrra neitaði alveg að fara af stað, svo að stj. varð að skerast í leikinn. Sú frjálsa samkeppni, sem áður átti að vera undirstaða alls, var þarna brotin niður alveg gersamlega.

Ég hygg, að þeir, sem líta á þetta frá stefnusjónarmiði, verði að taka til athugunar, að tímarnir eru a. m. k. í bili breyttir þannig, að sú gamla frjálsa samkeppni nýtur sín ekki nú. Ef menn athuga bylgjuganginn í athafnalífi okkar Íslendinga, þá vekur það kannske hneigð til að viðhafa slíkar takmarkanir. Ef einhver maður dettur ofan á það að ganga vel í nýjum atvinnurekstri, t. d. smjörlíkisgerð, þá þjóta fjölda margir aðrir til, svo að atvinnurekstrurinn gengur niður aftur. Þetta kemur meðfram af því, að við höfum haft mestmegnis einn atvinnuveg í þúsund ár, síðan er farið inn á ótal nýjar leiðir, og kemur þá þetta þroskaleysi fram. Ég tek eitt dæmi viðvíkjandi síldarverksmiðju, sem sýnir, að nokkuð mikil hætta er á öfgunum. Það höfðu verið reistar fjórar síldarverksmiðjur á privat-grundvelli, sem allar höfðu lent í vandræðum og orðið að leita til ríkisvaldsins. Sólbakki var einkafyrirtæki. Síðan tók Útvegsbankinn við verksmiðjunni og stórskaðaðist. Og landið neyddist til að kaupa verksmiðjuna miklu dýrar en vit var í og hefur stórskaðazt flest árin síðan. Svo get ég minnzt á fyrirtæki, sem ég var lítillega riðinn við í mínu kjördæmi, verksmiðjuna á Húsavík. Þar var byggð bryggja og svo stofnað hlutafélag, og gekk þetta vel fyrst í stað. Verksmiðjan var vel gerð, en aðstaða var að nokkru leyti óhentug þarna undir bakkanum. Fyrsta vorið sögðu forgöngumennirnir á Húsavík: Við treystum okkur ekki til að reka verksmiðjuna sem einkafyrirtæki. Svo er komið til mín sem þingmanns kjördæmisins, af því að ég studdi líka málið, þó að ég hefði satt að segja ekki mikla trú á því, — og ég er beðinn að biðja ríkisstj. að taka að sér verksmiðjuna. Svo liðu tvö ár. Þá kom ný beiðni um að reyna að fá ríkið til að kaupa. Síðan var það gert, og vildi þá svo til, að þá hafði verið gróði á þessari litlu verksmiðju fyrsta stríðsárið.

Verksmiðjan á Seyðisfirði var sett til að hjálpa kaupstað, sem erfitt átti uppdráttar gegn hnignun sjávarútvegsins. Sama var um Norðfjörð. Báðar þessar verksmiðjur lentu svo inni á banka. Og frá bönkunum er tilhneiging til að koma þeim inn á ríkið, af því að hvorki einstakir menn eða bankar vilja eiga þær. Mér er kunnugt, að Landsbankinn tapar stórfé á Norðfjarðarverksmiðjunni og yrði sáraglaður, ef ríkið vildi taka við henni.

Að vísu er það svo, að þessar verksmiðjur allar, á Sólbakka, Húsavík, Seyðisfirði og Norðfirði, gera talsvert gagn. En það er bara þetta, að þeir, sem standa svo fast á *grundvelli hinnar* gömlu samkeppni í iðnaði og atvinnurekstri, verða að athuga það, að ekki má við það una, að einstaklingar þjóti upp með sín einstaklingsfyrirtæki til þess að gefast svo upp á fyrsta ári. Í þessu álít ég liggja ákaflega mikla hættu í okkar mjög svo demokratiska þjóðfélagi. Og nú segja aðstandendur ríkisverksmiðjanna: Það er búið að setja upp á okkur verksmiðjur, sem okkur hefði aldrei dottið í hug að byggja, hvernig eigum við svo að láta þær keppa við aðrar verksmiðjur, t. d. á Svalbarðseyri og Skagaströnd? Svona getur ríkið orðið að sitja með flestar privat-verksmiðjur, sem fara á hausinn. Verksmiðjurnar á Djúpuvík og Hjalteyri eru náttúrlega byggðar á góðum stöðum.

Þetta er mjög athugandi fyrir alþm., hvort eigi að hjálpa beinlínis öllum, sem vilja stofna slíkar verksmiðjur og svo nota hið demókratiska vald til þess að koma þeim að lokum yfir á ríkið.

Þá vil ég aðeins nefna eitt dæmi, sem mér finnst táknandi gagnvart Sjálfstfl. Þegar Kveldúlfur var búinn að undirbúa stofnun Hjalteyrarverksmiðjunnar, var tregða hjá þáverandi atvmrh. um að veita leyfið. Ég neita ekki, að það komst inn í þetta nokkur pólitík. En ég bið menn að minnast þess, að þrátt fyrir það varð sú niðurstaðan, að leyfið var veitt, af því að það var ekki hægt að rökstyðja mótstöðu gegn slíku fyrirtæki, enda hefur fyrirtækið reynzt að bera sig vel. Þingið gekk í málið og það einmitt flokkur, sem átti í ákaflega harðri baráttu við Sjálfstfl., ekki sízt við marga af þeim, sem stóðu að þessu fyrirtæki. Ég hygg þess vegna, að sjálfstæðismenn hafi ekki ástæðu til þess, eins og sakir standa, að gera ráð fyrir, að þessu valdi verði misbeitt. A. m. k. hefur Framsfl. ekki misbeitt sínu valdi, heldur stutt að því, að pólitískir andstæðingar fengju leyfi, sem þeir gátu fært full rök fyrir, að þeir ættu að fá. Og ég álít, að þetta mætti gjarnan standa fáein ár enn. Ég gæti vel hugsað mér að leysa þessi bönd, þegar stríðið er liðið hjá og atvinnuleysi kann að verða, en eins og sakir standa tel ég enga hættu að hafa þetta aðhald eins og það er. Og a. m. k. getur Sjálfstfl. ekki borið okkur á brýn,

að við höfum misnotað þetta pólitískt á þeirra mönnum.

*Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég hefði persónulega haft tilhneigingu til að taka til greina tilmæli hv. 1. þm. Reykv. að athuga þetta atriði með stríðsgróðaskattinn sem viðaukatekjugrein til sveitarfélaga og bæjarfélaga á milli umræðna. Ég hef satt að segja ekki getað kynnt mér vilja minna samnm. í því, en geri ráð fyrir, að samkomulag geti orðið um það.

Að því er snertir orðalag frv., hef ég það sama að segja. A. m. k. get ég lýst yfir því fyrir hönd n., að þarna er ekki viljandi stefnt inn á neinar krókaleiðir, til þess að menn geti misnotað þetta ákvæði. Ég skil það þannig, að það sé alls ekki leyfilegt samkv. þessu að jafna niður til fulls útsvörum og taka svo sem aukabita tillög eða skatt frá verksmiðjunum, heldur eigi tillagið að verða til þess að létta útsvarið í því hlutfalli, sem ákveðið er í frv.

Út af orðum hv. 2. landsk., að verið hafi einhver „sigurhljómur" í rödd minni í framsögunni, þá held ég, að ég verði að telja, að þetta sé misheyrn.

Hv. þm. S.-Þ. vil ég benda á það, að framsaga mín var algerlega laus við nokkurn meting og uppgerð milli flokka í þessu máli. Hitt sagði ég og vík ekki frá því, að ég persónulega yrði feginn því, að þetta ákvæði hyrfi úr l., einkum og sér í lagi vegna þess, að ég held það sé hægt að benda á dæmi um það, að ákvæðið hafi orðið til að auka tilfinnanlega árekstra. Og ég held mér sé líka óhætt að segja, að það hafi líka orðið til tjóns. Við munum allir þau átök, sem hv. þm. S.-Þ. minntist á, þegar Kveldúlfur var í þann veginn að koma upp Hjalteyrarverksmiðjunni. Hefði meiri hl. þingsins ekki tekið í taumana, mundi sá ráðherra, sem átti hlut að máli, sennilega — og ég held vissulega —, hafa orðið til þess að tefja algerlega framkvæmdir á því fyrirtæki um ófyrirsjáanlegan tíma. En reynslan síðan hefur sýnt, að af slíku hefði hlotizt mikið tjón. Ég tel það til gildis þeim flokki, sem að því stóð á sínum tíma, að koma í veg fyrir, að þetta mál væri misbrúkað. Síðan hefur komið annað árekstrarmál, þegar Siglufjarðarbær vildi stækka sína verksmiðju. Og ég verð að segja, að ég tel illa farið, að hann gat ekki notið þeirrar aðstöðu, sem hann hafði. Ég segi þetta sem mína skoðun blátt áfram. Og þegar ég lít á þetta dæmi, þá tel ég, að þetta umrædda ákvæði hafi orðið hálfgerð hneykslunarhella, og það er þess vegna, sem ég vil gjarnan, að það sé fjarlægt.

Hv. þm. S.-Þ. minntist á þessar litlu verksmiðjur, sem hefur verið komið upp af áhugasömum mönnum, en síðan hafa lent í vandræðum. Hann taldi ekki óeðlilegt, ef allt væri frjálst, að menn rykju í sams konar fyrirtæki, til þess síðan að mæta sams konar vonbrigðum og örðugleikum. Í þessu sambandi vil ég nú benda á það, að þessar litlu verksmiðjur, sem byggðar hafa verið af áhugasömum mönnum af góðum vilja, hafa reyndar mylnustein um háls, eða þeir, sem að þeim stóðu, og bærnir, sem þær voru byggðar í. Þær voru byggðar á þeim tíma, þegar ríkisvaldið hafði fullan hemil á í þessu máli, auðvitað að undanskildum Sólbakka, sem er gamalt fyrirtæki. Þetta var sem sagt á þeim tíma, sem ríkisvaldið hafði aðstöðu til þess að sporna við óviturlegum framkvæmdum á þessu sviði. Og aðstaða og vald ríkisvaldsins gat nú ekki forðað því, að verksmiðjurnar lentu svo sem segir í ræðu hv. þm. S.-Þ.

Í þessu sambandi skal ég líka minna á, að það var um tíma uppi allsterk hreyfing, einmitt um það leyti sem mest stóð til um Hjalteyrarverksmiðjuna, í þá átt að hafa verksmiðjurnar margar og smáar. Það hefur sýnt sig síðan, að þessi stefna er ekki rétt. Það að hafa verksmiðjurnar dreifðar og smáar, er það, sem hefur komið þessum fyrirtækjum í koll, eins og hv. þm. S.-Þ. minntist á. Svo er ekki því að neita, að verksmiðjan á Seyðisfirði t. d. var ekki byggð með forsjálni eða nægum áhuga, því að það var gefinn hlutur, að óheppilegt var að hafa síldarverksmiðju þar. Ég freistast til að segja, að hún hafi frekar verið pólitískt númer. Og þegar þannig er staðið að atvinnufyrirtækjum, þá er alltaf von til, að eitthvað kunni að fara á annan veg en þann, sem hinir bjartsýnustu menn óska eftir. Því ber ekki að neita, að reynslan hefur varpað miklu ljósi á undanförnum árum yfir það, hvernig bezt sé að standa að þessum síldarverksmiðjum. Ríkisvaldið hefur þar látið landsmönnum í té dýrmætan arf, þar sem eru þessi fyrirtæki og sú reynsla, sem hefur skapazt kringum þau. Og ég vil vona, að sú reynsla verði til þess að forða mönnum frá í framtíðinni að gera sömu glappaskotin, sem hv. þm. S.-Þ. minntist á. Það er sýnt, að þessi fyrirtæki verða að vera vel grundvölluð og staðirnir svo góðir, að verksmiðjurnar geti að öllum eðlilegum hætti haft nægilegt hráefni. Og með allri virðingu fyrir forsjón að aðgerðum hins opinbera í þessu efni, vil ég nú líka bera það traust til þeirra manna, sem úr einstaklinga hóp kynnu í framtíðinni að vilja leggja út í svipuð fyrirtæki af þessu tagi, að þeir hafi þá forsjá fyrir sér, að ekki þurfi að stafa nein hætta af því, þótt þessi hemill sé numinn í burt. Það eru sem sé átakanleg dæmi þess, að þrátt fyrir þennan hemil hefur verið tekið skakkt á málum, og hefur hann enda orðið nokkurs konar ásteytingarsteinn. Hitt á svo eftir að sýna sig, ef lögfest verður að hafa þetta frjálst í framtíðinni, hvort frelsið verður í þessu efni hættulegra heldur en þau höft, sem enn eru eftir og hér er lagt til að afnema.

ATKVGR.

1. gr. felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, JJós, MG, MJ, ÞÞ, ÁJ, BSn.

nei: HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, BSt, EÁrna.

SÁÓ greiddi ekki atkv.

1 þm. (ErlÞ) fjarstaddur.

2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, SÁÓ, BSt, BrB, HermJ, IngP, EÁrna.

nei: JJ, MJ, PZ, ÞÞ, ÁJ, BSn.

JJós, MG greiddu ekki atkv.

1 þm. (ErlÞ) fjarstaddur.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 57. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 425).

Ingvar Pálmason: Við 1. umr. þessa máls gerði hv. 1. þm. Reykv. athugasemdir við 1. gr. frv., sem eru þannig lagaðar, að hann taldi ákvæði hennar, eins og þau væru, einhvers konar fallgryfjur, sem mætti nota þannig, að verksmiðjugjaldið yrði ekki tekið með í útsvarinu. Ég skildi hann a. m. k. þannig. Í morgun tók meiri hl. n. málið svo til athugunar með þennan skilning hv. 1. þm. Reykv. fyrir augum, að ákvæði 1. gr. gætu verið tvíræð. Til þess að taka af allan vafa höfum við flutt hér brtt. um, að aftan við gr. bætist: „Skal verksmiðjugjaldið áætlað í fjárhagsáætluninni áður en útsvör eru ákveðin". Mér skilst, að ef þetta verður samþ., þá sé það tvímælalaust, að ekki sé þarna um neina fallgryfju að ræða. Það bregður hins vegar svo einkennilega við, að þessi till. fullnægir ekki hv. þm. Vestm. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég skil þetta ekki hjá hv. þm. Og til þess að sýna alla viðleitni til samkomulags, þá vil ég ganga inn á að taka málið út af dagskrá og gefa meðnm. mínum tækifæri til að reyna að forma brtt., sem gæti fullnægt hv. 1. þm. Reykv., því ég verð að álíta, að þaðan sé þetta sprottið, því áður hreyfði hv. þm. Vestm. engum andmælum gegn þessu. Ég álít, að málinu sé ekki stefnt í neina hættu, þótt það sé tekið út af dagskrá nú, en vil hins vegar gjarnan, að þetta mál eins og önnur sé afgr. með sem mestu samkomulagi. Þess vegna vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá, en vænti þess, að málið verði tekið aftur á dagskrá á morgun.

Magnús Jónsson: Ég held, að frsm. n. áliti mig allt of stóran karl í þessu máli, ef hann heldur, að frá mér stafi einhver vandræði í því sambandi. Því atriði, sem ég minntist á, var aðeins hreyft af mér, vegna þess að ég áleit, að ef þetta stæði eins og það var í frv., þá gæti þetta ákvæði orkað tvímælis, og l. eiga ekki að vera tvíræð.
Það er svo fjarri því, að þessi andmæli, sem hv. frsm. minntist á, séu komin frá mér. Ég hef ekki séð brtt. n. fyrr en nú, en mér sýnist svo sem hún muni ná mínum skilningi. Þar með vil ég ekki taka afstöðu til annarrar skarplegar orðaðrar till., sem kynni að koma frá hv. þm. Vestm.

Umr. frestað.
Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 425, 476, 504).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 504. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkvæðum.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti! Ég hef leyft mér að leggja fram brtt. við frv. í samræmi við þann skilning, sem ég vildi leggja í það í ræðu minni hér í d. við 2. umr., en mætti mótmælum. Með brtt. er það skýrt tekið fram, að rýmkað er úr 25% í 50% um það gjald, sem leggja má á verksmiðjurnar. Um þetta þarf ég ekki fleira að ræða.

Ingvar Pálmason: Ég skal engu bæta við það, sem hv. þm. Vestm. sagði um brtt. sína. En ég hef kynnt mér, hvernig sjútvn. Nd. leit á það, hversu skilja bæri ákvæði frv. Hún taldi, að það væri helmingur þeirra útsvara, er á væru lögð í bæjar- eða sveitarfélaginu, sem gjald þetta mætti nema. Þessi skilningur þótti þar sjálfsagður, án þess að hann kæmi nokkurn tíma beint til tals. Þannig litur og meiri hl. sjútvn. þessarar d. á málið og getur því ekki fallizt á, að þörf sé á brtt. á þskj. 504. En brtt. á þskj. 476, sem meiri hl. hefur flutt, er til þess að taka af tvímælin í þessu efni. Hvort sem bein þörf er á þeirri breyt. eða ekki, hygg ég, að ekkert sé móti því að gera hana.

ATKVGR.
Brtt. 504 felld með 8:6 atkv.
— 476 samþ. með 10:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv. og endursent Nd.

Á 60. fundi í Nd., 15. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 511).
Á 61. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 511, 529).
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 529. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Sigurður Kristjánsson:** Hv. Ed. hefur breytt þessu frv. þannig, að hún hefur fellt niður fyrstu till. þess. En hún var sú að fella niður 1. gr. l., sem er um, að ekki skuli heimilt að byggja síldarverksmiðjur hér á landi nema með leyfi ríkisstj. Þessa tillögu hafði Nd. samþykkt, og eftir því, sem mér er sagt, er óvíst, að meiri hl. þm. í Ed. hafi verið móti henni, þótt svo vildi til, að hún félli þar við atkvgr. Annar fulltrúi Alþfl. var veikur, og fleiri þm. munu hafa verið fjarstaddir. Nál. þeirrar deildar ber ekki með sér, að þetta atriði hafi vakið miklar deilur eða það muni þurfa að verða til að hindra framgang málsins, þótt Nd. haldi nú fast við álit sitt og setji 1. gr. aftur inn í frv. Þess vegna hef ég borið fram brtt. í þá átt á þskj. 529 og vil vænta þess, að hv. þdm. verði sjálfum sér samkvæmir og samþ. hana. Ég vil lýsa yfir því, að verði það ekki gert, greiði ég atkv. móti frv.

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Ég vil leyfa mér að rifja upp með fáum orðum gang þessa máls. Þegar ég flutti þetta frv. á öndverðu þingi, var efni þess hið sama og nú. Það var flutt til að koma í veg fyrir, að ákvæði um gjaldskyldu síldarverksmiðja kæmu óréttlátt niður. Þá hafði ég sérstaklega í huga einn stað á landinu, þar sem starfrækt er ein stærsta síldarverksmiðja

ríkisins, og vildi girða fyrir, að bændur hreppsins þyrftu að taka á sig allverulega útsvarsbyrði fyrir þorpið, sem myndast um verksmiðjuna. Hv. sjútvn. féllst á málið með einni smábreyt., sem mér þótti ekki skipta máli. Einn af nm. flutti brtt. um allt annað efni, og var hún þó samþ., en Ed. felldi hana síðan niður. Að öðru leyti var þessi hv. nm., 5. þm. Reykv. (SK), fylgjandi frv. eins og n. öll, og skil ég ekki, að hann skuli geta snúizt móti því nú, er það liggur fyrir í upprunamynd sinni. Með því að fullvíst má telja, að það yrði sama og að fella frv., ef brtt. á þskj. 529 yrði samþ., vil ég skora á hv. 5. þm. Reykv. að taka hana aftur, og væri mér það kærast, en að öðrum kosti vil ég eindregið biðja þá þm., sem eru með frv., að greiða atkv. gegn brtt.

***Sigurður Kristjánsson:** Mig undrar það mjög, að hv. þm. N.-Þ. skuli ekki heldur biðja hv. þd. að taka aftur það, sem hún er búin að samþ. Ég á ekki með að taka það aftur á eigin ábyrgð, sem d. hefur gert að samþykkt sinni. Það er blinda, sem gripið hefur hv. þm. N.-Þ. vegna hagsmuna kjördæmis hans, og þýðir ekki að deila við hann frekar. En ég bið ekki deildina um annað en hún haldi fast við yfirlýstan vilja sinn. Ég gæti eins og hv. þm. rifjað upp forsögu málsins. Í n. áskildum við hv. þm. Ísaf. (FJ) okkur rétt til þess báðir að bera fram brtt. við frv., og fylgi mitt við það var ætíð bundið þeirri von og skilyrði, að brtt. mín, sem Nd. samþ., næði fram að ganga, — áður hafði ég aðeins greitt því atkv. til 2. umr. Og ég hvorki vil né get tekið brtt. aftur f. h. deildarinnar.

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Það nær náttúrlega engri átt, að það yrði lagt hv. 5. þm. Reykv. til lasts, þótt hann tæki aftur brtt. sína. Ég vil endurtaka það, að sjútvn. mælti með frv., áður en því var breytt hér í deildinni, og hv. 5. þm. Reykv. gat þess ekki þá, að hann legði svo mikið upp úr brtt. sinni, að án samþ. hennar yrði hann móti frv. — Ég vonast til, að frv. verði samþ. óbreytt.

***Sigurður Kristjánsson:** Það hefur náttúrlega ekki við nein rök að styðjast, að það séu bananáð við frv., þótt því sé breytt í sama horf og Nd. gekk frá um daginn. Ég sé t. d., að bæði nefndarm. Alþfl. og Sjálfstfl. í sjútvn. Ed. hafa skrifað undir nál. fyrirvaralaust og virðast alls ekki hafa óskað eftir þeirri breyt., sem deildin gerði síðan. Og auk þess er það aðalspurningin, hvort Nd. ætlar að láta meiri hl. í Ed., og það mjög hæpinn meiri hl., segja sér fyrir verkum eða vera samkvæm sjálfri sér.

ATKVGR.
Brtt. 529 felld með 13:9 atkv.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 545).

60. Kaup á Vatnsleysu í Viðvíkursveit.

Á 46. fundi í Nd., 28. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri (þmfrv., A. 286).

Á 48. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Þetta litla frv., sem við þm. Skagf. flytjum, er á þskj. 286. Það þarf ekki að hafa um það mörg orð, enda fylgir því ýtarleg grg., þar sem skýrt er frá ástæðunum fyrir frv. Það er flutt vegna eindreginna áskorana úr Viðvíkursókn og Hofsstaðasókn um, að prestssetrið verði flutt frá Viðvík að Vatnsleysu, og er þess óskað jafnframt, að ríkið kaupi Vatnsleysu og geri að prestssetri. Frv. fylgja ákveðin meðmæli biskups. Ég leyfi mér því að vísa til grg. frv. og legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 286, n. 385).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann G. Möller): Ég þarf ekki að fylgja þessu nál. með mörgum orðum. Allshn. hefur athugað þau gögn, sem fyrir liggja, og allar ástæður nokkuð gerr og mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Steingrímur Steinþórsson: Ég vil þakka hv. allshn. fyrir fljóta og góða afgr. á þessu frv., og vil ég leyfa mér að vænta þess, að það mætti verða afgr. hér frá hv. d. sem allra fyrst, því að það er mikið áhugamál allra aðstandenda, að þetta mál geti orðið afgr. á því þingi, sem nú situr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, HG, HelgJ, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, SEH, SkG, StSt, StgrSt, VJ, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, EystJ, JörB.
nei: PO.
GSv, ÍslH, JóhJón, SK greiddu ekki atkv.
7 þm. (GG, HV, JÍv, SvbH, TT, ÁÁ, FJ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SkG, StSt, StgrSt, VJ, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, GÞ, GSv, HG, HelgJ, JakM, JGM, JPálm, PHann, JörB.
nei: PO.
SK, EystJ, ÍslH, JóhJón, ÓTh greiddu ekki atkv.
7 þm. (SvbH, TT, ÁÁ, FJ, GG, HV, JÍv) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið sent frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 286, n. 507).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég hef fátt eitt að segja fyrir hönd allshn. um þetta frv. Eins og sést á nál., fellst n. á þær ástæður, sem færðar eru fyrir frv. í grg. þess og í bréfi biskups, sem fylgir sem fylgiskjal, og getur n. ekki séð annað en að allt mæli með því að samþ. þetta frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 562).

---

61. Búfjárrækt.

Á 31. fundi í Ed., 4. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt (þmfrv., A. 131).

Á 32. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta mál er komið til landbn. frá búnaðarþingi, sem hafði það til meðferðar og samdi brtt. þær við búfjárræktarlögin, sem felast í þessu frv., og flytur landbn. það óbreytt eins og búnaðarþing samþykkti það, en hefur hins vegar bætt nokkru við greinargerðina.

Frv. þetta felur í sér tvær eðlisbreytingar, og snertir sú fyrri nautgriparæktina, en hin síðari hrossaræktina. Nautgriparæktarfélög munu nú vera um 100 á öllu landinu, og eru í þeim um 40% af öllum mjólkandi kúm. Hvert þessara félaga hefur starfað út af fyrir sig, nema í Eyjafirði, — þar hafa þau myndað með sér samband og ráðið sameiginlega starfsmann, sem í senn er ráðunautur og annast jafnframt það skýrsluhald, sem eftirlitsmaður hefur í hverju félagi. Hefur það sýnt sig, að það fyrirkomulag, sem er í Eyjafirði, hefur gefið betri árangur en þegar félögin starfa hvert fyrir sig, því að starfsmaður sambandsins þar hefur ekki aðeins yfirsýn yfir beztu kýrnar í einum hreppi, heldur í allri sýslunni og auk þess í tveim hreppum í Þingeyjarsýslu. Hann getur því betur lagt á ráðin um, hvaðan naut skuli fengin og hvaða kvígukálfar skuli uppaldir. Þessi starfsmaður sambandsins í Eyjafirði hefur átt fullt í fangi með að anna starfinu, en eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaganna, sem hafa það starf í hjáverkum, geta af skiljanlegum ástæðum ekki lagt sig eins fram um starf sitt, enda hafa þeir aðeins lítilfjörlega þóknun. Það fyrirkomulag, sem frv. leggur til, að komið verði á, er nokkru dýrara, og hefur það staðið í vegi fyrir því, að slík sambönd myndu ust. Leggur n. því til skv. frv., að ríkið greiði 1 kr. í styrk fyrir hverja kú innan sambandsins, enda fullnægi það settum skilyrðum. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að slík sambönd er ekki hægt að stofna, nema þar sem samgöngur eru góðar og völ er á stöð, þar sem unnt er að framkvæma fitumælingar í mjólkinni. Er hugsanlegt, að á næstu árum megi gera ráð fyrir 5 slíkum samböndum: Í Eyjafirði, Skagafirði, Borgarfirði, nærsveitum Reykjavíkur og austan fjalls. Útgjöld ríkissjóðs til þessara sambanda mundu nema 7—8 þús. kr., ef þau myndu ust öll.

Að því er viðvíkur hinni breytingunni, sem frv. felur í sér, þá er hér um stefnubreytingu að ræða. Í hrossaræktinni eru til hrossaræktarfélög, og verður ekkert hreyft við þeim. Sýningar á hrossum hafa verið þriðja hvert ár, og hefur verið ein sýning í hverri sýslu. Á þessar sýslusýningar koma tiltölulega fá hross og þá oft aðeins úr næsta nágrenni og þá sömu hrossin með þriggja ára millibili. Þetta fyrirkomulag hefur haft þær afleiðingar í för með sér, að ráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefur ekki fengið tækifæri til þess að sjá mikinn fjölda hrossa, þ. e. a. s. þau hross, sem ekki hafa komið á sýningarnar. Frv. gerir ráð fyrir, að sýningar verði eftirleiðis tvenns konar. Fyrst verði hreppssýningar, þar sem ekkert hross má koma nema einu sinni eða tvisvar á ævinni, og fær ráðunautur Búnaðarfélagsins þannig að sjá allan hrossastofninn um land allt. Að loknum hreppssýningunum verði haldnar sýslusýningar, þar

sem almenningur eigi kost á að sjá úrvalið af hrossunum, eða þau, sem bezt voru á hreppssýningunum. Þá er önnur breytingin, sem frv. gerir ráð fyrir.

Þar er gengið inn á þá braut, að stofnuð sé uppeldisstöð fyrir hross, sem rekin sé af ríkinu. Er ætlazt til, að ríkið eigi hestana, en síðan séu þeir leigðir hrossaræktarfélögum og einstaklingum. Felst í þessu miklu meira öryggi fyrir hrossaræktina, því að nú er það svo, að hrossaræktarfélögin kaupa gráðhestana mest eftir ytra útliti, en á tilrauna- og uppeldisstöðinni yrðu hestarnir rannsakaðir vísindalega svo sem kostur er á, og yrði þannig meiri trygging fyrir því, að valdir væru einungis góðir hestar til undaneldis.

Þá gerir frv. í þriðja lagi ráð fyrir því, að í sambandi við héraðssýningarnar verði heimilað að reka þolprófun sýndra hrossa, svo úr því fáist skorið, hvernig hestarnir eru í raun, og er þá jafnframt leyfilegt að hafa veðmálastarfsemi í því samandi.

Þetta eru aðalbreytingarnar, sem frv. felur í sér, og er hér um gerbreytingar að ræða í hrossaræktarmálunum. Í greinargerð eru þessar tillögur skýrðar allýtarlega, og vænti ég, að þótt allir hv. deildarmenn séu ef til vill ekki búnir að kynna sér hana til hlítar, muni þær skýringar, sem ég hef gefið á frv., stuðla að því, að þeir geti óttalaust samþykkt það til 2. umr. Annars hefur n. óbundnar hendur að gera brtt. á frv., enda þótt ég búist ekki við, að það verði þær breytingar, sem orð er á gerandi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 131, 168).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég gat þess við fyrri umr. málsins, að frv. hefði komið frá búnaðarþinginu, en n. hefði þá ekki athugað, hvort hún féllist á það í öllum atriðum eða gerði brtt. Síðan hefur n. haldið fundi um málið, og ber hún nú fram nokkrar breyt., sem allar eru smávægilegar, og eru ekki nema 2 af þeim efnisbreytingar. Fyrsta brtt. er gerð til þess að bæta úr því, að þar hefur sýnilega fallið niður orð, og þarf það ekki frekari skýringar við. Önnur brtt. er aftur á móti dálítil efnisbreyt., hvað a-lið snertir. Í frv., eins og það kom frá búnaðarþingi, var lagt svo fyrir, að ríkið skyldi koma upp uppeldisstöð fyrir stóðhesta. Úr þessu er svolítið dregið með því að hafa þetta aðeins sem heimild. B-liður er ekki annað en orðabreyting, sem n. þótti fara betur á. Þriðja brtt. er sömuleiðis allt orðabreyt., — þó mætti kannske segja, að ofurlitlu munaði með d-lið. Í frv. stóð, að þau hross, sem sýndu sérstaklega góða frammistöðu, skyldu fá viðurkenningu, en hér er sagt: „Þau, sem fram úr sköruðu.“ Það kann að vera, að ofurlítil efnisbreyt. sé í 4. till. Eins og málið kom frá búnaðarþingi var lagt til, að allar greiðslur eftir búfjárræktarl. væru greiddar með dýrtíðaruppbót eftir vísitölu kauplagsnefndar, en hér er lagt til, að verðlaunaveitingar á sýningum verði undanskildar dýrtíðaruppbót. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að gera brtt. að frekara umræðuefni.

ATKVGR.
Brtt. 168,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 168,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 168,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 168,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 172).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 460).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Eins og nál. á þskj. 460 ber með sér, leggur landbn. til, að þetta frv. verði samþ. með einni lítilsháttar breyt., sem er í því fólgin að orða um 2. gr. frv. Að vísu hafði þessi gr. frv. verið orðuð um í hv. Ed. og stytt nokkuð frá því, sem var í frv. upphaflega. En landbn. virtist, að enn væru ákvæði í þeirri gr., sem betur ættu heima í reglugerð en í l., þ. e. ákvæðið um uppeldisstöð fyrir stóðhesta, og væri því ekki ástæða til að orða þá gr. öðruvísi en gert er ráð fyrir í till. n. í nál. N. sá ekki ástæðu til að taka fram í þessari gr. l., að þessi væntanlega uppeldisstofnun skyldi bundin við tilraunabú, þó að vísu sé heimilt l. samkv. að stofna tilraunabú, sem hér um ræðir, undir umsjón atvinnudeildar háskólans, en ekki er enn hafinn undirbúningur til að stofna þau. N. sá ekki ástæðu til að setja þessa uppeldisstöð fyrir stóðhesta að neinu leyti í samband við slíkt tilraunabú undir umsjón atvinnudeildarinnar, en það getur vissulega orðið framkvæmt þannig fyrir því, ef það þykir hentugt, þótt ekki sé það bundið í l. En uppeldisstöðin gæti orðið

sett á stofn áður en tilraunabúið væri stofnað, því að það mun verða hægt að stofna þessa uppeldisstöð án tilfinnanlegs kostnaðar.

Landbn. hefur hér á þskj. 460 tekið það upp, hverjar eru helztu breyt., sem gerðar eru á búfjárræktarl. með þessu frv., ef að l. verður. Sé ég ekki ástæðu til að skýra það nánar en gert er í nál. Skal ég þó geta þess um fyrstu breyt., að hún hefur ofurlítið aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, sem er þó smáræði, en gr. er um það, að heimilt sé nautgriparæktarfélögum að stofna með sér sambönd, og njóta slík sambönd ofurlítils styrks úr ríkissjóði samkv. búfjárræktarl. Hins vegar er það meginatriði, sem hér er gert ráð fyrir með frv. að breyta, fyrirkomulagið um hrossasýningar, en það ákvæði mun ekki hafa teljandi aukin útgjöld í för með sér og e. t. v. engin aukin útgjöld. En það er ekki gott að segja nákvæmlega um það, hvaða kostnaðarauka muni af þessari breytingu leiða. — Þetta eru höfuðbreyt. á búfjárræktarlögunum, sem gera á með þessu frv.

Í ákvæðum til bráðabirgða, sem frv. gerir ráð fyrir, að bætt verði við búfjárræktarl., er ætlazt til, að greiddar verði verðstuðulsuppbætur á styrki til búfjárræktar eftir sömu reglum og þær eru greiddar á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og allra launamanna í okkar þjóðfélagi. En meginhlutinn af því fé, sem fer til búfjárræktar, fer til launagreiðslu starfsmanna nautgriparæktarfélaga og fóðurbirgðafélaga, sem fá laun af þessum styrk fyrir vinnú í þágu þessara félaga. Þess vegna virðist það ekki nema réttlátt og algerlega í framhaldi af því, sem gert hefur verið á öðrum sviðum, að þessar verðlagsuppbætur verði greiddar. Og það er á þessum grundvelli, sem landbn. hefur fallizt á þessar till., sem í fyrstu eru samþ. af búnaðarþingi og sendar þaðan hingað til hæstv. Alþ.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál, því að bæði er það, að upphaflega frv. fylgdi ýtarleg grg. og svo hefur landbn. á þskj. 460 gert enn frekari grein fyrir þeim breyt., sem hér liggja fyrir. En eins og ég hef þegar fram tekið, leggur landbn. til, að frv. verði samþ. með þeirri einu breyt. á 2. gr., að hún verði orðuð um, eins og fram er tekið á þskj. 460.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 460 (ný 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 509).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv. er komið hingað aftur frá Nd. Þar var gerð sú breyting á frv., að nokkur hluti, síðasti hluti 36. gr., var felldur niður.

Ákvæðið, sem þar stóð, hefur staðið í búfjárræktarlögunum frá því fyrsta og var um heimild til handa hrossaræktarráðunautum að kaupa stóðhesta, sem eigendur eiga erfitt með að hafa ógelta.

Hv. Nd. leit svo á, að óþarft væri að halda þessu ákv. í l., ef upp yrði sett hrossaræktarstöð sú, sem áformað er að stofna eftir frumvarpinu.

Sú uppeldisstöð fyrir stóðhesta mundi þá kaupa slíka hesta. Og getur því n. hér í þessari d. fallizt á skilning hv. Nd. um þetta atriði og sér ekkert athugavert við það, að frv. sé samþ. í því formi, sem það nú hefur hlotið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 563).

---

62. Aflaskýrslur og útgerðar.

Á 50. fundi í Ed., 3. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um afla- og útgerðarskýrslur (þmfrv., A. 329).

Á 52. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta mál er flutt af sjútvn. að tilhlutun Fiskifélags Íslands. Þær breyt., sem farið er fram á að gera á gildandi l. um aflaskýrslur, eru aðallega þær, að í frv. er gert ráð fyrir, að söfnun aflaskýrslna hafi Fiskifélag Íslands eitt með höndum. Fram að þessu hafa menn þurft að gefa skýrslu líka til Hagstofu Íslands, en hér er ætlazt til, að Fiskifél. geti látið hagstofunni þessar skýrslur í té, jafnóðum og þær berast.

Í annan stað er gert ráð fyrir, að skýrslurnar verði nokkuð fyllri heldur en þær hafa verið og taki til fleiri aðila. Í þriðja lagi er ætlazt til, að gefnar séu skýrslur um útgerð landsins, t. d. um bátafjölda og annað slíkt varðandi útgerðina, sem ekki hefur verið lögákveðið hingað til. Fiskifélagið telur nauðsynlegt að fá inn í l. upplýsingar um útgerðina. Sjútvn. mælir með því, að frv. nái fram að ganga, og tel ég óþarfa að hafa lengri framsögu, enda er málið vel undirbúið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 329, n. 518).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Ívarsson): Þetta frv. um afla- og útgerðarskýrslur er flutt í Ed. að tilhlutun Fiskifélags Íslands. Í því felast nokkrar breytingar á gildandi l. frá 1925. Samkv. þeim hafa eingöngu verið gefnar skýrslur um fisk, sem ætlaður er til útflutnings. Nú er ætlazt til, að skýrslur fáist um allan fisk, sem veiddur er hér við land, hvort sem hann er útfluttur eða notaður í landinu sjálfu, svo og um útgerð skipa, tölu skipverja og úthaldstíma og annað það, sem að útgerð lýtur, svo sem beitubirgðir, birgðir af útflutningsvörum o. fl. Þá er fram tekið, hverjir skýrslur þessar eiga að gefa, en það eru ekki aðeins þeir, sem gera veiðiskipin út, heldur og þeir, sem fiskverkun og vinnslu úr sjávarafurðum hafa á hendi, verksmiðjur, útflytjendur o. fl.
Hingað til hefur Fiskifél. Ísl. og hagstofan safnað skýrslum þessum hvort um sig, en með frv. þessu er Fiskifél. ætlað að gera það í samráði við hagstofuna, og ætti með því að fást fljótari og fullkomnari skýrslugerð en nú er.
Ég vil fyrir hönd n. óska þess, að d. vilji vísa máli þessu til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 564).

---

63. Veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar (kappróður).

Á 46. fundi í Ed., 28. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar (þmfrv., A. 280).

Á 48. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Ég hef nú ekki miklu við að bæta frá því, sem grg. hermir um tilefni þessa máls. Ég skal geta þess, að mér er kunnugt um, að sjómannadagsráðið, sem nefnt er hér í frv., hefur þegar rætt við hestmannafél. Fák um það, hvort það teldi, að þessi breyt. kæmi sér nokkuð verr fyrir það. Var það fullt samkomulag við þetta félag, að þessi breyt. yrði gerð, þar sem þeir töldu, að þetta kæmi sér ekki að neinu leyti í bága.
Lagabreyt. þessi er gerð með það fyrir augum að styrkja og efla sjóminjasafn það, sem sjómannadagsráðið hefur verið frumkvöðull að, að stofnað yrði. Eins og sagt er í grg., hefur Alþ. viðurkennt þessa hugmynd og styrkt hana um tveggja ára skeið með dálitilli upphæð á fjárl., sem yrði varið til stofnunar þessa safns og til að kaupa handa því ýmsa muni, sem dreifðir eru um allt land. Enn fremur hafði ríkisstj. afskipti af undirbúningi málsins og til hennar var leitað, þegar skipa átti formann fyrir n. þeirri, sem starfar að þessum málum. En sjómannadagsráðið leit svo á, að þrátt fyrir góðan vilja Alþ. um fjárframlög, yrði að afla meira fjár, meðal annars vegna þess, að ýmsir merkir munir í landinu eru að fara forgörðum, og vinda verður bráðan bug að því að bjarga þeim, ef þeir eiga ekki að glatast. Getur það tekið allmikla fyrirhöfn að tína saman og leita uppi þessa fágætu muni, og eðlilega hefur það talsverðan kostnað í för með sér að koma þeim á ákveðna staði. Auk þess eru sumir þeirra ekki falir nema fyrir nokkurt verð. Í þessu sambandi má benda á, að slíkt safn sem þetta ætti að eiga heil skip, t. d. hákarlaskip, sem geymd væru handa eftirkomendunum sem sýnisgripur um líf forfeðranna. Auðvitað hefur það talsverðan kostnað í för með sér að hreyfa slíka muni, sem ég nefndi, og svo getur verið um fleiri.
Hvað mikið fjármagn kynni að skapast af slíkri starfsemi, er ekki gott að segja um. En mjög margir hafa mikinn áhuga fyrir góðum gæðingum, enda eru kappreiðar Fáks vel sóttar. Kappróðurinn er mjög gömul íþrótt hér á landi og afar nauðsynleg öllum, sérstaklega þeim, er

sjó stunda. Var hún mjög iðkuð, meðan árabátarnir voru notaðir, og varð hver maður að vera vel þjálfaður í róðri, ef hann átti að vera álitinn hæfur til sjósóknar. En með vélaöldinni hefur róðurinn horfið úr sögunni að mestu leyti og er nú lítilsháttar stundaður sem íþrótt. Eru menn þeirrar skoðunar, að gera eigi þessa gömlu íþrótt að skyldukvöð fyrir hvern einasta mann, sem út á sjóinn leitar. Kappróðurinn þykir líka mikil og skemmtileg íþrótt, og eins og kunnugt er, er hún mjög iðkuð við erlenda háskóla. Ætti það að verða okkur metnaðarmál, að róðurinn hverfi ekki úr sögunni með næstu kynslóðum.

Sjómannadagsráðið er fulltrúi sameinaðra stéttarfélaga í bænum, þeirra manna, sem sjóinn stunda, og eins og getið er um í grg., hefur ráð þetta gert þegar ráðstafanir til, að byggðir verði sérstakir bátar til þess að halda uppi kappróðrum. Kosta félögin til þess miklu fé, enda eru bátar dýrir með því lagi, sem nauðsynlegt er til kappróðurs, og þurfa að vera mjög vandaðir. Er ætlazt til, að 75% af veðmálastarfsemi í sambandi við kappróðurinn renni til sjóminjasafnsins, en afganginum varið til aukins bátakosts.

Þetta er í stuttu máli það, sem bak við frv. liggur. Hér er ekki neitt tekið úr sjóðum ríkisins, heldur er um heimild að ræða til fjáröflunar til styrktar góðu máli, og vona ég, að hv. d. geti fallizt á frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 280, n. 359).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Ég vildi, áður en gengið er frá frv. sem lögum, taka fram, að ég skil ákvæði þess svo, að þar sé aðeins átt við veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og á sjómannadaginn, en ekki t. d. við hvaða kappróður sem er, þann sem til íþróttamótsins mætti teljast. Í öðrum lögum er íþróttamönnum leyft að hafa slíka veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakappleika almennt, og sá réttur verður ekki sterkur með þessu frv. Sjómenn eiga á hinn bóginn sanngirniskröfu á að fá að afla fjár á sjómannadaginn á þennan hátt í þeim tilgangi, sem frv. greinir.

*__Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):__ Allshn. mælir með frv. með þeirri brtt., sem er á þskj. 359, þar sem lagt er til að bæta inn orðunum: „er fari fram á sjómannadaginn“ — á eftir ákvæðinu um veðmálastarfsemi við kappróður sjómannadagsráðsins. Þessa brtt. virðist hæstv. forsrh. ekki hafa haft fyrir framan sig, er hann tók nú til máls, því að hún tekur af tvímælin um að festa þann skilning í frv., sem hann vildi láta festa. — Ég gerði nokkra grein fyrir því við 1. umr., hvað í frv. felst. Ég held þetta þurfi engum árekstrum að valda við íþróttalögin. Ég gat þess, að rætt hefði verið við stjórn hestamannafélagsins Fáks, og taldi hún, að um enga árekstra við starfsemi félagsins gæti verið að ræða. Ég vona, að hættulaust sé að samþ. frv. með brtt.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Það er þá staðfest, ef brtt. nær samþykki, að í frv. skuli leggja þann skilning, sem ég lýsti yfir, að ég teldi óhjákvæmilegt að leggja í það, — og miða við sjómannadaginn eða þann dag, sem til kappróðursins yrði tekinn, ef veðurástæður neyða til frestunar.

ATKVGR.
Brtt. 359 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 390, 391).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*__Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):__ Allshn. hefur leyft sér að gera brtt. við þetta frv. Fyrri brtt. er aðeins um formshlið frv. Hin brtt. er ný og stefnir að því, að þessi breyt. á l., sem ætlazt er til að verði gerð, verði felld inn í l., þegar frv. hefur náð samþ. Það þykir heppilegra að hafa svona l. í einu lagi, annars getur það valdið glundroða. N. mælir með því, að þessar brtt. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 391,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 391,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., 8. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 404).

Á 55. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 404, n. 503).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 565).

64. Landnám ríkisins.

Á 31. fundi í Nd., 4. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um landnám ríkisins (þmfrv., A. 133).

Á 32. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Ég var ekki svo nærstaddur, að ég gæti gert neinar athugasemdir við frv. í þeim umr., sem fram hafa farið um það utan þings. Enda átti ég þar ekki aðgang að. En eftir því, sem grg. hermir, renna sterkar stoðir undir þetta frv., þar sem það er flutt fyrir hæstv. ríkisstj. og hefur verið athugað og samþ., að mig minnir að sé tekið fram hér í grg., af framfærslun. ríkisis og sömuleiðis af búnaðarþingi.

Maður skyldi nú ætla, að eftir þessa athugun mundi löggjöf um jafnmikilvægt efni og landnám í sveitum landsins vera í samræmi við skoðun og vilja þess fólks, sem nú byggir sveitirnar. En ég er í mjög miklum vafa um, að svo sé. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli á því, að það er mjög athugunarvert að skella mjög afleiðingaríkri löggjöf á, og yfir verulegan hluta landsmanna, án þess að nokkur trygging sé fyrir því eða einu sinni nokkrar líkur fyrir því, að þessi mál hafi verið nokkuð athuguð af fólkinu sjálfu, sem við þetta á að búa.

Það lætur ákaflega vel í eyrum að tala um landnám. En það er vel hægt að nota falleg orð í alveg rangri merkingu. Á að skilja þetta nafn þannig, að sveitir landsins séu ekki numdar, og að það fólk, sem nú er í sveitunum, séu frumbyggjar í sama skilningi eins og talað er um frumbyggja í nýlendum, sem eiga að víkja fyrir innflytjendum, sem meiri menningu hafa að flytja og meiri þroska? Það liggur ákaflega nærri að ætla, að þessi hugmynd liggi á bak við nafnið á þessu frv., nema svo sé, að nafnið hafi nú orðið til svona af einhverri tilviljun og eigi kannske ekki beinlínis við um þá hlið málsins, sem sagt er hér, að hafi verið athuguð af framfærslun. og búnaðarþingi og svo hæstv. ríkisstj. En það er ekki nema eðlilegt, að mér og öðrum komi til hugar, að þegar ríkið ætli að fara að hefja landnám í sveitunum, þá liggi það til grundvallar, að þeirra álit sé, að þeir, sem fyrir eru í sveitunum, séu svo lítilfjörlegir, að landið megi telja auðn eða þar sé ekki um meiri menningu að ræða en hjá frumbyggjum.

Hér er gert ráð fyrir tvenns konar landnámi, skilst mér, þ. e. landám til ræktunar við kaupstaði og sjávarþorp, og í öðru lagi að hefja landnám uppi í sveitunum sjálfum. Hér er náttúrlega ákaflega ólíku saman að jafna, því að kringum bæi og þorp er víða mikið af löndum, sem annaðhvort eru ekki notuð eða ræktuð, kannske fyrir framtaksleysi fólksins, sem þar býr, eða fyrir þær sakir, að einstaklingar eiga þessar lendur og halda þeim kannske fyrir sjálfa sig þannig, að fólkið í þorpinu nýtur þeirra ekki. Aftur á móti geri ég ráð fyrir, að sveitirnar séu yfirleitt fullskipaðar. Ég veit ekki, hvort menn gera sér yfirleitt grein fyrir því, hvaða skilyrði til þess þarf að geta rekið sæmilegan búskap, — búskap með góðri afkomu. Það eru tvö höfuðskilyrði fyrst og fremst. Fyrsta skilyrðið er náttúrlega það, að sá búskapur, sem rekinn er, sem er vafalaust mest nautgripa- og sauðfjárbúskapur, hafi möguleika til að afla fóðurs og nægilegt beitiland og í öðru lagi nægileg markaðsskilyrði, svo að hægt sé að koma afurðum þessa búskapar í sæmilegt verð. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hvað síðara atriðið snertir, þá hafa verið afar mikil vandræði með afurðasölu, svo ríkið hefur hvað eftir annað þótzt þurfa að grípa fram í og hefjast handa um bætur einmitt í þeim sökum að koma afurðum sveitanna í viðunandi verð, þannig að hægt væri að reka búskapinn. Þær búsafurðir eru kjöt og mjólk aðallega. Og allir þekkja, hve miklum erfiðleikum það er bundið að fá viðunandi verð fyrir mjólk, svo að bændur þeir, sem reka kúabú, geti haldið jörðum sínum við og komizt af á sæmilegan hátt. Menn vita líka, að það hefur orðið að flytja mikið af kjöti út úr landinu og selja það oft, ef ekki oftast, fyrir svo lágt verð, að það hefur alls ekki nálgazt það að vera kostnaðarverð, og þar af leiðandi hefur orðið með lagaákvæðum að láta neytendur í landinu borga svo mikið fyrir kjötið, að það bæri einnig uppi hið lélega verð, sem hefur verið á hinum erlenda markaði oftast nær.

Það er sem sé bersýnilega gersamlega ómótmælanlegt, að framleiðslan í sveitunum er svo mikil nú og hefur verið á undanförnum árum, að það hefur ekki verið hægt að selja afurðirnar fyrir viðunandi verð. Það kemur því ekki til nokkurra mála, að hægt sé að bæta hag sveitanna með því að fara að flytja inn í þær einhverja landnema, sem hægt væri að bæta við þar.

Ég hef heyrt sagt, að það hafi verið gert talsvert að því hjá framfærslun., með lánum og ýmsum ráðum, að setja upp stór kúabú. Það hefur átt að vera til þess að blómga sveitirnar, en hefur orðið til þess, að vandræðin hjá bændunum sjálfum hafa orðið enn þá meiri með að selja mjólkina með sæmilegu verði. Það hefur komið berlega í ljós, sérstaklega síðan búfjársjúkdómar mögnuðust hér á landi, að af af-

réttarlöndum þeirra sveita, sem mest hafa orðið fyrir barðinu á búfjársjúkdómum, hefur komið afurðabetra fé heldur en áður. Hin aukna eftirtekt fjölda manna um þessa hluti sýnir það, að beitilöndin eru að verða ofsetin. Landið er að verða urið og farið að blása upp, einmitt fyrir of mikinn ágang búfjár, og féð gefur miklum mun minni arð fyrir það, að of þröngt er orðið um það á beitilöndunum. Þetta er að vísu mjög lítið rannsakað efni, sem þarf að rannsaka, en líkur benda til þess, að beitilöndin séu ofsetin.

Það kemur ekki til mála, að sú ráðstöfun verði til hjálpar fólki í sveitum landsins að stofna til þess, að árlega fjölgi sauðfé á landinu um kannske nokkrar þúsundir, því að það mundi verða til þess að gera búskapinn erfiðari fyrir þeim, sem fyrir eru, alveg eins og það yrði engin úrbót fyrir þá nautgripabændur, sem eiga nú örðugt með að koma mjólkinni í verð, að fara að setja upp samkeppnisbú við fjósvegginn hjá þeim. Ég vænti, að hv. þm. misskilji það ekki, að ég hef hér aðallega snúið mér að landnáminu uppi í sveitunum sjálfum.

Ég sé, að í þessu frv. er ætlazt til þess, að ríkið taki hér sínar eigin lendur fyrst og rækti og úthluti síðan í blettum, ekki stórum, til þessara nýju landnámsmanna. Hér er tiltekið, hve stórt ræktunarlandið er ætlazt til að geti orðið, sem er aðeins 4 ha., sem ríkið ætlar samt sem áður, að mig minnir, að rækta sjálft fyrir hvert býli. Það er ætlazt til, að það sé hægt uppi í sveitum að rækta 10 ha. á býli, landið sé það stórt. Hamingjan má vita, hvernig það má komast í kring. Svo er talað um, að því skuli fylgja beitiland. En það getur því aðeins orðið, að það sé til. Svo er talað um, að þegar ríkið tekur slíkt land til ræktunar, þá skuli vera minnst sex býli saman.

Þegar maður athugar þetta landnám, tilgang þess og hvaða afleiðingar það muni hafa, þá horfir það þannig við mér a. m. k., að það muni vera ætlazt til þess, að það séu fengnir menn til þess að setjast á þessa bletti. Ríkið muni taka sínar beztu jarðir og búta þær niður fyrir þetta fólk. En ef ríkið á þær ekki til sjálft, muni það seilast til kostajarða frá einstaklingum. Það hefur heyrzt, að með þessu eigi að beina fólksstraumnum úr kaupstöðunum í sveitirnar. Tilgangurinn er kannske líka að sjá uppvaxandi mönnum og þá kannske systkinum fyrir bújörðum, en aðallega til þess að beina fólksstraumnum úr kaupstöðunum til sveitanna. Þetta fólk ætti svo að fá sæmilegt land, þótt lítið sé, eitthvert lánsfé til að reisa bú, og þarna situr svo hver á sínum kollubletti, menn, sem eru úr kaupstöðum. Vel mætti vera, að þar væru sæmilegir menn, sumir hverjir, en flestir félausir, og aðallega þeir, sem ekki hefðu getað unnið sér brauð þar, sem þeir voru, m. ö. o. heldur úrræðaminnstu mennirnir. Hvað mun svo verða úr þessum mönnum, þegar þeir fara að reka búskap þarna við hliðina á þeim, sem eru góðir bændur, sem eru að mörgu leyti vel settir og kunna allt utan að, sem gera ber við búskap, en segja samt, að þeir komist ekki af, en lenda í skuldum og sumir þeirra flosna upp af sínum góðu jörðum? Hvað mun þá verða um úrræðalausa manninn, sem situr félaus á þessum litla bletti, með miklu minni nytjum og minni mögleikum til bjargar? Það virðist bersýnilegt, hvað úr honum yrði. Strax og eitthvað misjafnt kæmi fyrir, og kannske án þess, mundi hann verða hjálparþurfi og með sinn barnahóp ómagi á sveit sinni, og sennilega mundi hann þá flosna upp og flytja aftur í kaupstað og segja sínar farir ekki sléttar. Og ef hann færi á sína sveit, þar sem hann var setztur að á sínum bletti, þá kæmi þar fram í því tilfelli hjálpin, sem átti að veita sveitunum.

Mér sýnist vera stofnað til þessa með ákaflega lítilli framsýni. Það getur varla hjá því farið, ef við hugsum um framtíð manna í sveitunum með einhverri skynsemi, að þá muni menn skilja, að höfuðatriðið er ekki það, að það séu svo mjög margir menn í sveitunum, heldur, að þeir, sem þar eru, hafi góða afkomu, að þeir séu sjálfstætt fólk, sem geti lifað bærilega og geti unað hag sínum bærilega. Hitt er ekki það eftirsóknarverða, að hver reki sig svo að segja á annars horn og enginn hafi nema lélega afkomu.

En það er ekki lítið, sem ríkið á að leggja í sölurnar til þess að framkvæma þetta nýja landnám, til þess að þessir aumingja frumbyggjar séu ekki alveg einir og hjálparlausir, — það er ekki nema hálf millj. kr. á ári; ¼ millj. úr ríkissj. beint, og svo helmingurinn af því fé, sem veitt er til atvinnubóta á hverjum tíma, sem nú um nokkur ár hefur verið ½ millj. kr. á ári. Svo að þetta er ½ millj. kr. samtals, sem á að verja til þessa landnáms.

Nú hef ég hér aðeins minnzt á þann hlutann, sem snýr að sveitunum. En sú hlið þessa máls, sem snýr að sjávarþorpunum og kaupstöðunum, er allt annars eðlis. Og ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða, að það er geysimikil nauðsyn fyrir þá menn, sem byggja afkomu sína á stopulum sjósóknum, stopulli daglaunavinnu og kannske líka stopulli iðnaðarvinnu, að hafa einhverjar jarðarnytjar. Og ég er alveg sannfærður um, að þessi smábýlabúskapur getur aldrei brauðfætt það fólk, sem hann stundar, nema því aðeins, að það hafi eitthvað annað að styðjast við, svo sem nytjar af sjó, daglaunavinnu eða iðnað. Og ég vil leggja ríka áherzlu á það, áður en þetta mál er afgr., að hér er, viðkomandi fólki í kauptúnum og sjávarþorpum, um gersamlega aðrar ástæður að ræða í sambandi við þetta mál heldur en það fólk, sem eingöngu er ætlað að lifa af landbúnaði. Það er allt annað viðhorf fyrir þá menn að taka svona bletti til afnota, sem setjast á slíka kollubletti uppi í sveit og eiga ekki við annað að styðjast, heldur en hina, sem geta stundað sjó jafnframt eða daglaunavinnu eða einhvers konar iðnað, við hliðina á sínum smábúrekstri.

Ég geri nú ráð fyrir, að þetta frv. verði samþ. hér við þessa 2. umr., en ég vildi mjög eindregið mælast til þess, að hv. þm. vildu athuga það mjög gaumgæfilega fyrir 3. umr., hvort ekki þarf einmitt að gerbreyta þessu frv., og hvort þetta landnám uppi í sveitum landsins er byggt á nokkru minnsta viti. Ég er alveg sannfærður um, að það bara fjölgar ósjálf-

bjarga fólki í sveitunum og þrengir að og verður til meins þeim mönnum, sem þar eru fyrir. Og þó að lítil reynsla sé komin á það, þá er hún þó nokkur komin gegnum nýbýlamálið. Ég hef fylgzt með ýmsum málum í því efni og séð, að menn, sem hafa farið út í þetta, þótt duglegir séu, hafa lent í gersamlegu vonleysi og eru alveg að gefast upp. Eftir örfá ár hafa þeir komizt í basl með þennan litla búskap, sem svo fyrirhyggjulaust var stofnað til. En ég veit, að þessi kollublettabúskaparhugmynd, þetta landnám, sem kallað er hér í frv., hefur fengið miklu meiri byr hjá fólki vegna þess, að málið hefur verið ákaflega einhliða túlkað meðal fólksins, þannig að þetta væri til þess að auka ræktun í sveitum landsins, sem hljómar náttúrlega mjög fallega. En það er ekki alveg sama, hvernig sú ræktun er framkvæmd og hvernig þeir eru settir niður, sem eiga að framkvæma ræktunina og síðan að njóta hennar.

Það er ákaflega eðlilegt, að svona mál fæðist. Það er verið að skipa hér nefndir; þær vilja gera eitthvað. Hér hefur t. d. fæðzt svokölluð framfærslunefnd. Hún hefur sjálf orðið að leita uppi sín verkefni. Hún fann þau ekki strax. Hún hefur gengið með lækjum og keldum, skyggnzt og þreifað fyrir sér, hvort hún fyndi ekki verkefni. Og hún hefur fundið það, að ef hún hefði hálfa millj. kr. milli handanna, gæti hún rótað við mógröf eða eitthvað annað gert. Það er lengi eitthvað hægt að gera. En hér er byrjað á öfugum enda. Þegar vandræði eru fyrir hendi í einhverju efni, á að skipa nefndir til þess að gera till. um að leysa fyrir fram ákveðna hluti, en það á ekki að skipa nefndir til þess, að n. leiti svo að einhverju verkefni eins og saumnál til þess að skapa sér tilverurétt. Ég held, að þetta frv. sé einmitt ávöxturinn af þessu nefndafargani.

Ég skal að lokum taka það fram, að ég mun ekki greiða atkv. um þetta frv., hvorki með né móti, nú, vegna þess að hér er blandað saman töluvert ólíkum málum. En ég býst við því, ef frv. kemur ekki fram undireins aftur, að ég fái tækifæri til þess að undirbúa einhverjar brtt. við það fyrir 3. umr.

*Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Mér næstum því ægir það vonleysi og vöntun á trú á landið og ræktun og landbúnað yfirleitt, sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv. Það fyrsta, sem ég heyrði af máli hans, var, að hann var að fetta fingur út í orðið „landnám“ í heiti frv., og hann spurði, hvort ætti að skilja það þannig, að við héldum því fram, að landið væri ónumið upp til sveita. Ég hélt, að hver, sem ferðazt hefur um landið með opin augu, mundi ekki þurfa að spyrja svo, því að aðeins örlítill hluti landsins er numinn í þess orðs réttu merkingu. Hið ræktaða land er ekki nema ofurlitlar vonarstjörnur á mýrlendinu, sem sýna átakanlega, hve mikið enn er óræktað af landinu. Svo það sér hver heilvita maður, að hér er stórt verkefni fyrir þessa og næstu kynslóð að vinna, að nema landið í nútímamerkingu.

Ég sagði áðan, að mér ægði það trúleysi á ræktunarmálin, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. Og sérstaklega ægir mér það á þessum tímum, þar sem svo getur farið, að líf þjóðarinnar velti bókstaflega á því, að hægt sé að framleiða í landinu sjálfu allt, sem þjóðin þarf til fæðis og klæða, ef siglingar lokuðust. Og frekar væri ástæða til að ræða í sambandi við þetta mál, hvað ríkið hefur vanrækt mikið í þessum efnum á undanförnum árum, heldur en að mæla á móti því, sem hér er stefnt að.

Hv. 5. þm. Reykv. minntist ofurlítið á þær nýbýlabyggingar, sem framkvæmdar hafa verið á undanförnum árum, og vildi hann halda því fram, að þær sönnuðu, að þetta væri vonlaust mál, þessi tilraun til þess að koma upp kollublettabúskap, sem hann svo nefndi, í sveitum landsins, sem mundi setja sveitirnar á höfuðið, að mér skildist hann meina, og eyðileggja búskapinn fyrir þeim, sem fyrir væru í sveitinni, að meira eða minna leyti. En sannleikurinn er, að þau nýbýli, með örfáum undantekningum, sem reist hafa verið á undanförnum árum, mega teljast hafa farið mjög farsællega af stað. Það er vitanlega í þessu sem öðrum málum, að einn og einn maður verður aftur úr og getur ekki bjargað sér. En hins vegar er þeim öllum ljóst, sem trúa á framtíð landbúnaðarins og að hér geti þrifizt blómlegur landbúnaður við hliðina á öðrum atvinnuvegum, og finnst þeim sömu mönnum of skammt stigið í þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið um þetta mál. Í manntali, sem nýlega hefur verið gefið út, kemur ein sönnunin enn til viðbótar við þær sannanir, sem fyrri manntöl hafa að geyma, um að öll fólksfjölgun sveitanna fer til kaupstaðanna, sérstaklega hinna stærri, en sveitirnar haldast varla við að fólkstölu; öll viðkoman fellur nauðug viljug til kaupstaðanna. Nú eru það bæði ég og fleiri, sem ekki hafa trú á slíkri rás viðburðanna til lengdar. Við viljum segja „hingað og ekki lengra“. Við viljum fara að spyrna við fæti gegn því, að öll fólksfjölgunin hverfi úr sveitunum til kaupstaðanna. Og þó að hv. þm. segi, að það muni vera meining okkar, sem erum forsvarsmenn þessa frv., að með því eigi að stofna til þess að beina fólksstraumnum úr kaupstöðunum og til sveitanna, þá er það ekki það, sem ég geri mér vonir um. En það mesta, sem fyrir mér vakir, er að stöðva þann straum að nokkru, sem átt hefur sér stað frá sveitum til kaupstaða, þannig að fólksfækkunin í sveitunum verði stöðvuð, og búa þeim mönnum, sem hafa löngun og hæfileika til þess að vera sveitamenn, möguleika til þess að geta verið í sveitunum. En eins og skilyrðin hafa verið fyrir þessa menn undanfarið, getur það verið algerlega ómögulegt fyrir efnilega menn að fá jarðnæði í sveitunum, þótt þeir vildu setjast þar að og eyða þar lífi sínu og kröftum. Þess vegna er hér í þessu frv. gerð tilraun til þess að taka nokkru fastar á þessu máli heldur en undanfarið hefur verið gert.

Nýbýlafjölgunin er hugsuð í þessu frv. á tvennan hátt. Fyrst og fremst með því að skipta eldri býlum, helzt þeim, þar sem ræktun er komin það langt áleiðis, að lífvænlegt geti verið fyrir tvo bændur þar, sem áður var einn. Þetta er aðallega hugsað í dreifbýlinu. En hér er í

öðru lagi hugsað að koma upp smábýlahverfum, þar sem aðstaða má kallast góð til samgangna og e. t. v. til að hafa þar ýmsan annan atvinnurekstur en búskap. Við hugsum okkur t. d., að það sé vel líklegt, að ef hægt væri að koma upp smábýlahverfum á hentugum stöðum í sveit, þá mundu rísa þar upp fleiri greinar atvinnurekstrar, t. d. iðnaður o. fl., sem gæti haft stuðning af ræktun, og ræktunin gæti haft stuðning af þessum nýja atvinnurekstri með því að framleiðendur á þessum býlum seldu þangað afurðir sínar. M. ö. o., við hugsum okkur, að það kæmu upp fjölbýlishverfi í sveitunum.

Þá sagði hv. 5. þm. Reykv., að það væri ekki aðalatriðið, að sem flestir ættu heima í sveitunum, heldur að þeir, sem þar væru, gætu haft það góða afkomu, að þeim liði vel og gætu unað þar hag sínum. En sannleikurinn er sá, að það, sem háir sveitunum mest, er fámennið í sveitunum. Við vitum, að unga fólkið sækir þangað, sem fjölmennið er, þar sem hægt er að svala heilbrigðu félagslífi. Og það er einmitt fámennið og strjálbýlið í sveitunum, sem kemur því til að sækja þangað, sem þessir möguleikar eru fyrir hendi fyrir æskuna. Það, sem því ríður mest á, ef við ætlum að halda fólkinu kyrru í sveitunum, er að þétta byggðina og fjölga býlum þar. Það er ætlazt til þess, að með þessum nýbýlahverfum sé hægt að koma upp slíkum stöðum í sveit, sem hafa þá kosti til að bera, er ég gat um, sem halda fólkinu þar.

Og þegar hv. þm. talar um kollublettabúskap, þá hygg ég, að hann bindi sig of mikið við gamla búskaparháttu, mikið land með lítilli ræktun, og með tilliti til þess búskaparlags finnst honum mjög óaðgengilegt fyrir menn að hafa litla bletti til afnota. En nú er það sannað, að oft vegnar þeim betur, sem hafa lítið land, en vel ræktað, og fáar skepnur, vel kynbættar, heldur en þeim, sem hafa mikið land og meiri fénað, sem ekki gefur að sama skapi góðan arð. Það getur á margan hátt reynzt miklu farsælla að hafa minna land undir höndum, en vel ræktað.

Annað atriði í þessu frv., sem hv. 5. þm. Reykv. minntist minna á og mér virtist hann frekar leggja blessun sína á, var ræktun nærri kaupstöðum og sjávarþorpum. Hann áleit, að slíkur smábúskapur ætti rétt á sér, þar sem hann hins vegar fordæmdi alveg býlaaukningu upp til sveitanna. Og það, sem þarna er gerð till. um, er byggt á reynslu þeirri um allt land, að alls staðar í hverju sjávarþorpi og kauptúni, þar sem kauptúnin hafa haft aðgang að nægilegu ræktunarlandi og íbúarnir hafa ræktað þetta land til að hafa not þess við hliðina á öðrum störfum, þessi kauptún skera sig úr um það, hvað fólki þar líður betur og er betur megandi. Það þarf því ekki að deila um það atriði frv. Ég hef að vísu heyrt því haldið fram, að með þessu væri stefnt að því að eyðileggja markaði fyrir sveitunum fyrir sínar afurðir með framleiðslu þessara landbúnaðarafurða við sjávarþorpin. En sannleikurinn mun nú vera sá, að í þeim sjávarþorpum, þar sem ekki er um annað að ræða til atvinnu en sjósókn og ekki hægt að stunda sjóinn nema kannske nokkurn hluta af árinu, þá hefur fólkið þar ekki efni á að kaupa landbúnaðarvörur. Og þó að fólk þar hefði aðstöðu til að taka upp framleiðslu á landbúnaðarafurðum, svo sem kartöflum og mjólk, þá mundu einmitt gegnum þessa bættu aðstöðu skapast möguleikar fyrir þetta fólk til þess að kaupa t. d. kjöt af bændum, þannig að það yrði ekki til þess að rýra möguleikana til þess, að þetta fólk keypti af bændum, heldur til þess að auka líkurnar til þess, að það gerði það.

Hv. 5. þm. Reykv. áleit það vanhugsað að stofna til þess að auka mjólkur- og kjötframleiðsluna í landinu, vegna þess að örðugt hefði löngum reynzt að fá markaði fyrir þessar vörur, innan lands og utan. Má vera, að þar hafi hv. þm. nokkuð til síns máls. En þó að markað hafi vantað fyrir þessar vörur, þá hefur það ekki verið fyrir það, að þörfin hafi ekki verið fyrir þær í landinu, heldur hefur markaðstregðan stafað af því, að fólkið hefur ekki haft efni á því að kaupa þessar vörur. Og þessi tilraun, sem hér er stefnt að að gera, er m. a. til þess, að fólkið við sjóinn fái aðstöðu til þess að afla sér þeirra sjálft, bæði með ræktun við kauptúnin og kaupstaðina og með því að setjast að í sveit. Og þó að nokkur vandkvæði hafi verið á því undanfarin ár að selja kjöt og mjólk, þá hljótum við að sjá, að ef alltaf bætist við fólkið í kaupstöðunum, en fækkar í sveitunum, þá kemur einhvern tíma að því, að landbúnaðurinn brauðfæðir ekki þjóðina. Og það er mjög mikið gáleysi að hugsa ekki fyrir þessum málum fyrr en svo er komið. Ég er sannfærður um það, að ekki er of snemma hafizt handa um þessi mál, hina auknu ræktun og tryggingu landbúnaðarins. Og þessir tímar, sem nú eru, eru þjóðinni alvarleg áminning um það að vanrækja ekki þann þátt í lífsbaráttunni, sem að því snýr að tryggja framleiðslu matvæla handa þjóðinni í landinu sjálfu, á hverju sem kann að ganga. Þess vegna eru þessir tímar, sem nú standa yfir, og áminning sú, sem við megum af þeim hafa, hin sterkustu rök á móti þeirri vantrú, sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv.

Steingrímur Steinþórsson: Mig langar til að segja örfá orð um þetta mál. Þar sem um stórt mál og nýmæli er að ræða, er ekkert undarlegt, þó að það sé töluvert rætt og mótmæli séu borin fram gegn vissum atriðum þessa frv. Þó að ég hafi að vísu staðið hér upp til að mæla með frv. eins og það liggur fyrir, mun ég vera fús til að ræða breytingar, sem fram kunna að koma í þessu sambandi. En það eru viss atriði í ræðu hv. 5. þm. Reykv., sem mig langar til að minnast lítillega á, þótt hv. þm. Mýr. hafi gert þau að umtalsefni í sinni ræðu. Ég skal taka það fram, að það er rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., að hér er raunverulega um tvenns konar mál að ræða, landnám í sveitum og landnám við sjó. Hv. þm. virtist vinsamlegur gagnvart smábýlabúskap við sjóinn, og ég skal taka fram, að það er ég líka. En frá mínu sjónarmiði ber jafnmikla nauðsyn til að hrinda þessum málum í framkvæmd, hvort sem um er að ræða landnám við sjó eða í sveitum. En auðvitað verða nýbýlin að byggjast á öðrum grundvelli og aðrar reglur

að gilda, eftir því hvor staðurinn er. Með nýbýlabyggingum við sjóinn er gert ráð fyrir, að landbúnaðurinn verði sem hjálparatvinna fyrir þá menn, sem stunda önnur störf, svo sem sjósókn o. fl. Ég hygg, að reynslan hafi sýnt, að þau þorp eru bezt stæð fjárhagslega, þar sem menn hafa getað ræktað landið og notfært sér afrakstur þess sem stuðning við aðalatvinnu sína. Með þessu frv. er ætlunin að koma skipulagi á þennan möguleika til betri afkomu fólksins, á þann hátt, sem reynslan hefur sýnt, að vel hafi heppnazt. Það hefur vakað fyrir framfærslumálanefnd, að fyrirkomulagið verði þannig, þar sem slík byggðahverfi væru reist við þorp, að húsin séu byggð hvert á sínum landskika, og myndist þannig dreifbýli, gagnstætt því, sem nú er í öllum okkar sjávarþorpum, að húsunum er klesst svo mikið saman, að menn verða að taka land til ræktunar alllangt frá. En það gerir þeim óþægilegra að stunda landbúnaðinn í hjáverkum sínum. Að reisa íbúðarhús svona dreift í þorpum hefur að vísu vissa erfiðleika í för með sér, vatnsleiðslur, vegir o. fl. verður dýrara að koma upp í fyrstu, t. d. þarf meiri girðingar og fleiri vatnsleiðslur. En allt eru þetta yfirstíganlegir örðugleikar, og nánari rannsóknir munu leiða í ljós, hvað bezt verður. — Ég mun nú ekki ræða þessa hlið málsins frekar.

Hvað snertir hitt atriðið, að taka land til ræktunar í stórum stíl upp til sveita, vil ég segja það, að ég tel tvímælalaust, að við eigum nægilegt land til þeirra hluta og þurfum því ekki að óttast skort á því sviði, þó að þess gætti í hugleiðingum hv. 5. þm. Reykv. um frv. Slíkt getur ef til vill haft við rök að styðjast með nokkra staði á landinu, séð frá vissum sjónarmiðum, en ef málið er tekið almennt, höfum við miklu meira landrými heldur en nú er fullnotað. Mikið af mýrardrögum og flóum er nú með öllu gagnslaust, nema sem beitiland fyrir vissan búpening nokkurn hluta ársins. Með því að þurrka þetta land upp breytist það með tímanum í harðvelli. Allir þekkja, hve mikil verðmæti eru fólgin í slíku landi.

Ég get tekið undir það með hv. 5. þm. Reykv., að ástæða sé til að rannsaka, hversu mikinn búpening sé óhætt að setja á landið, svo að landið verði ekki ofsetið og lendi í örtröð. Ég get gefið þær upplýsingar, að nú þegar eru grasafræðingar farnir að rannsaka, hvaða áhrif beit hefur á gróðurlandið í heild sinni og einstakar tegundir jurta, ef skepnum er beitt þar að staðaldri. En þessar rannsóknir munu taka langan tíma, enda er hér um stórt viðfangsefni að ræða. En ég álít það hina mestu fjarstæðu, að við höfum nú almennt svo mikinn búpening á beitilöndum okkar, að ógerlegt sé að fjölga búpeningi af þeim orsökum í framtíðinni. Væri harla óglæsileg framtíð sveitanna og landbúnaðarins, ef svo væri í raun og veru. Þegar fólkinu svo fjölgaði í landinu, umfram það, sem nú er, yrðum við að flytja inn þær landbúnaðarvörur, sem skilyrði eru þó góð til að framleiða í landinu, vegna ónógs landrýmis. Ef hugleiðingar hv. þm. væru réttar, þá hlyti að þessu að reka, en ég tel það mestu fjarstæðu, eins og áður hefur verið bent á.

Hvað snertir nýbýlamálin, hafa þau nýbýli, sem byggð hafa verið, gefizt nokkuð misjafnlega. Þó hafa aðeins orðið eigendaskipti á 4 eða 5 nýbýlum af þeim ca. 250, sem reist hafa verið síðustu 5 árin. Fleiri hafa ekki gefizt upp þessi fyrstu ár, sem unnið hefur verið eftir föstu plani að stofnun nýrra býla. Má þó búast við, að einhverjir fleiri bætist við, og þó einkum á þeim stöðum, sem einhver mistök hafa orðið um val á landi til nýbýlanna. En slíkt hefur því miður skeð í nokkrum tilfellum — og þá eingöngu vegna þess, að nýbýlastjórnin hefur ekki fengið að öllu leyti réttar upplýsingar. Á nokkrum stöðum eru nýbýlin reist á svo litlu landi, að ekki nægir til að framfleyta einni fjölskyldu. Mun það stafa af því, að erfitt er að fá land til nýbýla, þó að nægilega stórt landrými sé til. Bændur eru fastheldnir á þessu sviði, og virðast margir þeirra hafa sama hugsunarháttinn og hv. 5. þm. Reykv., að lönd þeirra séu nú þegar fullsetin. Ef þeir eru beðnir um að láta af hendi land til nýbýlamyndunar, tíma þeir sumir ekki að sjá af nema litlum skika, enda þótt þeir hafi fleiri hundruð ha. af arðlausu landi, en ræktunarhæfu, sem þeir aldrei nota.

Mörg nýbýlanna hafa reynzt ágætlega. Í einni sveit á Norðurlandi, þar sem ég þekki til, hafa mörg slík smábýli verið reist á undanförnum árum, og er óhætt að fullyrða, að menn lifa þar mjög sæmilegu lífi. Þeir hafa garðrækt jafnframt kvikfjárræktinni, og afkoma þeirra er góð, þrátt fyrir lítið landrými, enda hefur fólki fjölgað í þessari sveit, en ekki fækkað. Ég vil undirstrika það, sem hv. þm. Mýr. sagði um áhrif þéttbýlisins á fólkið, að það unir sér bezt þar, sem þéttbýlið er mest. Ég get tekið hér Mývatnssveitina sem dæmi. Þar hefur býlum fjölgað mjög ört og fólkinu fjölgað mjög, og nú búa sums staðar 3—4 fjölskyldur á sama bænum, þar sem áður var aðeins ein. Hefur fólkinu fjölgað um 100 manns á tiltölulega skömmum tíma í Mývatnssveit, en þar var heimkynni mitt í æsku. Verður ekki annað séð en fólk lifi þar góðu lífi og uni sér vel í þéttbýlinu, enda hafa risið þar upp mörg nýbýli undanfarin ár. Mætti nefna fleiri sveitir á landinu, þar sem fólkinu hefur fjölgað og ekki flutt burt, enda er það úr strjálbýlu sveitunum, sem fólkið flytur.

Ég er sammála hv. 5. þm. Reykv., að það væri stórkostlegt tjón fyrir íslenzka landbúnaðinn, ef allar okkar stóru jarðir yrðu bútaðar sundur í smábýli. Ég tel mjög heilbrigt, að til séu stór býli, þar sem hægt er að framleiða í stórum stíl og gera tilraunir með einstakar greinar landbúnaðarins. En eins og nú er, virðist fólkið flytja mest frá hinum stóru jörðum strjálbýlu sveitanna.

Þá komum við að því, sem er þungamiðjan í frv. og ætlað er til að ráða bót á þessu mikla böli, en það er að byggja nýbýlahverfi á ýmsum stöðum í landinu, þar sem aðstaðan er góð, þannig að það myndist þéttbýl hverfi, þar sem nokkuð af fólksfjölgun sveitanna gæti setzt að og lifað góðu lífi, í staðinn fyrir að flytja úr sveitunum. Í þessum hverfum þarf að vera fjölbreytt framleiðsla, svo að íbúarnir geti verið sem mest sjálfum sér nógir. Jafnframt kvik-

fjárræktinni gætu þeir haft garðrækt, alls konar smáiðnað, sem mundi ef til vill koma af sjálfu sér, þegar margt fólk byggi svo þétt saman. Það þyrfti þá ekki að vera upp á náðir kaupstaðanna komið, þó að það þyrfti að fá saumuð föt eða smíðuð húsgögn og amboð, eins og nú á sér víða stað í sveitum. Fólksfæðin er svo mikil, að bændur hafa ekki tíma til að smíða ýmsa hluti til heimilisnota, jafnvel þó að lagtækir menn séu. En þegar svo þéttbyggð hverfi rísa upp, skapast þar iðnaður fyrir allt umhverfið, og ég lít svo á, að í slíkum hverfum þurfi ekki að einskorða atvinnu manna við landbúnað, heldur geti þeir haft jafnframt tekjur af ýmsum öðrum greinum.

Ég tók fram áðan, að ég tel ekki mikinn mun á því, hvort heppilegra sé að reisa slík hverfi við sjó eða í sveitum. Báðar hliðar málsins eru jafnnauðsynlegar, og bezt er að framkvæma það á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. En vitanlega er hér um fjárfrekar framkvæmdir að ræða, sem mun jafnframt taka langan tíma, og fyrstu árin færu eingöngu í undirbúning.

Við verðum að hafa í huga, að þess er ekki langt að minnast, að við höfðum áhyggjur af, hvað ætti að gera fyrir fólkið, svo að það gæti lifað og hefði eitthvað að starfa. Nú hefur þetta breytzt svo fyrir óheppilega rás viðburðanna, að ekki er hægt að fá menn í vinnu, hvorki til sjós eða lands. Við vonum, að ástand það, sem nú ríkir, haldist ekki lengi, og þá mun sækja í sama horfið og áður var. Ég lít svo á, að þessi leið, sem farin er í frv., að reisa býli og ræsa fram landið, svo að það verði betra til einhverra nota, sé bæði sjálfsögð og nauðsynleg.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en er fús til að ræða breyt. á ýmsum smáatriðum frv.

*__Sigurður Kristjánsson__: Ég get ekki hjá því komizt, þegar ræða skal þetta mál til hlítar, að gera grein fyrir tveim atriðum hvað landnámið snertir. Í fyrsta lagi, hvaða áhrif og þýðingu það hefur fyrir fólk það, sem fyrir er í sveitunum, og í öðru lagi, hver afkoma hinna nýju landnema mundi verða, þegar þessi hverfi reyndust of lítil fyrir þá. Ég hef drepið á þetta í fyrri ræðu minni, og því hefur enn ekki verið svarað, en í staðinn fyrir að segja sitt álit um þessi atriði málsins, var hv. þm. Mýr. sífellt að tala um vonleysi mitt í sambandi við ræktun landsins. Okkur er vitanlega bezt að ala búpening okkar á fóðri af ræktuðu landi, í staðinn fyrir að gefa honum útheysreyting, sem bæði er mjög létt fóður og dýrt að afla þess. En ég tel, að fullyrðingar hv. þm. um vonleysi mitt á ræktun landsins séu ekki svaraverðar, enda kom ekkert fram í minni ræðu, sem bent gæti í þá átt, að ég hafi talið óæskilegt að rækta landið. Ég vil ekki ætla honum það, að hér hafi beinlínis verið um útúrsnúning að ræða, en það er harla kátlegt að svara í austur, þegar spurt er í vestur. Hv. þm. sagði, að landið væri svo að segja ónumið og það hlyti hver maður að sjá. En hann gerir sér ekki ljóst, að það að nema landið verður gert á tvennan hátt: með því að rækta landið og með því að hagnýta beitilandið sem bezt. Þegar ræktunin er komin á það stig, að hægt er að fóðra búpeninginn á heyi af ræktuðu landi, sem er í sjálfu sér mjög æskilegt, komum við að hinu spursmálinu, hversu mikinn búpening sé hægt að hafa á þessu landi. Þar, sem beitiland er lítið eða ekkert, verður fóðrið bæði meira og dýrara. Það sjáum við bezt í ýmsum þorpum, þar sem landið er svo takmarkað, að gefa verður kúm inni mestan hluta ársins. Auk þess er slíkt fyrirkomulag mjög gagnstætt eðli skepnunnar, sem þráir frjálsræðið og útiveruna. Á þessu vildi ég vekja athygli í minni fyrri ræðu.

Ég er sannfærður um, að það yrði til mikilla þyngsla fyrir fólkið, sem fyrir er í sveitunum, og fyrir sveitarfélögin í heild sinni, þegar menn flyttu í sveitirnar og settust að á nýbýlum sínum, sem reyndust of lítil til að standa undir búi þeirra. En þeir, sem fyrir eru, yrðu að berjast við greinilega örðugleika í sölu afurða. Þessu hefur hv. þm. Mýr. enn ekki svarað. Hann sagði, að markaðsörðugleikarnir stöfuðu af því, að varan væri of dýr fyrir fólkið, og þess vegna ætti að veita þeim mönnum tækifæri til að afla sér landbúnaðarvöru sjálfir, sem ekki hefðu efni á að kaupa hana. Mér finnst þetta vera alveg óviðunandi lausn á þessu máli, og það leiðir af sjálfu sér, að þeir menn, sem nú stunda framleiðslu á mjólk og kjöti, eru sviptir nokkrum hluta af sínum viðskiptamönnum.

Ég fékk enga viðunandi skýringu hjá hv. þm. Mýr. á því, hverjar líkur væru til þess, að menn, sem hafa illa getað bjargazt á góðri jörð með góðum ræktunarskilyrðum, gætu frekar bjargazt, ef þeir hefðu minna land. Ég er sannfærður um, að hann sjálfur mundi ekki telja það efnilega breyt. hjá sér, og er þó víst, að öðrum mundi verða smábúskapur enn örðugri. Reynslan um búskap sýnir, að ekki er hægt að lifa á jafnsmáum jarðarnytjum og ætlazt er til hér, nema því aðeins, að menn hafi annað við að styðjast, sjósókn, daglaunavinnu eða einhvers konar iðnað.

Hv. 2. þm. Skagf. talaði nokkur orð og skýrði málið að ýmsu leyti vel. Það er rétt, að það er ekki hægt að segja um það fyrirfram, hvernig þetta fari. En tilraunir geta orðið nokkuð dýrar, og hér er stofnað til of dýrra tilrauna. Í því sambandi verður mér á að hugleiða, hvort ekki mundi mega setja styrkar stoðir undir þann búskap, sem nú er rekinn, með slíku fjármagni. Er líklegt, að þetta frv. verði til meiri farsældar landsfólkinu heldur en ef það fjármagn, sem gert er ráð fyrir, yrði notað til að styrkja þann búskap, sem nú er rekinn í landinu.

Það var eftirtektarvert, sem hv. þm. sagði um það, hve sárir menn væru á að láta af hendi blett af jörðum sínum, og sárast væri þeim um að veita beitarhlunnindi. Ég skal í þessu sambandi aðeins benda á það, sem við minntumst á báðir, sem sé rannsóknir á áhrifum beitar á beitilönd. Ég veit, að það er verið að gera tilraunir um það, hvort beit hefur áhrif á það, hvernig landið blæs upp, og hversu mikil áhrif. Ágangur búfjár hefur valdið uppblæstri, og er ekki hægt að koma í veg fyrir það. Væri æskilegt, að þessar rannsóknir yrðu gerðar ýtarlega.

Hv. þm. benti á, að ég hefði sótt um lán og

styrki til nýbýla fyrir menn. Það er alveg rétt. Margir urðu til að sækja um þessa styrki, bæði þeir, sem ekki höfðu um annað að velja, og líka þeir nýjungagjörnu. Það er öllum vitanlegt, að það að fá styrki freistar manna til að leggja út í hitt og þetta, sem þeir mundu ekki annars hugsa um. Ég sá ekki ástæðu til að neita mönnum um að reka slík erindi fyrir þá. Þeir hefðu þá hvort eð var snúið sér annað. Ég skal jafnframt taka það fram, að ég hef aldrei haft trú á, að þessi smábýlabúskapur lánaðist, nema önnur skilyrði væru fyrir hendi en að lifa á ræktun tiltölulega lítils bletts. Það eru örfáar undantekningar frá þessu. Það eru til þeir afburðamenn, að ekki er hægt að setja þeim svo hörmuleg skilyrði, að þeir sigrist ekki á örðugleikum lífsbaráttunnar.

Það var rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., að það var atvinnuleysið undanfarin ár, sem olli því, að menn fóru að reyna að koma fleira fólki upp í sveit. Það var neyðarástand, sem má alls ekki teljast heilbrigt, sem olli því, að menn hafa gert þessar tilraunir. Ég vil taka undan þá staði, sem höfðu sérstök skilyrði að bjóða, t. d. jarðhita, eða þar sem að hálfu leyti var hægt að nytja sjóinn.

Ég hef þetta ekki lengra, en vil leggja áherzlu á, að að mínu áliti er smábýlabúskapur skynsamlegur, ef hægt er að hafa mörg járn í eldinum, en það þarf að athuga málið gaumgæfilega áður en ríkið fer að freista manna með styrkjum til að hefja vonlausan búskap í sveitum landsins og vera þeim til örðugleika, sem fyrir eru.

*__Gísli Guðmundsson__: Umræður um þetta mál hafa verið meira á þann veg, eins og um 1. umr. væri að ræða, en það er kannske ekki óeðlilegt, þar sem málið hefur farið svo fljótt áfram.

Það er eitt atriði í 3. gr., sem ég vil minnast á og skjóta til landbn. að athuga. Í þessari gr. er gert ráð fyrir, að ríkið styrki tvenns konar framleiðslu, fyrst landnám við sjó og í öðru lagi landnám í sveitum. Þetta er nokkuð ónákvæmt orðalag og nær ekki því, sem vakað hefur fyrir höfundum frv., að því er mér virðist. Ég hygg, að annars vegar sé um að ræða landnám í sveitum og hins vegar aukna ræktun lands við sjávarþorp, en að ekki sé meiningin, að það heyri ekki undir landnám í sveitum, þó að svo hagi til, að nýbýli verði reist við sjó. Fjöldi af jörðum þessa lands liggur að sjó, og má ekki loka fyrir það, að nýbýli á slíkum stöðum geti notið hlunninda samkv. b-lið 3. gr. Þess vegna þarf að athuga, hvort eigi verður að breyta orðalaginu „við sjó“ og taka skýrar fram, að átt sé við landnám við sjávarþorp eða þess háttar. Þetta mætti athuga fyrir 3. umr.

*__Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)__: Ég skal ekki karpa við hv. 5. þm. Reykv., en ég verð að hrella hann með því, að það kom fram í ræðu hans alveg óskiljanleg vantrú á ræktuninni. Það er eins og honum sýnist öllu borgið, ef nóg landrými fylgir jörð, en smábýlabúskapinn, sem er aðallega byggður á ræktun, kallaði hann „kollubúskap“ og álítur, að hann verði til niðurdreps. Ég vil samt segja hv. þm., að eins og búskapurinn er orðinn, er meira undir því komið að hafa landið ræktað, þó að lítið land sé, en hin stóru óræktuðu landrými. Og 10 ha. ræktaðir eru ekkert smábýli. Við vitum það allir, að það er á túninu, sem bændurnir lifa, en ekki á óræktaða landinu.

Ég vil nefna eitt lítið dæmi, um kot, sem var byggt fyrir mannsaldri úr annarri jörð, sem á bjó einn bóndi, en nú hefur þessu verið skipt í 3 smábýli, þar sem bóndinn, sonur hans og tengdasonur búa betra búi en einn bóndi áður með sama beitilandi.

Hv. þm. vildi segja, að ekki yrði það til að létta lífsbaráttuna til sveita, að þannig yrði flutt fólk í sveitirnar. Þetta er misskilningur. Það, sem aðallega vakir fyrir okkur flm., er að hjálpa þeim, sem hafa alizt upp við sveitabúskap og eru vel til hans fallnir, til að geta haldið því starfi áfram, og ég er sannfærður um, að það verður til að styrkja lífsafkomu þeirra, að bændum sé fjölgað, því að hvert stráið styður annað.

Um það, að með þessu frv. séu bændur sviptir markaði, vil ég endurtaka það, að fjöldinn af þeim mönnum, sem mundu fá land til ræktunar, eru ekki kaupendur afurða frá bændum, af því að þeir hafa ekki efni á því.

Ég hygg, að aths. hv. þm. N.-Þ. um orðalag í 3. gr. frv. sé alveg rétt. „Landnám í sveitum“ getur átt við líka í sveitum, sem liggja að sjó. Það er sjálfsagt, að landbn. athugi þetta fyrir 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, FJ, GG, GSv, HG, HelgJ, PO, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, BJ, BÁ, BrB, EOl,[1]) JörB.

nei: SEH.

SK greiddi ekki atkv.

15 þm. (EystJ, GÞ, HV, ÍslH, JakM, JGM, JÍv, JPálm, ÓTh, PHann, StSt, TT, ÞBr, ÁÁ, EE) fjarstaddir.

2.—9. gr. samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GG, GSv, HG, HelgJ, PO, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, BJ, BÁ, BrB, EOl, EmJ, JörB.

nei: SEH.

15 þm. (EystJ, GÞ, HV, ÍslH, JakM, JGM, JÍv, JPálm, ÓTh, PHann, StSt, TT, ÞBr, ÁÁ, EE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 37., 45., 46., 48. og 50. fundi í Nd., 17., 26., 28., 30. apríl og 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 133, 231, 252, 322).

*__Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)__: Landbn. hefur borið fram á þskj. 252 nokkrar brtt. við þetta

1) **EOl**: Þó að ég sé ekki samþykkur síðari hluta 1. gr., segi ég já.

frv. — 1. brtt. er við 1. gr. Hún er nánast formsbreyt., til þess að færa gr. til betra máls. Sama er að segja um 2. brtt., við 3. gr. Það kom fram aths. við 2. umr. frá þm. N.—Þ. út af ákvæðum 3. gr. um landnám í sveit og við sjó, hvort þetta orðalag bæri að skoða alveg bókstaflega, en það gæti valdið misskilningi. N. þótti því rétt að breyta orðalaginu „í sveit og við sjó“ í „við þorp og kaupstaði í sveitum“.

Brtt. við 4. gr. felur í sér þá efnisbreyt. aðallega, að gert er ráð fyrir því samkv. brtt., að þegar lokið er framkvæmdum samkv. 3. gr. og fasteignamat hefur farið fram, skal gefa ábúanda kost á að kaupa býlið við fasteignamatsverði.

4. og 5. brtt. eru aðeins afleiðingar af öðrum brtt.

Þá liggja hér fyrir 2 brtt. á þskj. 322, frá 4. landsk. þm. og 4. (vara)þm. Reykv. Sú fyrri er um að hækka framlagið, sem til er tekið í frv., upp í 500 þús. kr., en sú síðari um, að niður falli heimild til að verja í sama skyni hluta af fjárhæð, sem veitt kann að verða í fjárl. til framleiðslubóta. N. getur ekki fallizt á þessar brtt. Aftur á móti hefur n. orðið ásátt um að mæla með brtt. hv. 8. landsk. þm., á þskj. 231.

Ísleifur Högnason: Ástæðan til þess, að við flytjum brtt. á þskj. 322, er sú, að við álítum ekki rétt að gefa ríkisstj. undir fótinn með að taka atvinnubótafé og verja því eins og lagt er til í frv. Þó að ekki þurfi að grípa til þessa fjár nú, álítum við ekki rétt að hafa heimild í l. til að taka þetta fé.

Ég sé í brtt. landbn. við sitt eigið frv., að þær þrengja ákvæði frv. um það, hvar megi verja þessu fé. Í staðinn fyrir „við sjó og í sveitum“ vill n. setja „við þorp og kaupstaði í sveitum“. Ég hef nú ekki aðgætt, hvað mörg þorp geta heitið sveitaþorp, og mér skilst, að þorp megi ekki standa við sjó til að verða þessara gæða aðnjótandi. Ef ekki má verja fénu til sjávar og sveita, skil ég ekki meiningu hv. n.

Til þess að bæta upp það, sem tapast við að fella atvinnubótafé úr þessu frv., leggjum við til, að framlag ríkissjóðs hækki úr 250 þús. og verði 500 þús. kr., enda væri það ólíkt betri og tryggari tekjustofn en hitt. Það yrði óvisst og erfitt að gera fastar áætlanir eftir atvinnubótafénu.

Ég er andvígur öllum brtt. landbn. við frv., og þær binda allar hver aðra. Enn fremur er ég andvígur till. hv. 8. landsk. Eftir þeim er hæpið, að frv. nái nokkru sinni tilgangi sínum.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vildi geta þess, að mér hafði sézt yfir það, að í brtt. landbn. á þskj. 252 er smáprentvilla. Stendur þar í 1. línu 1. brtt.: „við þorp og kaupstaði í sveitum“, en á að vera: við þorp og kaupstaði og í sveitum. — Orðið „og“ hefur þarna fallið niður, og vil ég biðja hæstv. forseta að láta leiðrétta þetta í prentun.

***Eiríkur Einarsson:** Brtt. sú, er ég hef borið fram á þskj. 231, þarf ekki langrar umsagnar, því að hún skýrir sig að mestu sjálf. Ég bar fram till. með hliðsjón til þess, að ég tel það rétta stefnu, að þegar um er að ræða stofnun smábýla, þá eigi hlutaðeigandi sveitarfélag rétt til að hafa hlutdeild um það, hverjir bætast inn í hinn þrönga hring sveitarfélagsins, því að næst á eftir hagsmunum heimilisins séu hagsmunir sveitarfélagsins hinir næmustu og mestu, þegar um slíkt er að ræða. Ég tel víst, ef þetta frv. verður að l. — og við skulum vænta, að það eigi með framþróun að verða meira en lagasetningin ein, — að þá megi gera ráð fyrir, að nokkurt rót komist á í ýmsum sveitarfélögum á þennan hátt. Ég tel því ekkert náttúrlegra en að sveitarstj. megi hafa hönd í bagga um þetta, eftir því sem hentugast yrði að teljast fyrir sveitarfélögin, um það að ákveða, að það land verði tekið til ræktunar, sem hentugast þykir. Sveitarfélögin eiga mikilla hagsmuna að gæta að því er það snertir, að sem bezt sé samræmt það, að það land verði tekið til ræktunar, sem hentugt þykir, og að ekki verði meir en nauðsynlegt er gengið á rétt þeirra býla, sem fyrir eru. Hér er ekki verið að heimta, að sveitarstj. fái einræðisvald, en till. mínar lúta að því, að sveitarstj. eigi sinn þýðingarmikla íhlutunarréða meðráðarétt í þessu efni. Og ég sé ekki betur en þetta sé viðurkennt í grundvallaratriðum í ísl. lagasetningu, þar sem er það ákvæði ábúðarl., að sá, sem setið hefur á jörð, á forkaupsrétt til hennar, en hreppurinn, ef hann gengur frá. Þetta er ekki af handahófi þar sett, heldur af sömu ástæðum og þeim, er komu mér til að bera fram brtt. mínar.

Ég geri ráð fyrir því í brtt. mínum, að skjóta megi málum áfram til Búnaðarfélags Íslands, en síðan til landbrh. Ætti með þessu að vera tryggt, að ekki þurfi að koma til verulegs ágreinings.

Þá er síðari liður brtt. minna. Við skulum gera ráð fyrir því, að samkv. stefnu þeirri, sem uppi er og réttmæt telst, verði að koma einhverju fólki úr kaupstöðum í sveit, til þess að sporna við þeim óheppilegu hlutföllum, sem valdið hafa fólksfæð í sveitum, en offjölgun í kaupstöðum. Þá kemur það til, að ég tel búendur í sveitum varnarlausa, ef þeim er ekki ákveðinn nokkur réttur um það að ákveða, hverjir þyrpast inn fyrir vébönd sveitarfélagsins. Ég áleit, að ekki væri neina eðlilegt, að stj. þessara framkvæmda, nýbýlastj., hefði þetta með höndum, en hreppsn. væri þó þar með í samráði. Og ég sé ekkert á móti því, ef svo ólíklega færi, að þar yrði ekki samkomulag, milli sveitarstj. og landb.ráðuneytis, að þá skæri vilji hreppsn. úr, eins og lagt er til í brtt. Er nokkur trygging í því, ef til ágreinings kemur, að hreppsn. hafi úrskurðarvald, því að enginn aðili hefur næmari þekkingu á þörfum sveitarfélagsins en hún.

Ég hirði svo ekki að lengja fund með því að tefja umr. um þetta mál, en tek það fram, að ég er þakklátur hv. landbn. Nd. fyrir skilning þann, er hún hefur sýnt því.

ATKVGR.

Brtt. 252,1 samþ. með 16:1 atkv.
— 322,a felld með 16:1 atkv.
— 322,b felld með 13:4 atkv.

Brtt. 252,2 samþ. með 17 shlj. atkv,
— 252,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 252,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 252,5 samþ. án atkvgr.
— 231 samþ. með 13:4 atkv.

Frv. svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 398).

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 398, n. 457).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta mál, sem hér liggur fyrir og komið er inn í þessa deild frá hv. Nd., er flutt inn í þá deild af landbn., en málið er annars undirbúið af þeim Jens Hólmgeirssyni, Sig. Á. Björnssyni og Kjartani Ólafssyni, sem hafa haft þetta mál til meðferðar, samið þetta frv. og sent það búnaðarþinginu, er breytti því nokkuð og síðan mælti með því, að frv. yrði samþ. og sent Alþingi til samþykktar.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að árlega sé varið nokkru fé til þess að undirbúa land í sveitum undir nýbýli. Það er miðað við, að þessi nýbýli myndist í hverfum, annaðhvort við sjó eða í sveitum, og sé þá einnig byggt á landbúnaði, og er þá eðlilega ætlazt til þess, að landið, sem býlin fá, sé misstórt. Það er gert ráð fyrir því, að ríkið sjái um ræktun landsins, og það þá fyrst og fremst á landi, sem ríkið á, og býlin séu svo afhent meira eða minna fullunnin til þeirra, sem við þeim taka, og stundum alveg fullunnin. Einnig er ætlazt til þess, að einstakir menn, sem óska að leggja fé í þetta með sinni eigin vinnu, geti komið til greina og á þann hátt tryggt sér rétt til býlisins, þegar það er fullgert.

Eftir að hafa athugað þetta frv. í landbn., að einum nm. fjarstöddum, urðum við sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ., en ég legg nú til, að á því verði gerð ein lítil breyting.

Í frv. er ætlazt til þess, að þessi framkvæmd sé árlega, en það er vel hægt að hugsa sér, að aðstaðan sé þannig, að ekki sé rétt, eins og sakir standa, að taka í eitt eða tvö ár vinnukraft til þess að undirbúa þessi býli. Þess vegna er breyt. mín í því fólgin að færa 1. gr. frv. í heimildarform, þannig að í staðinn fyrir „Ríkisstjórnin skal láta framkvæma. ....“, komi: Ríkisstjórninni er heimilt að láta framkvæma o. s. frv. ... — Breytingin er eingöngu innifalin í því, að ríkisstj. er ekki skylt að láta gera þetta, þegar ekki þykir rétt að taka fólk í þá undirbúningsvinnu, sem óhjákvæmileg er til þessara framkvæmda.

Ég geri ráð fyrir því, að n. geti orðið sammála um þessa breyt. og um það, að þetta er mikið og þarft mál, því satt að segja, getur okkar þjóðfélag ekki búið við það lengur, að sú fólksfjölgun, sem verður í sveitunum, geti ekki vegna staðhátta þar myndað sér framtíðarheimili, heldur þurfi að fara í bæina til þess.

Ég lít svo á, að með þessu sé að vísu ekki leystur nema einn liður af mörgum fleirum, sem þarf að leysa til þess að því takmarki sé náð, að fólksfjölgunin í sveitum geti búsett sig þar og stundað þar framleiðsluvinnu. En þetta frumv. er einn liður til þess að ná þessu marki, en náttúrlega liggur grundvöllurinn að því annars staðar. Nú er allt land einstakra manna eign og leigt til margra ára, og menn hafa ekki aðgang að því, þó þeir vilji, þess vegna geta ekki komið upp nýbýli nema með lagalegri aðstoð þess opinbera, og þá helzt með því að heimila, að land undir nýbýli sé tekið eignarnámi hvenær sem einhver vill stofna það. En það er mál út af fyrir sig, sem ekki þarf að ræða í þessu sambandi.

ATKVGR.

Brtt. 457 samþ. með 9:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 483, 505).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Við nánari athugun á frv. komst n. að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að flytja við það eina brtt. Er hún á þskj. 505, við 9. gr. Eins og 9. gr. var orðuð frá Nd., endaði gr. á því, að ef hreppsnefnd og nýbýlastjórn gætu ekki komið sér saman um ábúanda á þeim jörðum, sem frv. fjallar um, þá væri óheimilt að byggja jörðina þeim manni, sem hreppsnefnd gæti ekki fallizt á. Nú eru þess dæmi, — alkunnast er það, svo að ég noti dæmi, sem víst er, að engan særir —, að í Skagafirði var um nokkurra áratuga skeið maður, sem þrisvar sinnum var búið að dæma fyrir þjófnað og enginn hreppur hefur viljað fá. Það geta oft verið gildar ástæður fyrir hreppsnefnd að vilja ekki mann í sveitina, en stundum geta það líka verið tylliástæður, sem ekki sé rétt að taka tillit til. N. vill því ekki láta liggja svona ótvírætt í valdi hreppsnefnda að geta bægt mönnum frá, kannske mönnum, sem eftir frv. eru búnir að vinna sig inn á býlið, og þótti því réttara, ef ágreiningur yrði um þetta, þá mætti skjóta honum til stjórnarinnar.

Þetta er eiginlega eina brtt. n., en til þess að fyrirbyggja, að hægt sé að skilja það svo, að með þessu geti hreppsnefnd líka sett stein í götu þeirra, sem ætla að byggja á þeim smá-

býlum, sem upp rísa eftir 3. gr. í nánd við bæi og ekki eru nema 2 ha., kom til tals í n., hvort þyrfti að orða það greinilegar, en með tilliti til ábúðarl., er ákveða, hvað stórar jarðir þurfi að vera til þess að kallast jarðir, töldum við, að þessi ákvæði 9. gr. nái ekki til þeirra smábýla, sem ætlað er að rísa upp eftir 3. gr. frv. og eru ekki nema 2 ha. og eingöngu eru ætluð til stuðnings þeim, sem stýðjast við aðra atvinnu. Við lítum svo á, að þessi ákvæði gildi eingöngu um þau býli, sem eru það stór, að þau kallist jarðir.

Aðrar breyt. hefur n. ekki séð ástæðu til að gera við frv. og leggur til, að það verði samþ. með þeirri einu breyt., sem till. er um á þskj. 505.

ATKVGR.
Brtt. 505 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 61. fundi í Nd., 16. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 530).

Á 62. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 571).

---

65. Lax- og silungsveiði.

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (þmfrv., A. 169).

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Pálmi Hannesson: Herra forseti! Eins og segir í grg. fyrir þessu frumvarpskorni, þá hefur komið í ljós við framkvæmd l. um lax- og silungsveiði, að það eru nokkrir örðugleikar á stofnun veiðifélaga samkv. fyrirmælum l. Víða hagar svo til, að starfandi eru fiskiræktarfélög, sem hafa viljað taka upp félagsveiði. Þetta er að vísu heimilt eftir ákvæðum l., en ákvæðin þykja ekki nógu skýr og hafa orðið dómstólamál af, eins og mönum er kunnugt. Þess vegna hefur verið óskað eftir því úr ýmsum héruðum, að breyt. á þessum ákvæðum yrðu gerðar, og er þær breyt. að finna í 1. og 2. gr. frv.

Víða hagar þannig til, að á vissum veiðisvæðum sé mjög mikil silungsveiði, en ekki mikil laxveiði, og þess eru dæmi, að það svæði, sem l. kalla fiskihverfi lax, falli ekki saman við fiskihverfi silungs. Af þessum ástæðum hefur orðið örðugt að stofna sameiginleg fiskiræktar- og veiðifélög fyrir laxveiði og silungsveiði á sama svæði. Nú er miklu auðveldara að hafa veiðifélög og félagsveiði um laxveiði aðeins heldur en lax- og silungsveiði samhliða. 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, að hið síðarnefnda sé hægt, en þó þannig, að ákvæði komi í l. um að hægt sé að fyrirbyggja það, að með silungsveiði sé hægt að hindra félagsveiði um lax.

Í 2. gr. er tekið fram nokkuð fleira um þetta, og tel ég ekki ástæðu til að rekja það við þessa umr.

Þá hefur líka þótt rétt að taka í frv. ákvæði um að fella niður bráðabirgðaákvæði, sem fylgt hafa þessum l. frá 1932 og fela í sér, að l. hafa ekki verið framkvæmd nema að nokkru leyti. Búnaðarþing, sem haldið var í vetur, hefur samþ. áskorun um það, að þessi bráðabirgðaákvæði væru niður felld. Og okkur flm. frv. hefur þótt ástæða til, í samráði við búnaðarmálastjóra, að taka upp í 3. gr. ákvæðin um brottfall þessara bráðabirgðaákvæða.

Að öðru leyti sé ég svo ekki ástæðu til að rekja þetta mál. Ég býst við, að hv. þdm. muni vera það ljóst, eins og ákvæði frv. liggja fyrir. Og ég vil leyfa mér að óska þess, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. landbn., þar sem sú n. hefur haft til meðferðar öll slík mál sem þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 169, n. 241).

Frsm. (Jón Pálmason): Þetta frv. fer fram á frekar lítilfjörlegar breyt. á l. um lax- og silungsveiði. Aðaltilgangur þess er að gera skýrari ákvæðin um stofnun og starfssvið veiðifélaga. Landbn. hefur fallizt á að mæla með frv. með þeirri breyt., að heimilt sé að ákveða fleiri veiðiaðferðir og veiðitæki en verða mundi að 1. gr. frv. óbreyttri, og n. vill ekki heldur fallast á, að banna megi með öllu silungsveiði í ám, sem félagið nær til. Brtt. n. í þessa átt er á þskj. 241.

Það er nauðsyn, að lög um þessi efni séu glögg og ótvíræð. Ég vænti þess, að hv. þd. fallist á frv. ásamt brtt. og láti það ganga fram.

Pálmi Hannesson: Ég vil aðeins lýsa yfir því fyrir mína hönd og hv. meðflm. míns, að brtt. n. er flutt í samráði við okkur og við óskum þess, að frv. nái fram að ganga með þeirri breyt.

ATKVGR.
Brtt. 241 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað í 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 46. og 50. fundi í Nd., 28. apríl og 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 269).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 269, n. 443).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það lá hér fyrir landbn. hv. Ed. frv., sem búið var að ganga í gegnum hv. Nd., og var það í fjórum gr. og gerði ekki miklar breyt. á laxveiðal. En þó er sú meginbreyt. í þessu frv., sem lá fyrir, að 95. gr. l. frá 1932 um lax- og silungsveiði var felld niður, sem var bráðabirgðaákvæði um frestun á skipun þeirrar stjórnar, sem gert var ráð fyrir í 11. kafla þeirra l. Einnig er ákvæði um það í sömu gr. frv., að nú komi til framkvæmda lítils háttar styrkveiting til fiskiræktar til þess að gera ár fiskgengar og styrkja laxaseyðakaup. Heimildin var í 12. kafla. l. frá 1932, en var með bráðabirgðaákvæði þessarar 95. gr. frestað að sinni. En samkvæmt frv. þessu, sem hér liggur fyrir, verður þessari frestun lokið.

2. gr. frv. er um það, hvernig megi haga sér um heimild til félagsveiði á silungi á félagssvæðum og eins heimild fyrir fiskiræktarfélög til þess að stofna veiðifélög.

Þá höfum við nm. orðið sammála um að taka, eftir till. veiðimálastj. og hæstv. landbrh., til greina hér nokkur nýmæli, sem frv. hefur í sér fólgin, sem flest eru aðeins til þess að gera skýrari og nákvæmari ákvæði núgildandi l. En í einstaka tilfellum breyta þau nokkru.

Fyrsta breyt. er um það, þegar menn eiga óskipt veiðivötn saman. Þá var það þannig áður, ef menn heimtuðu mat, þá mátti heimta mat aftur að einu ári liðnu. En réttara þótti að láta matið gilda til 5 ára, og er það sama tímalengd og arðskrár gilda.

2. brtt. er um sjávarveiði á laxi, og sé það komið undir hlutaðeigandi ráðherra og veiðimálastjóra, hverjar veiðiaðferðir skuli nota. Sumar veiðiaðferðir í sjó hafa verið taldar skaðlegar fyrir göngu laxins upp í árnar, og þótti n. óeðlilegt að taka veiðivonina af þeim, sem við árnar búa, og færa hana meir til hafsins, því að „guðsgjöf skal ganga, ef gengi vill hafa, jafnt til fjalls sem til fjöru".

Í gildandi l. er ákvæði, sem heimilar netaveiði á silungi frá 1. apríl til 1. sept. Okkur þótti rétt að láta það sama gilda um stangarveiði, og um það er 3. brtt.

4. brtt. er um nýja gr., er skuli bætast inn í frv., að aðeins skuli leyfa sérstaka veiðiaðferð við stangarveiði. Það hefur ekki áður verið eins rækilega bannað og þessi gr. gerir að nota krók og þríálma öngul til að húkka með fiskinn, sem er meira komið undir óprúttni veiðimannsins heldur en lagni hans við veiðiskapinn, og getur það eyðilagt veiðina að meira og minna leyti, ef stangarveiði er framkvæmd á þann hátt. Er um að gera að láta ekki fiskinn ganga til þurrðar, en með slíkum aðferðum er hætt við því, jafnvel þó að klak sé sett í árnar. Hvernig fara skal, þegar menn eiga land að ánum sínn hvorum megin, hvar þeir skuli standa við veiðiskapinn og hvar þeir megi draga fisk að landi, mun ekki hafa verið ákveðið áður í l. Í þriðja lagi er hér ákvæði, sem heimilar ráðh., með samþ. veiðimálastjóra, að taka fram fyrir hendur manna, ef honum þykir of margar stangir í senn í sama veiðivatni, svo að liggi við fiskþurrð, og má hann ákveða tölu stanganna og einnig veiðitíma þeirra. Hefur komið fyrir, að eigendur ánna hafa hugsað meira um augnabliks arð og leigt fleiri veiðistengur heldur en telja má hollt fyrir áframhaldandi veiði í viðkomandi á. Þá er ákvæði um, hvernig fara skuli, ef ágreiningur rís um skiptingu veiðitíma eða um leigu eftir veiði. Þá hafa ekki þótt nógu skýr ákvæði um það, hvernig fara skuli um takmörk fiskihverfis, kvísla, ála og þess háttar og hvar aðalstraumlínan sé í ánum samkvæmt því, svo og hverjir skuli skera úr, ef ágreiningur rís um þessi atriði. Hefur það áður verið þannig, að sýslumaður tilnefnir bæði yfir- og undirmatsmenn, en samkvæmt þessari till. skal hann aðeins skipa menn í undirmatið. Í yfirmati skulu þrír menn eiga sæti, sem skipaðir eru af ráðh., og skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, en annar af veiðimálanefnd.

3. brtt. er um það, að jafnvel þó að menn eigi veiðirétt í ánum, skuli þeir þegar fallnir í sekt, ef þeir eru við veiðistaðinn með ólögleg veiðarfæri, nema þeir sanni, að þeir hafi flutt þau þangað í lögmætum tilgangi. Reynslan hefur verið sú, að þó að menn hafi sézt með net sín við ár, sem hafa verið leigðar út fyrir stangarveiði, hafa þeir sloppið við sektir, þar sem brotið var ekki talið framið fyrr en þessi veiðitæki væru komin í vatnið. Okkur nm. fannst þetta ekki nægilegt, þegar þannig stendur á, og viljum telja brotið fullframið, þegar hin ólöglegu veiðarfæri eru komin á veiðistaðinn, en ekki sé beðið eftir því, að t. d. hyljir séu eyðilagðir með sprengiefni eða veiðimöguleikar skemmdir á annan hátt.

Þetta er nú meginundirstaða þessara brtt. n., og eru þær mest skýringar og leiðréttingar á eldri l., sem nú gilda um þetta efni.

ATKVGR.

Brtt. 443,1 (4 nýjar gr. á undan 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 443,2 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 443,3 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

3.—4. gr. (verða 9.—10. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 468, 488).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er ekki margt að segja um þetta frv. á þessu stigi. Það hafa ekki komið fram brtt. frá einstökum þdm. En landbn. þótti rétt að auka því ákvæði við, að breyt., sem gerðar hafa verið á laxveiðil. nr. 61 frá 23. júní 1932 og eru orðnar 5 og verða 6 með þessu frv., ef að l. verður, skuli felldar inn í meginmál l. og þau síðan prentuð í heild. Það getur tafið að leita í stjórnartíðindum á 6 eða 7 stöðum. Hagræðið fyrir allan almenning af þessari smábreyt. er svo mikið og hún svo sjálfsögð, að ekki ætti að þurfa að mæla með henni fleiri orðum.

ATKVGR.

Brtt. 488 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 60. fundi í Nd., 15. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 510).

Á 62. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 510, 528).

***Bjarni Ásgeirsson:** Ég á hér brtt. við þetta mál ásamt hv. þm. Borgf. Mér hefði þótt betra, ef hægt hefði verið að fresta þessu máli, þar sem annar tillögumaðurinn er fjarverandi. — Þessi brtt. er um það, að 2. gr. falli burt. En 2. gr. er um það, að setja skuli, eftir till. veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálan., reglur um þau veiðitæki, sem nota má við laxveiði.

Mér finnst, að nokkuð oft hafi verið vegið hér í sama knérunn og oft sé búið að þrengja rétt þeirra manna, sem möguleika hafa til þess að veiða lax í sjó, og gengið svo langt, að þar er jafnvel farið feti lengra en stjskr. leyfir. Mér virðist, að svo megi halda á meðferð þeirra mála, sem í 2. gr. greinir, að hægt sé bókstaflega að eyðileggja alveg laxveiði í sjó, ef hún verður samþ., og taka með annarri hendinni það, sem gefið var með hinni, til þess að leyfa laxveiði í sjó, því það er ekki hægt að koma við nema sérstökum veiðiaðferðum við slíka veiði. Og ef ráðh., eftir tillögu veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálan., þóknast að setja þær reglur um þessa veiði, sem banna þá aðferð, sem ein dugir, þá er eyðilagður sá réttur manna til veiði í sjó, sem á þeim jörðum búa, er haft hafa aðstöðu til slíkrar veiði. Mér virðist, að svo sé búið að þrengja kosti þessara manna, að hæpið sé að gefa heimild til þess að taka þessa veiði og hlunnindi alveg af þeim, en það er í lófa lagið, ef þessi breyt. er samþ. Ég legg því á móti því, að þessi heimild verði samþ., og mæli með því, að brtt. mín og hv. þm. Borgf. á þskj. 528 verði samþ. Annars vil ég endurtaka þá ósk mína, að þessu máli verði frestað, þangað til hv. þm. Borgf. getur komið og greitt atkv. með sinni tillögu.

***Pálmi Hannesson:** Hv. þdm. kann að virðast, að næsta mikil breyt. hafi orðið á þessu frv. frá því það var sent úr þessari hv. d., en tildrögin eru í stuttu máli þessi. Við hv. fyrri þm. Árn. komum okkur saman um að flytja 2 breyt. um þann kafla, sem fjallar um veiðifélög. Þegar málið var komið fyrir þessa hv. d., kom hæstv. forsrh. að máli við mig og óskaði þess, að ég tæki l. til athugunar og gerði þær breyt. á l. í heild, sem mér virtust æskilegar. Þetta gerði ég svo og bar breyt. undir hv. meðflm. minn og hæstv. ráðh. Síðan lagði ég þær fyrir hv. landbn., en þá var hv. þm. Mýr. veikur, og dvaldist því fyrir n. að taka þessar till. til meðferðar. Þess vegna þótti hæstv. forseta rétt að láta málið fara úr þessari hv. d. Síðan bar hæstv. ráðh. till. fram fyrir landbn. Ed., og þar voru þær samþykktar. Eftir að málið kemur frá hv. Ed., sé ég, að tveir hv. þm. þessarar hv. d. bera fram brtt. um einn lið till., og í því sambandi þykir mér rétt að reifa örlítið þetta mál.

Frv. til laga um lax- og silungsveiði var samið á árunum 1930 og 1931, og þá var meðal annars talað um, að banna ætti sjávarveiði með öllu. Málið var rannsakað, og kom þá í ljós, að sjávarveiði hefur verið stunduð á örfáum stöðum í landinu. N., sem undirbjó lögin, kom því saman um, að ekki væri ástæða til að taka af þessa veiði, en miða hana við jarðamat frá 1922. Þegar svo lögin voru samþ., þá hafði nýtt jarðamat verið gert, og þá voru allmargir veiðieigendur í sjó, sem af einhverjum ástæðum höfðu ekki talið slíka veiði fram áður. Að þetta skyldi tekið inn og samþ. á Alþingi, en ekki miðað við sama jarðamat, sem undirbúningsn. hafði gert, það gerbreytti jarðamatinu frá 1932. Ef undirbúningsn. hefði haft grun um þetta, þá mundi hún aldrei hafa farið þessa leið. Nú segir í 13. gr. 1. mgr. þessara laga, með leyfi hæstv. forseta: „Eigi má veiða lax í sjó". Það er sú almenna regla. Svo föst og ákveðin eru fyrirmæli laganna um, að enginn megi veiða lax í sjó. Í 3. málsgrein kemur svo þessi linkind fram: „Nú hefur laxveiði í sjó annaðhvort verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi á árinu 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og skal þá sú veiði leyfileg framvegis". Ég bið hv. þdm. að taka eftir „sú veiði". Í næstu grein á eftir segir svo: „Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur net, þau er lax má í veiða". Þarna kemur aftur fram, skýrt og ákveðið, að ekki sé heimilt að nota nein veiðitæki í sjó, sem lax megi veiða í. Síðan l. tóku gildi, hefur risið upp ágreiningur á milli manna, sem töldu fram samkv. jarðamatinu frá 1932, um það, hvernig eigi að skilja orðin „sú veiði". Þessir menn hafa talið sér heimilt að nota til þessarar veiði fleygnætur og önnur veiðitæki, sem bönnuð eru til silungsveiði. Þetta hefur orðið úrskurðaratriði dómstólanna, sem alltaf hefur fallið þannig, að

þessi nótaveiði hefur verið bönnuð. Ýmsir veiðieigendur, sem áður hafa lagt í kostnað við að fá sér þessi veiðitæki, hafa svo setið eftir með þessar nætur, þegar bannið var komið. Þess vegna hefur ekki aðeins þótt eðlilegt, heldur sjálfsagt, að setja ákvæði um það, að ráðh. geti sett fyrirmæli um, hvernig veiða megi lax eftir þessari lagagrein. Ég vil segja kannske fyrst og fremst til þess að tryggja hagsmuni þessara manna, svo að þeir leggi ekki út í að kaupa dýr veiðitæki, sem af þeim verða tekin samkvæmt l. Með skilgreiningu á orðunum „sú veiði" hafa dómstólarnir litið svo á, að með þessu sé átt við sams konar veiðitæki og aðrir nota, en ekki hvers konar veiðitæki. Nú er það kunnugt, að á þessum stöðum voru notaðar tiltölulega einfaldar nætur, og ég býst við, að ráðh. telji sig bundinn við þessi orð, „sú veiði", og geti ekki tekið aftur þá veiði, sem áður var leyfð. En það er heldur ekki nein skynsemi í að leyfa aðra veiði, og eins og ég hef bent á, hafa dómstólarnir ekki talið heimilt að taka upp veiðitæki eins og fleygnót.

Ég hygg, að brtt. hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf. stafi að verulegu leyti, ef ekki öllu leyti, af misskilningi. Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Mýr., þá álítur hann, að verið sé að herða að sjávarveiðinni, en það er alls ekki svo. Þeir eiga þau réttindi, sem falla undir orðin „sú veiði". Þeir mega halda þeirri veiði, sem þeir upphaflega höfðu. En það er engin sanngirni í, að þeim sé leyfð veiði með veiðitækjum, sem bönnuð eru við silungsveiði.

Ég vildi þess vegna benda hv. þd. á þetta, og fyrst og fremst hv. flm., í því trausti, að þeir við nánari athugun sjái, að þeir hafi ekki athugað ákvæði l. nógu vandlega og taki þessa brtt. aftur. Ef þeir við athugun málsins geta ekki sætt sig við það, þá ber ég vitanlega það traust til hv. þd., að hún felli þessa brtt.

***Bjarni Ásgeirsson:** Ég get nú ekki tekið brtt. aftur, því annar flm. hennar er fjarverandi. En ég vil þó leyfa mér, áður en atkvgr. hefst um till., að beina þeirri fyrirspurn til hv. 1. þm. Skagf., hvort hann telji öruggt, þó að þessi till. verði samþ., að þeir menn, sem samkv. l. hafa leyfi til að veiða í sjó, fái leyfi til að nota sömu veiðiaðferð og þeir áður höfðu og ekki sé hægt að ákveða með reglugerð, að þeir megi t. d. ekki nota aðra veiðiaðferð en stangarveiði. En 2. gr. eða sú breyt., sem í henni felst, er svo víðtæk og almennt orðuð, að það er ekki hægt að fortaka það nema með skýringum þeirra manna, sem bera hana fram, að ekki sé hægt að nota hana einmitt eins og ég hef lýst. Ég verð að játa, að með þeirri skýringu, sem hv. 1. þm. Skagf. hefur gefið á þessari grein, þá er hún ekki eins óskyggileg og áður, að þeirri skýringu ófenginni.

ATKVGR.
Brtt. 528 felld með 17:1 atkv.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 572).

66. Verðlagsuppbót á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.

Á 42. fundi í Nd., 22. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs- og gagnfræðaskóla (þmfrv., A. 232).

Á 43. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Flm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Okkur flm. þótti rétt að bera þetta fram sem sérstakt frv. Í l. stendur, að héraðsskólunum sé veittur styrkur, en ekki laun til starfsemi. Nú er orðin allmikil hækkun á öllum útgjaldaliðum skólanna, og þess vegna er rétt, að greidd verði verðlagsuppbót ekki einungis á laun, heldur einnig á styrki, sem veittir eru til annarra þarfa. Við flm. ætlumst til, ef frv. verður samþ., að það nái einnig til síðasta árs. Fleiri skóla mætti og setja undir þessi ákvæði. Mætti t. d. nefna húsmæðraskólana, og munum við taka það til athugunar.
Svo óska ég þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

***Emil Jónsson:** Ég vildi beina því til n., hvort ekki væri hægt að bæta styrki, er veittir eru til unglingafræðslu og iðnskóla í kaupstöðum. Þetta eru að vísu ekki lögboðin framlög, en mér er vel kunnugt um, að þessir aðilar, a. m. k. annar þeirra, eiga í vök að verjast og geta ekki staðið straum af kostnaðinum, nema einhver uppbót komi. Ég veit ekki, hvort þetta er kleift, en æskilegt væri, að það yrði athugað.
Að öðru leyti er ég samþykkur frv. og vil tjá því mitt fylgi. Ég veit vel, að gagnfræðaskólar eiga mjög erfitt uppdráttar og geta ekki staðizt greiðslur sínar, nema með því að fá styrk frá bæjarfélögum.

***Bjarni Bjarnason:** Þegar dýrtíðarmálin voru fyrst til umr., þá óskaði ég, að héraðsskólar fengju greidda uppbót á styrk, er þeir fá árlega. Þá skildist mér, að rétt væri að greiða aðeins uppbót á laun kennara, og sú leið er auðvitað auðfarin. Þá var mér enn fremur kunnugt um, að verið væri að reikna út dýrtíðaruppbót fyrir héraðsskólakennarana, og lét ég mér það nægja. Nú hefur þetta dregizt, og þegar frv. um launauppbót til opinberra starfsmanna hafði verið samþ., þá hélt ég, að skapast mundi fordæmi, svo að héraðsskólakennurunum yrði greidd dýrtíðaruppbót, og taldi því ekki ástæðu til að koma fram með brtt. En þar sem þetta gekk erfiðlega, þá taldi ég ráðlegt að fylgja málinu fram í þessari mynd. Við töldum rétt að láta héraðs- og gagnfræðaskólana fylgjast að. — Húsmæðraskólarnir ættu að koma undir þetta líka, og mun n. taka þá til athugunar.
Einnig er ég samþ. hv. 6. landsk. um unglinga- og iðnfræðslu, en réttara væri að fá heimild í fjárl. um þær greiðslur. Fjhn. ætti að athuga þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 232, n. 356, 251).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Þar sem hv. frsm. fjhn. er ekki viðstaddur, vil ég gera grein fyrir skoðun n. á málinu. N. leggur til, að frv. verði samþ., þó með þeirri breyt., sem flutt er á þskj. 251, en það er till. hæstv. viðskmrh. um, að þessi l. skuli einnig ná til húsmæðraskóla. Yrði þá að breyta fyrirsögn frv. samkv. því, ef till. verður samþ. Þá vill n. taka fram, að hún telur eðlilegt, ef frv. verður samþ., að verðlagsuppbótin verði greidd á þennan styrk til skólanna fyrir árið 1940, jafnhá þeirri uppbót, sem greidd er á laun opinberra starfsmanna það ár.

***Finnur Jónsson:** Ég vildi skjóta því til n., hvort henni fyndist ekki rétt, að greiðsla þessarar verðlagsuppbótar næði ekki eingöngu til húsmæðrafræðslu í sveitum, heldur einnig til húsmæðraskóla í kaupstöðum. Ég vona, að n. sjái sér fært að breyta þessu fyrir 3. umr., að orðin „í sveitum" falli burt úr till.

***Emil Jónsson:** Við 1. umr. frv. beindi ég þeirri ósk til n., sem fékk mál þetta til meðferðar, hvort hún sæi sér ekki fært með einhverju móti, þó það væri ekki í frv.formi, að láta vilja sinn koma í ljós um greiðslu verðlagsuppbótar til tveggja annarra skóla, sem líkt er ástatt um, en það eru iðnskólar og unglingaskólar í kaupstöðum. Eru engin lagaákvæði til, sem veita þessum skólum rétt til verðlagsuppbótarinnar, sem þeir eiga þó fullan rétt á, engu síður en héraðsskólarnir. Nú hefur n. ekki látið neitt uppi um það í nál., hvort hún vildi verða við þessari ósk minni, og ég vildi gjarnan fá upplýsingar um, hvort hún ætlaði ekki að taka þetta mál til athugunar.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Ég ætla aðeins að taka undir till. hæstv. viðskmrh. á þskj. 251. En út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, vil ég beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. n. og hæstv. fjmrh., hvort ekki sé eðlilegt að líta svo á, ef samþ. verður uppbót til húsmæðrafræðslu í sveitum, þá verði hún að sjálfsögðu greidd til húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Að vísu bendir orðalag frv. og brtt. ekki til þess, en hér er um algerlega hliðstæðar stofnanir að ræða. Ástæðan fyrir því, að hæstv. viðskmrh. hefur ekki nefnt húsmæðrafræðslu í kaupstöðum í sinni brtt., mun vera sú, að frv. þetta er enn óafgreitt, og fengist yfirlýsing hæstv. fjmrh. um þetta atriði, mundi það jafngilda fullkomnu samþykki hv. þd.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég skal taka fram, að ég tel sjálfsagt í framkvæmdinni, ef frv. verður samþ., að greiða verðlagsuppbót til hliðstæðra stofnana og frv. getur um. En eftir er að athuga, hvort greiðsla uppbótarinnar sé jafntrygg í hlutaðeigandi sveitarfélögum, sem eiga að taka sinn þátt í henni. Þess vegna væri ef til vill nauðsynlegt að lögbinda þetta atriði. Væri æskilegt, að fjhn. vildi athuga þetta.

***Bjarni Bjarnason:** Ég vildi gera þá fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort hún teldi, að ekki sé nægilega greinilega gengið frá þessu frv., að viðbættum þeim ummælum, sem fram hafa komið, bæði í ræðu hv. flm. við 1. umr. málsins, hv. þm. V.-Ísf., og í því, sem stendur í nál. fjhn., sem sé, að ætlazt sé til, að greidd verði uppbót fyrir 1940. Væri mér kært, ef hæstv. fjmrh. vildi segja sitt álit á þessu, og væri einnig æskilegt, ef hæstv. viðskmrh. léti þess getið, hvort hann meinti ekki einmitt þetta með sinni brtt.

Skúli Guðmundsson: Út af því, sem fram hefur komið, vildi ég taka fram, að ég tel eðlilegt, að fjhn. taki frv. þetta á ný til athugunar milli 2. og 3. umr., og verði þá athugað, í samráði við ríkisstj., hvernig þessu verði komið fyrir. Vænti ég þess, að hv. d. samþ. frv. til 3. umr. og samþ. brtt. á þskj. 251.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefur verið upplýst af mönnum, sem að þessu frv. standa, að ætlazt er til, að verðlagsuppbót verði greidd á styrk ársins 1940, og hið sama vakir fyrir mér að því er snertir styrk til húsmæðraskólanna.

ATKVGR.
Brtt. 251 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. og 55. fundi í Nd., 8. og 9. maí, var frv. enn tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 12. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 394, 395).

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Það hafði komið fram fyrirspurn, þegar málið var til 2. umr., um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til iðnfræðslu og unglingafræðslu. Málinu var vísað til n. til athugunar. Hæstv. fjmrh. lýsti síðan yfir því, að fyrir árið 1941 sé veitt uppbót til iðnfræðslunnar, en á hinn bóginn telji hann eðlilegt að fá hækkaða fjárveiting til unglingafræðslu.
Brtt. á þskj. 395, frá hæstv. viðskmrh., er n. sammála um, að sé réttmæt.

ATKVGR.
Brtt. 395 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni: **Frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.**

Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 474).
Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 474, n. 535).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þetta mál er flutt af 2 þm. í Nd. og naut stuðnings allra þriggja aðalflokkanna þar.
Fjhn. þessarar d. hefur athugað frv., eins og sjá má af nál. á þskj. 535, og fallizt á að mæla með frv. óbreyttu.
Frv., eins og það er nú, er á þskj. 474 og fer fram á, að greidd verði verðlagsuppbót á styrki, sem ríkið greiðir til héraðs- og gagnfræðaskóla samkv. l. og nánari tilvitnun í viðeigandi gr.
2. gr. frv. gerir ráð fyrir, að bæjarsjóðir greiði uppbót á sama hátt og ríki og eftir sömu reglum og gilda um greiðslu verðlagsuppbótar á laun til starfsmanna ríkisins. M. ö. o. er farið fram á, að skólarnir fái greiddan sama hundraðshluta af vaxandi dýrtíð á þá styrki sem bæir og ríki greiða. Nú er búið að ákveða, að allir starfsmenn skólanna fái uppbót sem dýrtíðaraukningunni nemur. Vitað er, að allur annar kostnaður skólanna vex í hlutfalli við aukningu dýrtíðarinnar.
Fjhn. hefur fallizt á nauðsyn þessa frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 598).

---

67. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. sjútvn. Nd.).

Á 30. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A 129).

Á 31. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Herra forseti! Frv. þetta er flutt af sjútvn. þessarar d.
Mér þykir rétt að fylgja frv. úr garði með nokkrum orðum sögulegs eðlis, því hér er um mjög merka og gamla stofnun að ræða.
Fiskveiðasjóður Íslands var stofnaður fyrir 36 árum, eða árið 1905, og var tilgangur sjóðsins sá að styðja fiskveiðar Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum til skipa og stofnana, er vinna fyrir sjávarútveginn.
Þingmenn vita, að sjávarútvegurinn var þá ekki orðinn eins mikill þáttur og ekki eins góð undirstaða eins og hann er nú í afkomu þjóðar vorrar. Þó er eftirtektarvert, hversu farið var myndarlega af stað með sjóðinn.
Strax voru fengnar 100 þús. kr. úr ríkissjóði. Aðrar tekjur stofnsjóðs skyldu vera ⅓ af sektarfé fyrir landhelgisbrot og ⅓ af andvirði upptæks afla og upptækra veiðarfæra vegna landhelgisbrota.
Þá var gert ráð fyrir, að sjóðurinn yrði um 8 millj. kr., og var það stór upphæð í þá daga, þegar þess er gætt, að á þeim tímum var skipastóll landsmanna til fiskveiða mestmegnis árabátar.
Vélbátar þekktust varla og þilskipin voru aðeins til vélalaus. L. voru óbreytt til 1907. Þá var stofnuð sérstök lánadeild fyrir sjóðinn. Jafnframt var ákveðið, að ríkisstj. hefði sjóðinn undir sinni vernd, en úthlutun lána var sett undir 2 menn, er ríkisstj. skipaði. Ætlazt var til, að lánaðar yrðu allt að 40 þús. kr. í eitt skip. L. þessi stóðu til 1930. Þá var gerð veruleg breyting á þeim. Sjóðurinn var fenginn í hendur Útvegsbanka Íslands, sem þá hafði nýskipt um nafn frá því að heita Íslandsbanki.
Þessa milljón króna átti að greiða eftir samkomulagi, og var það á þá lund, að greiða skyldi 100 þús. kr. árlega og upphæðin vera að fullu greidd hinn 1. júní 1941. Lánstíminn var lækkaður niður í 12 ár, svo að lánin hvíldu nú þyngra en áður á lántakendum, og lánsupphæðin var lækkuð svo, að sami lántakandi mátti ekki fá meira en 30 þús. kr. Er sjávarútvegurinn hafði blómgazt mjög um undanfarið 25 ára skeið og fært út kvíarnar, voru þannig smækkaðar kröfurnar honum til handa.
Nú eru liðin 11 ár síðan þessi breyting var gerð, en sjóðurinn hefur orðið fyrir því óhappi að lenda í skuld, vegna starfsemi Útvegsbankans. Var þó hans hluti svo lítill, miðað við þær fjárhæðir, sem hér komu til greina, að við verðum að telja, að kröfurnar hafi verið mjög litlar fyrir hönd sjóðsins, er hann var gerður

svo afskiptur. Til dæmis hefur ekki verið fram fylgt kröfunni um greiðslu milljónarinnar frá ríkinu fastar en það, að einar 96 þús. kr. hafa verið greiddar. Varð því sjóðurinn að taka einnar milljónar króna lán í Danmörku. Útlánsvextir sjóðsins voru mjög háir eftir 1930, eða 6¼%, auk 1% lántökugjalds. Þegar allt þetta er athugað, er óhugsandi, að sjóðurinn geti fullnægt þörfum atvinnuvegarins, eins og fyrirkomulag hans er nú. Framan af hagnýtti Útvegsbankinn sér mjög þessa dönsku milljón, og lá mikið af henni á vöxtum hjá bankanum, en hann lánaði aftur út með 7½% vöxtum.

Árið 1938 var l. sjóðsins breytt eftir harða baráttu, og voru nú vextirnir lækkaðir niður í 5½% úr 6¼%, en lántökugjaldið var afnumið. Hæsta lán mátti nú nema 40 þús. kr., eins og var fyrir rúmlega 30 árum, og var þetta þó á síðasta þingi rýmkað svo, að lána mátti 50 þús. kr.

Eignir sjóðsins eru nú, eftir 35 ára starf, ekki nema rösklega 2 millj. kr., en ættu að vera orðnar 8 millj. Þegar athugað er, hverjar framfarir hafa orðið hér á landi á þessu 35 ára tímabili, sem liðið er frá stofnun sjóðsins, og það, hvernig skipastóll landsmanna hefur breytzt að stærð og dýrleik, verður að telja þessar eignir ótrúlega litlar.

Ef menn vilja kynna sér nánar, hver þörf muni vera fyrir stofnun, sem láni stofnfé til útgerðarinnar, þá verður að athuga tvennt: stærð fiskiflotans og það, hvar hægt sé að fá stofnlán til þess að koma upp skipum. Um síðustu áramót voru vélskip hér á landi 1069 og svo 60 árabátar. Auk þess voru svo 50—60 járnskip: línuveiðarar og togarar. Tréskipin, rúmlega 1000 að tölu, eru þau, sem fyrst og fremst þarf að sjá fyrir endurnýjun. Lán til skipasmíða hafa nær eingöngu verið fengin erlendis, og hafa menn orðið að veðsetja fleyturnar til þess að geta fengið lánin. Er ákaflega leiðinlegt til þessa að vita, þar sem um er að ræða svo mikilsverð framleiðslutæki þjóðarinnar. En svo ber að athuga það, að nú er ekki lengur kostur á erlendum lánum til að endurnýja skipastólinn, og er það aðalorsökin að framkomu frv. Vélskip okkar hafa aðallega verið smíðuð á Norðurlöndum, og hafa þá skipasmíðastöðvarnar alltaf lánað talsverðan hluta af skipsverðinu. Ég hef ekki glöggar tölur um það, hve mikið þarf að endurnýja af skipaflotanum árlega, en ég veit, að skip þau, sem tryggð eru hjá Samábyrgð Íslands, eru ekki nema um 500, og koma á þau hér um bil 300 slys og óhöpp á ári, mest smábilanir að vísu, en nokkur skipanna farast þó með öllu. Það má yfirleitt gera ráð fyrir því, að tréskip fyrnist á 20 árum, en fyrningartíminn er auðvitað styttri að meðaltali, ef tekið er tillit til þess, hve mörg skipin farast. Lánsþörfin er því áreiðanlega mikil og hefur vaxið við verðbreytingar þær, sem orðið hafa að undanförnu, enda verður að krefjast þess, að til sé nægilegt lánsfé handa aðalatvinnuvegi landsmanna, eða þeim atvinnuvegunum, sem ber að minnsta kosti langmest í þjóðarbúið, þar sem eru ⅞ hlutar af öllu verðmæti, sem út er flutt.

Undirbúningur frv. hefur verið sá, að uppkast þess var tilbúið löngu fyrir þetta þing. Ég fór að undirbúa till. til breyt. á l. um fiskveiðasjóð, þegar ég sá, að hverju dró um innilokun okkar. Var það ætlun mín, að sjóðurinn gæti orðið svo öflugur, að hann gæti lánað fé til smíða á öllum þeim skipum, sem bættust í fiskiflota okkar. Ég ætlaðist til þess, að hæstv. atvmrh. mælti með frv., en hv. sjútvn. flytti það, en vegna anna hæstv. ráðh. gat ég aðeins rætt það við hann í flaustri. Varð það úr, að hinn 6. marz lagði ég fram frv. á fundi sjútvn. og bað hana að flytja það, eftir að hún hefði gert á því þær breytingar, er henni þættu nauðsynlegar, og hefur hún nú gert þetta. En svo komu til n. tvö önnur frv. frá hv. þm. Borgf., annað um breytingu á l. um Fiskveiðasjóð Íslands, en hitt um hækkun á fiskveiðasjóðsgjaldi. Höfum við tekið ýmis atriði úr frv. hv. þm. Borgf. upp í þetta frv.

Aðalatriði þessa frv. er um tekjuöflun fyrir fiskveiðasjóð. Ef sjóðurinn á að geta staðið undir öllum stofnlánum til skipaútgerðarinnar, verður að gera ráð fyrir því, að hann hafi allverulegar tekjur. Um þetta vorum við alveg sammála. Eftir þessu frv. á aðaltekjuvon sjóðsins (auk rekstrarteknanna) að felast í því, að hann fái helming af útflutningsgjaldi af hvers konar sjávarafurðum. Ég hafði áður, oftar en einu sinni, farið fram á það í frv., sem ég hafði flutt, að fiskveiðasjóður fengi allt útflutningsgjaldið, að minnsta kosti í nokkur ár, þar til hann væri orðinn fær um að standa undir starfslánum til allra skipa. Þetta hefur ekki þótt fært, því að ríkið þóttist ekki geta misst þessar tekjur. En nú er farið bil beggja og lagt til í frv. því, sem hér liggur fyrir, að sjóðurinn fái helming þessara tekna. Er í þessu fólginn aðalmunurinn á frv. sjútvn. og frv. hv. þm. Borgf., því að samkvæmt hans frv. áttu tekjur sjóðsins aðallega að byggjast á hækkun fiskveiðasjóðsgjalds. Hafa þó tveir hv. nm., þeir hv. þm. A.-Sk. og hv. þm. N.-Þ., áskilið sér rétt til að koma fram með brtt. um þetta. Vilja þeir, að fiskveiðasjóðsgjald sé hækkað úr ⅛% upp í ½%, en sjóðurinn fái þá ekkert af útflutningsgjaldinu.

Annað atriði, sem við erum ekki sammála um, eru útlánsvextirnir, þó að við séum að vísu sammála um það, að lán, sem greiða á innan skamms tíma, hvíla svo þungt á lántakanda, að ekki er hægt að hafa vexti mjög háa. Í þessu frv. er lagt til, að vextirnir verði lækkaðir svo, að þeir nemi ekki nema 4%, en í frv. því, sem ég samdi upphaflega og það sjútvn. fyrir, gerði ég ráð fyrir 3% vöxtum, og var þá raunar ekki gert ráð fyrir því, að sjóðurinn tæki lán, heldur gæti lánað fyrir eigið fé. En samkomulag varð um það í n. að heimila sjóðnum að taka allt að 4 millj. kr. lán., og var þá ekki hægt að hafa útlánsvexti svo lága. Stungum við því upp á að hafa þá 4%. Hins vegar töldu hv. þm. N.-Þ. og A.-Sk. ekki fært að hafa vextina lægri en 4½%, og urðum við ekki sammála um þetta, en töldum rétt, að Alþ. skæri úr um það. Um vaxtaatriðið greinir okkur því aðeins á um ½%.

Sjútvn. hefur haft til athugunar greiðslu

ríkissjóðs á þeim hluta framlags síns, sem ógreiddur er. Í l. er gert ráð fyrir, að milljónin skuli að fullu greidd fyrir 1. júní þessa árs. Hefur náðst samkomulag við hæstv. fjmrh. um það, að skuld þessi verði greidd, svo sem l. mæla fyrir, þannig, að ríkissjóður taki að sér það, sem eftir er af danska láninu, um ½ millj. kr., en hinn hlutinn sé tekinn á fjárl. Ég geri ráð fyrir því, að hv. fjvn. mæli með þessari greiðslu, enda er ekki hægt annað en standa í skilum með lögboðnar greiðslur. Við í sjútvn. litum svo á, að nægileg heimild fyrir ríkisstj. fælist í því, ef þetta væri sett á 22. gr. fjárlfrv.

Ef fiskveiðasjóður fær þetta greitt og fær svo aukatekjur á þessu ári af útflutningsgjaldinu, gerum við okkur vonir um, að hann vaxi brátt, og ef hann kemst fljótlega upp í 8 millj. kr., eins og ætlað var fyrir 35 árum, væri ekki mikið við því að segja, þó að hann tæki nokkurt lán og starfaði með því fé. Það mundi þá ekki þurfa að hækka útlánsvexti mikið eða draga úr vaxtatekjunum.

Vil ég svo mælast til þess við hv. d., að hún afgreiði málið sem fljótast, svo að það geti orðið að l. þegar á þessu þingi. Legg ég til, að því verði nú vísað til 2. umr., en málið er nýkomið frá n., svo að óþarft er að vísa því til n.

*Gísli Guðmundsson: Ég hygg, að þéttskipaðra hefði mátt vera hér í hv. d. en er, vegna þess að mál það, sem hér er til umr., er áreiðanlega eitt af merkari málum, sem lögð hafa verið fyrir þetta þing.

Hv. frsm. n., 5. þm. Reykv., hefur nú í nokkuð ýtarlegri ræðu gert grein fyrir málinu, bæði að því er snertir hina sögulegu hlið þess og eins breytingar þær, er þetta frv. vill gera á l. Hann rakti gang málsins, skýrði frá því, er fiskveiðasjóðurinn gamli var stofnaður fyrir 35 árum, til eflingar sjávarútveginum, og gat þess, að vöxtur hans hefði orðið furðu lítill, síðan hann var stofnaður.

Á löngu tímabili, því tímabili, sem hér um ræðir, hefur hagur sjávarútvegsins sem betur fer verið allgóður. Þess vegna mun minni áherzla hafa verið lögð á það í bili að efla þessa lánsstofnun en annars og fremur að því hnigið að efla aðrar lánsstofnanir, sem þótti enn meiri nauðsyn. Ég hygg, að það vaki fyrir mörgum, meðal annars okkur í sjútvn., sem að þessu frv. stöndum, að fiskveiðasjóður geti orðið á næstu áratugum nokkuð hliðstæð stofnun fyrir sjávarútveginn eins og ræktunarsjóður hefur orðið fyrir landbúnaðinn. Það má segja, að sú starfsemi, sem fiskveiðasjóði er ætluð fyrir sjávarútveginn, sé ekki óskyld þeirri, sem ræktunarsjóði er ætluð fyrir landbúnaðinn.

Í grg. frv. er nokkuð gerð grein fyrir hag fiskveiðasjóðs eins og hann nú er. Árið 1930 voru eignir fiskveiðasjóðs kr. 697856.30. Á þeim 10 árum, sem síðan eru liðin, hafa eignir sjóðsins aukizt um kr. 1524258.95. Í árslok 1940 voru eignir sjóðsins því kr. 2222115.25. Vöxtur sjóðsins hefur verið mjög hægfara og skortir mikið á, að hann rísi undir því hlutverki að sjá útgerðinni fyrir stofnlánum eftir þörfum.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, eins og hv. frsm. tók fram, að auka nokkuð tekjur sjóðsins, að lækka vexti af lánunum og lengja lánstímann. Auk þessa eru svo tvær breyt. á l., sem má telja allmikilsverðar. Önnur er sú, að lánsheimildin handa sjóðnum er hækkuð úr 1½ milljón kr. upp í 4 millj. kr. Þannig má gera ráð fyrir því, að mjög fljótt komi að því, að það fé, sem sjóðurinn hefur undir höndum til lána, það geti numið allt að 8 millj. kr., ef lánsheimildin verður að fullu notuð, og það er ekki nema eðlilegt að hugsa sér, að ef tekjuöflunin til sjóðsins verður eitthvað svipuð og gert er ráð fyrir í frv., þá líði ekki á löngu þangað til eigið fé sjóðsins verði komið upp í 4 millj. kr. Frv. gerir ráð fyrir því, að hámarkið, sem verið hefur á lánveitingum til báta, verði fellt niður. Hins vegar hefur n. ekki lagt til, að hámarkið til annarra fyrirtækja verði fellt niður að svo stöddu. En ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég er ekki frá því, að til mála gæti komið að breyta eitthvað til í því efni, þó að ég vilji ekki segja neitt ákveðið um það á þessu stigi málsins. Hv. frsm. gat þess, að við 2 þm., hv. þm. A.-Húnv. og ég, hefðum haft fyrirvara um 2 atriði, og gat hann um, hver þau væru. Ég skal ekki hafa mörg orð um það. Aðeins vil ég skýra frá því, að við munum bera fram brtt. við 2. umr. frv. um þau atriði, er hann nefndi. Við teljum, að sú leið, sem hv. þm. Borgf. lagði til að farin yrði, í því frv., sem hann lagði fram fyrir nokkru síðan um þetta sama mál, að sjóðurinn fengi að taka þetta með sérstöku gjaldi, sé eðlilegri og að ýmsu leyti heppilegri til frambúðar heldur en að tekið væri af vissum tekjustofnum ríkissjóðs. Um vextina má auðvitað rökræða aftur og fram og um það deila, hvað þeir skuli vera, og mun það koma í ljós, hvað hv. þm. telja eðlilegast í því efni. En ég vil segja fyrir mitt leyti og okkar, sem höfum gert fyrirvarann, að við teljum eðlilegast að ákveða vextina með hliðsjón af vöxtum í þeim lánsstofnunum, sem hliðstæðar mega teljast. Við það munum við miða okkar brtt. og þá gera grein fyrir henni með þeim rökum, sem fyrir því liggja.

Ég vil svo að lokum taka undir það, að ég vil óska, að samkomulag náist um afgr. þessa máls, því ég tel það mikilsvert, alveg sérstaklega nú eins og sakir standa, þar sem gera má ráð fyrir, að flotinn þurfi aukningu á næstu árum.

Pétur Ottesen: Ég skal ekki vera margorður um þetta frv. við þessa umr. Það gefst væntanlega tækifæri til að fara nánar út í það við 2. umr. málsins, og á þá raunar betur við að fara út í einstakar gr. frv. Vil ég mega vænta þess, að sú umr. fari fram bráðlega, því ég vil mjög eindregið taka undir þær raddir, sem fram hafa komið, að nauðsyn sé að setja löggjöf um rýmkun ákvæðanna um fiskveiðasjóðinn og með því sýna viðleitni til að mæta hinni auknu lánsþörf, sem blasir við í þessu efni, og bæta aðstöðuna til hagkvæmari lána. Ég sé, að samkvæmt þessu frv. muni það verða verulegri fjárhæð minna, sem sjóðnum fellur til, en ætlazt var til samkv. mínu frv. Hins vegar er rétt að geta þess, að

með þessari efling á sjóðnum er ekki krafizt jafnmikilla fórna af útgerðinni eins og gert er ráð fyrir í frv. mínu, því hér er ætlazt til, að helmingur af því útflutningsgjaldi, sem til ríkissjóðs fellur nú, verði lagt til fiskveiðasjóðs sem tekjur handa honum, til viðbótar því útflutningsgjaldi, sem honum áskotnast samkvæmt l. um fiskveiðasjóðsgjald. Ég tók það fram við 1. umr. um frv. mitt, að ég viðurkenndi fúslega, að með því væri nokkuð hart að gengið, en þegar litið væri til hinnar miklu þarfar fyrir útgerðina, sem fyrir hendi væri, og þess hagnaðar í betri lánskjörum, sem leiðir af að sjóðnum er lagt til mikið sjálfseignarfé, þá fyndist mér þó vel mega færa rök fyrir því, að svo langt yrði gengið sem ég lagði til í frv. mínu. Hins vegar ber að fagna hverju samkomulagi, sem orðið getur um þetta mál og felur í sér allverulega lausn á málinu, eins og þetta frv. óneitanlega gerir, þó að mér virðist hins vegar, að með því muni sjóðurinn ekki fá tekjuauka, sem nemur öllu meiru en helmingi af þeim tekjum, sem honum hefði áskotnazt samkvæmt mínu frv. Það hefur borizt í tal, að sjóðurinn ætti allmikla tekjuvon í greiðslum úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda. Út af þessu vil ég taka fram sem mína skoðun, að ég álít, að það sé hæpið að treysta mjög á þetta sem mikla tekjuvon. Upphaflega, þegar ákvæðin um þetta voru sett, var talið, að þetta væri hæpin tekjuvon, enda sýndi reynslan það, allt fram til verðlagshækkunarinnar á s. l. ári, að þetta var ekki út í loftið. Hitt ber svo að viðurkenna, að síðan hagur útgerðarinnar batnaði, hefur orðið gagngerð breyting á í þessu efni, og það mun að sjálfsögðu haldast meðan ástandið er eins og það nú er. En það má undir engum kringumstæðum láta þetta villa sér sýn um, að þarna sé um framtíðartekjuvon að ræða á borð við það, sem verið hefur á síðustu mánuðum.

Ég lofaði í upphafi máls míns að fara ekki út í umr. um einstakar gr. frv., enda eiga þær umr., sem ég vildi hefja um þetta mál, betur heima við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, 142).

Jón Ívarsson: Herra forseti! Eins og lýst var við 1. umr. þessa máls af hv. þm. N.-Þ., höfum við leyft okkur að bera fram brtt. við þetta frv., sem er á þskj. 129, en brtt. okkar eru á þskj. 142. Það eru aðallega tvö atriði, sem við höfum ekki getað orðið samferða öðrum hv. nm. í sjútvn. um, eins og kemur fram á nefndu þskj. Í fyrsta lagi, hvernig skuli afla tekna til fiskveiðasjóðsins, og í öðru lagi, hve vextir skuli vera háir af útlánum.

Eins og frv. liggur fyrir er ætlazt til, að tekjurnar verði aðallega með þrennu móti: hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum, í öðru lagi helmingur útflutningsgjalds af sjávarafurðum, og í þriðja lagi vextir af útlánum. Við hv. þm. N.-Þ. teljum heppilegra að hafa þetta á þann hátt að hækka það hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum, sem gengur til fiskveiðasjóðsins, en sleppa því ákvæði, sem er í 2. tölul. 2. gr. frv., um að helmingur útflutningsgjaldsins skuli renna til sjóðsins. Eins og lögin eru nú, er ⅛% af útfluttum sjávarafurðum, sem fiskveiðasjóður fær og hefur fengið síðan 1931. Það nemur allt að 50 þús. kr. á ári í þau 9 ár, sem gjald þetta hefur verið greitt í sjóðinn. Okkar till. miðar að því að hækka þetta gjald upp í ½%. Við vildum í fyrsta lagi tryggja sjóðnum fastar tekjur, sem hann gæti reitt sig á. En við töldum ekki fært að hafa gjaldið meira en þetta, sökum þess að þá er meiri hætta á því, að löggjafarvaldið svipti sjóðinn þessum tekjum á erfiðum árum og láti þær renna beint í ríkissjóð. Hefur borið talsvert á slíku undanfarin erfiðleikaár, að sumir tekjuliðir hafa verið látnir renna í ríkissjóð, þó að þeim hafi með sérstökum lögum verið ætlað annað. Því meiri, sem tekjurnar voru, því meiri hætta var og er á því, að þær séu teknar til þarfa ríkissjóðsins. Hins vegar hefur ekki komið fram, svo að mér sé kunnugt um, að fella niður fiskveiðasjóðsgjaldið og láta ríkissjóð fá það. Ég tel, að lítil hætta sé á þessu, ef ákvæði í 2. tölul. 2. gr. frv. verða felld niður, eins og lagt er til í brtt. á þskj. 142. Þegar illa lætur í ári, er mjög mikil hætta á, að allar tekjur, sem ríkissjóður fær fyrir útfluttar sjávarafurðir, verði notaðar honum til handa. Við álítum heppilegra að tryggja sjóðnum öruggar tekjur, sem lítil hætta væri á, að af honum væru teknar, þótt erfiðar blési, heldur en að ákveða þær háar nú og eiga á hættu, að hann missti þær fljótlega aftur. A-liður 1. brtt. á þskj. 129 lýtur að þessu.

Eins og nú stendur og kom fram við 1. umr., eru eignir fiskveiðasjóðsins rúml. 2 millj. kr. Auk þess má telja til eigna hans tillag, sem hann á ófengið úr ríkissjóði og nemur 1 millj. króna tæplega. Auk þess fær hann eignir Skuldaskilasjóðs. Þessar eignir munu samtals nema allt að 4 millj. kr. Það er að vísu ekki verulega stór höfuðstóll til svo mikils hlutverks, sem sjóðurinn á að inna af höndum, þó að hann sé reyndar nokkur á okkar mælikvarða. Til þess að auka þetta fé sjóðsins, er honum ekki eingöngu ætlaðar tekjur af þessu hundraðsgjaldi, heldur hefur jafnframt komið fram brtt. frá n. um aukna heimild á sölu vaxtabréfa. Ef sú heimild nær fram að ganga, getur stofnfé sjóðsins brátt komizt upp í 8 millj. kr. Við lítum svo á, að vaxtabréfasöluheimildin sé nauðsynleg til þess að sjóðurinn geti orðið öflug stofnun, eins og honum er ætlað að vera. Það virðist naumast vera fært að ákveða mikið hærri tillög til fiskveiðasjóðsins heldur en hér er farið fram á, enda er ekki ráðlegt að draga of mikið úr þeim tekjustofnum, sem ríkissjóður hefur. Ég álít, að við verðum að fá stofnfé með sölu vaxtabréfa, enda er það fullkomlega forsvaranlegt, þó að slíkt lánsfé sjóðsins komist upp í 50% af starfsfé hans.

Þá er hitt atriðið, sem önnur brtt. okkar fjallar um, á þskj. 142, að vextir af útlánum

sjóðsins skuli vera 4½% í staðinn fyrir 4%. Við álítum, að vextir af þessum útlánum eigi að vera í fullu samræmi við ýmsa aðra vexti hjá tilsvarandi lánsstofnunum, og koma þá helzt til greina þau lán, sem ræktunarsjóður veitir til landbúnaðarins. Nú er svo, að vextir af þessum lánum eru 5%, eða einum af hundraði hærri en lagt er til í frv. á þskj. 129. Aðrar lánsstofnanir, sem veitt hafa fé til landbúnaðarins, t. d. veðdeild Búnaðarbankans, hafa tekið 6½% í vexti. Okkur flm. þessara brtt. fannst forsvaranlegt, að vextirnir væru 4½%, enda mega þeir ekki lægri vera. Of lágir vextir mundu eðlilega leiða af sér auknar og vaxandi kröfur um lánveitingar úr sjóðnum. Þriðja brtt. er um það að bæta einni gr. inn í frumv., sem er ákvæði um að fella lög úr gildi frá 1930 og önnur l. um breyt. á þeim l. frá 1931, vegna þess að í brtt. okkar við 2. gr. frv., a-lið, er tekið upp ákvæði þessara l., svo að þau eiga að falla niður.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. En á slíkum tímum sem þessum er mjög erfitt að segja um, hvernig umhorfs muni eftirleiðis. Ef á það er litið, hvernig núverandi ástand er með öllu óútreiknanlegt, má segja, að það sé vandasamt verk að setja löggjöf fyrir langa framtíð.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Ég hafði frestað við 1. umr. þessa máls að tala um nokkur atriði, sem ég taldi málinu skyld, vegna þess að ég vissi, að þau mundu koma til umr. nú.

Eins og ég hef áður tekið fram, varð það að samkomulagi milli okkar nm. að láta þingið skera úr um ágreining í þessu máli, sem er að vísu ekki mikill. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. hafi nú þegar athugað, hvaða leið sé bezt að fara um þessi tvö atriði. Annað atriðið, hvernig afla skuli sjóðnum tekna, er raunverulegt samkomulagsmál að mínu áliti. Ef hv. þm. eru minnugir á þessi mál, þá muna þeir eftir því, að þeir hafa oftar en einu sinni farið fram á með frv., að fiskveiðasjóður fengi allt útflutningsgjald af sjávarafurðum til endurreisnar sér og útgerðinni. En hér hefur orðið sú miðlun á, að þeir hafa gengizt inn á að skipta þessu á milli ríkissjóðs og fiskveiðasjóðs. Nú eru margir þeirrar skoðunar, sem er eflaust rétt, að útflutningsgjald af framleiðslu landsmanna er alger hugsanavilla. Það er alveg röng hugsun í því að gjalda skatt af því að framleiða vörur til þess að skapa erlendan gjaldeyri, nema því aðeins, að gróði sé af þessari framleiðslu. Það koma einstöku sinnum stór ár hjá sjávarútveginum og svo koma mörg léleg ár, sem éta upp þann gróða, sem þá hefur orðið. Það er líka enginn vafi á því, að þegar útflutningsgjaldið var ákveðið, var það hugsað sem eins konar gróðaskattur. Það var gert af því, að þetta þótti sérlega arðvænlegur atvinnuvegur þá. En hver maður getur séð það, hve heilbrigt það var að leggja þennan skatt á útgerðina í því árferði, sem var frá 1930 til '40. Á þeim árum var sjávarútvegurinn að tapa öllu, sem hann hafði áður safnað á betri árum, og í staðinn fyrir að eignir hans voru svo að segja skuldlausar, þegar þetta tímabil byrjaði, mátti heita, að ekkert fyrirtæki ætti fyrir skuldum eftir þessi ár. En á þessum árum hefur sjávarútvegurinn goldið í útflutningsgjald af framleiðslunni hátt upp undir eina millj. kr. á ári. Það er bersýnilegt, að þessi skattur var í rauninni eða kom þannig fram, að hann var ekki annað en refsiskattur fyrir að framleiða gjaldeyrisvörur á hinum miklu vandræðatímum. Ég veit, að hv. þm. vilja ekki, að þetta endurtaki sig. Þetta er svo óheilbrigt og rangt hugsað. Nú vitum við, að það, sem aðallega stóð í vegi fyrir því, að þetta væri leiðrétt miklu fyrr, voru vandræði ríkissjóðs sjálfs. Á því ári, sem nú er nýliðið, vitum við, að þetta hefur breytzt mikið og tekjur ríkissjóðs farið verulega fram úr því, sem vonir stóðu til. Það er þess vegna aldrei tækifæri til að leiðrétta þetta misrétti og ganga af þessari villigötu inn á rétta braut, ef ekki nú. Til þess samt sem áður að fara millileið í þessu, því mjög snöggar breytingar eru oft varhugaverðar, hefur nú meiri hl. sjútvn., eins og frv. ber með sér, komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að skipta þessu útflutningsgjaldi til helminga milli ríkissjóðs og fiskveiðasjóðs. Minni hl. hefur aftur á móti talið, að ríkissjóður mætti ekki við því að missa þessar tekjur, en hins vegar hefur hann gert ráð fyrir því, að sjávarútvegurinn væri fær um að bera þyngri álögur en hann hefur núna og mætti þess vegna bæta við útflutningsgjaldið. Nú er það aldrei nema rétt, að ef tilvera fiskveiðasjóðs væri ekki miðuð við nema eitt ár, t. d. í fyrra, þá væri sjávarútvegurinn vissulega fær um það að fá ný gjöld, sem þessu svaraði. Við erum sjálfsagt allir sammála um það, að það eigi að byggja sjóðinn upp fyrir framtíðina, og þá er ekki rétt að miða tekjur hans við augnabliksástand. En þetta atriði ætla ég ekki að færa í kappræður og það er heldur ekki rétt. Það er bezt, að um það falli bara rólegur úrskurður eftir því, hvernig skoðanir hv. þm. falla um þetta atriði. Hv. þm. A.-Sk. gerði samanburð á vaxtagreiðslum þeim, sem í frv. eru ákveðnar á útlánum fiskveiðasjóðs, og vaxtagreiðslum landbúnaðarins. Sá samanburður var þannig, að af ræktunarsjóðslánum eru greidd 5% í vexti. Það er alveg rétt, að þessi sjóður tekur allt of háa vexti af útlánum sínum, og landbúnaðurinn er þess alls ekki umkominn að greiða svo háa vexti. En það réttlætir engan veginn, að aðrar atvinnugreinar séu eins leiknar. Ég vil aftur á móti taka byggingar- og landnámssjóð, sem ég tel raunar að taki of háa útlánsvexti. Hann tekur 5% í vexti af sínum lánum. Og þegar mönnum finnst of lágir vextir 4% á 15 ára láni eins og þessu, sem á að vera hámark á lánstíma, þá er það einkennilegt, þegar það er borið saman við annað frv., sem liggur fyrir þessum fundi í dag, þar sem er frv. um raforkuveitusjóð, en þar er ætlazt til, að lánin séu til 23 ára, eða 8 árum lengur en fiskveiðasjóður lengst má lána, en þó er ætlazt til, að vextirnir þar séu aðeins 3%. Mér finnst það mjög skynsamleg till. um vexti, ef hægt er að afla þeim sjóði fjár svo ódýrt, að hann standi undir þessu. En það verður að taka tillit til þess, þegar útlánsvextir eru ákveðnir

til einhverra hluta, til hve langs tíma lánin eigi að vera. Stofnlán, sem eru til 15 ára lengst, eins og þessi, þau hvíla ákaflega þungt á. Þó að engir vextir væru, mundi verða mjög örðugt fyrir atvinnureksturinn í erfiðu árferði að standa í skilum með afborganir. Það verður þess vegna ætíð, þegar vextir eru ákveðnir fyrir stofnlán, að taka sérstakt tillit til þess, hvað lánið á að borgast upp á löngum tíma, og er það orðið talsvert algengt að ákveða á þann hátt vexti og afborganir í einu lagi með vissri prósentu á lánin, og er það á margan máta gott að hafa það svo, alveg eins og t. d. veðdeildin gerir og byggingar- og landnámssjóður. Það má kannske segja, að ekki sé mikill munur á því, hvort útlánsvextirnir séu 4% eins og í frv. eða 4½% eins og minni hl. n. óskar að hafa þá, en það hefur nokkuð að segja, þegar maður er búinn að teygja sig úr 3% upp í 4%, hvort enn þá er bætt ½% við. Í því frv., sem fyrst kom fram og ég lagði fyrir sjútvn., var ætlazt til að vextirnir væru 3%, svo ég er búinn að hoppa nokkuð langt í loft upp í þessu máli, þó að ég ekki fari hærra. Annars er það eins og með tekjuöflunarleiðina, þó að ég að sönnu telji þetta minna atriði, að ég ætla ekki að fara út í kappsmál út af þessu sætti mig við það, sem hv. þdm. gera í þessu efni, en vitanlega mæli ég eindregið með því, að rétt leið sé farin í þessu atriði eins og meiri hl. n. óskaði.

Pétur Ottesen: Það eru komnar hér fram við þetta frv., sem sjútvn. hefur flutt, brtt. frá 2 mönnum úr sjútvn. Mér skilst, að þessar brtt. gangi út á það að rýra mjög verulega tekjur sjóðsins frá því, sem ætlazt var til í því frv., sem ég flutti hér á öndverðu þingi um þetta efni. Enn fremur virðist mér það ganga út á það að rýra líka að nokkru þær tekjur, sem sjóðnum eru ætlaðar samkv. því frv., sem sjútvn. hefur flutt um þetta efni, en það frv. eflir þó engan veginn fjárhagsaðstöðu sjóðsins neitt svipað því, sem gert var samkv. tillögum mínum. En þessar till., sem þeir hv. þm. A.-Sk. og N.-Þ. flytja, eru alveg á sömu leið og ganga í sömu átt og þær till., sem ég hef áður flutt um þetta mál, — að auka skattinn, sem ganga á til fiskveiðasjóðs, frá því, sem nú er ákveðið að lögum, þ. e., að hann verði ½% í staðinn fyrir að nú er hann ekki nema ⅛% —, en samkvæmt tillögum mínum átti hann að verða 2%. Mér virðist, að sú úrlausn, sem þetta mál fengi samkv. þessum till., mundi vera ákaflega ófullkomin miðað við þær kringumstæður, sem nú eru fyrir hendi í þessu efni. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þær fela í sér tiltölulega mjög ófullkomnar umbætur á starfsemi sjóðsins. Eins og fyrsti flm. þessara till. tók fram, mundu tekjur sjóðsins af þessu, miðað við venjulegt árferði, vera um 200 þús. kr., en samkv. þeim till., sem ég flutti, hefðu tekjur sjóðsins orðið um 800 þús. kr. eftir sama mælikvarða. Það liggja hins vegar ekki fyrir upplýsingar um það, hverjar tekjur sjóðsins mundu verða samkv. frv. sjútvn., en ég hygg, að þær mundu nema 3—400 þús. kr. á ári.

Ég lít svo á, að þetta sé ákaflega ófullnægjandi og get því ekki undir neinum kringumstæðum fallizt á þessa brtt. eins og hún liggur fyrir, þó að ég sé stefnunni samþ. eins og till. mínar benda til. Það er alveg rétt, að í frv. mínu taldi ég það vera langöruggast og bezt fyrir sjóðinn að fá tekjurnar einmitt með þessum hætti, þó ber að sjálfsögðu að sníða stakk eftir vexti og ganga ekki lengra í skattaálögum í þessu skyni en líkur væru til, að sjávarútvegurinn geti undir staðið.

Þá er það náttúrlega rétt fram tekið hjá hv. þm. A.-Sk., að það eru engan veginn jafnvissar eða öruggar tekjur fyrir sjóðinn, að hann fái hluta af skatti ríkissjóðs af útfluttum sjávarafurðum. Það mundi geta farið svo, að gripið yrði til þess, ef ríkissjóði yrði tekjuvant, að fella niður greiðslu til fiskveiðasjóðsins og láta allan skattinn renna til ríkissjóðs. Ég fellst á það, að að þessu leyti sé þessi úrlausn, sem felst í frv. sjútvn., ekki eins trygg og hin leiðin, að hækka útflutningsgjaldið eins og ég lagði til og gert er í tillögum þm. A.-Sk. og þm. N.-Þ. En tillögur þeirra ganga svo skammt, að það verður að telja alveg ófullnægjandi lausn þessa máls. Kýs ég því þann kostinn heldur, þar sem sýnt er, að mínar tillögur til úrlausnar þessu máli fá ekki byr, að fylgja heldur frv. sjútvn. eins og það er.

Svo var það fyrirspurn, sem ég vildi bera hér fram til hv. sjútvn. viðvíkjandi 2. gr. frv., þ. e. a. s. 2. lið gr., þar sem talað er um, að tekjur sjóðsins séu helmingur þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum, hvort þar sé ekki innifalinn sá hluti af þessu gjaldi, sem á að ganga til fiskimálanefndar. Þetta skiptir náttúrlega dálitlu máli fyrir fiskveiðasjóð, sem á að njóta þessara tekna. Annars benti ég á það, þegar ég talaði fyrir mínu frv. hér á dögunum, að ég teldi, að það mál horfði þannig við nú, að vel gæti komið til mála að leggja niður starfsemi fiskimálanefndar. Þar með gætu niður fallið þau fjárframlög, sem til hennar ganga nú. Það væri eðlilegra að efla eina lánsstofnun, eins og t. d. fiskveiðasjóð, til þess að inna af hendi lánastarfsemi til skipabygginga, kaupa á skipum og verksmiðju- og frystihúsabygginga, heldur en að hafa þetta í tvennu lagi, þar sem hvorug stofnunin nær nema skammt til þess að sinna þessum störfum. Auk þess liggur það ákaflega opið fyrir, að þau verzlunarviðskipti, sem fiskimálanefnd hefur með höndum, gangi til Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem rekur alveg hliðstæð viðskipti fyrir útgerðina, að því er snertir sölu saltfiskjar. Mér virðist, að það geti farið ákaflega vel saman, að sala þessara afurða sé undir sömu stjórn, og það því fremur, sem starfssvið fisksölusamlagsins hefur nú dregizt mjög saman við það, að saltfiskframleiðslan hefur minnkað ákaflega mikið á seinni tímum. Þess vegna hlýtur það að vera miklu hagkvæmara að haga þessu svo, að salan í hraðfrystihúsin verði lögð í hendur þeim aðila, sem útvegsmenn hafa falið sölu saltfiskjarins, en lánastarfsemin til frystihúsbygginga o. fl. verði yfirfærð á fiskveiðasjóðinn. Ég minnist þessa vegna þess, að mér virðist það falla inn í þetta mál og teldi

þetta heppilega tilhögun og ákaflega eðlilega eins og sakir standa nú. Þess ber að gæta, að eftir því sem aðstaða fiskveiðasjóðs er betur efld að því er snertir sjálfseignarfé, er aðstaða hans betri og sterkari til þess að veita hagkvæm og vaxtalág lán til útgerðarinnar, sem vitanlega er nauðsynlegt fyrir jafnáhættusaman atvinnurekstur og sjávarútvegurinn hefur reynzt vera hjá okkur Íslendingum. Ég geri ráð fyrir því, að fullt samræmi sé í brtt. hv. þm. A.-Sk. og þm. N.-Þ. að því er snertir hækkun á útlánsvöxtum, ef á að byggja aukningu sjóðsins í verulegum atriðum á lántöku, að þá sé ekki hægt að gera ráð fyrir því, að sjóðurinn geti gert vægari kröfu um vexti heldur en það, að þeir væru ákveðnir 4½%, því það skiptir náttúrlega miklu máli, hvort sjóðurinn verður að taka dýr lán eða getur starfað með eigin fé. Hv. þm. A.-Sk. vildi leggja allverulega upp úr því, að sjóðurinn ætti nú í skuldaskilasjóði verðbréf, er næmi verulegri upphæð. Ég benti á það við 1. umr., að það væri ákaflega valt að reikna með þessu sem handbæru fé til slíkra ráðstafana. Það er vitað, að undir venjulegum kringumstæðum mundi ekki vera hægt að innheimta nema lítinn hluta af þeim höfuðstól, sem þarna er um að ræða. Það sýnir sig bezt á því, að öll árin, síðan uppgerð í skuldaskilasjóði fór fram, hefur fiskveiðasjóði ekki tekizt að innheimta nema nokkuð á 2. hundrað þús. kr. En á síðast liðnu ári hefur innheimtan gengið betur, sem er afleiðing þeirrar snöggu breytingar, sem þá varð á hag sjávarútvegsmanna. Eins og breytingin varð snögg til batnaðar, virðast allar líkur benda til þess, að þegar undan fæti hallar aftur, þá geti breytingin orðið jafnsnögg eða sneggri, og þá sér maður, hvaða afleiðingar þetta getur haft upp á greiðslur til sjóðsins á þessum hæpnu skuldaskilasjóðslánum. Þess vegna er mjög hæpið að byggja nema að litlu leyti á þeirri skuldabréfaeign, sem þarna er um að ræða. Auk þess var það svo, að fiskveiðasjóður bar allan kostnað af skuldaskilum, og til þess hefur vitanlega farið allmikið fé, eins og gefur að skilja. Þrátt fyrir það, þó ég viðurkenni, að flm. þessara brtt. séu að mínu áliti á réttari leið með þessum till. en þeirri, sem í frv. felst, þá álít ég, að þeir gangi svo skammt, að ekki sé við það hlítandi fyrir sjóðinn. Ég mun þess vegna greiða atkv. á móti till., en með frv. Og ég vil segja það sem mína skoðun, að ég lít svo á, að það viðhorf, sem nú blasir við okkur á ýmsum sviðum, sé þannig, að þegar því ógnarástandi léttir, sem við nú búum við, þá verði vitanlega fyrir hendi ákaflega mikil og brýn þörf fyrir það, bæði á sjó og landi, að auka, efla og endurbæta þau verðmæti, sem eru í þessu landi, í húsbyggingum, ræktun og öðru slíku, og þá ekki síður að því er snertir skipastólinn. Og við þurfum skilyrðislaust, — það er okkur lífsspursmál —, þegar við eigum að fara að lifa undir breyttum kringumstæðum, að búa sem bezt í haginn fyrir okkur til þess að mæta því gerbreytta viðhorfi í atvinnumálum, sem við megum vita alveg fyrir víst að bíður okkar, þegar því ógnarástandi léttir af, sem við eigum nú við að búa. Við verðum að gera það, sem við getum, til þess að greiða götu þess, að við þá getum haldið áfram framleiðslunni, bæði á sjó og landi.

Skúli Guðmundsson: Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að bera fram tvær fyrirspurnir til hæstv. fjmrh.

Í till. meiri hl. sjútvn. er gert ráð fyrir því, að helmingur af því útflutningsgjaldi, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum, skuli hér eftir falla til fiskveiðasjóðs. Það liggur í augum uppi, að þetta hefur allmikil áhrif á fjárhagsafkomu ríkissjóðs. Síðasta ár mun útflutningsgjaldið hafa numið 1 400 000 krónum eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf, þegar hann lagði fjárlagafrv. fyrir þingið. Hefði þetta ákvæði frv., sem ég nefndi, verið í gildi þá, hefði þetta numið rúmum 700 000 kr., sem tekjur ríkissjóðs hefðu rýrnað við þessa ráðstöfun árið sem leið. Ég sé, að í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, er útflutningsgjaldið ekki áætlað nema 850 000 kr., en eftir þeirri áætlun mundu þó tekjur ríkissjóðs minnka um meira en 400 000 kr., ef þetta ákvæði frv. verður samþ.

Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. um það, hvort hann telji fært að skerða tekjur ríkissjóðs á þennan hátt sem þessu nemur.

Hin fyrirspurnin, sem ég vildi leyfa mér að bera fram, er um vextina af lánum úr fiskveiðasjóði, sem hér eru tvenns konar till. um. Það er náttúrlega ekkert nema gott um það að segja, að aðalatvinnuvegir landsmanna geti fengið lán með sem hagstæðustum vaxtakjörum. En þar kemur vitanlega margt til greina og m. a. það, að takmörk eru fyrir því, hve lágt er hægt að fara með vexti af sparifé, sem lánsstofnanir hafa í sínum vörzlum og veita út til atvinnuveganna.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um það, að vextirnir ættu að miðast við það, hvað lánin væru veitt til margra ára. En ég tel það ekki síður skipta mjög miklu, hve góðar tryggingar eru fyrir lánunum. Ég hygg, að ekki verði um það deilt, að tryggingar fyrir landbúnaðarlánum séu betri heldur en hér í þessu frv. er gert ráð fyrir um tryggingar fyrir lánum úr fiskveiðasjóði. Því að það er allmikil hætta á því, að sjóveð falli á skip, og þá rýrnar veðgildi þeirra. Er því ljóst, að fasteignaveð er tryggara heldur en veð í skipum.

Nú finnst mér, að a. m. k. ef það verður samþ., að vextirnir séu aðeins 4% af lánum úr fiskveiðasjóði, þá verði ekki hjá því komizt að óska þess, að vextir af t. d. ræktunarsjóðslánum verði til samræmis færðir allmikið niður frá því, sem nú er.

Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort hann, ef hann getur fallizt á þessar till. sjútvn. um vaxtakjör, sem hér liggja fyrir viðkomandi fiskveiðasjóði, vildi þá einnig veita því máli liðsinni, ef fram yrði borið frv. um lækkun á vöxtum af landbúnaðarlánum, tilsvarandi við það, sem hér liggur fyrir, sem vitanlega yrði þá gert á kostnað ríkissjóðs á einn eða annan hátt. Þetta hefði mér þótt gott að fá upplýst áður en við eigum að fara að greiða atkv. um þær till., sem hér liggja fyrir.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég þykist sjá, að hv. þm. Ísaf. kjósi heldur að koma á eftir mér, þótt hann eftir röð eigi að taka næst til máls, af hvaða ástæðum, sem það er. En ég hafði ekki hugmynd um, að fyrirspurn hv. þm. V.-Húnv. stæði neitt í sambandi við það, sem hv. þm. Ísaf. hafði hugsað sér að láta frá sér heyra í sambandi við þessar umr. Hins vegar mun hann eiga sæti í sjútvn. og er flm. frv., og það er náttúrlega eðlilegt, að hann vilji gera eina ferðina, ef hann kynni að hafa eitthvað við það að athuga, sem ég segi um þetta.

Þessar fyrirspurnir hv. þm. V.-Húnv. — ja, það má segja, að full ástæða sé til þess, að þær eru fram bornar. En æðsti dómstóll í þessum málum er náttúrlega hæstv. Alþ. sjálft. Og fyrsti umboðsaðili Alþ. í því sambandi er hv. fjvn., svo að í raun og veru hefði hv. þm. eins getað beint þessari fyrirspurn til þeirrar hv. n.

Ég get náttúrlega ekki annað en tekið undir það, að varlega beri að fara í því að binda ríkissjóði bagga fyrir framtíðina og binda hans venjulegu rekstrartekjur á þann hátt, sem nú m. a. er farið fram á í þessu frv. En hins vegar er það nú orðið þekkt, að ef Alþ. telur, að afkomu ríkissjóðs kunni að vera nokkur hætta búin í sambandi við slíkar kvaðir, sem það hefur sjálft lagt á, þá er ein útgönguleið, og það er að setja upp lagasetningu í svipuðu formi sem við þekkjum undir nafninu bandormur. Og ég býst við, að í skjóli þess úrræðis muni þingið sjá sér miklu fleira fært að samþ. í þessum efnum heldur en annars mætti teljast kannske fullforsvaranlegt, ef það væri fyrirfram vitað, að engin leið væri til þess að komast undan skuldbindingum, ef harðnar í ári fyrir ríkissjóði. Ég er sammála hv. þm. um, að það beri að fara varlega í þessum efnum. En að sjálfsögðu er það Alþ. sjálft, sem verður að taka ákvörðun um það, hvað það telur fært á hverjum tíma að leggja fram af tekjum ríkissjóðs til slíkra mála. Það eru kannske nokkrir erfiðleikar á að taka slíkar ákvarðanir á slíkum tímum sem nú, þegar öll þjóðin, og jafnvel Alþ. sjálft, sér varla út úr augunum fyrir þeim peningum, sem mönnum finnast vera í ríkissjóði, þannig að allar leiðir hljóti að vera færar, og úrræði hljóti að vera til þess að veita sér miklu meira en á venjulegum tímum. Og ég býst við, að þetta m. a. geri sig gildandi í sambandi við þetta frv.

Sem sagt, viðvíkjandi þessari fyrirspurn hv. þm. get ég ekki annað en tekið undir það með honum, að allrar varúðar beri að gæta í sambandi við þetta mál sem önnur, er líkt stendur á um.

Hvað viðvíkur vaxtakjörum um lán úr fiskveiðasjóði, þá verð ég líka að vera sömu skoðunar sem hv. þm. V.-Húnv., að mér finnst ekki nema eðlilegt, að fasteignaveð njóti nokkuð betri vaxtakjara heldur en þau veð, sem um er að ræða í þessu sambandi, m. a. af því, sem hv. þm. tók fram, vegna hættu á skipsveði. Eins hefur verið litið svo á í þessu landi yfirleitt, að sjávarútvegurinn væri þess umkominn að bera nokkru erfiðari vaxtakjör heldur en landbúnaðurinn í venjulegu árferði. Ég teldi það þess vegna nokkuð eðlilega kröfu, ef vextir yrðu ákveðnir af fiskveiðasjóðslánum eins og farið er fram á í þessu frv., þá yrði farið fram á svipuð kjör um vexti af landbúnaðarlánum. Og þá ber hæstv. Alþ. að taka það með í reikninginn, að þá mundi einnig sú vaxtalækkun, sem í því sambandi væri um að ræða, leggjast á ríkissjóð, eins og hv. þm. V.-Húnv. veik að.

Fyrir mitt leyti held ég, að óþarflega langt sé hér farið í till. n. um lækkun vaxta af fiskveiðasjóðslánum, að þeir séu lækkaðir í 4%, og teldi ég, að réttara væri að hafa þá vexti nokkru hærri.

*Finnur Jónsson: Ég er í meiri hl. n. með þeim hv. 5. þm. Reykv. og hv. þm. Ak. Og þar sem nokkuð er farið að bera á því, að menn greinir hér á um aðalatriði þessa frv., vildi ég leggja nokkur orð í belg, þó að frsm. n. hafi áður tekið fram flest það, sem ástæða er til að segja um þetta mál. Hann hefur bent á það réttilega, að vextir og afborganir af lánum úr byggingar- og landnámssjóði, sem lánuð eru til sveitanna, séu ekki nema 5% á ári og talið, að sjávarútvegurinn ætti að fá sams konar stofnlánakjör. Þessu hefur verið mótmælt af hv. þm. A.-Sk. og hv. þm. V.-Húnv., og þeir hafa sagt um leið, að þeir teldu, að öll lán landbúnaðarins ættu þá að njóta sömu kjara eins og hér er talað um viðvíkjandi fiskveiðasjóðslánum. Nú lítum við svo á í meiri hl. sjútvn., að byggingar- og landnámssjóðslánin séu sambærileg við fiskveiðasjóðslánin, þannig að fiskveiðasjóður eigi að verða eins konar byggingar- og landnámssjóður fyrir sjóinn. Og samkvæmt því hefðum við átt að gera kröfu til þess, að afborganir af stofnlánum frá fiskveiðasjóðnum yrðu ekki hærri en af stofnlánum úr byggingar- og landnámssjóði. Nú höfum við þó ekki viljað gera þetta, heldur gengið til samkomulags og sett vextina í 4% á ári.

Það hefur verið talað um í sambandi við þetta mál, að fasteignaveðslán væru venjulega tryggari heldur en lán, sem varið væri til fiskiskipakaupa. Þetta má vera. En ég hygg, að ef gerður væri samanburður á lánum til landbúnaðarins á undanförnum árum og lánum hins vegar, sem fiskveiðasjóður hefur lánað, mundi það koma upp, að fiskveiðasjóður hefur tapað tiltölulega minna á lánum heldur en Búnaðarbankinn hefur tapað á lánum, og vil ég þó ekki segja, að þau töp hafi verið stór. Á tíu ára tímabili hafa, samkvæmt skýrslum sjóðstjórnar fiskveiðasjóðs, tapazt 12 til 14 þús. kr. af lánum úr sjóðnum. Og með þeirri veltu, sem sjóðurinn hefur, getur þetta ekki talizt mikil áhætta.

Það væri ákaflega fróðlegt, ef þeir hv. þm., sem hafa verið að ræða um áhættuna viðvíkjandi fiskveiðasjóðslánum, vildu bera saman þá áhættu við áhættuna í sambandi við landbúnaðarlán, og þeir vildu svo upplýsa, hvernig sá samanburður mundi verða eftir reynslu undanfarinna ára. Því að það er ekki nóg að segja, að þetta séu verulega mikil áhættulán, þegar það liggur fyrir, að fiskveiðasjóður hefur ekki tapað meiru en hér hefur orðið raun á.

Nágrannaþjóðir okkar hafa litið svo á, að

stofnlán, sem veitt væru til bygginga á smærri fiskiskipum, ættu nokkuð jafnan rétt á sér eins og stofnlán til landbúnaðarins. Og fyrir stríðið voru stofnaðir fiskveiðabankar í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, sem lánuðu fé til bygginga mótorbáta fyrir vexti, sem voru um 3% á ári. Þó að við setjum nú vextina af fiskveiðasjóðslánunum í till. okkar í 4%, þá eru þeir þó mun hærri en þeir vextir, sem nágrannaþjóðir okkar gerðu ráð fyrir að taka af lánum til fiskveiðiflotans hjá sér, áður en stríðið hófst.

Hv. þm. Borgf. gerði þá fyrirspurn til sjútvn., hvort ætlazt væri til þess, að ákvæði 2. gr. frv. næðu til þess hluta af gjaldi í fiskveiðasjóð, sem nú rynni til fiskimálan. Ég held, að þetta sé nokkuð greinilegt í frv., að þar er tekið fram, að tekjur fiskveiðasjóðs séu m. a. helmingur þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum. En ríkissjóður tekur vitanlega ekki það, sem fiskimálanefnd fær af fiskimálasjóðsgjaldinu. Ég held því, að þetta þurfi ekki frekari skýringa við. Nú virtist hv. þm. Borgf. telja, að meiri trygging væri fyrir því, að ríkissjóður gripi ekki til tekna fiskveiðasjóðs í erfiðu árferði, ef það gjald væri ákveðið í sérstökum l., eins og fiskveiðasjóðsgjaldið er ákveðið nú. Mér virðist nú ekki í þessu vera nein sérstök trygging. Alþ. hefur látið fiskveiðasjóðsgjaldið renna í ríkissjóð á undanförnum árum, af því að það hefur verið svo lágt, að það hefur ekki þótt taka því að leggja það í fiskveiðasjóð. Ég vil enn einu sinni benda á, að fiskveiðasjóðsgjaldið er ákveðið með sérstökum l., og þó hefur hæstv. Alþ. séð sér fært að taka það vegna örðugs fjárhags. Tryggingin fyrir því, að fiskveiðasjóður fái sínar tekjur, liggur því ekki í því, eftir hvaða formi er gert ráð fyrir, að fiskveiðasjóður fái tekjurnar, heldur í því, hvaða nauðsyn Alþ. telur fiskveiðasjóði á að fá tekjurnar, og einnig í því, hve mikil þörf ríkissjóðs er á hverjum tíma til þess að afla sér annarra tekna heldur en þeirra, sem gert er ráð fyrir beinlínis með tollum.

Ég hef, ásamt meiri hl. sjútvn., ekki viljað fara inn á þá leið að hækka útflutningsgjaldið af sjávarafurðum, vegna þess m. a. að það útflutningsgjald er nú orðið allhátt, og við vitum ekkert um það, hver afkoma sjávarútvegsins verður jafnvel á þessu ári, — hún er orðin alióviss. Útflutningsgjaldið er lagt á sem hundraðsgjald af verði vörunnar, kominnar í skip, og tilkostnaður allur við að breyta vörunni þannig, að hún verði útflutningshæf, er þá orðinn svo mikill, að þetta gjald getur orðið mjög tilfinnanlegur skattur. Fyrst og fremst þarf sjávarútvegurinn að borga há innflutningsgjöld af því, sem flutt er inn og framleiðslan þarf að nota. Þegar svo er búið að breyta vörunni, t. d. fiski í saltfisk, þá er það enn svo mikill tilkostnaður, að ekki er viðlit að hækka útflutningsgjaldið frá því, sem nú er. Ef samkomulag hefði hins vegar verið um það að lækka útflutningsgjaldið og setja fiskveiðasjóðsgjaldið eitthvað upp, þá hefði það frá mínu sjónarmiði getað verið tiltækilegt. En þó tel ég, að þetta komi nokkuð í sama stað niður, hvor aðferðin er höfð. Og meiri hl. sjútvn. virtist, að þetta mundi vera öllu handhægara, eins og lagt er til í frv., heldur en að fara að breyta sjálfum l. um útflutningsgjaldið.

Hvað því viðvíkur, að starfsemi fiskimálan. sé nú orðin óþörf, þá held ég, að það sé ekki rétt athugað hjá hv. þm. Borgf. Fiskimálan. hefur tekið að sér að sjá um sölu á framleiðslu hraðfrystihúsanna, sem er orðið allmikið verk. Og þó að það kannske sýndist svo, að það væri fullt svo eðlilegt, að Samb. ísl. fiskframleiðenda hefði þessa starfsemi með höndum, þá er það orðið svo, að fiskimálan. hefur hlotið ágæta tiltrú hjá ishúsaeigendum, og ég býst ekki við, að þeir óski eftir að breyta neitt til um þessi efni.

Þá má enn fremur geta þess, að þó að nú sé búið að reisa hraðfrystihús mjög víða, þá er annar þáttur af starfsemi fiskimálan. alveg ógunninn, og ég á þar við niðursuðu og niðurlagningu sjávarafurða. Það er að vísu starfandi í landinu ein nokkuð stór verksmiðja og tvær smærri í þessari atvinnugrein. En þeir, sem hafa fylgzt með í því, hverja áherzlu nágrannaþjóðir okkar leggja á þennan iðnað á venjulegum tímum, getur ekki dulizt, að starfsemi fiskimálan. er á þessu sviði ekki nema aðeins nýbyrjuð. Fiskimálan. á því enn fyrir hendi mikið verk, og ég geri ráð fyrir, að á meðan í henni sitja menn, sem hafa einhverja hugkvæmni, þá finni þeir jafnóðum ný verkefni, þegar önnur verkefni kunna að vera leyst. Það hefur gengið svo til hér hjá okkur, að við höfum sent okkar vörur óunnar út úr landinu. Við höfum á síðustu árum sent 40—60 þús. tunnur árlega af krydd- og sykursíld til Svíþjóðar. Og þessi síld hefur verið lögð þar niður í dósir og flutt til annarra landa. En miklu eðlilegra hefði verið, að þessi iðnaður hefði verið framkvæmdur í landinu sjálfu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta að sinni. En ég vildi þó benda hv. þm. Borgf. á, að í sjútvn. hefur ekki verið gert ráð fyrir, að fiskveiðasjóður fengi 4 millj. kr. frá skuldaskilasjóði, meðfram vegna þess að skuldaskilasjóðslánin voru aldrei nema 1½ millj. kr. Hins vegar gerði sjútvn. ráð fyrir því, að eignir fiskveiðasjóðs yrðu innan ekki langs tíma 4 millj. kr.

Fiskveiðasjóður hefur fengið frá skuldaskilasjóði 400 þús. kr., en af því, sem skuldaskilasjóður á nú útistandandi, var gert ráð fyrir, að fiskveiðasjóður fengi helminginn, eða um 600 þús. kr.

*Frsm. (**Sigurður Kristjánsson**): Í tilefni af samanburði, sem gerður hefur verið á tekjum sjóðsins samkvæmt frv. og till. minni hl. sjútvn., vildi ég benda hv. þm. á og leggja áherzlu á það, að samkvæmt frv. fær sjóðurinn í tekjur 1% af öllu verði útfluttra sjávarafurða, því að nú tekur ríkissjóður 2% af verðinu í útflutningsgjald, en eftir till. minni hl. n. verður sá viðauki fiskveiðasjóðsgjalds, sem sjóðurinn fær, ¾%. Þetta munar sjóðinn mjög miklu. Eftir till. hv. minni hl. verður vöxtur sjóðsins mjög hægur.

Ég var búinn að skrifa hjá mér ýmis atriði, sem ég ætlaði að taka til athugunar, en hv. þm.

Ísaf. hefur svarað þeim öllum. Þó vil ég, út af orðum hv. þm. V.-Húnv. um það, að tryggingar fyrir lánum til sjávarútvegsins séu miklu lélegri en tryggingar fyrir lánum til landbúnaðarins, leggja áherzlu á, að lán út á gott eikarskip er í mesta lagi til 15 ára, og verður að telja, að slíkt skip sé gott veð við 15 ára láni, því að þótt skipið farist, er féð engan veginn glatað, þar sem skyldutrygging er á því.

Það er rétt, sem hv. þm. Ísaf. benti á, að fiskveiðasjóður hefur lánað á fjórðu millj. kr., en töp á þeim lánum hafa ekki orðið nema hér um bil 12 þús. kr., eða sama og ekkert. Ef hægt væri að benda á betri útkomu annars staðar, til dæmis hjá landbúnaðinum, þá væri það gott. Það má alltaf spyrja, eins og hv. þm. V.-Húnv., hvort ríkissjóður geti misst þessar tekjur, — en munar það ríkissjóð ekki meira, ef sjávarútvegurinn hrynur? Eru ekki þaðan mestar tekjur ríkisins? Það er í rauninni enginn ágreiningur um það, hvaðan þessar tekjur skuli vera, því að vitað er, að sjóðurinn á að hafa tekjur sínar eingöngu frá sjávarútveginum sjálfum. Og þegar menn eru alltaf með þennan rógkennda samanburð við landbúnaðinn, er ekki ástæðulaust að benda á, að þessi sjóður á einungis að hafa tekjur sínar frá þeirri starfrækslu, sem á að njóta góðs af starfsemi hans. Getið þið bent á aðra sjóði, sem þannig er fyrir komið? Fá þeir ekki yfirleitt tekjur sínar frá ríkinu? Og reynslan sýnir, að er margir ganga í skrokk á hinum sama, þá miðar hver við það, að engir aðrir taki þar af. Þannig er um útsvar, tekjuskatt o. s. frv., sem mætast í miðjum skrokki skattgreiðenda. Hér er nú komið margs konar útflutningsgjald á sjávarútveginn, fyrst til ríkissjóðs, í öðru lagi til fiskimálasjóðs, sem ríkissjóður hefur sölsað undir sig, í þriðja lagi til fiskveiðasjóðs og í fjórða lagi til einhverrar útflutningsn., og man ég ekki fleira í svipinn. Ég held því, að rétt sé að fara hægt í því að láta þeim fjölga, sem flá þennan atvinnuveg.

Jón Ívarsson: Ég ætla ekki að fara í neinn meting um það, hversu háttað er tekjum ríkisins af landbúnaði og sjávarútvegi, en ég vil minnast á nokkur önnur atriði, sem fram hafa komið hér í umr. Á það hefur verið bent, að með till. okkar hv. þm. N.-Þ. væri stefnt að því að gera tekjur fiskveiðasjóðs rýrari. En ég hef áður getið þess, að tekjurnar væru með okkar till. gerðar öruggari, og teldum við það meira virði en hitt, að þær væru settar mjög háar í bili. Ég er enn á þeirri skoðun, og þess vegna lít ég svo á, að sjóðinum sé það betra og æskilegra, að okkar till. gangi fram en sú till. um þetta, sem í frv. felst.

Á það var minnzt hér, að ekki mætti gera of mikið úr eignum skuldaskilasjóðs, og er það rétt. Þegar ég áætlaði eignir fiskveiðasjóðs upp undir 4 millj. kr., þá reiknaði ég þetta þannig: Eignir samkvæmt eignayfirliti 2.2 millj. kr., greiðsla frá ríkissjóði tæp 1 millj. kr., óinnkomið fiskveiðasjóðsgjald frá 1940 á 2. hundrað þús. kr., eða ef til vill 200 þús. kr., og ætla ég, að eignir skuldaskilasjóðs nægi að minnsta kosti fyrir því, sem á vantar 4 millj. kr., jafnvel þó að þær væru ekki metnar nema 50—60% af því, sem upp er gefið, að þær nemi, en ég held, að þær hafi um síðustu áramót verið taldar vera um millj. kr.

Um vextina skal ég ekki vera margorður. Var nokkuð á þá minnzt í sambandi við frv. um raforkuveitusjóð, þar sem gert er ráð fyrir 3% vöxtum af lánum úr þeim sjóði. En hér liggur einnig fyrir annað frv., á þskj. 92, sem fjallar meðal annars um lánadeild smábýla. Frv. þetta er samið af milliþn. í bankamálum, og er þar gert ráð fyrir 6% vöxtum. Við getum ekki almennt miðað við 3% eða 4%, enda tel ég, að fiskveiðasjóður verði að miða vexti sína við það, sem gerist almennt í landinu.

Á það hefur verið minnzt, að tap fiskveiðasjóðs hafi verið undarlega lítið, en á síðasta starfstímabili sjóðsins fóru fram samningar um skuldaskil, og held ég, að með því hafi starfsemi sjóðsins verið gerð öruggari. Annars er það gleðilegt, að töpin hafa ekki orðið meiri en þetta. Án þess að ætla að fara hér út í nokkurn samanburð, get ég þó sagt það, að ég veit ekki til, að töp hafi orðið af starfsemi byggingar- og landnámssjóðs eða ræktunarsjóðs.

Ég get svo að lokum, vegna þess sem fram hefur komið, getið þess, að við viljum fúslega ræða þetta mál við hlutaðeigendur, ef samkomulag gæti orðið um breytingar, og tek ég því brtt. okkar á þskj. 142 aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 142 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 35., 46. og 48. fundi í Nd., 15., 28. og 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 129, 142).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 142,1 felld með 13:7 atkv.
— 142,2 samþ. með 13:10 atkv.
— 142,3 kom ekki til atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 335).

Á 52. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 335, n. 543).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar. Pálmason): Þetta frv. um breyting á l. um fiskveiðasjóð Íslands var flutt í hv. Nd. og er hingað komið með litlum breytingum frá því, sem það var lagt fyrir þingið. Breytingar þær, er hér hefur verið lagt til, að gerðar yrðu á l. þessum, stefna í fyrsta lagi í þá átt að auka allmjög stofnfé sjóðsins og í öðru lagi að auka lán þau, er sjóðurinn veitir til smíða og kaupa á fiskiskipum og til fyrirtækja, er reka iðnað með sjávarafurðir. Eins og nál. ber með sér, eru allir nm. á einu máli um, að efla beri sjóðinn, svo að hann geti brátt orðið þess megnugur að fullnægja stofnlánaþörf sjávarútvegsins. Á það nokkuð langt í land, að þetta náist, því að sjóðurinn hefur allt frá upphafi átt litla tekjumöguleika. Allt fram til 1930 hafði hann ekki aðrar tekjur en framlag það, sem veitt var á fjárl. á ári hverju, og var það flest árin ekki meira en 20 þús. kr. Með l. frá 1930 var stigið fyrsta sporið til þess að efla fiskveiðasjóð allverulega, með því að stofnfé sjóðsins skyldi aukið um eina millj. kr., er ríkið skyldi leggja fram og greiða á 10 árum. Varð litið úr greiðslu þessari, svo að sjóðurinn varð að taka 1 millj. kr. lán í Danmörku, og hefur hann orðið að standa sjálfur undir greiðslum á vöxtum og afborgunum. En nú hefur, að ég hygg, tekizt samningur milli sjóðsins og ríkisstj. um það, að ríkissjóður taki að sér að greiða það, sem eftir er af danska láninu og greiði síðan sjóðinum muninn, að frádregnu því tillagi, sem ríkissjóður hefur þegar greitt fiskveiðasjóði. Hefur þá nokkuð úr rætzt, og er ekki um að sakast, þó að sjóðurinn hafi átt við allmiklu lakari skilyrði að búa en ráð var fyrir gert undanfarin 10 ár og orðið að taka starfsfé sitt að láni með skilyrðum, sem ekki voru hagstæð að öllu leyti. Þetta heyrir sögunni til, og er ekki ástæða til að fjölyrða um það, en þrátt fyrir þetta hefur sjóðurinn eflzt mjög á þessum 10 árum, svo að í stað þess, að allar eignir sjóðsins voru árið 1930 aðeins rúmlega 697 þús. kr., verða þær nú orðnar röskar 3 millj. kr., þegar hann hefur fengið greidda þá einu milljón, sem hann átti að fá 1930—41. Afkoma sjóðsins hefur því orðið sæmileg á þessu árabili, og er sjálfsagt að viðurkenna, að sjóðinum hefur verið stjórnað prýðilega þessi ár. Töp hafa engin orðið, og hagsmuna hans hefur verið vel gætt í hvívetna.

Þess ber að geta, að nokkur tekjuauki hefur orðið af innheimtu lána skuldaskilasjóðs. Fiskveiðasjóðsgjald það, sem ákveðið var með l. 1930, hefur reynzt sjóðinum drýgstur tekjuliður. Hefur hann reynzt svo drjúgur, að á 10 árum hefur hann skilað rúmlega hálfri millj. kr. í sjóðinn.

Er ég hef nú lýst þessum aðdraganda, vil ég geta leiða þeirra til að afla sjóðinum tekna, sem stungið er upp á í frv. Er þá fyrst að telja fiskveiðasjóðsgjaldið samkvæmt l. frá 1930. Má gera ráð fyrir, að af því fáist 40 þús. kr. á ári eða rúmlega það, svo sem verið hefur. Þá er helmingur þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum, sem renna á í fiskveiðasjóð og er nýr tekjustofn. Hafa orðið skiptar skoðanir um þetta atriði í báðum hv. d. Ég tel þetta nokkuð varhugavert, í fyrsta lagi vegna þess, að ég er ekki bjartsýnni en það, að ég tel, að svo geti farið, að ríkissjóði veiti ekki af sínum uggum og roðum, að því er tekjur snertir. Í öðru lagi er það, að ég tel rétt að fara varlega í að byggja á þessu ákvæði, vegna þess að svo gæti farið, þegar í harðbakka slægi fyrir ríkissjóði, að frestað yrði að láta þetta gjald renna til fiskveiðasjóðs, svo að sjóðinum yrði sýnd veiði, en ekki gefin. Hins vegar teldi ég ekki óeðlilegt, að hækkað yrði nokkuð það hundraðsgjald, sem sjóðinum er ætlað samkvæmt l. frá 1930, en það er nú ekki nema ⅛% og hefur numið 40 þús. til 50 þús. kr. árlega. Ef þetta gjald væri hækkað t. d. upp í ½%, ætti það að geta numið 170 þús. til 180 þús. kr. árlega, og hygg ég, að sú aðferð yrði ekki eins óvinsæl og hin, auk þess, að hún er bæði sanngjörn og eðlileg. Ég held, að allir, sem fiskveiðar stunda, hefðu tekið þessari aðferð betur en hinni. Nú hefur hv. Nd. lagt svo mjög á móti þessari stefnu, að hún hefur fellt niður þessa leið til tekjuöflunar. Hins vegar er orðið svo áliðið þings, að ósennilegt er, þar sem um er að ræða megna mótspyrnu í Nd., að hægt verði að koma fram breytingu á l. frá 1930. Var því úr vöndu að ráða fyrir mig, og játa ég, að það væri nokkuð hart aðgöngu að krefjast svo mikillar hækkunar nú þegar. Ég finn glöggt, að í þessu frv. felast allmiklar bætur fyrir sjóðinn, þó að ekki séu fullnægjandi. Þess vegna hef ég ákveðið að taka þá afstöðu að gera tilraun til að koma málinu fram með því að leggja til, að í fiskveiðasjóð renni ekki helmingur útflutningsgjaldsins, eins og lagt er til í frv., heldur fjórði hluti þess. Ég ber fram þessa brtt. af tveim ástæðum, fyrst og fremst af því, að ég tel, að það sé þó minna tjón fyrir ríkissjóð að missa ¼ af þessu útflutningsgjaldi en að missa helming, og hitt er mér ekki minni ástæða, að ég tel, að því lægri hundraðshluti, sem tekinn er af þessu gjaldi frá ríkissjóði, því meiri líkur séu til, að fiskveiðasjóður verði ekki sviptur þeirri tekjugrein. Ég geri það því af miðlunarástæðum að fallast á þessa leið, og um þetta er öll nefndin sammála.

Mér er það alveg ljóst, að þótt rýmkuð sé í frv. allverulega heimild sjóðsins til að taka lán til starfrækslunnar, er sú leið ákaflega torveld. Lán kunna að vísu að fást nú og með bærilegri kjörum en vant er, en til frambúðar hentar það ekki útgerðinni vel. Ef mjög mikill hluti rekstrarfjár sjóðsins er fenginn að láni, er aldrei hægt að búast við, að hann geti veitt lán með verulega hagstæðum kjörum. Hann þyrfti að geta fullnægt að miklu leyti stofnlánaþörf útvegsins af eigin fé. Undanfarinn áratugur hefur verið sjávarútveginum örðugur, og stafar það ekki minnst af háum vöxtum. Oft hafa stofnlánin verið 80—90% af stofnkostnaði, og þar ofan á hafa útgerðarmenn orðið að taka lán til rekstrarins og greiða af þeim mjög háa vexti. Afkoman hlýtur því að verða ákaflega slæm nema í sérstökum góðærum. Það þarf að koma svo fótum fyrir fiskveiðasjóð, að hann geti veitt lán með virkilega hagstæðum kjörum.

Þá er 2. brtt. n. um að hækka úr 35 þús. kr. í 75 þús. kr. heimildina til að veita þeim iðjufyrirtækjum lán, sem vinna að hagnýting sjávarafurða. Í frv. er upphæðin höfð hin sama og verið hefur undanfarið, þótt gildi peninga sé breytt. Allir sjá, að hún nær ákaflega skammt til að fullnægja stofnlánaþörf slíkra fyrirtækja. Ég álít, að réttara sé að veita fáum fyrirtækjum allrífleg lán, svo að fullum notum komi, heldur en veita fjölda fyrirtækja lán rétt til málamynda. Fleiri brtt. höfum við ekki gert. Ég vænti þess, að hv. Ed. fallist á samkomulagstillögur nefndarinnar og málið fái hér afgreiðslu. Ég vænti þess einnig, að hv. Nd. sýni ekki þann þverskallahátt að halda sér rígfast við helming útflutningsgjaldsins, eins og stendur í frv. Ég vona, að til þess geti ekki komið, að hv. Nd. láti málið stranda, þótt þarna sé vikið nokkuð frá því, sem hún hélt mjög fast fram í meðferð málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 543,1 samþ. með 9:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 543,2 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
6.—9. gr. (verða 7.—10. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 589).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til einnar umr.

*__Frsm. (Sigurður Kristjánsson)__: Mál þetta fór héðan til hv. Ed., og er það komið þaðan aftur nokkuð breytt. Mér þykir ekki rétt að láta það fara undir atkv. án þess að minnast örlítið á þá þýðingarmiklu breyt., sem hv. Ed. hefur gert á því.

Hv. þdm. mun sjálfsagt vera í minni frá umr., sem hér fóru fram í þessari deild, að málið var nokkurt ágreiningsmál. Uppruni málsins var sá, að ég hafði beðið hv. sjútvn. að flytja málið, og hafði ég samið frv. og haft stuðning atvmrh. til þess að fara þess á leit við sjútvn., að hún tæki frv. til flutnings. Í meðferð málsis í n. varð ég nú til samkomulags að slá allverulega af ýmsu því, sem upphaflega var í frv. Það var t. d. upphaflega í því, að vextir af útlánum skyldu vera aðeins 3%, og ýmislegt annað var það, sem ég hafði lagt til í frv., sem nefndin gat ekki fallizt á að öllu leyti.

Samkomulag varð ekki um vextina. Meiri hl. n. vildi færa þá upp í 4%, og það féllst ég á, en þegar inn í deildina kom, þá var samþykkt till. minni hl. sjútvn. að færa vextina enn upp í 4½%.

Þá var ágreiningur um tekjuöflun til sjóðsins. Upphaflega var með frv. mínu ætlazt til þess, að sjóðurinn yrði efldur, svo að hann gæti tekið að sér mjög bráðlega að sjá sjávarútveginum fyrir öllum stofnlánum. Sjútvn. féllst á, að þetta væri að sjálfsögðu framtíðarmarkmið, því að engin stofnun er hér á landi, sem hefur þetta með höndum, og útgerðin hefur, eins og kunnugt er, orðið að hafa erlend lán að langmestu leyti fyrir stofnlán.

En vegna ýmissa örðugleika, þá var gerð nokkur miðlun á þessu í n., og var þó nefndin ekki sammála, því að meiri hl. n. vildi láta sjóðinn njóta ½ útflutningsgjaldsins af sjávarafurðum, en minni hl. vildi leggja á nýtt gjald, sem mundi svara ¼ af því, sem ríkissjóður innheimtir, en láta ríkissjóð halda sínu. En þetta þótti okkur meirihl.mönnum of lítil efling fyrir sjóðinn, og d. samþ. skoðanir meiri hl.

Nú hefur Ed. gert þá stórfelldu breyt. á frv., að hún hefur höggvið þennan tekjulið í sundur, alveg í miðju, þannig að í staðinn fyrir, að í frv. var ákveðið, þegar það fór héðan, að sjóðurinn skyldi hafa helming þess útflutningsgjalds, sem ríkið innheimtir, hvort sem það lækkar hann eða hækkar, þá hefur Ed. breytt þessu og fellt niður í ¼. Ég er náttúrlega ekki óvanur því að reka mig á þennan kulda til sjávarútvegsmála, og af því að mér var kunnugt um, að þetta var samkomulagsmál í Ed., og þó að einhverjir hefðu verið, sem hefðu viljað efla sjóðinn meira, þá varð það til þess, að þetta var fellt. Af þeirri ástæðu sé ég ekki annað fært en að leggja til, að þessi hv. d. samþykki frv. eins og það er nú orðið. En ég vildi jafnframt lýsa yfir því, að mér þykir mjög miður, að enn skuli vera svona mikil tregða fyrir sjávarútvegsmálum hér á þessari hv. samkomu og enn skuli skorta eins mikið og raun ber vitni um á skilning hv. þm. á nauðsyn fyrir því, að sjávarútvegurinn, sem er undirstaðan undir allri okkar getu, að hann sé tryggður með öflugri stofnun til eflingar þessa atvinnuvegar. En menn verða að venja sig við það að vera þolinmóðir og taka leiðina í áföngum. Og í trausti þess, að skilningur aukist smám saman á þessu máli, og að því verði lengra þokað á næsta þingi að efla þessa mikilsverðu stofnun, mun ég leggja til, að frv. verði samþ. eins og það nú er komið frá hv. Ed.

__Jón Ívarsson__: Þegar þetta frv. var til 2. umr. hér í þessari hv. d., þá bárum við hv. þm. N.-Þ. fram brtt. við það, m. a. um það, að tekjuöflun þessa sjóðs væri á þann hátt, að innheimt væri sérstakt gjald, sem rynni í fiskveiðasjóðinn, og væri það, ½% af útfluttum sjávarafurðum. Sú brtt. naut ekki nægilegs fylgis hér í hv. d., og fór frv. héðan með þeim ákvæðum um fjáröflun til sjóðsins, sem hv. meiri hl. sjútvn. hafði lagt til, að til sjóðsins skyldi renna helmingur þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum.

Það fyrsta, sem við till.menn vildum ná með því að hafa þetta ½% gjald, var, að sjóðnum yrðu tryggðar öruggari tekjur heldur en með öðrum hætti, án þess þó að íþyngja atvinnuvegunum með of háu gjaldi. Við álítum, að með því að hafa þetta gjald ekki hærra en ½%, yrðu líkur fyrir því, að ekki yrði tekið af tekjum sjóðsins, þó að erfiðara yrði í ári. En á því hefur bólað á undanförnum árum, að gjöld, sem ætluð hafa verið til einstakra stofnana, hafa verið tekin í ríkissjóð, og er sú hætta alltaf fyrir hendi, ef um of hátt gjald til slíkra stofnana er að ræða. Nú hefur hv. Ed. breytt þessu svo, að í staðinn fyrir helming kemur einn fjórði hluti þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum, og mun það sízt gefa hærri tekjur heldur en brtt. okkar hv. þm. N.-Þ. gerði ráð fyrir. Þvert á móti mun þetta gefa minni tekjur heldur en að taka ½% gjald af útfluttum sjávarafurðum, eins og við gerðum ráð fyrir. Þegar brtt. okkar hv. þm. N.-Þ. lá fyrir, tókum við fram, að við værum mótfallnir því að skipta svona tekjum ríkissjóðs, eins og í frv. er gert ráð fyrir. En þar sem samkomulag hefur orðið um þetta í hv. Ed., og litlar líkur fyrir því að þeim fengist breytt hér, hefur okkur flm. fyrrnefndrar brtt. komið saman um að fylgja þessu máli við þessa umr. og greiða fyrir því, að sjóðurinn geti fengið þessar tekjur, þó að við hins vegar álítum það lægri tekjur heldur en eftir okkar brtt. hefði verið hægt að ná í sjóðinn.

Önnur breyt., sem hefur orðið á frv. í hv. Ed., er þannig, að við erum henni samþ. og munum þess vegna fylgja þessu máli út úr d., þó að við hefðum kosið, að afgr. hefði orðið á aðra lund um hið fyrrgreinda atriði.

*Finnur Jónsson: Ég tek undir það með hv. 5. þm. Reykv., að það er ákaflega leitt, að hv. Ed. skuli hafa breytt þessu frv., sem hér liggur fyrir, í þá átt, sem raun er á orðin, — þessari tekjuöflun sjóðsins, sem er færð niður um helming. En þar sem þetta mun vera orðið samkomulag, tjáir víst ekki að deila við dómarann um þetta. En ég held, að það verði erfitt fyrir hv. þm. A.-Sk. að sannfæra okkur um það, að einn fjórði hluti þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af sjávarafurðum og ákveðið er í frv. að skuli ganga til fiskveiðasjóðs, sé ekki meira heldur en ⅛%, sem hann og hans flokksmaður í sjútvn. vildi láta hækka gjaldið til sjóðsins um.

Jón Ívarsson: Mér kemur það kynlega fyrir að heyra hv. þm. Ísaf. segja, að við hv. þm. N.-Þ. höfum lagt til, að hundraðsgjaldið yrði ⅛%. Við lögðum til, að það væri ½%. Og miðað við það er það síður en svo til bóta að fá breyt. þá, sem í frv. felst nú, frá því, sem hefði verið, ef brtt. okkar hv. þm. N.-Þ. hefði verið samþ.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 609).

68. Þegnskylduvinna.

Á 48. fundi í Nd., 30. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu (þmfrv., A. 305).

Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 7. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

*Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er að vísu 2. umr. málsins, en við 1. umr. var engin framsaga um málið.

Landbúnaðarnefnd barst frá ríkisstj. frv. til l. um þegnskylduvinnu vegna jarðræktar. Fannst landbn. of skammt gengið í því frv., þar sem aðeins var miðað við jarðrækt. Hefur n. því samið nýtt frv., sem fer um ýmsa hluti nær hinni gömlu hugmynd um þegnskylduvinnu, en felur í sér aðalatriði frv. stj. Fær hver hreppur eða kaupstaður heimild til þess skv. frv. að koma á þegnskylduvinnu með aðstoð ríkisvaldsins, og er með þessu móti ekki um neina þvingun að ræða. Það er ekki ætlazt til þess, að varið verði meira fé úr ríkissjóði til þegnskylduvinnu en veitt er í fjárlögum á hverjum tíma.

Ég hygg, að eftir hinar miklu umræður, sem orðið hafa um þegnskylduvinnuna, sé rétt að gefa landsmönnum kost á að reyna þetta fyrirkomulag; ef það gefst vel, gæti það haft mikla þýðingu og þegnskylduvinnan síðar orðið almenn.

Ég hygg, að engir hagsmunir muni geta komið í bága við þessi einföldu heimildarlög og að þau sæti engum mótbárum hér á Alþingi.

Jóhannes Jónasson: Hugmyndin um þegnskylduvinnu hér á landi er engan veginn ný bóla. Fyrir því nær fjórum áratugum var hér á Alþingi borin fram tillaga í málinu, sem að vísu náði aldrei fram að ganga. Frá þeim tímum mun vera hin alkunna staka, sem sumir telja, að hafi átt hvað mestan þáttinn í að hindra framgang málsins:

> Ó, hve margur yrði sæll
> og elska mundi landið heitt,
> mætti hann vera í mánuð þræll
> og moka skít fyrir ekki neitt.

En hugmyndin hefur þó aldrei horfið með öllu úr hugum sumra manna, enda þótt mjög virðist nú af henni dregið, þar sem er frv. það til heimildarl. frá hv. landbn., sem hér liggur fyrir til umræðu.

Áður en ég vík að sjálfu þessu frv., vildi ég leyfa mér að greina nokkuð frá afstöðu minni

til þegnskylduvinnu almennt sem samfélagslegrar hugsjónar. Tvö eru þau höfuðatriði, sem formælendur hennar hafa fært henni til ágætis.

Í fyrsta lagi, að á hana beri að líta sem eins konar vinnuskóla, þar sem æskumenn ættu þess kost að kynnast sómasamlegum vinnubrögðum og venjast nauðsynlegum starfsaga.

Í öðru lagi, að hún yrði þjóðfélaginu fjárhagslegur ávinningur og mundi stuðla að auknum framkvæmdum í landinu um leið og hún beindi hugum æskumanna að óeigingjörnu fórnarstarfi í þágu lands og þjóðar.

Hvor tveggja þessi rök áttu máske við nokkuð að styðjast fyrir fjörutíu árum á blómaskeiði hraðrar þjóðfélagsþróunar, þar sem atvinnuleysi var óþekkt fyrirbrigði. En nú er orðið nokkuð öðru máli að gegna. Nú er það atvinnuskipulag, sem þá gat blessazt, orðið úrelt í flestum greinum og samsvarar ekki lengur þörfum þegnanna, hvorki á friðartímum né stríðstímum. Þannig fer ætíð að lokum í hverju því þjóðfélagi, þar sem örfáir einstaklingar ráða yfir flestum tegundum framleiðslutækjanna og þar með meginhluta atvinnunnar. Það ber loks að þeim brunni, að á friðartímum býr mikill hluti þegnanna ýmist við algert atvinnuleysi eða þá svo lítilfjörlega atvinnu, að hún fullnægir ekki framfærsluþörfum þeirra, en á stríðstímum skortir aftur á móti sjaldnast atvinnu, eins og dæmin nú bezt sýna, þótt hún á hinn bóginn sé þá í raun og veru verri en engin, þar sem hún miðast ekki við verðmætasköpun til handa þjóðfélaginu, heldur þvert á móti við söun og tortímingu allra verðmæta. — Oss Íslendingum hefur nú í fyrsta sinni verið svipt yfir á þetta stig atvinnuháttanna til fullnustu, með því að meginhluti vinnuafls vors er nú kominn í þjónustu framandi herveldis, án þess að hin minnstu líkindi séu til þess, að nokkur varanleg framtíðarverðmæti komi þar á móti. Getur nú það þjóðfélag, sem þannig býr að þegnum sínum um atvinnuskilyrði, með nokkru móti leyft sér að ráðstafa vinnuafli æskulýðs síns til þegnskyldu, án þess að spyrja hann ráða? Er það ekki hálfgerð kaldhæðni á tímum friðarins að kveðja atvinnulausan ungling til eins konar vinnunáms í hálfan mánuð eða heilan árlega og varpa honum síðan frá sér út í sama atvinnuleysið aftur? — Og er það ekki ærin harðneskja á tímum styrjaldar og nægrar atvinnu að kveðja hann frá skammgóðu tækifæri til fjáröflunar og skipa honum að „moka skít fyrir ekki neitt“? Enda þótt miðað sé við núverandi ástand atvinnuháttanna, get ég ekki séð, að þegnskylduvinna bæti á nokkurn hátt úr því ástandi, allra sízt í því formi, sem hér er lagt til.

Enginn getur með sanni sagt, að nú sé skortur á fjármagni til opinberra framkvæmda. — Sé hins vegar lögð áherzla á hina uppeldislegu hlið málsins, má benda á það, að vafalaust mundi betri árangur nást með frjálsu vinnunámi, — sjálfboð mundi í því efni vera affarasælla en skyldukvöð. Auk þess sýnist mér, að frv. það, er hér liggur fyrir, sé eiginlega hvorki fugl né fiskur. — Í gamla daga var þó gert ráð fyrir, að hin sama kvöð skyldi ná til allra æskumanna landsins, samtímis og undantekningarlaust. — Hér er hins vegar um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög að ræða, þannig að samkvæmt henni gæti svo að borið einn góðan veðurdag, að unglingarnir í Hrunamannahreppi í Árnessýslu eða Árneshreppi á Ströndum eða á Seyðisfirði austur væru allt í einu orðnir þegnskyldir einir manna, en allur annar æskulýður landsins jafnfrjáls og áður. — Ég er ekki í neinum vafa um, að slík tilhögun mundi, á tímum slíkum sem þessum, verða til þess eins að skapa glundroða og óánægju á viðkomandi stöðum, og mér er sem ég heyri, þegar ungi maðurinn úr hinum skyldubundna Hrunamannahreppi og ungi maðurinn úr hinum kvaðalausu Biskupstungum færu að bera saman bækurnar um þessa vísdómslegu ráðstöfun. — Ég hygg, að þeim mundi koma saman um, að harla fálmandi í bjargráðunum hefði sá löggjafi verið, sem lagði grundvöllinn að þessu undarlega misræmi á þjóðfélagslegri aðstöðu þeirra, og að þeir mundu bera litla virðingu fyrir slíkum „haltu-mér-slepptu-mér“ leik á þessum alvarlegu tímum.

Samkvæmt fylgiskjali frv. þessa, en það er stjórnarfrv., sem samið var vegna ályktunar síðasta Alþingis, virðist helzt mega ráða, að hinn eiginlegi tilgangur þess sé sá að veita kaupstöðum landsins heimild til að fela að einhverju leyti atvinnuleysi æskulýðs síns undir þessari nýju grímu, enda er þessi tilgangur enn augljóslegar staðfestur með tillögu jarðræktarnefndar búnaðarþings um að kvöð þessi verði kölluð skylduvinna, en ekki þegnskylduvinna. — Mér virðist því um neyðarúrræði eitt að ræða, sem ekki getur svarað tilgangi sínum, hvort heldur sem litið er á málið frá uppeldislegu eða fjárhagslegu sjónarmiði. Sannleikurinn er líka sá, að þegnskylduvinna er orðin úrelt hugsjón, þegar miðað er við það þróunarstig, sem atvinnumál þjóðar vorrar nú standa á.

Mín skoðun er sú, að það þjóðfélag eitt, sem tryggt hefur öllum þegnum sínum örugg atvinnuskilyrði, geti gert kröfu á hendur þeim um ólaunaða skylduvinnu. — En jafnframt er hitt sannfæring mín, að ef atvinnuskilyrðin væru örugg, mundi einnig hagur þjóðfélagsins vera slíkur, að það væri þess umkomið að greiða full laun fyrir hvert handtak í þágu þess. — Væri þá um leið horfin þörfin fyrir slíkt form á hagnýtingu vinnuaflsins, sem hér er um að ræða. Hver dagurinn, sem líður, sannar oss æ átakanlegar, að þessi jörð og þá einnig þetta land, sem vér lifum á, býr yfir slíkum allsnægtum auðlinda og um leið starfsskilyrða, að allur sparnaður á fullum launum fyrir friðsöm störf er í senn grátlegur og hlægilegur. Hugsum oss, að öllum þeim óhemjuauði, sem nú er daglega sóað mannkyninu til óendanlegrar bölvunar, væri varið til uppbyggingar á efnislegri og andlegri framleiðslu þjóðanna. — Hverjum mundi þá í alvöru detta í hug að nefna ólaunaða skylduvinnu á nafn?

Frv. þetta er aðeins ein sönnunin af mörgum fyrir því öngþveiti, sem vort úrelta þjóðskipulag er komið í gagnvart æsku sinni og framtíð. — Undir yfirskini uppeldisáhuga og þjóðhollustu er ungu fólki boðið að „moka skít fyrir ekki neitt“, í stað þess að fá því í hendur fram-

leiðslutæki sín, — en þá fyrst er tímabært að kenna æskulýðnum vinnubrögð fyrir alvöru, þegar hann hefur í höndum sér til ævarandi umráða þau tæki, sem hægt er að beita kunnáttunni við með fullum og réttum árangri.

*Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil óska hv. þm. til hamingju með jómfrúræðu sína. — Eins og oft vill verða við þau tækifæri, þá er oft fullhátt galað, og ég hygg, að þetta frv. sé í rauninni svo meinlaust, að óþarft sé að ráðast á það eins og það væri óargadýr. Hér er alls ekki um neina þvingun að ræða, heldur aðeins, að ef hrepps- eða bæjarfélög vildu, þá fengju þau heimild til þessara ráðstafana.

Jafnvel þó það þurfi að moka skít, þá vil ég segja það, að ég þekki sveitir, þar sem unglingar mundu ekki telja þetta neitt „öngþveiti úrelts skipulags", þó að þeir tækju höndum saman um að byggja leikfimishús eða leikvöll fyrir æskuna. Þegnskylduvinnan er alls ekki úrelt hugsjón. — Hún á sér stað enn og hefur í raun og veru alltaf átt sér stað síðan ungmennafélögin voru stofnuð. — Ungir menn hafa tekið sig saman um ýmsar framkvæmdir, t. d. byggt samkomuhús, hlaðið girðingar o. fl.

Hv. þm. þarf varla að óttast, að þetta verði gert hér í Reykjavík í náinni framtíð, og við flm. frumvarpsins gerum okkur heldur ekki von um slíkt.

Og þótt kaupstaðir kynnu að taka slíkt upp síðar, þá mun tilgangurinn ekki vera að „fela atvinnuleysi æskulýðsins undir þessari nýju grímu", eins og hv. þm. komst að orði. — Unglingar, sem eru atvinnulausir á annað borð, hafa ekki illt af að verja 1—2 vikum af tíma sínum í þarfir þjóðfélagsins. Ef til vill finnst hv. þm. þegnskylduvinnan úrelt, en mér skilst, að herskylda í Rússlandi sé ekki talin óþörf, og því má ekki skipuleggja vinnu unglinga hér og kenna þeim að vinna verk, sem eru til almenningsheilla eða beinlínis gerð fyrir æskuna sjálfa?

Við flm. þessa frv. gerum okkur engar himinháar vonir um árangur, en við viljum þó ganga til móts við þá, sem slíkrar heimildar óska, og mér er kunnugt um einn eða tvo hreppa, sem fara fram á slíka heimild í lögum.

*Sigurður Kristjánsson: Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu, en mér þótti réttara að gera grein fyrir atkvæði mínu um þetta mál í stuttri ræðu. — Mér finnst ekkert merkilegt, þó að þetta frv. komi fram hér á Alþingi og ekki nema eðlilegt, að menn, sem álíta þegnskylduvinnu heppilegt fyrirkomulag, reyni að hrinda því máli áleiðis. — Um þetta hafa alltaf verið skiptar skoðanir, og er því eðlilegt, að það sé líka hér á þingi. — Ég undrast mjög það form, sem frv. er komið fram í. Ef þjóðfélagsleg þörf væri fyrir hendi, svo þegnarnir þyrftu að vinna nauðsynlega skylduvinnu, þá er ekkert við því hægt að segja. — En ég neita því, að það sé bein skylda að vinna þannig, á þann hátt, sem þarna er farið fram á.

Þegar atvinnulíf er í því ástandi, sem nú er, þá er þetta áreiðanlega röskun á atvinnuháttum manna, og það þýðir ekki að neita því, að það mun ávallt skoðast sem fórn. — Ég hef alltaf tekið fram, að æskilegt væri að geta losnað við þegnskylduvinnu. En ef hún yrði ákveðin, þá yrði það að vera af brýnni þjóðfélagsnauðsyn, og að þá yrðu unnin verk, sem annars er greitt fé fyrir úr ríkissjóði.

Ef ríkið segði sem svo: „Ég hef ekki efni á að leggja vegi, ekki ráð á að halda uppi gæzlu við strendur landsins, ekki ráð á að byggja hafnir, þess vegna gerist þörf að krefja borgara þjóðfélagsins til að vinna þarna fyrir ekki neitt," — ef þannig væri farið að, þá væri þó einhver grundvöllur til að standa á.

En að finna upp á því að leggja þessar skyldur á menn og láta ríkið jafnframt verða fyrir útgjöldum, það finnst mér undarlegt, og ég skil ekki, hvernig slík hugmynd getur myndazt í höfði nokkurs manns. Mér finnst það slík fjarstæða. Þeir menn, sem yrðu kvaddir til þess að vinna, mundu ekki líta á þetta sem neinn vinnuskóla, heldur sem fórn. — Ef sveitarfélögum yrði heimilað að gera þetta, þá er ég hræddur um, að það mundi skapa flótta á milli sveita.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en mun láta þetta nægja. — Mér finnst ekkert mæla með þessu frv. í því formi, sem það liggur hér fyrir, og mun ég greiða atkvæði á móti því.

Ísleifur Högnason: Ég hef í rauninni lítið um þetta að segja til viðbótar, en ég mun þó ræða eitt atriði í sambandi við þetta mál. — Það er misréttið, sem kemur fram í 2. gr. frv. og ég vil leyfa mér að lesa upp með leyfi forseta. — Hún er svo hljóðandi: „Í kaupstöðum ákveður bæjarstjórn um þegnskylduvinnu. — Í hreppsfélögum skal ákvörðun tekin um þegnskylduvinnu á almennum hreppsfundi." — Þannig hljóðar upphaf 2. gr. Þetta nær engri átt, að hafa annað lýðræði fyrir sveitirnar en kaupstaðina, með því að í kaupstöðum skuli aðeins bæjarstjórnin, sem venjulega er skipuð 9 mönnum, ákveða um, hvort á skuli komið þegnskylduvinnu, en í sveitum skal kalla saman alla hreppsbúa, þá sem kosningarrétt eiga, til að taka ákvörðun um þetta. Í þessu felst hið mesta ósamræmi, og mér finnst blátt áfram hlægilegt að bera slíkt fram og ætlazt til, að þingið samþykki.

Jóhannes Jónasson: Ég bið hv. þm. V.-Ísf. að virða mér til vorkunnar, þótt ég tæki málið nokkuð hátíðlega. Mér skildist, að hann reyndi að gera sem minnst úr því, og að þetta frv. væri borið fram fyrst og fremst vegna óska tveggja hreppa, en mér er óskiljanlegt, hvernig hann hefur tekið óskir aðeins tveggja hreppa svo hátíðlega, að það yrði til þess, að frv. kæmi hér fram. Hann sagði, að ég þyrfti varla að óttast, að heimildin yrði notuð hér í Reykjavík. — Mér er þá spurn: hvers vegna stendur í frv., að heimildin skuli einnig ná til kaupstaða?

Hv. þm. bar ekkert fram gegn rökum þeim, sem ég færði fyrir máli mínu, enda þótt hann segði, að ég liti á málið eins og óargadýr, hvað ég nú raunar ekki gerði. Ég lít aðeins á þetta frv. sem upphaf að tilraun til almennrar þegnskyldu hér á landi.

*Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ef hv. 4. þm. Reykv. lítur á frv. þetta sem upphaf eða tilraun til almennrar þegnskyldu hér á landi, þá hlýtur hv. þm. að líta svo á, að þetta muni gefast vel, — því ef þetta yrði óvinsælt, þá er um enga hættu að ræða, að það yrði almennt hér.

Ég vona, að þetta gefist svo vel, að það aukist hröðum skrefum, svo það að lokum nái til allra sveita og kaupstaða landsins.

Við flm. frv. höfum tekið tvo hreppa alvarlega. Mér finnst þeim hreppum, sem ekkert vilja með þetta hafa, alls ekki gert rangt til, þótt einhverjir aðrir hreppar vilji það. — Það var alveg rétt, að ég gerði lítið úr þessu, — ég benti á, að hér væri um enga þvingun að ræða, heldur væri hver maður frjáls til þess að leggja fram vinnu sína.

Hv. 4. landsk. bar eins og alltaf mikla umhyggju fyrir lýðræðinu. Hann sagði, að hér gætti ósamræmis milli kaupstaða og sveita. — Þetta er þó aðeins í því fólgið, að í kaupstöðum ráða bæjarstjórnir, en í hreppum hreppsnefndir. — En þetta er nú svona, að það er til stofnun hér í landi, sem er lögfest, sem heitir sveitarfundur, en það er engin hliðstæð stofnun til í bæjum. Þetta byggist á gömlu skipulagi í landi okkar, sem hv. þm. virðist ekki þekkja. Það þarf enginn að kvíða því, að það sé á móti vilja kaupstaðar- eða bæjarbúa, sem ⅔ bæjarstjórnarmeðlima samþ. þegnskylduvinnuna. Lýðræðinu er því mjög sæmilega borgið með þessu frv. Og það þykir oft nægja, ef rúmur helmingur atkvæða er til staðar til þess að lýðræðinu sé borgið. Hér er mikill meiri hluti atkv., sem um er að ræða, svo frá sjónarmiði lýðræðisins þarf ekki að kvarta.

Hv. 5. þm. Reykv. var mest hissa á því, að hér skyldi hafa verið borið fram frv., sem sparar ríkissjóði engin útgjöld, sem hann ætti annars erfitt með að standa undir, heldur skapaði aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. En það er einmitt ekki tilgangurinn með þessum l. að spara ríkissjóði eða hreppssjóði nein útgjöld til vinnu, sem þeim ber að leggja fé í. Heldur er það tilgangurinn með þessu frv. að gera einhverjar frekari ráðstafanir til þess að gera eitthvað, sem hægt er að komast hjá, en hefur menningarlegt gildi, sem sveitirnar hafa áhuga fyrir að hrinda í framkvæmd. Það eru þeir nauðsynlegu hlutir, sem annars mundu verða vanræktir, sem þegnskylduvinnan skapar. En tilgangurinn er ekki sá að spara ríkissjóði útgjöld.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Þetta frv. er þannig til komið, eins og grg. ber með sér, að það var samþ. á búnaðarþinginu án ágreinings að koma á þegnskylduvinnu í sveitar-, sýslu- og bæjarfélögum við ræktunarstörf. Og sumir eru fylgjandi þegnskylduvinnu í víðtækara formi heldur en borið var fram á búnaðarþinginu. En þetta mál var sent til landbn., sem hefur breytt því í það form, sem það hefur nú, þannig að heimildin hefur verið gerð víðtækari í frv.

Nú heyri ég, að sumir finna það að þessu frv., að þar sé ekki gengið nógu langt í því að veita sveitar-, bæjar- og sýslufélögum þessa heimild. En ef það er vilji fyrir því hjá hv. þm. að ganga lengra og koma þegnskylduvinnu á almennt, og ef þeir vilja koma með brtt. um það, þá mundi ekki standa á mér að fylgja því máli. Ég álít beinlínis, að það ætti að gera þegnskylduvinnuna almenna, þó að ég búist ekki við fylgi fyrir því nú á þingi, eins og þegar hefur komið fram, og vafasamt, að meirihlutafylgi sé fyrir því hjá þjóðinni. Er sú ástæða fyrir því, að frv. hefur ekki komið fram um þetta, að ekki hefur verið leitað álits um það hjá þjóðinni. Og það er líka ástæðan til þess, að ekki hefur verið gengið lengra í þessu frv. en gert er.

Það hefur verið minnzt á það í sambandi við þetta frv., að það hefði nokkurn kostnað í för með sér úr ríkissjóði. Vitanlega hefur það nokkurn kostnað í för með sér. En það má ekki líta þannig á málið eins og gert hefur verið af einum hv. þm., að það sé horfandi í þann kostnað. Ef þjóðfélagið segði sem svo, — ég hef ekki efni á að leggja þetta og þetta í byggingu vega, íþróttavalla, ræktun skóga o. s. frv., ef þjóðfélagið segði, að það hefði ekki efni á þessu og legði þess vegna almenna þegnskylduvinnu á þegnana, þá væri grundvöllur til þess að standa í sambandi við það, sem haldið hefur verið fram. En þó að þegnskylduvinna væri lögleidd, mundi slíkt ekki vera nema kostnaður fyrir ríkissjóð. En sá kostnaður, sem ríkið leggur fram, er ekki nema örlítið brot af þeim kostnaði, sem mundi vera greiddur við vinnuna, ef hún væri öll borguð.

Við vitum vel, að þess vegna er frv. tekið upp í þessu formi, að áhugi fyrir þegnskylduvinnu er ákaflega misjafn í landinu. Í sumum héruðum í þessu landi má telja nokkurn veginn víst, að þegnskylduvinna mundi verða samþ. og innt af hendi, ef þessi heimild fengist.

Ég er ekki þeirrar skoðunar, að þegnskylduvinna sé úrelt hugmynd og á eftir tímanum. En hún hefur e. t. v. ekki samræmi við þann aldaranda, sem nú ríkir. En við getum ekki lifað í þessu þjóðfélagi, ef sá andi ríkir ekki, sem þegnskylduvinnuhugmyndin er ávöxtur af. Við höfum ekki efni á því að leggja vegi, rækta skóga, byggja íþróttavelli og sundlaugar, vegna þess að þetta eru ekki arðvænleg fyrirtæki í bili. En þau eru til mikilla hagsbóta fyrir framtíðina og gefa þá sína peninga. Og ég sé ekkert á móti því að reyna að vekja áhuga hjá ungum mönnum, sem eiga að byggja þetta land og taka við því síðar, þótt þeir leggi þessa kvöð á sig. Og ef ekki er hægt að vekja slíka fórnfýsi í landinu, þar sem svo mikið er ógert af því, sem gera þarf, þá segi ég það og álít, að ég sé þar ekki með neinar hrakspár, að ef sá hugsunarháttur er ekki til og verður ekki hjá ásku þessa lands, þá munum við eiga erfitt með að byggja þetta land og þá má búast við, að þegnskylda verði lögð á í einhverri mynd, og þá í einhverri óþægilegri mynd heldur en með því að vekja þennan áhuga. En einmitt af því að áhuginn er ekki svo mikill, t. d. í kaupstöðunum, að meiri hluti þjóðarinnar hafi áhuga fyrir þegnskylduvinnunni, þá er það það eðlilegasta og rétta, að gefa þeim sveitum og bæjarfélögum, sem áhuga hafa fyrir þegnskylduvinnunni, heimild til þess að koma henni á hjá sér.

Það er vitað, að á Vestfjörðum hafa ungmennafélögin lifað gegnum allar þrengingar.

Á Vestfjörðum er mikill áhugi fyrir þegnskylduvinnu. En af því að hugsunarhátturinn er ekki nægilega þroskaður til þess að styðja þegnskylduvinnuna almennt, þá er eina vonin til þess, að menn vilji leggja þetta á sig, að þeir, sem hafa áhuga fyrir þessu máli, fái tækifæri til þess að leggja þegnskylduvinnu á, enda þótt minni hlutinn sé því mótfallinn. Það má líkja þessu áhugaleysi fólksins við sandauðn, og þeir séu eins og óasar í sandauðn, sem hafa þann fórnarvilja, sem áhugi fyrir þegnskylduvinnunni sýnir. Ef hægt er að rækta upp sandauðnina út frá þessum óösum og vekja áhuga út frá þeim, þá er vel farið. Og ég hygg, að eins og sakir standa, sé þetta eina leiðin.

Það er líka tryggt, að þegnskylduvinnu verður ekki komið á nema þar, sem er tiltölulega almennur vilji fyrir, að það verði gert. Og hvað er á móti því fyrir hæstv. Alþ. að gefa slíka heimild til þess að koma þegnskylduvinnu á, þar sem almennur áhugi er fyrir að koma henni á og vantar ekki nema herzlumuninn, svo að út frá þeim stöðum komi vaxandi áhugi, svo að þegnskylduvinnan gæti orðið almenn? Ég hygg, að reynslan sé sú, að þar, sem unnin hafa verið störf af ungmennafélögum, og við vitum, að mikið var gert af því fyrr á árum, þó að það hafi minnkað nú í seinni tíð, — ég hygg, að ungmennafélögin hafi ekki unnið nein störf, sem þeim þótti ánægjulegri og skemmtilegri, og félagarnir hafi ekki lifað meiri ánægjustundir heldur en þegar þeir voru að vinna að sínum áhugamálum án þess að taka nokkuð fyrir, — og ég hygg, að þeir hafi ekki séð eftir þeirri vinnu. (**JóhJón**: Það var sjálfboðavinna). „Það var sjálfboðavinna", er tekið fram í fyrir mér. En það er ætlazt til þess, að þegnskylduvinnu verði ekki komið á nema þar, sem vitað er, að áhuginn er svo mikill, að ekki vantar nema herzlumuninn. Ég áleit, að þessi heimild mundi ekki mæta neinni andstöðu í þinginu. Og mér finnst engin rök fyrir andstöðu þeirri, sem hún hefur mætt. Og að ríkisstj. hefur ekki komið fram með þetta mál fyrr, er af því, að það má telja vafasamt, að almennur vilji sé um þetta í landinu. Ég vil þess vegna, þó að ég sé óánægður með þetta frv., vegna þess að það gengur allt of stutt, mæla með samþ. þess.

Pétur Ottesen: Hv. þm. V.-Ísf., frsm. landbn., hefur nú gert grein fyrir afstöðu n. til þessa máls og því, að n. tók þetta mál til flutnings. Ég þarf þess vegna engu við það að bæta. Eins og hv. frsm. lýsti og um getur í grg., er frv. nokkuð breytt frá því, sem n. barst það, og fól nefndin hv. þm. V.-Ísf. að gera nokkrar breytingar á frv. og færa það til þess horfs, sem er nær því fyrirkomulagi, sem talað hefur verið um að undanförnu, að framkvæmd þegnskylduvinnu hér á landi skyldi verða reist á.

En ástæðan til þess, að ég vildi segja nokkur orð í sambandi við þetta mál, er sú, að það er sennilega fyrir tilhlutun mína og tveggja annarra þm., hv. 1. þm. Rang. (SvbH) og hv. 3. landsk. (StSt), að þetta frv. er nú borið fram. Á síðasta þingi fluttum við þessir 3 þm. þáltill. um undirbúning þjóðaratkvgr. um þegnskylduvinnu. Þessi þáltill. er stutt og langar mig, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana hér upp: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera fyrir næsta þing till. í frumvarpsformi um framkvæmd þegnskylduvinnu hér á landi, í því skyni, að almenningur geri sér ljósari grein fyrir þessu nýmæli, ef næsta þing ályktar að láta fram fara þjóðaratkvgr. um málið í sambandi við reglulegar kosningar til Alþ. á árinu 1941."

Við flm. þáltill., sem erum allir fylgjandi þeirri hugsjón, sem liggur á bak við þegnskylduvinnuna, teljum, að það sé heppilegt fyrir þjóðfélagið og mætti margt gott af því leiða, ef sá áhugi væri ríkjandi meðal fólksins í landinu, að það fyndí hvöt hjá sér til þess að inna slíkt fórnarstarf af hendi á meðan það er á bezta skeiði. Af þessu mætti margt gott leiða. En okkur er það ljóst, að til þess að málið lægi nokkuð skýrt fyrir öllum almenningi og væri sett fram þannig, að menn hefðu góða aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig þetta ætti að vera í framkvæmdinni, þá töldum við nauðsynlegt, að dreift hefði verið út meðal almennings áður en atkvgr. fór fram frv., þar sem lögð væru drög að því, hvernig framkvæmd þegnskylduvinnunnar væri hugsuð. Það er ekki vafi á því, að sú andúð, sem þessi hugmynd hefur mætt á undanförnum árum, á að einhverju leyti rót sína að rekja til þess, að menn hafa ekki gert sér skýra grein fyrir því, hvernig þetta yrði í framkvæmdinni í raun og veru. Þess vegna hefur þetta orðið miklu meiri þyrnir í augum margra manna, svo að þeir hafa tekið afstöðu gegn þeirri hugmynd, af því að þeir hafa ekki gert sér ljósa þessa hlið málsins. Þess vegna álítum við nauðsynlegt, að fyrir lægi skilgreining á því, hvernig þessi framkvæmd. væri hugsuð. Nú hefur hæstv. ríkisstj. látið búa til frv., sem er byggt upp á því að veita kaupstöðum og kauptúnum, og samkvæmt því frv., sem landbn. flytur nú, þá einnig sveitarfélögum í landinu, heimild til þess að koma á þegnskylduvinnu hjá sér, með samþ., sem frv. greinir. Með þessum hætti er komið hreyfingu á málið, lagður í stórum dráttum grundvöllur að framkvæmd þegnskylduvinnu og á það reynt, hver er hugur fólksins til þess að inna af hendi með þessum hætti fórnfúst starf í þarfir lands og þjóðar. Að þessu leyti nær þetta frv., sem hér liggur fyrir, alveg sama tilgangi eins og meining okkar flm. var. Nú vitum við náttúrlega ekkert um það, hvernig undirtektir þjóðarinnar verða um það að koma þessu máli í framkvæmd með þessum hætti. Hér hafa nú komið fram raddir um það, að fólkið mundi flytja úr þeim byggðarlögum, þar sem slíkar samþ. hefðu verið gerðar, til þeirra staða, þar sem um ekkert slíkt er að ræða. Ég ætla ekki að ræða slíkar hrakspár. En mér virðast ákvæði frv. um það, hve mikill meiri hluti eigi að vera fyrir hendi til þess að samþykkt nái staðfestingu, eigi að vera næg trygging fyrir því, að slíkri samþ. yrði ekki komið á, nema það hugarfar og sú þegnskaparhugsun og fórnarlund væru til staðar hjá fólkinu, sem vildi bindast samtökum til

þess að leggja fram vinnu, sem ekki væri borguð í öðru en þeim verkum, sem unnin eru. En með samþ. þessa frv. stöndum við alltaf miklu nær því en áður að stiga fyllra spor í þessu efni síðar. Og það er von mín og trú, að það muni sýna sig, þó að það sé ekki tímabært nú að setja l., sem fyrirskipa þegnskylduvinnu hér á landi, að hugsunarhátturinn muni breytast í þessu efni og því að leita fyrir sér um þetta mál og fá meiri reynslu en nú er fyrir hendi, til þess að sjá, hvort sú grundvallarhugsun verður nægilega rík með þjóðinni, sem hugmynd þegnskylduvinnunnar er reist á. Og þetta er leiðin til þess að skoðanir manna komi fram í dagsins ljós. Þess vegna, hvernig sem menn kunna að líta á þegnskylduvinnuhugmyndina, hvort sem þeir eru sammála mér, því sem ég hef sagt nú, eða líta á það á gagnstæðan hátt, get ég ekki skilið annað en að hv. þm. verði með því að samþ. slíkt frv. sem þetta, sem til þess er flutt að kynna fólkinu og upplýsa það um það, hvernig þegnskylduvinnan yrði í framkvæmd í landinu.

Þegnskylduvinnuhugsjónin er sem sé byggð upp á þrem aðalmáttarstólpum. Í fyrsta lagi er hún ætluð sem liður í uppeldisstarfsemi þjóðarinnar. Í öðru lagi, að nánara samband og tengsl fáist milli landsmanna, sem annars vinna að framkvæmd óskyldra verkefna, og ég álít, að sá þáttur þegnskylduvinnunnar sé mjög mikils virði fyrir okkur Íslendinga, og þá ekki síður í sambandi við þá breyt., sem hefur farið ört vaxandi á síðari árum, að mikill meiri hluti þjóðarinnar lifir í kaupstöðum og kauptúnum, og margt fólk á lítinn kost á að kynnast þeim kringumstæðum, sem fólkið lifir við í hinum dreifðu byggðum landsins, og þeirri lífsbaráttu, sem þar er háð.

Þriðja atriðið er í því fólgið, að fólkið lærir þarna ýmis vinnubrögð, sem það undir öðrum kringumstæðum mundi fara á mis við að læra, en er mikilsvert fyrir það að hafa átt kost á að kynna sér og taka þátt í og kunna að meta hjá þeim borgurum, sem þessi verk vinna.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram og sérstaklega með tilliti til þess, að ég átti nokkurn þátt í því, að þáltill. um þetta efni var flutt á síðasta þingi, sem hefur orðið þess valdandi, að nú er kominn skriður á málið.

*__Haraldur Guðmundsson:__ Ég vildi mega vænta þess, að hv. landbn. tæki til athugunar fyrir 3. umr., hvort hún sæi sér það fært að gera breyt. á þessu frv. frá því, sem það nú er. Ég veit, að það er rétt, sem komið hefur fram hér, að það hefur borið talsvert á því hin síðari ár, að hugmyndinni um þegnskylduvinnuna hefur vaxið fylgi. Og þetta er ákaflega eðlilegt, þegar fyrst og fremst er litið til þess atvinnuleysis fyrir ungt fólk, sem var þangað til Bretavinnan kom til sögunnar. Og það var fullkomlega eðlilegt, að menn litu til þegnskylduvinnunnar, þegar hundruð eða þúsundir unglinga áttu engrar atvinnu von og höfðu ekki ástæður til þess að afla sér menntunar.

Nú er í bili ástandið breytt frá því, sem þá var, en allir væntum við, að það ástand, sem nú er, taki enda innan skamms, og getum við þá þurft að leysa þau vandamál, sem áður voru fyrir hendi. Því finnst mér ekki rétt að vísa þessari hugmynd á bug. Síður en svo. Þá þarf að gera sér ljóst, hvort af tvennu vakir fyrir mönnum, hvort litið er á þetta sem lið til uppeldis þjóðarinnar, eða hvort þetta er til þess að koma í framkvæmd verkum, sem of dýrt þykir fyrir hið opinbera eða einstaklinga að vinna á annan hátt. Þ. e. a. s., hvort þegnskylduvinnan á að vera liður í uppeldisstarfsemi okkar eða til þess að spara fé. Mér finnst það eigi að liggja skýrt og greinilega fyrir, hvort af þessu tvennu verður megintilgangur l.

Ég vil benda á, að ég tel, að samkv. 2. gr. sé bæjarstjórnum og hreppsfundum gefið of mikið vald, því að þar er gert ráð fyrir, að til funda í bæjarstjórnum og hreppsfunda um þegnskylduvinnu skuli boða með hálfs mánaðar fyrirvara og þurfi ⅗ hluta atkvæða til samþykktar og sú samþykkt öðlist gildi, þegar ráðherra hefur staðfest hana. Ég verð að segja, að mér finnst hér vera of langt gengið. Ég get betur fellt mig við ákvæði þess frv., sem hæstv. forsrh. lagði fyrir n. Þar er lagt til, að málið skuli tekið upp, ef nokkur hluti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar óskar þess eða minnst ⅓ hluti verkfærra karlmanna innan umdæmisins, og sé henni þá skylt að kveðja til almenns fundar alla heimilisfasta verkfæra karlmenn á aldrinum 18—60 ára og leggja undir atkvæði þeirra tillögu um, að þegnskyldu skuli komið á. Fundur um þegnskylduvinnumálið sé boðaður með tveggja vikna fyrirvara og sé verkefni fundarins auglýst í fundarboði. Ef minnst ⅗ hlutar þeirra manna, er vinnuskyldir eru, greiða atkvæði með tillögu um þegnskylduvinnu innan þeirra takmarkana, sem lög þessi heimila, er samþykktin orðin bindandi, enda veiti landbúnaðarráðherra henni samþykki sitt. M. ö. o., hér er ákveðið, að meiri hluti þeirra verkfærra karlmanna, sem búa í því umdæmi, þar sem á að leggja kvöðina á, skuli vera henni samþykkir. Ég fékk ekki í ræðu hv. frsm. skýringu á því, hvers vegna horfið var frá þessu mjög svo þýðingarmikla ákvæði í frv. hæstv. forsrh. og inn á þá breyt., sem gerð var á frv. eins og það var lagt fram. Ég vil skjóta því til n., hvort hún sæi ekki ástæðu til fyrir 3. umr. að athuga, hvort ekki væri rétt að færa þetta í svipað horf og upphaflega var í frv. hæstv. forsrh.

Í 5. gr. þess frv., sem hæstv. forsrh. sendi n., er glögglega tekið fram, að skylt skuli að hagnýta vinnuna til sameiginlegrar jarðræktar í almenningsþágu. Hins vegar er í 5. gr. frv. eins og n. hefur lagt það fram, svo kveðið á, að í þegnskylduvinnu megi vinna að hverju því verkefni, er til framfara horfir eða almenningsheilla, svo sem hvers konar jarðrækt, vegagerð, skógrækt, sundlauga- og leikvallagerð, skólahúsbyggingum o. fl. Hér er það ekki gert að skilyrði, að vinna skuli að sameiginlegri jarðrækt í almenningsþágu. Mér skilst, að ekki sé útilokað, að þessi þegnskylduvinnunefnd geti látið vinna að jarðrækt jafnvel fyrir einstaklinga og einkafyrirtæki, en í frv. hæstv. forsrh. var skýrt tekið fram, að það skyldi vera sam-

eiginleg jarðrækt í almenningsþágu. Ég get ekki séð, að vert sé að hverfa frá þessu þýðingarmikla atriði í frv. eins og það var upphaflega.

Ég mun greiða atkv. með málinu til 3. umr., en vil mjög vænta þess, að n. sjái sér fært að athuga frv., sérstaklega þessi tvö atriði, sem ég hef nú nefnt.

Jóhannes Jónasson: Það á að vera eins og til að afsaka þetta frv., að formælendur þess leggja mikla áherzlu á að sýna fram á, að þessari þegnskylduvinnu verði hvergi komið á nema þar, sem einlægur vilji sé fyrir hendi. Nú er mér spurn og þó ekki: Hverjir eru það, sem eiga að kveða á um það, hvort þegnskylduvinnan skuli lögð á eða ekki? Það eru hreppsnefndir og bæjarstjórnir. Eru það þá aðilarnir sjálfir, sem eiga að segja til um það? Ég hygg, að svo sé ekki. Í frv. er aldurstakmarkið sett 16—25 ár. Þar af leiðir, að fátt þeirra manna, sem koma til með að búa við þegnskyldukvöðina, getur haft nokkur áhrif um það, hvort þessi vinna verður tekin upp eða ekki. M. ö. o. þeir, sem eiga að búa við árangurinn af þessu frv., geta lítil eða engin áhrif haft á málið.

Hæstv. forsrh. talaði um það, að því miður væri þjóð okkar ekki nógu vel efnuð til að inna af höndum svo miklar framkvæmdir í jarðrækt, vegagerð og öðrum þörfum opinberum framkvæmdum sem skyldi. En þá er mér spurn: Eru þeir unglingar, sem hér koma til með að eiga hlut að máli, það efnaðir, að þeir megi fremur við að eyða tímum sínum og kröftum til þess? Ef á að fara eftir efnum í þessu sambandi, þá liggur miklu nær að koma með frv. til heimildarlaga um það, að einmitt hinir efnuðu menn í landinu skuli inna ef hendi slíka þegnskylduvinnu, án nokkurs aldurstakmarks, en miðað við eignaupphæð.

Annars hefur ekkert verið hrakið af þeim rökum, sem ég bar fram í frumræðu minni, og þarf ég því ekki að lengja þessa ræðu meir.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi víkja örfáum orðum að nokkrum þeim atriðum, sem fram hafa komið í þessum umr., sér í lagi því, sem fram kom í ræðum hv. 4. þm. Reykv. Hann mun nú hafa fullnotað sinn ræðutíma við þessa umr., en ég vænti þess, að þetta frv. fái að fara áfram, og getur hann þá við 3. umr. málsins gert aths. við þau fáu orð, sem ég nú flyt hér, ef hann sér ástæðu til.

Hv. þm. sagði í sinni fyrri ræðu, að land okkar byggi yfir miklum auðæfum, og mér virtist koma fram í ræðu hans það álit, að þess vegna þyrfti enginn hér að gera neitt nema fyrir full laun í peningum. Ég vil segja það, að ef allir landsmenn verða einhvern tíma á þessari skoðun, þá er þjóðin á vegi til grafar. Öll þau verk, sem varanlegast gildi hafa fyrir land og þjóð, hafa verið unnin án þess að spurt væri um laun fyrir þau. Sagnaritarar fyrr á öldum, höfundar þeirra bókmennta, sem mestum ljóma hafa varpað á þjóðina og eru hennar dýrmætasta eign, unnu verk sín án þess að spyrja um laun og án þess að taka laun fyrir. Einmitt fyrir það, að þeir unnu verk sín í þessum anda, hafa verk þeirra og nöfn lifað. Það er eins og eitt af okkar mestu skáldum hefur sagt:

> „Að reikna ekki í árum, en öldum
> og alheimta' ei daglaun að kvöldum,
> svo lengist mannsævin mest".

Hv. 4. varaþm. Reykv. er skáld. Það hefur að sjálfsögðu verið nokkur ágreiningur um verk hans á því sviði eins og ýmissa annarra, en að mínu viti hefur hann ort mörg góð ljóð. Hann hefur fengið einhverja opinbera viðurkenningu sem skáld, en þó geri ég ráð fyrir, að hann hafi ekki fengið taxtakaup fyrir allan þann tíma, sem hann hefur varið til ljóðagerðar. Hann hefur að sjálfsögðu fleira gert um ævina, hefur eins og við fleiri alizt upp við smalamennsku og önnur venjuleg sveitastörf, og sjálfsagt eftir að hann varð fullorðinn oft unnið daglaunavinnu og fengið sitt samningsbundna kaup. En þó að hann hafi sjálfsagt unnið vel við þau störf, verða það ekki þau, sem geyma nafn hans, heldur munu það verða þau ljóð, sem hann hefur ort og ekki tekið laun fyrir, a. m. k. ekki full laun eftir taxta verkalýðsfélaganna.

Ég varð satt að segja fyrir nokkrum vonbrigðum, þegar ég heyrði fyrstu ræðu hans á Alþingi, því að mér þykir þær kenningar, sem þar komu fram, allt annað en skáldlegar, og sem betur fer hefur hann ekki lifað eftir þeim kenningum sjálfur, því að eins og ég gat um áðan, tel ég, að hann hafi ort mörg góð kvæði, og það hefur hann gert án þess að spyrja um laun.

Ég held, að þetta frv. sé spor í rétta átt. Ég held, að það sé heppilegt að byrja á þennan hátt að veita heimild, sem þeir geta notað, sem það vilja, og ég geri mér von um, að þetta verði vinsælt og leiði til þess, að fleiri taki það upp, eftir því sem meiri reynsla fæst af þessum framkvæmdum, og verði með tímanum þannig, að sem flestir noti þessi heimildarl., hvort sem það leiðir til þess, að sett verði allsherjarlöggjöf um þegnskylduvinnu eða ekki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:5 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 16:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:4 atkv.

Á 55. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Jóhannes Jónasson: Við 2. umr. þessa máls hafði ég fullnotað ræðutíma minn, er hv. þm. V.-Húnv. hóf sitt mál. Með því að orðum hans var að mestu leyti beint til mín, get ég ekki látið hjá líða, nú við þessa umr., að gera lítils háttar athugasemdir við ræðu hans. Í frumræðu minni hafði ég haldið því fram, að auðlindir lands vors væru það miklar og gjöfular, ef þær einungis væru hagnýttar með tímabærum atvinnuháttum, að óþarft mundi að spara laun við vinnuaflið í landinu. Voru hv. þm. það mikil vonbrigði að heyra slíka kenningu af mínum vörum, sýndi hann síðan fram á það af miklum innileik, að öll hin beztu verk, jafnt líkamleg

sem andleg, hefðu verið unnin af ást á sjálfu verkefninu og landi og þjóð, án þess að leggja áherzlu á það, að „innheimta daglaun að kvöldum“. Taldi hann víst, að ef þessi skoðanamáti minn væri almennur með þjóðinni, þá væri hún tvímælalaust á leiðinni til grafar. Hélt hann því loks fram, og með fullum rétti, að persónulega mundi ég ekki hafa lifað sjálfur eftir þessum kenningum, hvorki við erfiðisvinnu né andlega iðju, enda væri skoðun sem þessi harla óskáldleg að öllu leyti. Það fór eins fyrir mér og hv. þm. V.-Húnv., að ræða hans olli mér nokkrum vonbrigðum, — ekki vegna þess að hún væri óskáldleg, heldur þvert á móti einmitt vegna þess, hversu skáldleg hún var. Hv. þm. mega þó ekki skilja þetta svo, að ég hafi ekki gaman af skáldlegum ræðum. Hins vegar getur verið nokkuð hæpið að bregða of ljóðrænni blæju yfir jafnraunhæft fyrirbrigði og hér er um að ræða.

Nú er það svo, að ég er hv. þm. algerlega sammála um það, að flest hin beztu verk hafi verið unnin án þess að spurt væri um taxtakaup, og það er einmitt þetta, sem ég helzt mundi kjósa. Að taxtakaupið, það er að segja daglaunin til tryggingar lífsþörfunum, væru svo örugg og sjálfsögð, að enginn þyrfti að hafa hugann hálfan við spursmálið um næsta málsverð. Enginn skyldi halda, að verk sé betur unnið fyrir það, að engra launa sé fyrir það að vænta, heldur þrátt fyrir það — verkið mundi einmitt verða enn þá betur unnið í frelsi áhyggjuleysis um daglega afkomu. Tilvera vor er nú einu sinni háð ýmsum óskáldlegum þörfum, svo sem fæði og klæðum, húsi og heimili og fleiru því, sem í ritningunum er talið, og það er óhagganleg staðreynd, að hversu há sem hugsjón vor er eða ljóð vort lystilega kveðið, — sé þessum þörfum ekki fullnægt, verðum vér enn fljótari á leið vorri til grafar heldur en þó að vér séum andvígir skylduvinnu ungra manna. Og sagt get ég hv. þm. það í trúnaði, fyrst við á annað borð erum búnir að draga mína lítilfjörlegu persónu sérstaklega inn í þessar umræður, að því miður hef ég stundum orðið að taka meira tillit en skyldi til auranna, sem von gat verið um í sambandi við skáldskap minn. Margt hefði þar orðið betur unnið og fágað, margt ýmist enn miskunnarlausara eða enn mildara, ef það hefði skapazt óháð „innheimtu daglaunanna“ og óttanum við að verða jafnvel sviptur þeim um miðjan dag. Og svo óskáldlegur er veruleiki lífs míns, að vegna þess að ég á konu og börn og langar til að byggja yfir þau ofurlítinn húskumbalda, til þess að þau þurfi ekki að vera á sífelldum hrakhólum, þá hef ég nú hugsað mér að stunda svokallaða Bretavinnu í sumar, enda þótt ég telji slíkt standa landráðum næst af öllu því, sem ég „landráðamaðurinn og föðurlandsleysinginn“ hef tekið mér fyrir hendur. En þetta er eingöngu vegna þess, að þarna er um hærra taxtakaup að ræða en við þá mjög svo ljóðrænu smalamennsku, sem ég hef stundað á fjöllum uppi undanfarin sumur.

Annars er það mér gleðiefni að heyra nú hv. þingmenn tala svo fjálglega um ólaunaða skylduvinnu, með því að nokkuð þrálátur orðrómur hefur gengið um það, að einmitt þingmenn hefðu til þessa ekki fyrirlitið „taxtakaup“ fyrir sín störf í þágu alþjóðar, jafnvel hoppað ofurlítið upp fyrir „taxtann“ í einstöku tilfelli. Mun fleirum en mér vel líka, að þeir gerast nú svo skáldlegir að hirða ekki um daglaun sín að kvöldi. Fegurst af öllu væri þó, ef þeir vildu hlífa vorri fátæku þjóð og enn þá fátækari æskulýð hennar við þessari fyrirhuguðu skylduvinnu, en leggja í þess stað byrðina á þá, sem efnin hafa og tekjurnar, án tillits til aldurs, og kynni þá svo að fara, að sumir hv. þm. sjálfir reyndust það efnum búnir og tekjuháir, að þeir fengju kærkomið tækifæri til að þjóna hugsjón sinni og ættjörðinni með því að „moka skít fyrir ekki neitt“ svo sem eins og tvær vikur á ári hverju. Skal ég strax á morgun manna glaðastur taka þátt í svo skáldlegum framkvæmdum.

Að öðru leyti þarf ég ekki að fjölyrða um sjálfan kjarna þessa máls, með því að rök mín frá fyrri umræðu standa óhögguð, að því er ég bezt fæ séð. Það hefur ekki verið hrakið, að þeir, sem kvöð þessi kemur niður á, fá sjálfir litlu eða engu um það ráðið, hvort hún verður upp tekin eður ei. Það hefur ekki verið hrakið, að hinum uppeldislega árangri má enn betur ná annaðhvort með fulllaunaðri vinnuskyldu eða ólaunaðri sjálfboðavinnu. Það hefur ekki verið hrakið, að hinn raunverulegi tilgangur frv. þessa er sá að gefa bæjarstjórnum landsins tækifæri til að ráðstafa ókeypis vinnuafli ungra manna eftir geðþótta. Og það hefur loks ekki verið hrakið, sem er sjálf þungamiðjan, að þegnskylduvinnan er úrelt hugsjón, sem á sér ekki stoð í núverandi þróunarstigi þjóðfélagsins. Það þjóðfélag, sem viðheldur úreltum atvinnuháttum með þeim árangri, að mikill hluti æskulýðsins fær ekki verk til að vinna á friðartímum, heldur er hafður á útigangi um göturnar, þar til hann verður að siðlausum skríl, — slíkt þjóðfélag hefur engan siðferðislegan rétt til þess að gera þegnlegar kröfur á hendur þeim æskulýð, sem þannig er að búið, — það er einmitt slíkt þjóðfélag, sem er á leiðinni til grafar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, HelgJ, JakM, JGM, JPálm, PO, SEH, SkG, StgrSt, SvbH, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE.

nei: HG, ÍslH, JóhJón, SK, VJ, EmJ, JörB.

9 þm. (EystJ, FJ, GG, HV, JÍv, ÓTh, PHann, StSt, TT) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 58. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Mér finnst ekki rétt, að þetta mál fari umræðulaust til 2. umr. án þess að sögð séu um það nokkur orð, enda þótt það sé nú svo um flest þau mál, sem hæstv. ríkisstj. stendur að og búin eru að

fara gegnum aðra hv. þd., að það þýðir yfirleitt lítið að tala um þau í hinni d., heldur séu þegar ákveðin þeirra örlög. Það er samt svo, að mér virtist, að í hv. Nd. væri allmikil andstaða á móti þessu frv. og að það hafi yfirleitt farið gegnum þá hv. d. þannig, að það hafi verið afgr. með hangandi hendi, þó að atkvæðamunur hafi verið nógur.

Ég tók eftir, að í umr. þar var bent á, að ekki kæmi skýrt fram í þessu frv., hver tilgangurinn væri með því, hvort hér væri um að ræða, að þetta ætti að vera uppeldisráðstöfun, eða hvort þetta ætti að vera almennur vinnuskattur, sem lagður væri á landsmenn í þeim tilgangi að afla ríkissjóði tekna á þann hátt, að hann fengi ókeypis vinnuafl í svo stórum stíl sem yrði, ef þessi l. væru framkvæmd almennt á landinu. Þessu var ekki svarað í þeirri hv. d., og það kemur ekki fram í frv. Samt finnst mér ekki, að það muni vera tilgangurinn, að þetta eigi að vera uppeldisráðstöfun, heldur sé hitt aðaltilgangurinn með frv. að leggja þarna skyldukvöð á þessa menn, sem þessi l. mundu koma til með að ná yfir. Þetta á ekki að verða sem almenn skólaskylda, því að það á að vera hægt að kaupa sig undan þegnskylduvinnunni, samkvæmt ákvæðum þessa frv., og það væri skrýtið ákvæði, ef þetta væri hugsað sem skólaskylda, ef menn þá gætu keypt sig undan skólaskyldu, sem peningaráð hafa til þess.

Það er gert ráð fyrir, að tíminn í þessari vinnu sé hálfur mánuður á ári. Miðað við núverandi kaupgjald er þetta ekki lítill skattur, og mun nærri láta, að hann nemi 300 kr. á ári, sem þessi nefskattur á að vera á hvern mann, sem þessi vinna nær til. Þetta mundi ekki þykja neinn smáræðis nefskattur, ef hann kæmi fram í frumvarpsformi þannig, að hann ætti að greiða í peningum. Þegar mikið er um atvinnu, kemur þetta út beinlínis eins og þetta væri greitt í peningum, þó að á atvinnuleysistímum kæmi það öðruvísi út, þó að á þeim tímum mæli enn sterkari rök gegn slíkum ráðstöfunum. Ég fæ ekki séð, hvað þessi nefskattur, sem lagður er á með þessari kvöð til vinnu, er betri en aðrir nefskattar yfirleitt. Ef ríkinu þætti nauðsyn að afla sér tekna, hvers vegna á þá að fara þessa leið? Ég býst við, að þó margir hv. þm. séu fylgjandi nefsköttum til að afla tekna fyrir ríkissjóð, þá hygg ég, að þeim mundi þykja nokkuð langt gengið, ef allt í einu væri lagt til að leggja svona gífurlega skatta á hvern einasta mann á landinu á þessum aldri. Á þeim tíma, sem ríkissjóður hefur yfir svo miklu fé að ráða, að hæstv. Alþ. er í vandræðum með það, hvernig á að nota það, þá finnst mér þetta frv. alveg furðulegt. Frá öllum sjónarmiðum held ég, að þvingunarvinna sé sú óheppilegasta skattálagningaraðferð, sem hægt er að hugsa sér, og að ekki sé hægt að finna aðra lakari aðferð til þess að innheimta skatta með. Þeir, sem hafa séð fanga vinna í þvingunarvinnu og brezku hermennina vinna hér (það er sem sagt engin vinna), þeir geta gert sér í hugarlund, hvernig menn mundu vinna, sem með þvingunarl. yrðu settir í þegnskylduvinnu. Og þvingun getur ekki haft uppeldisgildi, heldur mun verða til þess eins að koma inn hjá mönnum óbeit á vinnu. Það eru sumir, sem halda því fram, að hér sé í raun og veru ekki um þvingunarvinnu að ræða, heldur heimildarl.

Það er nú eitt nýmælið í þessu frv., að þar er tekið upp tvenns konar lýðræði, annað fyrir sveitir og hitt fyrir kaupstaði. Í sveitunum er það almennur hreppsfundur, sem á að ákveða það, hvort nota skuli þessa heimild, en aftur á móti er það í bæjunum bæjarstjórn, sem á að ákveða þetta, og til þess að ákveða að nota heimild þessa þarf aukinn meiri hl., en þar nægir ekki einfaldur meiri hl., þar þarf ⅔ atkv. Þetta munar ekki miklu, til dæmis hér í Reykjavík þarf ekki nema 9 bæjarfulltrúa, í staðinn fyrir, að ekki þyrfti nema 8, ef einfaldur meiri hl. væri látinn ráða. Það passar nákvæmlega, að Sjálfstfl. mundi geta komið þessu í gegn (svo að ég taki þetta sem dæmi) móti atkv. hinna fl. Það væri því um hreina þvingun að ræða, ef þegnskylduvinna yrði samþ. hér í Reykjavík. Einkum er þetta þvingunarráðstöfun að því er bæina snertir. Auk þess álít ég, að slík l. séu mjög óheppileg að því leyti til, að það mundi skapa glundroða, ef þetta væri framkvæmt í sumum bæjar- eða hreppsfélögum, en sumum ekki, eins og bent hefur verið á. Og það hefur komið fyrir, að menn hafa flúið undan minni skatti heldur en 300 kr. nefskatti á ári.

Þetta frv. er líka í algerðu ósamræmi við þá þáltill., sem samþ. var á hæstv. Alþ. um þetta mál í fyrra. Sú þáltill. var þess efnis, að semja skyldi frv. um þegnskylduvinnu, sem síðan yrði borið undir þjóðaratkvgr. Frá þessu hefur verið horfið, að spyrja þjóðina um þetta, eins og samþ. var á síðasta Alþ. Þannig hefur ályktun hæstv. Alþ. verið brotin og gengið beint á móti henni. Ég held, að ástæðan sé einfaldlega sú, að þeir, sem að þessu frv. standa, séu alveg sannfærðir um það, að ef málið væri látið fara til þjóðaratkvgr., þá mundi málið verða fellt. Samþ. þessara l. hér á hæstv. Alþ. er því beinlínis brot á þessari þáltill. frá því í fyrra og gengur beint á móti vilja þjóðarinnar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vildi bara benda á það, að það frv., sem hér liggur fyrir, er um heimildarl. Í sambandi við það vildi ég aftur benda á það, að nokkrir hreppar á landinu hafa nú þegar komið á þegnskylduvinnu til þess að koma nauðsynjamálum í framkvæmd. Djúpárhreppur í Rangárvallasýslu hefur með þegnskylduvinnu komið upp hjá sér myndarlegu barnaskóla- og samkomuhúsi. Að því unnu allir hreppsbúar kauplaust, og ekki þurfti að leggja fram fé nema fyrir aðkeyptu efni. Með þessu var þeim þetta kleift, en ella mundi húsið óbyggt enn.

Ég skal benda á, að tvö kauptún hafa með svona vinnu ræktað land í kringum sig, þar sem allir menn kauptúnsins nú eiga skepnur, sem þeir hafa nytjar af, samhliða sjósókn, sem oft er lítil og léleg, en þar sem íbúarnir þó hafa komizt yfir erfiðleikaárin án þess að safna skuldum. Það fauk skólahús í einu sjóþorpi, en nú er búið að koma öðru slíku húsi

upp aftur með þegnskylduvinnu. Var þó um það deila mikil og skárust nokkrir úr leik, af því að það vantaði heimildarlög lík þessum. Víða eru verkefni, sem menn geta ekki leyst, en mundu geta það með þegnskylduvinnu. Þetta frv. lýtur ekki að öðru en því að heimila, þar sem svona stendur á, að koma á þessari vinnu til þess að geta hrundið í framkvæmd verkefnum, sem bíða úrlausnar, sem viðkomandi hreppsfélög geta ekki á annan hátt. Við höfum dæmi síðustu ára um það, að þetta hefur verið notað og reynzt ágætlega.

Ég vildi láta þegnskylduvinnuna færast mikið út til þess að gera stór átök í landinu í heild. En það hefur ekki þótt fært enn að leggja það fram. En þetta frv., sem hér er komið fram, er lítið spor í þá átt, sem þá getur gefið reynslu um málið. En væri haldið áfram á þeirri leið, álít ég, að það mundi geta orðið til þess að hrinda góðum málum áfram, og það stórmálum.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Ég ætla ekki að ræða um þegnskylduvinnuna, hvorki með eða móti, sem er mál, sem út af fyrir sig á vafalaust einhvern rétt á sér fyrr eða síðar í einhverri mynd. Hins vegar er það mín óbifanleg skoðun, að hvenær sem sú stefna verður tekin upp að koma slíku fyrirkomulagi á, þá á að gera það aðeins þannig, að fyrir því sé samþ. meiri hl. landsmanna. Slíkt mál sem þetta er mikið tilfinningamál. Og það væri verr farið en heima setið að knýja í gegn löggjöf, sem yfirleitt mikill meiri hl. af landslýðnum væri andvígur, hvað sem liði skoðunum okkar hér á Alþ.

En það er ekki þessi hlið málsins, sem ég ætlaði að tala um, heldur í hvaða n. þetta mál ætti að ræðast, því að sennilega þarf einhverjar breyt. á frv. að gera. Þetta mál er í mínum augum nokkurs konar skólamál, en ekki sérstaklega landbúnaðarmál. Eins og l. þessi eru hugsuð, ná þau jafnt til sjávar sem sveita. Mér hefur því dottið í hug, hvort þetta mál ætti ekki eins og önnur skólamál að heyra undir hv. menntmn. (__BSt:__ Það er alveg rétt, þetta er uppeldismál.) Þetta er uppeldismál að vissu marki, þó að í þessu frv. felist nokkuð annað og meira. Ég vil gera það að till. minni, að þetta mál fari til hv. menntmn.

__Brynjólfur Bjarnason:__ Ræða hv. 1. þm. N.-M., og svo aftur ræða hv. 2. landsk. og aths. þær, sem hv. 1. þm. Eyf. var að skjóta fram í, sýna það, að hv. þm. hafa enn þá alls ekki gert sér ljóst, hver er tilgangurinn með þessu frv., og líklega hafa ekki heldur þeir, sem flytja málið, gert sér grein fyrir því. Hv. 1. þm. N.-M. lítur á þetta sem neyðarráðstöfun fyrir hreppa til þess að hrinda í framkvæmd ýmsum málum, sem þeir geta ekki komið í framkvæmd á annan hátt, m. ö. o. eins konar nefskatt, sem sveitirnar eiga að fá heimild til að leggja á hreppsbúa til þess að afla fjár til þess að koma í framkvæmd nauðsynjamálum. Og ég held, að þetta sé líka aðaltilgangur frv. Aftur á móti álítur hv. 2. landsk. og hv. 1. þm. Eyf., sem var að skjóta orðum fram í ræðu hv. 2. landsk., að þetta sé uppeldismál. Ég tel það í sjálfu sér alveg ófært, að hæstv. Alþ. sé að samþ. frv., sem það veit ekki, hvað er meint með, hvort það sem l. á að vera til þess að stofna eins konar skóla eða stofna til þvingunarvinnu til þess að afla hreppsfélögum tekna, til þess að spara hreppsfélögum að borga útgjöld til ákveðinna framkvæmda. Ég vona, að flestir hv. þdm. geti orðið mér sammála um það, að það sé út af fyrir sig alveg ófært, að svona frv. gangi lengra áður en skorið er úr um tilgang þess. En að það hefur ekki verið gert, sýnir, hve framúrskarandi illa málið er undirbúið. (__BSn:__ Getur það ekki haft tvenns konar tilgang?). Jú, en þá er eftir að rannsaka, hvort það getur farið saman, að þeim tvenns konar tilgangi verði náð í einu. Ég álít, að ef þetta á að vera nokkurs konar skóli, þá eigi menn ekki að geta keypt sig undan þessu, annaðhvort ætti þetta að vera skylduskóli eða skylduskóli ekki. Ef þetta er hugsað sem skóli, þá ætti að vera til tekið í frv., hvað ætti að læra í þessum skóla. En það kemur ekki fram í frv., enda hefur það komið fram í ræðum hv. þm. hér á þingi í umr. um málið, að tal hv. þm. um uppeldishlið þessa máls hefur ekki verið annað en slagorð út í loftið, til þess að skreyta það með stolnum fjöðrum.

Hv. 1. þm. N.-M. sagði í ræðu sinni, að slíkri þegnskylduvinnu hefði verið komið á í nokkrum hreppum og benti á dæmi. Ég get bent hv. þm. á fleiri dæmi um slíka „þegnskylduvinnu". Á Siglufirði var Alþýðuhúsið reist með slíkri „þegnskylduvinnu". Í Vestmannaeyjum var Alþýðuhúsið líka reist með slíkri „þegnskylduvinnu". Ég er samþykkur slíkri „þegnskylduvinnu", því að þar var um frjáls samtök að ræða. Ef það er rétt hjá hv. þm., að nokkrir hreppar hafi komið slíku á hjá sér án heimildarl., þá er óþarfi að samþ. svona frv. Hvers vegna þurfa þessir hreppar svona l., ef þeir geta komið málum sínum í framkvæmd, eins og hv. þm. gat um, með þegnskylduvinnu án lagaheimildar? Síðar í ræðu sinni sagði svo þessi sami hv. þm., að hrepparnir þyrftu að hafa svona heimildarl. til þess að geta skyldað hreppsbúa til þess að vinna. En slík heimildarl. álít ég að sé rangt að setja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til menntmn. felld með 9:3 atkv.

Frv. vísað til landbn. með 9:1 atkv.

Á 64. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 305, n. 544).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

__Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson):__ Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er til orðið af því, að á síðasta Alþingi var gerð sú samþykkt að skora á ríkisstj. að undirbúa frv. um þegnskylduvinnu, og var til ætlazt að leggja það síðan undir þjóðaratkvæði. Þó hefur ekki að sinni verið í það ráðizt, heldur fól landbúnaðarráðh. fram-

færslunefnd ríkisins að gera uppkast að lögum, er gæfu einstökum bæjarfélögum og sjávarþorpum heimild, og hana mjög takmarkaða, til að koma á hjá sér þegnskylduvinnu. Þetta frv. nefndarinnar fékk meðmæli búnaðarþings. Nú hefur landbn. Nd. endurbætt frv. þetta og borið það fram. Hún leggur þar til, að heimilað sé, að þegnskylduvinnan nái til hreppa. Í kaupstöðum ákveður bæjarstjórn um þegnskylduvinnu, en almennur hreppsfundur í sveitum, og þarf ⅔ atkvæða til samþykktar. Skal skyldan aðeins ná til karlmanna á aldrinum 16—25 ára, og má vinnan vara allt að ½ mánuði árlega fyrir einstakling og eigi lengur en samtals 6 vikur á þessu árabili.

Okkur nefndarmönnum þótti ýmislegt geta farið betur í frv. og gerðum við það brtt. Fyrst og fremst er það atriðið, að bæjarstjórnir skuli ekki einar geta ráðið því að koma á þegnskylduvinnu í kaupstöðum, heldur skuli fara þar fram atkvgr. meðal allra þeirra, er kosningarrétt eiga í sveitarmálefnum. Ekki skal samkv. brtt. stofnað til þeirrar atkvgr., nema meiri hl. hreppsn. eða bæjarstjórnar óski eða fram komi bréfleg áskorun frá minnst ⅕ kjósenda innan umdæmisins. Við vildum ekki, að farið yrði að hlaupa út í þetta ófyrirsynju. Ákvæði eru sett um auglýsing funda eða atkvgr. um málið. Oft er ekki hægt að boða til nógu fjölsóttra almennra funda í kaupstöðum, svo að við felldum það ákvæði niður, en í staðinn má haga atkvgr. þannig, að hún fari fram á tilteknum stað og standi yfir svo marga daga sem þurfa þykir, líkt og farið er að við allsherjar atkvgr. í verkamannafél. Dagsbrún og víðar. Ef fullur helmingur atkvæðisbærra manna hefur greitt atkvæði og ⅗ goldið jákvæði, er þegnskylduvinnan samþ., annars ekki. Með því lagi er ekki gengið framhjá vilja almennings.

Þá vildum við kveða skýrt á um, að þóknun til þeirra, sem þegnskylduvinnu inna af hendi, skuli nægja til greiðslu fæðis og dvalarkostnaðar, meðan vinnan stendur.

Við 4. gr. 1. málsgr. vildum við setja það tímatakmark, að þegnskylduvinnunefnd sé skipuð til fjögurra ára í senn. Loks vildum við taka fram, að þá er reglugerð um þegnskylduvinnu kemur fyrir atvmrh. til staðfestingar, skuli hann staðfesta hana þá þegar eða að fengnum þeim breytingum, sem hann telur nauðsynlegar. Brtt. þessar með nál. okkar á þskj. 544 eru ekki stórvægilegar nema hin fyrsta, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Hv. þdm. munu sjá, hvað í frv. er fólgið, og skal ég ljúka máli mínu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 544,1 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv,
— 544,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 544,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 65. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 590).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og endursent Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 610).

---

69. Jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

Á 28. fundi í Ed., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa (þmfrv., A. 110).

Á 30. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þegar framfærslun. ríkisins tók til starfa, mun hún hafa haft mjög í huga að finna úrræði til þess, að atvinnubótafé kæmi að frambúðarnotum og skapaði aukna framtíðaratvinnu. Til þess að kynna sér ástandið ferðaðist Jens Hólmgeirsson milli flestra þorpa og verstöðva austan lands og norðan, og á Vestfjörðum var hann kunnugur fyrir. Við það staðfestist sú skoðun hans, að skapa þyrfti mönnum í þorpunum aðstöðu til að nota sér vinnu sína til framleiðslustarfa á landi þá tíma árs, sem lítil eða engin atvinna er við sjósókn og sjávarafla. Bæirnir og þorpin þurfa að hafa til umráða meira eða minna af ræktuðu eða ræktanlegu landi í því skyni. Það kom í ljós, að af um 70 þorpum og kauptúnum á landinu er næstum helmingurinn þannig settur, að einstakir menn eiga staðinn, sem þau standa á, eða mestallt ræktunarhæft land í kring. Almenningur hefur ýmist ekki aðgang að ræktunarlandi eða með óhentugum skilmálum og okurkjörum. Hæst hefur leigan náð, þegar kálgarður var leigður með því lagi að gjalda helming uppskerunnar fyrir. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að hið fyrsta, sem gera þyrfti, væri að skapa mönnum aðstöðu til ræktunar með sæmilegum kjörum, svo að þeir gætu gert sér atvinnuleysisstundirnar arðbærar. Þess vegna samdi n. frv. og sendi ríkisstj., sem lagði það svo fyrir síðasta búnaðarþing. Nokkrar breyt. voru gerðar á því á búnaðarþinginu, og í þeirri mynd, sem það fékk þar, er það flutt hér. Aðalefni frv. er, að heimilt sé, ef ekki semst um kaup á landi til nauðsynlegrar notkunar

þorpsbúa, að taka slíkt land eignarnámi og leigja eða selja þeim með kostnaðarverði. Ég tel eðlilegt, að ríkið gerist milliliður í slíkum tilfellum, og þetta mál er ákaflega brýnt.

Breyt. þær, sem búnaðarþing gerði á frv., orka tvímælis, og ég tel þær til skemmda að því leyti, sem þær draga úr heimildinni til eignarnáms og þrengja möguleika fyrir að það verði notað. Þó að n., sem flytur frv., teldi rétt að láta það koma hér fram í þeirri mynd, sem það fékk á búnaðarþingi, hafa einstakir nm. óbundnar hendur um atriði, sem þeir hefðu sumir, ef ekki allir, kosið á annan hátt. Ég geri ráð fyrir, að undir umr. kunni að koma fram brtt., og áskil mér rétt til að styðja þær eða flytja, ef ekki næst samkomulag um að flytja þær í nefndinni.

Það væri hægt að benda á tvenns konar fiskiþorp með jafngóða aðstöðu til sjósóknar, en mismunandi aðgang að ræktunarlandi, og sýna, hvernig kröggur og atvinnuleysi hafa lagt annað þorpið í rústir, svo að það kemst ekki af án hjálpar hins opinbera, en hitt hefur bjargazt sæmilega án sýnilegs aðstöðumunar, nema þess, að ræktarland og búnaðarframleiðsla þorpsbúa með stuðningi af því hefur gert atvinnuleysistíma þess arðbæra á öðrum staðnum, en hinum ekki. Þeir hafa fyrst og fremst aflað sér nægilegs garðmatar og mjög margir haft kú eða aðrar skepnur, að afkoma í þeim þorpum ber af. Þó að einstöku menn telji, að þessi braut sé varhugaverð, því að þá rýrni markaður bænda í þorpunum, verður að líta á, hve mikil hollusta og óbeinn hagnaður verður í bráð og lengd að þessari smáframleiðslu, og á hinu leytinu ber að gæta þess, að flestir þorpsbúarnir, sem hér er um að ræða, eru kaupleysingjar á aðalvörur bænda úr nágrenni sínu; markaðsspilling af þessum smábúskap er því hverfandi lítil víðast.

Þar sem frv. kemur frá n., mun ekki þurfa að vísa því til n., en til þess vildi ég mælast við hæstv. forseta, að hann tæki það ekki aftur á dagskrá í þessari viku, meðan væntanlegar brtt. um nokkur atriði þess eru í smíðum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, 143).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, var frv. þessu, sem upprunalega var sent búnaðarþingi af framfærslun. ríkisins, breytt nokkuð, og miða þær breyt., sem n. hefur lagt til að gerðar væru á því, að því að færa frv. nær sinni upprunalegu mynd. Aðalbreyt., sem búnaðarþing gerði á frv., felst í b-lið 6. gr., sem búnaðarþing setti inn í frv., en búnaðarþing bar kvíðboga fyrir því, að ef leyft yrði að taka land utan þess hrepps, sem kauptúnið er í, gæti það m. a. leitt til óþæginda vegna álagningar útsvara. Nú er það svo, að ef við athugum þau þorp víðsvegar um land, sem hér gætu átt hlut að máli, munu vera yfir 10 þorp, sem þannig er ástatt um, að þau hefðu enga möguleika til þess að fá land til ræktunar, ef ekki mætti fara út fyrir takmörk þess hrepps, sem þau tilheyra, og yrði því frv. þetta gagnslaust hvað þeim viðvíkur, nema b-liður 6. gr. verði felldur niður.

N. leggur því til, að b-liður 6. gr. falli burt, en til þess að koma til móts við vilja búnaðarþings hefur n. bætt aftan við c-lið, sem verður b-liður, grein þess efnis, að þurfi að taka land eignarnámi, sem liggur í öðru hreppsfélagi, megi það því aðeins, að landið liggi upp að hreppsmörkunum og verði hreppsmörkum þorpsins breytt þannig, að hið tekna land verði innan takmarka þess hrepps, er það notar.

Ég veit, að þetta verður dálítið vafningssamt í framkvæmd, en þó ætti það að vera vel framkvæmanlegt og er þá náð því marki, sem fyrir framfærslun. vakti, og jafnframt komið í veg fyrir, að kauptún þurfi að hafa land í fleiri hreppum, og þar með því, sem fyrir búnaðarþinginu vakti.

Þessar brtt. er n. öll sammála um og leggur til, að þær verði samþykktar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 143,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 143,2.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 143,2.b samþ. með 9 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 152).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 152, n. 454, 477).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 477. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** N. hefur orðið sammála að mæla með samþykkt þessa frv. Þó gat n. ekki að öllu orðið sammála því, sem gert er ráð fyrir í b-lið 6. gr. frv., um heimild til að taka eignarnámi undir hrepp lönd, sem liggja í

öðrum hreppi. Því flytur n. brtt. við þetta ákv. á þskj. 454.

Að öðru leyti er hægt að taka lönd eignarnámi, með þeim takmörkunum, sem í l. eru, og tel ég óþarft að skýra það nánar hér.

Forseti (JörB): Brtt., sem hv. þm. V.-Húnv. boðaði, er enn ekki fram komin, og verður því málinu frestað um stundarsakir.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Skúli Guðmundsson: Þetta frv. er um heimild til ríkisstj. til að kaupa jarðir, lönd og lóðir í kauptúnum og sjávarþorpum eða í grennd við þau. Í 6. gr. frv. eins og það koma frá Ed. er ætlazt til þess, að til geti komið, að slík lönd séu tekin eignarnámi, ef ekki næst samkomulag, og fari fram eftir lögum frá 1917. Í 6. gr. er vel séð fyrir því, að ekki verði um of þrengt að einstökum mönnum, sem eiga löndin, sem sé í b-lið 6. gr. Það er tekið fram, að áður en eignarnám fari fram, skuli leitað ráða og umsagnar Búnaðarfélags Íslands, og að eignarnám megi ekki gera nema með þess samþykki. Er svo ákveðið, að Búnaðarfélag Íslands skuli sérstaklega gæta þess, að ekki verði um of þrengt að hagsmunum annarra aðila í hreppnum, og eigendur geti haldið eftir hæfilega stóru landi til að geta haft þar sjálfstæðan rekstur. Í frv. eins og það liggur fyrir er ákveðið, að ef þurfi að taka land eignarnámi, sem liggur utan hreppsfélags, megi það því aðeins gera, að landið liggi að hreppsmörkum. Verður þá mörkunum breytt svo, að landið verði innan þess hrepps, sem fær það til afnota. Landbn. hefur á þskj. 454 lagt til, að ef þarf að taka land eignarnámi, sem liggur í öðru hreppsfélagi, skuli það gert með sérstökum l. Hins vegar hefur n. ekki gert neinar brtt. að öðru leyti við frv., og virðist það því álit n., að nógu vel sé fyrir því séð í frv., að ekki muni um of þrengt að einstökum eigendum. Það vakir því fyrir n. að koma í veg fyrir, að nágrannahreppur, sem land er tekið frá, verði fyrir tjóni. Það verði tekið til meðferðar sérstaklega á Alþ. í hvert sinn og farið er út yfir hreppamörkin. Það liggur fyrir brtt. frá mér og hv. þm. Seyðf. í stað brtt. landbn., um, að ef land er tekið utan hrepps, skuli séð fyrir því, að sá hreppur, er landið fær, skuli bæta hinum hreppnum tekjurýrnunina eftir mati dómkvaddra manna, ef ekki næst samkomulag. Í sveitarstjórnarl. er svo ákveðið, að atvmrh. geti skilið hreppa eða sameinað eftir beiðni hreppsn., og hreppum hefur oft verið skipt að undanförnu. Gilda sérstakar reglur um það. Ef til kæmi, að tekið yrði land frá öðrum hreppi, getur það haft í för með sér breyt. á fjárhag beggja hreppa, og þá er eðlilegt, að sá hreppur, er landið missir, fái bætur frá hinum. Viljum við láta það koma skýrt fram í l., að til bóta sé ætlazt. Kemur þá til athugunar bæði tekjumissir og hvort þessi breyt. á hreppamörkunum hefur áhrif á framfærsluskyldu hreppanna.

Við sjáum ekki, að það sé ástæða til, að brtt. landbn. verði samþ., ef okkar till. verður samþ., enda mundi okkar till. ekki eiga við, ef till. landbn. væri samþ. Við óskum sem sé, að okkar till. komi í staðinn fyrir till. landbn. og vonum, að nm. geti á það fallizt.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins segja nokkur orð út af brtt. landbn. og fyrst geta þess, að það er mikill misskilningur hjá flm. að till. á þskj. 477, ef þeir hafa litið svo á, að samkv. ákvæðum frv. eins og það kom frá Ed. hefði viðkomandi hreppur ekki átt að fá bætur fyrir eignarnám. Vitanlega hefði ekki komið til mála að gera slíkt án bóta, enda hefur það komið skýrt fram í meðferð málsins í Ed. Bætur fara fyrst og fremst eftir samkomulagi, en náist það ekki, þá eftir mati dómkvaddra manna. Brtt. á þskj. 477 er því í raun og veru að þessu leyti engin breyt. á frv. En hér er brugðið út frá þeirri venju, að þegar um er að ræða, að ekki hefur fengizt samkomulag um hreppaskipti, hefur alltaf verið hafður sá gangur á, að það hefur verið borið fram sérstakt frv. um þetta á Alþ. En Alþ. hefur farið varlega í að setja slík l. fyrr en fullreynt væri, hvort ekki væri hægt að leysa málin heima fyrir með samkomulagi.

Þá vil ég vekja athygli á því, að þrátt fyrir það, þó að heimilað sé að taka land eignarnámi af einstökum mönnum, gegnir nokkuð öðru máli hér. Sú eignarnámstaka tekur bara til þess manns, er landið á. En hér bætist það við, að taka má land frá einum hreppi og leggja til annars. Það er því um tvenns konar tilfærslu að ræða, og því tvöföld ástæða til, að allrar varkárni sé gætt. Að vísu eiga bætur að koma til þess hrepps, sem landið er tekið af, en þær bætur eru miðaðar við það ástand, sem ríkir er eignarnámið fer fram. En orðið getur mikil og skjót breyt. á verðmætum, og er þá opin leið til ranglætis á annan hvorn bóginn.

Ég vil eindregið mælast til þess við hv. d., að hún geti fallizt á að láta gildandi reglur vera áfram. Þegar samkomulag næst ekki milli hreppsfélaga, verði skorið úr með löggjöf.

Ég vil enn fremur geta þess, að slíkt fyrirkomulag þarf ekki að hindra það, að hægt sé að fá land til ræktunar í viðkomandi hreppi, því að það er algengt, að menn kaupi land í öðrum hreppi án þess að breytt sé hreppamörkum. Ákvæði frv. um það eru óþörf.

Brtt. á þskj. 477 er í raun og veru engin efnisbreyt., heldur bara skýring á hinni sjálfsögðu hugsun í frv., en till. n. er gerð til að færa þetta mál til samræmis við venju þá, sem gilt hefur lengi, og það er sjálfsagt að tryggja það, að þeirri reglu verði fylgt.

Skúli Guðmundsson: Hv. þm. Borgf. segir, að það sé misskilningur hjá okkur, að ekki sé til ætlazt, að bætur komi fyrir eignarnám. En það er bara gott að taka af allan vafa. Hv. þm. sagði líka, að hann teldi eðlilegt, að þegar tekið er land úr öðrum hreppi, yrði það ekki gert nema með sérstökum l., ef ekki næst samkomulag. En ég vil benda honum á, að eins og brtt. þeirra við b-lið er orðuð, er ekki gert ráð fyrir slíku samkomulagi. Hún segir það skilyrðislaust, að þetta skuli gert með sérstökum l. Ég vil skjóta

því til n., hvort hún vill ekki taka till. sína aftur til 3. umr., og við tökum þá okkar till. aftur líka.

Pétur Ottesen: Frv. er byggt á því, að fullt samkomulag takist, en ef það tekst ekki, komi eignarnám til. Það liggur því ljóst fyrir, að ef samkomulag næst, þurfi enga lagasetningu. — Ég mun verða við ósk hv. síðasta ræðumanns um að taka till. okkar aftur til 3. umr., þar sem langæskilegast er, að samkomulag geti fengizt um málið.

ATKVGR.
Brtt. 454 og 477 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 152, 454, 477, 538).

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Við 2. umr. málsins hafði landbn. borið fram brtt. á þskj. 454. Hins vegar höfðu þá hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. Ísaf. borið fram brtt. um sama efni á þskj. 477. Nú hefur landbn. borið fram nýja brtt. um þetta mál á þskj. 538, og mér skilst, að það muni verða samkomulag við hv. flm. brtt. á þskj. 477, ef þessi till. n. verður samþ., þá taki þeir sína till. aftur. Þá vil ég enn fremur geta þess, að n. lítur þannig á, að orðið „atvinnumálaráðherra“ í 2. málsgr. skuli heldur vera „ráðherra“, og þá yrði það sá ráðherra, sem færi með þessi mál á hverjum tíma. Við vitum það, að verksviðin skiptast nokkuð upp og ofan, eftir að ráðherrunum fjölgaði, og er eðlilegast, að sá ráðh., sem hefur yfirleitt með þessi mál að gera, hafi einnig umsjón með þessari hlið þeirra.

Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort honum finnist þörf á sérstakri brtt. um þetta atriði, eða að hann skoði þetta næga leiðréttingu á frv.

Forseti (JörB): Ég skoða ekki þörf á að bera fram sérstaka brtt. við frv. Samkv. eðli málsins fer sá ráðh. með það, sem það heyrir undir. Mun því þetta atriði verða leiðrétt við endurprentun.

Skúli Guðmundsson: Ég vil aðeins staðfesta það, sem hv. frsm. landbn. sagði, að samkomulag varð um, að við tækjum aftur brtt. okkar á þskj. 477, ef hin nýja brtt. n. verður samþ. með þeirri leiðréttingu, sem hv. frsm. gat um. Þá mun landbn. að sjálfsögðu taka aftur brtt. sína á þskj. 454.

ATKVGR.
Brtt. 454 og 477 teknar aftur.
— 538 samþ. með 19:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 65. fundi í Ed., 21. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 584).

Á 66. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv. er hingað komið aftur frá Nd. og hefur tekið þar lítilfjörlegri breyt., sem er komin til af því, að hér í hv. d. var sett í frv. ákvæði um það, að ef land lægi í öðrum hreppi, væri heimilt að taka það, ef það lægi upp að hreppamörkum, og þá var gert ráð fyrir, að hreppamörkunum væri breytt. Þetta þótti hv. Nd. ekki nógu skýrt, til dæmis það, hvernig færi með útsvars- og tekjumissi. Við í Ed. höfðum litið svo á, að það væri sjálfsagður hlutur, að þar réði mat og ekki þyrfti að taka það sérstaklega fram í l. Hv. Nd. hefur nú sem sagt gert lítils háttar breyt. hér á, og er þar skýrar að orði kveðið en hjá okkur, og tel ég sjálfsagt að samþ. frv. með þeirri breyt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 611).

---

70. Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum.

Á 38. fundi í Nd., 18. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum (þmfrv., A. 190).

Á 41. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Í menntmn. liggja fyrir tvö bréf. Annað er um hússtjórnarskóla í Reykjavík og hitt er um kennaraskóla fyrir húsmæðrakennslukonur. N. taldi rétt að slengja báðum þessum málum saman í eitt frv.

Á Alþingi 1938 voru afgr. l. um húsmæðrafræðslu í sveitum, og þá var heitið að setja innan skamms l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Frv. er hér komið fram. Ákvæðin í frv. eru hin sömu og í l. um húsmæðrafræðslu í sveitum og auk þess getið um nýjan húsmæðraskóla hér í Reykjavík.

Um styrkveitingu, sem minnzt er á í frv., er líkt farið og áður. Húsmæðraskólinn á Ísafirði kemur því til með að njóta líks styrks og áður, en þó lítið eitt ríflegri. Í 8. gr. hefur orðið prentvilla, og er það ósk mín, að skrifstofan leiðrétti hana, svo ekki þurfi að koma hér fram með brtt.

Ég tel svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, því grg. er mjög skýr og ýtarleg.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 46., 47. og 49. fundi í Nd., 28. og 29. apríl, 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 190, 316).

*Sveinbjörn Högnason: Ég hef lagt hér fram nokkrar brtt. við þetta frv., sem ég tel vera til samræmis við það, sem ákveðið er í l. um húsmæðrafræðslu í sveitum. Mér virðist, að sem mest jafnrétti eigi að vera þar á milli, eftir því sem aðstaða er til á báðum stöðum.

Fyrsta brtt. við frv. er við 8. gr. 3. málsl., að í stað kr. 400.00 fyrir hvern nemanda umfram 15 fyrstu komi kr. 200.00. Það skal tekið fram, að í löggjöfinni um húsmæðrafræðslu í sveitum landsins er ákveðið, að þetta séu kr. 400.00, en þess ber að gæta, að þar er eingöngu um heimavistarskóla að ræða. Engar stúlkur geta sótt þessa skóla nema með því að vera burtu frá heimilunum og kosta sig þannig að öllu leyti til heimavistar, meðan þær dvelja í skólunum. Í kaupstöðum er viðhorfið allt annað. Þar verða skólarnir fjölmennari, og þær, sem þurfa að sækja þá, geta sótt þá undantekningarlaust frá heimilum sínum og hafa þar af leiðandi allt annan kostnað af skóladvölinni. Auk þess er það sjáanlegt, að vegna fjölmennisins fengju kaupstaðaskólarnir allt annan styrk heldur en sveitaskólarnir með því að fá jafnhátt fyrir hvern nemanda. Aðstöðumunurinn er svo mikill, að það verður vitanlega að taka tillit til hans.

Næsta brtt. við sömu grein, b-liður, er, að í lok greinarinnar falli niður: „Óheimilt er að taka kennslugjald". Það er ekki í lögunum um húsmæðrafræðslu í sveitum landsins, að hún skuli vera ókeypis, og skil ég ekki, að hún eigi frekar að vera ókeypis í kaupstöðum, þar sem þeir eiga á allan hátt að fá hana ódýrari og eiga betra með að greiða kennslugjald. Ég sé ekkert athugavert við það, þó að kennslugjald sé tekið. Þó það yrði ekki mikið, þá munaði dálítið um það til þess að létta undir rekstri skólans.

Önnur brtt. mín er við 9. gr., að í stað niðurlags greinarinnar, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fræðslumálastjórnin úrskurðar um heimavistargjald, eftir tillögum skólanefnd-ar" komi: Heimavistargjald má þó aldrei taka hærra en 45.00 kr. á nemanda fyrir skólaárið. — Ef heimavist væri við þessa skóla í kaupstöðunum, þá er þarna veitt miklu rýmri heimild til að taka gjald fyrir hana heldur en í lögunum um húsmæðrafræðslu í sveitum, þar sem það er ákveðið, hvað megi taka hátt heimavistargjald fyrir skólaárið þar. Ég vil leggja það til, að hér sé sett sama ákvæðið sem er í lögunum um húsmæðrafræðslu í sveitum, að heimavistargjald megi aldrei vera meira en 45.00 kr. á ári. Það virðist ekki nein ástæða til þess að hafa hérna annað ákvæði í þessu efni.

Loks er 3. brtt. mín. Hún er við 10. gr. um það, að fyrri málsgr. greinarinnar falli niður. Hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Nú er húsmæðraskóli rekinn í leiguhúsnæði, og greiðir ríkissjóður þá árlega hálfa húsaleigu, enda samþykki fræðslumálastjórnin húsnæði og leigumála." Þessi heimild um að taka húsnæði á leigu í sveitum til þess að reka heimavistarskóla er ekki í lögunum um húsmæðrafræðslu í sveitum landsins. Það gæti verið varhugavert, að hver sem væri mætti taka hús á leigu til þess að reka þessa skóla, sem njóta jafnríkulegs styrks og hér um ræðir. Ég sé ekki, að frekar sé ástæða til að hafa þessa heimild heldur en talið hefur verið í lögunum um húsmæðrafræðslu í sveitum. Allar þessar till. eru miðaðar við það að koma á meira samræmi milli húsmæðrafræðslu í kaupstöðum og sveitum. Það er í alla staði eðlilegt að gæta þess að hafa sem mest jafnrétti þar á milli. Það gæti verið hættulegt fyrir sveitirnar, ef það að einhverju leyti væri betra að reka húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, því þá mundi fólkið frekar fara þangað, og það er hætt við, að samkeppnin milli þessara skóla yrði ójafn leikur. Það verður vitanlega að ætlast til þess, að þær, sem ætla sér að verða húsmæður í sveitum, sæki þá skóla, sem þar eru. Það þarf að miða löggjöfina við tvenns konar þarfir og sníða hana þannig, að það rekist ekki á, þegar til framkvæmdanna kemur.

*Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. fyrri þm. Rang. segist bera fram sínar till. til þess að skapa samræmi á milli húsmæðrafræðslu í sveitum og kaupstöðum. Og svo kemur hann fram með till. um það, að í stað 400 kr. styrks í kaupstöðum komi 200, en í lögunum um sveitaskólana er styrkurinn 400 kr. Mér er ómögulegt að sjá, að hv. þm. sé að skapa hér samræmi, — hann er að skapa ósamræmi á milli sveita og kaupstaða. Í sveitaskólum verður kostnaðurinn ekkert meiri fyrir skólann sjálfan. Stúlkur í heimavist kosta sig algerlega sjálfar, og upphitun og kennsla er nákvæmlega sama í kaupstöðum og í sveitum. Hvað nemendafjölda snertir, þá er ekki hægt að hafa marga nemendur í einu. Það má fullyrða, að rekstur skólanna er engu ódýrari í kaupstöðum en í sveitum. Ég nefni sem dæmi, ef till. hv. þm. verða samþ., að þá mundi húsmæðraskólinn á Ísafirði lækka í styrk frá því, sem hann hefur haft á fjárlögum í mörg ár, og það er þó ekki tilgangur þessara laga. Þá ber hv. þm. fram till. um, að fellt sé niður ákvæðið um, að „óheimilt sé að taka kennslugjald", en í ákvæðunum um sveitaskólana stendur, „að nemendur greiði ekkert skólagjald", svo að ekki er þetta til samræmis, heldur þvert á móti til ósamræmis. Slíkir skólar sem þessir eiga að vera sem almennastir, og þegar ríkið styrkir, og sömuleiðis bæjarfélög og aðrir aðilar, þá er þetta ágætt ákvæði, að skólarnir megi ekki taka skólagjald og svo ætti það að vera með alla sýsluskóla og er svo með flesta. Hér er heldur ekki skapað samræmi. Hitt má segja, að brtt. við 9. gr.: „heimavistargjald má þó aldrei taka hærra en 45.00 kr. á nemanda fyrir skólaárið" sé til samræmis, og menntmn. hefur ekkert á móti þessari till. Vitanlega verður að taka hærra gjald en 45.00 kr. fyrir bæði húsnæði og fæði, en í sveitaskólal. stendur, að þó sé heimilt að taka húsaleigugjald af stúlk-

um allt að 45.00 kr. á hverja, og vil ég leita samkomulags við hv. flm. um skrifl. brtt. frá mér, að í stað „heimavistar-“ komi: húsaleigugjald, og í staðinn fyrir 45 kr. komi 40 kr. — til þess að skapa samræmi.

Við 10. gr. ber hann fram þá till., að fellt sé niður, að ríkissjóður greiði hálfa húsaleigu. Nú má hann vita það, að um gagnfræðaskóla í kaupstöðum hefur í mörg ár gilt sú regla, að ef þeir eru bæjarins eign, þá greiddi ríkið hálfa húsaleigu. Þessi regla er til, og þessi regla mundi líka hafa verið sett inn í sveitaskólal., ef um leiguhúsnæði hefði þar verið að ræða, en í sveitunum er ekki til neitt leiguhúsnæði og þarf því að byggja skólana í upphafi. Nú er einn skóli starfandi, Ísafjarðarskóli, sem hefur alla tíð verið leiguskóli, og ef þessi till. verður samþ., kemur þetta mjög hart niður á honum. Ég get ekki séð, að hv. þm. sé að skapa hér neitt samræmi. Ég get heldur ekki séð, að hér sé um að ræða jafnan og ójafnan leik. Það er eins og hv. þm. hugsi sér, að sveitirnar og kaupstaðirnir séu að keppa. Það er engin hætta á neinni baráttu í þessu efni. Í kaupstöðunum eru stúlkurnar ekki í heimavist, en það er ekkert ódýrara að vera á heimilunum. Kostnaðurinn fyrir stúlkur, sem stunda hér nám, er eins mikill og hjá þeim, sem eru á heimavistarskólum, því þær yrðu að vera allan daginn við sitt nám og mestallan daginn á skólanum sjálfum.

Með þessum till. er hv. þm. að skapa ósamræmi, en ekki samræmi. Ég hygg, að sveitamenn kæri sig ekki um að draga þetta niður fyrir þann styrk, sem þeir njóta.

*Bjarni Bjarnason: Þegar samþ. voru lögin um húsmæðrafræðslu í sveitum, var einnig gefið fyrirheit um að setja á svipaða löggjöf í kaupstöðum. Ég tel því, að þetta þing, sem nú situr, sé í raun og veru bundið við að afgreiða frv. það, sem hér liggur fyrir, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Þar sem yfirleitt var samkomulag um lausn laganna um húsmæðrafræðslu í sveitum, þá vil ég mjög æskja þess, að einnig takist samkomulag um þetta mál. Ég vil því óska þess, að málinu verði ekki lokið í dag, heldur verði því frestað, svo að hv. menntmn. þessarar d. geti fengið tækifæri til að taka till. á þskj. 316 til athugunar í því trausti, að n. takist að finna einhverja samkomulagsleið og geti sameinað í þessum till. það, sem ágreiningi hefur valdið og ekki er stærra en svo, að við ættum að geta leyst málið með samkomulagi. Það er í raun og veru kaup kaups, því við fengum lögin um sveitaskólana með samkomulagi, og eins ætti þetta að fást á sama hátt. Hins vegar gæti komið til athugunar, hvort staður eins og Reykjavík hefði þörf á að fá sama styrk, því vitanlega verða skólarnir hér stærri en annars staðar.

Forseti (JörB): Það hefur komið fram ósk um að fresta málinu. Ég tel sanngjarnt að verða við þeirri ósk.

Sveinbjörn Högnason: Það er bersýnilegt, að sumir nm. þurfa á fræðslu að halda um þetta, eins og t. d. hv. þm. V.-Ísf., og mér finnst því ótækt að vera að taka málið út af dagskrá, fyrr en hann hefur fengið fræðslu í því. Ég vil því reyna að gefa honum bendingar um þetta. Mér finnst fáránlegt, þegar hv. þm. heldur því fram, að ekki sé dýrara að senda nemendur í heimavistarskóla heldur en að þeir sæki skólann heiman að frá sér. Þeir munu vera fáir eða alls engir, sem geta tekið undir þetta með hv. þm., að ekki sé dýrara að senda börnin sín burtu til náms. Þetta er svo mikil fjarstæða, því vitanlegt er, að það er sáralítill kostnaður að dvelja heima sjá sér og sækja skóla. Á þessu byggist einmitt brtt. mín við 8. gr. (a.).

Ef hv. þm. lítur svo á, að sveitamenn þekki alls ekki til þessa máls, þá er því til að svara, að ég bý í sveit og þekki þetta alveg fyllilega. Og fleiri þekki ég, sem er alveg ljóst, hversu geipilegur sá munur er að sækja skóla langt frá heimili sínu eða geta stundað hann heiman að. Skólarnir í kaupstöðunum eða þéttbýlinu geta tekið miklu fleiri nemendur, vegna þess að þeir þurfa ekki á heimavist að halda. Þar kemur því í ljós, hversu mikill munur er á því, hvað erfiðara er að reka heimavistarskólana. Skólarnir í þéttbýlinu hafa miklu meiri tekjur. Og eitt atriði mætti líka nefna í þessu sambandi, að í kaupstöðum getur kennsla verið mun ódýrari, og á ég þar við tímakennara, sem hægt er að fá til að kenna við skólana. Um þá er ekki að ræða í sveitunum. Þess vegna er fullt samræmi, að gjaldið verði 200 kr., en ekki 400 kr. Brtt. á einmitt að jafna þennan aðstöðumun, sem er á milli skóla í sveitum og kaupstöðum. Þá sagði hv. þm. V.-Ísf., að hann gæti gengið inn á 2. brtt. við 9. gr., ef í stað „heimavistargjalds“ kæmi: húsaleigugjald. — Ég man ekki betur en að í l. standi heimavistargjald. (ÁÁ: Hér stendur húsaleigugjald). Ég á við með heimavistargjaldi allan kostnað, húsnæði, ljós og hita, og ef hv. þm. leggur sama skilning og ég í orðið, þá get ég gengið inn á, að orðið húsaleigugjald komi í staðinn. — Það gerir hvorki til né frá. Um brtt., sem fellir niður fyrri málslið 10. gr., er það að segja, að mér finnst, að þeir, sem reka skólana og sjá, að húsaleiga er greidd af ríkinu til hálfs, muni freistast til að græða á þessu. Aftur á móti er ekkert því til fyrirstöðu að reka skólana í leiguhúsnæði um stundarsakir, á meðan ekki er búið að byggja og það er völ á húsnæði í sveitunum. Það þarf ekki að vera stórt. Jafnvel er hægt að nota stór íbúðarhús. Mér finnst, að það mætti fá undanþágu fyrir heimavistarskólann á Ísafirði frá því, sem brtt. fer fram á. — En ég vil ekki ýta undir, að skólar séu stofnaðir í leiguhúsnæði. Það er mikið fallvaltara fyrir framtíðina. — Sannleikurinn er, að ef ekki er eitthvað, sem stendur að baki þessari hreyfingu, þá er hætt við, að hún hjaðni fyrr en varir.

*Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. fyrri þm. Rang. vill bera á móti því, að eins dýrt sé að stunda skóla heiman að. Ég endurtek mína fullyrðingu um, að þetta sé ekki rétt. Ég ætla mér þó ekki að koma með neinar tölur hér.

Till. hv. þm. um helmingi lægri styrk er á

engan hátt að skapa neitt samræmi í þessu. Ef hv. þm. vildi skapa samræmi, þá þyrfti hann að fara fram á sérstakan styrk til sveitastúlkna. Hitt er einnig rangt, að fleiri stúlkur séu í flokki í kaupstaðarskólunum. Venjulega eru þetta 12—18 stúlkur í flokki, svo flokkarnir kæmu bara til með að vera fleiri í kaupstöðunum.

Hvað viðvíkur tímakennurum, sem hv. þm. drap á, þá eru þeir alls ekki ódýrari en fastar kennslukonur í sveitum. Hv. þm. var með áhyggjur um, að skólarnir væru aðeins stofnaðir til bráðabirgða. Hér stendur, að ekki megi stofna skóla, nema fá veitt til þess fé í fjárl., og Alþingi eitt hefur vald til að úrskurða, hvort skólarnir eigi styrk skilið eða eigi.

Hv. þm. sagðist ekki vilja ýta undir að stofna skóla í leiguhúsnæði. Ég get sagt hv. þm., að flestir gagnfræðaskólarnir hafa verið stofnaðir á þann hátt. Ég vil benda á, að eins og ástandið er nú, þá er svo að segja útilokað, að hafizt verði handa um byggingar í kaupstöðunum, og húsaleiga er í samræmi við byggingarkostnað. Þó væri æskilegt, að byggt yrði sem fyrst.

Um þetta mál þarf aðeins atkvgr., og ég sé enga ástæðu til að fresta því.

Forseti (JörB): Skrifl. brtt. hefur borizt frá hv. þm. V.-Ísf., og er hún of seint fram komin. Þarf því afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 358) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Sigurður E. Hlíðar:** Herra forseti! Ég var einn þeirra manna, sem fögnuðu þessu frv., og það er kappsmál allra á Akureyri, þar sem sá bær hefur enga húsmæðrafræðslu hjá sér, þó að þetta mál hafi verið þar baráttumál um 30 ára skeið.

Ég get í flestum atriðum fellt mig við frv. eins og það kom frá menntmn., en í sambandi við brtt. á þskj. 316 langar mig til að segja nokkur orð. — Það er þá sérstaklega brtt. við 10. gr. frv., um að fella niður fyrri málsliðinn, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Nú er húsmæðraskóli rekinn í leiguhúsnæði, og greiðir ríkissjóður þá árlega hálfa húsaleigu, enda samþykki fræðslumálastjórnin húsnæði og leigumála.“ — Með því að þetta yrði fellt niður, þá yrði útilokað, að kaupstaðir gætu komið á stofn húsmæðrafræðslu, fyrr en búið er að byggja. Nú get ég upplýst það, að á Akureyri hafa ýmsir áhugamenn, sem eru aðallega í bæjarstjórn, og svo kvenfélag þar í bæ, ákveðið að setja á stofn húsmæðraskóla þar á komandi hausti. Allt útlit er fyrir, að eigi sé hægt að byggja á þessum tímum, a. m. k. ekki fyrir haustið. Ef þessi brtt. ætti að ganga í gegn hér á Alþingi, þá er þar með sleginn botninn í allar ákvarðanir, sem teknar hafa verið á Akureyri í þessu máli. Með þessu yrði meinað að setja á stofn húsmæðraskóla. Mér finnst það allhlálegt. Ég veit, að ýmsir áhugamenn eru nú í útvegun um húsnæði. Um hinar brtt. ætla ég ekki að segja neitt nema það, að mér finnst meiri rök fyrir, að þær verði felldar. Ég vil aðeins taka þetta fram um brtt. við 10. gr., því hún er þyrnir í mínum augum. Ég get upplýst hv. fyrri þm. Rang. um það, að þetta er ekkert flokksatriði á Akureyri, heldur stendur allur bærinn óskiptur á bak við.

Laugalandsskólinn, sem er næsti húsmæðraskóli, tekur aðeins 40 meyjar, svo eigi verður sagt, að vanþörf sé á líkum skóla á Akureyri.

Ég vona svo, að samkomulag náist um þetta öllum til góðs.

Forseti (JörB): Það hefur borizt ósk frá hv. 2. þm. Árn. um að fresta málinu. Ég vil greiða fyrir, að því verði frestað.

Finnur Jónsson: Þegar frv. um húsmæðrafræðslu í sveitum lá fyrir Alþ., þá var því tekið með afbrigðum vel bæði í Nd. og Ed. og lofað, að á næsta þingi skyldi lagt fram frv. til l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Þetta hefur dregizt, og menn bíða eftir þessu í þrjú ár. Nú þegar frv. liggur hér loksins fyrir, þá rís einn þm., hv. fyrri þm. Rang., hér upp og reynir að spilla þessu á allan hátt. — Hv. þm. V.-Ísf. hefur sýnt fram á, að hann hafi rangt fyrir sér og sé í stað samræmis að skapa hér ósamræmi. — Hv. 1. þm. Rang. hefur sagt, að ef þetta næði fram að ganga, þá mættu hverjir, sem vildu, stofna húsmæðraskóla í kaupstöðum, ef aðeins bæjarstjórn samþ. það. — En í 10. gr. stendur í niðurlagi fyrra málsliðs: „enda samþykki fræðslumálastjórnin húsnæði og leigumála“. Með öðrum orðum, þá er það ekki komið undir bæjarstjórn, hvort skóli verði stofnaður, heldur undir kennslumálarh., sem er yfirmaður fræðslumálastjóra.

Hv. fyrri þm. Rang. heldur því fram, að hann sé að leita að réttlæti, en mér virðist hann furðulega fundvís á röng rök fyrir röngum málstað. Mér virðist hv. þm. álíta, að ef frv. yrði samþ., þá muni menn freistast til að reka skólana til þess að græða á ríkinu. — Ég skal ekki segja um, hvað menn eru fundvísir á að afla sér fjár, en hingað til hefur það ekki verið álitinn gróðavegur að reka skóla. Mér er vel kunnugt um, að kvenfélagið á Ísafirði, sem hefur rekið húsmæðraskólann þar í 20 eða 30 ár í leiguhúsnæði, að það hefði fyrir löngu reist sitt eigið hús, ef það hefði getað. Ástandið er þannig nú, að litlar líkur eru til, að hægt sé að byggja núna hús fyrir húsmæðraskóla, þó að þessi l. yrðu samþ. — Till. hv. 1. þm. Rang., ef hún yrði samþ., er því aðeins til að tefja fyrir húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Mér er kunnugt um, að mikill hluti þjóðartekna fer í gegnum hendur kvenna, og þess vegna er enn meiri ástæða til að efla þekkingu þeirra.

Till. hv. fyrri þm. Rang., jafnvel þó að hann af góðsemi sinni vildi taka húsmæðraskólann á Ísafirði undan, yrði því aðeins til að tefja fyrir og ganga á gömul loforð, sem gefin voru hér á Alþingi, um að afgreiða sem fyrst l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Forseti (JörB): Ég mun verða við ósk hv. form. menntmn. og tek málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 190, 316, 358).

*Bjarni Bjarnason: Ég ætla aðeins að segja örfá orð í sambandi við brtt. á þskj. 362. Þau atriði, sem þar eru nefnd, eru í sjálfu sér ákaflega smávægileg, og ég get getið þess, að í raun og veru leggur menntmn. enga áherzlu á þá viðbót, sem þar er, eða á þá breyt., að ef nemendurnir séu yfir 30, þá sé styrkurinn á hvern nemanda 300 kr. í stað 400 kr., eins og er í frv. Sannleikurinn er sá, að fæstir skólar munu hafa fleiri en 30 nemendur, þannig að þetta lækkandi framlag mundi sennilega ekki verka, nema ef vera kynni hér í Reykjavík, og stúlkurnar yrðu þá sennilega það margar, að rekstrarskostnaðurinn yrði tiltölulega dálítið ódýrari.

Viðvíkjandi 2. lið brtt., þá held ég, að hyggilegast sé að setja hámark á húsaleigu þá, sem stúlkurnar eiga að greiða, til þess að ekki yrði fundið upp á því að setja húsal. eða það, sem í frv. er kallað heimavistargjald, óþarflega hátt. Þessi till. var hér áður á ferðinni og var þá talað um 45 kr., en við því kom brtt. á síðasta fundi frá hv. þm. V.-Ísf., að þetta yrði lækkað niður í 40 kr. Ég held, að það sé nú rétt að koma þessu atriði inn í frv., en hitt atriðið, um 300 eða 400 kr., skiptir litlu máli, og menntmn. leggur alls enga áherzlu á það, en hefur orðið sammála um það að afgreiða frv. á þeim grundvelli, að allir megi vel við una.

Ég vil einnig benda á það, að það er gert ráð fyrir því í frv., að stofnstyrkurinn verði greiddur að helmingi úr ríkissjóði og helmingur annars staðar frá, eins og var áður ríflegast, þ. e. a. s. þangað til hlutfallinu var breytt gagnvart héraðsskólum, og nú er einnig verið að breyta gagnvart húsmæðraskólum í sveitum. Gagnfræðaskólar fá ⅝ á móti ⅜, svo við vildum hafa þetta heldur ríflegra til þessara skóla en áður hefur verið til gagnfræðaskóla.

*Finnur Jónsson: Ég vildi leyfa mér, ásamt hv. 6. þm. Reykv., að leggja fram skrifl. brtt. við þetta frv., um það, að framlag ríkissjóðs til þessara skóla verði ¾ í staðinn fyrir ½, og verður það þá til samræmis við það frv. um húsmæðrafræðslu í sveitum, sem nú er komið til þessarar d. frá hv. Ed.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 373) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

*Bjarni Bjarnason: Ég ætla aðeins að segja örfá orð um þessa brtt. Það hefur verið viðurkennt og liggur fyrir með margra ára starfsemi, að það sé mjög auðvelt fyrir bæjarfélög að koma í framkvæmd svona verkum eins og t. d. skólastofnunum. Það er ómögulegt að neita því, að peningamagnið er nú meira og rýmra um ýmsar slíkar framkvæmdir en hefur verið, og ég hefði talið, að það hefði verið skynsamlegra fyrir framgang þessara mála, og þá sérstaklega húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, að þessu hefði ekki verið blandað saman á þessu stigi málsins.

Við höfum getað afgreitt nú í dag þetta frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum eins og það liggur fyrir og látið till. menntmn. ráða, hvort það, sem útbýtt er í dag, yrði samþykkt eða ekki.

Það er til tafar þessu máli um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum að koma með þessar till. Náttúrlega dettur mér ekki í hug að gera ráð fyrir því, að flm. breyti ákvörðun sinni, úr því að hann kom með þessa till., en ég hefði viljað, að hv. deild afgreiddi málið á þeim grundvelli, sem það hefur legið fyrir.

*Finnur Jónsson: Það hefur á engan hátt sýnt sig, að það væri nokkuð léttara að koma upp húsmæðraskólum í kaupstöðum en sveitum. A. m. k. hefur reynslan orðið sú, að sveitirnar hafa orðið á undan, en kaupstaðirnir langt á eftir. Og ég fyrir mitt leyti get ekki fallizt á, að það sé neinn jöfnuður í því, að ekki sé gert hlutfallslega eins við húsmæðraskóla, hvort sem þeir eru í sveitum eða kaupstöðum. Óska ég því eindregið eftir því, að það komi í ljós við þessa umr., hvort endilega á að halda því fram, að það eigi að gera mismun á húsmæðraefnum eftir því, hvort þær eiga heima í sveitum eða kaupstöðum.

Ég tel slíkt ekkert annað en rangindi og álít því rétt, að það komi í ljós við afgreiðslu þessa máls nú þegar, hvort rétt sé, að ríkið leggi fram ½ eða ¾ fyrir stofnkostnað skólanna, og eins og ég hef þegar lýst yfir, þá er fylgi mitt eða andstaða við þetta frv. undir því komið, hverja úrlausn þessi brtt. mín og hv. 6. þm. Reykv. fær hjá hv. deild.

ATKVGR.

Brtt. 373 samþ. með 14:5 atkv.
— 316,1 felld með 19 shlj. atkv.
— 362,1 samþ. með 17:3 atkv.
— 316,2—3 teknar aftur.
— 358 tekin aftur.
— 362,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 374).

Á 54. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 374, n. 552 og 560, 581).

*Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Þetta mál hefur fengið afgr. Nd. og verið til meðferðar í menntmn. þessarar d. Eins og sjá má, er n. ekki sammála um þetta mál. Mér skilst þó, að n. sem heild vilji fram-

gang málsins. Minni hl., hv. þm. S.-Þ., vill gera ýmsar breyt. á frv. Hins vegar hefur meiri hl. tjáð sig fylgjandi málinu óbreyttu. Það kemur berlega fram í nál. okkar meiri hl., að við töldum mjög varhugavert að draga málið mjög úr því, sem komið er. Þó að ýmislegt í frv. mætti betur fara, þá teljum við, að undir engum kringumstæðum megi stofna málinu í þá hættu að gera breyt. á því hér. Þetta er í stuttu máli afstaða meiri hl. n.

Þetta mál er svo kunnugt hér í d., að það er óþarft að fara mörgum orðum um það. Það hefur oft áður verið hér til meðferðar, og nú er því komið svo langt, að fyrir liggur frv. að löggjöf, sem á að tryggja það, að starfræktir verði húsmæðraskólar í kaupstöðum landsins á svipaðan hátt og nú er búið að stofna húsmæðraskóla á nokkrum stöðum í sveitunum.

Um nauðsyn þessa máls býst ég við, að engum blandist hugur. Það má segja, að húsmæðrafræðslan í kaupstöðum landsins hafi verið af skornum skammti hingað til. Ég veit ekki til, að húsmæðraskóli sé á nema einum stað í kaupstað hér á landi, en það er á Ísafirði. Hér í Reykjavík var á tímabili haldið uppi námskeiðum fyrir ungar húsmæður af áhugasömum konum. Húsnæði þessarar starfsemi var lítið og ófullkomið, og lagðist þessi starfsemi ekki sízt niður af þeim sökum. Það hefur að vísu eftir það verið haldið uppi námskeiðum við kvennaskólann hér, sem má segja, að hafi verið bein húsmæðrafræðsla, en það má frekar líta á þá starfsemi sem námskeið en sem skóla. En af þessu má sjá, hve þörfin er brýn fyrir þessa starfsemi hér í Reykjavík og öðrum kaupstöðum landsins. Konur hér í Reykjavík hefur tekið það mjög sárt að hafa hér ekki betri húsmæðrafræðslu. Þær hafa hvað eftir annað leitað til Alþ. um stuðning við málið. En það má með sanni segja, að Alþ. hafi tregðazt við að verða við þeim óskum á undanförnum árum af þeim ástæðum, að það hefur ekki verið talið fært að styrkja svo víðtæka starfsemi vegna fjárhagsvandræða ríkissjóðs. Það er mikil ánægja að sjá, hver skriður er nú að komast á þetta mál og þann áhuga, sem ríkir fyrir því.

Ég er að sjálfsögðu ekki kunnugur því, hvað kenna ber við svona skóla, en sem heimilisfaðir um mörg ár, og eftir að hafa fylgzt nokkuð með lífinu eins og það gengur, þá þori ég að fullyrða, að þjóðhagslega séð er þetta mikilsvert mál. Því að vitanlega veltur mikið á því, hvernig hin unga stúlka, sem verður húsmóðir, kann að fara með lítil efni o. s. frv. Það liggur í hlutarins eðli, að slík fræðsla sem þessi er ein hin mesta þjóðhagslega nauðsyn. Þannig lít ég á þetta mál sem nokkuð reyndur húsbóndi, að þetta hafi þá þýðingu, sem ég hef nefnt. Það er vitanlegt, að það er ekki nema nokkur hluti af hinum eiginlegu heimilum, sem eiga þess kost að búa hinar ungu stúlkur eins og æskilegt væri undir húsmóðurstarfið. Hinir breyttu tímar hafa gert það að verkum, að það er annað nú en áður var í þessum efnum.

Ég býst við því, að við séum allir sammála um meginatriðin í sambandi við afgr. þessa máls, en um hitt geta verið skiptar skoðanir, hvernig haga skuli fjárframlagi til slíkra skóla, hvernig þeim skuli fyrir komið, hvernig haga skuli kennslu o. s. frv. Ég sé, að minni hl. n. vill gera nokkra breyt. á því, hvað kennt skuli, og vill taka það skýrar fram heldur en í frv. er gert. Ég ætla að bíða með það að ræða frekar um það, þangað til minni hl. hefur gert frekari grein fyrir sínum till. Ég skal taka það fram, að meiri hl. lítur þannig á, að það eigi ekki að gera neinn greinarmun á þeim framlögum, sem ríkissjóður leggur til slíkra skóla, og þeim framlögum, sem hann leggur til hliðstæðra skóla í sveitum. Um þetta er sjálfsagt verulegur meiningamunur milli minni hl. og meiri hl. n., en það mun skýrast betur við frekari umr.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í einstakar greinar frv., — frv. er svo ljóst og auðskilið, að það væri aðeins endurtekning að fara að lesa upp greinar þess. Ég hirði því ekki að rekja þær sérstaklega, því að ég held, að það sé ekkert í þessum gr., sem geti orkað tvímælis um, hvernig skilja beri.

Að síðustu skal ég segja það, að málið var mjög ýtarlega rætt í Nd., og menntmn., sem flutti málið, hafði gengið mjög ýtarlega frá því, áður en það var lagt fram í þinginu, enda varð sú raunin á, að flestar, ef ekki allar, brtt., sem fram komu við frv. í d., náðu ekki samþ. Menntmn. d. stóð svo fast um frv. eins og hún hafði gengið frá því, að meiri hl. d. taldi ekki nauðsyn á breyt., að undanskilinni einni, sem var til þess að hækka framlag til skólans. Að öðru leyti voru mjög fáar till., sem nokkru máli skiptu, samþ. við frv. Þegar svo er í pottinn búið, þá teljum við meiri hl. n. ekki rétt að gera róttækar breyt. á þessu frv., því að líkur eru þá til, að málið mundi þá sofna í Nd. Við teljum, að það væru miklar líkur fyrir því, að frv. gengi ekki fram, ef farið yrði að gera á því stórvægilegar breyt.

Við erum þeirrar skoðunar, að það megi ekki draga lengur að koma þessu í framkvæmd, svo að hægt verði að byrja með fullum krafti þar, sem áhugi er fyrir því að koma slíkri fræðslu á stofn.

***Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson):** Það er ekki alveg rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, sem hann gaf í skyn, að málið hefði verið vel undirbúið, því að fyrst og fremst er það hið leiðinlega við það, svo stórt mál sem þetta er, að það hefur ákaflega lítil hreyfing verið á því að gera nokkrar framkvæmdir á þeim stöðum, sem bornir eru fram sérstaklega, kaupstöðunum. En eins og hv. frsm. tók fram, þá hefur mikill áhugi verið ríkjandi í þessum málum í sveitunum, og konurnar þar hafa lagt fram krafta sína til þess að koma upp húsmæðraskólum, eins og t. d. á Staðarfelli, Blönduósi, Laugalandi, Laugum og á Hallormsstað. En í hinni stóru Reykjavík hefur ekki verið gert neitt í þessa átt, fyrr en nú um leið og hafinn er nokkur undirbúningur undir það að byggja húsmæðraskóla. Sums staðar í kaupstöðum hefur þessum skólum verið komið upp, t. d. á Ísafirði. Þar hefur verið rekinn myndarlegur, lítill skóli í mörg ár, og þar er hægt að segja, að áhugi kvenna hafi

verið sambærilegur við það, sem verið hefur í sveitunum. Þess vegna er náttúrlega ekki hægt að neita því, að á meðan ekki er sérstakur áhugi fyrir svona málum á þeim stöðum, þar sem á að hjálpa, þá vantar mikinn undirbúning.

Það er ekki hægt að segja, að þetta mál sé borið fram sem menntmnfrv., og ekki er það stjfrv. Það virðist því vera þannig, að þessar konur hafi tekið frv. um sveitaskólana frá 1938 og breytt því, líklega án þess þó, að það hafi verið gert á þann hátt, að það væri eðlileg breyt., — svo hafi stj. sent málið til n., og hún hafi svo látið það fara áfram. Þannig hefur málið oltið mjög hirðuleysislega gegnum þingið, án þess að hinir stærri ágallar hafi verið lagaðir. Hin eina aths., sem við frv. hefur verið gerð, er svo skrifl. brtt., sem kom fram við 3. umr. í Nd. Ef hv. þm. (SÁÓ) kallar þetta góðan undirbúning, þá er hann ekki kröfuharður. Enn meira undrar mig þó á því, að fulltrúi Sjálfstfl. skuli fylgja þessu máli fram, eins og það er, vegna þess að hér er um að ræða hreinan og beinan ríkisrekstur. Það hefði mátt vænta þess af sjálfstæðismönnum, sem vilja leggja mikið upp úr sjálfsbjörg manna, að þeir hefðu stutt mjög að því, að einstaklingar kæmu upp slíkum skóla hér í Reykjavík í stað þess að hann yrði rekinn af ríkinu. Ég álít, að eins og nú standa sakir, þá hefði verið ástæða til þess að ætla, að hér í Reykjavík hefði verið byrjaður myndarlegur undirbúningur í þessu máli fyrir nokkrum árum, — það hefði verið eðlilegra heldur en að þingið svo að segja byrji á því að búa til l., áður en nokkur verulegur undirbúningur er hafinn um málið. Ég skal annars taka nokkur dæmi úr okkar skólasögu. Fyrir 11 árum, þegar gagnfræðaskólal. voru sett, þá voru í flestum kaupstöðum komnir slíkir skólar, og þar að auki var sú löggjöf nokkuð mikið og vel undirbúin. Þingið taldi þá rétt að skipta rekstrarkostnaðinum milli bæjarfélaganna og ríkisins. En meiri hl. menntmn. neitar nú algerlega að láta nema hverfandi lítinn stofnkostnað koma á bæina og ekkert af rekstrarkostn. Ég vil vekja eftirtekt hv. frsm. meiri hl. á því, hvað tilgangslaust er að samþ. slík l. sem þessi, ef ekki er neinn áhugi ríkjandi á bak við þetta mál. Hér í Reykjavík er skóli, svo kallaður Ingimarsskóli, sem hefur haft um 300 nemendur. Þessi skóli hefur starfað í 11 ár án þess að ríkið hafi lagt til hans nema 28 þús. kr. og bærinn ekki neitt. En skólastjórinn hefur verið svo hagsýnn, að hann hefur getað reytt saman nokkra fjárhæð á hverju ári, þannig að skólinn á nú talsverðan byggingarsjóð upp á að hlaupa. Á þessum 11 árum hefur verið byggt myndarlegt skólahús í Hafnarfirði, einnig er gott hús á Ísafirði, bæjarstj. Siglufjarðar hefur einnig komið upp skóla. Maður getur einnig tekið Norðfjörð og Akureyri, þá kaupstaði vantar algerlega skólahús, og í Vestmannaeyjum er leiguhús notað til kennslunnar, og það er víst, að skólinn óskar eftir breyt., en fær hana ekki samt sem áður. Nú vildi ég spyrja hv. 2. landsk., hvaða líkur eru til þess, að þessi löggjöf hafi nokkra þýðingu, úr því að Ingimarsskólinn, sem búinn er að starfa í 11 ár og hefur fulla þörf fyrir hús, hefur ekki getað fengið skólahús, enda þótt skólastj. hafi dregið saman talsverða upphæð til þess að styðja þetta. Til hvers er að vera að setja löggjöf eins og þessa algerlega út í bláinn. Ég ætla samt að fylgja þessu frv. milli umr., þó að ég búist við, að lítið verði úr framkvæmdum fyrst um sinn hér í Reykjavík, og það er þó eini staðurinn, sem nokkuð var undirbúinn, þó að sá undirbúningur væri mjög lítill.

Ég hef gert nokkrar brtt. við frv., sem snerta efnisatriði þess. Ég tel það mjög undarlegt, að þær konur, sem hafa gert þetta uppkast, skuli ekki hafa haft nánari upptalningu á því, hvað nemendur eiga að læra, — ég hef því leyft mér að bæta inn í nokkrum námsgreinum, til þess að það léki ekki neinn vafi á því, hvað ætti að kenna. Eitt af því, sem vantar hér inn í, og einnig hefur vantað hjá sveitaskólunum, er meðferð ungbarna. Ég hef leyft mér að setja það hér inn, því að það er undarlegt að gera það ekki að skyldu fyrir þær ungu stúlkur, sem stunda nám í þessum skólum, að þær læri að fara með ungbörn. Margar ungar stúlkur hafa áhuga fyrir brúðum, a. m. k. þegar þær eru á bernskuskeiði, og það er lítið samræmi í því, að ungar stúlkur, sem hafa haft áhuga fyrir brúðum, séu ekki látnar nota þann áhuga til þess að æfa sig í því að fara með ungbörn. Mér finnst það vera hirðuleysi að kasta svona höndunum að því, hvað eigi að kenna í þessum skólum.

Það er gert ráð fyrir sérstökum skólan. fyrir þessa skóla. Ég hef lagt til, að sérstök skólan. yrði í Reykjavík, og yrði hún skipuð 2—3 mönnum. Í öðrum kaupstöðum gætu skólan. gagnfræðaskólanna haft þetta með höndum. Þetta er ekki stórt atriði, en mætti þó fara betur. Á margan hátt er nauðsynlegt að geta haft sem nánast samstarf milli þessara skóla og gagnfræðaskólanna, t. d. með íþróttir og annað fleira, sem gagnfræðaskólarnir geta hjálpað með. Það er mjög eðlilegt, að þessir skólar hafi sem mesta samvinnu. T. d. hefur skólastj. í Vestm. verið með ráðagerðir um það að geta kennt matreiðslu í skólanum. Þar hafa nú þegar verið haldin námskeið í matreiðslu fyrir skip og báta, og hefur það tekizt svo vel, að þeir piltar, sem þar hafa verið, eru eftirsóttir í bænum í staðinn fyrir þernur. Það er lítill vafi á því, að utan Reykjavíkur verður mest samband milli húsmæðraskólanna og þessara gagnfræðaskóla.

Þá kem ég að 8. gr. Þar hef ég farið bil beggja. Í staðinn fyrir, að í frv., eins og það lá fyrir n., var gert ráð fyrir, að ríkið kostaði þessa skóla að ½, kom þessi skrifl. brtt., sem setti ¾ á ríkið og ¼ á bæina, og þar að auki er gert ráð fyrir, að öll kennsla komi á ríkið. Þetta hlýtur að vera borið fram fyrir ókunnugleika þeirra, sem sömdu frv. Reglan, sem gilt hefur um gagnfræðaskólana, er sú, að bæirnir leggi fram ⅜ af stofnkostnaði skólanna og rekstrarstyrk í sama hlutfalli, en ríkið leggur fram ⅝ bæði í stofnkostn. og til kennslunnar. Nú vil ég fara bil beggja og legg til, að kostn. við byggingar greiðist að ⅜ úr ríkissjóði og ⅝ frá bæjunum, — á sama hátt skiptist kennsla sú, sem hér er tilgreind.

Ég ætla þá að færa rök fyrir því, hvers vegna ég álít, að það sé ekki nein ósanngirni í því að hafa ekki alveg sömu fríðindi í sveitum og bæjum. Það vakir ekki fyrir mér með þessari till. að létta undir með sveitunum, en þyngja á bæjunum, heldur er hún aðeins byggð á réttum skilningi á því, hvernig aðstaðan er. Ég hef í nál. mínu útskýrt það, að sveitaskólarnir verða að vera allt annars eðlis en kaupstaðaskólarnir. Sveitaskólarnir verða að vera heimavistarskólar fyrir kennara og stúlkurnar, auk þess sem þar verða að vera hinar nauðsynlegustu byggingar fyrir búskap, til þess að hægt verði að kenna undirstöðu undir réttan búskap. En það vita guð og menn, að það er ekkert vit í því að hafa kúabú eða svínabú við skóla hér í Reykjavík, því að það er ekki nein aðstaða til þess fyrir fólkið, sem vex upp í bæjunum, að hafa neinn sveitabúskap. Byggingarkostnaður sveitaskólanna hlýtur því að verða meiri en kaupstaðaskólanna, þar sem þeir verða einnig að hafa búskap. Einn höfuðmisskilningurinn í þessu frv. er sá, að þessar góðu konur ætlast til þess, að kaupstaðaskólarnir verði hafðir með heimavistum. Ég get upplýst það, að sumir af mestu ráðamönnum bæjarins hafa aðra skoðun á þessu, — þeir álíta, að það sé hin mesta fjarstæða að ætla að búa út heimavistir í þessum skóla. Að þessu athuguðu verður það ljóst, að allur kostnaður við sveitaskólana hlýtur að verða miklu meiri en í kaupstöðunum, þar sem stúlkurnar geta búið á heimilum sínum, þ. e. sofið heima. Hið sama er að segja um kennara skólans (í Rvík), engar líkur eru til þess, að farið verði að byggja yfir þá í sambandi við skólann. Ég hef þannig leitt rök að því, að skólakostnaðurinn er miklu meiri í sveitunum. Í sveitunum er líka miklu meiri skólaþörf, þar verður árlega að vísa stórum hóp umsækjenda frá vegna rúmleysis skólanna, og þó er ekki nema lítill partur af stúlkum, sem reyna að sækja um skólana. Þar kemur til greina, að margar þessar stúlkur eru svo fátækar, að þær geta ekki risið undir því að kosta sig.

Þetta frv. virðist gera ráð fyrir því, að hér í Reykjavík verði byggður skóli fyrir um 30 nemendur á ári, eða um það bil fyrir eina af hverjum tíu stúlkum, sem fermdar eru hér árlega. Ég geri ráð fyrir því, að ástæðan fyrir því, að menn hugsa svo smátt, sé sú, að menn hafi látið fyrirmyndina í sveitunum villa sig. En þess er að gæta, að hinar smáu skólabyggingar í sveitunum voru neyðarúrræði þar, af því að ekki var hægt að hafa heimangöngu. Ef menn hugsa sér, eins og líka er rétt, að hafa þessa skóla það stóra, að þeir nái til flestra húsmæðraefna, er nauðsynlegt, að hinar ungu stúlkur fái með einhverju móti þá æfingu og þann lærdóm, sem nauðsynlegur er, til þess að þær geti rækt húsmóðurstarfið vel. Um þetta er ég alveg samdóma hv. frsm. meiri hl. Í þessum efnum hefur höfuðborgin ekki skilið sinn vitjunartíma, úr því að svona lítið hefur verið gert fram að þessu. Það er mikið velferðarmál fyrir bæinn, að hægt sé að koma upp stórum verkstæðum fyrir stúlkurnar, verkstæðum, sem fullkomlega munu borga sig. Það mun fullkomlega borga sig að gera þetta. Það er hins vegar eðlilegt, að ýmis félög hér í bænum, sem hafa getu til þess, veiti stuðning sinn í þessum málum.

Mér finnst það dálítið broslegt viðvíkjandi undirbúningi þessara skóla, að ríkið ætlar að leggja fram ¾ stofnkostnaðar og auk þess allan kostnað við kennsluna.

Þá voru bollaleggingar í þessu frv. um það, að bæjarstjórnir og ýmislegt gott fólk í bæjunum ráði stofnun þessara skóla. Það á náttúrlega að fara saman með útlát og völd. Ef bæirnir eiga ekki að borga neitt til þessara skóla, þá eiga þeir vitanlega að ráða að sama skapi. Ég hef tekið þetta með, en það er ekki af því, að ég álíti, að það hafi verið öfugt, heldur af því, að það er skakkt hugsað. Ég álít, að bæirnir geti ekki ráðið þessu. Ef þeir vilja komast hjá fjárútlátum til skólanna, þá eiga þeir ekki heldur að ráða framkvæmdum þeirra.

Eitt af því, sem hefur gleymzt við þessar breyt. í hv. Nd. við 3. umr. og ég legg til að verði leiðrétt, er það, að í 10. gr. stendur ennþá, að bærinn eigi að borga hálfa húsaleigu, af því að upphaflega var gert ráð fyrir að bærinn borgaði hálfan stofnkostnað. Nú færi ég það til samræmis við frv. Ef menn vilja leggja áherzlu á að samþ. vitleysu, þá er það aðeins til að gera frv. skemmtilegt og til þess að tryggja það, að endurskoðun á því fari fljótlega fram.

Ég hef í nál. bent á það, að svipað þessu hafi verið ástatt á Alþingi 1919. Þá stóðu sumir þm. í þeirri trú, að ríkið væri svo ríkt, og það voru náttúrlega ekki lakari þm. þá en nú. En ein fjárveiting stendur ennþá sem minnisvarði um það, hvernig stríðsgróðavitleysan hefur áhrif á menn. Það var þegar Alþingi veitti Jóni Dúasyni, nýútskrifuðum hagfræðikandidat, 12 þús. kr. námsstyrk til að læra bankafræði. Þessari rausn fylgdi ekki nokkur skynsamleg fyrirhyggja. En auðvitað var þessi maður svo hygginn, að hann sótti svo seinna um bankastjórastöðu við veglegasta banka landsins og sagði eins og var: Alþingi hefur mælt með mér, og það er ekki út í bláinn, heldur af því, að ég er valinn til stórra hluta. Nú fór það svo, að maðurinn notaði þessa peninga, en hann hefur ekki fengizt við neina bankastarfsemi síðan. Mér finnst, að afgreiðsla þessa máls hjá meiri hl. Nd. minni á þetta sama ástand.

Það er rétt, að sem stendur hefur fjmrh. meira í kassa en vant er. En nú lítur því miður ekki sem bezt út, þar sem öll útflutningsverzlun okkar til Englands hefur fallið niður, og í um 40 íshúsum á landinu er mikið af fiski, sem ætti að vera kominn til Englands, en ekki kemst þangað eins og sakir standa. Ég hefði gaman af að skjóta því til míns vinar, hv. frsm. meiri hl., hvort hann sé viss um, þegar þetta ástand er búið að standa lengi, að ríkissjóður, sem nú á mikið af aurum, verði eins ríkur og hann gerir ráð fyrir.

Ég veit, að þær tölur, sem hér eru nefndar, setja ekki ríkið á hausinn. Það er bara skilningsleysið á að taka málið eftir eðli sínu, sem ég get ekki sætt mig við. Þó að nú sem stendur sé dálítið til í ríkissjóði, þá er það oftast svo, að hann er fátækur. Það er þess vegna engin

framsýni í því að vera að gera útreikninga og framkvæmdir núna, eins og þegar 12 þús. kr. námsstyrkurinn var veittur.

Þetta frv. stefnir að því leyti í rétta átt, að það er æskilegt, að komið sé hreyfingu á húsmæðrafræðsluna í kaupstöðum. Og ég ætla að greiða atkv. með brtt. minum og á móti brtt. í frv. En samt sem áður mun ég greiða atkv. með frv. út úr hv. d.

Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að gera grein fyrir því, hvernig ég tel, að þessu máli eigi að vera skipað í framtíðinni. Ef menn vilja samþ. einhverja vitleysu núna, þá þeir um það. En þeir verða þá kannske fúsari á að laga það, þegar reynslan kennir þeim, að ekki er hægt að byggja á því síðar.

*Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Mér þykir hlýða að svara hv. frsm. minni hl. að nokkru hans löngu og ýtarlegu ræðu. Ég mun stikla á stærstu steinunum og ekki fara eins nákvæmlega út í alla þá hluti, sem hann greindi, enda brestur mig þekkingu á við hann við að rifja upp ýmislegt úr fyrri skólasögu.

Hann dró í vafa og vildi mótmæla því, sem ég sagði áður, að þetta frv. væri vel undirbúið. Hann sagði, að það væri ekki stjórnarfrv. og ekki samið af menntmn. Þetta er hvort tveggja rétt. Enda sagði ég ekki, að menntmn. hefði samið frv. Ég sagði, að hún hefði gert ýmsar breyt. á því og lagfært það á þann veg, að hún teldi sér sæma að flytja það og fylgja því fram. Annars er frv. samið af landskunnum manni í skólamálum, það þarf því enginn að ætla sér, að það sé gert af neinum viðvaningi. (JJ: Því ekki að nefna nafn?) Hv. þm. veit, hver þessi maður er. (JJ: Nei. Maðurinn hefur ekki notað gáfurnar.) Og þar hafa fleiri komið að verki. Þetta er undirbúningur málsins. Eins og hv. þdm. er kunnugt, stóð hv. menntmn. Nd. svo fast saman um þetta frv., að allar þær breyt., sem voru henni ekki að skapi, voru felldar.

Um það atriði, að hér sé um svo mikinn ríkisrekstur að ræða, er því til að svara, að allir okkar skólar eru að meira eða minna leyti ríkisrekstur. Við skulum taka til dæmis æðri skóla. Ég veit ekki betur en það sé ríkið, sem rekur þá. Ég sé ekkert hættulegt við það, þó að hér sé bætt við skóla, sem ríkið ætti bróðurpartinn í, til þess að ala upp þann hluta þjóðarinnar, sem við vitum, að hefur mikla þjóðhagslega þýðingu, að sé sem bezt undir lífið búinn sem völ er á. Ég get tekið undir það, sem hann að öðru leyti sagði um ríkisrekstur, því ég vil fylgja ríkisrekstri þar, sem ég tel, að hann eigi við.

Þá fór hann út í að tala um, að enginn áhugi lægi á bak við þetta mál. Það kann að vera, að svo hafi verið á undanförnum timum, en það getur enginn verið í vafa um, að áhugi sé fyrir málinu nú.

Síðan fór hann að tala um, að reynslan talaði sínu máli um það, að jafnvel þó búið væri að setja lög um skóla, þá sé dregið svo mikið að byggja þá. Hann vitnaði þar í ýmsa staði á landinu, og ég efast ekki um, að það sé rétt. Þetta sannar ekkert annað en það, að úr því að við höfum sett þessi lög og skólarnir hafa ekki verið byggðir, þá er hér ekkert nýtt á ferðinni. En ég efast ekki um það, að í mörgum tilfellum hafa fjárhagsörðugleikar valdið því, að ekki hafa verið byggðir fleiri skólar í kaupstöðum landsins en gert hefur verið. Hann vitnaði hér sérstaklega í Reykjavík, sem hefði borið skylda til að leggja fé til byggingar gagnfræðaskóla. Þetta er rétt. En hv. þm., sem einnig er fulltrúi í bæjarstjórn Reykjavíkur, veit, hvernig fjárhag bæjarins hefur verið háttað undanfarin ár og hvort hann hefur haft getu til þess að leggja fram mikla upphæð til byggingar slíks skóla. Hins vegar geng ég þess ekki dulinn, að meiri hl. bæjarstjórnar hafi ráðið nokkru um, að ekki hefur verið ýtt undir að hefjast handa um byggingu skólans. Hitt blandast mér ekki hugur um, að sú fjárhagskreppa, sem bærinn hefur verið í, hafi þar átt sinn hlut að máli.

Nákvæmlega það sama, sem hv. þm. benti á, hefur gerzt á Akureyri. Gagnfræðaskólinn þar er í leiguhúsnæði. Ég býst við, að það sé af sömu ástæðu, að þar hefur ekki verið byggður skóli.

Þetta var nú þungamiðjan í hans inngangi, áður en hann fór að ræða þær brtt., sem hann gerði við frv.

Hv. þm. talaði um ólíka aðstöðu sveita- og bæjaskólanna. Ég skal fúslega viðurkenna það, að aðstaðan er nokkuð önnur að byggja skóla í dreifbýli heldur en þéttbýli. Það eru ekki líkur til, að skólarnir geti verið eins stórir í dreifbýlinu eins og í þéttbýlinu. En þetta hlýtur að leiða af sér það, að í þéttbýlinu þýðir það meira húsnæði og meiri kennslukraft. Þetta þýðir, að leggja verður meira til kaupstaðaskólanna en sveitaskólanna, þar sem aðsóknin er minni vegna lakari aðstöðu. Og hann sagði það rétt, að í sveitaskólunum er óumflýjanlegt að hafa heimavist. Ég er enginn skólamaður, en er þó sannfærður um það, að kostnaður sveitaskólanna við að hafa heimavist þarf ekki að vera svo mikill, ef stjórn þeirra er í góðu lagi. Þess betur er hægt að koma við uppeldislegum áhrifum kennara, ef þeir hafa nemendurna að staðaldri undir sinni stjórn og leiðsögn. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar, að bezt sé að hafa heimavist í kaupstaðaskólunum að svo miklu leyti sem hægt er að koma því við, því það elst upp allt annar þroski hjá þeim nemendum, sem að staðaldri lúta sínum kennurum og góðri skólastjórn. Þetta er reynsla, sem mér fróðari menn hafa látið uppi í ræðu og riti um skólamál annarra þjóða. Nú er það svo hér í Reykjavík, að konur, sem staðið hafa að þessari hreyfingu í bænum, eru þeirrar skoðunar, að það sé tvímælalaust nauðsynlegt að hafa hér heimavistarskóla, vegna þess að ekki sé hægt að kenna stúlku út í yztu æsar allt það, sem hún nauðsynlega þarf að læra, nema hún starfi að einu og öllu í skólanum. Þess vegna þarf hún, með náminu, að vera nokkurs konar starfsstúlka í skólanum. Og þær hafa hugsað sér, að hafðar væru að staðaldri 20 til 25 stúlkur við skólann.

Minni hl. menntmn. segir t. d. í sínum till.: Það þarf að kenna stúlkunum þvott og ræstingu. — Hvar á að kenna þeim þvott og ræstingu, ef ekki í skólanum sjálfum? Svo ég sé

ekki annað en minni hl. sé meiri hl. sammála um, að þessi kennsla þurfi að fara fram, og að hún fari bezt fram, ef hægt er að koma því við, að hún fari fram í skólunum sjálfum.

Ég er hv. þm. sammála um það, að í bæ eins og Reykjavík sé það nauðsynlegt fyrir framtíðina, að skólarnir verði hér margir. Nú er þegar fengin byrjun að einum skóla. Ég býst ekki við, að hægt sé að fá leiguhúsnæði, svo að það verður þá næsta stig að örla saman fé til þess að byggja skóla, og þá er spurningin, hvar á að byggja þann skóla. Getur hann ekki verið utan við bæinn, þar sem hægt er að njóta meira frjálsræðis? Ég álít það vel til fallið, ef hægt væri að rækta matjurtir og blóm kringum skólana, ef slíkir skólastaðir væru hér í nágrenni Reykjavíkur. Það er óráðið mál, hvar bæjarstjórnin hugsar sér skólastað, en mér gæti dottið í hug staður hér í nágrenni bæjarins.

Ég skal svo ekki fjölyrða um innganginn í hans ræðu. Ég ætla aðeins að víkja örfáum orðum að brtt. þeim, sem hann hefur borið hér fram.

Ég sé ekki, að í hans brtt. við frv. felist nokkuð, sem ekki má geyma. Í fyrstu brtt. við 5. gr. er t. d. bara dálitið meiri upptalning á, hvað kenna skuli, heldur en í frv., en það er meira til að sýnast, því í 5. gr. frv. stendur allgreinilega um það, að kenna skuli þær sömu námsgreinar, sem taldar eru upp í brtt. hans við 5. gr. Eitt af því, sem hann leggur ríka áherzlu á, er meðferð ungbarna, og það er í frv. Svo er einnig um handiðnir, sem hann vill telja upp. Þetta eru allt saman handiðnir, sem hreinn óþarfi er að telja upp. Ég sé ekki annað en þetta sé frekar gert til að gefa tilefni til breyt. heldur en þess sé þörf. Svo segir hann: „Heimilt er með reglugerð að ákveða fleiri námsgreinar.“ Það er nákvæmlega sama og í frv. Ég sé ekki annað en skólinn geti starfað með reglugerð, þótt þessi till. verði felld.

Um stjórn þessara skóla erum við sammála um það, að skipuð skuli 5 manna n., sem hafi yfirstjórn skólanna, en hann vill ekki láta það gilda um aðra staði en Reykjavík. Ég hygg, að nú og framvegis, eins og verið hefur hingað til, þyki heppilegra, að skólanefndir gagnfræðaskólanna blandi sér ekki inn í þessa fræðslu, eins og lagt er til í hans brtt. Ég geri ráð fyrir, að það veljist aðrir menn í þetta, sem hafa sérstakan áhuga fyrir að koma þessari fræðslu af stað og vilja stuðla að því á einn eða annan hátt. Ég sé ekki, að það þurfi að verða til þess að torvelda þetta mál, þar eð sennilegt er, að nógir menn fáist til að starfa í slíkum n. sem þessum.

Þá kem ég að höfuðágreiningnum, brtt. við 8. gr. Ég gat um það í fyrri ræðu minni, að ég vildi ekki gera neinn verulegan greinarmun á, hvort skólarnir væru í sveit eða bæ. Það er m. a. af því, að í þessu efni eru svo mörg verkefni í bæjunum óleyst. Til þess að byggja þessa skóla þarf svo stórt átak, að ríkið verður að leggja fram bróðurpartinn til að koma þeim upp.

Hv. þm. talar um, að í frv. sé um ósamræmi að ræða, en hér held ég að fylgi lítil alvara. Hann telur, að of miklu sé hlaðið á ríkissjóð og vill samræma ákvæðið í 10. gr. frv., sem er um það, að ríkissjóður greiði hálfa húsaleigu, sé húsmæðraskóli rekinn í leiguhúsnæði. Ég tel, að meðan skólarnir eru í leiguhúsnæði, þá sé sanngjarnt, að ríkið borgi hálfa húsaleigu, því að með því er ýtt undir þá að byggja, svo að þeir þurfi ekki að borga nema ¼ af stofnkostnaði.

Þá talar hv. þm. um bjartsýni. Það hefur nú verið minnzt á það fyrr. Það er ekki nema eðlilegt, að menn séu bjartsýnir í öllum fjárútlátum eins og stendur. Við vitum það, að okkur vantar margt annað frekar en peninga. Um hitt getur hann verið sannspár, hvernig verði um ófyrirsjáanlega framtíð. Annars vitum við báðir jafnlítið, hvernig styrjöldin endar og hvert hlutskipti okkar verður að henni lokinni. En það er viðbúið, ef við tökum dæmi af fyrri styrjöld, að við siglum í sama kjölfarið og okkar bíði þrengingar, en þá er mér ljóst, þegar skera þarf niður, að það verður að gera það á öllum sviðum, jafnt sveitaskólum og kaupstaðaskólum sem öðru.

Það getur vel verið, að með þessu máli sé verið að búa til fyrirhyggjuleysi, en ég get ekki séð það. Og við erum báðir nokkuð sammála um, að hér sé um menningarmál að ræða. Fyrirhyggjuleysið liggur þá í því, að ríkissjóður leggur fram þann hluta, sem er umfram það, sem hann leggur til í sínum till.

Að síðustu þetta: Ég hygg, að það sé með þessa löggjöf eins og margar aðrar, sem settar eru í fyrsta sinn, að menn geti ekki séð fyrir alla hluti. Það er náttúrlega lítil reynsla fengin fyrir húsmæðrafræðslu í kaupstöðum ennþá, en ég ætla, að ekkert sé hægara, að fenginni reynslu, en að breyta því, sem illa fer núna. Það er ekkert óvanalegt, að við breytum hér lögum ár eftir ár, og það meira að segja vel undirbúinni löggjöf, jafnvel löggjöf, sem hv. þm. S.-Þ. hefur verið með í að hrinda í framkvæmd.

Eðlileg reynsla talar sínu máli, og nákvæmlega sama skeður hér. Við skulum samþykkja frv. eins og það er nú og breyta því á næsta þingi, ef reynslan sýnir, að þess sé þörf.

*Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég ætla aðeins að koma með örfáar athugasemdir, því það eru mörg mál á dagskrá og ég býst ekki við, að hvorki meiri eða minni hl. sannfæri hv. d. í þessu máli frekar en öðrum málum.

Ég ætla aðeins að rifja það upp, að hv. meiri hl. hefur orðið að játa, að málið er undirbúið á dularfullan hátt, ekki af stj. og ekki af hv. Nd., heldur er það undirbúið af einhverjum öðrum aðila, sem hv. þm. segir, að sé ákaflega vel að sér. En einu gleymdi hv. meiri hl., en það var það, að þessi ákaflega gáfaði maður, sem gerði frv., ætlaðist til, að það væri bara helmingur stofnkostnaðar lagður á ríkið. Ég verð að benda hv. þm. á það, að það er erfitt fyrir hann og hans skoðanabræður að ganga ofan í svona grunnmúrað álit þessarar virðulegu persónu, þó að mér finnist, að með þeim fögru orðum, sem fram hafa komið hjá hv. þm. um undirbúning í þessu máli, þá ætti hann að reyna með brtt. að

hefla burt þann smíðagalla, sem komið hefur hér fram. Viðvíkjandi kostnaði verður hv. 2. landsk. að játa það, að skólar í sveitum geta ekki tekið nema lítinn hluta þeirra stúlkna, sem þar vaxa upp, og það er ekki rétt að leggja sama þunga á borgara þeirra sveita vegna þeirrar takmörkuðu tölu af unglingum, sem þar geta komið til greina. Ég get óskað hv. 2. landsk. til lukku með sína heimavist. Hann er orðinn sannfærður um, að hún eigi að vera í þessum skóla. Sannleikurinn er, að ekki er til einn einasti heimavistarskóli í Reykjavík, að undanskildu því, að fáeinar stúlkur eru í heimavist í kvennaskólanum, en sá skóli er einkafyrirtæki. Það er erlendis heimavist í skólum fyrir ríkra manna börn, sem eru utanbæjar. En Reykjavík hefur ekki farið svona að með neinn af sínum skólum, sem mun m. a. stafa af því, að mönnum hrýs hugur við kostnaðinum. Af þessari skoðun hv. frsm. meiri hl. kemur, að ef hún væri framkvæmd, þá væri í raun og veru eðlilegast að setja upp heimavistarskóla í sveitum fyrir húsmæðrafræðslu. og þá væri að mjög verulegu leyti gengið í þá átt, sem ég býst við, að hv. 2. landsk. vildi gjarnan, að einangra stúlkurnar frá öllum solli, og óneitanlega verður það bezt gert með því að hafa þær uppi í sveit. Og þá verður styrkur til þessa skóla eins og heimavistarskóla í sveit. Og þegar komið er til alvörunnar, þá er þetta heimavistarákvæði komið inn í frv. af því að frv. er svo illa undirbúið. Þetta ákvæði hefur verið apað eftir sveitaskólunum, alveg eins og t. d. að kona, sem væri að fara á dansleik hér í höfuðstaðnum, byggi sig eins og fjármaður á Norðurlandi, sem fer út í stórhríð.

Ég get fullvissað hv. 2. landsk. um það, að þessi heimavist hans er bezt á pappírnum. En það er ekki mikil hætta á, að Reykvíkingar færu að snúa sér að því að stofna svona skóla fyrir sínar dætur, nema þá að það verði svo mikið fé til í ríkissjóði einhvern góðan veðurdag.

Hv. 2. landsk. reyndi ekki að svara því, hvers vegna væri ástæða til þess, að bærinn borgaði minna til kvennaskóla en gagnfræðaskóla. Ég skoða þetta sem uppgjöf af hans hálfu, enda er ekki hægt að útskýra það.

Ég ætla að lokum að undirstrika það, sem ég hef sagt hér áður fyrr, að ég þykist vita, að hv. þm. og ýmsir hans samstarfsmenn hafi hug á að samþ. þetta frv. óbreytt. Mínar till. bíða þá eftir því, þegar farið verður að klífa niður stigann aftur í þessu efni.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Af því að það hefur verið talað um undirbúning þessa frv. við þessar umr., þá get ég upplýst það, að skrifstofustjóri í stjórnarráðinu hefur undirbúið frv. og hafði til hliðsjónar l. um húsmæðraskóla í sveitum, og er því þetta undirbúið af þeim manni, sem var einna kunnugastur þeim málum og varð til þess að endurskoða l. um húsmæðraskóla í sveitum og ganga frá þeim, eins og þau eru nú, og hefur varið nokkrum tíma til þess. Og vitanlega á matreiðslukennsla, hvort sem er í sveit eða kaupstað, að vera svipuð, og þess vegna er ekki undarlegt, þó að sveitaskólarnir séu teknir til fyrirmyndar, því að þeir eru að nokkru leyti á sama sviði, nema að því leyti er kemur til heimavistar. Satt að segja verð ég að viðurkenna það, að þetta hefur vitanlega mikinn aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð að stofna til slíkra skóla, og það er ekki hægt að segja um það á þessu stigi málsins, hvort við höfum peninga til þess eða fjármagn að halda uppi þeirri fræðslu, sem við gjarnan vildum halda uppi í landinu bæði á þessu sviði og öðrum og leggja til menningarstarfsemi. En þó að nokkru sé varið af fjármunum til þess, þá hygg ég, að þeim fjármunum sé ekki verst varið af þeim peningum, sem Alþ. hefur varið til eins og annars, því að húsmæðrafræðslan í bæjum, og þá ekki sízt í Reykjavík, hefur verið okkur ákaflega mikið til vansæmdar. Og ég held, að um þá peninga, sem við leggjum fram til húsmæðrafræðslunnar, megi segja, að þeir séu lagðir á vöxtu, þannig að með því að kenna húsmæðraefnum að stjórna heimilum sínum yfirleitt, mundi sparast margur peningur, sem oft hefur farið fyrir lítið sökum vöntunar á þekkingu og hagsýni við matreiðslu og heimilishald yfirleitt. Það er því ekki, að hér sé aðeins um menningarmál að ræða, heldur og líka stórkostlegt þjóðfélags- og fjárhagsmál. Í sumum sveitum, þar sem húsmæðrafræðslan er minnst, er talið beinlínis, að þess gæti, að húshaldið sé þar óhentugt og dýrt. Og ég get rökstutt þetta með umsögn kaupfélagsstjóra víðsvegar um landið. Þó að við ráðumst í þetta, sem kostar mikið fé, þá var það fyrirsjáanlegt, að við gætum ekki látið húsmæðrafræðsluna sunnanlands vera eins og hún er nú. Því að það er mál, sem búið er að dragast allt of lengi að hrinda í framkvæmd, sem er fyrir þá sök, að hér í Reykjavík hafa ekki verið nægileg samtök til þess. Undirbúningur þessa máls er aðallega sá, að skrifstofustjóri í stjórnarráðinu hefur samið frv. og haft til hliðsjónar l. um húsmæðraskóla í sveitum, og konur, sem hafa áhuga fyrir þessu máli og hafa haldið uppi kennslu í þessum efnum hér, hafa endurskoðað frv. og gengið frá því eins og það nú liggur fyrir. Menntamenn í skólamálum hafa svo gert lítils háttar breyt. á frv. Ég sé ekki, að mikill ágreiningur sé um málið, þegar það hefur verið athugað. Mér virðist tilgangur skólans eftir brtt. og sjálfu frv. vera nákvæmlega sá sami. En það hefur verið réttilega á það bent, að í brtt. er það talið talsvert nákvæmar upp, hver sé tilgangur skólans, heldur en gert er í frv. En þó að talið sé upp fleira í brtt., svo sem þvottur og hreingerning, sem vitanlega tilheyrir heimilisstjórn, þá má alltaf ákveða nánar um það í framkvæmdinni með reglugerð.

Viðvíkjandi kostnaði, sem hér hefur verið rætt um, þá er það í frv. þannig, eins og hv. alþm. sjá, að það er gert ráð fyrir ákveðnu framlagi nemenda, án þess að nánar sé tiltekið um hlutföll milli ríkis og bæjar. En í brtt. eru tekin upp ákveðin hlutföll þess kostnaðar, sem ríkið á að greiða og sem bærinn á að greiða. Og þá er til þess ætlazt með brtt., að ríkissjóður leggi fram ⅔ hluta, en bærinn ⅓ hluta kostnaðar, og síðan er til tekið kennslugjald á nemanda, sem er það sama í brtt. og er í 8. gr. frv. Þetta mundi

þá verða þannig, að ef þau framlög, sem ríkissjóður greiðir á hvern nemanda, yrðu meira en ⅜, þá losnar ríkissjóður við að greiða eitthvað af kennslugjaldinu. Þannig eiga þessir ⅜ að vera takmörkun í því, að kennslugjöldin, sem ríkissjóður greiðir, verði ekki óhæfilega mikill partur kostnaðarins við skólahaldið. En ég held, satt að segja, að það séu ekki miklar líkur til þess eða jafnvel engar líkur til þess, að kennslugjaldið nái því að verða ⅜ kostnaðarins við skólahaldið, og miða ég það við þann kostnað, sem hefur verið við þessa skóla. Hins vegar, ef kennslugjald frá ríkissjóði má verða ⅜ hlutar kostnaðarins, þá á ríkissjóður að bæta upp mismuninn, og þannig getur framlag ríkissjóðs orðið hærra eftir brtt. en eftir frv. En í síðustu málsgr. 8. gr. frv. er tekið fram, að bæjarsjóður beri ábyrgð á rekstri skólans, og þessi kennslugjöld eru þá það eina, sem ríkissjóður leggur fram vegna kostnaðar, og síðan sér bæjarsjóður um afganginn, hvort sem hann er meiri eða minni. Það má náttúrlega til sanns vegar færa, og vitanlega er það svo um framkvæmdir eins og þessa, að það er ekki hægt að fullyrða, að endilega sé réttara þetta eða hitt. Þessir skólar verða auðvitað að fá sína reynslu, og frv. er samið í mörgum atriðum eftir þeirri reynslu, sem fengin er í þessu efni.

Þá er það viðvíkjandi því, hvernig á að ganga frá því, þegar byggður verður húsmæðraskóli. Það má þá vitanlega segja, að þar sem ríkissjóður leggur fram meiri hluta af byggingarkostnaðinum, þá ætti hann að hafa meira með það að gera, hvernig frá skólanum er gengið. En þetta er byggt á því í frv., að í raun og veru er það bæjarsjóður, sem rekur skólann með þessu ákveðna gjaldi frá ríkinu á hvern nemanda. En bæjarsjóður ber, samkvæmt frv., alla ábyrgð á rekstri skólans, en er óheimilt að taka kennslugjald, og án þess að greitt sé hlutfallslega, eins og gert er ráð fyrir í brtt. En þegar á það er litið, að bæjarsjóður á að reka skólann með þessum hætti, þá virðist mér, að það sé jafnvel stefnt til meiri sparnaðar með því, vegna þess að ef tiltekin eru ákveðin hlutföll á milli framlaga bæjar og ríkis, þá hafi bærinn ekki sams konar hagsmuna að gæta eins og þegar hann rekur skólann á sinn kostnað og fær ákveðinn hluta á hvern nemanda úr ríkissjóði. Ég álít, að í raun og veru ætti ríkið að hafa meira með þessa byggingu að gera, það væri að mörgu leyti eðlilegra. En í frv. er það byggt á því, eins og kemur fram í 8. gr. frv., í niðurlagsorðunum, að bæjarsjóður sjái um rekstur skólans og beri ábyrgð á honum. En hins vegar er ákvæði í 9. gr. frv., þar sem sagt er, að fræðslumálastjóri ráði því algerlega, hvernig skólinn verður byggður, þannig að það er alveg útilokað, að hægt sé að byggja skóla, bæði velja stað undir hann og ákveða allt fyrirkomulag hans, nema með samkomulagi við ríkið. Ef ríkið segir: Þetta er of dýr bygging og ég legg ekki samþ. mitt til hennar, eða því þykir þetta óhentugt að einhverju leyti, þá getur það látið fræðslumálastj. neita að samþ.

Það er hér brtt., sem mér þykir ekki skipta neinu verulegu máli, um húsaleiguna, að í staðinn fyrir að talað er í frv. um helming, eigi að greiðast ⅝. Þetta er ekki það stórt atriði, að það skipti miklu máli, — þó er ekki hægt að neita því, að húsaleigukostnaður fyrir eina stofnun getur orðið töluverður, og breytir nokkru, hvort styrkurinn er ⅜ hlutar eða ½, þegar tillagið er fyrir fyrstu nemendur 6750.00 kr., og ég álít, að tæpast sé eðlilegt fyrir ríkissjóð að greiða nema ½ húsaleigu.

Viðvíkjandi þeirri brtt., að 11. gr. frv. falli niður, get ég tekið það fram, að þessi gr. var ekki í frv. upphaflega, og að þessu leyti var frv. breytt frá því, sem frv. um húsmæðraskóla í Reykjavík var, þannig að frv. gildir um húsmæðraskóla almennt í kaupstöðum. En þá var þessi gr. sett í frv., og er ætlazt til þess, að það sé í samræmi við aðra heimild um stofnun húsmæðrakennaradeildar, sem er í l. um húsmæðrafræðslu í sveitum frá 1938, sem ætlazt var til að yrði á Laugarvatni, og ætlunin mun hafa verið að samræma þetta þannig, að þessi húsmæðrakennaradeild, ef til kæmi, ætti að sjá húsmæðrakennaraefnum fyrir menntun, og starfaði sú deild annað árið í Reykjavík við stofnanir eins og atvinnudeild háskólans, því að vitanlega, þegar lengra kemur, getur þetta orðið víðtækt og talsvert vísindalegt, og er ætlazt til þess, að kennslunni verði hagað þannig, að annað árið eða helming tímans, hvort sem skólatíminn verður langur eða stuttur, verði hún framkvæmd á Laugarvatni, þar sem nemendur fá tilsögn í að búa til mat og annast um garða og geyma garðamat o. fl. Og virðist mér þetta ekki óeðlilegt fyrirkomulag, og ég veit, að menntmn. gekk frá þessu á þessum grundvelli og taldi, að þetta fyrirkomulag væri á margan hátt hentugt.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að segja meira um þetta mál, — mér virðist ekki vera mikill ágreiningur um það í sjálfu sér, svo að nokkuð sé úr honum gerandi.

***Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson)**: Það hefur nú verið upplýst af hæstv. forsrh., að það er einhver skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, sem hefur gert eins konar þýðingu, ekki að ég held allt of nákvæma, á reglum þeim, sem í l. eru um húsmæðraskóla í sveitunum, með samningu þessa frv. Það er þá m. a. skiljanlegt, hvernig á því stendur, að hér er gert ráð fyrir heimavistarskóla. Aftur er það óskiljanlegt, að sá góði skrifstofustjóri skyldi ekki geta hitt á að telja upp eins og vanalega er gert í l. um skóla, hvað eigi að kenna þar. Og ég get ekki gert svo lítið úr þessu, eins og hæstv. ráðh., að þetta eigi að vera reglugerðaratriði. Ef maður t. d. hefur eitthvert almennt orðalag yfir matreiðslu, sauma, prjón, vefnað o. þ. l. og kallar þetta einu nafni handavinnu, þá er vel hægt að láta fleira koma undir orðið handavinna heldur en það, sem tilætlunin er að kenna á húsmæðraskóla og konur geta lagt stund á og hafa gert, svo sem útsaum, útskurð og jafnvel glerbrennslu. En ég álít, að þetta eigi að fyrirbyggja, að slíkt og þvílíkt geti verið kennt á slíkum skólum sem þessum, með því að taka skýrt fram það, sem menn vilja, að kennt sé á þessum

skólum. Þó að ég hafi haldið því fram, að það megi bæta við námsgreinum með reglugerð, þá álít ég, að reglugerð eigi ekki að öllu leyti að innihalda, hvað kennt skuli í þessum skólum.

Ég er hissa á því, að hæstv. forsrh. skuli misskilja brtt. mínar á þskj. 581. Ég hefði viljað, að hæstv. ráðh. hefði skýrt frá því, hvernig stóð á því, að þeim, sem undirbjuggu málið, datt ekki í hug að taka til hliðsjónar gagnfræðaskólana um það, hvað ríkið skuli leggja fram og hversu mikið bæirnir. Ef hæstv. ráðh. hefði gert þetta, þá hefði hann séð, hvað í mínum brtt. felst. Í gagnfræðaskólal. er tekið fram það hlutfall, sem bærinn annars vegar og ríkið hins vegar eiga að leggja fram á mann fyrir hvern nemanda, og það hefur orðið um 300 kr. Og t. d. í Ingimarsskólanum, þó að hann hafi ekki haft nema tæpar 300 kr. á mánuði á nemanda, miðað við 7 mánaða kennslu, þá hefur hann getað lagt mikið fyrir af þessum tekjum í húsbyggingarsjóð. Þess vegna, eins og þetta er orðað í minni brtt., þá er það ákveðin peningaupphæð, sem hverjum þessara skóla er ætlað að fá í árlegan styrk, sem er ⅗ hlutar stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar úr ríkissjóði, auk þess sem ákveðið er eins og í frv., hvað kennslugjöld skuli vera há. Og ef einhver skóli er svo eyðslusamur, að hann eyði meiru en þessu, sem lagt er til í frv. um framlög úr ríkissjóði, þá verður hann að leita til bæjarins um framlag. En t. d. Ingimarsskólanum og fleiri gagnfræðaskólum hefði ekki þýtt það að fara til bæjarstj. og biðja um aukaframlag. En í frv. er gert ráð fyrir óbundnum kostnaði. Því að það er fyrst tekið fram, hvað ríkið leggi til, en svo er það látið óákveðið, hvað bærinn leggur fram. Og þar sem skólanefnd eftir frv. á að vera að ⅘ hlutum kosin af bæjarstj., og ef bærinn vill vera sparsamur, þá er hægt fyrir þessa fulltrúa bæjarins að segja: Við eyðum ekki meiru til þessara skóla en lagt er fram úr ríkissjóði. — Ég hef nú gert grein fyrir, hverju munar á því, sem hæstv. ráðh. vill í þessu efni. Ég vil láta gera ráð fyrir ákveðinni upphæð frá bæjarsjóði, en hann vill láta bæinn vera í ótiltekinni bakábyrgð gagnvart eyðslunni.

Mér finnst undarleg þessi viðbót um nýjan kennaraskóla fyrir kvenfólkið, sem sett er hér í þetta frv. svona beint út í bláloftið. Hér kemur nýtt pappírsgagn, sem mun vera sett til þess að gera eins konar sambræðslu í þessum húsmæðraskólamálum. Þetta er, eins og frv. allt, í góðri meiningu gert, en heldur losaralegt.

Mér virðist hæstv. ráðh. heldur ekki hafa tekið alveg eðlilegt tillit til þess, að það þarf allt annars með viðkomandi húsmæðraskólum í bæjum heldur en í sveitum. Það, sem er að þessu frv., er, að þær konur, sem hafa áhuga fyrir þessu máli, hafa í undirstöðuatriðum rangt fyrir sér, því að þær byggja á höfuðmisskilningi á því, hvernig þessar stofnanir eigi að vera, með því að gera ráð fyrir, að þessar stúlkur eigi að vera í heimavist, sem eru á húsmæðraskólum í kaupstöðum. Af því leiðir, að ef þetta er framkvæmt þannig, þá verður manni að spyrja: Hvað hafa ungar stúlkur upp úr því að vera á heimavistarskóla hér í Reykjavík? Þær þvo sitt eigið herbergi, búa um sitt eigið rúm. Annað hafa þær ekki upp úr því. En ég býst við, að þessá æfingu geti þær fengið fyrir því, þó að þær væru ekki í heimavist.

Ég hafði hugsað, að hæstv. kennslumrh. mundi einmitt beita sér fyrir því, að þessi alveg óforsvaranlega afgr. þessa máls í hv. Nd. yrði leiðrétt hér. En hann hefur ekki gert það. Ætlar hann sennilega að bíða eftir því að laga l., þegar búið er að sjá, hversu ófullkomin þau verða, ef þessu frv. er ekki breytt til bóta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 581,1 felld með 9:4 atkv.
5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 581,2 felld með 10:4 atkv.
6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 581,3 felld með 8:4 atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 581,4 felld með 9:4 atkv.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 581,5 felld með 8:3 atkv.
10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 581,6 felld með 10:3 atkv.
11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 24. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 635).

---

71. Sala Reykjarhóls og Varmahlíðar.

Á 41. fundi í Nd., 21. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu ásamt nýbýlinu Varmahlíð (þmfrv., A. 210).

Á 42. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 49. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 210, n. 588).

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Ég sé, að hv. frsm. er ekki við og ég mun vera sá eini úr menntmn., sem er viðstaddur. Þetta frv. er flutt af menntmn. Nd. og fór gegnum þá d. óbreytt. Þetta mál lá síðan fyrir menntmn. þessarar d., og hún vill líka leggja til, að það verði samþ. án breyt., en í frv. felst heimild handa ríkisstj. til að selja Varmahlíðarfél. svonefnda jörðina Reykjarhól í Seyluhrepi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð, auðvitað með því skilyrði, að þar verði reistur héraðsskóli Skagfirðinga. Það, sem veldur því, að farið er fram á þetta, er, að þarna er hiti í jörðu, og það ræður hér mestu um. Eins og ég gat um, er n. sammála um, að heimildin verði veitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 636).

---

72. Húsmæðrafræðsla í sveitum.

Á 12. fundi í Ed., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum (þmfrv., A. 51).

Á 15. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. lá fyrir síðasta Alþ. samhljóða því, sem það er nú, og flutt af sömu þm. nú sem þá, nema hv. 5. landsk. (ÞÞ) hefur nú bætzt við í hópinn. Frv. fékk ekki afgreiðslu hér í d. á síðasta Alþ., það kom að vísu frá n., en komst aldrei gegnum 2. umr. En nú virðist mér ástæða til að ætla, að þetta frv. fái nógan tíma til að verða að l., og vil gera mér vonir um, að sú n., sem fær það til meðferðar, hraði störfum og skili því í tæka tíð, svo að Alþ. geti afgr. málið. Þykist ég mega fullyrða, að nægur þingvilji sé fyrir því, að frv. þetta verði að lögum.
Að öðru leyti sé ég enga ástæðu til að fara að ræða þetta frv. Það er skýrt tekið fram í grg., sem fylgir frv., í hvaða tilgangi það er flutt, og hv. þm. munu einnig muna eftir því, sem um það var sagt á síðasta Alþ., og ætla ég ekki að endurtaka það hér.
Ég vil aðeins leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 51, n. 259).

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Eins og sjá má á nál. 259, þá er n. ekki á einu máli um afgreiðslu þessa máls. Einn hv. nm. vill samþ. þetta frv. óbreytt, en hann er ekki hér viðstaddur til að gera grein fyrir sinni afstöðu í þessu máli. Hins vegar höfum við tveir í n., ég og hv. 9. landsk., ekki viljað ganga inn á að lögfesta frv., fyrr en sýnt er, að frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum nái fram að ganga á þinginu.
Það er ekki svo að skilja, að við höfum brugðið fæti algerlega fyrir þetta mál. En við teljum, að þetta mál og annað mál, sem er á ferð hér í þinginu, sem fjallar um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, séu svo skyld mál, að ekki sé hægt að gera þar upp á milli, nema að svo miklu leyti sem hitt frv., um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, er nú í fyrsta skipti á ferð sem löggjöf, en þetta mál, sem hér liggur fyrir til umr., er um umbætur á löggjöf, sem þegar er fyrir um húsmæðrafræðsluna í sveitunum. Þetta mál er gamalkunnugt hér í hv. þd., og þarf ég ekki að rekja gang þess hér. En ég verð að segja það frá mínu brjósti, að svo bezt getum við fylgt auknum framlögum til hús-

mæðrafræðslunnar í sveitum, að hæstv. Alþ. sýni fullkomlega lit á því að koma á löggjöf um og styðja á mjög svipaðan hátt húsmæðrafræðsluna í kaupstöðunum, því að þar sem svo örðugt hefur verið um framgang þessa máls fyrir kaupstaðina, viljum við tryggja okkur það, að hér verði nokkurs konar kaup kaups, þannig að við snúum bökum saman um það, að við styðjum þá, sem bera þetta mál fyrir brjósti fyrir sveitirnar, og að þeir hinir sömu styðji einnig okkur um að koma áfram löggjöf um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Að svo komnu máli mun ég greiða þessu frv. atkv. til 3. umr. og sjá, hvað setur um gang hins málsins, sem ég gat um, og hraða þess við afgreiðslu í þinginu.

*Magnús Jónsson: Ég er alveg sammála þeim, sem skrifað hafa hér undir nál. þetta með fyrirvara. Það er af því, að ég er sammála um, að það sé ekki nema mjög eðlilegt, að við, sem falið hefur verið umboð fyrir kaupstaði, og náttúrlega ýmsir þeir, sem hafa umboð fyrir sveitirnar líka, sem líta með sanngirni á þetta mál, álítum, að rétt sé, að bæði þessi frv., sem fyrir þinginu liggja, annað um húsmæðrafræðslu í sveitum og hitt um sama efni varðandi kaupstaðina, megi hafa samflot um afgreiðslu hér á hæstv. Alþ. Mér hefði þótt vissara, að n. hefði notað sinn meiri hl. til þess að afgr. ekki þetta mál fyrr en frv. um húsmæðrafræðslu fyrir kaupstaði hefði verið komið til þessarar d. og væntanlega þessarar sömu n. Hins vegar er vitað, að svo einstök valmenni eiga sæti hér í þessari hv. d., að það þarf ekki að beita neinu slíku harðræði, og væri nóg, ef hæstv. forseti vildi stilla svo til, að þetta mál sigldi ekki svo mjög hraðbyri, að hitt málið fengi ekki ráðrúm til þess að fylgja því eftir, sem ég fyrir mitt leyti set sem skilyrði fyrir því, að ég fylgi þessu máli hér, til þess að samræmi komist á um fjárframlög til húsmæðraskólanna í sveitum og kaupstöðum.

Þetta frv. fer fram á að breyta framlaginu til stofnunar húsmæðraskóla í sveitum úr helmingi og í ¾ hluta stofnkostnaðar. Og mér finnst þá ómögulegt að neita því, að það er hróplegt ranglæti að styrkja ekki sams konar skóla í kaupstöðunum með því að samþ. það frv., þar sem tekið er upp það framlag, sem þykir nú óviðunandi fyrir sveitirnar.

Í grg. frv. er gerð grein fyrir því, hvers vegna farið er fram á að hækka þetta framlag í samræmi við það, sem á við um héraðsskólana. Ég get ekki séð betur en að það sama gildi í fullum mæli um framlagið til húsmæðraskólanna í kaupstöðunum. En það er tekið fram í grg. frv., að aukin verkleg kennsla í þessum skólum heimti dýrara húsrúm. Sama á við um húsmæðraskólana í kaupstöðunum, nema frekar væri, því að það er gert ráð fyrir því í sambandi við þá skóla, að þeir séu nokkurs konar kennaraskólar fyrir húsmæðrafræðsluna. Og þar sem á að kenna kennurum, má nærri geta, að það þurfi enn frekari kennslutæki heldur en við venjulega húsmæðraskóla. Í öðru lagi er það tekið fram sem ástæða fyrir því, að hækka þurfi framlagið til húsmæðraskólanna, að þeir þyrftu að geta orðið gististaðir yfir sumartímann. Þetta á engu síður við í kaupstöðunum, ekki síst í Reykjavík. Ég álít, að ef ætti að setja upp mikið húsrúm fyrir slíka skóla, þá væri mjög hentugt, ef hægt væri að nota slíkar skólabyggingar fyrir gistihús að sumrinu. Því að alveg eins og menn leita úr kaupstöðunum upp í sveitirnar á sumrin, leita menn til Reykjavíkur á sumrin, því að á venjulegum tímum koma margir útlendingar til landsins, og mikil eftirspurn er þá eftir húsnæði fyrir ferðamenn. Stúdentagarðurinn hafði ákaflega mikinn styrk af því, að hann var svo útbúinn, að hægt var að nota hann sem gistihús fyrir ferðamenn. Þriðja ástæðan, sem færð er hér fram í grg. frv. fyrir réttmæti hækkunarinnar til skólanna, er, að nú hvíli skuldabyrðar á þeim, sem þeim væri um megn að rísa undir. Má búast við því, að það eigi ekki síður við um húsmæðraskólana í kaupstöðunum.

Ég vil leyfa mér að skjóta því til hv. n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að hún samræmi þessi tvö mál, þegar hitt húsmæðrafræðslumálið, fyrir kaupstaðina, kemur til þessarar hv. d.

Bernharð Stefánsson: Mér þykir nú þetta dálítið undarlegt með þennan fyrirvara, sem tveir af hv. nm. hafa sett við sínar undirskriftir undir nál., og óneitanlega væri dálítið fróðlegt að fá að vita, hvort þeir eru með málinu eða móti. Frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum er komið til 3. umr. í hv. Nd., það er komið lengra í þeirri d., sem það byrjaði í, heldur en þetta frv. er komið hér, sem flutt var í þessari d. Og ef þetta mál á að bíða eftir frv. um húsmæðrafræðsluna í kaupstöðum, sem er í Nd., og hafa samflot með því, eins og hv. þm. hafa talað um, þá gæti náttúrlega svo farið, að frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum yrði samþ. hér í hv. d. til fullnustu og þetta frv. einnig samþ. út úr d., en að þá væri Alþ. slitið daginn eftir eða eitthvað um það, þannig að það yrði eingöngu frv. um húsmæðraskólana í kaupstöðunum, sem yrði þá að l., en ekki þetta frv. Ég hefði kunnað miklu betur við það, að það hefði verið tekin hrein afstaða til þessa máls, annað hvort með eða móti málinu, en því hefði ekki verið blandað á þennan hátt saman við annað mál, sem ekki stendur á neinn hátt verr að vígi heldur en þetta mál, eins og ég hef nú sýnt. En góðra gjalda vert er það, að þetta mál á þó, eftir vilja þeirra hv. nm., sem skrifað hafa undir nál. með fyrirvara, að fá að ganga óhindrað til 3. umr. En ég segi það, að ef það á svo að bíða eftir því, að þetta mál, sem er í hv. Nd. enn þá, komist hér til 3. umr., þá er það að öllum líkindum síðasta umr. þess máls, sem þá fer fram. En þá eru a. m. k. þrjár umr. eftir um þetta mál, sem hér liggur fyrir á dagskránni.

Ég held, að það væri nú óhætt fyrir þá, sem bera húsmæðraskólana í kaupstöðum fyrir brjósti, að lofa þessu máli að ganga héðan út úr hv. d. Þeirra skoðanabræður geta þá í Nd. tekið það í einhvers konar gislingu til trygg-

ingar því, að hitt málið gangi fram hér í þessari hv. d.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég sé, að í nál. er mælt með framgangi þessa máls, þó því aðeins, að trygging sé fyrir því, að frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum verði lögfest á þessu þingi. Og er þá víst ætlunin, að þetta mál gangi til 3. umr. eftir því, sem komið hefur fram hér í umr. En í sambandi við það vil ég taka það fram, að ég tel það alveg fullvíst, að frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum verði að l. á þessu þingi. Það er ætlazt til þess, og því er fylgt alveg óskipt af allri ríkisstj. Og ríkisstj. hefur lofað því að beita sér sérstaklega fyrir því, að svo verði. Því að húsmæður hér í bænum hafa sýnt ákaflega mikinn áhuga á því að koma húsmæðraskóla á stofn hér í Reykjavík, og hans er hér mjög mikil þörf. Bæði húsmæðurnar, eins og ég sagði, og margar stofnanir einnig hafa sýnt þann áhuga á þessu nauðsynjamáli, að ég tel alveg sjálfsagt, að málið verði afgr. á þessu þingi. Ég spurðist fyrir um málið í gær eða dag, og ég hygg, að ekki verði mikill dráttur á því, að það verði afgr. í Nd. Það má geta þess í sambandi við það mál, að áhugi fyrir því virðist vera mjög almennur hér í bænum, og það hefur safnazt mikið gjafafé fyrir málið, m. a. hefur búnaðarþing sýnt áhuga sinn fyrir því máli með því að taka þátt í gjöfum. Ég hefði ekki búizt við, að það yrði dregið í efa, að málið gengi fram.

*Árni Jónsson: Ég hef ásamt hv. 2. landsk. (SÁÓ) skrifað undir nál. með fyrirvara, sem hann hefur gert grein fyrir. En eftir þá ræðu, sem hæstv. forsrh. nú flutti, verð ég fyrir mitt leyti að telja, að fengin sé mikil trygging fyrir því, sem við gerðum að skilyrði fyrir fylgi okkar við þetta frv. Mun ég því óhikað greiða því atkv. til 3. umr.

Það stendur svo á, að frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum er nú til 3. umr. í hv. Nd. Og mér þætti fara vel á því, að það kæmi næsta dag á dagskrá hér í hv. d., og að þetta mál kæmi ekki til 3. umr. fyrr en við í n. gætum athugað hitt frv., hvort við gætum ekki orðið sammála um það.

Eftir ræðu hæstv. forsrh. virðist mér þeim tilgangi náð, sem við tveir nm. vildum ná með því að skrifa undir nál. með fyrirvara.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Hv. 9. landsk. (ÁJ) hefur tekið fram nokkuð af því, sem ég vildi segja. Því til viðbótar vil ég þó segja það við hæstv. forsrh. — þ. e. a. s. ef hann má vera að að hlusta á það — út af því, sem hann sagði hér, að ég að sjálfsögðu legg mikið upp úr hans orðum um framgang frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, sem við berum fyrir brjósti. En ég vil segja, að það er ekki að ástæðulausu, að við höfum komið fram með þennan fyrirvara. Hæstv. ráðh. er það kunnugt, að á tveimur eða þremur þingum hefur málinu verið hreyft hér í hv. d., en það hefur hér litla áheyrn fengið. En sem betur fer, er viðhorfið til þessa máls nú orðið breytt, eins og ræða hæstv. ráðh. nú bar vott um, þannig að telja má víst, að framgangur þess sé tryggður. En mér er alveg ókunnugt um afstöðu hv. form. menntmn. til þess máls, og hann hefur svo mikið vald sem form. n., að hann getur dregið málið á langinn, svo að það gæti tafið málið hér í hv. d. Nokkur ótti er hjá okkur þessum tveimur, sem skrifað höfum undir nál. með fyrirvara, um, að hv. form. menntmn. hafi ekki mikinn áhuga fyrir frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Ég get svarað hv. 1. þm. Eyf. (BSt) því, að ég held, að það sé komið skýrt fram, hvort við þessir tveir þm. séum með eða móti málinu, sem hér liggur fyrir. Við erum með málinu. (BSt: Andinn er þá reiðubúinn). En ég vil ekki gera upp á milli þegnanna í þjóðfélaginu (ÁJ: Heyr!).

Svo vil ég að síðustu minnast þess, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á, að það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að svipað framlag verði veitt fyrir húsmæðraskóla í kaupstöðum eins og slíka skóla í sveitum. Því væri hægt að koma inn í frv. í hv. Nd., svo að ekki þyrfti að hrekja það á milli d.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Um það, að sagt er, að afstaða sé breytt hér á þingi gagnvart húsmæðrafræðslunni í kaupstöðum, vil ég segja það, að það sé ekki frá minni hendi. Því að það hafa farið fram samtöl um þetta mál milli ríkisstj. og þeirra kvenna, sem hafa beitt sér fyrir því, að húsmæðraskólar kæmust hér á fót. Og það hefur alltaf verið lögð áherzla á það í þeim samtölum, allan þann tíma, sem um þetta hefur verið talað, að þegar hér í bæ væri sýndur áhugi og félagssamtök kvenna, og sá áhugi kæmi fram í því, að lagt væri fram fé á líkan hátt til þess málefnis eins og lagt hefur verið fram fé til húsmæðraskólanna í sveitunum, þá mundi ekki standa á, að fé væri lagt fram af því opinbera fyrir þetta mál. Nú er meira um peninga heldur en venjulega, enda eru meiri samtök um þetta mál hér í bænum heldur en verið hefur nokkurn tíma áður. Þegar þessi félagssamtök töluðu við mig í vetur, var því lofað af mér og ríkisstj. allri, að þetta mál, frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, gengi fram. Ég hygg, að ég fullyrði ekki of mikið, þó að ég segi, að það sé vissa fyrir meirihl.-fylgi við þetta mál hér á Alþ. nú. Við, sem erum í ríkisstj., reynum alltaf að lofa með sem mestri gát, því sem lofað er, en svo víst hef ég talið, að þetta mál hefði mikils meiri hl. fylgi á Alþ., að þessar konur hafa nú þegar keypt hús hér í bænum og lagt út fyrir það fé í því trausti, að þetta frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum yrði samþ. á þinginu nú. Og ég get sagt hiklaust, að ég vildi ekki, að það kæmi fyrir, þar sem þetta er gert í samráði við mig og ríkisstj., að það frv. yrði ekki samþ. Ég álít því hv. d. hafa fulla tryggingu fyrir því, eftir þessar upplýsingar, að frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum verði að l. Þessar upplýsingar gef ég að gefnu tilefni, en álít hins vegar ekki sérstaklega sanngjarnt, að frv. verði afgr. saman, eins og um hefur verið talað hér.

Viðvíkjandi því, sem sagt hefur verið hér um

samræmingu styrkjanna til þessara skóla, tel ég auðvelt að finna leið til þess að breyta hinu frv. í Nd., til þess að þessi samræming fáist.

Það má geta þess, að það hefur komið fram nokkur ágreiningur um það, hvort styrkinn ætti að miða við nemendatölu. Á því ætti að gera hámark, því að skólar, sem hafa 12 til 20 eða jafnvel 30 nemendur, eru vitanlega tiltölulega dýrari í rekstri, miðað við nemendatölu, heldur en skólar með 100 nemendum. En ég býst við og hef talið sjálfsagt, að þessir skólar hefðu sömu kjör við að búa af hálfu þess opinbera á báðum stöðum, í sveitum og kaupstöðum.

*__Magnús Jónsson:__ Mér þykir mjög vænt um, að hæstv. forsrh. tekur svo skýra afstöðu til frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum og fullyrðir, að það nái fram að ganga. En ég kvaddi mér hljóðs áður en hann sagði sín síðustu orð hér. Og eins og ég gat um, þá er mér ekki nóg að vita aðeins, að frv. gangi fram, heldur hvernig það gengur fram. Ég álít, að þegar löggjöf er sett um þessa skóla, þá eigi hún að vera í samræmi gagnvart húsmæðraskólunum í sveitum annars vegar og sömu skólum í kaupstöðum hins vegar. Þess vegna hef ég óskað þess, að hv. menntmn. þessarar d. hefði fengið að láta í ljós sitt álit og gera sínar brtt., ef einhverjar yrðu, við frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, sem nú er í hv. Nd., áður en þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður sent burt úr þessari hv. d. Skal ég svo láta mér lynda, eftir að n. hefur tekið afstöðu til þess frv., þó að það verði svo látið bíða hér eitthvað. Því að ef breyt. verða á því gerðar, þá er það ekki alveg búið, því að þá þarf það að fara héðan aftur. Þessi frv. ættu að hafa samflot um að verða afgr. jafnt frá hæstv. Alþ., og ekki aðeins í þeim skilningi, að þau væru bæði afgr. frá þinginu sem l., heldur einnig um það, hvernig þau eru afgr. Það er langt frá því, að í þessu liggi tilraun til þess að láta frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum sigla hraðbyri og verða að l., en tefja þetta frv., sem hér liggur fyrir. En þessi frv. eiga að afgreiðast bæði í einu. (__BSt:__ Það geta þau ekki). En eftir því, sem hæstv. forsrh. sagði síðast, skildist mér, að frv. um húsmæðraskóla í kaupstöðunum næði fram að ganga, og meira að segja, að fullt samræmi yrði haft um fjárframlög til þeirra skóla, miðað við framlög til slíkra skóla í sveitum. En það var sérstaklega stofnkostnaðurinn, sem ég hreyfði umr. um í minni fyrri ræðu.

En út frá því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, þá er mikill munur á þessum frv., þar sem húsmæðraskólar í sveitum eru til og hafa sína löggjöf, en frv. það, sem hér liggur fyrir, er um að breyta einu atriði þeirrar löggjafar, um stofnkostnaðinn, en hitt frv. er um að stofna skólana. Og það er ekki undarlegt, þó að við, sem berum hið síðarnefnda frv. fyrir brjósti, séum dálítið smeykir, þó að hæstv. forsrh. hafi nú létt af okkur óttanum. En ég vil samt vita, hvað hv. menntmn. gerir við frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, vegna þess sérstaklega, að hv. form. menntmn. er hér ekki við til þess að segja álit sitt og frá sjónarmiði n. um málið.

Þetta eru aðeins tilmæli um það, að hinu málinu, sem er í hv. Nd., verði hraðað eins og mögulegt er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

__Árni Jónsson:__ Ég ætla aðeins að gera grein fyrir atkv. mínu.

Ég hef skrifað undir nál. á þskj. 259 með fyrirvara, en þar sem ég lít svo á, að með ummælum hæstv. forsrh., sem hann viðhafði hér í ræðu sinni við 2. umr., sé fullnægt því skilyrði, sem sett er af minni hálfu og hv. 2. landsk. fyrir fylgi okkar við frv., þá mun ég greiða því atkv.

__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Það er aðeins örstutt til þess að forðast nafnakall.

Um þetta frv. vil ég láta þess getið, að ég mun láta mér nægja yfirlýsingu hæstv. forsrh. við 2. umr., og mun ég greiða frv. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 51. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

*__Finnur Jónsson:__ Ég hefði viljað mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði meðferð þessa máls, þar til búið er að ganga frá 7. máli á dagskrá.

Eins og þetta frv. ber með sér, er það í þá átt að færa það framlag, sem ríkissjóður á að greiða til húsmæðrafræðslu í sveitum, úr ½ upp í ¾. En hér liggur fyrir þessari hv. deild frv. til l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram ½.

Nú mun mitt atkv. við þetta mál vera bundið því, hverja afgreiðslu 7. mál á dagskrá fær, og ég hef því hugsað mér að leggja fram við það skriflega brtt. til samræmis við 5. mál á dagskrá. Þess vegna mun ég óska þess, að umr. um þetta mál yrði frestað þangað til sýnt er, hvort samræmi fæst á þau framlög, sem ætlazt er til, að ríkissjóður leggi til húsmæðrafræðslu í sveitum og húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

__Forseti (JörB):__ Mér finnst eðlilegast, að úr þessu yrði skorið, vegna þess að 5. mál er einungis um þetta og ekkert annað.

Umr. frestað, en var fram haldið síðar á fundinum.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 51, n. 601).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Þetta mál gekk ágreiningslaust, held ég, að ég megi fullyrða, gegnum hv. Ed. og er flutt til þess að samræma þessi l. um húsmæðrafræðslu í sveitum við héraðsskólal., sem samþ. voru á næstsíðasta þingi, um framlög til byggingar skólanna. Og einnig er nú svo komið, að í frv., sem afgr. hefur verið héðan frá hv. Nd. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, hafa verið samþ. ákvæði sömu tegundar og þetta, sem hér er um að ræða í þessu frv. um stofnkostnaðinn.
Ég vil vænta þess, að málið gangi áfram breytingalaust.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 637).

---

73. Byggingar-og landnámssjóður.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð (þmfrv., A. 177).

Á 37. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég skal þegar í upphafi taka það fram, að þó að þetta frv. sé talið borið fram af landbn. Ed., þá hefur einn nm. vegna veikinda ekki getað tekið að fullu þátt í afgreiðslu málsins, en við aðrir nm. höfum afgr. það til d., og þess vegna getur verið, að frá hans hendi eða hans flokks komi aths. um málið, og atkv. hans er auðvitað óbundið í því máli.
En þetta frv. er þannig til orðið, að skipuð var milliþn. milli síðustu búnaðarþinga til að fjalla um ýmis landbúnaðarmál, og þá var búið til uppkast að frv. um breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð. Það var að mörgu leyti frábrugðið þessu frv. og meira miðað við þá breyt., sem gert var ráð fyrir, að yrði gerð á jarðræktarlögunum, sérstaklega við niðurfellingu 17. gr. l., en nokkur atriði voru þó, sem ekki voru bundin við það og einnig koma fram hér. En frv. þessarar milliþn. var vísað til allshn. á búnaðarþinginu, en hún skilaði ekki beinlínis áliti um það, en gerði till. um ýmsa liði þess.
Efni þessa frv. er aðallega það, að endurbyggingarstyrkurinn til húsa í sveitum er tvöfaldaður og hann er hækkaður úr 125 þús. kr. upp í ¼ millj. á ári, og um leið var gerð ráðstöfun til þess, að þótt þessi styrkur sé ekki notaður eitt eða fleiri ár, verði hann samt sem áður greiddur úr ríkissjóði og ávaxtaður í sérstökum sjóði, þangað til þörf er á honum síðar meir. Því oft getur verið, að ekki sé hægt að koma því við að byggja hús í sveitum, vegna dýrtíðar eða annarra orsaka, og þá verði þar af leiðandi enn þá meiri eftirspurn eftir efni og meira byggt á næstu árum, svo ekki er ástæða til að láta styrksheimildina falla niður, þótt einhver ár verði ekki nauðsynlegt að vinna fyrir henni allri.
Þá var einnig gert ráð fyrir hækkun byggingarstyrksins til hvers einstaklings, en sú hækkun ekki ákveðin í krónutali, heldur þótti fara betur á því, að þessi styrkur, sem leggja mætti til byggingar í sveitum, væri látinn hækka samkv. vísitölu þeirri, sem hagstofan reiknaði út á ári hverju og miðaður væri við árið 1939, og eftir því, sem byggingarkostnaðurinn hækkaði eða lækkaði, eftir því yrði styrkurinn ríflegri eða minni til hvers einstaklings samkv. þessu frv. Það var gert ráð fyrir, að þessi styrkur mundi þá hækka verulega, og þess vegna var ákveðið hámark á þessum lið, að í stað 6 þús. kr. mætti koma 8 þús. kr., og þá yrði 3. gr. l. einnig breytt vegna þessarar hækkunar, þannig að tillag ríkissjóðs til byggingarsjóðs yrði hækkað um 50 þús. kr., upp í 250 þús. kr.
Þá var hér og eitt nýmæli sett. Það er um breyt. á stjórn nýbýla og lagt er til, að starf nýbýlastjóra verði lagt niður og einnig nýbýlanefnd, en í stað þess komi ein stofnun, nýbýlastjórn, þar sem formaður er skipaður af landbrh., og hann hafi þau störf, sem nýbýlastjóra voru ætluð. Aðrir stjórnendur skulu kosnir hlutfallskosningu til 4 ára af landbn. Alþingis. Verksvið þessarar nýbýlastjórnar verður svipað og höfð væri n. og nýbýlastjóri sameiginlega. Þessi gr. frv. gengur út á það eitt að sameina þetta, láta nýbýlastjórn koma í staðinn fyrir nýbýlanefnd og nýbýlastjóra, eins og nú er samkv. l. Í þessu frv. eru einnig ákvæði um að hækka styrkinn til nýbýla um þús. kr. hámark og eins lán um þús. kr., þannig að það verði alls 9 þús. kr. í stað 7 þús. kr., sem áður var.
Þetta er nú aðalkjarni þessa máls. Annars er rækilega tekið fram í grg. frv. um þetta. Ég vil nú ekki fara fleiri orðum um þetta, enda liggur það ljóst fyrir hv. d., og vænti þess, að málinu verði vísað til 2. umr.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Þess var réttilega getið af hv. frsm., að fulltrúi Alþfl. í landbn. mun

ekki hafa getað haft mikil afskipti af meðferð málsins, þar sem hann er forfallaður. Annars vildi ég láta koma fram við þessa umr. hvað mig snertir, og ég geri ráð fyrir, að svo muni vera með aðra flokksbræður mína, að þeir muni styðja í öllum aðalatriðum þá breyt., sem hér er farið fram á, sem er eins og hv. frsm. lýsti, aukið framlag úr ríkissjóði, bæði um lán til nýbyggingar og styrk, sem hverjum einstakling skal veittur, sem leggur út í nýbyggingar.

Þetta mál var á sínum tíma, að því er ég hygg, hugsað af hálfu Alþfl., en komið í framkvæmd af Framsfl., og Alþingi féllst á það á sínum tíma, að þetta væri nauðsynjamál. Það er ekki heldur hægt að neita því, að þetta er eitt af stærri menningarmálum, sem hrundið hefur verið í framkvæmd að undanförnu, að skapa hýbýli manna þannig, að þau verði boðleg kröfum tímans, og það gerir fólkið fastara við sveitirnar en ella að geta tryggt því viðunandi bústaði.

En það er eitt í frv., sem ég vildi vekja máls á. Það er, að hér á að leggja niður nýbýlanefnd og nýbýlastjóra, en taka upp sérstaka stjórn, sem hafi þessi mál með höndum. Ég hef ekki heyrt af hálfu frsm. næga skýringu á nauðsyn þessa. Mér skilst, að með auknu fjárframlagi, sem verði varið til byggingar- og landnámssjóðs, og þar sem gera má ráð fyrir, að sjóðurinn taki til fleiri staða en áður, þá hljóti að vaxa að einhverju leyti starfsemi og umsjón með sjóðnum. Það hefur verið hingað til svo, að nýbýlastjóri hefur fallið í eitt með búnaðarstjóra, og mér skilst, að skrifstofuhald allt hafi verið á skrifstofu Búnaðarfélagsins, sem hefur gert þennan kostnað mun ódýrari en ef horfið yrði að því ráði að stofna nýja skrifstofu með nýjum starfsmönnum og sérstaklega launuðum formanni. En ég hef sem sagt ekki heyrt nein rök fyrir nauðsyn þess, að þessu yrði breytt í þetta horf. En ef horfið verður að þessu ráði, ef hv. d. fellst á þessar breyt., þá vildi ég aðeins hreyfa því um leið, hvort ekki bæri þá að skipa þessa stjórn þannig, að það væru fleiri en 2 stjórnmálafl., sem sitja á Alþingi, sem hefðu stjórnarframkvæmdir með höndum og skipuðu menn í stjórn, en sá 3. skal svo skipaður af atvmrh. á hverjum tíma.

Af því, sem ég sagði áðan, að Alþfl. telur sig hafa átt mikinn þátt í því, að þetta mál var hafið og fékk þá byrjun, sem raun er á orðin, þá finnst mér rétt, að stjórnarfyrirkomulagið verði þannig, að honum gefist einnig kostur á að skipa einn mann í stjórn, vegna þess að það er mikill fjöldi manna, sem kemur til með að hafa not af þessum sjóði, og þá er sjálfsagt, að þar komi fram menn úr Alþfl. eins og öðrum flokkum. Það er til þess að draga fólkið frekar úr kaupstöðum upp til sveita að gera skilyrðin léttari en ella til að efla búskapinn, og því er það ekki nema eðlilegt, að Alþfl. eigi sinn hlut í stjórninni og geti lagt til það, sem honum finnst rétt, svo einstaklingar hans geti leitað til hans fulltrúa með sín málefni.

Ef stjórnin á að vera skipuð 3 mönnum, þá hefur mér dottið í hug, að allir þessir menn væru kosnir af stærstu flokkum þingsins, eins og oft á sér stað um ýmsar stofnanir, sem settar hafa verið á stofn á síðustu þingum. Þá féllu að sjálfsögðu niður þau forréttindi atvmrh. að skipa formanninn, en honum gæti verið gefinn kostur á að skipa einn af hinum stjórnendunum. Þetta hefði ég gjarnan viljað ræða við n. milli umr. Ég er ekki enn búinn að fá þær skýringar, sem sanni mér, að það sé nauðsynlegt að breyta svo um form á stjórn þessara mála sem hér er gert ráð fyrir.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég skal ekki fara langt út í þetta mál nú. Hv. 2. landsk. gaf í skyn, að hann óskaði heldur eftir að fá að ræða þetta mál í n.

Ég vil mótmæla því, sem hann sagði í byrjun sinnar ræða, að byggingar- og landnámssjóður væri hugsaður af jafnaðarmönnum og framkvæmdur af framsóknarmönnum. Þetta er ekki rétt. Ég hygg, að hann hafi verið hugsaður bæði í Framsfl. og í Sjálfstfl., því að helztu menn við þá lagasmíði hygg ég að hafi verið Jón heitinn Ólafsson og hv. þm. S.-Þ. (JJ). En það er ekki ástæða til að fara að togast á um þessa hluti nú. Ég vildi bara leiðrétta þetta.

Svo minntist hv. 2. landsk. á, að ekki væri nauðsyn á að afnema nýbýlastjóra. Það má kannske segja, að það hafi ekki verið nauðsyn. En fyrir okkur vakti að gera meðferð þessara mála einfaldari, þannig að úr bæði embætti nýbýlastjóra og nýbýlan. yrði þá ein stofnun, nýbýlastjórn, sem yrði hægari í vöfum og um leið ódýrari. Því að það verður alltaf dýrara að hafa 4 menn heldur en 3 við sama starfið.

Að nýbýlaskrifstofan hafi verið rekin af Búnaðarfélaginu, er ekki rétt. Hún hefur verið sjálfstæð skrifstofa, þó að hún hafi verið í búnaðarfélagshúsinu, og hefur haft sérstakt skrifstofufólk út af fyrir sig. Hún er því alveg sjálfstæð stofnun, en ekki rekin undir stjórn Búnaðarfél. Ísl. Það er ekki heldur bundið við það, að það sé búnaðarmálastjóri, sem er nýbýlastjóri. Eftir frv. er það formaður nýbýlastjórnar, sem hefur á hendi aðalstarf í nýbýlastjórninni. En það er venja, að þeir menn séu skipaðir af þeim ráðh., sem stýrir þeirri stjórnargrein, sem það heyrir undir, og þannig finnst mér einnig bezt fara á því hér.

Þá minntist hv. 2. landsk. á eitt, sem mér virðist fjarstæða, að fara að fjölga svo í nýbýlastjórn, að Alþfl. gæti eftir hlutfallskosningu fengið einn mann í nýbýlastjórn. Þá yrði að fjölga svo mönnum í þeirri stj., að það yrði hægt. En hitt er annað mál, hvort ekki væri hægt að koma því við, að maður frá Alþfl. gæti fengið þar sæti með samningum. En ekki sýnist mér nú, að hægt mundi vera að fjölga svo þessum mönnum með hlutfallskosningu í landbn. beggja d., að Alþfl. gæti fengið mann kosinn í stj., því að þó að bætt yrði við tveimur mönnum í hana, er alls ekki víst, að annar þeirra yrði Alþfl.-maður. En það er sjálfsagt að tala við hv. 2. landsk. um þetta í n. Það er of snemmt að karpa meira um þetta mál að svo komnu. Hv. 2. landsk. er velkominn á fund okkar, þegar við ræðum um málið, og getur gert þar sínar till. og aths.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ræða hv. frsm. gefur mér ekki tilefni til langrar ræðu. En út af því, sem hann mótmælti í minni fyrri ræðu, að ég sagði, að Alþfl. hefði átt ríkan þátt í því, að þessi l. voru sett um byggingar- og landnámssjóð, vil ég ráða honum til að lesa sér til í Alþtíð. og sannfæra sig um, að það er ekki allt út í loftið, sem ég sagði um þetta. (ÞÞ: Ekki allt). En þessi sjóður er byggður upp af þeirri hugsun, sem Jón heitinn Baldvinsson á sínum tíma flutti hér á þingi um nýbýli. Hann mun hafa flutt fyrst þá hugmynd, og upp úr því hygg ég, að þessi sjóður hafi verið stofnaður. En framkvæmdin hefur mestmegnis verið í höndum Framsfl., því að framkvæmdin hefur hvílt á nýbýlastjóra, sem einnig er búnaðarmálastjóri, og hefur honum farið sú framkvæmd prýðilega úr hendi. Þess vegna benti ég á, hvort þessi niðurlagning nýbýlastjórans væri nauðsynleg. Og ég hef ekki heyrt rök fyrir þeirri nauðsyn enn.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið á þessu stigi, því að mér skildist á frsm., að hann vildi taka það til góðviljaðrar athugunar, hvort Alþfl. gæti ekki átt mann í nýbýlastj. framvegis, sem hann hefði átt að hafa í slíkri n. frá byrjun. Þakka ég honum fyrir hans góðu undirtektir um það, svo langt sem þær ná.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 10:1 atkv.
6.—17. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 177, 235).

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 235 við 5. gr. þessa frv. Við 1. umr. málsins gerði ég grein fyrir því, sem fyrir mér vakti, og boðaði þá brtt. Ég legg til, að gerð verði sú breyt. á skipun nýbýlastjórnar, að í staðinn fyrir 2 menn, kosna hlutfallskosningu af landbn. Alþ., og einn, er ráðh. skipar, skuli stjórnin skipuð 3 mönnum, sem kosnir eru af þremur stærstu þingflokkunum. Ég tel það miklu réttlátari skipan á þessari stjórn heldur en gert er ráð fyrir í frv. Samkv. því mundu aðeins tveir flokkar þingsins hafa fulltrúa í nýbýlastjórn, en annar flokkurinn gæti haft tvo, vegna þess að sá ráðh., sem skipa skal þriðja manninn, mundi hafa hann úr sínum flokki, þó að flokksbróðir hans hefði komizt í stjórnina með hlutfallskosningu. En ég tel réttara, að þrír stærstu flokkar þingsins ættu þarna sinn manninn hver. Ég ætlast til með brtt., að landbrh. skipi formann stjórnarinnar og verður hann á hverjum tíma úr hans flokki. Er gert ráð fyrir, að hann hafi öll störf nýbýlastjórnar með höndum og verði framkvæmdastjóri hennar, en hinir nokkurs konar gæzlustjórar. Þetta eru í stuttu máli mín rök fyrir þessari brtt., og er óþarfi að orðlengja þetta frekar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það voru leidd nokkur rök að því við 1. umr., hvað mælti með brtt., sem nú er flutt á þskj. 235. Mér virðist svo, að þessi till. um kosningu í nýbýlanefnd sé dálítið óákveðin, því að eftir henni eiga þrír stærstu flokkar þingsins að kjósa þessa menn. Við vitum lítið um framtíðina og hverjir 3 stærstu flokkar Alþ. kunna að verða framvegis. Ég ætla ekki heldur að spá neinu um það, en allir vona, að sinn flokkur verði einn í þeirra hópi. Væri hér eðlilegast, að átt sé við þá þrjá þingflokka, sem mest ítök hefðu í landbúnaðinum, en það gætu verið 2 stærstu flokkarnir og Bændaflokkurinn. Annars þykir mér ekki ólíklegt, að till. hv. þm. sé orðuð með tilliti til þess, að sá hv. þm. í deildinni, sem telur líklegt, að flokkur hans verði bráðlega þriðji stærsti flokkur þingsins, greiði till. frekar atkv. Ég vil geta þess, að áður en mál þetta var flutt á þinginu, átti ég tal um það við hæstv. landbrh. og meiri hl. landbn. Nd. Virtust þeir allir vera á þeirri skoðun, að rétt sé að hafa þetta fyrirkomulag eins og í frv., en ekki eins og brtt. felur í sér. Að svo komnu máli fyndist mér rétt að vera ekki að rugla út frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég hef ekki orðið var við svo mikla skjótvirkni til nytja landbúnaðarins frá þessum flokki, sem hv. flm. brtt. telst til, að sérstök ástæða sé fyrir hann að fá mann kosinn til að skipta sér af þessum málum. Þessi flokkur þekkir líka minna til landbúnaðarmála enn menn úr hinum flokkunum. Ég tel rétt og sjálfsagt, að þeir, sem vilja af heilum huga stuðla að framgangi frv., samþ. það óbreytt, svo að það gangi greiðlega gegnum þingið. En vilji Alþfl. af samvizkusemi við landbúnaðinn koma manni í nýbýlastj., gæti hann átt um það við landbúnaðarnefndir, og ef til vill gætu þær lofað honum að hafa þar einn mann. A. m. k. er sá möguleiki ekki útilokaður fyrir Alþfl., þó að frv. verði látið ganga óbreytt gegnum þingið.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég má til með að svara ræðu þessa hv. þm., sem ég man ekki númerið á. Hún var svo full af fjarstæðum, að ég get ekki vitað af því, að slík ræða standi í þingtíðindunum án þess að henni hafi verið svarað. Hv. þm. sagði meðal annars: „Ég veit ekki, hverjir verða stærstu flokkar þingsins framvegis.“ Það skiptir engu máli, hverjir það verða. Sá flokkur, sem nær því að verða svo fjölmennur, á að hafa sinn rétt innan þingsins, hverju nafni sem hann nefnist, þó að ég voni, að Alþfl. verði annar eða þriðji ofan frá. — Hv. þm. minntist á Bændafl. í þessu sambandi. Það

þykir nú alltaf heldur kuldalegt að vera að nefna menn til lífsins, þegar þeir eru að deyja. Sá flokkur á ekki uppreisnarvon, enda hlægilegt að nefna hann í þessu sambandi. Hv. þm. notaði orðið „skjótvirkni“. sagði, að „ekki væri skjótvirkni nein hjá Alþfl. til landbúnaðarmálanna.“ Ég þori óhræddur að leggja það undir dóm þjóðarinnar, hvað Alþfl. og þm. hans hafa lagt til landbúnaðarins. Framsfl. mun taka undir það, að ekki munu aðrir flokkar hafa stutt betur landbúnaðarmálin en Alþfl. Er það mjög ómaklega mælt af hálfu hv. þm., að Alþfl. hafi verið banamaður góðra mála. (ÞÞ: Framsfl. gefur þá vitnisburðinn núna). Hann vill kannske ekki gera það nú, en af umr. og skrifum um þessi mál að undanförnu sést skilningur og velvilji Alþfl. í garð landbúnaðarins. Ég skal benda á eitt dæmi, sem mér dettur í hug í augnablikinu, að þegar hin svokallaða mæðiveikinefnd, sem tilheyrir landbúnaðinum, starfaði hér, þá átti Alþfl. einn mann í þeirri n. Allir, sem störfuðu með þeim manni, munu viðurkenna, að hann hafi verið sá leiðandi kraftur, sem mest áhrif hafði á framgang þeirra mála, og mun Alþfl. vel trúandi fyrir að skipa menn í n. til vandasamra landbúnaðarstarfa.

Svo mátti skilja á hv. þm., að frv. það, sem hér er til umr., væri eingöngu landbúnaðarmál, en það er jafnframt fullkomið bæjarmál. Með nýbýlal. er verði að greiða fyrir því, að fólkið, sem býr við slæm kjör í bæjunum, geti leitað upp til hins óræktaða lands, og hjálpa því til að koma þar fótum undir sig. Þess vegna er fullkomin ástæða fyrir bæjarmálaflokka, sem líka eiga mikil ítök í sveitunum, að hafa fulltrúa í slíkri n. sem þessari. Hv. þm. vildi láta líta svo út, sem það mundi stöðva framgang málsins, ef brtt. yrði samþ. En ég get fullvissað hann um, að málið er jafnöruggt með að fá afgreiðslu á þessu þingi, þó að brtt. mín verði samþ., ef ekki öruggara. Þetta er því alveg út í hött sagt hjá hv. þm., þegar hann heldur því fram, að ég vilji torvelda framgang málsins. Að lokum vildi hann láta skjóta málinu til landbn. Nd. og hún gæti tekið endanlega ákvörðun um það, sem brtt. fer fram á. En það er ekki þessum hv. þm. að þakka, hvað landbn. Nd. kann að gera í því efni, og yfirleitt ekki honum að þakka, þó að einhverjir kunni að lagfæra þær vitleysur, sem hann hefur gert sig sekan í.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Mér þótti þessi hv. þm., sem ég man ekki heldur vel nafnið á, vera nokkuð móðmikill, þegar hann reis upp. En þar sem æðimikils misskilnings gætti í ræðu hans, verð ég að standa enn upp til þess að leiðrétta hann. Ég sagði aldrei, að það væri landbn. Nd., sem gæti komið manni í þessa n. fyrir Alþfl., heldur sameiginlegar landbúnaðarn., og ef Framsfl. vildi kjósa mann úr Alþfl., gæti hann náð á þann hátt sama tilgangi og fengist með samþykkt þessarar brtt. Mér er líka nær að halda, að hálfbróðir Alþfl. mundi ekki vilja svipta hann bróðurpartinum að þessu leyti.

Ég skal svo ekki teygja langt lopann úr þessu atriði, en vil þó minnast á eitt atriði úr ræðu hv. þm. Hann sagði, að sá Alþfl.-maður, sem starfaði í mæðiveikin., væri þar hinn leiðandi kraftur. Þetta er hin mesta fjarstæða. Hann kann að vissu leyti að vera þar hinn „talandi kraftur“, ef hann talar þar meira en hinir nefndarmennirnir, sem vel má vera, en hvað reynslu snertir og hyggindi stendur hann hinum að baki, sem von er. Hann er að mörgu leyti tillögugóður og vel greindur maður, en að hann sé þar sá leiðandi kraftur, er gaspur eitt úr hv. þm., sem engum dettur í hug að taka alvarlega. — Ég tel mig ekki þurfa að svara fleiru, og vænti þess, að frv. geti gengið óbreytt gegnum þingið.

ATKVGR.

Brtt. 235 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, JJós, MG, MJ, SÁÓ, ÁJ.

nei: HermJ, IngP, JJ, PZ, ÞÞ, BSt, EÁrna.

BrB, PHerm greiddu ekki atkv.

1 þm. (ErlÞ) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 45. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 177, n. 383, 408).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 408. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Jón Pálmason)**: Þetta frv. um breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð felur í sér, eins og menn hafa vafalaust veitt eftirtekt, 3 breytingar. Í fyrsta lagi að hækka framlag til sjóðsins úr 200 þús. kr. upp í 250 þús. kr. á ári. Í öðru lagi að breyta ákvæðunum um endurbyggingu sveitabæja og hækka framlagið til þeirra um helming. Jafnframt því er gert ráð fyrir, að hámarkið á þeim styrk, sem veittur yrði til byggingar hvers íbúðarhúss, sé hækkað nokkuð frá því, sem áður var. Hámarkið á styrk og lánum til hvers íbúðarhúss í sveitum, er áður var 6 þús. kr., er skv. þessu frv. hækkað upp í 8 þús. kr., en landbn. leggur til, að þetta yrði hækkað upp í 9 þús. kr., sem samsvarar þeirri verðhækkun, sem nú er komin á. Þriðja breytingin, sem þetta frv. felur í sér, er um breyt. á nýbýlastjórninni. Henni hefur hingað til verið komið þannig fyrir, að það hefur verið nýbýlastjóri og þriggja manna nefnd, sem landbrh. hefur skipað. En skv. þessu frv. er ætlazt til þess, að nýbýlastjórnin verði skipuð þremur mönnum, formanni, sem er skipaður af landbrh. til fjögurra ára í senn, og tveimur meðstjórnendum, sem kosnir séu hlutfallskosningu af báðum landbn. Alþingis.

N. mælir með frv. með þeim breyt., að þetta hámark, sem ég gat um áðan, 8 þús. kr., verði fært upp í 9 þús. kr. Í öðru lagi, að það verði sett inn í síðustu gr. frv., að þessi l. öðlist þegar gildi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. að svo stöddu.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég hef lagt fram brtt. við þetta frv., sem ég býst við, að frsm. n. hafi ekki athugað, að fram var komin, og hefur því ekki haft tækifæri til að athuga hana, svo ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því, að það verði að samkomulagi, að ég taki þessa brtt. aftur til 3. umr., en þá með því móti, að n. taki hana til athugunar. Það er brtt. á þskj. 408, og er hún þess efnis, að jafnframt því, sem framlag ríkissjóðs til byggingar- og landnámssjóðs er ákveðið eins og í 1. gr. frv. er getið, þá sé svo mælt fyrir, að tillag til sjóðsins skv. 14. gr. tóbakseinkasölulaganna falli niður.

Nú vita hv. þm. að sjálfsögðu, hvernig það er til komið, að tekjur tóbakseinkasölunnar renna til byggingar- og landnámssjóðs og til verkamannabústaða í kauptúnum og sjávarþorpum. Það var þannig, að þegar tóbakseinkasalan var tekin upp á ný, með l. frá 1932, þá var svo ákveðið í þeim l., að öllum ágóða af tóbakseinkasölunni skyldi skipt að jöfnu milli byggingar- og landnámssjóðs og sjóðs verkamannabústaða. Hins vegar var þá svo ráð fyrir gert, að ágóðinn af henni yrði aldrei meiri en sem svarar 200 þús. kr.

Þetta var mikið deilumál á þingi, eins og hv. þm. muna, og var því haldið fram af þeim, sem vildu koma á einkasölu að nýju, að þó að verð á tóbaki yrði hækkað frá því, sem þá var í frjálsum viðskiptum, mundi eigi að síður verða ágóði af sölunni, og það var tilgangurinn, að sá ágóði rynni til einhverra þjóðþrifafyrirtækja, og urðu þá þessir 2 sjóðir fyrir því.

Nú hefur þetta gerbreytzt síðan. Það var fallið frá því að halda tóbaksverðinu föstu, og hefur það síðan verið hækkað mjög mikið. Og í staðinn fyrir, að gert var ráð fyrir því, að ágóðinn yrði 200 þús. kr., var hann síðasta ár 1400 þús. kr.

Nú hafa fyrir nokkru síðan verið sett í sérstök lög, sem alþekkt eru undir nafninu „bandormurinn“, ákvæði um, að framkvæmd þessarar gr. tóbakseinkasölul. skuli frestað. Þau l. eru í gildi fyrir 1942, en falla úr gildi, nema þau verði sérstaklega endurnýjuð. Nú þykir réttara. a. m. k. hvað snertir þetta atriði, að þá falli ákvæði þeirra laga niður, en að framlag ríkissjóðs til byggingar- og landnámssjóðs og byggingar verkamannabústaða verði ákveðið á einum stað eftir því, að hvaða niðurstöðu þingið kemst um það, hvert framlagið eigi að vera, en ekki vera að binda það við þetta sérstaka fyrirtæki ríkissjóðs, tóbakseinkasöluna, að taka einhvern hluta af tekjum hennar til framlagsins. Það er augljóst, að réttast er, að á einum stað sé ákvæði um það, hvað framlag ríkissjóðs til þessara sjóða eigi að vera.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar að sinni, en vil biðja hv. landbn., að taka þessa till. mína til athugunar milli umr. Ef henni þykir rétt að hækka framlagið, með tilliti til þess að þetta eigi að falla niður, þá má náttúrlega um það ræða. En ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að í lögunum um byggingar- og landnámssjóð er ekki gert ráð fyrir þessum tekjum í sjóðinn. Það hefur verið gerð grein fyrir því, hvaða tekjur séu í sjóðnum, og þar eru ekki tilgreindar sérstakar tekjur af ágóða tóbakseinkasölunnar. Þess vegna geri ég ekki ráð fyrir neinni hækkun á framlagi ríkissjóðs í sambandi við þetta. En eins og ég sagði, er þetta að sjálfsögðu samkomulagsatriði, sem þingið tekur þá til meðferðar.

Ísleifur Högnason: Á undanförnum þingum, þegar fjárl. hafa verið afgr., hefur verið lagt fram stjórnarfrv., sem kallað er „bandormurinn“ og felur það í sér, að fresta skuli lögum þeim, sem ákveða, að ágóðinn af tóbakseinkasölunni skuli renna til byggingar- og landnámssjóðs og sjóðs verkamannabústaða. Í hvert skipti, sem þetta frv. hefur verið lagt fram, höfum við sósialistar greitt atkv. gegn því, og höfum við viljað, að lögin kæmu þannig til framkvæmda, að aukið væri á byggingar í sveitum og kauptúnum fyrir þetta fé. Þetta hefur engar undirtektir fengið og frv. verið samþykkt.

Nú hefur það sýnt sig, að í þessi 4 ár, sem liðin eru síðan við komum hér á þing og þingið hefur getað fallizt á að fylgja tillögum okkar í þessu efni, hefði áreiðanlega verið ráðin talsvert meiri bót á húsakynnum í sveitum og kauptúnum en nú er. Það er öllum ljóst, að eftir að stríðið skall á, hefur orðið stöðvun á því að byggja, bæði í kaupstöðum og sveitum, og ég efast ekki um, að eins og sakir standa, þá sé viðhald húsa allsendis ófullnægjandi. Allir vita, hver hætta er á því, að bæir eða bæjarhlutar kunni að verða lagðir í rústir vegna loftárása, og nú er, vegna þessarar hættu, fjöldi manns að flýja kaupstaðina í mjög þröng og lítil húsakynni sveitanna, eins og menn þekkja, sem þangað hafa komið.

Ég álít þess vegna, að hafi verið rétt að láta þessi lög koma til framkvæmda á undanförnum árum, þá sé það sjálfsagt nú, og auk þess verja öllu því fé, sem hægt er, til viðhalds og endurnýjunar húsakynna í sveitum og bæjum landsins.

Þess vegna mun ég, af framan greindum ástæðum, ekki horfa í það, þó að tekjur ríkissjóðs rýrni eitthvað, ef hægt væri með þessu fé að endurbæta húsakynni alþýðunnar í landinu. Hins vegar mun ég af framan greindum ástæðum ekki horfa í það, þótt tekjur ríkissjóðs af ágóða af tóbakseinkasölunni rýrni eitthvað, ef hægt væri með þessu fé hið allra bráðasta að endurbæta húsakost í sveitum.

Sú hækkun á framlagi ríkissjóðs úr 200 þús. kr. upp í 250 þús. kr. til þessara hluta er ekki nema lítið brot af þeim tekjum, sem sjóðurinn fengi, ef tekjur skv. tóbakseinkasölul. rynnu til hans allar eftir l., því að hæstv. fjmrh. lýsti yfir, að þær hefðu orðið 1400000 kr. s. l. ár. Ég skal ekki segja, hve mikið gert er ráð fyrir, að þessi sjóður fái mikinn hluta af tekjum tóbaks-

einkasölunnar og hve mikið af þeim hefði átt að renna til byggingarsjóða í kaupstöðum, ef að l. hefði verið farið. En í staðinn fyrir það á að koma aðeins 50 þús. kr. aukning á tekjum sjóðsins, sem er allt of lítið. Það má gera ráð fyrir, að með vaxandi verði á tóbaki fari einnig efni og vinna, sem þarf til bygginga, hækkandi í verði, svo að það væri full ástæða til að hafa tillagið miklu hærra en þetta.

Ég mun greiða atkv. gegn því, að brtt. þessi nái fram að ganga.

*Frsm. (Jón Pálmason): Í tilefni af ræðu og till. hæstv. fjmrh. vil ég taka það fram, að landbn. hefur eðlilega ekki athugað þetta mál, og verður að gera það áður en umr. fer fram næst um málið, og þarf ekki heldur að taka neina ákvörðun um það nú, af því að hæstv. ráðh. ætlar að taka brtt. sína aftur til 3. umr.

En í sambandi við ákvarðanirnar um það atriði, þá verður að samræma framlögin til byggingarsjóðanna, byggingarsjóðs sveitanna annars vegar og byggingarsjóða kaupstaðanna hins vegar.

*Haraldur Guðmundsson: Út af ummælum hv. þm. A.-Húnv. vildi ég taka það fram, að ég álít, að ekki komi til mála að fella úr l. ákvæðin um framlög til byggingarsjóða í kaupstöðum og kauptúnum, nema því aðeins, að frv. um það framlag, sem er á ferð í þinginu, verði samþ. En það snertir ekki beinlínis það mál, sem hér liggur fyrir, að tala um það frv. En ég geri ráð fyrir, að það muni koma fram síðar á þinginu. Þetta frv. er komið frá Ed. og til þessarar d. og til allshn., og væntanlega athugar sú n. frv., áður en það kemur til 2. umr.

ATKVGR.
Brtt. 408 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 383,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 19:2 atkv.
5. gr. samþ. með 15:3 atkv.
6.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 383,2 (ný 17. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 422, 408).

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég veit ekki, hvort landbn. hefur unnizt tími til að athuga brtt., sem við 2. umr. voru teknar til baka til þessarar umr. Það væri kannske rétt að taka málið af dagskrá nú.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég skal taka fram, af því að ég veit ekki, hvort hv. frsm. hefur getað fylgzt með þessum umr., að n. hefur rætt þessa brtt., og ég held, að ég fari rétt með, þegar ég segi, að hún gat ekki fallizt á hana. Það er mál út af fyrir sig, hvort á að breyta styrkveitingum til byggingar- og landnámssjóðs frá því, sem nú er í l., þar sem honum er nú ætlað að fá hluta af tekjum tóbakseinkasölunnar, en veita í þess stað sérstakan styrk til hans. Ég legg ekki sérstakt kapp á það. Hitt sé ég ekki, að réttlátt sé að breyta þannig l. að því er snertir byggingar- og landnámssjóð, en að hliðstætt ákvæði um verkamannabústaði sé látið vera. (Félmrh.: Það er komin brtt. um það og var útbýtt í dag). Ég vil samt fara fram á, að málið sé tekið af dagskrá nú, — ég held, að sú ósk sé í samræmi við vilja nm., — svo að hægt sé að athuga, hvort ekki sé hægt að fá styrkinn hækkaðan.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 422, 408, 452).

*Frsm. (Jón Pálmason): Það hefur orðið að samkomulagi milli landbn. og hæstv. fjmrh. við fallast á þá lausn, sem felst í brtt. 452, að framlag sé hækkað úr 250 þús. kr. í 300 þús. kr., og að niður séu felld ákvæði 14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki. Jafnframt verði breyt. á fyrirsögn frv. samkv. þessu. Ég vænti, að hv. d. verði þessu samþykk.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég tek þá aftur brtt. á þskj. 408 í því trausti, að brtt. á þskj. 452, frá landbn., verði samþ.

Pétur Ottesen: Ég hafði skrifað undir nál. með fyrirvara, sem er miðaður við 1. gr. frv., þar sem um er að ræða, hvernig stjórn nýbýlasjóðs eigi að vera skipuð. Ég hef ekkert við að athuga breyt., sem þar er gerð á stjórn hans frá því, sem nú er. En ég hafði hugsað mér, að hagkvæmt væri að fela stj. þessa sjóðs stj. Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarbankinn hefur nú með höndum reikningshald fyrir byggingar- og landnámssjóð og útborganir, og því gæti þetta verið hagkvæmt líka og til sparnaðar. T. d. hefur Búnaðarbankinn sína fulltrúa og eftirlitsmenn úti um land, og mundu þeir þá jafnframt geta starfað fyrir nýbýlasjóð. Auk þess liggur starfsemi sjóðsins á sama sviði og starfsemi Búnaðarbankans, þar sem um er að ræða lán til jarðræktar og húsabóta.

Það hefur ekki tekizt samkomulag í landbn. um að gera þessa höfuðbreyt., en ég hef til samkomulags við meðnm. mína fallið frá að bera fram brtt. í þessa átt. Vildi ég aðeins láta þetta koma fram til skýringar á þeim fyrirvara, sem ég hafði við undirskrift nál.

Ég tel, að það fyrirkomulag, sem nú á að hafa á stj. sjóðsins, sé til bóta frá því, sem er í gildandi l., og miði að góðu samstarfi um þetta mikla og þarfa mál.

ATKVGR.
Brtt. 408 tekin aftur.
— 452,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 452,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Á 60. fundi í Ed., 14. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 493).

Á 61., 62., 63., 64. og 65. fundi í Ed., 15., 16., 19., 20. og 21. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 23. maí, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 493, 522, 558, 602, 603).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 602 og 603. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þetta mál er komið aftur frá hv. Nd. með aðallega 2 breyt. Við 1. gr.: Tillag ríkissjóðs er hækkað upp í 300 þús. kr., að því tilskildu, að ágóði tóbakseinkasölunnar gangi beint til ríkisins, og var þetta samkv. till. fjmrh. Þá var í öðru lagi, í 3. gr., hækkað hámark láns- og styrkupphæðarinnar úr 8000 kr., sem hér var ákveðið, í 9000 kr. Þetta eru aðalbreyt. við frv. og svo það, að 1. gangi þegar í gildi.

Nú höfum við landbnm. lagt fram nokkrar brtt. Fyrst og fremst er brtt. á þskj. 522, en hún er aðeins leiðrétting. Í öðru lagi höfum við á þskj. 558 lagt til, að á meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skuli framlag ríkissjóðs hækka til samræmis við vísitölu Hagstofu Íslands um byggingu íveruhúsa, miðað við sömu vísitölu 1939. Hækkunin reiknist þó ekki af hærri höfuðstóli en 125000 kr., samkv. brtt. okkar á þskj. 602 og 603. Við settum hámarkið það lágt til samkomulags. Þetta er gert til samræmis við ákvæðin í öðru frv., sem er 7. málið á dagskránni í dag. Eins er hér á þskj. 602 brtt. um, að þessi ákvæði l. gangi í gildi á þessu ári. Það er líka í samræmi við það, sem hefur verið sett í frv. um verkamannabústaði. Ef þessi brtt. okkar nær fram að ganga, verður tekin aftur brtt. við 7. málið. Ég vona, að brtt. verði samþ., og hef engu við þetta að bæta.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég gat þess áður, að ágreiningur væri milli formælanda annars máls á dagskránni í dag (frv. um breyt. á l. um verkamannabústaði) og formælenda þessa máls. Unnið hefur verið að því að jafna þennan ágreining og finna samkomulagsgrundvöll.

Mér skilst, að till. á þskj. 603 fari fram á minni dýrtíðaruppbót, eða 62500 kr.

Ég vil lýsa yfir því, f. h. Alþfl., að við höfum fallizt á þetta samkomulag og munum greiða atkv. með till. á þskj. 603, og sýnir það okkar góða hug til sveitanna frá upphafi vega, enda höfum við alltaf viljað láta þær njóta fyllsta jafnréttis.

ATKVGR.

Brtt. 522 samþ. án atkvgr.
— 603 samþ. með 12:1 atkv.
— 558, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
— 602 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 66. fundi í Nd., 24. maí, var frv. útbýtt eins og þar var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 614).

Á 67. fundi í Nd., 26. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 652).

---

74. Verkamannabústaðir.

Á 43. fundi í Ed., 23. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði (þmfrv., A. 244).

Á 44. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Eins og grg. ber með sér, er frv. þetta flutt samkv. beiðni félmrh., og er efni þess á þá leið, að auka þurfi framlög, sem ríkissjóði og bæjar- og sveitarsjóðum beri að leggja fram, sem dýrtíðinni nemur, til byggingarsjóðs og verkamannabústaða. Samkv. l., sem gilt hafa, hafa verið greiddar 2 kr. á hvern íbúa í kaupstað. Þessi till., sem hér er gerð, er í samræmi við gerðir Alþ. um byggingar- og landnámssjóð, þar sem hækkunin er í fyrsta lagi samkv. dýrtíðinni og þar að auki önnur framlög. Hins vegar er nú ekki hægt að byggja án þess að auka þessa sjóði samkv. dýrtíðinni, því að allur kostnaður hefur aukizt meira en sem nemur dýrtíðinni. Þar sem byggingarefni er nú lítt fáanlegt, eru ekki líkindi til þess, að byggt verði á næstu árum. En þrátt fyrir það er það almenn skoðun, að því meira þurfi að byggja, þegar möguleikar verða til þess, og er því mjög nauðsynlegt að efla þessa sjóði, til þess að hægt verði að grípa til þeirra, þegar byggingar geta hafizt.

Ég hef þá getið frv. með þessum fáu orðum. En ég skal geta þess, að hv. 2. þm. S.-M. er með fyrirvara. Að öðru leyti geri ég ráð fyrir, að hann geri grein fyrir sinni afstöðu. En meiri hl. n. er sammála um, að rétt sé að samþ. till. í samræmi við hliðstæðar till., sem hafa verið gerðar á Alþ.

Páll Zóphóníasson: Ég skal ekki segja mikið um þetta mál, sem flutt er hér af hv. n. Ég veit ekki, hvers vegna hér er ekki höfð vísitala fyrir hækkun byggingarkostnaðar, sem árlega liggur fyrir. Vísitala kauplagsn. felur alls ekki í sér hækkun byggingarkostnaðar og er því í algerðu ósamræmi við hann. Þegar við í landbn. tókum upp í heimild, að það yrði greidd dýrtíðaruppbót á byggingarstyrk til einstaklinga, er fengu styrk af nýbýlanefnd, miðuðum við við vísitölu byggingarkostnaðar, og eins ætti hér að vera,

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þessi ræða hv. 1. þm. N.-M. gefur mér ekki tilefni til langrar ræðu. Að sjálfsögðu getur n. athugað þetta, hvort það er rétt að breyta þessu, og mundi hún þá gera það í samráði við ráðh. Hitt er ekki alveg víst, hvor talan yrði hærri, ef farið yrði að miða við sérstaka byggingarkostnaðarvísitölu annars vegar og svo hina almennu vísitölu hins vegar.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Mér dettur í hug, þegar svona frv. kemur fram, að beina þeirri spurningu til allshn., hvort hún yfirleitt sé þeirrar skoðunar, að framlög til verklegra framkvæmda þurfi sams konar aðgerða eins og hér er fyrirhugað með þessu frv. Mér virðist það geta komið til með að skipta allmiklu máli, þegar fé er veitt til verklegra framkvæmda, hvað miklu minna verður úr krónunni sökum hinnar hækkandi vísitölu, en þó vitanlega ekki alltaf vegna byggingarvísitölunnar, heldur einnig hinnar, sem hv. 1. þm. N.-M. minntist á. Ég vildi gjarnan heyra álit frsm. n. um þetta atriði. (SÁÓ: Ég skildi ekki vel, hvað hv. þm. átti við). Ég meinti það, að ég vildi gjarnan heyra álit frsm. n. um það, hvort n. liti þannig á, að fjárframlög til verklegra framkvæmda, sem nú eru í l. eða kynnu að verða eftir þetta þing, eigi að fá svipaðar aðgerðir eins og byggingarsjóður fyrir verkamannabústaði á að fá eftir þessu frv. Ég vona, að hv. þm. skilji nú, hvað ég á við.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Það liggur í augum uppi, að ég get ekki svarað þessu f. h. n. og rætt sérstaklega þessa hlið málsins. Ég hef ekkert umboð til að túlka skoðanir annarra manna í n. Hvað áhrærir sjálft frv., þá skil ég það svo, að fari þannig, að ekki verði hægt að grípa til framkvæmda, verði þetta fé lagt til hliðar og geymt þar til möguleikar verða til framkvæmda. Ég skal geta þess, að nú hefur verið útbýtt nál. fjvn., og eru þar mjög auknar upphæðir til verklegra framkvæmda, sem jafnvel er gert ráð fyrir, að ekki verði hægt að framkvæma á þessu ári, og mér skilst á því nál., að það beri að leggja slíkar fjárhæðir til hliðar, þar til heppilegri tímar verða til framkvæmda. Ég býst við, að þetta sé í samræmi við þá stefnu, sem virðist ríkja í þinginu, að verði ekki hægt að framkvæma það, sem nú er áætlað, þá skuli slíkar upphæðir geymast til betri tíma.

*Bjarni Snæbjörnsson: Ég ætla einungis að segja fáein orð, af því að mér virðist frsm. n. ekki hafa svarað því, sem hv. þm. Vestm. spurði um. Ég vil því endurtaka spurningu hans eins og mér virtist hún koma fram. En mér virtist hún á þá leið, að þar sem ákveðin væri í l. einhver upphæð, sem ríkissjóður átti að greiða, áður en dýrtíðin kom, skyldi nú greitt samkv. vísitölu úr ríkissjóði til þessara framkvæmda. Við skulum taka til dæmis hafnargerð, segjum, að l. mæli svo fyrir, að ríkissjóður eigi að greiða 300 þús. kr. til hafnargerðarinnar og l. hafi verið samin áður en stríðið byrjaði. Þá er spurningin, hvort það sé meining allshn., að ríkissjóður fari að leggja fram til viðbótar þá upphæð, sem nemur hækkun dýrtíðarinnar. Þetta virðist mér vera það, sem hv. þm. Vestm. gat um, en ekki það, hvort það ætti að leggja þetta fé til hliðar þar til hægt yrði að hefja framkvæmd verksins. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta hjá hv. frsm. allshn.

*Magnús Gíslason: Ég hef lagt þessu frv. lið. Ég veit, að það ástand hefur nú orðið til í landinu, að ekki er framkvæmanlegt að hefja neinar byggingar að svo stöddu, bæði vegna þess, að allt byggingarefni er nú óhæfilega dýrt, og eins vegna hins, að það er ófáanlegt eins og ástandið er. En þegar styrjöldinni er lokið, hvenær sem það verður, er nauðsynlegt, að hægt verði að byggja, bæði til sjávar og sveita. Það hefur að nokkru leyti verið séð fyrir þessu með ýmsum frv., t. d. með frv. um byggingar- og landnámssjóð. Ég álít, að nákvæmlega hið sama eigi að gilda um þetta mál, sem hér liggur fyrir, og að þessir sjóðir eigi að njóta sömu friðinda.

Samkv. gildandi l. er gert ráð fyrir, að lagðar séu fram 2 kr. fyrir hvern íbúa, eða um 120 þús. kr. til þessara sjóða. Þessir sjóðir eiga svo aftur að lána út fé til þeirra, sem ráðast í byggingar. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að ráðizt verði í neinar byggingar á þessu ári, og ef til vill ekki á næstu árum, en það er hins vegar mikils virði að hafa eitthvert fé handbært, þegar að því kemur, að hægt er að laga eitthvað fyrir sér.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég ætla aðeins að segja fáein orð út af ræðum hv. þm. Vestm. og hv. þm. Hafnf. Ég vil taka það fram, að ég hef ekkert vald til þess að lýsa yfir skoðun n. um þetta atriði. Ég geri ráð fyrir, að dýrtíðaruppbót verði greidd, þar sem þess er getið í l., að svo skuli gert. En í flestum tilfellum verða menn að gera það upp við sig sjálfa, hvort það er réttlátt eða ekki. Hér er borið fram frv., sem felur það í sér, að greidd sé dýrtíðaruppbót á verk, sem ekki eru líkur til, að verði unnin á þessu ári, eins og byggingar í sveitum, og sé ég ekki að það geri neinn mismun, úr því horfið er að þessari stefnu.

Ingvar Pálmason: Eins og frsm. n. gat um, þá hef ég verið með fyrirvara á þann hátt, að til allshn. komu tilmæli frá hæstv. ráðh. um, að n. flytti frv. Ég fyrir mitt leyti vildi ekki skorast undan því, en hins vegar vildi ég áskilja mér rétt til þess að bera fram brtt. og til þess að vera á móti frv. Með þessari lagabreyt., sem hér er farið fram á, eru lagðar byrðar á herðar ríkissjóðs og bæjarsjóða, sem ég veit ekki til, að bæjarsjóðir hafi óskað eftir. Ég vil taka til dæmis það bæjarfélag, þar sem ég á heima, Norðfjörð. Þar er að vísu til byggingarsjóður, en hann hefur ekki verið notaður vegna þess, að þar er engin þörf fyrir byggingar. Ég sé enga ástæðu til þess að fara að leggja aukaskatt á þá kaupstaði, sem ekki þurfa nauðsynlega að byggja. Ég minntist á það í n., að rétt væri að senda frv. bæjarstj. Reykjavíkur til

umsagnar, en það hefur ekki verið gert, og teldi ég eðlilegt, að það yrði gert milli umr. Ég vildi láta þetta koma fram við 1. umr., að öðru leyti mun ég lofa frv. til 2. umr. En eins og málið er undirbúið mun ég ekki geta fylgt því lengra, nema á því verði gerðar einhverjar breyt., bæði að því er snertir það atriði, sem hv. 1. þm. N.-M. minntist á, og þó sérstaklega hitt, að ég tel ekki nauðsynlegt, að þessi ákvæði gildi um allar bæjarstjórnir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Við 1. umr. málsins skaut ég því til n. fyrst og fremst, að ég væri í vafa um, hvort þetta frv. bæri að samþ., en ef það ætti að ná samþykki, þá teldi ég alrangt að miða við vísitölu kauplagsnefndar, af þeirri ástæðu, að árlega er gerð hér á landi vísitala yfir byggingarkostnað. Við þá vísitölu taldi ég, að ætti að miða framlag til verkamannabústaða. Byggingarkostnaður fer ekki eingöngu eftir mannakaupi, heldur fer hann að mjög miklu leyti eftir verði á byggingarefni.

Það var verið að spyrja mig um það, hvort ég hefði athugað, hvort framlagið hefði orðið lægra eða hærra samkv. þessari vísitölu. Ég hef ekkert athugað það. Það kemur málinu heldur ekkert við. Við erum hér að tala um það, hvað sé dýrara að byggja nú en 1939, en ekki það, hvað sé dýrara að lifa. Ég álít þess vegna, að það þurfi að breyta frv. í þessa átt, og vildi skjóta því til n., hvort hún vildi ekki, að málið yrði tekið út af dagskrá, og athuga þetta nánar. Ef ekki teldist ástæða til að taka málið út af dagskrá, mundi ég reyna að koma með skriflega brtt.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði, vil ég taka það fram, að það má auðvitað deila um það, við hvora vísitöluna miða skal. Ég álít, að það skipti ákaflega litlu máli, við hvora þeirra er miðað. Og ég sé enga ástæðu til þess þess vegna að draga að afgr. málið. Þetta er sennilega líka svona meira formsatriði hjá hv. þm. Ég hefði heldur óskað eftir, að málið gengi áfram, og fyrir þetta eina atriði bið ég ekki um frestun. Ef það er hins vegar vilji d., þá verð ég að sætta mig við það, að umr. sé frestað.

***Magnús Jónsson:** Ég verð að segja um þetta frv. almennt, að mér finnast forsendur þess vera hæpnar, því að það að bæta upp framlög til byggingarsjóðanna eftir vísitölu, sem ég skal koma að aftur, hver ætti að vera, byggist á því, að tilgangurinn ætti að vera sá að vera alltaf að byggja. Það getur ekki náð nokkurri átt, ef við fengjum tímabil, sem byggingarkostnaður færi mörg hundruð prósent upp, og þá yrði ekki hægt að byggja, en svo kæmi hann niður aftur og þá yrði farið að byggja, þá hefði í millitíðinni orðið að greiða einhverjar geysilegar, e. t. v. næstum ótrúlegar fjárhæðir í byggingarsjóðina til verks, sem engum dettur í hug að vinna. Þegar greidd er verðlagsuppbót á laun manna, þá er verið að greiða í þarfir, sem verður að fullnægja, jafnhliða því sem menn taka þessa borgun. En hér er ekki um það að ræða, að menn hugsi sér að byggja, hversu hátt sem verðið fer. Ég held þess vegna, að grundvöllurinn undir þessu sé nokkuð hæpinn og engan veginn sambærilegur við verðlagsuppbót á laun.

Um hitt atriðið, sem hv. 1. þm. N.-M. vék að, að verðlagsuppbótin ætti að miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, er það að segja, að hans skoðun á því er alveg rökrétt. Ég vil aðeins benda á þann annmarka á þessu, að ég hygg, að þeir tímar geti komið, að það verði erfitt að reikna þessa vísitölu út. (**PZ:** Hagstofan reiknar hana árlega út.) Hvernig á að reikna verð á þeim vörutegundum, sem ekki eru til í landinu? Ég held þess vegna, að þetta frv. sé allhæpið og að það verði að reyna að finna einhverja aðra aðferð. Ég er hræddur um, að n. hafi ekki athugað málið nógu vel.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram nú, af því að þetta er 3. umr. Ef hins vegar breyta á frv., þá þyrfti að fresta umr.

Umr. frestað.
Á 52. fundi í Ed., 5. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 244, n. 442).

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Allshn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. með nokkrum viðauka, sem er að finna á þskj. 442. Er aðallega um tvö atriði að ræða.

Hið fyrra um, að niður falli tillag til byggingarsjóðsins frá tóbakseinkasölu ríkisins, en í þess stað komi beint framlag úr ríkissjóði, að upphæð 150 þús. kr. árlega. Þetta er í samræmi við breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð, sem þegar hafa verið samþ., og er þessi till. borin fram í samráði við fjármálaráðherra.

Hitt atriðið er sjálfsagt mál og í samræmi við 1. gr. frv., um, að hámark tekna þeirra manna, sem eiga að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða, skuli hækka í samræmi við vísitöluna. Ég geri ekki ráð fyrir, að frv. þurfi frekari skýringa við.

ATKVGR.

Brtt. 442,1.a (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 442,1.b (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr. þar með fallin.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 442,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Á 59. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 471).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 471, 523, 540, 541).

*__Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)__: Þetta frv. hefur verið afgr. í Nd., og hafa þar verið gerðar á því ýmsar breytingar. Aðalbreytingin er í því fólgin, að ríkissjóður leggi árlega í sjóðinn 150 þús. kr., en jafnframt falli niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki. Eins og kunnugt er, hefur orðið frestun á þessum ákvæðum, en Nd. taldi rétt að breyta þessu eins og segir í frv., og mun það hafa verið í samráði við fjmrh. Að öðru leyti er frv. ekki breytt, en við athugun á frv. kom í ljós, að nauðsynlegt var að gera breyt. á tilvísun til laga, sem Nd. hefur gert í frv., og á þskj. 540 er gerð ein breyt. á þessu við 1. gr. frv., að fyrir „sömu lagagrein“ kemur: 3. gr. fyrrnefndra laga, nr. 3 1935. N. flytur einnig brtt. við 1. og 2. gr. frv. á þskj. 523, að fyrir „laganna“ komi: laga nr. 3 9. jan. 1935. — Þessar leiðréttingar hafa nákvæmlega verið athugaðar í samráði við skrifstofu Alþingis. Svo er ein brtt. enn þá, en hún er á þskj. 541, frá hv. 1. þm. N.-M. og hv. 5. landsk., og í brtt. er allmikil efnisbreyting, því þar er ætlazt til í fyrsta lagi, að 2. og 3. málsgr. 1. gr. falli niður. M. ö. o., að uppbót á styrki, sem um er talað í frv., falli niður. Sem afleiðing af 1. brtt. er önnur brtt., um að 2. gr. frv. falli niður, og þriðja brtt. um að 3. gr. falli niður.

Ef þessar brtt. verða samþ., þá er frv. þar með að engu gert. Ég hef ekki enn þá séð rökin fyrir þessum brtt., en mér koma þær dálítið einkennilega fyrir sjónir, að þegar hv. d. hefur sýnt vilja sinn í að auka styrki m. a. í byggingar- og landnámssjóð, þá skuli þessir hv. þm. koma með brtt., sem fara í þá átt að gera frv. að engu, þ. e. a. s. þessar 150 þús. kr. eiga að fá að standa.

Ég mun svo ekki segja fleiri orð um þetta, a. m. k. ekki fyrr en ég hef heyrt rökin fyrir þessum brtt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Þetta frv., sem hér er verið að ræða um, og frv., sem liggur fyrir næst á dagskrá, eru hliðstæð. Hér er í báðum tilfellum um að ræða sjóði, sem báðir eru myndaðir til að greiða fyrir lánum til bygginga til sjávar og sveita. Þeim, sem er við sjó, var ákveðið 200 þús. kr. framlag á ári, 2 kr. frá hverjum íbúa kaupstaðanna, en helmingurinn er lagður á móti af viðkomandi bæjarfélagi. Byggingar- og landnámssjóði voru ætlaðar 200 þús. kr. líka, sömuleiðis var sjóðunum ætlaðar sinn helmingur hvorum af ágóða, sem verður af tóbakseinkasölu ríkisins. — Þegar þetta mál kom frá Nd., var búið að fella niður tóbakságóðaframlagið og ákveðið, að 150 þús. skyldi fara til verkamannabústaða, en 100 þús. til byggingar- og landnámssjóðs sem viðbót við 200 þús. kr. stofnfé, og átti þetta að koma í stað ágóðans af tóbaksverzluninni. Hefur þá verkamannabústaðasjóðurinn orðið 350 þús. til útlána, en byggingar- og landnámssjóður bara 300 þús. En auk þess sem verkamannabústöðunum er þarna ætlað 50 þús. kr. meira fé til útlána, þá er lagt til, að á 200 þús. króna stofngjald þeirra sé greidd uppbót eftir vísitölu, en einskis slíks er getið í byggingar- og landnámssjóðsfrumvarpinu. Þó er viðurkennt, að þó leitað sé með logandi ljósi í kaupstöðunum, þá finnst þar ekki hús, sem búið er í, sem er annað eins greni og víða í sveitum landsins. Þess vegna bárum við fram þessar brtt., til að gera samræmi á sjóðunum, og samræmið skapast með samþykkt 1. brtt. á þskj. 541, að fella niður dýrtíðaruppbótina til verkamannabústaða.

Það er þess vegna til þess að gera samræmi á milli þeirra tveggja sjóða, eins og átti að vera, þegar þeir voru stofnaðir.

Brtt. á þskj. 541,2 tek ég aftur. Það er rangt hjá hv. 2. landsk., að hún standi á nokkurn hátt í sambandi við 1. brtt. á þessu þskj. Hún heyrir henni ekki til á neinn hátt. Það er ákvæði, sem segir um það, hve miklar tekjur hver einstakur maður megi hafa á ári til þess að geta orðið þess aðnjótandi að koma til greina til að fá heppileg og ódýr lán til verkamannabústaða. Og ég hélt, að það hefði verið meiningin fyrir verkamönnum að setja það lágmark þannig, að þeir, sem hefðu mesta þörf fyrir verkamanna-

bústaði, mættu koma þar fyrst til greina. En af að líta yfir framtal manna, þá sé ég, að allir verkamenn eru svo hátt uppi í tekjum 1940, að þótt bætt sé við dýrtíðaruppbótinni ofan á tekjurnar, eru þeir samt flestir útilokaðir frá því að koma þarna til greina, því að þeir hafa ekki aðeins 4 þús. kr. tekjur, sem verða með dýrtíðaruppbót 6 þús. kr., heldur sumir 10 þús. eða 12 þús. og allt upp í 14 þús. kr. tekjur. Svo við verðum að finna nýja menn til þess að geta farið inn í þessar íbúðir.

Annað ósamræmi í afgreiðslu þessara l., eins og frv. kom fram, er, að ætlazt er til, að framlagið til verkamannabústaða í kaupstöðum sé látið gilda fyrir árið 1941. Það datt engum í hug hér í hv. Ed. að sýna þá frekju að fara fram á svipað ákvæði fyrir landbúnaðinn. Ég hef þess vegna lagt til, að þetta verði fellt niður úr þessu frv. En verði það ekki samþ., mun ég koma með brtt. um, að hliðstæðu ákvæði verði hnýtt aftan við frv. um byggingar- og landnámssjóð. Ég vil láta báða þessa sjóði, sem ætlað er sama hlutverkið, að veita ódýr lán, öðrum til byggingar í kaupstöðum, en hinum í sveitum, sæta sömu meðferð á Alþ.'

Ég skal svo láta laust og óbundið, hvor leiðin verður farin. Ég vildi heldur, að sú leið væri farin að fella niður dýrtíðaruppbótina og samþ. brtt. mína við málið, sem nú er á dagskrá. En sýnist meiri hl. n. að fara hina leiðina, þá liggur till. fyrir um það, að láta hitt frv., um byggingar- og landnámssjóð, fá sömu afgreiðslu sem þetta frv. kemur til með að fá, ef brtt. okkar verða felldar.

Umr. frestað.

Á 64. og 65. fundi í Ed., 20. og 21. maí, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 23. maí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 471, 523, 540, 541, 585).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Þegar þetta mál var hér í hv. d. til umr. síðast, lýsti ég afstöðu minni og hv. meðflm. míns til þess, sem hlaut að velta á því, að þeim stofnunum, sem skiptu hagnaði tóbakseinkasölunnar með sér á sínum tíma, yrði ekki mismunað nú, en hefðu jafnmikið fé út að lána. Þá mælti ég og fyrir till. mínum á þskj. 541.

Nú hefur nokkuð verið lagfært síðan þá, um leið og samþ. var áðan frv. til l. um byggingar- og landnámssjóð, þó einkum sé enn þá tekið til greina sjónarmið ríkissjóðsins. Sættum við flm. okkur því eftir atvikum við þessa lagfæringu, og lýsi ég yfir því, að allar brtt. á þskj. 541 eru teknar aftur.

*__Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):__ Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv. á þskj. 585. Ég skal játa, að réttara hefði verið að stíla brtt. við ákveðna gr. í l. 1935, eins og allshn. hefur bent á og gert, í stað „gr. l.", eins og gert er í till. minni, vegna þess að frv. þetta fjallar um breyt. á tvennum l. En væntanlega veldur það ekki misskilningi, þótt í till. minni standi „4. gr. l.", því þar er vitanlega átt við 4. gr. l. nr. 3 frá 1935, um verkamannabústaði. Vil ég beina því til hæstv. forseta, hvort ekki mætti skoða þessi orð mín sem leiðréttingu, er tekin yrði til greina í prentun.

Efni brtt. er að færa niður vexti af lánum byggingarsjóðsins úr 5% í 4%.

Ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt., er sú, að eins og alkunnugt er, hefur orðið allverulegt húsnæðisleysi í sumum bæjum upp á síðkastið, sérstaklega hér í Reykjavík og á Ísafirði.

Í Reykjavík er þetta svo alvarlegt, að 14. maí fengu margar fjölskyldur ekkert þak yfir höfuðið í venjulegum leiguíbúðum.

Þess vegna urðu yfirvöld bæjarins að ráðstafa mörgum fjölskyldum í franska spítalann, mörgum konum saman í eina stofu, en hóp af karlmönnum í aðrar.

Það er engum blöðum um það að fletta, að húsnæðisvandræðin eru orðin mjög alvarleg í Reykjavík, og má fremur búast við, að þau vaxi en minnki á næstunni.

Ég hef því rætt við byggingarfélag verkamanna, hvort ekki sé hægt að gera ráðstafanir til að bæta úr brýnustu þörfum í þessu efni, t. d. með því að koma upp nokkru af verkamannabústöðum í sumar. Forráðamenn félagsins telja þetta alls ekki útilokað og hafa þegar gert ráðstafanir um útvegun á efni, og rætt við félagsmenn um það, hvort þeir mundu vilja kaupa íbúðir nú, ef þær fengjust, þótt þær yrðu nokkru dýrari en áður. Hefur félagsstjórnin fengið jákvæð svör við þeim fyrirspurnum. En til þess að ýta undir menn og hvetja þá til að hefjast handa, hefur verið rætt um nauðsyn þess að lækka vexti og afborganir úr 5% í 4% p. a.

Ég hygg, að byggingarsjóður verkamanna sé svo vel stæður, bæði að tekjum og svo eins af því, að hann þarf ekki að verja háum upphæðum til vaxtamismunar af lánum sínum nú orðið, að hann sé þess vegna megnugur þess að lána fé til nýbygginga gegn 4% árlegum vöxtum og afborgunum. Og þegar þörfin er svo rík, er sjálfsagt að láta einskis ófreistað þessu til stuðnings. Till. mín á þskj. 585 er einn liðurinn í þessari viðleitni. Hún er flutt í samráði við hæstv. fjmrh. Vildi ég loks mega vænta þess, að hv. d. taki vel í þetta mál og samþykki till.

ATKVGR.

Brtt. 541 tekin aftur.

— 540 samþ. án atkvgr.

— 523 samþ. án atkvgr.

— 585 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 66. fundi í Nd., 24. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 613).

Á 67. fundi í Nd., 26. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 653).

75. Kirkjugarðar.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða (þmfrv., A. 363).

Á 53. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 363, n. 629).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 661).

---

76. Sóknarnefndir og héraðsnefndir.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda (þmfrv., A. 364).

Á 53. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A 364, n. 630).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 662).

77. Sóknargjöld.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld (þmfrv., A. 365).

Á 53. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 365, n. 631).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Árni Jónsson):** Herra forseti! Um þetta frv. er hið sama að segja og þau tvö, er síðast voru hér afgreidd: Það er flutt af hv. menntmn. Nd. að ósk dóms- og kirkjumrh., en undirbúið af biskupi samkv. áskorun sameiginlegs fundar sóknarnefnda, safnaðarfulltrúa og presta þjóðkirkjusafnaðanna í Reykjavík. Frv. er um breyt. á l. um sóknargjöld. Aðalbreyt. er sú, að prestsgjaldið, sem um ræðir í 1.—4. gr. l. um sóknargjöld frá 30. júlí 1909, falli niður. Ástæðan til þeirrar niðurfellingar er sú, að prestsgjaldið er ekki orðið annað en venjulegt gjald til ríkissjóðs, og þykir því ekki ástæða til að afla þessara sérstöku tekna með nefskatti fremur en annarra tekna ríkissjóðs. Fjármálaráðun. hefur og lýst yfir því, að það telji tekjur af þessu gjaldi tæplega þess virði, að það bæti upp fyrirhöfnina við innheimtu gjaldsins.
Þá er 7. gr. l. frá 1909 breytt þannig, að í stað orðanna „enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til prests og kirkju, eigi minna en sem svarar 2.25 kr. fyrir hvern safnaðarlim, 15 ára eða eldri“ í síðari hl. 2. málsgr. komi orðin: enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til kirkju, eigi minna en sem svarar því, er meðlimum hans ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar. Undanþegið þessu gjaldi er sömuleiðis allt rúmfast fólk 67 ára eða eldra.
Svo er það, að kirkjugjaldið skal nú miða við almanaksár, í stað þess, að áður var það miðað við fardagaár. — Loks er breyting á 10. gr. Í stað þessarar málsgr. í niðurlagi gr.: „Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, getur húsráðandi krafizt endurgjalds úr sveitarsjóði“ komi orðin: Fyrir gjaldskylda styrkþega greiðir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður sóknargjöld.
Ég held, að ég hafi þá talið aðalbreyt., sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og treysti svo því, að hv. d. láti það ganga áfram til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 663).

78. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar (þmfrv., A. 433).

Á 57. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Þorsteinn Briem):** Þetta frv. er stutt og segir sjálft til sín, og vil ég leyfa mér að

vísa til frv. og grg. Menntmn. hefur flutt frv. samkv. ósk biskups, og er ætlunin að bæta úr mjög brýnni þörf í þessum efnum.

Menntmn. væntir þess, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:7 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:3 atkv.

Á 61. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til menntmn. með 8 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 642).

Of skammt var liðið frá útþýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

***Frsm. (Árni Jónsson):** Herra forseti! Ég get byrjað á því, að mér er það mikil ánægja að vera frsm. þessa máls, vegna þess að ég hygg, að hér sé um hið mesta nytjamál að ræða. Ég hef persónulega reynslu af því, að söngur er eitthvað það hollasta, sem maður leggur fyrir sig, og þá ekki síst safnaðarsöngur, hvort sem er í kirkjusöfnuði eða öðrum söfnuði. Enda er ekki dregið í efa, að söngur er alls staðar til þess að lyfta og til þess að menn færist saman. Og ég hygg einmitt, að á þessum tímum, sem nú ganga yfir, sé þess þörf, hér eins og annars staðar, að efla söng, bæði andlegan söng og veraldlegan söng, meira en nokkru sinni fyrr. Ég las það í „Times“ skömmu eftir byltinguna í Rússlandi, — en þá var ákaflega mikil neyð í Rússlandi og óeirðagjarnt, enda var þá matvælaskortur þar og erfiðleikar á öllum sviðum, — þá var það þannig þar, að mönnum var yfirleitt ákaflega illa launað allt, sem unnið var. Lærðir prófessorar, ef þeir yfirleitt fengu nokkuð að gera, voru ekki launaðir þar hærra þá en óbreyttir verkamenn. En það var sagt, að einn maður væri þar í landi, sem fengi laun eitthvað líkt og á Vesturlöndum tíðkaðist, og það var söngvarinn Sjaljapin. Hann var af stjórnarvöldunum fenginn til þess að syngja í samkomusölum. Og þetta þótti hafa betri áhrif til þess að sefa fólkið og efla frið en nokkuð annað.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að skipaður skuli hér söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, sem sé maður söngfróður, vanur að kenna söngflokkum, er á að halda námskeið með kirkjuorganistum og leiðbeina þeim um söngkennslu og söngstjórn, aðstoða þá við stofnun safnaðarsöngflokka og vinna á annan hátt að því, að safnaðarsöngur verði sem almennastur og fegurstur.

Það stendur hér ekkert um það, hver laun þessa manns eigi að vera. En þau eiga að greiðast úr ríkissjóði, og ég geri ráð fyrir því, að þau verði sómasamleg, því að vissulega verður þetta ekki þýðingarminnsti starfsmaður kirkjunnar, þegar þar að kemur. Ég mætti hér mjög vel gefnum leikmanni á götunni í gær, og þá barst þetta frv. í tal, og hann sagðist álíta, að höfuðvilla lútersku kirkjunnar væri það að gera ráðuna að slíku aðalatriði í guðsþjónustunni eins og gert hefur verið. Og ég hygg, að það sé höfuðvilla að leggja ekki meiri áherzlu á söng í kirkjunum en gert er, samanborið við ræðuna, og einkum með því móti að gera sönginn almennari en verið hefur. Í sveitum er það nú víða svo í kirkjum, að fáir standa þar við orgelið í messugerðum og syngja, og það oft af vanefnum, en fáir eða engir aðrir í kirkjunni syngja. Ég álít, að það ætti að syngja meira í kirkjunum, og sérstaklega, að söngnum sé hagað svo, að fólkið taki meiri þátt í honum en nú gerist. Með því væri söfnuðurinn ekki aðeins áheyrendur, heldur líka þátttakendur í guðsþjónustunni. Ég hef tekið eftir því við brezkar guðsþjónustur — og hv. þm. geta kynnt sér það mál nokkuð sjálfir hér nú —, a. m. k. veit ég, að þannig er oft um brezkar guðsþjónustur, að ræðan er þar tiltölulega mjög stutt, kannske ekki yfir 10 mínútur, en þar er almennt sungið, og sungið einraddað, í staðinn fyrir að hér er það svo, að söngkórar syngja í kirkjum, en flestir þeir, sem í kirkjunni eru, þegja. Í brezkum guðsþjónustum tíðkast það mjög, að allur söfnuðurinn tekur þátt í söngnum, og ég hygg, að þessu væri hægt að koma á hér. Það hafa verið gerðar tilraunir hér á landi, sem ganga í þessa átt, sem er þátturinn í útvarpinu „takið undir“, þar sem Páll Ísólfsson hefur með þeim hætti fengið marga úti um allt land til þess að raula með heima á sínum heimilum við útvarpið. Og ég veit af ýmsu, þar á meðal bréfum til útvarpsins, sem ég hef séð, að þetta er ákaflega vel þegið af fólkinu.

Þetta frv. er borið fram af menntmn. Nd. samkv. ósk biskups og þjóðkirkjuráðs. En eins og kunnugt er, er núverandi biskup mjög áhugasamur maður um öll málefni kirkjunnar, og þá ekki síst um það, að listin nái betur að komast inn í kirkjuna heldur en verið hefur. Og einn þátturinn í því, að listin komist betur inn í kirkjuna, er þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég efast ekki um, að þessu frv. verður vel

tekið af hv. þd., og skal ég því ekki hafa þessi orð mín fleiri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 28. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 674).

---

79. Sauðfjársjúkdómar.

Á 10. fundi í Sþ., 29. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim (þmfrv., A. 295).

Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 52. og 53. fundi í Nd., 6. og 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 8. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 295, 311, 367).

*__Gísli Sveinsson:__ Herra forseti! Það hefur að vísu engin framsaga átt sér stað um þetta mál, sem ekki er kannske þörf, því að þetta mál er að miklu leyti hið sama, sem í l. þeim felst, sem gilt hafa fram að þessu og gilda enn. En hvað um það, málið er nú komið fram í d., og þó að annað frv., öllu varhugaverðara, sé fram komið, þá mun ég ekki að svo vöxnu fara út í það. Ég held, að yfirleitt sé ekki mikil þörf á því, að menn fari að elta ólar um þessi mál, nema þar sem um nýmæli er að ræða. Ég og fleiri hv. þm. eigum á þskj 311 brtt. við þetta frv., þ. e. 26. gr., en hún ræðir um það, hvernig allur þessi kostnaður eigi að deilast niður. Í 26. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að allur kostnaður, sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist að ⅗ hlutum úr ríkissjóði og þeim hluta bjargráðasjóðs, sem er sameign allra landsmanna, ⅗ af hvorum aðila, en ⅖ sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Brtt. fer aftur á móti fram á, að allur kostnaður, sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist úr ríkissjóði að ⅘ hlutum og af þeim hluta bjargráðasjóðs, sem er sameign allra landsmanna, að ⅗ hlutum. Ég skal geta þess, að þegar málið var síðast til meðferðar, var af flestum talið óhjákvæmilegt að hverfa inn á þessa braut, en það náði þó ekki fram að ganga, vegna þess að við atkvgr. gátu nokkrir þm., sem voru þessari breyt. hlynntir, ekki mætt á þingfundi, og var því till. felld. Við, sem flytjum þessa till., álítum, að það sé ekki lengur þörf á því fyrir ríkissjóð að vera að halda í þennan hluta til héraðanna, því að það er hvort sem er, að allur kostnaður, sem af þessu leiðir, verður að greiðast úr ríkissjóði og þessum hluta bjargráðasjóðs. Því jafnvel þó að það hafi átt að innheimta þetta gjald af sýslufélögunum, þá eru héruðin hvarvetna hætt að greiða það síðan það upplýstist, að sum þeirra skárust úr leik um að greiða þetta gjald, en það var aftur liðið af stjórnarvöldunum. Það var svo til ætlazt, að fyrir hin ósýktu svæði, jafnvel þó að innan sýslunnar væri einhver veiki, yrði ekki greitt, nema fjáreigendur tækju þátt í þeirri greiðslu. En það upplýstist, að tækifærið var notað í öllum þeim sýslum, sem veiki kom upp í, til þess að skorast undan greiðslu. Og ekki nóg með það, heldur er vitað, að innheimtan náði ekki til nema tveggja eða þriggja sýslna, sem reyndu að standa í skilum, og þær sýslur hafa ekki heldur farið varhluta af sauðfjársjúkdómum, þó að það væru ekki hinir svokölluðu löglegu sauðfjársjúkdómar. En þeir munu nú orðnir fjórir talsins sauðfjársjúkdómarnir, sem kallast löglegir, sem sé: Mæðiveiki, garnaveiki, þingeysk mæðiveiki, og útbrotaveiki (kýlaveiki), og fram er komin till. um að taka einnig upp í þessi l. hina svokölluðu riðuveiki, og þannig mætti halda áfram að bæta við. Nú er því af fróðum mönnum mótmælt, að hér sé um mismunandi sjúkdóma að ræða, heldur sé þetta sauðfjársjúkdómur, sem tekur á sig mismunandi myndir eftir kringumstæðum. Það er því hróplegt ranglæti, að tvær til þrjár sýslur séu að rembast við að greiða þetta gjald fyrir þá sök, að þessu ákvæði í frv. yrði ekki breytt. Þess er að vænta, að allir þeir, sem greiða vilja fyrir framgangi þessa máls, telji það sanngirnis- og nauðsynjamál að haga nú þessari greiðslu öðruvísi en greinir í frv. Ég vænti þess því, að hv. þd. samþ. þessa brtt.

*__Stefán Stefánsson:__ Ég hef leyft mér ásamt hv. 7. landsk. að bera fram brtt. á þskj. 367. Þessi brtt. er við 5. gr. frv., að á eftir 4. tölul. gr. komi nýr töluliður: 5. Riðuveiki. — Við flm. teljum fullkomna ástæðu til þess, að riðuveikin verði tekin hér með, og vil ég fara um hana örfáum orðum. Á Alþingi 1938 bar ég fram, ásamt hv. 7. landsk. og 3 öðrum hv. þm., þáltill. þess efnis, að ríkisstj. léti fara fram rannsókn á þessari veiki, og þá sérstaklega í Svarfaðardal, þar sem hún hefur geisað í 30 ár, og að allur kostnaðurinn af þeirri rannsókn greiddist úr ríkissjóði. Til var að vísu fjvn., og á síðasta þingi bárum við fram tilmæli til hennar um, að hún tæki upp 5 þús. kr. fjárveitingu til þeirra, sem fyrir mestu tjóni hefðu orðið. Sú till. fékk ekki náð fyrir augum fjvn. og var felld.

Um þessa riðuveiki er það að segja, að þó hún hafi stungið sér niður hér og þar í landinu, þá hefur hún hvergi valdið eins miklum spjöllum og í Svarfaðardal. Nú hefur hún geisað þar í 30 ár, og á þeim bæjum, sem hún kom fyrst á, er hún enn, þrátt fyrir fjárskipti og ýmsar tilraunir til að útrýma henni. Nokkrir menn hafa fengizt við rannsóknir á þessari veiki, dýralæknir Eyjafjarðarsýslu (hv. þm. Ak.), prof. Niels Dungal og Ásgeir dýralæknir Einarsson, en það hefur engan árangur borið. Hins vegar hefur veikin verið svo almenn, að þegar á árinu 1938 hafði hún gripið um sig hjá 56 fjáreigendum í landinu. Síðan hefur þeim fjölgað ört, og ýmsir bændur hafa orðið næstum gersamlega sauðlausir af völdum hennar. Mörg heimili hafa misst upp undir 100 fjár hvert.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum og vænti, að hv. þm. sjái, að úr því að setja á heildarlöggjöf um að styrkja bændur, sem beðið hafa tjón af völdum þeirra sauðfjársjúkdóma, sem í frv. greinir, þá sé ekki síður ástæða til að taka þessa riðuveiki með, vegna þeirra stórkostlegu spjalla og tjóns, sem hún hefur bakað bændum í Svarfaðardal, og gera tilraun til þess að hefta útbreiðslu hennar og koma í veg fyrir, að hún grípi um sig um allan Eyjafjörð eins og útlit er fyrir, ef hún heldur stöðugt áfram vestan megin fjarðarins.

Frsm. (Pétur Ottesen): Hv. þm. V.-Sk. minntist á það í upphafi síns máls, að eiginlega hefði ekki verið gerð eins skýr grein fyrir þessu frv, og þörf hefði verið á eða ætla hefði mátt. Að því leyti, sem kann að vera áfátt um þetta, skal ég gjarnan f. h. landbn. verða við tilmælum hans um að gera grein fyrir þeim breyt., sem í frv. þessu felast, ef það mætti m. a. verða til þess, að hann liti ekki jafneinstrengingslega á þetta mál og með jafnlitlum skilningi á því, hvaða tjóni þessi veiki hefur valdið á þeim svæðum, sem hún geisar.

Það, sem ég hef fyrst um þetta frv. að segja, er það, að hér eru sameinuð í eitt fern lög, sem gefin hafa verið út á mismunandi tímum í sambandi við ráðstafanir út af mæðiveikinni. Fyrir þá, sem eiga að framkvæma þessi lög, er það út af fyrir sig hagræði að hafa þau á einum og sama stað. Auk þess er í þessu frv., sem telja má til nýmælis, tekið upp í eina grein og dregið saman í eina heild verkefni það, sem framkvæmdanefnd mæðiveikivarnanna hefur með höndum. Ég þarf ekki að fara neitt inn á það nánar, því það kemur svo skýrt fram í 3. gr. frv., að við það þarf engu að bæta. Þá eru í 5. gr. frv. tekin upp í eina heild ákvæði um það, til hvaða tegunda af veiki þessar ráðstafanir skuli ná. Fyrsta löggjöfin, sem sett var um þetta, tók eingöngu til mæðiveikinnar, sem þá virtist vera eini og aðalkvillinn, sem borizt hafði inn í landið með fé því, sem flutt var hér inn fyrir mörgum árum og varð til þess að leiða yfir okkur þennan ófarnað. Síðar kom fram, að annar fylgifiskur þessa innflutnings var garnaveikin, sem færzt hefur mjög í aukana og breiðzt út víða um land, sérstaklega á Austurlandi. Þá hefur síðan komið upp ein tegund, sem rekja má fullkomlega til þessa innflutnings, en það er sú nýja tegund mæðiveiki, sem komið hefur upp í Þingeyjarsýslu og farin er að valda þar mjög miklu tjóni. Það þykir óhjákvæmilegt, eins og nú er komið, að gera sams konar ráðstafanir gagnvart þessum pestum eins og gerðar hafa verið að undanförnu gagnvart mæðiveikinni að því er snertir varnir og þær bætur, sem bændur fá í sambandi við fjárfelli, sem leiðir af þessari veiki. Þá hefur verið tekinn hér inn í 4. lið sá sjúkdómur, sem kýlaveiki nefnist. Þrátt fyrir það, að þessi liður hafi verið tekinn inn í þetta frv., þá býst ég við, að það geti orkað tvímælis, hvort sú tegund veiki eigi að koma undir þessi ákvæði. Ég vil þess vegna nú þegar taka fram fyrirvara um það, að landbn. taki þetta til athugunar að nýju, og ég vildi skjóta því til hv. 3. landsk., hvort hann vildi ekki taka aftur sína brtt. til 3. umr. í sambandi við nánari athugun af hálfu landbn. um þetta efni. Ég vil mjög eindregið mælast til þess, að hann verði við þessum tilmælum mínum.

Það, sem ég vil næst minnast á í sambandi við þetta, er, að það hefur verið tekinn út úr löggjöfinni um þetta efni, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim, kaflinn um þær girðingar, sem settar hafa verið upp á aðalvarnarlínum. Kafli um þetta efni hefur verið felldur inn í sérstakt frv., sem hér liggur nú fyrir og nokkuð hefur verið rætt. Ég skal ekki fara nánar út í það atriði hér, því um það frv. verður sjálfsagt rætt frekar, svo mjög sem skoðanir manna virðast vera skiptar um það. Hitt leiðir af sjálfu sér, að ef það frv. nær ekki fram að ganga, þá yrði að gera þær breyt. á þessu frv., að bætt yrði úr því, sem ábótavant væri í þessu efni.

Fjórða atriðið, sem ég vildi minnast hér á, er í V. kafla þessa frv., sem heyrir undir almenn ákvæði. Þar er gert ráð fyrir því, og er það algert nýmæli í þessari löggjöf, að safnað sé árlega skýrslum um gang þessarar veiki og athugað gaumgæfilega, hvað reynslan færir okkur í skaut í því efni. Reynslan, sem þegar er fengin á þeim svæðum, sem veiki er lengst búin að ganga, virðist sýna það, að fjárstofnar í landinu séu mismunandi næmir fyrir þessari veiki, þannig að sumir fjárstofnar sýna meiri viðnámsþrótt og eru líklegri til að standa veikina betur af sér heldur en aðrir stofnar, sem nærri því þurrkast út. Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, að ég er að ræða hér um eitthvert mesta alvöru- og áhyggjumál landbúnaðarins, sem yfir þjóðina hefur komið, og því nauðsynlegt, að þingmenn eigi þess kost að kynnast sem bezt gangi þessara mála, en nú er farið að verða þunnskipað á þingbekkjum, enda komið að þeim tíma, er venja er að ljúka fundi, og mundi því bezt hlýða að fresta umr.

Forseti (JörB): Það er rétt hjá hv. þm. Borgf., að það er mjög fáskipað hér á bekkjunum, og þar sem nú er komið að fundarlokum, þá tel ég rétt, að umr. sé frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 55., 56., 57. og 58. fundi í Nd., 9., 10., 12. og 13. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 14. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 295, 311, 367, 491).

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Ég var búinn að kveðja mér hljóðs á dögunum, þegar 94. mál var á dagskrá, en það kemur í sama stað niður, þar sem ég vildi segja nokkur orð í sambandi við þetta mál.

Þegar maður lítur yfir þetta frv. og ber það saman við frv. frá landbn. í fyrra, sem flutt var að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands, þá finnst manni skjóta hér nokkuð skökku við. Þó að frv. frá í fyrra hafi verið með talsverðum göllum, var það samt miklu betra heldur en það, sem er á döfinni nú. Má fyrst benda á, að í gamla frv. er gert ráð fyrir, að stofnuð sé heilbrigðisnefnd, þar sem eingöngu fagmenn væru að verki. Ég sé ekki, að með þessari 5 manna sauðfjársjúkdómanefnd sé nokkur trygging sett fyrir því, að fagmenn hafi mál þessi með höndum. Virðist allt benda frekar til þess, að sigla muni í sama kjölfarinu eftir sem áður hvað snertir útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma í landinu. Bæði frv. eru svipuð, hið fyrra mjög gallað, en hið síðara virðist vera lítið annað en gallar. Mér þykir einkennilegt að rökræða næma sjúkdóma án þess að hafa nokkrar sannanir fyrir því, að þeir séu smitandi. Hér á að lögfesta næma sauðfjársjúkdóma eingöngu af því, að þeir eru taldir smitandi að áliti ósérfróðra manna, en öðrum sjúkdómum sleppt, sem ástæða væri til að taka með. Þetta vildi ég benda hv. landbn. á, sem um málið fjallar.

Því var skotið fram um daginn, að kýlaveikin væri ein af þessum næmu sjúkdómum. Fáir af hv. þdm. munu kannast við hana, og ég segi fyrir mína hönd, enda á ég sem dýralæknir hægara með að dæma um þessi mál heldur en aðrir hv. þm., að ég hef aðeins rekizt á nokkur tilfelli af henni, þó aldrei sem farsótt. Er því harla einkennilegt að þyrla upp ryki á Alþ. um það.

Þingeyska mæðiveikin er ekkert annað en angi af þeirri mæðiveiki, sem nú er komin um næstum allt land. Ég spái því, að á næstu árum muni koma upp nýir angar af þessari mæðiveiki, þó að hægt yrði að koma í veg fyrir þennan.

Úr því að ég fór að tala um 5. gr. frv., get ég ekki gengið fram hjá garnaveikinni. Garnaveikin er sjúkdómur, sem ekki aðeins er þekktur hér á landi, heldur hefur hún verið talin næm í mörgum löndum um langan aldur. Hefur sá sjúkdómur verið aðgreindur frá öðrum sem „specific“ nautgripasjúkdómur. Ég nota hér útlenda orðið, af því að ekki er til íslenzk þýðing á því, en það þýðir, að hann sé eingöngu bundinn við nautpening. Þó hefur þessi sjúkdómur í einstaka tilfelli komið fram í sauðfé og geitum. Er harla undarlegt, að hér er garnaveikin eingöngu túlkuð sem „specific“ sauðfjársjúkdómur, en ekki gert ráð fyrir, að nautpeningur geti fengið hana. Hæstv. landbrh. sagði, þegar ég benti honum á þetta: „Mér er sagt, að það muni sennilega vera sérstakur bakteríustofn á Íslandi, sem orsaki veikina í fénu.“ Nú er miklu fé kostað til þess að rannsaka sauðféð, en ekkert hugsað um nautpeninginn, þó að hann gangi á sama haglendi og engar sannanir séu fyrir því, að hér sé ekki um næma garnaveiki að ræða fyrir kýrnar. Enn fremur vil ég benda hæstv. landbrh. á þetta, þar sem mér finnst þessi leið mjög hæpin, enda brýtur hún í bága við allar reglur og lög, sem gilda um sóttvarnir. Ætti að vera stranglega bannað að láta skepnu koma inn á landið, þar sem smithættan er.

Nú hafa farið fram fjárskipti í Skagafirði; kindur hafa verið keyptar úr Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu, og auk þess skorið niður á sýkta svæðinu. Ég get bent á eitt dæmi, sem ég þekki vel til og sýnir það ljóslega, hversu mikinn árangur slíkar framkvæmdir bera. Á tvíbýlisjörð einni fyrir norðan smitaðist allur fjárstofninn af mæðiveiki. Á öðru búinu var skorinn niður allur fjárstofninn, en á hinu ekki ein einasta kind og þeim sleppt á beitilandið, enda taldi búfræðingur einn, að það væri alveg hættulaust. Ég segi fyrir mig, ef þannig á að fara með þessi mál, þá vil ég ekki koma nálægt þeim. Ef á að virða að vettugi þau raunvísindi í dýralækningum, sem hafa fengið viðurkenningu í öllum löndum nema Íslandi, þá vil ég hreinsa mína samvizku. Ég sem embættismaður með minn embættiseið að baki hef sagt eins og mér finnst réttast í þessu máli. Ef ég ætti að dæma hv. þm. eftir afgreiðslu þeirra á þessu máli, þá mundi traust mitt á þeim ekki vera mikið.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég átti litla brtt. við þetta frv., og eru tildrög hennar sem hér segir. Þegar l. voru sett upphaflega um varnir gegn mæðiveiki, var svo til tekið, að ríkissjóður skyldi greiða ákveðinn hluta af kostnaðinum, en sá hluti bjargráðasjóðs, sem landsmenn eiga sameiginlega, skyldi bera nokkurn hluta móti ríkissjóði. Þegar þetta var gert, voru miklir erfiðleikar fyrir landið að afla peninga, og töldu menn það nægileg rök til þess að skerða bjargráðasjóðinn. Nú finnst mér öðru máli gegna, og má ekki við það una, að bjargráðasjóðurinn sé skertur í þessu skyni. Brtt. mín leggur það til, að ríkissjóður beri einn þann hluta kostnaðarins, sem greiðast skal af opinberu fé. Ég hef minnzt á þetta við hæstv. fjmrh., og hann er samþykkur því, að breyting þessi sé eðlileg eins og nú árar, og vona ég, að hv. þingdeild geti einnig orðið sammála um það, að eins og nú sé háttað, þá sé eðlilegast að breyta þessu á þann veg.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta, en vil aðeins minnast á það, fyrst ég er farinn að tala um kostnaðinn af þessum vörnum, að ég sé ekki ástæðu til þess að vera með þeirri till., sem hér er borin fram, að bændur, sem lausir eru við þessa sjúkdóma, leggi ekkert fé af mörkum, því að ég tel eðlilegast, að þeir geri það. Þess vegna hef ég stílað mína brtt. við frv. sjálft, en ekki við þá brtt., því að ég mun greiða atkv. á móti henni.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég hafði nú ekki lokið ræðu minni síðast sem frsm. landbn. að þessu máli, þegar umr. var frestað. Ég var kominn að þeim breytingum, sem felast í 5. kafla frv., um „almenn ákvæði". — Það hefur nefnilega komið í ljós á mæðiveikisvæðum, að fjárstofnarnir hafa eftir kynferði reynzt nokkuð misjafnir til að standa gegn veikinni. Sumir þeirra hafa hrunið næstum alveg niður, en aðrir veitt meira viðnám. Þess vegna hafa menn af eðlilegum ástæðum leitazt við að halda í og reyna að ala upp undan þeim fjárstofnum, sem virðast hafa meiri mótstöðukraft gegn þessari veiki. Hér hafa því verið tekin upp í 36. gr. frv. ákvæði, sem veita mæðiveikinefnd nokkurn stuðning til þess að geta hjálpað bændum við að ná í lömb til ásetnings, einmitt af þessum stofnum. Í 36. og sömuleiðis 37. gr. frv. eru gerðar ráðstafanir til þess, að ef einhverjir erfiðleikar eru á að afla slíkra ásetningslamba, þá fái mæðiveikinefnd nokkuð aukið vald til þess að geta komið þessu í framkvæmd. Aðalatriðin í þessum nýja kafla frv. ganga sem sagt í þessa átt.

Mér þykir svo ekki ástæða til þess að rekja þetta nánar, en vil leggja áherzlu á það, að þetta er mjög mikilsvert, og að því leyti, sem reynsla er fengin fyrir þessu, þá virðist mér, að með þessum hætti sé fundin nokkur leið til þess að hamla upp á móti þessum mikla vágesti, þó að engan veginn sé fengin reynsla fyrir því, að þetta muni reynast einhlítt í þessu efni. — Ég held, að það sé þá ekki fleira til viðbótar því, sem ég hef áður sagt í ræðu minni um þetta frv., sem ástæða er til að gera að svo vöxnu máli að frekara umtalsefni hér.

Ég get mjög stuttlega minnzt á brtt. á þskj. 311, sem hæstv. viðskmrh. minntist nú á í ræðu sinni áðan og hann taldi sig vera andvígan. Mér virðist, að það liggi í augum uppi, að það sé ekki nein sanngirni hjá flm. þessarar till., sem allir eru fulltrúar fyrir þau svæði, sem tekizt hefur að verja fyrir mæðiveikinni, að vera að skorast undan því að taka svo lítilfjörlegan þátt í þeim kostnaði, sem hér er um að ræða. Mér þykir satt að segja mjög einkennilegt, að þeir skuli fitja upp á þessu, þar sem þetta á eingöngu að ganga upp í þann kostnað, sem lagt er í vegna þeirra eigin hagsmuna, eða til þess að vega gegn þessum vágesti, sem er kominn langt á götur með að leggja fjárbúskap manna í rústir á stórum svæðum í landinu og grafa undan fjárhagsafkomu þeirra bænda, sem hafa orðið fyrir barðinu á þeim.

Ég vil þess vegna vænta þess, að þessi ákvæði verði látin standa óbreytt eins og þau hafa verið, og það sé ekki verið að breyta til í þessu efni, því að þessi till. virðist vera að ófyrirsynju fram komin. Ég get ekki einu sinni hugsað mér, að hún sé í samræmi við hugsunarhátt þeirra bænda, sem þarna búa og ég veit, að hljóta að skilja það, hve mikilsvert það er fyrir þá og þeirra afkomu, ef takast mætti að verja þá fyrir því, að þessi faraldur breiddist út til þeirra.

Viðvíkjandi þeirri brtt., sem hæstv. viðskmrh. hefur borið hér fram, þá get ég sagt það f. h. mína og þeirra nm., sem ég hef náð tali af, að við getum fallizt á hana. Það er alveg rétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að á slíkum óvissutímum eins og nú standa yfir, þá er mjög varhugavert að vera að binda þennan bjargráðasjóð við skilyrði, því að til hans var í upphafi stofnað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hallæri, sem gæti leitt af ýmsum náttúrufyrirbrigðum hér á landi og orðið til þess að stefna afkomu búnaðarins í tvísýnu.

Hitt er ljóst mál, að þessar till. rekast hver á aðra, og þess vegna er enginn grundvöllur undir því að samþ. þær báðar, og þar með fellur mín stoð undir það, að till. á þskj. 311 verði vikið til hliðar.

Ég skal ekki fara langt út í að minnast á ræðu hv. þm. Ak., sem talaði hér út frá sjónarmiði þeirra faglærðu manna, sem eins og kunnugt er og ég minntist hér á á dögunum, að aðstaða þeirra öll og skoðanir hafa stangazt svo greinilega og óþyrmilega á við reynslu þá, sem fengizt hefur í málinu almennt, þar sem veikin hefur gengið, og auk þess við reynslu og þekkingu ýmissa annarra fræðimanna á þessu sviði, að bæði bændur út um sveitir landsins og þessir fræðimenn og enn fremur Alþingi hafa fundið sig knúð til þess að ganga fram hjá þeim skoðunum, sem þessir menn hafa haldið fram og hv. þm. Ak. virðist nú tala hér fyrir.

Mér þykir svo ekki ástæða til þess að fara nánar út í þetta, en vil bæta því við, að af þeirri reynslu, sem fengizt hefur í þessu efni, þá mundi nú vera svo komið, ef farið hefði verið að ráði hv. þm. Ak. og dýralæknanna, sem hann telur sér vera sammála um þetta efni, að mæðiveikin mundi nú vera komin um allt land og öll sauðfjárframleiðsla landsmanna undir þessa sök seld. — Það er harla einkennilegt, að þessir menn skuli binda sig svo fast við þessar andvanafæddu kenningar, sem þeir halda fram, að þeir skuli ekki sjá og viðurkenna, hvað hér er að gerast í þessu efni.

Hv. þm. var að minnast á ýmsa aðra sjúkdóma, sem þyrfti að gera ráðstafanir gegn. En það er nú svo, að mæðiveikin og garnaveikin eru þeir sjúkdómar, sem skera sig svo úr í þessu efni, að þar er ólíku saman að jafna. Þess vegna er ekkert undarlegt, þó að gerðar séu alveg sérstakar ráðstafanir gagnvart þeim háska, sem af þessum sjúkdómum stafa, þó að ekki sé farið út í það að gera sams konar ráðstafanir gagnvart því, sem miklu minna tjóni veldur.

Hv. þm. V.-Sk. minntist á það, að það væru ýmsir aðrir sjúkdómar, sem væru á ýmsum svæðum, og nefndi hann t. d. bráðapest og skitu og þess háttar sjúkdóma. Hér er ekki líku saman að jafna, auk þess sem þessir sjúkdómar ganga jafnt á mæðiveikisvæðunum og þeim svæðum, sem enn eru ósnert af mæðiveikinni. Auk þess má benda á það, að sá vísindamaður, sem mest hefur lagt sig fram um að finna ráð við mæðiveikinni, prof. Níels Dungal, hefur fundið upp ráð við þessum tegundum sjúkdóma, og má með þeim halda þessum sjúkdómum í skefjum, svo að enginn verulegur háski stafar af þeim fyrir afkomu landbúnaðarins.

Úr því að minnzt er hér á útbrotaveiki, þá

skal ég taka það fram, að ég fór fram á það við hv. 3. landsk. við fyrri hl. þessarar umr., að hann tæki aftur till. sína, þangað til landbn. gæfist færi á að athuga þetta atriði nánar.

Hv. þm. V.-Sk. talaði sem sá, er óskeikull væri og gæti því í nafni réttar og laga fellt dóma um þá, sem undir þá sök eu seldir, að þeim geti skjátlazt. Við, sem þessu var beint til, verðum sjálfsagt að viðurkenna okkar veikleika, og hann getur þá vitanlega gert sig að því meiri manni, sem munurinn er á þeim óskeikula og hinum, sem getur yfirsézt.

Stefán Stefánsson: Ég vildi aðeins taka það fram, að ég mun verða við þeirri ósk hv. þm. Borgf. að taka brtt. á þskj. 367 aftur til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:1 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 367 tekin aftur til 3. umr.

5. gr. samþ. með 18:1 atkv.

6.—25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 311 felld með 12:11 atkv.

— 491 samþ. með 14:5 atkv.

26. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, FJ, HelgJ, JPálm, PHann, PO, SK, SkG, StgrSt, VJ, ÞBr, GG, JörB.

GSv, JakM, JÍv, SEH, StSt, SvbH greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁÁ, EmJ, GÞ, HG, HV, ÍslH, JGM, JóhJón, ÓTh, TT) fjarstaddir.

27.—34. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

35.—42. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 517, 367, 524).

Frsm. (Pétur Ottesen): Landbn. hefur flutt eina brtt. við þetta frv., á þskj. 524, þar sem hún leggur til, að 4. liður 5. gr. frv. verði felldur niður. Þetta liggur í því, að þessi sjúkdómur, sem hér um ræðir, er annars eðlis og hefur ekki jafnalvarlegar afleiðingar í för með sér og þeir aðrir sjúkdómar, sem í frv. eru taldir. Hann er og að því leyti frábrugðinn þeim, að hann hefur ekki flutzt nýverið til landsins, eins og reynsla hefur sýnt og sannað um hina sjúkdómana.

Jafnframt leggur n. til, að till. á þskj. 367 verði felld. N. lítur sem sé svo á, að nokkuð svipað sé ástatt um báða þessa sjúkdóma, þann undir 4. lið og þann, sem í brtt. felst, og telur, að þeir eigi hvorugur heima undir ákvæðum nefndra laga.

***Stefán Stefánsson:** Ég á hér brtt. á þskj. 367 ásamt hv. 7. landsk. Ég tók hana aftur til þessarar umr. samkv. ósk frsm., hv. þm. Borgf., en nú lýsir hann yfir, að landbn. hafi tekið afstöðu gegn till.

Ég gat þess við 2. umr., að það hefði verið gerð tilraun til þess áður á þingi, bæði 1938 og síðast í fyrra, að rétta nokkuð hlut þeirra, sem hafa orðið fyrir barðinu á þessari veiki í Svarfaðardal. Ég gat þess, að veikin væri hjá 50—60 fjáreigendum í dalnum og breiddist óðfluga út, svo að enginn fengi við ráðið. Mér er óskiljanleg afstaða n. til þessarar veiki. Hv. frsm. sagði, að það væri svipað um hana og kýlapestina; en það er vitað, að það þekkir varla nokkur maður kýlapestina. Vil ég benda á, að búnaðarmálastjóri, hv. 2. þm. Skagf., og hv. þm. Ak., sem er dýralæknir, segja, að veikin sé varla til í landinu nú. En þessi veiki er svona útbreidd þarna og víðar. Ég vil og benda á, að garnaveikin, sem landbn. er að berjast við, er samkv. skýrslu, sem birt er í Morgunbl. í morgun, aðeins fundin á 5 bæjum á Austfjörðum. Og það á að taka þessa 5 bændur út úr, sem hafa misst hver kannske 4—6 kindur, og bæta þeim, en við þá bændur í Svarfaðardal, sem hafa misst hundruð fjár, vill landbn. ekki sjá í að nokkru, enda gengur það á móti því, sem hv. frsm. sagði við 2. umr. Þegar hv. þm. Ak. benti á, að ekki væri síður ástæða til að taka lungnapestina en þær, sem hér eru löggiltar, þá sagði hv. þm. Borgf., að það væri fundið meðal við þessari veiki. En samkv. þessu ætti hann að geta bent á, að það væri fundið meðal við riðuveikinni. En það er það, sem ekki er. Og svo óviðráðanleg sem hin veikin er, þá er þessi engu viðráðanlegri. Ég vil því vænta þess, að þingdeildin sjái sér fært að samþ. þessa till., hvað sem till. landbn. líður. Úr því að hv. form. fjvn. (PO) finnur sérstaka ástæðu til að ganga á móti þessari till., þá skora ég á hann, ef svo ólíklega fer, að þessi till. verður felld, að taka upp fjárveitingu til rannsóknar á þessari veiki. Það var borin fram till. 1938, og vorum við sömu till.-menn, þess efnis að taka upp 5 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni. Var henni vísað til fjvn. og sást ekki meir.

Steingrímur Steinþórsson: Ég vil aðeins segja örfá orð út af því, sem sessunautur minn, hv. 3. landsk., minntist á. Þetta frv. tekur ekki til annarra sjúkdóma en þeirra, sem talið er, að flutzt hafi til landsins með karakúlfénu. Og það er af þeirri ástæðu, eins og frsm. n. hefur skýrt frá, að við leggjum til, að 4. tölul. 5. gr. sé tekinn út, eða riðuveikin. Og eins og hann tók fram, lítum við svo á, að ekki sé um innfluttan sjúkdóm að ræða. Auk þess er það rétt, að þar er ekki um neitt fár að ræða, sem nein hætta virðist á, að geti gereytt bústofni eða valdið svo miklu tjóni, að til stórvandræða leiði. En um hinar pestirnar er a. m. k. talið svo, jafnvel þó menn greini nokkuð á um það.

Sá fræðimaður, sem við höfum hér í d., hefur viljað bera á það brigður, að þeir sjúkdómar, sem l. taka til, séu innfluttir með fé því, sem flutt var inn fyrir nokkru. En þó er það svo, að mjög margir fræðimenn aðrir halda hinu mótsetta fram. Og það þýðir ekki að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að það virðist alltaf hægt að rekja pestina í för karakúlfjárins, sem sett var hér á allmarga staði í landinu.

Ég skal ekki fara að rökræða þær tvær skoðanir, sem uppi eru, hvort eigi að fá inn á mæðiveikisvæðin fjárstofn, sem hefur þolað veikina, eða hvort eigi að skera algerlega niður. En það, sem þetta frv. stefnir að fyrst og fremst, er að hindra útbreiðslu veikinnar, og í öðru lagi að gera tilraunir til að uppræta þessa sjúkdóma, þar sem svo er ástatt, að þeir eru á takmörkuðum svæðum og unnt er að gera slíkar tilraunir án þess að allt of mikill kostnaður eða tjón hljótist af fyrir þá, sem fé eiga.

Nú þekki ég af eigin reynd þann sjúkdóm, sem hv. 3. landsk. talar um, með því að hann hefur verið í fé, sem ég hef stundað. Ég veit mjög vel, hvernig hann hagar sér og að hann er hættulegur. Ég veit líka, að hann hefur valdið meira tjóni í Svarfaðardal en nokkurri annarri sveit landsins. En þetta er sjúkdómur, sem til er um allt land; og því finnst mér ekki koma til mála að gera ráðstafanir til að hefta útbreiðslu hans með sömu lagaákvæðum og þær þrjár þestir, sem þetta frv. ræðir um. Ég veit af eigin reynd, að riðuveikin leggst mjög misjafnlega á fjárstofna. Sumir hrynja niður, en aðra sakar varla. Nú vil ég taka undir það með hv. 3. landsk., að eitthvað verði reynt til þess að rannsaka eðli þessarar veiki og finna einhver ráð til þess, að úr megi bæta. Ég býst við, að menn í Svarfaðardal þurfi að útvega sér nýjan fjárstofn af einhverju svæði, þar sem það hefur sýnt sig, að fé þolir þessa pest betur. Því að mér þykir ólíklegt, að náttúruskilyrðin í Svarfaðardal geri það að verkum, að veiki þessi leggst svo þungt á; hitt sé líklegra, að fjárstofninn sé móttækilegur. Ég veit, að fé úr Svarfaðardal var flutt vestur í Skagafjörð og hrundi þar niður. En þegar búið var að skera þann stofn niður, varð lítið vart við riðuveiki, eða aðeins í einni og einni kind, eins og algengast er með þessa veiki.

Ég vil geta þess, að Búnaðarfél. hefur óskað eftir því við þá fræðimenn, sem hafa verið að fást við þessa fjársjúkdóma, að þeir tækju riðuveikina til meðferðar, reyndu að finna einhver ráð við henni og aðstoða bændur um að minnka tjónið af henni sem mest. Þetta hefur lítinn árangur borið enn. En ég fyrir mitt leyti vil ekki skorast undan því að leggja mitt lið til þess, að eitthvað yrði frekar gert til þess að bæta úr þessu. En það virðist mér ekki rétt, sem hv. þm. fer fram á, að taka riðuveikina inn í þetta frv., sem hér er um að ræða. Því að hún á þar alls ekki heima samkv. eðli málsins og samkv. því, hvernig að því er unnið nú að reyna að hefta útbreiðslu sjúkdómanna, sem frv. fjallar um, og jafnvel gera tilraun til að útrýma þeim alveg.

Það væri ástæða til að taka ýmislegt fleira fram um þetta; en bæði eru fáir í d. og komið að því, að fundi verði slitið. Þetta er vandræðamál, og má sjálfsagt segja, að margt af því, sem verið er að gera í því, sé háfgert fálm. En allt miðar þetta að því að reyna að ná tökum á þessum stórhættulegu sjúkdómum. Og ég er ekki í neinum minnsta vafa, að mikið hefur áunnizt. Það eru góðar fregnir í skýrslu Ágústs á Hofi um garnaveikina á Austurlandi, ef hún er nú ekki nema á 4—5 bæjum á Héraði. Þetta sýnir, að það, sem gert var til að varna útbreiðslu garnaveikinnar þar, að skera niður sjúkt og grunað fé, hefur borið árangur. Er það betri árangur en búast hefði mátt við, áður en byrjað var á því verki, og sönnun þess, að farið hefur verið inn á rétta leið.

*Stefán Stefánsson: Ég verð að segja, að mér þykir nokkuð undarleg afstaða landbn. til þessa máls. Hv. 2. þm. Skagf., sem hér talaði síðast, sagði, að ekkert fár væri á ferðinni í Svarfaðardal. En rétt á eftir sagði hann, að þessi riðuveiki væri mjög hættuleg og mjög útbreidd í Svarfaðardal. Hann taldi um fár að ræða þar, sem garnaveikin var, enda þótt upplýst væri af skoðunarmönnum, að hún væri aðeins á 5 bæjum á Austurlandi. Annars virðist mér höfuðástæðan gegn brtt., að þessi veiki sé væntanlega ekki innflutt með karakúlfé. Annars veit enginn um þetta með vissu, þótt allar líkur bendi í þá átt. En ég sé ekki annað en það sé hlutverk Alþingis að berjast gegn öllum fjárpestum, enda þótt þær séu ekki nýlega innfluttar með karakúlfé. Það er engin vissa fyrir því, að það sé skylt að gera gangskör að því að útrýma öðrum fjárpestum. Mér finnst afstaða n. í þessu máli undarleg, þar sem hún játar þó, að veikin sé hættuleg og hvergi eins útbreidd eins og í Svarfaðardal. Ég vil þó þakka þær undirtektir, sem till. fékk hjá hv. fjvn. að því er snertir fjárframlög til rannsóknar á þessari veiki.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það er óþarfi að eyða mörgum orðum um þetta mál við hv. 3. landsk. þm. Þegar hann áleit, að aðaltill. hans næði ekki samþykki þingsins, notaði hann önnur úrræði, sem sé að hvetja til rannsóknar á þessari veiki eða frekari aðgerða. Og í þessu fólst fullkomin viðurkenning af hans hálfu á því, sem rétt er, að þessi veiki eigi ekki samleið með þeim þrem sjúkdómum, sem ákvæði þessa frv. taka sérstaklega til. Hv. 2. þm. Skagf. hefur svo greinilega skýrt þetta mál, að ég hef ekki miklu við það að bæta. Það getur vel verið, að þessi veiki geri skaða á þessum sérstaka stað, en auk þess er hún útbreidd um allt land, en hefur ekki valdið því tjóni, sem í neinu er sambærilegt við það tjón, er leiðir af pestum þeim, er um ræðir í þessu frv. Í sambandi við útbreiðslu garnaveikinnar talaði þm. um, að sú veiki væri ekki nema á 5—6 bæjum á Austurlandi. Þetta skýtur mjög skökku við og er því miður gripið úr lausu lofti. Veikin er mjög útbreidd í Múlasýslum og Norður-Þingeyjarsýslu auk þess, sem hennar hefur orðið vart austur í Hreppum, og nýlega er búið að gera tilraun til niðurskurðar vegna garnaveikinnar í Skagafirði, á allstóru svæði austan Héraðsvatna, þannig að það dregur engan veginn úr því, að það sé fullkomlega réttmætt að gera þær ráðstafanir gagnvart garnaveikinni, sem lagt er til í þessu frv. Hv. þm. vék sér persónulega til mín út af því, að fyrir nokkru hefði þáltill. verði vísað til fjvn., en hún hefði ekki komið þaðan aftur. Ég veit ekki betur en að formanni rannsóknarstofu há-

skólans hafi verið falið að sjá um, að rannsókn færi fram á riðuveikinni, og hefur verið og er enn unnið að þessum rannsóknum, þó að enn þá hafi ekki fundizt nein ráð við henni. Ég skal að sjálfsögðu verða við tilmælum hv. þm. um það að athuga, hvað líður þessum rannsóknum að því leyti sem þær koma fram.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um ræðu hv. þm. Ég tel ræðu hans viðurkenningu á því, sem landbn. heldur fram, að veikin eigi ekki heima í þessu frv., eins og til þess er stofnað.

Steingrímur Steinþórsson: Ég skal aðeins geta þess hér, að hv. 3. landsk. skýrði mjög fljótfærnislega frá, er hann sagði, að garnaveikin væri á þrem bæjum á Austfjörðum. Það er vitað, að Vopnafjörður og Breiðdalur eru undirlögð héruð af garnaveiki, svo að ég er hræddur um, að hv. þm. hafi farið nokkuð fljótt yfir. Ummæli þau, er ég hafði eftir Ágúst á Hofi, áttu eingöngu við Héraðið. Hv. þm. rangfærði orð mín viðvíkjandi riðuveikinni, og munu hv. dm. hafa heyrt, hvað ég sagði, og þarf ég því ekki að leiðrétta það. Ég sýndi fram á, að riðuveikin gæti ekki átt heima í þessu frv., vegna þess að hún fyndist í öllum byggðarlögum landsins án þess að hún gerði tjón. Við getum því gengið út frá því, að það sé alveg óþarft að grípa til þeirra ráðstafana gagnvart riðuveikinni, sem gert er gagnvart öðrum sauðfjársjúkdómum í þessu frv.

***Stefán Stefánsson:** Hv. þm. Borgf. sagði, að það fælist einhver viðurkenning af minni hálfu í því, að ég skoraði á landbn. að hlutast til um það, að veitt yrði fé til rannsóknar á riðuveikinni. En að í þessu fælist nokkur viðurkenning, er alls ekki rétt. Menn bera iðulega fram breyt. við till. í því tilfelli, að aðaltill. verði felld, þ. e. varatill. Ég vil aðeins benda á það, að hv. þm. Borgf. hefði sennilega ekki tekið þannig í þetta mál, ef þessi pest hefði geisað í hans héraði; þá hefði hann talið þetta stórhættulegan sauðfjársjúkdóm, sem öllu landinu stafaði hætta af.

ATKVGR.
Brtt. 524 samþ. með 16:1 atkv.
— 367 felld með 11:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BjB, EE, GG, HelgJ, JÍv, JPálm, PO, SkG, StSt, StgrSt, ÞBr, BJ, BÁ, JörB.

EmJ, HG, JakM, SvbH greiddu ekki atkv.

15 þm. (EystJ, FJ, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JGM, JóhJón, ÓTh, PHann, SEH, SK, TT, VJ, ÁÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 550).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 550, n. 593).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv. var lagt fram í Nd. af landbn., en var samið af mæðiveikinefnd.

Í þessum lagabálki er steypt saman öllum þeim ákvæðum, sem áður hafa gilt um þetta efni, en þau voru, með áorðnum breytingum, prentuð á þrem stöðum í stjórnartíðindum.

Frv. þetta er í 2 atriðum frábrugðið gildandi l.

Í 1. lagi er sleppt hér upptalningum á varnarlínum. Hins vegar er heimilað að leggja slíkar línur í samráði við ráðherra. Orsökin til þess, að upptalningunni er sleppt, er sú, að fyrir þessu þingi liggur annað frv., þar sem línurnar eru taldar. Hins vegar má geta þess, að það frv. er ekki í samræmi við þetta, því þar er ætlazt til, að kostnaður við girðingar greiðist af öðrum aðilum en gert er ráð fyrir samkv. þessu frv.

Í 2. lagi er hér gert ráð fyrir, að n. geti gert ráðstafanir til, að alin verði upp lömb af þeim stofni, sem bezt þoli pestirnar, og þeim svo dreift. Þetta hefur ekki verið gert áður, vegna þess að menn vissu ekki, að til voru slíkir stofnar. En nú er a. m. k. vitað um einn slíkan stofn, sem þolir mæðiveikina miklu betur en annað fé, og yfirleitt að fé er misþolið gegn veikinni.

N. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum.

1. brtt. er við 2. gr. Gr. er orðuð upp, eins og sést á brtt., og við hana bætt.

Efnið er nú, að 5 manna framkvæmdanefnd hafi starfið með höndum, skipuð af ráðh. eftir tilnefningu landbn. beggja d. Alþingis. Áður voru engin ákvæði um, hversu að skyldi fara, ef nm. forfallaðist. Nú er bætt úr þessu. Enn fremur er lagt til, að ráðh. skipi form. n., en hún velji sér sjálf framkvæmdastjóra til að annast allar framkvæmdir.

2. brtt. er við 4. gr. frv., og upp úr henni legg ég mikið.

Þessi framkvæmdanefnd, sem upphaflega var valin, var skipuð 5 mönnum. Þegar landbn. benti á þessa menn, var lögð áherzla á að velja þá menn, sem kunnugastir voru á þeim svæðum, er veikin náði til þá. Þessir menn áttu að vera nokkurs konar útverðir, til að gæta þess, að varnarlínur yrðu sem traustastar.

Nú hefur sú veiki, sem þá var verið að verjast, breiðzt út til nýrra héraða, og upp hafa komið nýjar pestir. N. brestur því kunnugleika um staðhætti og aðstæður til varna mjög víða, eins og nú er komið, sérstaklega á Austurlandi. En það er erfitt fyrir hana að þurfa að fara eingöngu eftir sögusögn annarra.

Í samræmi við þetta ástand er brtt. við 4. gr. Þar er landbrh. gefin heimild til að kveðja til ráða til viðbótar mann eða menn, þegar n. hefur til meðferðar efni, sem hana brestur kunnugleika til að leysa. Er t. d. þá gengið út frá, að ráðh. kalli til 1 eða 2 menn úr Múlasýslum, ef svo ber undir. Fylgi mitt við þessa brtt. er alveg háð því, hvort hæstv. landbrh. lýsir því yfir, að hann muni vilja nota þessa heimild. Ef

hann sér sér það ekki fært, þá mundi ég vilja leggja til, að fjölgað yrði í n. úr 5 upp í 6 eða 7, og 1 eða 2 af þeim séu sérstaklega kunnugir á Austurlandi.

3. brtt. er við 34. gr. frv. Er sú till. svo auðskilin, að hún skýrir sig sjálf. En aðalefnið er, að fé, sem drepið er að vetrarlagi, skuli bæta þannig, að tillit sé tekið til fóðurs yfir veturinn í bótunum.

Með þessum breytingum vona ég, að frv. verði samþ. og því fylgi jafnframt yfirlýsing hæstv. ráðh. um, að hann muni nota þá heimild, sem ég gat um.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Út af fyrirspurn hv. frsm. skal ég taka fram, að það er mjög líklegt, við aukna útbreiðslu sauðfjárpestanna, að fleiri og fleiri héruð krefjist þess að eignast fulltrúa í nefnd þeirri, er fer með varnarstarfið. Vil ég segja það sem mitt álit, að betra sé að kveðja fróða menn til ráðuneytis en að fara að fjölga í n. upp í 6 eða 7. Mín skoðun er sú, að n. sé því þyngri í vöfum og seinvirkari sem hún er fjölmennari, og hefði gjarnan mátt fækka nm. úr 5 í 3.

Ég get því hiklaust svarað því, að ég er fús til að kveðja til menn frá þeim landshlutum, sem ekki eiga fulltrúa í n. og sérstaklega óska, að álit þeirra og till. sé n. kunnugt.

Ég get lýst því yfir, að meðan þessi stefna er höfð, mun ég kalla til menn af Austurlandi, þegar til meðferðar verða mál, sem snerta Austurland. Ég tel það betra en að fjölga mönnum í n., því að ef veikin breiðist út, þá yrði ekki hægt að hafa áfram þá skipun, sem til var ætlazt í upphafi. Ég er því fús til að kveðja til menn af Austurlandi, þegar þau mál verða til meðferðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 593,1 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 593,2 (ný 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
6.—26. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
27.—33. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 593,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
35.—42. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 612).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Milli umr. höfum við tveir úr landbn., sem aðallega höfum haft þetta mál til meðferðar, athugað frv. og teljum, að það sé betra, til þess að fyrirbyggja misskilning; að gera á því tvær litlar breyt., sem þó má kannske deila um, hvort í raun og veru eru nokkrar breyt. Í raun og veru er svo fyrir mælt í frv., í 10. gr. þess, 1. málsgr., að nauðsynleg varzla samkv. 8. gr. frv. og 9. gr. 1. málsgr. greiðist úr ríkissjóði. Með ákvæðum frv. er ætlazt til þess. Svo er ætlazt til þess, að ríkissjóður fái ⅝ hluta af þessu endurgreitt með 10 aura gjaldinu á hverja kind, sem leggst á þá menn, sem búa á ósýktu svæðunum. Í 26. gr. frv. er talað um, að „allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. grein, sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist að ⅝ hlutum úr ríkissjóði, en ⅜ sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum". Nú mætti líta svo á, að það væri mótsögn í þessum tveimur gr. Þess vegna hefur n. lagt til að gera smábreyt. á frv., að aftan við 10. gr. bætist: samanber 26. gr. En í 26. gr. er ákveðið, að ríkissjóði skuli endurgreiddir ⅝ hlutar af þeim kostnaði við girðingarnar, sem viðkomandi héruðum ekki ber samkv. því, sem tekið er fram í 8.—11. gr., að greiða. Þetta þykir okkur skýrara. Og til þess að það komi fram, að um endurgreiðslu sé að ræða, þá er í brtt. okkar gert ráð fyrir, að 26. gr. frv. verði breytt, svo að hún verði þannig, að orðið verði byrjunin á henni svo: „Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. gr. og viðkomandi héruðum er ekki gert að standa straum af, greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður fær síðan ⅝ hluta kostnaðarins endurgreidda, og sé því gjaldi jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið" o. s. frv. Með þessu eru tekin af öll tvímæli um þetta atriði, sem ég gat um, og þá er þetta alveg eins og það hefur verið haft í framkvæmdinni til þessa og eins og ætlazt er til með frv., að það sé í l. En eins og þetta er orðað í frv., gæti það kannske misskilizt.

Það var ekki fyrr en í morgun, sem við fórum í að semja þessar brtt., og þess vegna eru þessar brtt. skrifl.

Forseti (EÁrna): Mér hafa verið afhentar skrifl. brtt. frá landbn., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 633].

Brtt. eru of seint fram bornar og auk þess skrifl., og mun ég því leita afbrigða frá þingsköpum, til þess að þær megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 633,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 633,2 samþ. með 10 shlj. atkv,
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 67. fundi í Nd., 26. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 634).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Gísli Guðmundsson:** Ég vildi nota tækifærið, úr því að málið kom aftur fyrir deildina, til að bera fram brtt. við ákvæði 27. gr. um það, til

hvers því fé skuli varið, sem veitt er á fjárl. til stuðnings fjáreigendum, sem bíða tjón vegna ráðstafana við varnir gegn sauðfjársjúkdómum. Þar finnst mér vanta eitt atriði, sem ætti að vera þar. Þeir bændur, sem eiga grunað fé eða sýkt og verða að flytja það yfir ósýkt svæði til slátrunar, verða að flytja það á bifreiðum, og því hlýtur að fylgja nokkur kostnaðarauki fyrir þá. Mér finnst sjálfsagt, að nokkru af stuðningsfénu verði varið til að standast þann aukakostnað, því að þetta er gert beint í þágu varnanna. Ég vænti þess, að þessu verði tekið vinsamlega og af skynsemd hér í deildinni. Það væri e. t. v. æskilegt, að hv. landbn. athugaði brtt. mína, sem ég verð að bera fram skriflega. Hún er á þá leið, að aftan við 3. lið af 5 í 27. gr. komi nýr liður um, að greiða megi kostnað við bifreiðaflutning sláturfjár, sem flytja þarf yfir ósýkt svæði til sláturstaðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 649) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Bjarni Ásgeirsson:** Ég tel ekki ástæðu til, að landbn. þurfi að ræða sameiginlega um þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í Ed., né heldur brtt. þá, sem hv. þm. N.-Þ. hefur borið fram. N. mun ekki telja sérstaka ástæðu til að hrekja málið enn milli deilda. Og ég vil heldur leggja móti því, að skrifl. brtt. sé samþ., þar sem ég tel hana óþarfa. Þótt horfið yrði að því að bæta mönnum upp aukakostnað af slíkum flutningum, þarf ekki til þess neinn viðauka við það, sem þegar stendur í 5. lið 27. gr. Þetta er aðeins framkvæmdaratriði, sem nægileg heimild er fyrir, ef það þykir sanngjarnt á annað borð.

***Gísli Guðmundsson:** Ég get ekki fallizt á það hjá hv. form. landbn., að óþarft sé að samþ. brtt. þessa. Alveg nýlega, eftir að frv. hafði verið afgr. héðan til Ed., varð mér kunnugt um dæmi, er sýnir nauðsyn þessarar breytingar, og fleiri dæmi munu vera til. Ég veit, að mæðiveikinefnd telur sig bresta heimild til að veita slíkan stuðning.

Ef fram kæmu frá ábyrgum mönnum þær skýringar á 27. gr., að rétt væri að framkvæma hana á þennan hátt, án breytingarinnar, mundi ég eftir atvikum geta sætt mig við það. Hefði hæstv. landbrh. verið viðstaddur, hefði ég viljað bera fram fyrirspurn til hans um þetta. Fái ég ekki slíka skýringu, verð ég að halda fast við það, að brtt. mín komi undir atkv. Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði umr., svo að n. geti athugað málið. Það er eðlilegt, að hún eða einstakir nm. séu ekki búnir að átta sig á þessu tafarlaust.

***Bjarni Ásgeirsson:** Ég óska þess alls ekki f. h. landbn., að málinu verði frestað. Vitanlega get ég ekki svarað f. h. hæstv. landbrh. En augljóst er, að svo mörg merk atriði verður framkvæmdarvaldið að ákveða um, að þetta er hvorki einstætt né viðurhlutameira en sum önnur, sem þó er engin leið að telja upp eða skilgreina með nauðsynlegri nákvæmni í sjálfum lögunum. Því er gefin rúm heimild um þessi framkvæmdaratriði í 27. gr. Ég tel það tvímælalaust ráðstafanir vegna framkvæmdar laganna, ef valdboð neyðir menn til að flytja féð þannig, og þá sé eðlilegt að bæta þann aukakostnað og fyllilega á valdi mæðiveikinefndar að gera það.

Umr. frestað.

Á 68., 69. og 70. fundi í Nd., 27. og 28. maí, 4. júní, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 5. júní, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 634, 649).

***Gísli Guðmundsson:** Það eru aðeins nokkur orð út af brtt. á þskj. 649, sem ég vil minnast á, enda þótt ég hafi mælt með henni hér við umr. síðast, þegar þetta mál var til umr., og vil ég því stuttlega minnast á efni till. nú. Hún er um það, að hið opinbera greiði kostnað, sem af því leiðir, ef mæðiveikinefnd eða sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipar bifreiðaflutning á sauðfé af sýktum svæðum yfir ósýkt svæði. Það er í einstaka tilfellum, sem þetta er talið nauðsynlegt, að banna fjárrekstra frá sýktum svæðum yfir ósýkt, og þá verður að flytja sauðféð á bifreiðum, og er það vitanlega þó nokkur kostnaður fyrir þá bændur, sem þar eiga í hlut. Það virðist vera mjög eðlilegt, að hið opinbera tæki á sig þennan kostnað og hann sé greiddur af því fé, sem ætlað er til sauðfjársjúkdómavarna. Hér er um að ræða kostnað, sem ákaflega auðvelt er að sjá, hver er, og ég hygg ekki ákaflega mikill í heild, en fyrir einstakling getur orðið erfitt að borga þann kostnað, sem af þessum flutningi getur leitt. Og virðist þetta því vera mjög sanngjarnt mál.

***Bjarni Ásgeirsson:** Ég hef lýst við þessa umr. áður, að mér þætti eðlilegast, að þetta væri óbundið að l., vegna þess að það yrði að skoða sem framkvæmdaatriði, sem stjórn þessara mála hefði í sínum höndum að ákveða í hvert skipti. Ég hef aflað mér frekari upplýsinga síðan og orðið þess áskynja, að á undanförnum árum hefur þráfaldlega orðið að fyrirskipa svipaðan kostnað þeim, sem till. fjallar um, vegna flutnings fjár frá sýktu svæði yfir ósýkt, og get ég upplýst, að nefndin hefur í fæstum tilfellum tekið á ríkið þann kostnað, sem af því hefur leitt. Og ég er hræddur um, að ef þetta ákvæði væri bundið í l., mundi það draga þann dilk á eftir sér, að nokkuð víða á þessum sýktu svæðum gætu menn samkv. till. gert kostnaðarkröfu. Það stendur víða þannig á, bæði á mæðiveikisvæðum og garnaveikisvæðum, að menn taka á sig sérstakan kostnað, sums staðar flutning á fé sjóveg, sömuleiðis kostnað við bílflutning, og í þriðja lagi dýran vörð með fjárrekstrum, til þess að koma í veg fyrir smitun frá þessum rekstrum á ósýktum svæðum. Ég hygg það mundi baka ríkissjóði mikinn kostnað, sem við sjáum ekki fyrir nú, ef þetta yrði samþ. inn í l. Ég verð þess vegna f. h. n. að leggja á móti því, að till. þessi verði samþ. Hins vegar hygg ég, að undir einstökum kringumstæðum gæti vel komið til greina að taka

þátt í kostnaði, þar sem hann kynni að verða mjög mikill hjá einhverjum einstaklingum við að koma frá sér fé. En að greina á milli, hvenær það skuli gert eða ekki gert, álít ég rétt að leggja í vald framkvæmdanefndar.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Mér er sagt, að það hafi verið beðið eftir, að ég gæfi yfirlýsingu um þá brtt., sem fyrir liggur frá hv. þm. N.-Þ. Ég hef ekki getað aflað mér svo ýtarlegra upplýsinga um það, hve mikilli upphæð mundi nema að flytja fé gegnum sýkt svæði, að ég geti gefið ákveðna yfirlýsingu um það, hvort ríkisstj. sér sér fært að greiða hann allan. En ég hef hugboð um það, að þetta sé þó svo víða, að það verði talsvert veruleg fjárhæð, og það vegna þess ekki sízt, að nú er mikil vöntun á bifreiðum og þær dýrar. Að vísu má segja, að því meiri ástæða sé til, að þessi kostnaður sé að einhverju leyti greiddur; og ég tel satt að segja, að l. heimili að taka tillit til þessa að einhverju eða öllu leyti, sem ég býst þó ekki við, að verði gert. En ef sérstaklega stendur á á einhverjum stöðum, að aðstaða sumra, sem þurfa að flytja fé yfir ósýkt svæði, er stórum verri en annarra, þá er mér óhætt að lýsa því yfir, að það mundi verða greiddur mismunur á þeim kostnaði. En að gera það að almennri reglu að greiða kostnaðinn, treysti ég mér ekki til að lýsa yfir á þessu stigi málsins.

*Gísli Guðmundsson: Ég heyri á hv. þm. Mýr., að hv. landbn. hefur síðan síðast var rætt um þetta mál tekið brtt. mína til athugunar, og skýrði hann svo frá, að n. mælti gegn henni. Þetta sannast að segja veldur mér nokkrum vonbrigðum. Ég hefði ekki verið frá því að breyta eitthvað orðalagi till., ef samkomulag hefði fengizt við n., en það hefur ekki á það verið minnzt við mig, og ég því ekki fengið tilefni til að gera það. Ég vil benda á það, að ef ekki er greiddur sá aukakostnaður, sem verður við að flytja fé af sýktum svæðum yfir ósýkt, þá er það algerlega í ósamræmi við þá stefnu, sem tekin er upp í þessu máli. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að varið hefur verið hundruðum þúsunda til varnargirðinga víðs vegar um landið. Og þessar varnargirðingar eru vitanlega ekki settar vegna þeirra svæða, þar sem fé er sýkt, heldur vegna þeirra svæða, þar sem sýkin er ekki enn komin. Og það dettur engum í hug, að bændur á sýktu svæðunum eigi að borga girðingarnar, heldur gerir ríkið það, og auk þess er lagður nokkur skattur á þá, sem eru á ósýktum svæðum. Þess vegna er það, þegar málið er athugað nánar, hrein fjarstæða, borið saman við stefnuna að öðru leyti í þessu máli, að ætla mönnunum, sem búa á sýktu svæðunum, að greiða sjálfir kostnaðinn við það að verja önnur svæði fyrir sýkingu frá fé þeirra. En það, sem hér er um að ræða, er ekkert annað en það, að verið er að gera ráðstafanir til þess að framkvæma sérstakan og dýrari flutning á rekstrum frá þessum svæðum til þess að verja önnur svæði.

Það getur verið, að það þýði ekki mikið að ræða þetta mál, úr því að landbn. hefur tekið slíka afstöðu til þess, og skal ég því ekki fara um það mörgum orðum. En ég geri ráð fyrir, að það komi í ljós, þótt seinna verði, að mönnum þyki hér nokkuð mikið ósamræmi vera. Og ég er satt að segja alveg forviða, að hv. landbn. skuli ekki hafa viljað ganga til móts við till. mína. Þó að ekki sé e. t. v. líklegt, að till. mín verði samþ., eins og tekið er í hana, sé ég ekki ástæðu til að taka hana aftur. Enda þótt hún verði felld, kemur það engan veginn í bága við yfirlýsingu hæstv. landbrh. um velviljaðan skilning á l. eins og þau eru. Annars þakka ég fyrir þau ummæli hans, að hann vildi taka sérstakt tillit til þessa flutnings undir sérstökum kringumstæðum, og vil ég vænta, að úr því verði.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég sé ekki annað en að það, sem hæstv. landbrh. sagði, falli nákvæmlega saman við það, sem ég sagði um þetta mál f. h. n., og get ég látið mér það vel lynda. Ég taldi, að framkvæmdanefnd þessa máls hefði þetta atriði í hendi sér, hvort hún vildi undir sérstökum kringumstæðum taka þátt í kostnaðinum við þessa flutninga. En hins vegar lýsti ég því yfir, að það hefði ekki verið yfirleitt gert á undanförnum árum, þó að einstök dæmi kunni að finnast. Og þess vegna er það alls ekki rétt hjá hv. þm. N.-Þ., að það að leggja á móti till. hans sé í ósamræmi við stefnu málsins á undanförnum árum. Það er alveg í samræmi við þá stefnu, sem fylgt hefur verið, að fjáreigendur sjálfir hafa orðið að bera kostnað af flutningunum. (GG: Ekki kostnaðinn við girðingarnar). Það eiga þeir ekki heldur að gera, sem hér eftir fá girðingar í námunda við sig. Ég verð að segja, að það, sem hv. þm. fer fram á nú, að tekinn væri nokkur þáttur í kostnaðinum, þar sem hann kynni að verða meiri á einum stað en yfirleitt á öðrum, það kemur alls ekki fram í brtt., heldur er samkv. henni ætlazt til, að borinn sé allur kostnaður af flutningi fjárins. Og það er vitanlega í hæsta máta ósanngjörn krafa, því að alltaf kostar eitthvað að flytja fé, og meira að segja hafa bændur stundum talið sér engan óhag að flytja fé á bílum, samanborið við að reka það.

En sem sagt, ég stend við það, að ég legg á móti því, að till. verði samþ., því að ég óttast svo aukinn kostnað vegna þessa máls, sem ekki sé á bætandi. En hins vegar hefur n. í hendi sér, eða landbrh. í broddi fylkingar, heimild samkv. öðrum ákvæðum þessara l. til að veita nokkurn stuðning í þessu sem öðru, þar sem sérstaklega stendur á, að fjáreigendur verða hart úti.

*Gísli Guðmundsson: Í tilefni af því, sem hv. þm. Mýr. sagði hér síðast, skal ég geta þess, að fyrir mér hefur ekki vakað annað en það, að greiddur yrði mismunur á flutningi fjár með bifreiðum og venjulegum flutningi. En úr því að ég verð var við, að hv. landbn. leggur þennan skilning í till., vil ég fá tækifæri til að bera fram við hana skrifl. brtt., þar sem þetta er skýrt orðað, að í staðinn fyrir að „greiða kostnað“ komi: greiða aukakostnað við bif-

reiðaflutning slátурfjár. Mun ég leyfa mér að afhenda forseta skrifl. brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. frá þm. N.-Þ. (sjá þskj. 689) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

*Bjarni Ásgeirsson: Þessi brtt. breytir ekki þeirri afstöðu n., að hún telur þessa samþ. algerlega óþarfa. Og heimildin, sem er í l. til þess að standa undir slíkum kostnaði, ef til kemur, er jafnt eftir sem áður. Sé ég því enga ástæðu til að samþ. till. heldur í þessu formi.

ATKVGR.
Brtt. 689 felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, SvbH, ÁÁ, BjB, EE, EmJ, FJ, GG, HelgJ, JörB.
nei: JóhJón, JPálm, PO, SEH, StSt, ÞBr, BÁ, EystJ, JakM, JGM.
GSv greiddi ekki atkv.
12 þm. (JÍv, ÓTh, PHann, SK, StgrSt, TT, VJ, BJ, GÞ, HG, HV, ÍslH) fjarstaddir.
Brtt. 649 felld með 12:6 atkv.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 691).

80. Stríðsslysatrygging sjómanna.

Á 50. fundi í Ed., 3. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna (þmfrv., A. 337).

Á 52. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það þarf ekki að láta fylgja þessu frv. mörg orð. Eins og grg. ber með sér, er það flutt eftir ósk minni í samræmi við það, sem talað var um innan ríkisstj., og í þeim tilgangi, að fullnægt verði ákvæðum í nýgerðum samningi milli sjómannafélaganna og eigenda íslenzkra farskipa, sem þar áttu hlut að máli.

Fyrri gr. er um breyt. á skipulagi stríðstryggingarfélaganna, sem annast þessa vátryggingu og hafa gert það frá því að til hennar var stofnað í upphafi. Sú skipulagsbreyt. á rætur sínar að rekja til ákvæða 2. gr., þar sem slysatryggingin skal hækkuð um helming frá því, sem áður var. En þessa tryggingu skal greiða með öðrum hætti en sem lífeyri til eftirlátinna ættmenna þeirra sjómanna, sem kynnu að farast af stríðsslysum.

Hefur orðið fullt samkomulag um frv. þetta milli útgerðarmanna og sjómanna og gert í samráði við ríkisstj. Hér er því ekkert annað að gera en staðfesta vilja allra aðilanna. Ég tel, að málið þurfi ekki að fara til n. og vona, að það gangi greiðlega gegnum þingið.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég vil aðeins bæta við það, sem sagt hefur verið um þetta mál, að það er flutt af allshn. Ég geri ráð fyrir, að n. taki til athugunar, hvort ekki þarf að gera einhverjar breyt. á frv. Mér dettur í hug, hvort frv. á ekki að vera heldur víðtækara en hér er gert ráð fyrir. Ef til þess kemur, að önnur skip sigli milli landa en þarna greinir, mundi þurfa önnur l. til að lögfesta þá tryggingu, sem mundi gilda það sama um og í þessu frv. Ætti því að koma inn í frv. möguleika fyrir því að tryggja alla menn, sem sigla á fiskiskipum. Þetta getur n. gert milli umr., án þess að málinu verði vísað beinlínis til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 7. maí, ar frv. tekið til 2. umr. (A. 337, 403).

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Við 1. umr. málsins gerði hæstv. félmrh. grein fyrir efni frv., og er því óþarfi að fara út í það nú. Við athugun frv. hjá allshn.,-sem flutti málið, kom í ljós, að nauðsyn ber til þess að gera nokkru víðtækara það, sem felst í 2. gr., og það fer brtt. fram á. Í frv. er aðeins gert ráð fyrir því, að þessi tryggingarskylda sé bundin við farskip ein, og stafar það af því, að þar hafa verið gerðar samþykktir um þessar tryggingar. Hins vegar má reikna með því, þó að síðar verði, að það verði gerðar samþykktir sömuleiðis hvað tryggingarnar snertir á öðrum skipum. N. þótti rétt að láta þetta koma strax fram við þessa umr., að slíkar skyldur skyldu einnig hvíla á útgerðarmönnum, sem ráða skipum, þegar þau byrja að sigla til útlanda. Að öðrum kosti hefði þurft að bera fram nýtt frv., sem lögheimilaði þetta. Ég býst við, að það verði enginn ágreiningur um þetta, sem sjálfsagt mun vera talið nauðsynlegt. Ég get upplýst það, að þær litlu umr., sem fram hafa farið milli fulltrúa togaraeigenda og sjómanna, bera það með sér, að það hefur verið gengið út frá því, að tryggingarnar verði samhljóða því, sem nú hefur verið samþ. um hafskip, og þessi brtt. byggist að miklu leyti á því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 403 samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. ((A. 405).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 4. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 405, n. 676, 444).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Mér nægir að vísa til nál. á þskj. 676. Meiri hl. n. og raunar n. öll hefur orðið ásátt um að mæla með samþykkt frv., þó að dálitill ágreiningur sé um brtt. n., með því að einn nm. gerir fyrirvara um eina till. En till. sú er fólgin í því, að breytt er dálítið ákvæðum um, til hverra skipa þessi trygging skuli ná.

Fyrri liður seinni till. er aðeins orðalagsbreyt. Þótti okkur skýrar kveðið á eins og við leggjum til.

Síðari liðurinn er aftur á móti nýmæli, þar sem ætlazt er til, að kveðið verði á um upphæð iðgjalda. Fiskiskip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa, skulu samkv. till. greiða í iðgjald, frá 1. jan. 1941 að telja, 4 kr. fyrir hvern tryggðan skipverja á viku, en ríkissjóður afgang iðgjaldsins. Uppbót (bonus), sem þessum skipum kann að tilfalla, gengur fyrst og fremst til endurgreiðslu á framlagi ríkissjóðs. N. hefur skilizt svo um þetta atriði, og eins það, hve víðtæk tryggingin er gerð, að samkomulag sé um það milli fulltrúa þeirra, sem hér eiga hlut að máli.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vil aðeins geta þess, að ég tek aftur brtt. á þskj. 444, þar sem fyrri brtt. n. á þskj. 676 gengur í líka átt, og hún er gerð í samráði við mig, að nánar athuguðu máli og eftir viðræður við fulltrúa útgerðarmanna.

Að öðru leyti hef ég ekkert um brtt. að segja. Ég tel þær til bóta og get mælt með því, að þær verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 444 tekin aftur.

— 676,a (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 676,b samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—3. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 5. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 683).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 72. fundi í Ed., 5. júní, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., efir 3. umr. þar.

Á 73. fundi í Ed., 7. júní, var frv. tekið til einnar umr.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Mér þykir hlýða að geta nokkuð um þær breyt., sem þetta frv. hefur tekið í Nd.

1. breyt. er við 1. gr. l., 1. málsl., og er það aðalbreyt. Fjallar hún um það, að fjögurra smálesta skip skuli vera lágmark þeirra skipa, sem skylt er að tryggja. Skip, sem eru fyrir neðan 4 rúmlestir, eru ekki tryggð.

Hin breyt. er við 2. gr. l. og gengur út á það, að skylt sé að kaupa stríðsvátryggingu hjá Stríðsvátryggingafélagi íslenzkra skipshafna fyrir svo háa upphæð sem félagsstjórnin telur fært. Þá er þar rætt um endurtryggingar, að taka skuli þær, ef þær eru fáanlegar, en sé svo ekki eða aðeins að nokkru leyti, þá skuli ríkissjóður ábyrgjast það, sem á vantar fulla tryggingu. Þetta er svo í l. bundið við vissa upphæð, sem ríkisstj. leggur fram í þessu skyni.

Þá koma ákvæði um iðgjöld þeirra, sem fiskveiðar stunda á fiskiskipum hér við land, en sigla ekki. Er iðgjaldið ákveðið 4 kr. á skipverja á viku, en ríkissjóður tekur að sér að greiða það, sem á kann að vanta, svo að þörf félagsins sé fullnægt. Enn fremur er svo kveðið á, að „bonus“ eigi fyrst og fremst að ganga til endurgreiðslu á framlagi ríkissjóðs.

Þetta nýja ákvæði er í raun og veru það samkomulag, sem hefur verið rætt um í þessari d., að verið væri að reyna að komast að. En það kemur fyrst fram hér í d. sem breyt. á frv., gerð í Nd.

Ég held, að þetta sé í samræmi við vilja meðnm. minna, þótt ég hafi ekki haft tækifæri til að ræða þetta við þá nú, því þetta er aðeins uppfylling á því loforði, sem fékkst með samkomulaginu. Og vona ég svo, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 705).

---

81. Varnargirðingar gegn sauðfjársjúkdómum og fjárskipti.

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um girðingar til varnar útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti (þmfrv., A. 166).

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

*Gísli Guðmundsson: Því er yfirlýst hér, að frsm. málsins (BÁ) sé ekki við, og mér virðist það fremur óviðfelldið, að þetta stóra mál fari hér gegnum þessa umr. án þess að nokkur grein sé fyrir því gerð af neinum málsaðila. Þess vegna vildi ég stinga upp á því við hæstv. forseta, að þessari umr. yrði frestað, þangað til hv. frsm. málsins gæti verið viðstaddur eða einhver úr hv. landbn., sem gæti gert grein fyrir málinu, því hugsanlegt væri, að einhver annar en hv. frsm. gæti fylgt því úr hlaði.

Forseti (JörB): Það er réttilega á það bent af hv. þm. N.-Þ., að þetta mál er stórvægilegt. — Ég get orðið við þeim tilmælum hv. þm. að fresta umr. um málið að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

*Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það þýðir ekki mikið að hafa langar umr. um þetta frv., þótt hér sé um mikið mál að ræða, enda er búið að flæma alla hv. þm. út úr d. með lagaskýrsluflækjum, sem flestum stendur á sama um og enginn hefur áhuga fyrir. Samt verður að reyna að koma málinu eitthvað áfram.

Frv. þetta er samið og samþ. af búnaðarþinginu og sent Alþ. til flutnings. Landbn. flytur það óbreytt eins og það kom frá búnaðarþinginu, en áskilur sér rétt til að gera á því smábreytingar og leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir, í aðalatriðum. Frv. er í 5 köflum, en ekki nema tveim aðalefnisköflum. Fyrsti kaflinn er um varnarlínur, sem leggja skuli og við haldið til varnar útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma. Hinir kaflarnir eru að mestu leyti ákvæði um útrýmingu búfjársjúkdóma, fjárskipti og bætur af hálfu ríkisstj. til þeirra bænda, sem að þessum fjárskiptum standa.

Ég vil geta þess, að þó að allar varnarlínurnar séu taldar upp í l., eru þær ekki allar nýjar, og sumar að miklu leyti lagðar. Skal ég skýra þetta nánar.

1. línan: Við Þjórsá, til að mestu leyti.

2. línan: Við Ölfusá, Hvítá og Jökulfallið, ekki til.

3. línan: Yfir Reykjanesið hjá Straumi til Herdísarvíkur, er til.

4. línan: Frá Hvalfirði í Langjökul, hún er ekki til nú, en talið nauðsynlegt að setja hana upp strax til að bægja frá Borgarfirði þeirri hættu, sem honum stafar af garnaveiki í Árnessýslu.

5. línan: Við Hvítá í Borgarfirði, upp í Stafholtstungur og þaðan milli Hvítár og Norðurár norður í varnarlínu II, ekki til.

6. línan: Yfir Snæfellsnes milli Skógarness og Álftafjarðar, er til.

7. línan: Úr Hvammsfirði í Hrútafjörð, er til.

8. línan: Úr Gilsfirði í Bitrufjörð, er til.

9. línan: Úr Kollafirði í Ísafjörð, er til.

10. línan: Úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð, er til.

11. línan: Úr Hrútafjarðar—Hvammsfjarðargirðingu í Langjökul, ekki til.

12. línan: Með Blöndu í Kjalargirðingu eða Hofsjökul, er ekki til.

13. línan: Með Héraðsvötnum og Jökulsá eystri í Hofsjökul, til að mestu leyti.

14. línan: Með Skjálfandafljóti, er ekki til.

15. línan: Með Jökulsá á Fjöllum, sjálfgerð.

16. línan: Frá sjó við Kópasker í Loka við Þistilfjörð, er ekki til nú, en ákveðið að leggja hana í sumar, hvort sem það verður lögákveðið eða ekki.

17. línan: Úr Jökulsá norðan Hólsfjalla í Miðfjörð, er ekki til.

18. línan: Með Jökulsá á Brú, er sjálfgerð.

19. línan: Frá Eskifirði um Eskifjarðarheiði með Eyvindará í Lagarfljót við brúna, og úr botni Lagarfljóts með Gilsá um Fossárdal í Berufjörð, er ekki til.

20. línan: Úr Hornafjarðarfljóti í Vatnajökul, er ekki til.

21. línan: Með Jökulsá á Breiðamerkursandi, er sjálfgerð.

22. línan: Yfir Kjöl milli Hofsjökuls og Langjökuls, er til að mestu leyti.

23. línan: Úr girðingu undir tölulið 19, sem næst sýslumörkum milli Austur-Skaftafellssýslu og Suður- og Norður-Múlasýslu til jökla, er ekki til.

Þessar línur, sem hér hafa verið nefndar eða ákveðnar, voru samþ. með öllum shlj. atkv. á nýafstöðnu búnaðarþingi, og var talið nauðsynlegt, að línum þeim, sem enn er ókomið upp, verið komið upp á næstunni, en það er þó vitanlega mismikil þörf á að koma þeim upp.

En ég skal geta þess, að þó að nokkur átök eða deilur hafi verið á búnaðarþinginu um síðasta kafla frv., um hversu mikla áherzlu skyldi leggja á niðurskurðinn, þá voru allir sammála um það, að nauðsynlegt væri að koma þessum línum upp til varnar gegn útbreiðslu veikinnar.

Ég ætla þá að fara örfáum orðum um útbreiðslu þessara sjúkdóma. Landbn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og þessi löggjöf fjallar um að reyna að sporna við útbreiðslu þeirra.

Þá er það fyrst og fremst mæðiveikin, sem hefur lagt undir sig mikinn hluta Árnessýslu og alla Gullbringu- og Kjósarsýslu. Enn fremur mikið af Snæfellsnes- og Dalasýslu, A.-Barðastrandarsýslu, Húnavatnssýslu og nokkuð af Skagafirði.

Það hefur tekið nú um 2 ár að stöðva frekari útbreiðslu veikinnar út fyrir þessi takmörk, og hefur tekizt að halda henni í skefjum, og er von um það, að með þessum girðingum takist að stöðva veikina þarna, en samt sem áður er engin vissa fyrir því.

Í þessu frv. er engu slegið föstu, en hins vegar er gefin heimild til þess, að fjárskipti geti farið fram á einstaka svæðum, ef þeim ákvæðum er hlýtt, sem um það eru sett. Yfirleitt er litið þannig á þetta mál, að vel geti komið til mála að byrja á niðurskurði á veikindasvæðinu, og eru allir sammála um það, að ef að niðurskurði yrði horfið, væri sjálfsagt að byrja á því að þrengja þetta pestarsvæði smátt og smátt. En hins vegar býst ég við, að óhjákvæmilegt verði að taka til þess mörg ár. En í sambandi við þetta eru svo miklir erfiðleikar, að út í það er

alls ekki leggjadi. Það má segja, að nú sé sérstaklega mikill skaði að því að hverfa að niðurskurði í stórum stíl, vegna þess hversu framkvæmdasmátt þetta er, sem væri mjög iskyggilegt nú á þessum stríðstímum. Þess vegna má búast við, að það tæki mjög langan tíma, ef að niðurskurði yrði horfið. Hins vegar þótti samt sem áður rétt að gefa heimild til þess, svo að farið yrði að vinna að þessu. En einmitt vegna þess, að þetta tekur langan tíma, er ekki hægt að hverfa frá því ráði að veita styrk þeim héruðum, þar sem veikin geisar og ástæðurnar eru verri til þess að halda búskapnum við.

Sumir hafa mikla trú á því, að finna megi fjárstofna á þessum svæðum, sem hefðu það sterka mótstöðu, að takast muni, með því að drepa úr þessum stofnum, að koma upp fjárkynjum, sem stæðu af sér mæðiveikina. Halldór Pálsson ráðunautur hefur rannsakað þetta mál að undanförnu og fært fram rök fyrir því. Þannig mætti halda uppi og herða þennan stofn, en gefa þó að öðru leyti heimild til þess að þrengja þetta svæði og skera niður. Það getur vel verið, að þegar búið er að þrengja þetta svæði nokkuð, þá væri nokkurn veginn tryggt, að komið væri svo langt, að ekki þyrfti að hverfa að fullum niðurskurði. En þetta liggur allt fyrir til tilrauna, og þetta frv. gefur heimild til þess, að þær tilraunir verði gerðar.

Þá ætla ég nokkuð að víkja máli mínu að annarri tegund þessara sjúkdóma. Það er garnaveikin, sem ekki hefur náð sömu útbreiðslu og mæðiveikin, en er samt mjög skæð. Hún er nú t. d. í Árnessýslu, Hreppunum, Skeiðum og nokkuð í Flóanum. Einnig nokkuð í Skagafirði, en þar hefur verið reynt að útrýma henni með því að drepa niður sjúkt fé, þar sem hún hefur gengið. Það eru líka miklar líkur fyrir því, að þar, sem veikin er ekki þeim mun útbreiddari, megi takast að ráða niðurlögum hennar með prófun, sem sérfræðingar hafa haft til rannsóknar, sem er þannig, að skorið er niður allt það sjúka fé, sem kemur í ljós við þessar prófanir. Mér er sagt, að nú standi yfir að fullkomna þessa sjúkdómsprófun þannig, að líkur séu fyrir því, að hún geti orðið enn þá öruggari en hún hefur reynzt á undanförnum árum.

Þá er þessi veiki mjög útbreidd í tungunni milli Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú. Þarna er hún langútbreiddust og hættulegust, og mestar líkur eru fyrir því, að niðurlögum hennar verði ekki ráðið nema með almennum niðurskurði og fjárskiptum.

Auk þess er þessi veiki komin í Múlasýslurnar, á Velli, í Eiðaþinghá, um Reyðarfjörð, Hróarstungu, Breiðdalsvík, Stöðvarfjörð og jafnvel Berufjörð. En þar er hún tiltölulega lítið útbreidd enn þá, og eru miklar líkur fyrir því, að hægt verði að útrýma henni með litlum niðurskurði. En til þess að hægt sé að stöðva hana og útrýma er nauðsynlegt að koma upp varnarlínum á þessum stöðum.

Þá ætla ég að nefna einn sjúkdóm, sem menn hafa veitt athygli á síðari árum. Það er hin svokallaða þingeyska veiki, sem hefur verið í Þingeyjarsýslunum. Þessari veiki svipar mjög til mæðiveikinnar, en er þó allt annar sjúkdómur og er af fræðimönnum talinn miklu verri heldur en mæðiveikin, því þar sem hún leggst á stofnana, drepur hún þá til fulls, en mæðiveikin skilur þó alltaf eftir nokkur %. Þetta er hitaveiki, sem verkar þannig, að féð drepst. Af því þessi veiki er á tiltölulega litlu svæði, er nú verið að reyna að afmá hana í Þingeyjarsýslunum, og gerðar hafa verið ráðstafanir til að koma upp girðingum nú í sumar og ráða niðurlögum hennar til fulls.

Þetta eru þær fjárpestir, sem hafa reynzt ískyggilegastar og verið er að glíma við nú. Fyrst og fremst af þeim mönnum, sem búskap stunda á þessum svæðum, og einnig af ríkinu með rannsóknum og girðingum til að hefta útbreiðslu þeirra.

Ég get aðeins minnzt á eina veiki enn þá, sem er á nokkrum stöðum, en er ekki nærri því eins hættuleg og hinar. Það er kýlapestin. Það er heldur ekki vissa fyrir því, að þetta sé ný veiki, og líkur fyrir því, að hægara verði að ráða niðurlögum hennar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að rekja þetta mál meir. Þeir, sem kynnu að hafa áhuga fyrir því, geta farið í gegnum frv. og kynnt sér það. En ég vil geta þess, að mesta áherzlan er lögð á það, að kaflinn um girðingarnar verði að lögum. Hitt teljum við einnig rétt, að á skæðustu svæðunum verði veitt heimild til fjárskipta, eins og gert er ráð fyrir í 2. kafla frv. Enn fremur teljum við sjálfsagt, að hægt verði farið á stað með þennan niðurskurð.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu.

*Gísli Guðmundsson: Ég vil við þessa umr. aðeins gera fáar aths. við málið. Ég vildi í fyrsta lagi spyrjast fyrir um það hjá hv. landbn., hvernig eigi að skilja ákvæðið í 4. kafla frv., 24. gr. 3. tölul., þar sem svo er ákveðið, að þeir fjáreigendur, sem hafa orðið fyrir fjárfækkun af völdum sjúkdóma, þegar niðurskurður hefur farið fram, fái í nokkur ár á eftir uppeldisstyrk og sömuleiðis vaxtastyrk vegna þeirrar fjárfækkunar, eftir þeim reglum, er mæðiveikinefnd setur. Ég vildi spyrjast fyrir um það hjá hv. frsm., hvort þetta eigi við um þann niðurskurð, sem þegar hefur farið fram hjá nokkrum fjáreigendum t. d. vegna garnaveikinnar, en síðan hvort þetta eigi við þá fjárfækkun, sem orðið hefur af völdum þess niðurskurðar, sem farið hefur fram þarna hjá nokkrum fjáreigendum án þess um almennan niðurskurð hafi verið að ræða. Í öðru lagi vildi ég gera þá aths. almennt um þetta mál, að mér finnst, að þegar þessi l. væru sett, þá væri nokkuð athugunarefni, hvort ekki ætti að steypa saman í einn lagabálk öllum þeim ákvæðum, sem sett hafa verið um þessi mál frá því Alþ. tók þau fyrst til meðferðar. Mér virðist, að a. m. k. sé ástæða til þess, þegar ný l. eða nýjar reglur eru settar um þessi mál, að athuga, hvort samræmi er milli þeirra ákvæða, sem sett verða, og þeirra ákvæða, sem áður hafa verið sett viðkomandi þeim sauðfjársjúkdómum, sem áður hafa verið hér á landi.

Það er einnig annað, sem ég vildi gera aths. við. Ég veit ekki, hvort svo er um fleiri hv.

þm., en mér virðist, að þm. fái í raun og veru of litlar upplýsingar um þessi mál til þess að taka um þau ákvarðanir. Það eru nokkur ár síðan fyrst kom til, að farið var að hafa meiri afskipti af þessum sauðfjársjúkdómum. Á fyrsta stigi málsins var það svo, að það voru mjög takmarkaðar upplýsingar, sem voru fyrir hendi um þau, og um framkvæmdir varð lítið. En nú hefur verið unnið að þessu máli nokkur ár viðkomandi hinum eldri búfjársjúkdómum, bæði að rannsóknum og líka að framkvæmdum nýrrar löggjafar, sem Alþingi hefur sett og falið sérstakri nefnd.

Mér finnst eiginlega, að það hefði verið ástæða til þess, að þegar þetta mál er tekið fyrir hér í hv. d., þá hefðu þm. átt að vera búnir að fá betri upplýsingar um það en gefnar eru í þessu frv. Þess vegna vildi ég skjóta því til hv. landbn. og hæstv. landbrh., hvort ekki væri ástæða til þess að koma því svo fyrir, að Alþingi hefði haldið fund um þessi mál, sem væri komið þannig fyrir, að þeir menn, sem hafa þessi mál til framkvæmdar, hefðu tækifæri til að vera viðstaddir og gefa alþm. nákvæmar upplýsingar, áður en lengra væri farið.

Ég vildi skjóta þessu fram til athugunar fyrir landbn. um leið og ég vonast eftir svari við fyrirspurn minni.

*Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Viðvíkjandi þeirri fyrirspurn, sem hv. þm. N.-Þ. beindi til mín út af 3. tölul. 24. gr. frv., vil ég segja það, að ég tel það vafalaust, að þær bætur, sem rætt er um í þeim lið, séu miðaðar við þær bætur, sem veittar verða eftir að l. þessi öðlast gildi. Ég hygg, að í hvert skipti sem niðurskurður hefur farið fram á einstaka bæjum, þá hafi bætur verið ákveðnar við viðkomandi fjáreigendur og veittar þá þegar, og yfirleitt hafa þessi mál verið leyst á einn eða annan hátt í hvert skipti, sem niðurskurður hefur farið fram. Þess vegna eru þau ákvæði, sem hér eru sett, um það, hvernig bótum skuli hagað eftir að niðurskurður hefur farið fram. En hins vegar er ég ekki þess fróður, að ég geti gefið upplýsingar um það, hvort þessar bætur eru miðaðar við þær bætur, sem hingað til hafa verið ákveðnar í þessum tilfellum. En þær upplýsingar er sjálfsagt hægt að fá hjá þeim aðilum, sem hafa farið með þessi mál.

Þá er það líka rétt og sjálfsagt að taka það til athugunar, hvort ekki væri rétt að fella í einn lagabálk öll þau ákvæði, sem á þessu þingi yrðu lögfest í þessu máli. Við í landbn. höfum hugsað okkur að taka hin eldri l. um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og fella þau saman í ein l., því að þau eru nú í nokkuð mörgu lagi. En af því að þetta er nýtt mál og órannsakað, hvaða fylgi það hefur hjá Alþingi, þá þótti okkur rétt að bera það fram sem mál út af fyrir sig, því að vel gæti svo farið, að það fengi ekki fylgi hjá þinginu, og meðan ekki væri sýnt um það, er ekki rétt að blanda því saman við önnur lög um svipað efni. Hins vegar get ég fallizt á það, að ef það sýndi sig, að þetta mál gengi gegnum 2. umr. hér í hv. d., þá væru líkur fyrir því, að þá mætti fyrir 3. umr. fella þau saman í einn kafla, sem sendur yrði frá d. til Ed. og gæti orðið að l. í einu lagi, ef Ed. féllist á það. Það má vel vera, að það færi að ýmsu leyti betur á því.

Það getur vel verið, að þm. hafi minni upplýsingar um þessi mál en vera skyldi. En samt sem áður hafa ýmsar upplýsingar komið fram um þessi mál að undanförnu, bæði í ræðu og riti, og hefðu menn því átt að geta aflað sér þeirra. En þm. geta ekki verið með eyru og augu alls staðar, og þess vegna hefur líklega mikið af þessum upplýsingum farið fram hjá þeim.

Landbn. hefur kvatt á sinn fund þá menn, sem hafa haft framkvæmdir þessara mála með höndum, og fengið hjá þeim allar nauðsynlegar upplýsingar. Og ef almennur áhugi er fyrir því að fá nánari upplýsingar, þá mun ekki standa á landbn. að fá þessa menn til að koma til fundar við hv. þm. En það þarf að koma fram á einn eða annan hátt, að almennur áhugi sé fyrir því að fá þessar upplýsingar, og þá mun ég vinna að því, að þessar upplýsingar fáist, ef ég verð var við áhuga fyrir því máli hjá hv. þm.

*Gísli Guðmundsson: Aðeins örfá orð. — Ég vil þakka hv. frsm. fyrir undirtektir hans um þetta mál, og vænti ég, að við 2. umr. geti hann gefið enn frekari upplýsingar viðvíkjandi skilningi á 24. gr. En þetta er vitanlega nokkuð stórt atriði, því að hér er um allmikið mál að ræða fyrir þá bændur, sem svo hefur staðið á fyrir, að ráðamenn þessara mála hafa fyrirskipað að skera niður hjá þeim fé að meira eða minna leyti. Er ástæða til að athuga meðferð þessara mála, hvernig rétt sé og sanngjarnt að taka á slíkum aðgerðum.

Um það, að hv. þm. fengju nánari upplýsingar um þetta, sem gert hefur verið í þessum málum, vil ég aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að mér finnst það eðlilegt — ég veit ekki, hvað öðrum finnst um það —, þar sem talsvert mikill kostnaður hefur verið í sambandi við þessi mál, að birt væri um það skýrsla í einu lagi, hvað þessi kostnaður hefur orðið mikill og hvernig fénu til þessara hluta hefur verið varið í einstökum atriðum. Það hefur ekki verið gefin út nein prentuð skýrsla um framkvæmd þessara mála. Ég vil halda mig við það, að þm. geti fengið nánari vitneskju um þetta allt saman, og helzt sem allra beinast frá þeim mönnum, sem með framkvæmdirnar hafa haft að gera, þannig að tækifæri væri til að leggja spurningar fyrir þá menn, ef mönnum þætti ástæða til að afla sér frekari vitneskju um málið. Hér er um að ræða eitt stærsta og afleiðingaríkasta mál, sem hæstv. Alþ. hefur haft til meðferðar. Og oft hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að þm. fengju að kynna sér mál, sem minna hefur verið um vert.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 42., 45., 46., 48. og 50. fundi í Nd., 22., 26., 28. og 30. apríl og 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 166).

Helgi Jónasson: Mér hefur, sannast bezt að segja, alltaf virzt mæðiveikin. vera nokkuð einráð í sínum störfum, og virðist mér þó, að með þessu frv. sé eigi úr því dregið.

Vegna þess að svo lítur út, að með þessu frv. verði sýslufélögunum bundinn stór fjárhagslegur baggi, þá vil ég mjög ákveðið leggja til, að frv. verði sent sýslunefndunum til umsagnar. Mér skilst, að þær girðingar, sem hér er gert ráð fyrir að setja, eigi að vera til frambúðar. Nú veit ég það t. d. með girðinguna fram með Þjórsá, að hún er á þeim stað, að hún tekur stórar spildur af afréttunum. Þetta hefur verið látið afskiptalaust vegna þeirrar nauðsynjar, sem þessar girðingar hafa verið taldar stafa af, á meðan varnirnar stæðu. En ef við losnum við mæðiveikina og girðingarnar yrðu látnar standa áfram, eins og mér skilst vera gert ráð fyrir, þá veit ég, að ýmsir mundu verða óánægðir. Ég get því ekki fylgt þessu frv. að svo komnu máli. Mér þykir frv. að ýmsu leyti athugavert og vildi mjög mælast til, að það yrði athugað betur.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Hv. 2. þm. Rang. minntist á, að sér þætti mæðiveikinefnd vera nokkuð einráð yfir þessum málum. Mæðiveikinefnd hefur sínar reglur að fara eftir, sem Alþ. hefur sett henni.

Ef girðingarnar verða settar, verður það að sjálfsögðu ákveðið af Alþ., en hins vegar hefur mæðiveikinefnd tillögurétt um það, í hvaða röð þær verði settar og hvenær. Í brtt. landbn. er þetta undirstrikað enn betur, að það skuli aðeins gert, ef nauðsynlegt fé er fyrir hendi. Annars skal ég geta þess út af ummælum hv. þm., að margar þessar girðingar, sem þarna eru upp taldar, eru þegar lagðar. Þá er það ekki heldur rétt, að hér sé verið að binda sýslusjóðunum neina stóra bagga í sambandi við lagningu girðinganna. Það er aðeins ætlazt til þess, að þeir annist ⅓ hluta af viðhaldi girðinganna. Annars ætla ég ekki að fara langt út í að ræða málið. Ég gerði það allýtarlega við 1. umr.

Ég skal enn fremur geta þess, að ákvæði þessara nýju gr., sem landbn. leggur til, að bætt verði aftan við 32. gr., eru aðeins gerð til að kveða skýrar á. Það er ekki gert ráð fyrir, að þessi fjárskipti fari fram nema með samþykki mikils meiri hluta manna í viðkomandi héruðum og samþykki landbúnaðarráðh. liggi fyrir um þau. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að fjárskiptin fari aðeins fram á jaðrasvæðunum fyrst, en færist svo innar, eftir því sem svæðin þrengjast. En þetta þótti n. ekki nógu skýrt í frv. og ber þess vegna fram þessa brtt., sem ég tel óþarft að skýra frekar, en vænti að d. taki vel.

***Sigurður E. Hlíðar:** Ég kann ekki við að láta þetta mál fram hjá mér fara án þess að gera grein fyrir minni afstöðu.

Mér skilst eftir þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar um málið, að það sé einhver deyfð yfir því. Það má skilja það, að hér sé ekki um neitt stórmál að ræða. Þetta er þó eitt stærsta málið, sem fyrir þessu þingi hefur legið, ekki sízt fyrir það, hvað fjárfrekt það er.

Mín afstaða til málsins hefur verið skýrt mörkuð frá því fyrsta, og stafar það vitanlega af því, að ég er fagmaður í þessu máli. En allt um það hefur hv. Alþ. ekki séð ástæðu til að leita minnar umsagnar eða taka tillit til minna tillagna í málinu. Þetta verð ég að taka sem móðgun við mig persónulega, og um leið gefur það til kynna, hversu hv. þm. eru djarfir.

Ég fullyrði, að það sé alls ekki sannað enn þá, að mæðiveikin sé smitandi sjúkdómur. Það hefur enginn getað sannað þetta, heldur þvert á móti. Hér er hins vegar um grundvallaratriði í þessu máli að ræða. En það þýðir víst lítið að koma fram með slíkar staðhæfingar. Það er verið að hólfa í sundur og girða þvers og kruss til að verjast veikinni, þótt hún sé vitanlega meira og minna um landið allt. Þannig mun verða haldið áfram, þar til búið er að króa hverja sýslu af. Ég tel, að hér sé verið að leggja á tæpasta vaðið, og svo tæpt, að ekki sé hægt orðalaust að láta það ganga fram hjá sér. Þess vegna vil ég lýsa því yfir mjög ákveðið, að ég er á móti þessu máli.

Ísleifur Högnason: Mér þykir þetta frv. harla kynlegt, þar sem í því er kafli, sem er eins konar kosningal. Fólkið á í þessu efni að vera sinnar gæfu smiður, sem hlýtur að vera jafnfáfrótt um þessa hluti óg hver annar leikmaður. Ég sé ekki betur en sérfræðingarnir séu í vandræðum með, hvað gera skuli, og séu með þessu að reyna að skjóta sér undan ábyrgðinni. Mér finnst algerlega rangt að setja þessa ábyrgð yfir á fáfrótt fólk um þessa hluti. Og sérstaklega finnst mér, þar sem þetta mál varðar alla þjóðina, þá sé það röng leið að láta aðeins fólkið á jöðrum sýktu svæðanna hafa atkvæðisrétt hér um. Þetta finnst mér vera aðalveilan í frv. Ég geri ráð fyrir, að óhætt sé að samþ. 1. kafla frv. og að hann hljóti að vera til bóta. Enda mun það hafa sýnt sig, að með girðingunum hefur verið hægt að tefja fyrir því, að veikin breiddist víðar út. Hitt álít ég ótækt, að setja fólkinu það í sjálfsvald, hvort taka skuli upp niðurskurð.

Ég vil svo aðeins benda á það, í sambandi við þessi kosningalög, að ég sé ekki réttlætið eða vitið í því, að þeir einir skuli hafa um þetta atkvæðisrétt, sem hafa átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal. Ég sé ekki betur en að þeir, sem eiga 24 kindur, séu eins dómbærir um þessa hluti eins og hinir, sem eiga 25 eða fleiri. Auk þess getur það vel verið svo, að á einu heimili skiptist fjárstofninn milli fleiri manna, þótt heimilið allt sé framfært af honum. En samkv. frv. er slíkum heimilum varnað að láta sínna áhrifa gæta í þessu máli, ef hver einstaklingur á heimilinu á ekki 25 kindur eða fleiri. Ég bendi aðeins á þessa veilu. Annars teldi ég réttast, að ríkissjóður tæki á sig allan kostnað við slíkar tilraunir sem þessar, ef reynt yrði á þann hátt, án fjárhagslegrar áhættu fyrir íbúana, að þrengja smám saman að veikinni.

Helgi Jónasson: Það er rétt hjá hv. þm. Mýr., að samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ætlazt til, að ríkissjóður greiði kostnað við lagningu þeirra girðinga, sem ekki hafa enn verið settar, en í frv. segir, að sýslusjóðir skuli greiða viðhaldskostnað þeirra að ⅓. Og við vitum, að girðingarnar inni á afréttunum ganga mjög úr sér yfir veturinn. Og það getur orðið mjög þungur baggi að þurfa að halda slíkum girðingum við um aldur og ævi. Nú er það svo t. d. um girðinguna við Þjórsá, að stór hluti Holtamannaafréttar er utan við girðinguna. Ég geri ráð fyrir, að okkar sýslufélagi þyki hart að þurfa að halda við girðingu, sem tekur stóra sneið af okkar afréttarlandi. Þótt menn sætti sig við þessa girðingu vegna þeirrar nauðsynjar, sem talin er fyrir hana nú, þá veit ég, að menn yrðu ekkert hrifnir af henni, ef slík nauðsyn væri ekki fyrir hendi, og þá allra síst að vera skyldaðir til að halda henni við að ⅓ sjálfir.

Jón Ívarsson: Þetta mál, sem hér er til umr., er að sjálfsögðu mikið stórmál og þýðingarmikið fyrir landbúnaðinn, hvernig úr rætist um lausn þess. Það skiptir miklu máli alla þjóðina, hvort takast megi að hefta útbreiðslu þessara sauðfjársjúkdóma. En þótt svo sé, verður Alþ. samt að fara gætilega í að leggja mjög þung gjöld á umfram það, sem brýnasta nauðsyn krefur. Hér er gert ráð fyrir, að gerðar verði margar varnarlínur, sem hljóta að kosta stórfé. Í því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, hefur mæðiveikinnar ekki orðið vart, en þó er gert ráð fyrir í frv., að lagðar verði í því þrjár varnarlínur, sem ríkissjóður að vísu kostar uppsetningu á, en sýslan kostar að ⅓ viðhald og endurbætur á. Og þegar litið er á það, að þessar girðingar á að setja á svæði, þar sem hætt er við, að þær verði viðhaldsfrekar, þá getur hér orðið um svo þungar álögur að ræða, að ofviða verði litlum sýslufélögum. Ég teldi þess vegna mjög æskilegt, að þetta frv. fengi nánari athugun, áður en það er afgr. Virðist mér ekki ósanngjarnt, að frv. yrði sent öllum sýslunefndum til umsagnar. Það eru engin líkindi til, að þessar girðingar verði settar upp á þessu sumri, vegna skorts á efni. Það er því nægur tími til þess að bera málið undir þá aðila, sem mest eiga að þessu að búa. Ég vildi þess vegna mælast til, að hv. landbn. vildi taka þetta til athugunar fyrir 3. umr., eða jafnvel, að hún fái málið tekið út af dagskrá nú strax til að athuga þetta. Ég geri ráð fyrir, að einhverjir fleiri óski eftir, að málinu verði vísað þessa leið, en ef landbn. heldur fast við að drífa málið áfram, þá muni slík rökstudd dagskrá verða borin fram við 3. umr.

Ég vildi sem sagt mælast til þess, að landbn. athugaði, hvort ekki væri rétt að fara þessa leið, að senda málið til umsagnar allra sýslunefnda, áður en því verður ráðið til lykta.

Pétur Ottesen: Það kemur mjög greinilega í ljós hér nú, að það er að verða stefnubreyting í þessu máli hér á Alþ. Hingað til hefur verið gott samkomulag um að reyna að berjast gegn því, að mæðiveikin, sem búin er að leggja fjárstofn manna í rústir víðs vegar á landinu, breiddist út til þeirra héraða, sem enn eru ósýkt. Nú ber svo til, að fulltrúar þeirra héraða, sem verið er að leggja fram fé til að verja, rísa hér á fætur og mótmæla því, að reynt sé að verjast því, að sauðfjársjúkdómar berist til þeirra. Þetta stafar af því, að það má ekki koma fyrir, að nokkur eyrir af kostnaðinum lendi á þeirra héruðum. Þetta eru ekki einustu andmælin, sem fram hafa komið, heldur hefur komið fram brtt. við annað frv. hér á Alþ. um að losa héruðin við lítinn hluta af kostnaðinum við mæðiveikina. Þetta virðist mér vera harla einkennilegt. Ég skil ekki, að fulltrúar þessara héraða skuli vera haldnir þeirri blindu, að þeir sjái ekki muninn á aðstöðu þeirra manna, sem hafa fjárstofn sinn óskertan, og hinna, sem hafa hann stórum rýrðan eða eru að mestu sauðlausir orðnir og verða þó að taka á sig mikinn meiri hluta þess kostnaðar, sem leiðir af ráðstöfunum, er hinir njóta ekki síður gagns af. Eina vörnin eru girðingarnar, og hafa þær reynzt björg þeirra landshluta, sem enn eru ósýktir. Og nú sýna fulltrúar þaðan svo óskiljanlega og blygðunarlausa síngirni að færast undan að taka sinn þátt í kostnaðinum. Ef það er að verða ofan á í þinginu að sleppa öllum vörnum, hvar er þá hvötin til að halda við vörnunum á kostnað þeirra, sem búnir eru að fá sjúkdómana í fé sitt? Hvaða hvöt hafa þeir bændur til að taka á sig nýjar byrðar, ef menn, sem ekki hafa orðið fyrir ógæfunni, telja þær einskis virði? Þó að ég vilji ekki taka fram fyrir hendur á hv. frsm., held ég, að landbn. hafi ekkert með það að gera að taka frv. til nýrrar athugunar nú. Hv. þd. verður að skera úr þessu. En það er alveg ný braut, sem komið er á, ef menn vilja nú afgreiða málið með rökst. dagskrá. Þá horfir þetta allt öðruvísi við á eftir.

Auðvitað er ekki átt við það, að þetta skuli vera neinar eilífðargirðingar, nema þær, sem komið geta að gagni við hagnýting lands þess, er þær liggja um. Að öðru leyti verða þær rifnar, þegar þeirra er ekki þörf lengur.

Alltaf þýtur eins og vant er í þeim skjá, þar sem er hv. þm. Ak. (SEH) með fjárpestavísdóm sinn. En af því að orð hans stangast algerlega við reynsluna, verður nú ekki tekið mark á þeim heldur en fyrr, þau hafa engan hljómgrunn fundið. Það kynni að vera huggun fyrir hann, ef landið gæti allt sokkið í þá fordæmingu, sem hin sýktu héruð þjást nú undir.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Það hafði af vangá fallið niður brtt. við 13. gr., 3. málsgr., úr till. landbn. Brtt. er um að herða heldur á ákvæðum um það, hve mikinn meiri hluta þurfi til samþykktar um fjárskipti. Samkv. frv. þurfa að vera með því ⅔ atkv. og ⅔ fjáreigenda að vera á fundi. N. vill hækka það upp í ¾ atkv., og séu þá minnst ⅔ fjáreigenda á fundi. Vil ég leyfa mér að leggja fram þessa skrifl. brtt.

Ég skal ekki vera fjölorður um þær deilur, sem hér hafa orðið, en skal undirstrika orð hv. þm. Borgf. um það, að sá heggur, sem hlífa skyldi, þegar fulltrúar héraða, sem njóta gagnsins af vörnunum, veita málinu óbeina og beina

mótspyrnu. Þeir, sem þekkja veikina, mundu glöðu geði hafa lagt á sig miklu þyngri byrðar til að forðast hana en þær, sem nú eru ætlaðar héruðunum, sem ekki hafa orðið fyrir henni. Við verðum að reyna að koma í veg fyrir útbreiðslu hennar, og við vitum, að til þess duga ekki nema girðingar og varzla. Það er alveg sama, hvað menn deila um hina fræðilegu hlið málsins, aðrar varnaraðferðir er ekki um að ræða. Hv. þm. A.-Sk. (JÍv) hafði þau orð um þetta, að hér væri verið að binda sýslufélögum og fjáreigendum svo þunga bagga, að nauðsyn væri að vísa málinu til sýslunefnda og sem flestra fjáreigenda til athugunar, þar til á næsta þingi. Þetta frv. er ekki eins háskalegt og hann virðist halda. Það er víst, að ekki verður flanað út í girðingar, nema full þörf sé. Og garnaveikin er komin svo ískyggilega nærri kjördæmi hv. þm. A.-Sk., að hann ætti að hugsa sig tvisvar um það að fylgja óþarfri frestun málsins. Þegar mál þetta lá fyrir síðasta búnaðarþingi og fékk einhuga afgreiðslu, voru þar að verki fulltrúar úr öllum héruðum og þ. á m. úr Austur-Skaftafellssýslu. Engum þeirra þótti heppilegt að slá málinu frá sér og á frest.

Ég skal fáu svara hv. þm. Ak. Ég ber mikla virðing fyrir sérþekkingu hans og deili ekki við hann um, hvaða nafn eigi að gefa veikinni; hún er og verður jafnsmitandi og skæð fyrir því, hvað hún heitir. En þá sé ég enga ástæðu til, að landbn. þurfi að taka málið til athugunar á nýjum grundvelli. Ekki fer ég heldur að deila við hv. 4. landsk. um hina nýju kosningalöggjöf, sem hann kallar. Hér er ekki aðeins að ræða um mikið fjárhagsmál fyrir fjáreigendur, heldur tilfinningamál. Og grundvöllur þess, að ráðstafanir komi að haldi, er, að þær hafi ekki mikinn hluta þeirra, sem skepnur eiga, á móti sér.

Jón Ívarsson: Í þeim fáu orðum, sem ég sagði áðan, tók ég fram, hver nauðsyn væri að stemma stigu fyrir fjárpestunum. Þess vegna þurfa hv. þm. ekki að brigzla mér um mótspyrnu gegn neinum þeim aðgerðum, sem forsjá fylgir í þessum málum. Ég tel vafasamt, að hægt sé að hrinda þeim nokkuð áleiðis í sumar, þar sem girðingarefni mun vanta. Þess vegna hygg ég, að tíminn sé nógur til að vita áður vilja fjáreigenda og sýslunefndanna. Í frv. eru svo þýðingarmikil nýmæli um girðingarhólf og um samþykktir, sem fjáreigendur geta sett, og um fjárskipti o. s. frv., að ég tel nauðsyn að nota þetta ár til að kynna nýjungarnar og vinna þeim fylgi, svo og að undirbúa framkvæmdir. Það mundi vera málinu til hins mesta gagns eins og á stendur.

Það tjáir ekki að gera lítið úr þeim fjárhagsbyrðum, sem frv. leggur á ýmsar sýslur. Viðhald girðinganna eitt getur verið svo erfitt, að leggja þurfi árlega girðingar á sumum stöðum, eins og þar, sem stór vatnsföll valda stórskemmdum á þeim máske hvað eftir annað. — Ég vil ekki setja fót fyrir frv. við þessa umr., en ég vil endurtaka þá ósk mína við hv. landbn., að hún hugsi sig um það, hvort ekki sé rétt að leita álits sýslunefnda um málið.

Umr. frestað.

Á 53., 54., 55., 56., 57. og 58. fundi í Nd., 7., 8., 9., 10., 12. og 13. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 14. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 166, 380, 399, 402, 427, 459, 475, 500).

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. á hér brtt. við þetta frv., og hefur það verið vilji n. að reyna að laga sig sem mest hún gæti eftir þeim skoðunum og bendingum, sem fram komu hjá hv. þdm., og er þessi brtt. í sambandi við brtt., sem fram kom hjá hv. þm. og í samræmi við samkomulag við þá.

Ég vil þá fyrst minnast á brtt. á þskj. 500, frá landbn., og geta þess, að 1. og 3. breyt. er ekki efnisbreyt., heldur málsbætur á frv., því að það er vitanlega réttara og hið eina rétta mál að segja „til varnar gegn útbreiðslu“, en ekki „til varnar útbreiðslu“.

Þá er sömuleiðis á því þskj. brtt. við 17. lið í 1. gr. frv., sem í frv. er orðaður þannig: „Úr Jökulsá norðan Hólsfjalla í Miðfjörð“. Hv. þm. N.-Þ. hefur borið fram brtt. við þann lið, sem hann vildi láta vera þannig: „Úr Jökulsá sunnan Hólsfjalla í Miðfjörð.“ Það getur orkað tvímælis, hvort réttara muni vera að leggja girðingarnar sunnan eða norðan Hólsfjalla, og skal ég ekki fara út í það hér. Þess vegna leggur n. til að sleppa ákvörðunum um það, hvort leggja skuli girðingarnar sunnan eða norðan Hólsfjalla, og orða það svo: Úr Jökulsá í Miðfjörð. Vænti ég, að hv. þm. geti gengið inn á þá till.

Þá er brtt. á þskj. 459 við 2. gr. 22. lið, að breyta ofurlítið línu girðingarinnar, og er það sumpart vegna þess, að með þeirri línu, sem lýst er í brtt. landbn., mátti ná sama árangri með 20 km skemmri girðingu, en að nokkru leyti til þess að koma til móts við till. hv. þm. Árn. á þskj. 402. Vænti ég, að hv. flm. þeirrar till. fallist á að taka hana aftur.

Þá er brtt. á þskj. 475, við 4. gr., um að 1. málsl. orðist svo: „Meðan þörf er girðinga þeirra, er um ræðir í 2. gr., til varnar gegn fjársamgöngum í því skyni að hefta útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, skal viðhald og endurbygging girðinganna greitt að ⅔ úr ríkissjóði og ⅓ úr hlutaðeigandi sýslusjóðum“. — Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að misprentazt hefur „sveitarsjóðum“ í stað „sýslusjóðum“ í lok brtt. — Þessi brtt. er flutt vegna þess, að sú skoðun hefur komið í ljós hjá sumum þm., að hér væri um eilífðargirðingar að ræða, sem skylt væri að halda alltaf við, og þótti þetta því þung kvöð á sýslusjóðunum.

Yfirleitt hefur n. viljað ganga sem lengst til móts við vilja þm., en þó svo, að frv. missti ekki marks um tilgang sinn. Vænti ég, að hv. deild samþ. till. n.

Gísli Guðmundsson: Ég hafði flutt brtt. á þskj. 427 við 2. gr. frv., 17. lið, þar sem rætt er um girðingu úr Jökulsá norðan Hólsfjalla í Miðfjörð, að í stað „norðan Hólsfjalla“ komi

„sunnan Hólsfjalla", þannig að Hólsfjallasveitin kæmi inn í sveig milli Austurlandsins og Jökulsár á Fjöllum. Væri það mjög eðlilegt, því að í Hólsfjallasveitinni er engin garnaveiki.

Landbn. hefur nú borið fram brtt. um, að girðingin skuli ekki nánar takmörkuð í frv. en frá Jökulsá í Miðfjörð. Get ég eftir atvikum sætt mig við, að liðurinn verði orðaður þannig, og verði þá girðingin ákveðin eftir samkomulagi síðar. — Tek ég því brtt. mína aftur.

Helgi Jónasson: Við fyrri hluta þessarar umr. hreyfði ég því, að þessu frv. yrði vísað heim í héruð til athugunar viðkomandi sýslunefnda, þar sem með samþykkt frv. yrði lögð mjög þung kvöð á viðkomandi sýslur.

Það hefur verið sagt, að ég væri andvígur öllum framkvæmdum, sem gerðar hafa verið til mæðiveikivarna. — Þetta er misskilningur, ég hef ekki talið það eftir, sem gert hefur verið til varnar þessum vágesti, en þegar nú á að ráðast í nýjar stórfelldar framkvæmdir, sem líka lenda á sýslufélögunum að verulegum hluta, virðist mér ástæða til að staldra við og stinga við fæti og gefa hlutaðeigandi sýslufélögum tækifæri til að átta sig á þessu máli. Nú er það líka svo, að þetta frv. er ekki samið af mæðiveikinefnd, heldur mun það samið af 9 manna nefnd á búnaðarþingi. Að vísu var frv. sent mæðiveikinefnd, en ekki til álitsgerðar, og hafa 2 menn úr nefndinni, sem ég hef átt tal við, látið svo um mælt, að þeim fyndist frv. alllosaralegt. — Ég get því á engan hátt séð, að neinn skaði sé skeður, þótt frv. sé vísað heim í héruð til athugunar, þegar þess er jafnframt gætt, að efni til girðinganna er ekki fyrir hendi. Frestun málsins í eitt ár gæti því ekki sakað, og yrði það lagt fyrir næsta þing, að fengnu áliti sýslufélaganna.

Ég hef því ásamt hv. þm. A.-Sk. leyft mér að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin annist um, að frv. til laga um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti verði lagt fyrir sýslunefndir landsins til umsagnar, áður en fullnaðarályktun yrði um það gerð, en málið hins vegar svo mikilvægt og snertir svo mjög sjálfsforræði og hagsmuni héraðanna, að eigi þykir rétt að ráða því til lykta á þessu þingi, að fornspurðum þessum aðilum, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Vænti ég, að hv. d. fallist á þessa afgreiðslu frv.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég verð að mæla eindregið á móti þessari rökst. dagskrá. Málið hefur fengið þann undirbúning og athugun, að ég tel, að það verði ekki um bætt, þótt því væri vísað frá nú. Það lá fyrir síðasta búnaðarþingi, og var um það fjallað af fulltrúum úr öllum héruðum landsins, er hér eiga hlut að máli. Það liggur í augum uppi, að engin þörf er að senda það sýslun. til athugunar, því þær mundu auðvitað mótmæla því, að sýslufélögunum yrði gert að greiða þennan hluta kostnaðarins; þær eru samþykkar framkvæmdunum, en vilja komast hjá að taka þátt í kostnaðinum. Þetta vita allir, en eina ástæðan, sem hv. 2. þm. Rang. virðist hafa til þess að æskja þess, að málinu sé vísað frá, er, að sýslunefndir fái tækifæri til að taka þessa afstöðu til málsins. Hefði því verið nær, að hv. þm. hefði borið fram brtt. við frv. þess efnis, að allur kostnaður skyldi greiddur úr ríkissjóði, en að tefja málið á þennan hátt. Annars á Alþ. sjálft að skera úr um það, hvort það sé ranglátt, að héruðin taki þátt í kostnaði við viðhald girðinganna, og er álits sýslunefnda ekki þörf hvað það snertir. Ég sé ekki, að eftir neinu sé að bíða með afgreiðslu málsins, og legg eindregið til, að dagskráin verði felld.

Helgi Jónasson: Ég vil í sambandi við þetta mál benda á, að mjög eru skiptar skoðanir um not þessara girðinga, margra hverra. Um girðingarnar við Þjórsá og Héraðsvötn er enginn ágreiningur, en um girðingar innan þeirra héraða, sem mæðiveikin hefur lagt undir sig, er það svo, að þær hafa verið rifnar annað árið, en byggðar hitt árið. Ég held því, að þeir, sem kunnugastir eru þessum málum öllum, ættu að fjalla um þau hver í sínu héraði, á hvern hátt þeim yrði bezt fyrir komið.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins bæta fáum orðum við ræðu hv. þm. Mýr. út af hinni rökst. dagskrá. Það kom fram í ræðu hv. flm. hennar, að hún byggðist m. a. á því, að enginn skaði væri skeður, þótt málið drægist um eitt ár, þar sem engar girðingaframkvæmdir mundu verða á þessu ári. Ég vil því upplýsa, að fyrirhugað er að koma a. m. k. 4 girðingum upp á þessu ári, og er þegar búið að panta efni til þeirra. Það hefur mæðiveikin. gert í samráði við hæstv. landbúnaðarráðh.

Þessar girðingar eru:

1. Girðing í Þingeyjarsýslu í sambandi við hina nýju fjárpest, sem þar geisar.
2. Lenging á girðingu meðfram Þjórsá, sem er talin mjög nauðsynleg. Hefur Guðmundur Árnason í Múla, sem er Rangæingur, form. mæðiveikin., lagt mikla áherzlu á, að þeirri girðingu verði komið sem fyrst upp, og sömuleiðis hefur Guðjón Jónsson í Ási, eftirlitsmaður girðinganna þar, sem sæti á á búnaðarþingi, lagt á það ríka áherzlu.
3. Girðingar á Vestfjörðum.
4. Girðingin við Hvítá og Jökulfallið, sem nauðsynlegt er að setja til þess að hindra það, að garnaveikin, sem er mjög útbreidd í Hreppum, nái að komast um Biskupstungur, Laugardal og Grímsnes.

Allar þessar girðingar eru bráðnauðsynlegar, og til þess að unnt sé að koma þeim upp í sumar, var nauðsynlegt að panta efni til þeirra í tæka tíð. (**HelgJ:** En það er ókomið?). Það er nú mjög langt síðan gaddavírinn var pantaður, og ég veit ekki betur en búið sé að gera ráðstafanir til þess að senda skip norður á Strandir eftir stauraefni.

Við verðum að gera okkur ljóst, að það er aðeins tvennt til í þessu máli. Annaðhvort er að gera allt, sem unnt er, til þess að hamla gegn útbreiðslu veikinnar, eða leggja nú árar í bát, en

þá vita þeir, sem hingað til hafa sloppið við þennan vágest, á hverju þeir eiga von.

*Gísli Sveinsson: Það er vitað, að á undanförnum þingum hefur verið mjög erfitt að eiga orðastað við þá menn, sem svo eru inni í þessum málum, að þeirra dómi, að þeir vilja ekki einu sinni taka ýmis atriði þeirra til athugunar. Það hefur ekki verið ágreiningur um það, að eitthvað bæri að gera til varnar gegn þessum fjárpestum, enda geta fulltrúar mæðiveikihéraðanna ekki kvartað undan því, að ekki hafi verið gert það, sem unnt hefur verið þeim til stuðnings, en um hitt eru ekki allir sammála, að enn beri að halda áfram á þeim breiða vegi að reyna alltaf eitthvað nýtt, án þess að athugað sé til hlítar, að hvaða notum þær ráðstafanir komi. Og reynslan af girðingunum, sem kostað hafa milljónir króna, er nokkuð vafasöm. — Mér kom því mjög á óvart, að hv. þm. Borgf. skuli furða sig á því, þótt einhverjir þm. vilji nú nema staðar og stinga við fæti, þegar enn er nýtt frv. á ferðinni, sem hefur stórfelldan kostnað í för með sér. En svo er að sjá, sem ekki þurfi nema örfáa menn úr mæðiveikihéruðunum til þess að berja það í gegn, sem þeir álíta nauðsynlegt í hvert skipti. Hér hefur komið fram nýr aðili í þessum málum, búnaðarþingið, en ég viðurkenni ekki, að það sé neinn hæstiréttur né standi ofar Alþ., og úr því Alþ. situr nú, þá tel ég, að hv. Alþ. og mæðiveikin. hefðu átt að hafa forgöngu um málið, en ekki búnaðarþing, og það skiptir engu, þótt fulltrúar úr héruðunum mæti þar. Þetta veit hv. þm. Borgf. líka ofur vel. Og við, sem sæti eigum á Alþ., viljum gjarnan hafa málfrelsi um þessi efni, án þess að eiga á hættu að fá ávítur fyrir. — Þegar nú á með þessu frv. að leggja nýjar stórfelldar kvaðir á sýslufélögin, þá er ekki nema eðlilegt, þótt fulltrúar héraðanna óski eftir því, að það mál sé athugað betur og að héruðin sjálf fái tækifæri til þess að fjalla um slíkt mál, því að það virðist ógerlegt, að Alþ. leggi nýjar og nýjar kvaðir á héruðin, án þess að þau fái nokkuð um það að segja. — Ég mótmæli þessum aðferðum, og það virðist heldur engin hætta á ferðum hvað framkvæmdir snertir, þótt málið sé athugað. Hv. þm. Borgf. upplýsti, að harðstjórnin í þessum málum væri svo mikil, að búið væri að panta efni í þessar girðingar fyrir löngu, enda þótt málið hafi aðeins nýlega verið lagt fyrir hv. Alþ. — Hvers vegna ætti ekki að koma á algerðu einræði og leyfa fulltrúum mæðiveikihéraðanna að ganga í ríkissjóðinn og sýslusjóðina óhindrað og ausa fé út eftir eigin geðþótta? — Ég leyfi mér að efast um, að hæstv. forsrh. hafi gefið samþykki sitt til þess að leggja í kostnað við efniskaup til girðinganna án þess að Alþ. væri búið að samþ. þær, en ef þetta er satt, er slík aðferð stórum vítaverð, og væri því meiri ástæða til þess fyrir hv. þm. að átta sig á því strax, hve langt slíkt á að ganga, og leyfa héruðunum einnig að fá málið til athugunar. Það er margt í þessu frv., sem þarfnast athugunar, t. d. það, sem ég hef bent á, hvort héruðin treystust að mæta þessum aukna kostnaði, og enn fremur er girðingasetning á ýmsum stöðum vafasöm. Fleira þyrfti að athuga, en ég mun ekki ræða það nánar nú, og vænti ég þess, að hv. þm. fallist á þessa till. okkar.

*Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Það er dálítið einkennilegt og óviðkunnanlegt að hlusta á málflutning hv. andstæðinga þessa máls við þessar umr., og reyndar oft áður. Það mætti ætla, eftir ræðum þeirra að dæma og undirtektum yfirleitt, að landbn., sem flytur frv., sé að því eingöngu fyrir sjálfa sig, eða þá a. m. k. fyrst og fremst fyrir þau héruð, sem komin eru nú þegar undir fordæmingu hinna geigvænlegu pesta. Í staðinn fyrir, að þetta frv. er, eins og allir vita, flutt í því skyni að bjarga þeim héruðum, sem enn eru ósýkt.

Og það, sem einkennilegast verður að telja, er það, að aðalmótstaðan kemur frá fulltrúum þeirra héraða, sem verið er að reyna að forða með þessu. Það er verið að gera þetta fyrir þau héruð, sem eru svo lánsöm að hafa sloppið fram að þessu. Þetta eru svo undirtektirnar, og við í landbn. erum í tilbót sakaðir um frekju og framhleypni fyrir að hafa undirbúið málið.

Hv. 2. þm. Rang. sagði eitthvað á þá leið, að nóg væri að viðhalda aðalvarðlínunni um Þjórsá að sunnan og Héraðsvötn að norðan. En það þarf að verjast fleiru en mæði- og garnaveiki, og því þarf að halda uppi vörnum víðar og á öðrum línum. Nú er komin upp ný pest norður í Þingeyjarsýslu, sem ekki er hægt að staðbinda eða verjast með öðru en girðingum.

Ég álít, að hæstv. ríkisstj. og mæðiveikin. eigi skilið þakkir fyrir að hafa staðið fyrir pöntun á girðingarefni í tíma, en ekki ávítur. Það hefði farið betur, ef sama framsýni hefði verið sýnd, þegar mæðiveikinnar varð fyrst vart.

Eða á nú enn enga lærdóma að draga af þeirri reynslu, en bíða og velta vöngum tvístígandi, þangað til pestirnar hafa náð að flæða yfir allt landið, bæ frá bæ, hérað eftir hérað?

Hv. þm. V.-Sk. (GSv) sagði, að við, sem sæti eigum í landbn., værum orðnir svo djúpt sokknir í pest og skilningsleysi, að við vildum ekki lengur hlusta á till. og úrræði annarra en okkar sjálfra.

Ég lýsti því í framsöguræðu minni, að við hefðum tekið til greina allar bendingar hv. þm., en að við mundum hins vegar aldrei víkja frá aðalatriði þessa máls og sjálfum grundvelli þess, eins og gert væri með samþykkt hinnar rökst. dagskrár.

Þá sagði sami hv. þm., að því fé, sem varið hefði verið til girðinga undanfarin ár, hefði verið á glæ kastað. En ég vil svara því til, að það ætti hann að geta séð og viðurkennt, sem allir sjá, að tekizt hefur að hefta framsókn veikinnar á tveim línum, við Þjórsá og Héraðsvötn, og það var gert með girðingum. Og ég vil bæta þessu við, að þótt ekki takist að stemma stigu fyrir útbreiðslu pestanna annars staðar en þar, þá er því fé vel varið, því að það tjón, sem af hlytist, ef veikin fengi að breiðast út, yrði þrefalt á við það, sem nú er orðið, eða hver veit hvað. Og það yrði margfalt á við þann kostnað, sem ríkissjóður hefur haft vegna varnanna. Og þó að varið hefði verið tvöfalt hærri

upphæð til varna, þá hefði það ekki verið of mikið, miðað við það, sem í húfi er.

Ég fullyrði það, þótt of seint hafi verið gripið til varna og á mörg misstigin spor sé hægt að benda, sem stafa af reynsluskorti og þekkingarleysi, þá hefur árangurinn samt orðið ómetanlegur.

Þá sagði hv. þm. V.-Sk. enn fremur, að einræði landbn. væri orðið svo mikið, að mæðiveikinefnd væri ekki einu sinni spurð ráða. Þessu vil ég svara með því að benda honum á þá staðreynd, að þegar frv. var samið og lá fyrir búnaðarþinginu, þá áttu þar sæti tveir menn, sem eru í mæðiveikin., og ég veit ekki betur en þeirra aths. hafi verið teknar til greina. Þá má og geta þess, að mæðiveikin. kom tvisvar á fund landbn. og að landbn. tók tillit til allra bendinga hennar.

Það er svo engin ný speki hjá hv. þm., að búnaðarþing sé ekki sett yfir Alþ. Hitt er vitaskuld, að frv. ber frá okkar sjónarmiði ekki að skoða sem neitt valdboð, þótt það komi þessa leið inn á Alþ. Heldur ber að skoða það sem tillögu þeirra manna, er það sömdu, en það voru allt kunnáttumenn með sérstaka þekkingu á þessu máli. Ég á því einnig örðugt með að skilja, hvernig það getur orðið árásarefni á n.

En sé rétt að segja, að búnaðarþing sé ekki yfir Alþ. sett, þá mun víst með sama rétti mega halda því fram, að sýslunefndir séu það ekki heldur. Ef fara á að senda málið núna til sýslunefndanna, láta þær liggja á svo og svo lengi, en síðan loksins að senda Alþ. það til ákvörðunar, þá getur það vitanlega aldrei orðið til annars en tefja framkvæmdir. Slík sending á milli Heródesar og Pílatusar mundi í reyndinni aðeins valda því, að pestirnar fengju að leika lausum hala á meðan og drepa niður stofninn óhindrað og í friði.

Einnig var sami hv. þm. mjög hneykslaður á því og kallaði það frekju, að landbn. skyldi leggja áherzlu á samþykkt þessa frv., sem „aðeins væri borið fram af fáeinum mönnum". (GSv: Það eru nú ekki allir þm. svo hrokafullir, að þeir ætlist til, að allt nái fram að ganga, sem þeir bera fram.) Ég held nú bara, að þessi hv. þm. sé svo hrokafullur, að hann beri aleinn fram mál, sem hann ætlast til, að nái samþykki.

Að lokum vil ég enn láta í ljós undrun mína á því dæmalausa fyrirbrigði, að landbn. skuli sæta ákúrum frá fulltrúum þeirra héraða, sem verið er með þessu frv. að reyna að bjarga frá því að lenda í sama foraðinu og héruðin, þar sem fjárpestirnar hafa geisað. Mér finnst þetta sama og að kalla pláguna yfir sig vitandi vits. Og það minnir mig á hið fornkveðna, sem á vel við að rifja upp fyrir herra kirkjuráðsmanninum: „Gef oss Barrabas lausan."

Helgi Jónasson: Eins og ég hef tekið fram, hef ég fallizt á að taka rökst. dagskrána aftur til 3. umr., svo þess vegna þarf ég ekki að fara að tefja málið.

En út af girðingarefninu vil ég segja, að þó að það hafi verið pantað, þá er það ekki enn þá komið til landsins, og þó að það komi og þó að langt sé síðan það var pantað, þá er flutningsþörfin það mikil, að ekki er að vænta þess, að það geti komið fyrr en svo seint á þessu sumri, að ekki verði unnt að notfæra sér það á þessu ári. Þess vegna er engin töf að því, þótt málið fái að ganga fyrst til héraðanna. Þar fær það einmitt þann nauðsynlega undirbúning, til þess að Alþingi geti svo byggt samþykktir sínar á honum.

Hitt er rangt að segja, að við viljum leggja stein í götu þessa máls. Þvert á móti. Við höfum alltaf sýnt þessum málum fullan skilning og greitt atkv. með fjárveitingum í þessu skyni hér á Alþ., og ég held, að mitt hérað hafi einmitt greitt gjald sitt samkv. þessum l. með betri skilum en flest önnur héruð. Þessar ásakanir eru því algerlega óréttmætar að því er mig snertir. Annars orðlengi ég þetta ekki, því dagskráin hefur verið tekin aftur til 3. umr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég ætlaði ekki að lengja umr., en þó vil ég enn einu sinni undirstrika það, að þessar varnargirðingar eru fullkomin nauðsyn. En ég hefði samt ekki tekið til máls, ef ekki hefði verið vikið að því, að það hefði verið óverjandi ráðstöfun hjá mér að tryggja efnið í þessar girðingar. Um það atriði vil ég segja það, að málið fékk þann undirbúning, að mæðiveikinefnd, sem skipuð er fulltrúum allra aðalflokkanna á Alþ., var öll sammála um, að þessar ráðstafanir væru nauðsynlegar.

Það er vitað mál, að þessar girðingar gera hvort tveggja í senn, að koma í veg fyrir útbreiðslu allra sauðfjársjúkdóma til þeirra héraða, sem enn þá eru laus við þá, og jafnframt er svo ætlazt til, að ráðstafanir verði gerðar til að varna því, að mismunandi pestir breiðist út innan sama héraðs, svo ýmis héruð þurfi ekki að stríða við allar tegundir sjúkdóma samtímis. Loks er svo hugmyndin að skera niður þar, sem vörnum verður ekki við komið, og flytja heilbrigt fé burt af svæðum, þar sem örðugt er til varna. Allar þessar ráðstafanir eru að dómi mæðiveikin. svo nauðsynlegar, að n. taldi, að með þær mætti ekki bíða.

Í annan stað er rétt að undirstrika það, að Búnaðarfélag Íslands og þing þess hefur haft hönd í bagga um undirbúning málsins. Þar hafa kjörnir fulltrúar bændanna fjallað um málið, menn, sem ætla má, að séu því eins kunnugir og sýslunefndirnar. Ég held, að heimsending þess í héruðin nú mundi aðeins valda hættulegum töfum og skapa nýtt reiptog, þar sem hver togar í sinn skækil. Eins og frv. ber með sér, er það eingöngu samið með heildarráðstafanir fyrir augum.

Af þessum ástæðum, sem ég hef stuttlega rakið, taldi ég sem landbrh. rétt að reyna að tryggja gaddavír í nauðsynlegar girðingar. Þær ráðstafanir voru nýlega gerðar, og þá var mér tjáð, að það mundu hafa verið síðustu forvöð að ná í efnið. Aðeins er nú spurning, hvenær er hægt að fá skiprúm fyrir það. Ég get ekki fallizt á, að sú ráðstöfun hafi verið óforsvaranleg, þegar svo margir aðilar stóðu að þessu og allir á einu máli um nauðsyn þessa. Og svo

mikið er vist, að vilji hv. Alþ. ekki fallast á þessa ráðstöfun, þá má alltaf selja gaddavírinn, og það vafalaust með álitlegum hagnaði.

Helgi Jónasson: Út af ræðu hæstv. forsrh. vil ég segja, að ég hef heyrt, að mæðiveikinefnd hafi ekki verið spurð ráða um samningu þessa frv. Ég hef talað við form. n., og hann sagði, að n. væri klofin. Hann taldi þetta frv. losaralega upp byggt og undirbúið og sagðist ekki geta fylgt því, og eins mun um fleiri menn í n., og það er fyllilega upplýst, að engin álitsgerð liggur fyrir frá mæðiveikinefnd um frv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það, sem hv. þm. var að enda við að segja, er alrangt. Mæðiveikin. hefur um þetta frv. fjallað, þó vera megi, að það sé ekki í nákvæmlega sama formi og einhverjir nm. hafa hugsað sér í upphafi. En hitt ætla ég að benda hv. þingheimi á, að mæðiveikin. kom til ráðuneytisins í vetur og krafðist þess, að efnið yrði tryggt í hinar nýju varnargirðingar strax. Og það var, eins og ég sagði áður, vegna shlj. álits n., m. a., sem ég brá við og tryggði girðingarefnið.

Forseti (JörB): Rökst. dagskráin er tekin aftur til 3. umr. og enn fremur brtt. á þskj. 402 og 427.

ATKVGR.
Brtt. 500,1 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 500,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 459 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 475 samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 399 samþ. með 17 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
14.—21. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
22.—28. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 380 (ný gr., verður 33. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 500,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Fyrirsagnir kafla frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Á 61. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 521, 402, 427, 527).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 527. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Helgi Jónasson: Herra forseti! Við 2. umr. bar ég fram ásamt hv. þm. A.-Sk. rökstudda dagskrá, sem ég eftir beiðni hv. form. landbn. tók aftur til 3. umr.

Nú kem ég ásamt hv. þm. V.-Sk. með brtt., því að fari svo óliklega, að dagskráin verði felld, þá leggjum við til, að 4. gr. frv. verði felld niður, sem fer fram á ⅓ gjald úr sveitarsjóðum, því að ef dagskráin verður ekki samþ., þá viljum við bæta úr þeim óréttí, sem yrði framinn á sveitarfélögum samkv. frv. eins og það er nú.

Ég þarf svo ekki fleira um þetta að segja, en vona aðeins, að ef dagskráin verður felld, þá verði brtt. samþ.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Mér finnst þessi viðleitni hv. andstæðinga frv. miklu hreinlegri, að leggja til að fella niður það, sem þeim er verst við, heldur en að vilja eyðileggja málið allt. En um brtt. vil ég segja það, að n. leggur eindregið á móti henni. **(HelgJ:** Hefur n. athugað till? Hún kom fram fyrst núna). Ég held, að ég skýri ekki frá neinu launungarmáli, þegar ég segi, að þessi hv. þm. skýrði mér frá því í morgun, að þessi till. mundi koma. N. bar sig síðan saman um hana og samþ. að mæla á móti henni.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin frá 2. þm. Rang. og þm. A.-Sk. felld með 13:13 atkv.
Brtt. 402 og 427 teknar aftur.
— 527 felld með 14:11 atkv.
Frv. samþ. með 14:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 69., 70., 71. og 72. fundi í Ed., 27. og 28. maí, 4. og 5. júní, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 7. júní, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 521, n. 643, 688).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. það, sem hér er til umr., hefur verið undirbúið og að mestu leyti samið á s. l. búnaðarþingi. Síðan hefur það verið athugað í landbn. Nd. og gengið lítið breytt gegnum þá deild. Aðalefni frv. er að ákveða, hverjar skuli vera aðalvarnarlínur, hvernig þær skuli gerðar og við haldið o. s. frv., en II.—III. kafli eru aðallega um fjárskipti. Þar ræðir um aðferðir til að halda smitandi búfjárveiki innan sérstakra svæða og útrýma henni þar og hindra smitun á milli girðingahólfa. Enn fremur segir þar, hvernig ríkissjóður skuli leggja fram fé til flutninga fjár úr ósýktum héruðum inn á niðurskurðarsvæði og ýmislegs annars kostnaðar, sem af þessum aðgerðum stafar. — Frv. hefur mjög lítið verið breytt, eins og ég sagði, og landbn. Ed. hefur orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. með ekki miklum breytingum.

Í 2. gr. ræðir um fjárframlag til varnargirðinga. Við leggjum til að orða þar síðustu málsgr. svo, að girðingarnar, þær, sem ekki éru þegar fullgerðar, skuli kostaðar af ríkinu og lagðar, þegar sauðfjársjúkdóman. telur það nauðsynlegt og fé er veitt til þess í fjárlögum, enda sé í hvert skipti leitað samþykkis landbrh.

Önnur brtt. n. á sama þskj., 643, er aðeins til þess að gera greinilegri nokkur ákvæði 4. gr., og er það atriðið helzt, að sauðfjársjúkdóman. skuli ákveða, þá er girðingar hafa verið lagðar, hvenær þær falli undir ákvæði þessara l., en undan ákvæðum l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim, — og skuli úr því kosta viðhald þeirra og endurbyggingu að ⅔ úr ríkissjóði, en ⅓ úr sýslusjóði. Um leið leggjum við til að fella niður tvær síðustu málsgr. téðrar greinar.

Við 5. gr. leggjum við aðeins til að breyta „mæðiveikin." á tveim stöðum í „sauðfjársjúkdóman." og eins hvarvetna, þar sem orðið kemur fyrir í II.—V. kafla frv. Loks vildum við orða um 6. greinina og fella þar niður málsgr., sem virðist ónauðsynleg, þar sem ekki er nú gert ráð fyrir, að sauðfjársjúkdóman. leggi niður störf sín.

Á þskj. 688, frá landbn., eru ekki mikilvægar breytingar, prentvilla leiðrétt í 19. gr., tilvísun í hegningarl. í 21. gr. miðuð við 175. gr. þeirra, eins og liggur í hlutarins eðli, aftan við 22. gr. þurfa að bætast orðin „sbr. þó 18. gr.", — því að sérstaklega stendur á, ef líflömb eru flutt milli héraða, — í 29. gr. þarf að bæta tilvitnun í hin nýju l. frá þessu þingi um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, og er greinin því orðuð um, — og að síðustu töldum við ekki nauðsynlega fyrri málsgr. 33. gr., þar sem I. kafli ákveður um gildistöku og framkvæmd ákvæða sinna, og viljum við fella málsgr. niður.

Við leggjum til, að frv. verði samþ. að fengnum þessum breytingum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 643,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 643,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 643,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 643,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 643,5 samþ. án atkvgr.
7.—13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
14.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 688,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 688,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 688,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
23.—28. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 688,4 (ný 29. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
30.—32. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 688,5 samþ. með 10 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 10. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 706).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Nd., 11. júní, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JPálm, PO, SK, SkG, StSt, StgrSt, ÞBr, ÁÁ, BÁ, EE, JGM, JörB.
nei: SEH.
JÍv, SvbH, VJ, FJ, GÞ, GSv, HelgJ, ÍslH, JóhJón greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÓTh, PHann, TT, BJ, BjB, EmJ, EystJ, GG, HG, HV, JakM) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 727).

---

82. Vörumerki.

Á 69. fundi í Nd., 28. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki (þmfrv., A. 666).

Á 71. fundi í Nd., 5. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bergur Jónsson): Þetta mál er flutt, eins og grg. sýnir, samkvæmt ósk ríkisstj.

Efni frv. er það að breyta þannig 10. gr. vörumerkjal., að ekki þurfi, meðan styrjaldarástand það helzt, sem nú er, að endurnýja vörumerki með tilkynningu innan 10 ára. Þetta er gert vegna þess, að póstsamgöngur og þess háttar við meginlandsríkin í Evrópu hafa að mestu eða öllu lagzt niður.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að þegar þetta ástand breytist, sé ekki ástæða til að hafa ákvæði 1. gr. lengur í gildi, — skal þá auglýsa ákveðinn frest til endurnýjunar í Lögbirtingablaðinu, til þess að hefja á ný endurnýjunarskylduna samkvæmt ákvæðum l.

Það þarf ekki að vísa þessu máli til n., af því að það er flutt af þeirri n., sem málið heyrir undir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 7. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Ed., 10. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 12. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 666, n. 723).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Frsm. (Magnús Gíslason): Herra forseti! Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk ríkisstj. af allshn. Nd. og er um breyt. á l. nr. 43 frá 13. nóv. 1903, um vörumerki.

Það er aðallega eitt ákvæði laganna, sem gert er ráð fyrir að breyta með þessu frv., ef það verður að lögum. Það er ákvæði 10. gr. um endurnýjun á vörumerkjum, en samkv. lögum þessum fellur niður sú vernd, sem í lögunum greinir, ef ekki er tilkynnt á 10 ára fresti, að þeir, sem þennan rétt hafa, óski að fá þau endurnýjuð.

Nú stendur svo á, eftir að póstsamgöngum við meginlandsríkin í Evrópu er lokið, að það er ókleift fyrir erlenda menn, sem hafa fengið hér skrásett vörumerki, að koma þessari tilkynningu um endurnýjun til landsins í tæka tíð, áður en út renna þau réttindi, sem þeir fengu skráð hér. Fyrir því er gert ráð fyrir því í frv., að á meðan á þessu stendur og þessir póstsamgönguerfiðleikar eru, þá skuli þessi vernd haldast, enda þótt tilkynning hafi ekki borizt vörumerkjaskrásetjara í tæka tíð.

Það er einnig gert ráð fyrir því, að ófriðnum loknum, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skuli auglýsa í Lögbirtingablaðinu ákveðinn frest til endurnýjunar. Ef hlutaðeigandi félög, firmu eða einstaklingar, sem hafa látið skrásetja þessi merki, hafa ekki tilkynnt, að þau vilji láta halda þessari vernd áfram, þá fellur hún úr gildi.

Þetta er m. ö. o. engin efnisbreyt. á lögunum, heldur aðeins bráðabirgðaráðstöfun, sem sett er vegna ástandsins, sem skapazt hefur af orsökum styrjaldarinnar. Það er ekki nema sanngjarnt og eðlilegt, að þessi varnagli sé sleginn, svo að þeir, sem engar sakir eiga á þessu, tapi ekki þeim rétti, sem þeir hefðu getað haldið við, ef tækifæri hefði verið til þess.

Allshn., sem hefur fjallað um málið, hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Annars vildi ég nota tækifærið til þess að taka það fram, að ég tel vera fulla ástæðu til að taka þessa löggjöf í heild sinni til endurskoðunar. Þetta er þegar orðin nokkuð gömul löggjöf, og það er líklegt, að ýmsar ástæður, sem þá voru gildar fyrir því, að þessi lög voru sett, séu nú breyttar. Það væri því ráðlegt að bera þessa löggjöf saman við löggjöf annarra þjóða á þessu sviði, til þess að gera á henni breyt., sem ef til vill er nauðsynlegt að gera.

Það má m. a. benda á það, að gjöldin, sem tekin eru fyrir skrásetningu, eru of lág. Það er gert ráð fyrir 40 kr., en þar er innifalinn auglýsingakostnaður. Endurnýjun vörumerkis kostar aðeins 10 kr. Það er engin ástæða til annars en að greidd séu sómasamleg gjöld fyrir þetta.

Ég nefni þetta sem dæmi, en það eru mörg atriði, sem þurfa endurskoðunar með. Nefndin leggur samt til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kemur frá hv. Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 739).

---

83. Bankavaxtabréf.

Á 52. fundi í Ed., 5. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa (þmfrv., A. 352).

Á 53. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Við 1. umr. féll niður að gera grein fyrir þessu frv. af hálfu fjhn., sem flytur það fyrir tilmæli hæstv. viðskmrh. Frv. skýrir sig nokkuð sjálft, og það er vikið að því í hinni stuttu grg., af hverjum það er samið, nefnilega af stj. Landsbankans, og það er að mestu samhljóða l. frá 1935, með breyt., sem eru bein afleiðing af því, að um nýja flokka er nú að ræða.

N. lítur svo á, að hér sé þörf þessara nýju flokka. Annars hefði ég viljað óska, að hæstv. ráðh. hefði gert grein fyrir þeirri þörf, því að ég verð að játa, að ég hef ekki kynnt mér málið sem skyldi.

*Magnús Jónsson: Ég vil aðeins geta þess, að það er prentvilla í 1. gr. frv., að heimilt sé að hafa 2 flokka. Nú má gefa út bankavaxtabréf allt að 18 millj. kr., en ekki meira en 6 millj. í hverjum flokki. Flokkarnir eiga því líklega að vera 3. Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki má leiðrétta þetta í prentun eða hvort réttara er, að fram komi brtt. fyrir 3. umr.

Það er nú komið svo, að 12. flokkur er að þrjóta, en inn streyma beiðnirnar um lán, og er auðséð, að gefa verður út nýja flokka. Það er mismunandi, hvað menn vilja helzt, hvort þeir vilja vaxtahærri bréf affallalaus eða lægri með afföllum.

23. gr. er að því leyti breytt frá því, sem var í l. frá 1935, að í l. frá 1935 er tekið fram um fé ómyndugra, að ekki megi verja því til að kaupa bankavaxtabréf hærra verði en skráðu gangverði og aldrei hærra en ákvæðisverði þeirra. Þessu er sleppt úr nú, því að það hefur komið í ljós, að veðdeildarbréf verður að kaupa gangverði, þó að það sé yfir nafnverði bréfanna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 352, 426).

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Fjhn. hefur leyft sér að flytja brtt. við þetta frv. á þskj. 426, og er það nánast leiðrétting við frv.

Breytingarnar eru í fyrsta lagi, að í staðinn fyrir „fjármálaráðherra“ á 4 stöðum í frv. komi: ráðherra. — Frv. er byggt á eldri venjum, og skv. þeim heyra þessi mál undir fjmrh. Nú heyra þau að sjálfsögðu undir viðskmrh., og þess vegna er nauðsynlegt að binda það ekki við neitt sérstakt heiti.

Hin breytingin er undir b-lið, að í staðinn fyrir „2“ í 1. gr. komi: 3, — sem augsýnilega er prentvilla.

Nefndin vildi leiðrétta þetta og væntir þess, að hv. deild fallist á það.

ATKVGR.
Brtt. 426,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 426,2 samþ. án atkvgr.
Brtt. 426,3 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 446).

Á 58. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 4. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 446, n. 671).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

*Frsm. (Þorsteinn Briem): N. hefur athugað þetta mál, um að stofna til útgáfu þriggja nýrra flokka bankavaxtabréfa. Frv. er komið frá Ed., og þar var aðeins gerð á því lítils háttar orðabreyt. Fjhn. þessarar hv. d. hefur og lagt til, að frv. verði samþ. og aðeins gert við það tvær brtt. Sú fyrri er við 18. gr., en 18. gr. hljóðar um það, að ef vaxta eða höfuðstóls af bankavaxtabréfum er ekki vitjað í 20 ár samfleytt, verði upphæðin ásamt vöxtum eign varasjóðs veðdeildarinnar. N. leit svo á, að þetta væri allstrangt ákvæði, ef ætti að framfylgja því fyrirvaralaust, og telur betra, að veðdeildin auglýsi á 5 ára fresti skráð nafn, flokk. töluröð og upphæð þeirra bankavaxtabréfa, sem ekki er vitjað vaxta af. Vel getur verið, að vegna dauðsfalla eða annarra atburða liggi ekki alltaf ljóst fyrir, hvar bréfin eru niður komin. Enda mun það fyrirkomulag, sem n. gerir till. um, ekki fordæmalaust í öðrum l., t. d. í l. um söfnunarsjóð var gert ráð fyrir slíkum auglýsingum.

Seinni brtt. fjhn. er við 23. gr. 23. gr. er um, að fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða megi verja til að kaupa bankavaxtabréf. N. leggur til, að þarna verði sett um það ákvæði, er segir, að ekki megi kaupa bréfin hærra verði en á skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

Nú á tímum er það ekki dæmalaust, að verðbréf komist yfir ákvæðisverð. N. þykir því réttara að hafa þetta ákvæði í l., til að koma í veg fyrir, að þeir, sem með fé ómyndugra fara, geti leiðzt út í að spekúlera með það á þennan hátt.

N. væntir, að frv. verði samþ. með brtt. hennar.

*Eiríkur Einarsson: Það er ekki ótvírætt orðalag á fyrri brtt. n., þar sem talað er um auglýsingu á 5 ára fresti. Á n. við það, að auglýsa skuli 5 árum áður en 20 ára tímabilið er liðið?

Um hitt atriðið vil ég segja það, að ef svo stæði á um verðlag í landinu, að hærra verð fengist en gangverð fyrir bréfin, er eiginlega órétt, að hinir ómyndugu sæti verri kjörum en aðrir, enda hefur hingað til mátt verja fé þeirra

á þann hátt, sem arðvænlegastur hefur verið og tryggastur þótt. Ég vil, að þeir sæti á engum tíma verri fjárhagslegum kjörum en aðrir.

*Frsm. (Þorsteinn Briem): Út af fyrirspurn hv. þm. um brtt. n. við 18. gr. skal ég taka það fram, að n. á við það, að auglýsa skuli 5. hvert ár um bréf, sem ekki hefur verið vitjað vaxta eða höfuðstóls af í 20 ár.

Um brtt. við 23. gr. er því til að svara, að n. sá, að miðað við örstuttan tíma gat það verið vaxtatjón fyrir hina ómyndugu að mega ekki kaupa hvað háu verði sem er. En n. þótti það bera of mikinn keim af spekulation, ef þetta væri gefið alveg frjálst, enda minntist n. þess, að í síðasta stríði voru verðbréfin há, bankavaxtabréfin komust upp undir nafnverð, en féllu svo á 3 missirum um 17%. Og þegar um ómyndugra fé er að ræða, er hér of mikið lagt í hættu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 671,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 671,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
24.—26. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 5. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 682).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Ed., 10. júní, var frv. tekið til einnar umr. (A. 682, 709).

Magnús Jónsson: Frv. þetta er ekkert deilumál. Í rauninni er hér aðeins um að ræða löggjöf, sem er alkunn, því að veðdeild Landsbankans hefur áður fengið leyfi til að gefa út nýja og nýja flokka bankavaxtabréfa. Málið hefur ekki valdið ágreiningi hér í hv. d., og í hv. Nd. hefur það einnig orðið ágreiningslaust, og hafa þar aðeins komið fram tvær litlar brtt. við frv. Önnur brtt. er við 18. gr. frv., sem hljóðar svo: „Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga". Við þetta vill fjhn. Nd. bæta þessu: „enda auglýsi veðdeildin, á 5 ára fresti, skráð nafn, flokk, töluröð og upphæð bankavaxtabréfa, sem ekki er vitjað vaxta af". Og á eftir 23. gr., sem er þannig: „Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka", — vill n. bæta þessum orðum: „en þó eigi hærra verði en á skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er". Þessar brtt. við frv. voru samþ. í hv. Nd., en teknar út úr frv. aftur hér í hv. d., og þó reyndar ekki nema síðari hluti viðbótarinnar við 23. gr., eða orðin: „og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er". Það er nú svo komið í landinu, að veðdeildarbréf fást ekki nema við hærra verði en ákvæðisverð er, og var því talið rétt að taka þessa viðbót út úr frv. aftur, til þess að unnt verði, hér eftir sem hingað til, að ávaxta fé opinberra sjóða o. s. frv. í veðdeildarbréfum, einnig meðan þau þarf að kaupa hærra verði en nafnverð þeirra er. Ég held, að það hafi verið af athugaleysi, að þetta var sett inn í frv., en ekki af því, að hér hafi verið um deiluatriði að ræða. Hv. fjhn. þessarar d. hefur fært þetta í horfið aftur með brtt. sinni á þskj. 709, og leggur n. þar reyndar aðeins til, að síðari hluti viðbótarinnar sé felldur niður. Það má segja, að orðalagið „en þó eigi hærra verði en á skráðu gangverði" sé nokkuð undarlegt, þar sem hér er ekki starfandi neitt kaupþing eða önnur stofnun, sem skráir þessi bréf, en svona hefur nú verið tekið til orða hingað til. Hins vegar er ekki hægt að binda þetta við ákvæðisverð, því að nú er ekki hægt að fá bréfin við ákvæðisverði. Var því sjálfsagt að breyta þessu aftur, og býst ég ekki við, að af því rísi ágreiningur.

Þá er hin brtt., þar sem svo er mælt fyrir, að auglýsa skuli á 5 ára fresti „skráð nafn, flokk, töluröð og upphæð þeirra bankavaxtabréfa, sem ekki er vitjað vaxta af". Ég veit satt að segja ekki, hvað þetta á að þýða, því að á hverju ári er auglýst, hvaða útdreginna bréfa hafi ekki verið vitjað. En það væri skrítin ráðstöfun að fara að auglýsa það sérstaklega, þó að einhverjir vitjuðu ekki vaxta af einhverjum bréfum. Þetta horfir öðruvísi við en um þá, sem vitja ekki útdreginna bréfa. Um vextina vita menn alltaf að þeir falla til, og er ekki ástæða til að skuldbinda veðdeildina til að stofna til þess kostnaðar að auglýsa þetta á 5 ára fresti, og þeir, sem ekki vitja þeirra í 20 ár, geta þá tapað sínum rétti. En auglýsing er ekki líkleg til að breyta nokkru um þetta, því að maðurinn vissi alltaf, að hann átti vexti af bréfunum. Ég hef átt símtal við annan bankastjóra Landsbankans, og óskaði hann þess, að veðdeildin væri losuð við þetta. Ég kvaðst mundu bera fram skrifl. brtt. um þetta hér í hv. d., ef hæstv. forseti vildi taka við henni. Þetta hefur ekki verið borið undir hv. fjhn., og ber ég því brtt. fram á eiginn reikning. En fyrir n. hönd mæli ég með því, að frv. verði samþ. með brtt. þeirri, sem prentuð er á þskj. 709.

Bernharð Stefánsson: Það er rétt, sem hv. form. fjhn. gat um, að þetta atriði sérstaklega hefur ekki verið borið undir n., en ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég get vel fallizt á það. En till. á 709. þskj. er frá allri n., og þá að sjálfsögðu mér einnig, og mun ég greiða henni atkv.

En í sambandi við 23. gr. frv. langar mig til að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh. og

þeim hv. þdm., sem sæti eiga í bankaráði Landsbankans, hvað sé átt við með skráðu gangverði veðdeildarbréfa. Hv. þd. er kunnugt, að hér lá fyrir frv. til l. um kaupþing í Reykjavík, þar sem gert var ráð fyrir, að veðdeildarbréf og önnur verðbréf yrðu skráð opinberlega. Stj. Landsbankans skrifaði fjhn. út af þessu og lagði á móti því, að frv. yrði samþ. Taldi hún hættulegt að byrja á slíku stórræði, að skrá verðbréf, sem gengju kaupum og sölum í landinu, og það vegna þess, hve tímarnir væru nú óvenjulegir og alvarlegir. Bankastj. tilkynnti þó, að Landsbankinn mundi byrja að skrá þessi bréf. Leikmaður, eins og ég, á nú erfitt með að skilja, að hættulegt sé að setja l. um kaupþing, sem er í rauninni ekki annað en opinber skráning verðbréfa í landinu, en hættulaust sé, að Landsbankinn setji sjálfur á fót sams konar stofnun. En ég býst við, að hinn æðri visdómur í peningamálum geti upplýst þetta, og því spyrst ég fyrir um það, hvað sé skráð gangverð bréfa, sem um er getið í 23. gr. Ef Landsbankinn setur upp þetta kaupþing, sem hann ráðgerir, þó að hann telji hættulegt, að landið geri það, er þá hægt að líta svo á, að gengi það, er hann skráir, sé opinberlega skráð gengi, þar sem ekki eru til nein l. um þetta?

Magnús Jónsson: Ég býst við, að hv. meðnm. minn, 1. þm. Eyf., hafi beint spurningu sinni meðfram til mín. Náttúrlega bý ég ekki yfir neinum æðri visdómi, og væru aðrir ef til vill færari um að svara fyrirspurn hans. En ég get endurtekið það, að þetta er ekki nýtt. Ég býst við, að þetta sé gamalt í l. um deildina, sett til tryggingar því, að bréf yrðu ekki keypt yfir skráðu gangverði. Ef um sviksemi væri að ræða, væru dómstólarnir varla í vafa um, hvernig þeir ættu að dæma í málinu. Á verðbréfum hefur jafnan verið fast verð, t. d. hefur Landsbankinn keypt bréf föstu verði. Annars ættu menn að hafa minnstar áhyggjur af þessu nú, þegar í uppsiglingu er stofnun til að skrá verð þeirra. (**BSt:** Ég spurði, hvort hægt væri að kalla þetta opinberlega skráð gengi). Já, ekki síður en það, sem verið hefur til þessa. Annars vil ég ekki fara út í erjur um þetta. Landsbankinn kvaðst vilja gera tilraun í þessa átt og varaði heldur við, að þingið færi að gera það. Ég vildi þess vegna, að þingið færi ekki nú að hlaupa hér fram fyrir skjöldu.

Ég vil þó gera nokkra aths. við það, er hv. 1. þm. Eyf. taldi það ósamkvæmni hjá mér og Landsbankanum að draga úr því, að sett yrðu l. um stofnun kaupþings, þar sem Landsbankinn ætlaði sjálfur að koma sér upp skráningarstofnun. Þetta væri eins og hjá drengnum, sem vildi láta banna öðrum krökkum að drepa flugurnar, af því að hann vildi fá að gera það sjálfur. (**BSt:** Já, einmitt.) Um það frv. til l. um kaupþing, sem hér kom fram, get ég sagt það, að mér finnst það mjög varlega og hóflega samið, þó að sumt í því orki nokkuð tvímælis. En stofnun kaupþings á þennan hátt væri þó ekki hið sama og ef Landsbankinn kæmi upp skráningu þessara bréfa. Landsbankinn og Útvegsbankinn eru að vísu skyldaðir til að vera kaupþingsfélagar, en ekki annað. Ef einhverjir „spekúlera", bera bankarnir enga ábyrgð og draga sig að líkindum út úr þessum viðskiptum. En ef Landsbankinn hefði þetta með höndum sjálfur, hefði hann mikla ábyrgð. Og hann hefur möguleika til að stöðva spekúlation. Ef menn ætla að spenna bréfin upp úr öllu valdi, hefur hann umráð á svo mörgum bréfum, að hann gæti haldið verðinu niðri með því að bjóða þau því verði, sem hann telur sanngjarnt. Eins væri, ef menn ætluðu að lækka verðið mjög, gæti hann sagt: Ég er kaupandi að bréfum við betra verði. Þetta tvennt er því ekki hið sama. Ef nota mætti svo hátíðlegt orð, vildi ég segja, að hjá Landsbankanum gæti komið fram nokkur fórnarlund, þar sem hann segði sem svo: Á ég ekki að ríða á þetta hættulega vað á svo örðugum tímum sem nú eru?

Mér þótti vænt um, að meðflm. minn lét í ljós fylgi sitt við hina till. einnig, þótt mér ynnist ekki tími til að bera hana undir n. áður en fundur hófst. — Ég hygg, að málið muni ekki tefjast neitt, þó að þessi brtt. sé samþykkt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá 1. þm. Reykv. (A. 716) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Af því að ég var hér staddur, þegar hv. 1. þm. Eyf. beindi til mín fyrirspurn um, hvernig hægt væri að úrskurða, hvað væri skráð gengi bréfa, ef ekki væri til í landinu sérstök stofnun, sem hefði þá skráning á hendi, þá vil ég ekki færast undan því svari, sem unnt er að gefa: Það yrði almennt talið það gengi, sem Landsbankinn keypti bréfin með, einkum þegar um erlend bréf væri að ræða. Þótt bankinn sé ekki í svipinn kaupandi bréfa, kaupir hann eitthvað alltaf öðru hverju og hefur á þeim eitthvert skráð gengi. Í sjálfu sér kæmi það til mála, sem hv. 1. þm. Reykv. vék að, að þetta gæti orðið dómstólamál, og yrði það þá að vera matsefni, hvað telja bæri skráð gengi. En hitt finnst mér sanni næst, að fara eftir landsbankagengi.

Bernharð Stefánsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið, það sem það náði, og vitanlega er það ekki hans sök, að það náði heldur stutt. Ef það er rétt, sem mér finnst staðfest með ræðu hans, að þetta sé í lausu lofti, þýðir það, að ummælin í 23. gr. um opinbert skráð gengi eru vægast sagt hálfgerður hortittur. Ég bið hæstv. forseta að athuga, að ég gaf ekkert beint tilefni til, að farið yrði að tala hér um allt annað mál en fyrir liggur. Ef það hefði átt við, mundi ég hafa svarað ræðu hv. 1. þm. Reykv. allýtarlega, en þar sem ekki er rétt að hefja umr. um mál, sem ekki er á dagskrá, þó það sé þessu skylt, verð ég að láta fá orð nægja.

Hv. 1. þm. Reykv. færði gild rök fyrir því, að það sé algerlega óhætt fyrir Landsbankann að setja upp kaupþing, en þó sé ákaflega hættulegt að setja lög um, að ríkið komi upp slíkri stofnun og gefa bönkunum völd um stjórn kaupþingsins. Fjárhagsleg hætta væri þetta vitanlega engin fyrir landið, því að ekki var ætlazt til, að

kaupþingið keypti sjálft nokkurt bréf, heldur að það yrðu aðeins fundir, þar sem menn gætu mætzt og verzlað sín á milli. Það er til lítils sóma, að mínu áliti, fyrir hlutaðeigendur, að þjóðbanki landsins skuli hafa látið frá sér fara annað eins plagg og það, sem hv. 1. þm. Reykv. flaggar með í nál. sínu um frv. til l. um kaupþing í Reykjavík.

Magnús Jónsson: Ég stend eiginlega upp til að bera af mér sakir. Ég skil ekkert í, að hv. 1. þm. Eyf. skuli ekki skilja, að enginn vafi er á, hvor fyrri hefur farið út fyrir efnið í þessari umr. Ég flutti mína fyrri ræðu án þess svo mikið sem að minnast á nokkur önnur mál. En hann byrjaði ræðu sína á því að reyna að gera mína afstöðu í öðru máli hlægilega. — Rétt er það, sem hann segir, að af kaupþingi þurfi ekki að stafa fjárhagshætta fyrir ríkið. En ég býst við, að þm. séu mér sammála um, að stórfelld og fölsk „spekulation" í því sambandi gæti orðið að gífurlegu tjóni fyrir landið.

ATKVGR.
Brtt. 716 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 709 samþ. með 9:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., 11. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 717).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:1 atkv.

Sveinbjörn Högnason: Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki málið út af dagskránni. Það hefur einhver breyt. verið gerð á frv. í Ed., en fjhn. hefur ekki enn haft ástæður til þess að athuga, hvernig sú breyt. verkar.

Forseti (JörB): Samkv. ósk form. fjhn. verður þetta mál tekið út af dagskránni og umr. frestað.

Umr. frestað.
Á 77. fundi í Nd., 12. júní, var fram haldið einni umr. um frv.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá fjhn. við 23. gr. frv. svo hljóðandi:
„Aftan við gr. bætist: hjá Landsbanka Íslands. Eigi má þó verja fé ómyndugra til þess að kaupa bankavaxtabréf á hærra verði en ákvæðisverð þeirra er."
Brtt. þessi er skrifl. og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 734) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Þorsteinn Briem):** Hv. Ed. hefur gert tvær breyt. á þessu frv., síðan það var hér í d. síðast. Önnur breytingin gefur ekki beinlínis tilefni til aths., með því að efni greinarinnar eins og hún fór héðan mun hægt að fullnægja án lagaákvæða. Ég á hér við það, sem hv. Ed. hefur sniðið aftan af 18. gr. frv.

En hina breyt. Ed. hefur fjhn. ekki fallizt á, og því hefur n. borið fram þá skrifl. brtt., sem hæstv. forseti kynnti hv. dm. 23. gr. frv. hljóðar nú svo: „Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en á skráðu gangverði þeirra." Fjhn. leggur til, að við gr. bætist fyrst og fremst orðin: „hjá Landsbanka Íslands", og er sá hluti brtt. fluttar eftir ósk Landsbankans, sem hefur sölu þessara bréfa með höndum og mun hugsa sér að koma fastara skipulagi á skráningu gengis þeirra, eins og komið hefur fram í umr. um annað mál í hv. Ed. Enn fremur leggur n. til að við gr. bætist: „Eigi má þó verja fé ómyndugra til þess að kaupa bankavaxtabréf á hærra verði en ákvæðisverð þeirra er."

Það hefur komið í ljós síðan Landsbankinn hætti að greiða vexti, eða svo til, af sparisjóðsinnstæðum, að stofnanir og sjóðir hafa orðið að kaupa bréf hærra en á gangverði. Hv. Ed. hefur viljað fallast á nauðsyn þessa. En fjhn. þessarar d. hefur ekki getað fallizt á þetta að því er snertir fé ómyndugra, og ber í því efni fyrir sig reynsluna frá síðasta stríði.

Fyrir fjhn. vakti, þegar frv. var hér í d. til meðferðar í fyrra sinnið, að hafa svipað ákvæði og þetta, og enn fremur að athuga, hvort ekki mætti koma því til leiðar, að vextir af þessum bréfum yrðu lækkaðir nokkuð nú þegar, til þess að unnt væri að koma í veg fyrir óeðlilega hækkun á þeim nú. og þar af leiðandi verðfall síðar. Með þessu móti hefði skapazt nokkuð aðhald um hækkun bréfanna. Eftir síðasta stríð lækkuðu þau um ca. 20%. Og sama getur auðveldlega endurtekið sig nú, ef ekki reynist kleift að reisa við þessu skynsamlegar skorður í upphafi.

Vextir voru aðeins 4½% af fyrstu flokkum veðdeildarinnar, en voru síðan hækkaðir í 5%, þegar minna var um peninga og örðugt um sölu á bréfunum. Nú eru allt aðrir tímar en þá. Þess vegna vildi n. láta taka þetta til athugunar, a. m. k. að því er snertir fé ómyndugra, svo að því sé ekki varið til þess að kaupa bankavaxtabréf á hærra en ákvæðisverði. Því að sama gildishrunið getur endurtekið sig.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru örfá orð viðvíkjandi till. fjhn., vegna þess að ég tel óeðlilegt, að slíkt ákvæði verði sett inn í frv. þetta. Þetta hefur verið hér til umræðu áður, og hafa verið færð nokkur rök fyrir þessari till. En út af því vil ég benda á, að vextir hafa lækkað allmjög af innstæðum í bönkum. Þeir, sem eiga að ráðstafa fé ómyndugra, geta eins og sakir standa ekki varið því betur en til kaupa á vel tryggðum veðbréfum, eins og t. d. veðdeildarbréfum, sem nú munu að vísu seljast lítið eitt yfir nafnverði. Ef þessi till. yrði samþ., yrðu þeir annaðhvort að leggja féð á sparisjóðsreikning eða þá að kaupa uppsprengd fasteignaveðbréf.

Bankarnir greiða nú 3% vexti af takmarkaðri upphæð, en 1% af afganginum. Af veðdeildar-

bréfum eru 5% vextir auk þess sem þau eru einhver hin bezt tryggðu verðbréf, sem völ er á, því fyrir þeim stendur ríkisábyrgð. Ég tel því óþarfa fyrir Alþingi að fara að hafa þannig vit fyrir forráðamönnum ómyndugra, hvaða bréf þeir kaupi eða við hvaða verði. Þeir verða að meta það sjálfir á hverjum tíma. Það er því engin ástæða til þess fyrir Alþingi að leggja stein í götu manna um kaup á veðdeildarbréfum. Ég sé ekki betur en Alþingi yrði þá sjálft að taka að sér öll forráð ómyndugra og alla ábyrgð á fjárreiðum þeirra, ef ekki má treysta hinum sömu embættismönnum til þess starfa, sem jafnan áður hafa haft hann með höndum. Ef hins vegar verður nokkur lækkun síðar, þá verða eigendur bréfanna í versta tilfelli að bíða þangað til þau verða dregin út.

Ég endurtek það, að ég sé enga ástæðu til að leggja sérstakar hömlur á það, að menn megi kaupa veðdeildarbréf, því það gæti hæglega orðið til þess, að menn færu að kaupa alls konar miður tryggð skuldabréf, því forráðamönnum ómyndugra er hvergi bannað að kaupa t. d. 2. veðréttar bréf, og fyrir þeim er engin ríkisábyrgð.

***Frsm. (Þorsteinn Briem):** Ég býst nú ekki við, að það sé meiningin hjá n. að fara í kapp um þetta ákvæði, en ég hygg, að ef Landsbankanum litist rétt að lækka vextina ofan í 4½%, þá mundi sjaldan eða aldrei koma til þess, að bréfin seldust yfir nafnverði. Og þetta ákvæði mundi heldur herða á bankanum um að lækka vextina. Enn fremur taldi n. rétt, að þetta ákvæði héldist í l., því þetta er svo sem engan veginn nýtt ákvæði, heldur hefur það verið í l. um alla 12 veðdeildarflokkana.

Það er rétt, að nokkur munur er orðinn á vöxtum af bankainnstæðum og veðdeildarbréfum. Nú mun vera greitt 3% á sparisjóðsreikningi, og 3½% af innstæðu á innlánsskírteini undir 25 þús. kr., en lægri vextir, þegar kemur yfir þá upphæð.

N. væntir þess, að a. m. k. fyrri hluti brtt. verði samþykktur, um skráð verð hjá Landsbanka Íslands, því allir eru sammála um nauðsyn þess að koma fastri skráningu á veðbréfin.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil nú ekki heldur fara að gera þetta að kappsmáli. En út af ummælum hv. frsm. vil ég sérstaklega mæla með, að fyrri hluti till. verði samþ., því að það ákvæði mundi gefa nokkurt aðhald um skráningu bréfa.

Hér lá fyrir þinginu frv., sem ég átti þátt í, um kaupþing, en það var svæft í hv. Ed. og mun ekki vakna til lífsins aftur á þessu þingi. En meðan ekki er samþ. sú framtíðarlausn, sem í því felst, þá get ég mjög vel fallizt á þetta. Enda er Landsbankinn þegar byrjaður að undirbúa þetta.

ATKVGR.

Brtt. 734, fyrri hluti, orðin: hjá Landsbanka Íslands, samþ. með 21 shlj. atkv.

— 734, síðari hluti, felld með 13:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á deildafundum 12. júní var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 737).

Á 26. fundi í Sþ., 14. júní, var frv. tekið til einnar umr.

***Magnús Jónsson:** Síðasta breyt., sem gerð var á þessu frv. og gerði það að verkum, að það kemur nú í Sþ., var gerð í Nd. Ágreiningur var um það, hvort í 23. gr. frv. ætti að banna að kaupa veðdeildarbréf í því skyni, sem þar um ræðir, ef verð þeirra væri yfir ákvæðisverði. Og það var Ed., sem óskaði eftir því, að það mætti, en Nd. vildi ekki að það væri leyfilegt. Nú hefur í raun og veru náðst samkomulag um þetta mál. Og sú breyt., sem gerð var í Nd., er svo smávægileg, að allshn. hefur ekki séð ástæðu til að gera neina brtt. til að færa ákvæðið aftur í sama form. En ég vil benda á það aðeins, að ég tel þessa litlu breyt. ekki til bóta, þar sem bætt er við, að skráning þessara skulda sé miðuð við skráð verð hjá Landsbanka Íslands. Og það er vegna þess, að það hefur legið fyrir þinginu frv. um stofnun kaupþings. Enda þótt það næði ekki afgreiðslu þingsins nú, er það mál, sem búast má við, að þingið afgr. innan skamms, enda þótt Landsbankinn taki upp svipaða starfsemi fyrst um sinn. Þetta ákvæði gæti komið einkennilega út, ef komið væri á kaupþing og ætti samt að binda sig við skráningu í Landsbankanum. En ef til vill verða þessir flokkar útgengnir, sem hér er um að ræða, áður en til þessa kemur, og er því engin ástæða til að amast við þessari viðbót, sem hefur verið nánar skýrð af fjmrh.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 761).

---

84. Háskóli Íslands.

Á 28. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936 (þmfrv., A. 112).

Á 32. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Þó að ég sé andvígur þessu frv. í verulegum atriðum, taldi ég þó ástæðulaust að beita mér á móti því, að málið kæmi fram í þessari hv. d. frá menntmn. Hæstv. kennslumrh. hafði lagt svo fyrir, að málið skyldi sent menntmn. Nd. Alþ., án þess þó að í því lægi bein ósk frá honum um að n. flytti málið.

Höfuðbreyt. á háskólalögunum, sem stefnt er að með þessu frv., er sú, sem um getur í 1. gr., en hún er sú, að lagadeild heiti framvegis laga- og hagfræðideild. Alexander Jóhannesson rektor

segir í bréfi til kennslumrh., sem prentað er sem fylgiskjal með málinu, að þessi breyt. sé gerð til þess, að hægt sé að taka upp kennslu í hagfræði til embættisprófs og sameina viðskiptaháskólann lagadeildinni án þess að breyta háskólalögunum. Um fyrra atriðið ætla ég ekki að ræða. Um síðara atriðið vil ég segja nokkur orð, en það atriði snertir viðskiptaháskólann.

Mér er kunnugt um, að háskólinn hefur sett sér þá reglu eða „prinsip“ eins og rektorinn orðaði það á fundi menntmn., þegar hann lýsti sinni skoðun, að aðrir en stúdentar ættu ekki aðgang að deildum þessarar stofnunar. Ég vil ekki segja neitt um þetta „prinsip“, láta háskólamennina um það og aðra þá, sem telja sig hafa reynslu í því, hvernig móta skuli háskólann, en að krefjast þess, að hver sá maður, sem hyggst að skapa sér ævistarf innan viðskiptalífsins, hvort heldur væri sem fulltrúi þjóðarinnar erlendis eða við alhliða athafnalíf hér heima, með því m. a. að stunda nám í viðskiptaháskólanum, skuli hafa lokið stúdentsprófi, það get ég ekki fallizt á og fylgi því ekki, allra sízt eins og nú er, að börnin eru sigtuð innan við fermingu og þar með að verulegu leyti ákveðið, hverjir skuli verða stúdentar og þá um leið háskólaborgarar. Væri rúmur inngangur í menntaskólann og nemendur felldir smátt og smátt, væri betur tryggt, að efnilegustu menn næðu stúdentsprófi. Margir ungir menn leita fremur til annarra skóla en þeirra, sem útskrifa stúdenta, sýna þar mikinn dugnað í hvívetna, meira að segja koma til greina námsgarpar sjálfmenntaðir. Hvaða vit er í að leggja stein í götu slíkra manna fyrir þær sakir einar, að þeir hafa ekki stúdentspróf? Menn spyrja að vísu á þá leið, hví slíkir menn geti ekki skroppið í það að taka stúdentspróf. Því er að svara, að við stúdentspróf munu vera heimtaðar ýmsar námsgreinar, sem er ekki lögð áherzla á í viðskiptaháskólanum. Hins vegar er eðlilegt að heimta þær almennu námsgreinar af þeim, sem ætla að verða embættismenn ríkisins.

Um 2. og 3. og nokkurn hluta 4. gr. frv. ræði ég ekki, — ég býst við, að þær breyt., sem þar um ræðir, eigi nokkurn rétt á sér. En það atriði 4. gr., sem ég vil styrkja aðstöðu háskólans til að koma á, eru íþróttirnar. Það atriði eitt olli því, að ég vildi láta málið koma fram. Fimleikakennari háskólans telur starf sitt núna lítils virði. Ástæðuna telur hann að vísu fyrst og fremst áhugaleysi stúdentanna, en líklegt er, að slíkt mundi breytast, ef þeir ættu ekki eins auðvelt með að koma sér undan íþróttatímunum eins og raun ber vitni um. Efri bekkjum menntaskólanna og háskólanum ber skylda til að hafa forustu í öllu íþróttalífi landsmanna. Síðan eiga embættismennirnir að halda slíkri forustu áfram, hvar sem þess er þörf um sveitir landsins, þ. e. a. s. þeir, sem þangað fara, en sem allra flestir að vera virkir áhrifamenn í þessu efni sem öðrum, ýmist sem beinir þátttakendur eða ráða- og hvatamenn íþróttamálanna. Ég mun því beita mér fyrir brtt. við frv., og ég hygg, að við verðum fleiri um þær.

Ég vil svo að lokum benda hæstv. forseta á það, að menntmn. skrifaði utanrmn. um þetta frv. og mæltist til umsagnar hennar snertandi þetta frv. Menntmn. taldi þessi vinnubrögð eðlileg, þar sem utanrmn. hafði forustu á því að koma viðskiptaháskólanum á. Bréf okkar var sent fyrri hl. s. l. mán. Enn hefur ekkert svar borizt n. Vil ég því vænta þess, að hæstv. forseti taki málið ekki aftur á dagskrá, fyrr en n. gerir honum aðvart, og vil ég óska þess, að málið verði ekki tekið til frekari umr. hér, fyrr en utanrmn. hefur svarað bréfi menntmn., þó að ég hins vegar vilji ekki vera valdur að því, að málið kæmi ekki aftur fram. En drátturinn á svari utanrmn. mun stafa af því, að hv. form. n. hefur nú verið veikur um nokkurt skeið. Hins vegar ber að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

*Einar Olgeirsson: Ég vil lýsa yfir fylgi mínu við þetta frv., ekki vegna íþróttaákvæðanna, heldur vegna aðalákvæðanna, að setja viðskiptaháskólann inn í háskólann. Það er mál til komið að tryggja það, að menn geti yfirleitt, þeir, sem námsskarpastir eru, komizt að menntastofnununum, en um það hefur ráðið það pólitíska hugarfar þeirra manna, sem þar hafa haft yfirráðin, enda hefur það verið svo, að fjöldi manna hefur verið hindraður í því að komast inn í skólann vegna þeirra takmarkana, sem eru um inngöngu í menntaskólann, og börnin á efnaheimilunum hafa fengið sérréttindi til að komast inn í skólann, og um leið er komið í veg fyrir, að margir af efnilegustu nemendunum fái að komast þar að. Það er þarna, sem fyrst og fremst er að finna undirrót þeirrar meinsemdar, sem hv. frsm. talaði um. Í staðinn fyrir að útiloka þá fátæku og um leið mikið af þeim, sem eru efnilegastir, vegna þess að þar er fjöldinn, þá á að styðja að því, að þeir geti komizt inn í skólana í staðinn fyrir að takmarka aðgang að menntaskólanum, setja svo og svo þung próf og koma upp sérstakri fabriku í sambandi við prófið handa þeim, sem hafa betri aðstæður og geta borgað svo mikið sem vera vill með sínum krókkum. Það er undarlegt að bera það fram sem rök á móti háskólanum, að það skuli vera til svona ómögulegt skipulag í sambandi við uppeldi og menntun æskulýðsins. Það, sem væri rökréttast, væri að flytja frv., sem bannaði að setja þessar takmarkanir, svo að hinn íslenzki æskulýður fengi að öðlast menntun, því að ef þessi stefna heldur áfram, þá er það ekki aðeins menntaskólinn, sem líður undir því, heldur háskólinn líka og þar með meginhluti alls þjóðfélagsins, og það er þarna, sem á að segja stopp við.

Ég sé ekki ástæðu til að fresta þessu frv. út af þeim ástæðum, sem hv. frsm. minntist á. Ég álít þvert á móti nauðsynlegt að koma þessum breyt. sem fyrst á. Annars er undarlegt, að hér skuli koma fram tilmæli um, að þetta mál sé látið bíða, þangað til eitthvert bréf kunni að koma frá utrmn., því að það er vitað, að formaður þeirrar n. berst af einhverjum undarlegum ástæðum manna harðast á móti háskólanum og því, sem mætti verða til þess að auka hans veg og sameina viðskiptaháskólann og háskólann og enn fremur sá maður, sem hefur unnið

manna mest að því að eyðileggja það, að útskrifazt gætu verulega góðir stúdentar, með þeim takmörkunum, sem hann hefur látið setja á menntaskólann. Og svo ætti þessi hv. formaður utrmn. með því að draga að senda eitthvert svarbréf að ráða, hvenær málið kæmi hér fyrir aftur. Ef á að bíða eftir slíku svari, þá vil ég fyrir mitt leyti, að tilskilið væri, að það kæmi fyrir einhvern ákveðinn tíma.

Svo er eitt, sem ég vil minnast á, fyrst verið er að ræða um háskólann, þó að það komi ekki beinlínis þessu máli við, en það eru launakjör prófessoranna. Eins og þeim málum er nú komið, þá eru laun þeirra allt of lág. Það virðist vera svo, að háskólinn sé ekkert annað en biðskóli fyrir unglinga, þannig að þeir taki að sér þessi störf, á meðan þeir eru að bíða eftir betur launuðum embættum. Í þessar stöður eru settir kornungir menn, og svo fara þeir eftir 2—3 ár, og þá koma í staðinn aðrir ungir menn, sem bíða þarna líka eftir öðrum betri stöðum. Þetta er þveröfugt við það, sem farið er að við háskóla annars staðar um heim. Þeir, sem stefna að því að komast í prófessorsstöður, skoða það sem takmark, þangað komast ekki nema mjög reyndir menn, og er gengið út frá, að þeir verði síðan í því starfi, meðan starfskraftar þeirra endast. En vegna þess, hvað prófessorar hér eru lágt launaðir, tolla þeir ekki í stöðunum, alltaf að koma aðrir og aðrir menn, og það getur orðið til að eyðileggja allt vísindastarf, því að þá verða menn aldrei það vel að sér, að þeir geti afrekað það, sem til er ætlazt.

Ég vil því alvarlega mælast til þess, ekki sízt ef menntmn. gefur sér tóm til að athuga þetta mál betur, að hún gerði gangskör að því að hækkuð yrðu verulega laun háskólakennaranna, því að það er ekki aðeins til minnkunar, heldur einnig til skaða fyrir þau störf, sem þeir eiga að vinna, og fyrir þjóðfélagið í heild, að þessir menn séu svo lágt launaðir, að þeir geti ekki við það unað.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Það er allt það fæsta í hv. d. til að tala um alvarleg mál og áríðandi, en hvorki ég né hv. frsm. geta ráðið við það, og verður því að tala yfir þeim höfðum, sem hér eru, þótt þau séu eigi allmörg.

Hv. 2. þm. Árn. mælti hér nokkur orð um frv. þetta og lýsti yfir því, að hann væri því andvígur í ýmsum greinum, þó að hann hefði leiðzt til að stuðla að því, að það kæmi hér fram á vegum menntmn. Hann bar fyrir sig, að hæstv. stj. hefði í bréfi sínu þann 27. febr. þ. á., er hún sendi menntmn. þetta frv., ekki sérstaklega óskað eftir, að n. flytti frv. Tilgangurinn var samt auðvitað sá, enda hefði annars verið til lítils að senda málið til n.

Í fyrsta lagi var það svo, að háskólarektor fór fram á það, að stj. flytti þetta mál. Stj. hafði haft þetta mál til meðferðar fram undir þing, og sá ráðh., sem hér átti hlut að máli, hafði lofað rektor því, að málið skyldi verða flutt. Nú kemur þetta bréf til nefndarinnar, en þessi venjulega setning um að óska þess, að málið verði flutt, hefur af einhverjum ástæðum fallið þar niður, en það ber að skýra það eftir því, sem hefur verið upplýst á öðrum vettvangi, en ekki eftir þeim geðþótta, hvað menn vilja leggja í bréfið eða ekki leggja í það.

Nú sé ég, að kominn er einn maður í viðbót inn í d. Er það hv. form. og frsm. n., og er það vel, því að við hann vildi ég tala. Vil ég þá nokkuð víkja að efni málsins. Er það eitt sjónarmið, sem ég vil láta koma betur fram, sem að vissu leyti vakti fyrir n. og ótvírætt hefur vakað fyrir þeim, sem að þessu máli standa.

Það má benda á það, að allir þeir, sem stundað hafa nám þessi ár við viðskiptaháskólann, eru stúdentar, og þó var enginn slagbrandur fyrir dyr settur um, að ekki mættu þar allir að komast, sem vildu. En það vill nú svo til, — sem ég tel þó raunar alls enga tilviljun —, að stúdentar einir ganga nú á þennan skóla. Og eru þeir nú komnir svo langt, að þeir ættu, eftir þeim reglum, sem gildandi eru við háskóla, að taka próf í vor. En hvers konar próf er það? Er það próf, sem veldur því, að á þá, sem það hafa, verði litið sem menntaða menn í þeirri grein? Er það próf, sem veitir vottorð um, að leyst hafi verið af hendi prófraun, er sanni, að maður hafi tileinkað sér þennan lærdóm, sem þarna er kenndur? En nú er þessi viðskiptaháskóli, sem við höfum komið upp hér hjá okkur til reynslu með það fyrir augum, að það sýndi sig, hvort sú menntastofnun verðskuldaði að fá fastan sess með öðrum menntastofnunum þjóðarinnar, þessi viðskiptaháskóli er nú í húsnæðishraki. Hann átti ekki þak yfir höfuð sér, þegar hann var stofnaður. Þess vegna varð það að samkomulagi, að hann skyldi helzt eiga inni í háskólabyggingunni. Í öðru lagi átti hann í hraki, eins og hann var stofnaður, um hæfa kennara. En það hefur nú æxlazt svo, að ýmsir góðir menn hafa fengizt til að kenna við þennan skóla. Og maður hefur komið til þess að kenna við þennan skóla með fulkomið próf í hag- og viðskiptafræði, sem er Gylfi Þ. Gíslason. Þessi maður hefur ráðizt við þessa deild, hina væntanlegu hagfræði- og viðskiptadeild háskólans. Kennslumálarh. hefur skipað hann fastan kennara við lagadeildina. Og hann er, eins og sumir hv. þm. hljóta að vita, og ég geri ráð fyrir að hv. fjvnm. viti það, að hann er nú þegar kominn á föst laun sem fastur kennari við þessa deild, skipaður af ríkisstj.

Nú er það orðið einróma álit háskólaráðs og margra annarra, þar á meðal þessa aðalkennara við viðskiptaháskólann, og einnig er það álit ríkisstj., að heppilegast væri að sameina þennan viðskiptaháskóla Háskóla Íslands, þ. e. a. s. innlima hann í háskólann og gera þessa lærdómsgrein að fastri háskólagrein, sem ekki aðeins mundi gefa henni þann þyr og festu, að framtíð hennar hér hjá okkur mundi verða tryggð til frambúðar, heldur mundi líka með því mega spara mikið fé. Því hitt yrði miklu kostnaðarsamara, ef kennsla færi fram í þessari grein í sérstökum skóla, sem ekki væri deild í Háskóla Íslands, því að þá yrði að byggja sérstakan háskóla utan við háskólann fyrir þessa menn, sem á viðskiptaháskóla stunduðu nám. En svo háttar um hagfræðikennslu, að þar er kennd lögfræði

að nokkrum hluta. Og með því að sameina viðsikptaháskólann við háskólann, mætti einnig sameina hagfræðikennslu hins fyrrnefnda skóla við kennslu í lagadeild háskólans. Og væri svo gert, þá er það gefið, að það yrði ný starfsgrein lagakennarans við háskólann að kenna í hagfræðideildinni það, sem þar þarf að kenna.

Nú er mér óskiljanlegt, hvers vegna menn eru á móti þessu. Því að það er hinn mesti uppsláttur fyrir okkur, að þessi lærdómsgrein hefur verið tekin svo hátíðlega, að þessi viðskiptaháskóli hefur þótt reynast svo vel, að það hefur verið allra manna mál, sem hér að standa, að hann ætti að taka sem grein inn í Háskóla Íslands. Þess vegna furðar mig á, að þeir menn skuli vera til, sem ekki eru ánægðir með að taka þetta mál svo föstum tökum, sem hér er lagt til, að gert verið. Í sambandi við þetta mál hygg ég, að hafi komið til greina einhver óbeit á mönnum og stofnunum, sem sízt má koma til greina að ráði að neinu leyti gerðum manna í slíku máli sem hér er um að ræða. Og hæstv. Alþ. verður að fara í þessu efni eftir því, sem telst eðlilegt og viðeigandi, þegar á allt málið er litið.

Þessi breyt., sem hér er farið fram á að gera á háskólal. frá 1936, með 1. gr. frv., er, að einu orði verði bætt inn í, nefnilega orðinu „hagfræðideild", og er það nánar skýrt, að það er bæði hagfræði og viðskiptafræði, sem hin nýja systurdeild á að hafa með höndum. Þó að breyt. sé ekki gerð með fleiri orðum, er það nægilega skýrt. Enda snúast öll skilríki þessa frv. um það, hvernig eigi að koma þessu fyrir, sem menn vilja breyta hér.

Það er ekki aðeins, að það sé álit háskólaráðs o. fl., sem ég þegar hef getið, að sameina beri viðskiptaháskólann Háskóla Íslands, heldur eru þeir, sem eru í stúdentaráði, allir sem einn maður á sama máli um það, að þetta verði gert, og hafa farið fram á það. Hafa þeir og látið ýmsum hv. þm. í té greinargerð þeirra, sem í alla staði er prýðileg frá þeirra hendi. Þeir óska þess, að þeir fái að njóta þess að geta tekið próf á næstunni frá fullkominni laga- og hagfræðideild. Þeim er ljóst, að þeir sem lærdómsmenn í þessari grein lafa í lausu lofti, ef þeir hafa ekki skilríki fyrir því, að þeir hafi stundað nám við viðurkenndan skóla, sem kallar sig háskóla.

Það hefur komið fram tillaga eða uppkast að reglugerð fyrir viðskiptaháskólann. Ríkisstj. stendur ekki að henni, og hún hefur ekki fengið staðfestingu. Ég hygg, að ýmislegt í henni sé rangt. (**PHann:** Hvað er rangt í óstaðfestri reglugerð?) Það getur verið rangt frá skýrt. Það ætti ríkisstj. að vita um.

Aðalbreyt. með þessu frv. felst í 2. gr. frv., sem er að mínum dómi varhugaverð. Ég er sammála þeim mönnum, sem telja, að byrjað sé á öfugum enda með því að fara nú að takmarka aðgang að æðstu kennslu í landinu, eftir að þeir, sem álítast til þess hæfir að fá að ganga í menntaskóla, eru komnir svo langt, að þeir gætu fengið þess vegna aðgang að háskóla. Ég tel, að aldrei hefði átt að takmarka aðgang manna að menntaskólum landsins, og að því leyti sé þetta einnig spor í öfuga átt, eins og það var það við **menntaskólann. Við þá takmörkun**, sem hefur verið gerð viðkomandi inntöku nemenda í menntaskólann hér í Reykjavík, hefur það verkað þannig, þó að merkilegt sé frá sjónarmiði þeirra manna, sem haldið hafa mest í þetta, að fólk með prýðilegum námsgáfum, sem komið hefur utan úr sveit, þaðan, sem menn eiga erfiðast með að koma til náms hingað til Reykjavíkur, hefur orðið útundan fyrir miðlungsfólki að námsgáfum, sem átt hefur heima hér í bænum, sem hefur fyrir auðæfa sakir verið með aukakennslu þrýst inn í skólann. En efnisnámsmenn, sem utan af landi hafa komið til Reykjavíkur, hafa ekki haft ráð á því að kaupa aukakennslu ofan á annan kostnað til þess að komast að skólanum. Það má segja það, að það er ákaflega einkennileg verkun, sem þessi ákvæði hafa haft, að bægja þannig efnilegum ungdómi sveitanna frá tækifærum til mennta, samtímis því, sem þessi tilhögun hefur sópað inn í skólann öllum mögulegum mönnum úr kaupstöðunum, sérstaklega hér úr Reykjavík.

Á meðan svo er, að það þykir rétt að takmarka þetta — og það má segja, að nú á tímum megi gera tilraunir með ýmislegt, líka um það, hvort takmarkanir sem þessar í hinum æðstu skólum ættu við og bæru tilætlaðan árangur, — þá mun ég ekki setja þetta atriði 2. gr. frv. fyrir mig það mikið, að það yrði því til fyrirstöðu, að ég ljái frv. atkvæði mitt eins og það er. En ef 1. gr. nær ekki fram að ganga, er ekki að mínu áliti ástæða til að fara að hrófla að öðru leyti við þeim ákvæðum háskólal., sem nú gilda.

3. gr. er aðeins afleiðing af öðrum breyt. frv.

Ákvæði 4. gr., þar sem gert er ráð fyrir að breyta 22. gr. háskólal., tel ég réttmæta breyt. Hins vegar hygg ég, að orðið íþrótt sé ekki rétt notað þarna. Ég met hv. formann menntamálaráðs mikils í þeirri grein, sem hér mun átt við með þessu orði. En það er eins og menn skilji ekki lengur orðið íþrótt, að það þýðir ekki æfingu eða því um líkt, heldur, að einhver er íþróttarmaður ber að skilja þannig, að hann sé listamaður í einhverri grein.

Ég vil skjóta því svona fram, hvort ekki mundi rétt vera, sem ég flutti, að kennslumrh. hafi ekki óskað þess að setja þetta ákvæði inn í frv., en þarna sé það komið af hvötum hv. formanns menntamálaráðs, og þá hafi hann sennilega lofað því að flytja frv. En þó að stúdentspróf megi ekki fást nema til handa þeim mönnum, sem „íþróttir" hafa stundað, þá gæti slíkt ákvæði í l. sem þetta orðið hreint sem hvert annað „humbug", sem menn vita um, en gera ekki að neinu atriði til þess að hindra framgang mála, sem að öðru leyti eiga rétt á sér að fá fram að ganga. Það má reyna þetta, eins og að mínum dómi má reyna þá takmörkun, sem ég áðan ræddi um.

Ég legg með því, að frv. gangi til 2. umr. Og ég vil vænta þess af hv. formanni menntmn., ef hann vill breyta einhverju í frv., þá hafi hann heldur hraðann á, því að nú fer að halla þingi, er páskar eru liðnir hjá.

Hvað snertir bréf það, sem eftir uppástungu eins manns í menntmn. var skrifað utanrmn., er það að segja, að bréfið var á þann hátt, að ef n. þóknaðist að láta í té umsögn sína, þá væri

henni til þess opin leið. En ýmsir álitu, að utanrmn. hefði ekki með þetta mál að gera. Það var eitthvað borið undir fáa menn þeirrar n.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 8. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Pálmi Hannesson: Þetta mál hefur verið rætt allmikið í menntmn. og varð samkomulag um að n. bæri frv. fram, en nm. hefðu óbundnar hendur um einstök atriði.

Ég skal gera þá grein fyrir minni afstöðu strax, að ég tel mig ekki bundinn við ákv. 1. gr. og mun gera brtt. við hana.

Fyrir mér er kjarni málsins sá, viðvíkjandi viðskiptaháskólanum, að ef hann verður lagður undir háskólann, þá verði hann eins konar hjáleiga frá lagadeild. Og ég vil benda á það í því sambandi, að rektor getur þess, að hann hafi hugsað sér að fá þessa deild opnaða í sambandi við lokun læknadeildar. Það á að nota þetta sem eins konar ventil til þess að létta þrýstinginn á læknadeildinni. Þarna finnst mér ekki hugsað út frá skólans sjónarmiði eða þeirra manna, sem í honum eru. Og mig uggir, að þegar viðskiptaháskólinn yrði kominn sem eins konar útkjálki frá lagadeild, þá yrði vegur hans ekkert meiri en hann nú er og miklu minni en hann gæti orðið, ef hann væri sérstök stofnun.

Um viðskiptafræðina er það annars að segja, að það er óvíða, sem hún er hluti af háskólanámi. Hitt er miklu tíðara, að hún er látin frjáls, einmitt í því skyni að koma í veg fyrir, að hún verði of akademisk. Hins vegar er þessi skóli hugsaður með það fyrir augum frá öndverðu, að þeir, sem útskrifast frá honum, verði færir til að takast á hendur viðskipti af þjóðarinnar hálfu í öðrum löndum. En til þess þarf ekki háskólamenntun, heldur þann undirbúning, sem væri sniðinn með hliðsjón af tilganginum.

Að síðustu vil ég svo benda á, að við hv. 2. þm. Árn. höfum borið fram till. til þál. í Sþ. um að taka til endurskoðunar skólamálin í heild og ekki síst skólakerfið og afstöðu skólanna hvers til annars. Eins og það mál horfir, þykir mér ekki ólíklegt, að sú till. verði samþ. Mér er kunnugt um, að hæstv. forsrh. er henni fylgjandi. Heyrir þá það beint undir þá n., sem ætlazt er til, að skipuð verði samkv. till. okkar, að gera till. um, hvernig þessi skóli, eins og aðrir, skuli hníga inn í skólakerfi landsins. Ég vildi vekja athygli á þessu og vænti, að menn geti fallizt á slíka afgreiðslu málsins. En eins og ég gat um, mun ég bera fram brtt. við 1. gr. frv.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Þegar upphaflega var rætt um það á Alþ., að vísu þá á lokuðum fundi, að setja á stofn skóla fyrir starfsmenn íslenzka ríkisins erlendis, hélt ég því fram, að slíkur skóli ætti að vera í sambandi við háskólann. Ég taldi þar að auki, að það ætti ekki að ráða menn til utanríkisþjónustu á aldri stúdenta, heldur eins og gert er annars staðar á Norðurlöndum, þegar þeir eru orðnir kandídatar. Þá hafa menn þann þroska, að það er vel til fallið, að þeir fari í utanríkisþjónustuna og séu þar eins og nokkurs konar nemendur í 1—2 ár, en síðan taki þeir próf, sem skera úr um það, hvort þeir séu hæfir til þessara starfa. Auk þessa hélt ég því fram, að það væru ekki svo margir, sem færu í utanríkisþjónustuna, að ástæða væri til að stofna sérstakan skóla þeirra vegna. Þessar umr. báru þann árangur, að þessi skóli var kallaður viðskiptaháskóli og þannig með nafninu tengdur háskólanum. Ég er sömu skoðunar og ég var þá, að það sé langeðlilegast, að þessi kennsla fari fram í háskóla okkar. Og þó að menn segi, að hætt sé við, að það komi of akademiskur blær á þessa starfsemi, þá vil ég segja, að viðskiptaháskólinn ætti að geta hamlað á móti því, að háskólinn væri of akademiskur í þess orðs vondu merkingu.

Það hefur oft verið nefnt í sambandi við háskóla okkar, að Jón Sigurðsson hafi lagt til, að við eignuðumst þjóðskóla. Ég hygg, að við gerðum vel í því að taka okkur til fyrirmyndar háskóla Ameríku og látum háskóla okkar þróast eftir því, sem háskólafræðslan hefur þróazt þar. Nú erum við komin í nánara samband við Ameríku. Og við ættum að nota tækifærið til þess að senda háskólakennara okkar til Ameríku. Þar eru engin þau störf, sem ábyrgðarmikil eru talin eða vandasöm, að ekki sé veitt í þeim háskólafræðsla.

Þeir nemendur, sem viðskiptaháskólann sækja, geta farið í ákaflega margvísleg störf. Ýmislegt í námi þeirra er skylt tungumálanámi, líka skylt lögfræðinámi, svo að ég ekki tali um hagfræðinám, sem nú er verið að koma á fót við Háskóla Íslands, enda hefur hæstv. forsrh. veitt ungum og efnilegum hagfræðingi leyfisbréf fyrir háskólastöðu í þeim fræðum innan skamms tíma. Mér virðist, að hæstv. ríkisstj. hafi nú þegar stigið fyrsta sporið til þess að viðskiptaháskólinn verði sameinaður Háskóla Íslands. Sú sameining er allæskileg fyrir viðskiptafræðinga, enda óska stúdentar þeir, er stunda þar nám, allir sem einn maður eftir því, að viðskiptaháskólinn komist í nánara samband við Háskóla Íslands en nú er. Það ber vel í veiði, að slík sameining fari fram nú, þegar Háskóli Íslands hefur eignazt ný og rúmgóð húsakynni, og ég sé ekki, hvað er á móti því að láta slíka sameining fara fram sem fyrst, enda yrði á þann hátt unnt að spara starfskrafta, því að mestöll málakennsla við viðskiptaháskólann getur þá orðið sama sem ókeypis og kennsla í lögfræði einnig. Önnur kennsla mundi aftur á móti verða nokkru dýrari en nú er, því að við viðskiptaskóla fyrir fullorðna menn er ógerlegt að hafa stundakennara, sem borgað er kaup fyrir hverja klukkustund. En þetta mundi vega hvað upp á móti öðru, svo að kostnaðurinn mundi ekki aukast við það, að viðskiptaháskólinn sameinist Háskóla Íslands, nema síður sé. Ég vil aðeins segja það, að miðað við mína eldri afstöðu til þessara mála þarf engan að undra það, sem ég hef nú lagt til málanna. Við þá, sem hafa ótrú á Háskóla Íslands, vil ég segja það, að þeir ættu að hugleiða vandlega, hvort ekki væri réttara að gera eitthvað til þess að háskólanámið verði meira lifandi en nú er, því að þess er þörf, heldur en að ganga út frá því,

að okkar góði gamaldags, „akademiski“ háskóli láti sig engu skipta um þarfir þjóðarinnar.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 9. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Herra forseti! Ég get fallið frá orðinu við þessa umr., en geymi mér það til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shj. atkv.

Á 42. og 43. fundi í Nd., 22. og 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 112, 205, 234).

Pálmi Hannesson: Herra forseti! Við hv. 2. þm. Árn. eigum brtt. saman á þskj. 234, þess efnis, að 1. gr. frv. falli burt.

Við 1. umr. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þess, sem 1. gr. fjallar um, og gat þess, að ég byggist við að flytja ásamt öðrum brtt. um það. Öllum mun ljóst, hvað í brtt. felst, svo að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það, aðeins vonast til, að frv. verði samþ. með þessari breyt.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég hef flutt brtt. um tvö atriði frv. Fyrri breytingin, brtt. 1 og 2, er viðvíkjandi ákvæðinu um, að takmarka megi aðgang að deildum háskólans. Eins og ég hef rökstutt hér fyrr, er ég því algerlega mótfallinn og andstæður því yfirleitt, að farið sé að neita mönnum um aðgang að þeim menntastofnunum, sem völ er á hér á Íslandi. Þess vegna legg ég til að fella burt þá málsl., sem að þessu lúta í 2. og 3. gr. Loks legg ég til að fella úr 4. gr. orðin: „þar á meðal, að hann hafi notið kennslu í íþróttum ekki skemur en 4 kennslumissiri.“ Það er langt frá, að ég vilji á nokkurn hátt lýsa mig andstæðan íþróttum, heldur álít ég nægja, að íþróttanám stúdenta sé frjálst og unnið að því án þessarar þvingunar.

Ég veit, að nú eru miklar tilhneigingar til þess í Alþ. að gera íþróttir sem víðast að skyldu og höfuðnámsgrein. Mér virðist þar fara líkt og um verklegt nám, að stefna, sem er í sjálfu sér heilbrigð, fari í öfgar og sé notuð í varhugaverðum tilgangi. Það var ekki vanþörf að koma skólunum í fastara samband við lífið en þeir voru í og láta íþróttir vega móti óhollustunni af langri innisetu á skólabekkjum. En þegar íþróttir virðast eiga að vera uppbót fyrir skoðanafrelsið og hugsanafrelsið, sem nú er farið að reyna að taka af nemendum, og uppbót fyrir það, að jafnvel á að banna að læra erlend mál, fyrr en að undangengnum einhverjum prófum í öðrum greinum, — uppbót fyrir frelsið til að eiga heilbrigða sál —, er þá ekki snúið við merkingu gríska orðtaksins: Heilbrigð sál í hraustum líkama? — Tilgangur líkamshreystinnar var hraust sál. Sé tilganginum gleymt eða snúið við, er hætta á ferðum.

Að öðru leyti er ég alveg sammála aðalatriði frv. að bæta við hagfræðideild og sameina hana lagadeildinni eða sameina viðskiptaháskólann lagadeildinni.

***Steingrímur Steinþórsson:** Ég vil leyfa mér að gera grein fyrir atkvæði mínu, þótt það sé yfirleitt ekki venja mín, þegar ég er ekki beinlínis viðriðinn mál. Till. þeirra hv. samþm. míns og hv. 2. þm. Árn. get ég ekki fylgt. Mun ég ekki rökræða það frekar, en mér hefði þótt betur hlýða, að þeir hefðu borið fram rökstudda dagskrá um að vísa málinu til væntanlegrar milliþn. í kennslu- og uppeldismálum, og hefði ég getað fylgt þeirri afgreiðslu málsins. Verði hins vegar samþ. till. þeirra um að viðskiptaháskólinn skuli ekki sameinaður háskólanum, sé ég ekki hver er meiningin með frv., því að engin önnur ákvæði felast í því, sem ástæða sé til að flýta sérstaklega, úr því að í ráði er að kjósa milliþn. í kennslumálum, er sennilega verður einnig kosin á þessu þingi, þar sem hæstv. forsrh. hefur lýst sig því fylgjandi.

Ég mun því greiða atkv. gegn brtt. á þskj. 234, en mundi hins vegar fylgja rökstuddri dagskrá um að vísa málinu til væntanlegrar milliþn., enda er það í samræmi við stefnu þá, sem ég og landbn. hefur tekið að því er snertir bændaskólana.

Ég vildi ekki láta hjá líða að lýsa afstöðu minni, áður en gengið væri til atkvæða.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég get tekið undir með hv. 2. þm. Skagf., að málinu verði frestað. Ég vil því spyrja hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að taka málið af dagskrá. (GSv: Það má eins taka aftur brtt. til 3. umr. og afgreiða málið nú.)

Forseti (JörB): Ég býst við því, að samkomulag geti orðið um það atriði, en ég hefði helzt kosið, að hæstv. forsrh. hefði getað verið hér viðstaddur áður en umræðunni lýkur.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vil leyfa mér að skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki sé rétt að taka málið af dagskrá. Það er flutt að beiðni hæstv. forsrh., og þar sem fram eru komnar till., sem, eins og hv. 2. þm. Skagf. gat um áðan, kippa algerlega grundvellinum undan frv., þá kynni ég betur við, að hæstv. kennslumálarh. væri viðstaddur, áður en þessari umr. lýkur. Ég veit ekki betur en frv. sé borið fram í samráði við aðra ráðherra í ríkisstjórninni, en það er hæstv. kennslumrh., sem á að hafa orð fyrir því. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti umr. og taki málið af dagskrá.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég álít eðlilegast, að flm. brtt. tækju þær aftur til 3. umr., en málið sjálft fengi að ganga áfram. Málið hefur nú þegar tafizt nóg, og má ekki verða framhald á slíkum töfum, ef það á að ná fram að ganga. Ég tel ekki heldur líklegt, að hæstv. forsrh. gerði sér meira far um að mæta við umr. síðar, þó henni væri frestað nú, því að þótt

það sé flutt að tilhlutun hans, hefur hann gætt þess vandlega að koma ekki nálægt því eftir að það var komið inn í deildina.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég get fallizt á f. h. okkar flm. að taka till. á þskj. 234 aftur til 3. umr.

Forseti (JörB): Ég vil spyrja hv. 4. þm. Reykv., hvort hann fallist á að geyma einnig sína till. til 3. umr. (EOl: Já.)

Garðar Þorsteinsson: Ég vil taka undir ósk hæstv. félmrh. um að taka málið af dagskrá, vegna þess að ég óska eftir að leggja vissar spurningar fyrir hæstv. forsrh., áður en málið kemur til 3. umr.

Forseti (JörB): Mér er nokkur vandi á höndum. Ég vildi fyrir engan mun tefja málið, en það er ef til vill mín sök, að hæstv. forsrh. er hér eigi nærstaddur, þar sem ég sagði honum ekki, að ég mundi taka málið á dagskrá í dag. Ég vil ekki heldur skaða málið með því að flýta því um of og mun því sakir allrar varfærni taka málið af dagskrá. Það er rétt, að málið hefur verið lengi í deildinni, og hef ég þrásinnis fengið tilmæli um að taka það ekki fyrir að svo stöddu. En nú vænti ég þess fastlega, að menn fari að geta tekið ákvarðanir sínar í málinu.

***Gísli Sveinsson:** Ég bjóst ekki við, að hæstv. forseti tæki í þann streng í þessu máli, sem hann hefur nú gert. Allir eru sammála um, að málið megi ganga til 3. umr., og þar geta brtt. komið til atkvæða. Í annan stað er jafnauðvelt að koma að málskrafi við 3. umr. og við 2. umr. Ég vænti einnig, að spurningar hv. 7. landsk. séu ekki það mergjaðar, að þær geti ekki eins komið fram við 3. umr. málsins. Þessi hv. þm. og hæstv. forsrh., sem hafa gert sér það að reglu að mæta ekki, þegar málið hefur verið til umræðu, gætu líka ef til vill áttað sig á því utan þings. — Það má líka, sem kunnugt er, oft spyrja svo, að ekki sé unnt að svara. Það er einnig hrein tilviljun, að málið er ekki komið veg allrar veraldar, nú þegar hv. þm. rankar við sér og finnur, að hann þarf endilega að spyrja þann ráðherrann, sem ekki er viðstaddur.

Ég sé nú, að hæstv. forsrh. er kominn, og getur hann þá væntanlega tekið málið að sér. — Ég bíð þar til einmæli þeirra hæstv. forseta og hæstv. forsrh. er lokið. — Það er ekki seinna vænna fyrir hæstv. ráðh., því það hefur verið upp á hann hermt, að hann sé málinu fylgjandi. Og nú gefst hv. sessunaut mínum tækifæri á að koma fram með sínar viturlegu spurningar og hæstv. ráðh. að svara þeim á elleftu stundu.

Forseti (JörB): Hæstv. forsrh. er nú kominn, og geta umr. um málið því haldið áfram.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég álít, að hv. þm. V.-Sk. hafi talað utan dagskrár, og að ég hafi minn ræðutíma óskertan, þótt ég standi upp nú. Hvorki ég né hæstv. ráðh. þurfum að spyrja hv. þm. V.-Sk. að því, hvenær við mætum hér, og á sama hátt getur hv. þm. mætt hér sér til sóma eða ekki sóma, þegar honum sýnist. Hvort spurningar mínar eru mergjaðar eða ekki, kemur hv. þm. ekki við, en hann getur notað sitt málskraf við allar umr., ég þarf ekki nema eina umr. til þess að bera fram skoðanir mínar. Hitt er annað mál, að ég öfunda hvorki þm. sjálfan né hv. dm. af því að hlusta á hann.

Ég kann því illa, að hv. þm. sé að setja ofan í við mig. Mér er fyllilega heimilt að bera fram spurningar mínar við hæstv. ráðh., og mér var einnig heimilt að æskja þess, að málið væri tekið af dagskrá, þar sem hæstv. ráðh. var ekki viðstaddur.

Forseti (JörB): Ég vænti, að þar sem hæstv. ráðh. er nú viðstaddur, sé hægt að halda áfram meðferð málsins, og að hv. þm. hafi nú lokið sér af með þetta þref sín á milli. (GSv: Hv. sessunautur minn er nú hættur við að bera fram spurningarnar!)

***Garðar Þorsteinsson:** Þegar fyrst kom til umræðu í utanrmn. að stofna viðskiptaháskóla, lýsti ég yfir því, ásamt einum nm., er sæti á hér í hv. deild, að ég mundi óska þess, að sú kennsla, sem hér yrði komið á, yrði innan lagadeildar háskólans, þ. e. að í sambandi við lagadeildina væri stofnuð sérstök deild, sem kenndi þessar sérstöku greinar, sem gert var ráð fyrir að viðskiptaháskólinn hefði með höndum. Hins vegar gerði ég ráð fyrir, að strax yrði sett reglugerð um, hvernig kennslu skyldi hagað, hvað væru aðalnámsgreinar og hvað aukanámsgreinar o. s. frv. Voru á því þingi veittar 10 þús. kr. til þess að standa straum af kennslunni. Nú var viðskiptaháskólinn stofnaður, en utan vébanda háskólans, og stúdentspróf ekki gert að skilyrði til innritunar, heldur skyldu þeir nemendur hafa aðgang að skólanum, sem hefðu til þessa náms sérstaka hæfileika og þroska. Það hefur þó sýnt sig, að eingöngu stúdentar hafa innritazt í viðskiptaháskólann, þótt stúdentsprófs sé hins vegar ekki krafizt.

Ég vildi nú leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort hann teldi óviðeigandi, ef viðskiptaháskólinn sameinast lagadeild háskólans, að leyfa mönnum inntöku í skólann án þess að stúdentsprófs sé krafizt, þar sem skólinn veitir sérstaka menntun þeim mönnum, sem ætla sér að ganga út í viðskiptalífið, en takast ekki á hendur sérstök embætti eins og þeir, sem útskrifast úr öðrum deildum háskólans.

Ég hygg, að öllum þm. sé kunnugt um, að í menntaskólunum eru tvær deildir, máladeild og stærðfræðideild. Báðar deildir útskrifa stúdenta, en þeir hafa fengið tvenns konar menntun, þ. e. sérmenntun í málum og sérmenntun í stærðfræði. Er nú ekki mögulegt, að þriðja deildin, t. d. verzlunarskólinn útskrifi menn, sem séu kvalificeraðir til þess að innritast í viðskiptaháskólann?

Álítur hæstv. forsrh. útilokað, að ungir menn, sem fengju sérstaka menntun samkv. reglugerð, er ráðherra setti þar um, gætu fengið inngöngu í viðskiptaháskólann? Ef hæstv. ráðh. og menntmn. álíta, að hægt sé fyrir unga menn að öðlast

nægilega menntun í verzlunarskólanum til þess að geta hagnýtt sér þetta háskólanám, hvers vegna skyldi þá sú stofnun ekki mega útskrifa menn til framhaldsmenntunar í háskólanum alveg eins og hinar tvær deildir menntaskólanna gera? Mér finnst ekkert því til fyrirstöðu, að sams konar undirstöðuþekking geti fengizt í þriðja skólanum, verzlunarskólanum, og það því fremur sem vitað er, að sú kennsla, sem verzlunarskólinn veitir, er sú eðlilega undirstaða fyrir þá, sem ætla sér að ganga út í viðskiptalífið og fá æðri menntun í verzlunar- eða viðskiptaháskóla.

Að mínu áliti skiptir það ekki sérstöku máli, hvort sá maður heitir stúdent eða ekki, sem hefur aðgang að háskóla, heldur hitt, að hann hafi nægilega menntun og þroska til þess að hagnýta sér hina æðri menntun.

Ég mun því láta mitt atkv. fyrir brtt. á þskj. 234 velta á því, hvort hæstv. ráðh. treystist að lýsa yfir því, að menn, sem ekki hafi stúdentspróf, en með sérstöku prófi, skuli hafa jafnan aðgang að viðskiptaháskólanum og stúdentar.

Ef hæstv. ráðh. segir, að deildin verði eingöngu ætluð stúdentum, mun ég greiða atkv. með brtt. á þskj. 234, en ef hæstv. ráðh. lýsir yfir því, að hann álíti heimilt, að mönnum með sérstöku prófi samkv. þar um settri reglugerð sé veitt inntaka í deildina, mun ég greiða atkv. gegn brtt.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég hafði ekki tækifæri til þess að vera viðstaddur, þegar umræður hófust, því ég þurfti að vera við afgreiðslu mála í ráðuneytinu.

Um mál þetta er það að segja, að ríkisstj. hafði ekki forgöngu um stofnun viðskiptaháskólans, heldur utanrmn.

Ég ætla mér ekki að rekja starfsemi skólans í þessari d. — Það hafa alltaf verið skiptar skoðanir um, hvort hann skuli starfa sem sérstakur skóli, eins og hann hefur gert, eða sameinaður í eina deild háskólans, og er þá, eins og frv. ber með sér, aðeins um lagadeild að ræða.

Um þetta er nokkur ágreiningur, en háskólaráð, eða meiri hluti þess, er því meðmælt, að viðskiptaháskólinn verði sameinaður háskólanum og að háskólinn taki að sér stjórn hans. — Þetta frv. er samið af Háskóla Ísl. eða mönnum kjörnum af honum, og sent ríkisstj. síðastliðið haust. — Þá fór háskólaráðið fram á að ríkisstj. gæfi út brbl. um þetta atriði. En ríkisstj. vildi ekki verða við ósk ráðsins, þar sem hún taldi þetta ekki svo aðkallandi, en háskólaráði var skýrt frá því, að frv. yrði sent Alþ., svo að það gæti tekið afstöðu til þess á þessu þingi. — Eins og frv. ber með sér, þá er það borið fram af menntmn., og ég hygg að loforð hafi verið efnd við háskólaráð. Ég álít, að skiptar verði skoðanir um, hvort málið verði afgr. á þessu þingi, og ef svo verður, þá hvernig. En um það atriði mun ég ekki fjölyrða, — það koma e. t. v. fram raddir um það við þessa umr., hvort ekki mundi eðlilegast að fresta málinu. Sem kennslumrh. læt ég afskiptalaust, hvað deildin gerir við málið. Hvort hún telur frekari rannsóknar þörf eða vísar málinu til milliþn., sem á að rannsaka allt skólakerfi landsins. (GSv: Er hún komin á laggirnar?) Ég geri ráð fyrir, að samþ. verði að skipa hana. Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 7. landsk. um, hvort nemendur, sem kynnu að vilja sækja nám í viðskiptaháskólanum, eftir að hann hefur verið sameinaður, fengju inngöngu þar nema samkv. lögum háskólans, þá er því til að svara, að eigi aðrir en stúdentar kæmu til með að fá þar inngöngu samkv. reglugerð háskólans, það er að segja, ef frv. yrði samþ. óbreytt.

Hingað til hafa einungis stúdentar stundað nám við viðskiptaháskólann. S. l. haust sótti piltur um inngöngu í skólann. Hann var ekki stúdent. Vegna þess að engin afstaða hefur verið tekin til þessa máls hér á Alþ., vildi ég ekki skapa fordæmi um það, heldur halda þeirri venju, að aðeins stúdentar yrðu í viðskiptaháskólanum, enda þótt ekkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt reglugerð hans. — Aftur á móti mundu einungis stúdentar fá inngöngu, ef viðskiptaháskólinn yrði sameinaður háskólanum.

Ég tel eðlilegt, að breyt. yrðu gerðar á frv., þannig að þeim mönnum, sem vildu stunda nám við viðskiptaháskólann, yrði gefinn kostur á að taka próf, er samsvaraði stúdentsprófi. Þá mundi auðvelt að koma því fyrir, að við menntaskólann yrði tekin þriðja tegund stúdentsprófs. Þeir, sem tækju það próf, fengju rétt til að stunda nám við viðskiptaháskólann, þó að hann yrði sameinaður.

Mér er kunnugt um, að ef viðskiptaháskólinn yrði ekki sameinaður, þá er fyrirhugað í reglugerð, að þeir, sem ekki eru stúdentar, fái tækifæri á að taka próf, sem leyfði þeim inngöngu í skólann eins og hann er nú.

Ég held að ég hafi þá gert grein fyrir, hvernig þetta mál liggur fyrir og jafnframt svarað fyrirspurnum, er beint var til mín.

*Garðar Þorsteinsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, er hann gaf. Mér var að vísu alltaf ljóst, að svar hans mundi verða það, að ungir menn, sem ekki hafa stúdentspróf, fengju ekki inngöngu í viðskiptadeild Háskóla Íslands. — Í 2. gr. frv. stendur, að hver sá, kona eða karl, sem lokið hefur stúdentsprófi við hinn almenna menntaskóla í Reykjavík, menntaskólann á Akureyri eða annan innlendan skóla jafngildan þeim, eigi rétt á að verða skrásettur háskólaborgari.

Mér er ekki ljóst þetta, sem stendur í 2. gr. eins og það er orðað, „eða annan innlendan skóla jafngildan þeim“ (þ. e. menntaskólum). — Mér virðist, að skólar, sem jafngilda menntaskólum, séu ekki nema menntaskólar, og ég veit ekki til, að hér á landi séu nema tveir menntaskólar. Þess vegna kemur mér þetta atriði greinarinnar einkennilega fyrir sjónir. Það má ef til vill segja, að verzlunarskólinn eða aðrir skólar honum líkir, sem hafa fjögurra ára nám, jafngildi menntaskólunum í vissum greinum. En mér finnst það liggja í augum uppi, að skólar með 6 ára nám hljóti að vera taldir æðri skólar.

Hæstv. ráðh. sagði, að eigi fengju aðrir en stúdentar aðgang í viðskiptaháskólann, ef hann yrði sameinaður, en það mætti gefa út nýja reglugerð. — Mér er ekki ljóst, hvernig ætti að koma þessu við.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur tíma til að hlusta á mig. (Forsrh.: Ég heyri.) Ég vildi gjarnan fá skýringu á, hvernig hann ætlar að fara að gefa út reglugerð, sem heimilar mönnum aðgang að háskólanum án þess að hafa stúdentspróf. — Þegar betur er að gætt, getur ráðuneytið ekki gefið út slíka reglugerð umsvifalaust. Allir vita, hversu erfitt er að öðlast rétt til inngöngu í menntaskólann hér, því að aðeins 25 af 300, sem oft taka próf, fá inngöngu. Samtímis mundu um 275 komast í verzlunarskólann. Ég hygg, að hæstv. ráðh. sé mér sammála um, að erfitt sé að heimila unglingum inngöngu í háskólann, nema þeir séu búnir að ganga í gegnum menntaskóla. En ef hægt væri að láta unglinga fá inngöngu í háskóla án þess að þeir hafi 6 ára nám við menntaskóla, þá skil ég ekki, hvers vegna ætti að þröngva 6 ára námi upp á unglinga, ef þeir geta náð sömu réttindum með 4 ára námi. Ég veit, að hæstv. ráðh., sem gekk í gegnum skólann með mér, þekkir, að ýmislegt er þar kennt, sem í rauninni hefur enga „praktiska“ þýðingu. — Þess vegna finnst mér, að það ætti að útiloka vissar greinar í skólunum og nota þann tíma, sem í þær fer, til að þroska þá menn, sem vilja ganga í viðskiptaháskólann, í þeim greinum, er þar eru kenndar. Því fjölbreyttari, sem sá undirbúningur er, því betra. — En nú er sá galli á þessu, að ungir menn draga það oft fram á síðustu stundu að ákveða sig um, hvað þeir ætli að leggja fyrir sig, en samt eru margir til, sem stefna að ákveðnu marki þegar í byrjun náms síns, og því þá ekki að gefa slíkum mönnum tækifæri til að þroskast á því sviði? Ef hæstv. ráðh. vildi beita sér fyrir því, að 2. gr. frv. yrði breytt samkv. því, sem hann sagði, þá mundi ekki standa á mér að greiða þessu frv. atkvæði mitt. —

Ég hef alltaf álitið, að sameina bæri viðskiptaháskólann háskólanum. Skólastjóri verzlunarskólans, Vilhjálmur Þ. Gíslason, hefur gert till. til ráðuneytisins þess efnis, að nemendur frá hans skóla öðlist rétt til að ganga í háskólann eftir að hafa tekið þungt próf, sem mundi nokkurn veginn samsvara stúdentsprófi. — Ég veit fyrir víst, að hann hefur komið með þessa till. Enginn vænir þennan mann um, að hann vilji með þessu fá óverðskuldaðan rétt fyrir nemendur sína, — heldur hefur hann fengið þá reynslu með starfi sínu sem skólastjóri, að hans skóli geti, að viðbættu þyngra prófi, gefið nemendum sínum þá menntun, sem ekki standi stúdentsmenntun að baki.

Það vita allir, að til eru lögfræðingar, sem ekki hafa fengið 1. einkunn við lögfræðipróf, en hafa reynzt ágætir málafl.menn, og hafa þó ekki fengið að vera hæstaréttarmálaflutningsmenn.

Ég vil beina þeirri spurningu til hv. þingmanna, hvort þeir þekki ekki marga menn, sem hafa reynzt hinir nýtustu í starfi sínu, enda þótt þeir hafi ekki tekið há próf. — Ég þarf ekki að nefna nein nöfn. Menn þurfa ekki annað en líta á ýmsar stofnanir hér á landi, sem er stjórnað prýðisvel af mönnum, sem enga stúdentsmenntun hafa.

Það eru engin skilyrði að hafa tekið góð próf til að geta orðið nýtir þegnar í þjóðfélaginu. Hvers vegna ekki að hafa fleiri greinar í menntaskólunum?

Ég vil leggja áherzlu á það, að það er ekki pappírsmenntunin, heldur hin raunverulega menntun, hinn raunverulegi undirbúningur, sem dugir. Ég vildi svo spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vilji beita sér fyrir því, að 2. gr. frv. verði breytt þannig, að unglingar frá verzlunarskóla fái sömu réttindi til inngöngu í viðskiptaháskólann og stúdentar, ef þeir ljúka tilsettu prófi.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Mér virðist ræða mín hafi verið nokkuð misskilin. Ég sagði aðeins, að ef viðskiptaháskólinn verður óbreyttur eins og hann er nú, þá verði vitanlega hægt að gefa út reglugerð um, hvaða menntun, stúdentsmenntun eða aðra menntun, þurfi að hafa til að komast í viðskiptaháskólann, en ef frv. verður samþ. óbreytt, þá munu ekki aðrir en stúdentar komast þar inn. Þessu þyrfti að breyta með því að setja í 2. gr. frv. ákvæði um, að einnig þeir, sem ekki væru stúdentar frá menntaskólanum í Reykjavík eða á Akureyri, fengju inntöku með því að taka sérstakt próf. Og um það væri svo sett reglugerð, hvaða prófraunir þeir þyrftu að leysa af hendi, óbundið við 6 ára nám. Það var þetta, sem ég tók fram áðan, og það er einmitt það sama, sem hv. 7. landsk. er að mæla fyrir hér í þessari hv. d. Það, sem virðist vaka fyrir honum, er það, að menn frá einhverjum sérstökum skólum, t. d. verzlunarskólanum, fái rétt til þess að ganga inn í þessa deild háskólans, ef þetta frv. yrði að lögum. Ég álít, að þessi breyt., sem ég hef tvívegis orðað, sé eðlileg, og sé ég ekki ástæðu til að orða hana í þriðja sinn.

Eins og ég tók fram áðan, er þetta frv. lagt fram eins og það var sent frá háskólanum, og samkvæmt loforði sendi ríkisstj. frv. eins og það kom frá háskólanum til menntmn. Ríkisstj. vildi ekki gera neina breyt. á því, vegna þess að það var ekki flutt sem stjfrv. Með því að gera breyt. á því gerði hún það að sínu frv. Hins vegar er það auðvelt fyrir hvern einstakan þm. að bera fram breyt., og ég er sannfærður um það, að hv. 7. landsk. yrði engin skotaskuld úr því að orða þá breyt., sem gera þarf, til þess að sá tilgangur náist, sem hann er að mæla fyrir. Það er á valdi hvers þm. að gera slíkt, og lítið verk að inna það af hendi. Ég fyrir mitt leyti get sagt nú þegar, eins og líka kom fram í fyrri ræðu minni um þetta mál, að ég er honum algerlega samþykkur um það atriði, að gera ætti þessa breyt. á frv., að það eigi ekki að binda það við stúdenta, það eigi að hafa sérstakt próf, þar sem þær prófraunir væru ákveðnar, sem leysa þyrfti af hendi til þess að komast inn í þessa deild háskólans, ef frv. yrði samþykkt.

*Bergur Jónsson: Það ætti nú að vera ljóst eftir þessar deilur, sem staðið hafa yfir, hvernig menn ættu að ganga frá málum sínum. Með því að umr. hafa farið fram um efni málsins, vil ég aðallega láta í ljós undrun mína yfir því, hvernig þetta frv. kemur fram hér í þinginu, hvernig það ber að höndum. Það er fyrst og

fremst flutt af menntmn., eins og í grg. frv. segir, og að tilhlutan hæstv. kennslumrh.

Mér skilst, eftir því sem komið hefur fram í umr. um málið, að aðalákvæðið, sem menn greinir á um, sé það, hvort 1. gr. eigi að standa eða ekki, sem þó er vitanlega hugsuð sem aðalbreyt. á háskólal., að ég hygg, eins og málið hefur komið fram. Ég ætla nú ekki að fara lengra út í það að sinni, en ég vildi gjarnan, að þessu máli yrði frestað og vísað aftur til hv. menntmn. til rækilegrar íhugunar áður en það yrði lagt fyrir hv. d., og að hún gerði nánari grein fyrir því, hvað hún hugsi sér með þessu frv., enda þótt fylgiskjöl séu með.

Það er í fyrsta lagi 1. gr., sem er breyt. frá núverandi háskólalögum, þ. e., að lagadeildin heiti nú laga- og hagfræðideild. Mér skilst, að tilgangurinn með þessu sé sá að taka skóla, sem hefur verið rekinn í nokkur ár án þess að um hann séu nokkur lagaákvæði, leggja hann niður og setja hann inn í lagadeild.

Í 2. gr. frv. kemur nýmæli, sem ég hefði haldið, að flytjendur frv. hefðu gert nokkra grein fyrir, vegna þess að það er mikið nýmæli að heimila takmörkun á fjölda stúdenta í ákveðinni deild í háskólanum. Út af þessu vil ég benda á það, að þarna mun sérstaklega vera tilætlunin að takmarka aðgang að læknadeildinni. Mér finnst, að menn verði að hafa það hugfast, að nú eru dálítið breyttir tímar, sem gera það að verkum, að það má búast við því, að sérstök þörf verði fljótlega og ef til vill í nokkuð langri framtíð fyrir mikinn fjölda læknisfróðra manna, vegna þess styrjaldarástands sem nú er. Það þarf ekki annað en að benda á það, að Bretar hafa óskað eftir auknингu lækna heima hjá sér frá Bandaríkjunum. Við vitum ekkert, hvaða hlutir geta gerzt og hversu mikil þörf getur orðið fyrir lækna. Ég legg á móti því, að hömlur séu settar á það, að menn geti fengið læknamenntun, þá menntun, sem ef til vill er mest áríðandi að margir menn hafi áður en langt um líður. Að vísu má segja, að þetta eigi eingöngu við þá, sem eiga að byrja t. d. næsta haust, en við vitum ekki, hvað þetta ástand verður lengi. Við vitum heldur ekki, hve langt þyrfti að ganga í því að nota hálflærða menn til þessara starfa. Ég tek þessa deild sérstaklega, vegna þess að hér er um varhugaverðan hlut að ræða, ef á annað borð er farið inn á þá braut, sem hér er ætlazt til að gengið sé inn á, að gefa heimild til þess að takmarka fjölda stúdenta við háskólann. Það er náttúrlega önnur hlið, sem einmitt gerir þetta ákvæði sérstaklega íhugunarvert, og það er, að nú er mestur hluti háskóla veraldarinnar lokaður fyrir ísl. stúdentum. Það er þess vegna því meiri þörf, að hægt sé að veita ísl. stúdentum sem mesta framhaldsmenntun hér á landi.

Þá ætla ég að minnast á 4. gr. Ég hef borið hana saman við háskólalögin, sem þetta frv. er nú til breyt. á, og ég hef séð það, að skilyrði, sem fram til þessa tíma og um áratugi hefur þótt sjálfsagt að hafa við alla háskóla, að stúdentar taki próf í forspjallsvísindum, það hefur verið fellt niður með þessari grein. Mig langar til að varpa fram þeirri spurningu, hvers vegna þetta var fellt niður? Ég veit ekki annað eftir minni reynslu, og undir það hafa tekið flestir, sem í háskólann hafa gengið, að það nám út af fyrir sig, sem stúdentar eru skyldaðir til að ganga undir fyrstu ár sín í háskólanum, sé ákaflega mikilvægt atriði upp á almenna menntun manna. Enda hefur það ekki verið óalgengt, að þeir, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki getað haldið áfram, hafa þó reynt að komast í gegnum prófið í forspjallsvísindum.

Þegar ég fer að hugsa um þessi atriði, sem ég í fljótu bragði hef athugað og reynt að láta koma hér fram í ræðu minni, þá finnst mér alveg sjálfsagt, að menntmn., sem hefur þetta mál með höndum, taki það annaðhvort sjálf til rækilegrar íhugunar eða ráðstafi því þannig, að það verði gert.

Það atriði, sem 2 nm. hafa borið fram brtt. um, að fella niður 1. gr., er ég ekki sammála þeim um, ef það er greinileg ákvörðun um að meina þar með þeim stúdentum, sem eru í viðskiptaháskólanum — sem vitað er að eru nú eingöngu stúdentar —, að komast inn í deildir háskólans, þar sem þeir geta notið sömu réttinda og aðrir stúdentar. Það atriði út af fyrir sig að fella þessa 1. gr., en láta málið flakka áfram eins og það liggur fyrir að þeirri gr. burtfelldri, held ég að verr sé farið en heima setið.

*Ásgeir Ásgeirsson: Ég mun, sem nefndarmaður menntmn., ekki óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá til nánari athugunar.

Það er ekki nýtt mál hér í þinginu, að borin sé fram heimild til þess að takmarka stúdentafjölda. Það mál er kunnugt og ég hygg, að flestir séu sammála um það, að fyrr hefði mátt takmarka stúdentafjölda að læknadeild.

Við í menntmn., sem höfum flutt þetta frv., lítum svo á, að þá sérmenntun, sem veitir engan almennan undirbúning undir lífið, eins og læknafræðslan, eigi ekki að veita fleirum en þjóðfélagið hefur brúk fyrir. Það er svo yfirleitt með sérskóla, ég get nefnt tannlækningaskóla, að þar er ekki ótakmarkaður aðgangur heimill. Alveg sama máli gegnir um læknafræðsluna, að allt of mikill læknafjöldi getur verið eins skaðlegur og skortur á læknum. Sá maður, sem hefur stúderað læknisfræði í 7 til 9 ár, getur ekki gefið sig að öðru starfi. Hans menntun er svo sérstök, að hann reynir að fást við það, sem hann hefur búið sig undir, og því meiri er freistingin til þess að stunda ýmis störf, sem ekki eru heilbrigð fyrir þjóðfélagið. En hér er aðeins um að ræða heimild fyrir háskólann og þess að sjálfsögðu vænzt, að hún verði notuð skynsamlega. Mér finnst, að það sé of seint að fara að undirbúa lækna fyrir þetta stríð. Þeir, sem nú byrjuðu læknanám, yrðu ekki búnir fyrr en eftir 7 ár. Ég vænti fastlega, að stríðið verði þá búið.

Um niðurfellingu ákvæðisins um kennslu í forspallsvísindum vil ég segja það, að það er óþarfi að hafa það sem lagaákvæði. Í háskólal. eru engin nákvæm fyrirmæli um það, hvernig kennslu skuli háttað. Mér finnst, að forspjallsvísindi eigi ekki meiri rétt á sér í lögunum

heldur en svo margt annað. Slík forspjallsvísindi, sem hér er haldið uppi, eru gamall arfur frá Hafnarháskóla. Það þarf ekki víða að leita til þess að sjá, að slík kennsla fer ekki alls staðar fram, t. d. er það svo í öllum sænskum háskólum. Með niðurfellingu þessa ákvæðis eru háskólanum aðeins gefnar frjálsar hendur um það, hvernig almennri fræðslu í háskólanum er háttað.

Hér hefur aðallega verið talað um 1. gr., en hún er vitanlega aðalatriði þessa máls. Hún er um það, að lögfesta skóla, sem hefur starfað um skeið, án þess að um hann hafi verið sett lög eða reglugerð. Þeir, sem eru á móti 1. gr., telja þennan skóla ágætan. Ég skal ekki bera brigður á það. En allir þeir menn, sem hafa sótt þennan skóla, óska þess, að skólinn verði lagður undir háskólann. Ég tel, að árangurinn hafi verið minni en til var ætlazt, ef þeim skjátlast í þessu efni. Háskólinn óskar einnig eftir þessu og ríkisstj. hefur tekið þetta að sér fyrir þessa aðila. Hér í umr. hafa ekki komið fram önnur rök, sem eru nokkurs virði, heldur en þau, að það geti verið deilumál, hvort stúdentar einir eigi rétt á að sækja þennan skóla. Mér finnst þetta ekki vera stórt atriði. Það er ákaflega auðvelt fyrir háskólann að hafa inntökupróf fyrir þá, sem ekki eru stúdentar. Það má gera það eftir þeim reglum, sem nauðsynlegar eru, til þess að þessir menn hefðu þá undirbúningsþekkingu, sem þarf til þess að þeir geti notið námsins síðar. Ég get ekki séð, að háskólinn hafi neitt á móti slíkri skipan. Að vísu liggur ekki fyrir till. um þetta núna.

Eftir þessa forsögu málsins, að hér er verið að setja lög um skóla, sem vantar lög um, og hér eru gerðar till. eftir ósk allra nemenda skólans og kennara og samkvæmt fylgi ríkisstj., þá fyndist mér það einkennilegt, ef það yrði samt fellt og drepið, án þess að neinar ákveðnar eða verulegar röksemdir væru fram færðar gegn því.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Menntamál eru ekki svo mikið rædd hér í þessari hv. d., að eg sjái eftir þeim tíma, sem fer til umr. um þetta mál.

Orð hafa fallið frá einstökum hv. þm. í þá átt, að hæstv. forsrh. hafi beinlínis lofað því að verða meðmæltur þessu máli. Þó skal ég ekkert um það að segja, hvað gerzt kann að hafa utan þingveggja, en það kom fram við 1. umr. málsins og einnig í umr. í dag, að hann hefur sent menntmn. þessarar d. frv., með ósk um að hún flytti málið. Menntmn. hefur ekkert í höndunum, sem sannar, að hæstv. ráðh. eða ríkisstj. hafi óskað eftir, að málið kæmist fram. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 27. febr. s. l. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Hér með sendir ráðuneytið hinni heiðruðu menntmn. Nd. Alþ., samkvæmt beiðni háskólarektors, frv. til l. um breyt. á l. nr. 21, 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands, ásamt bréfi rektors dags. 28. des. f. á., til skýringar frv." Enn fremur fylgir bréfinu afrit af bréfi háskólarektors til forsrh., og undir þetta er skrifað af skrifstofustj. ráðuneytisins, en ekki ráðh. sjálfum, svo sem venjulegt er þó um erindi, sem send eru til menntmn. og flutt eru eftir beinni ósk hans.

Ég vildi láta þetta koma hér fram, vegna þess að því hefur hvað eftir annað verið haldið fram, að hann hafi lofað að styðja málið.

Þá hafa komið fram athugasemdir frá einstökum ræðumönnum um það, að n. hafi ekki gert grein fyrir skoðunum sínum á málinu. Þessar fullyrðingar koma sennilega frá mönnum, sem ekki sækja þingfundi og vita ekki, hvað hér hefur verið sagt. Við 1. umr. málsins gerði ég grein fyrir því atriði í þessu máli, sem ég er andvígur, og ég hef fulla heimild til, því í nál. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndarmenn eru óbundnir um einstök ákvæði frv." Þetta er sett með samkomulagi okkar allra, því við vildum vera frjálsir að því, hvort við flyttum brtt. eða ekki, og einmitt vegna þessa frelsis hef ég og hv. fyrri þm. Skagf. flutt brtt. á þskj. 234. Hvað við kemur því, sem snertir 1. gr., gerði ég grein fyrir því við 1. umr., og ætla ég ekki að endurtaka það hér að öðru leyti en því, að ég gat þess þá, að háskólarektor hefði sagt, að allur þorri háskólakennaranna ætlaði að halda sér við það „princip" að hafa ekki aðrar deildir innan háskólans heldur en fyrir stúdenta. Ég hélt því aftur á móti fram, að ég væri algerlega andvígur því að lögskipa, að ekki mættu aðrir menn nema innan háskólans en þeir, sem hefðu stúdentspróf.

Vegna þess áhuga, sem háskólakennarar hafa á þessu máli, var ekki óeðlilegt, að umr. færu fram á Alþ., enn fremur telja nemendur viðskiptaháskólans úrlausn þessa máls hafa mikla þýðingu fyrir sig. Jafnvel andstæðingar þeirrar stefnu, sem fram kemur í þessu frv., eins og t. d. ég, vilja þó ekki beita sér gegn því, að málið sé rætt.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram. Þess skal enn fremur getið, að hv. fyrri þm. Skagf. gerði mjög rækilega grein fyrir sinni skoðun, sérstaklega á 2. gr. þessa frv. Ég get enn bætt því við, að ég talaði um það í framsöguræðu minni við 1. umr., að ég teldi sum ákvæði 4. gr. frv. svo mikils virði, að málið væri vel þess vert, að það væri rætt. Það er því alrangt hjá þeim hv. þm., sem halda því fram, að við höfum ekki gert grein fyrir okkar skoðun í þessu máli.

Ég get vel fallizt á þau ummæli, sem hnigið hafa í þá átt, að rétt væri, að þetta frv., eða þau atriði, sem hér eru til umr. og snerta háskólann, kæmu til þeirrar nefndar, sem væntanlega verður skipuð í skólamálum samkv. till., sem fram hefur verið borin í sameinuðu Alþingi. Ég tel einmitt, að það væri mjög æskilegt, að þetta mál yrði athugað, eða m. ö. o., að háskólinn og deildir hans yrðu athugaðar gaumgæfilega eins og allt okkar skólakerfi. Hins vegar mun það verða svo, að þessi till. á þskj. 234 komi nú til atkv., og þegar séð er, hvernig fer með hana, þá má vitanlega ráða ráðum sínum. Verði till. samþ., telja sennilega ýmsir hv. þm., að það, sem eftir er, sé ekki svo mikils virði, að rétt sé að láta málið halda áfram. Verði hún aftur á móti felld, má að sjálfsögðu athuga, hvort önnur ráð eru til þess að koma þessu máli til athugunar hjá milliþn.

*Bergur Jónsson: Eftir minni skoðun hefði verið eðlilegt, að fyrri partur ræðu hv. þm. V.-Ísf. hefði verið haldinn fyrir þetta stríð. Hann sagði, að það mál hefði verið mikið á döfinni að takmarka stúdentum aðgang að ýmsum deildum háskólans. Jú. Það hefur verið talsvert talað um slíkt.

Það má deila um það endalaust, hvaða ákvæði í frv. séu mikilvæg. Það er oft þannig, þegar menn líta á mál, sem eru ekki því einfaldari, að sitt sýnist hverjum um það, hvaða atriði hafi mesta þýðingu. Og ég held, að það sé réttast að fara ekkert að dæma um það frekar en við færum að dæma um það, hvort heilinn eða hjartað væri þýðingarmeira í mannslíkamanum eða eitthvað slíkt.

Hv. 2. þm. Árn. neitaði alls ekki, að hann við 1. umr. hefði ekki gert grein fyrir sinni skoðun á þessu frv. Hins vegar vil ég enn taka það fram, að við þessa umr. hefur hv. menntmn. ekki sýnt það, að hún hafi álitið, að henni bæri að hafa neitt frumkvæði um að gera grein fyrir frv. almennt. Og upplýsingar, sem hv. þm. segir, að hann hafi gefið við 1. umr., hnigu í þá átt, að hann hefur aðeins talað um eitt atriði, sem hann vildi fella niður og hann flytur brtt. um ásamt öðrum nm. Það getur vel verið, að hv. þm. V.-Ísf. hafi fulla heimild til þess að neita því, að menntmn. tæki enn til rækilegrar yfirvegunar ýmis atriði þessa frv. Ég hef heldur engan rétt til þess að skipa henni að gera það, en mér hefði þótt það sæmilegri framkoma n. að gera það, a. m. k. eftir að búið er að benda henni á, að allmikil nýmæli eru í frv., sem sérstök ástæða er til að athuga nánar heldur en orðið er.

Ég tók það fram í fyrstu ræðu minni, að ég áliti, að í sjálfu sér væri það ekki nema sanngjarnt og eðlilegt, að þeir stúdentar, sem nú eru í algerlega ólögbundnum skóla eins og þessum skóla, viðskiptaháskólanum, fengju að ganga í Háskóla Íslands, í sérstaka deild þar. Þá hefði mér fundizt, að hefði átt að taka það atriði sérstaklega, þannig, að það hefði verið greinilegt, að hér væri um að ræða að setja lagasetningu um þennan skóla, sem hingað til hefur svifið í lausu lofti, hvort sem litið er á fjárhag eða menntahlið skólans. Við hv. þm. V.-Ísf. getum víst lengi deilt um það, hvort rétt sé að halda við prófi í heimspeki og forspjallsvísindum við háskólann. Ég veit, að það er skoðun margra stúdenta, að með þeirri grundvallarkennslu, sem þeir fengju almennt í sálarfræði og rökfræði, hefðu þeir talið sig a. m. k. heldur betur menntaða menn eftir en áður, án tillits til þess, hvaða lífsstarf þeir ætluðu að leggja fyrir sig. Ég álít það illa farið, ef það er beinlínis tilgangur þessa frv. — ég skal ekki segja um það, það kemur ekki fram í frv. — að kippa því skilyrði burt fyrir háskólastúdenta, að þeir taki próf í forspjallsvísindum eftir einhvern ákveðinn tíma að þeir koma í skólann. Mín afstaða er þessi, að ég tel, að hér sé um mjög mikilvæg ákvæði viðvíkjandi háskólanum að ræða, og það sé ekki rétt að slá því fram sem neinni algildri reglu, að fyrir alla sé það aðalatriðið, ákvæðið, sem er í 1. gr. Þá er líka með því að takmarka stúdentafjöldann stórkostlegt nýtt skref stigið í menntamálum frá því, sem verið hefur. Ég vil vísa til þess, sem ég minntist á áður, að mér finnst það ranglátt einmitt nú, þegar við vitum, að hundruð stúdenta, sem hafa haft tækifæri til þess, með styrkjum hins opinbera eða aðstoð foreldra eða annarra, að sækja háskóla erlendis, en geta það ekki nú, að þeir geti þá ekki fengið menntunarþrá og menntunarþörf sinni fullnægt, og eigi einmitt nú að taka upp ákvæði um það, að háskólinn eða háskóladeildirnar geti lokað sér og útilokað stúdentana frá því að geta notið menntunar í háskólanum. Mér finnst, að varla hefði verið hægt að velja öllu óheppilegri tíma en nú til þess að koma þessum ákvæðum í l., sem vitanlega veitir heimild til þess að fá að gera svona takmarkanir, eins og hér er um að ræða.

Ég skil ekki annað en að hver einasti maður skilji, að það getur verið alvarlegt fyrir hverja þjóð, sem getur búizt við áföllum á hverjum tíma, að á sama tíma sé verið að reyna að gera tilraun til þess að svipta menn í landinu aðstöðu til þess að fá þekkingu til þess að hjálpa þeim, sem sjúkir eru eða særðir.

Pálmi Hannesson: Hv. þm. V.-Ísf. vék nokkuð að brtt., sem ég og hv. 2. þm. Árn. höfum borið fram, og gat þess m. a., að viðskiptaháskólinn ætti sér enga stoð í l., og hv. þm. áleit, að mér skildist, að það væri alveg einsdæmi. Ég efast ekki um, að hv. þm., sem verið hefur fræðslumálastjóri, muni vita, að það er ekkert einsdæmi. Stærðfræðideild menntaskólans starfaði aðeins eftir stjórnarráðsbréfi frá stofnun hennar og til 1936, er skólanum var sett ný reglugerð, og menntaskólinn á Akureyri starfar eftir reglugerð, sem sett var fyrir menntaskólann í Reykjavík árið 1904, en lögð niður 1936. Og það má enn fremur benda á það, að sú lagasetning, sem hér er um að ræða fyrir viðskiptaháskólann, er ekki mikil, aðeins tvö orð í 1. gr.: „og hagfræði". Með leyfi hæstv. forseta langar mig til að lesa 1. gr. háskólal.: Í háskóla Íslands eru þessar fimm deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild og atvinnudeild. En í því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til að 1. gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: Guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild og atvinnudeild. Þessi mikla stoð, sem hv. þm. álítur, að viðskiptaháskólinn fengi með þessari lagasetningu, er aðeins tvö orð, „og hagfræði". (GÞ: Ekki bæta þau nú úr skák). Ég get ekki lagt mikið upp úr þeim röksemdum. Skólinn er nýr, það vita menn. Og ég tel, að ekki hefði verið ráðlegt að rígbinda honum skorður með reglugerð frá upphafi. Hitt er eðlilegra, að láta hann vaxa og marka honum starfssvið með reglugerð eftir því, sem sýnt er, hvað kleift er að fara. Nú hefur verið samin reglugerðin fyrir þennan skóla, og þarf aðeins staðfestingar til að taka gildi. Hæstv. ráðh. lýsti yfir því, að reglugerðin hefði ekki verið staðfest fyrir þá sök eina, að þetta mál lá fyrir þinginu. Og ég býst ekki við, að nein vankvæði séu á að staðfesta hana, og þá hefur skólinn nákvæmlega

jafnmikla lagastoð og menntaskólinn í Reykjavík hefur nú. Hitt skiptir meginmáli, hvort eðlilegra sé að hafa viðskiptaháskólann sem hluta af háskólanum, og vil ég í því sambandi benda á það, að á Norðurlöndum er það langalgengast, að verzlunardeild sé ekki við háskóla, heldur sé verzlunarháskóli sérstök stofnun. Þetta byggist á því, að ég hygg, að þessir skólar starfi bezt þannig, að þeir séu ekki akademiskir. Og það er rétt, eins og tekið hefur verið fram, að í verzlunarháskóla erlendis er stúdentspróf ekki ælgengt inntökuskilyrði. Svo er einnig um verkfræðingadeildir o. fl. Ég mundi ekki óska þess, að menntaskólinn yrði gerður að hjáleigu frá háskólanum, eins er verið að leggja til að viðskiptaháskólinn verði, því ég álít, að þessir skólar njóti sín bezt með því að vera sérstakar stofnanir. Það hafa komið till. fram í þá átt að taka tvo bekki menntaskólans og bæta þeim við háskólann, þar sem kennd eru forspjallsvísindi. Teldu hv. þm. það æskilegt? En svipuðu máli virðist mér gegna um viðskiptaháskólann. Hv. þm. Barð. og nokkrir aðrir hv. þm. hafa vikið hér að öðrum greinum frv. Ég lít svo á, að hv. þm. V.-Ísf. hafi svarað þeim röksemdum, sem þar komu fram. Hv. þm. Barð. deildi á menntmn. fyrir að hafa lagt frv. fyrir Alþ. Og kemur mér það undarlega fyrir, því að hv. þm. veit vel, að það er alsiða, að þingnefndir bera fram frv. sem þetta, sem þeim eru send frá stj. og láta þau koma fram til umr. á Alþ. Og við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. flutti flm., hv. þm. V.-Sk., fyrir hönd n. mjög ýtarlega framsöguræðu, þar sem hann kom inn á öll atriði málsins, bæði þau, sem menn voru sammála um, og eins hin, sem ágreiningur var um. Og að þeirri framsöguræðu haldinni gerðum við hv. 2. þm. Árn. grein fyrir okkar afstöðu í málinu.

Þær aðfinnslur, sem hv. þm. Barð. var með í garð menntmn., skoða ég sem áreitni, sem ekki er ný bóla af hálfu þessa hv. þm. Á næstsíðasta þingi var togstreita milli allshn. og menntmn. Þá féllu nokkur orð af munni þessa hv. þm., (**BJ**: Um sannleikann), sem hann beindi til menntmn. og sýndi hug hans til n. þá. Sá hugur hans virðist óbreyttur enn.

***Ásgeir Ásgeirsson**: Ég skal ekki tefja tímann lengi. Ég vildi aðeins benda hv. þm. Barð. á það, þar sem hann saknar forspjallsvísindanna, að þá er þó í þessari gr. talað um undirbúningspróf, og ég kalla það fullt eins gott orð eins og forspjallsvísindi, og er þarna um meira frelsi að ræða, hvernig þessum undirbúningi er háttað. En ég hygg, að ekki standi til neinar stórbreytingar í þessu efni. Hv. 1. þm. Skagf. færði þau rök fyrir þessu, að það væru margar stofnanir, sem ættu sér enga stoð í l. og væri ekkert við það að athuga. Hann benti á, að um menntaskólann í Reykjavík væru ekki til l. enn. En ég hygg, að sá skóli hafi verið stofnaður með konungstilskipun á sinni tíð, og þá fór konungur með það vald, sem Alþ. nú hefur. Það var konungur þá, — en Alþ. síðar —, sem einn hafði vald til þess að ráðstafa svona málum fyrir ríkisvaldið. En að n. fari að taka sér í hendur þetta vald og byggja upp stofnanir, finnst mér ekki rétt. N. mega ekki vera annað en það, sem Alþ. hefur falið þeim, og það er það, sem vantar enn, að Alþ. hafi gert.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það væru aðeins tvö orð, sem yrðu stoð í l. fyrir skólann, ef þetta verður samþ. En það er bara meginatriði málsins, að þessi tvö orð eru vilji Alþ., því ríkisvaldið hefur leyft það og stofnað þessa skóla. Það er aðeins eitt orð, sem ræður miklu um það, sem gert er í þessu máli. En það, sem skiptir mestu í þessu máli, er, að Alþ. segi þetta orð.

***Bergur Jónsson**: Mér skildist á hv. 1. þm. Skagf., að hann teldi ræðu mína vera áreitni í garð menntmn. Ég get ekki ráðið við það, hversu viðkvæm menntmn. kann að vera fyrir orðum mínum nú. En hv. þm. sagði, að þetta væri ekki nýtt, því að ég hefði gert það áður. Ég mótmæli því, að ég hafi ráðizt á hv. menntmn. hér á hæstv. Alþ. Hitt játa ég, að í sambandi við mál, sem ég var flm. að og n., sem ég starfaði í, allshn., hér á þingi, þá rengdi ég yfirlýsingar hv. 1. þm. Skagf., sem sennilega hefur þá átt sæti í menntmn. líka, um það, að ákveðinn lagabálkur mundi sýna sig mjög fljótlega, en það var endurskoðun á fuglafriðunarl., sem um var að ræða. Ég man ekki eftir að hafa áreitt menntmn. nokkuð, nema ef það væri skilið svo af hv. þm., að þessi áreitni mín, sem hv. þm. kallar svo, hafi verið til menntmn. En þessi spádómur minn hefur reynzt réttur, því að það hefur ekki bólað á þeim lagabálki um fuglafriðun, sem hv. 1. þm. Skagf. hneykslaðist svo mjög á, að ég skyldi rengja, að kæmi þá og þegar.

ATKVGR.
Brtt. 205 og 234 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 15:4 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 3. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 112, 205, 234, 341).

***Bergur Jónsson**: Ég hef leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við frv. í samræmi við það, sem ég sagði um málið við 2. umr., en þá var, svo sem hv. dm. muna, málið látið ganga breytingalaust til 3. umr., þar sem gert var ráð fyrir, að menntmn. athugaði það nánar.

Ég get verið fáorður um brtt. mínar. 1. brtt. fjallar um það, að í stað þess að skv. frv. er gert ráð fyrir 5 deildum við háskólann, legg ég til, að þær verði 6. — Tilgangurinn með 1. gr. frv. virðist aðallega vera sá, að stúdentar þeir, sem nú stunda nám við hinn svo nefnda viðskiptaháskóla, geti notið háskólakennslu og lokið háskólaprófi sem aðrir stúdentar. Mér finnst ekki nema eðlilegt, að tekið sé undir þessa ósk nemendanna sjálfra, sem nú eru eingöngu stúdentar,

sérstaklega þegar þess er gætt, að háskólinn hefur yfir betra húsnæði að ráða en áður. Hins vegar finnst mér óeðlilegt að breyta þessu á þann veg, sem gert er í 1. gr., að sameina í eina deild laga- og hagfræðideild. Laganámið er, svo sem menn vita, allyfirgripsmikið og mjög áríðandi nám í hverju þjóðfélagi, og er því ástæða til að hafa þá deild alveg út af fyrir sig, en rugla ekki saman tvenns konar umfangsmiklu og óskyldu námi, en það mun einnig mega segja um námið í viðskiptafræðideildinni, eins og ég hef nefnt hana í brtt. minni. Nægir að vísa til skilgreiningar þeirrar í fskj. frv., þar sem talað er um háskólapróf í viðskiptafræði og taldar eru upp ekki færri en 12 námsgreinar.

2. brtt. er í samræmi við það, ef horfið væri að því ráði að hafa sérstaka viðskiptafræðideild, þá þyrfti sú deild að hafa íhlutun í háskólaráði eins og aðrar deildir.

Þá er 3. brtt. við 2. gr., að 2. og 3. efnismgr. falli burt. Þessi ákvæði frv. fjalla um takmörkun stúdenta. Eins og ég tók fram við 2. umr., þá tel ég, að varla sé hægt að hugsa sér öllu óeðlilegri tíma til þess að veita heimild til að takmarka aðgang að háskólanámi en einmitt nú, þegar það er vitað, að allflest háskólalönd eru nú lokuð, sem íslenzkir stúdentar hafa hingað til sótt til þess að stunda nám í öðrum greinum en unnt er hér heima. Annað þeirra stórvelda, sem ætla mætti að stúdentar kysu að stunda háskólanám í, Stóra-Bretland, á í ófriði, sem kunnugt er, og er svo mikil hætta að dveljast þar, að margir mundu af þeim ástæðum ekki hugsa til námsdvalar þar. En um Ameríku er það að segja, að hún stendur að vísu opin, en það er ekki unnt að notfæra sér fyrir aðra en þá, sem eru vel efnum búnir.

Mér hefur skilizt, að aðaltilgangurinn með takmörkunarheimildinni væri að takmarka tölu lækna. Ég hef ekki getað skilið, að það sé heppilegt á yfirstandandi tímum, þar sem gera má ráð fyrir, að nú verði alveg sérstök þörf fyrir menn með þekkingu á því sviði, bæði erlendis og hérlendis, einkum að því er snertir þekkingu á að búa um sár manna og veita hjálp, þegar slys ber að höndum. Ætti fremur að leggja áherzlu á, að læknastúdentar fengju sem fljótasta kennslu einmitt í þessum atriðum læknisfræðinnar.

Þá er 5. brtt. við 4. gr. Ég hef að miklu leyti tekið upp efni 4. gr., en sett framan við ákvæði um það, að próf í heimspeki skuli enn vera fast próf við háskólann sem áður, þannig að enginn geti tekið fullnaðarpróf frá háskólanum nema hann hafi áður lokið því. Ég hef fellt niður tímatakmarkið, því ég hygg, að bezt muni vera að láta stúdentana um það sjálfa, hvenær þeir vildu taka prófið.

Ég vil taka það fram, að ég álít það svo mikla undirstöðu undir almennri menntun að fá þessa kennslu í undirstöðuatriðum sálarfræði og rökfræði, að mér finnst varla hægt til minna að ætlast af því fólki, sem stundar háskólanám og tekur fullnaðarpróf í háskólagreinum, en að það hafi hlotið kennslu í þessum námsgreinum og sýnt með prófi, að það kunni á þeim nokkur skil. Ég hef með brtt. fellt niður síðasta málslið 4. gr., ekki vegna þess að ég telji ekki heppilegt að hafa æfingaflokka við verklegt nám og íþróttir, en ég vil benda á það, að háskólinn er töluvert öðruvísi stofnun en aðrir skólar. Þeir, sem þar stunda nám, eru orðnir þroskaðri en nemendur annarra skóla og eru búnir að ljúka löngu námi. Það er því ástæða til að láta þá hafa óbundnar hendur um það, hvernig þeir ganga að því erfiða starfi að ná fullnaðarprófi, hvort sem það er nú embættispróf eða önnur próf í vísindagreinum. Það er hægt án þess að lögbjóða það að vinna að því, að þeir stúdentar, sem til þess eru hæfir líkamlega, stundi íþróttir. Ég vildi gjarnan að það væri gert, en menn mega ekki einblína um of á það, hvernig þessum málum er háttað við ýmsa erlenda háskóla, t. d. collegin ensku, þar sem allir nemendur eru vel efnum búnir. Hér á landi mun það almennur vilji, að efnalitlir menn geti engu síður notið háskólanáms, en það er því aðeins hægt, að þeir hafi aðstöðu til þess að vinna fyrir sér jafnframt náminu.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég benda á það, að þótt 1. gr. geri ráð fyrir, að einungis stúdentar stundi nám í viðskiptafræðideild, mætti setja sérákvæði um ákveðinn undirbúning í sambandi við menntaskólana, sem væri meira í samræmi við það nám, sem þeim er ætlað að takast á hendur.

Skúli Guðmundsson: Það virðist vera allmikill ágreiningur um aðalatriði þessa frv. Menn greinir á um það, hvað margar deildir eigi að vera við háskólann. Í frv. er gert ráð fyrir 5. Hv. þm. Barð. leggur til, að þær séu 6, samkv. þeirri till., sem hann hefur lagt fram. Tveir aðrir þm., hv. fyrri þm. Skagf. og hv. 2. þm. Árn., hafa lagt fram till. um það, að 1. gr. frv. skuli falla burt. Þá er einnig ágreiningur um það, hvort rétt sé að takmarka aðgang að einstökum deildum háskólans, en það er einmitt gert ráð fyrir því í 2. gr. frv.

Nú hefur verið lögð fram till. hér á Alþ. um skipun milliþn. í skólamálum, og þar sem svona mikill ágreiningur er um þetta frv., hefði ég talið eðlilegt, að þegar milliþn. væri skipuð, þá tæki hún þetta mál til athugunar ásamt öðrum skólamálum og gerði till. um framtíðarfyrirkomulag háskólans. Ég vil því leyfa mér að leggja fram dagskrártill. og, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp:

„Í trausti þess, að samþ. verði till. sú um skipun milliþingan. um skólamál, er nú liggur fyrir Alþingi, og að væntanleg milliþingan. geri tillögur um framtíðarstarfsemi háskólans eins og annarra skóla, telur deildin eigi rétt að gera breytingar á háskólalögunum að þessu sinni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ísleifur Högnason: Flokksbróðir minn, Einar Olgeirsson, hefur borið fram brtt. við þetta frv. á þskj. 205. Eins og kunnugt er, getur hann ekki mælt með þessum till. sjálfur, en ég sé með samanburði á brtt. á þskj. 341, að margt í till. fellur að ýmsu leyti saman. Fyrst er það ákvæðið um takmörkun nemendafjölda, að 2. og 3. málsgr. 2. gr. séu felldar burt. Það er alveg sam-

hljóða. Næstsíðasti ræðumaður hefur lýst sínum ástæðum fyrir því, hvers vegna hann vilji ekki takmarka stúdentafjölda að háskólanum. Ég get tekið undir þau rök, sem hann flutti máli sínu til stuðnings, að því viðbættu, að ég vil mæla gegn þeim rökum, sem borin hafa verið hér fram, að það sé þjóðfélagsvoði, að allir menn, sem eru útskrifaðir úr háskólanum, fái ekki embætti. Það getur ekkert tjón verið að þekkingu fyrir aðra en þá, sem hafa hagsmuni af því, að menningin sé sem takmörkuðust og minnst. Þess vegna fer það ekki saman við hagsmuni þjóðarinnar í heild að takmarka nemendafjölda. Þá er lagt til í sömu brtt., að liðurinn í 4. gr. „að hafa notið kennslu í íþróttum" falli burt. Ég veit ekki, hvert fyrirmyndin til þessa lagastafs er sótt og geri ráð fyrir, að erfitt sé að finna fyrirmynd. Ég sé ekki, að það skipti neinu máli fyrir fræðimann, hvort hann kann ákveðnar líkamsæfingar. Það væri hart að bægja manni frá því að taka próf í læknisfræði, sem ekki kynni að flá kött, eða lögfræðingi, sem ekki kynni að fara í gegnum sjálfan sig. Það er eitthvað í þessa átt, sem frv. stefnir. Auk þess hlýtur það að tefja fyrir námi stúdents, ef hann er skyldaður til að taka þátt í líkamsíþróttum með náminu. Það hlýtur að taka upp fyrir honum mikinn tíma og auka honum kostnað við að ná prófi.

Ég mun greiða þessari brtt. atkv. og óska, að hv. þm. athugi þetta um íþróttakennsluna í háskólanum áður en þeir samþ. frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. V.-Húnv. felld með 14:12 atkv.

Brtt. 234 felld með 14:8 atkv.
— 341,1 felld með 13:6 atkv.
— 341,2 kom ekki til atkv.
— 205,1 kom ekki til atkv.
— 341,3 felld með 13:2 atkv.
— 341,4 felld með 17:2 atkv.
— 205,2 kom ekki til atkv.
— 341,5 felld með 14 shlj. atkv.
— 205,3 felld með 15:5 atkv.

Frv. samþ. með 17:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, ÞBr, ÁÁ, EE, EmJ, FJ, GSv, HG, HV, ÍslH, JakM, JGM, JóhJón, JPálm, SEH, StSt, StgrSt.

nei: BjB, JÍv, PO, JörB.

BÁ, EystJ, HelgJ, SK, SkG greiddu ekki atkv.

7 þm. (BJ, GÞ, GG, ÓTh, PHann, SvbH, TT) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shj. atkv.

Á 68., 69., 70. og 71. fundi í Ed., 26., 27. og 28. maí, 4. júní, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, en á síðasttalda fundinum, utan dagskrár, mælti

*Árni Jónsson: Ég vil aðeins segja örfá orð út af dagskránni. Eins og hún ber með sér, er 1. málið um breyt. á l. um háskólann. Þetta mál hefur komið á dagskrá áður, án þess að koma til umr. Ég vildi þess vegna spyrja hæstv. forseta, hvers vegna ekki er byrjað á þessu máli nú, og hvort ekki megi ganga út frá því, þó að það verði ekki tekið fyrir fyrst, að það fái þó umr. á þessum fundi.

Forseti (MJ): Ég vil aðeins svara því, að það er samkv. ósk minni hl. n., að ég tók málið ekki fyrir á undan öðrum málum dagskrárinnar. Minni hl. n. óskaði eftir því, að málið kæmi ekki undir atkv., meðan vitað er, að þm. eru ekki komnir eða jafnvel alls ekki í bænum. Ég mun því ef til vill taka einhver önnur mál til umr. fyrst og sjá til, hvort ekki mæta fleiri þm., því að mér finnst óviðkunnanlegt að taka málið fyrir, meðan vitað er, að þm. eru ekki allir viðstaddir, svo framarlega sem málinu verður ekki stefnt í hættu á þinginu með því.

Á 72. fundi í Ed., 5. júní, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, en utan dagskrár urðu þessar umr.:

*Árni Jónsson: Það er út af dagskránni, sem ég tek hér til máls núna, og vegna frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, sem hefur verið þrisvar eða fjórum sinnum á dagskrá hér án þess að það hafi verið rætt enn þá. Í gær var þetta fyrsta mál á dagskrá, og hefði þá líklega verið rætt, ef hæstv. forseti hefði verið viðstaddur. Nú er málið á dagskrá í dag, en í stað þess að vera 1. mál, þá er það nú 4. málið á dagskránni. En á undan því er mál eins og frv. til l. um breyt. á áfengislögunum, sem þarf afbrigði til að það komi til meðferðar. Ég get ekki sætt mig við þessa meðferð á málinu og vænti þess, að hæstv. forseti fái þetta lagfært, svo að frv. um breyt. á áfengislögunum verði ekki rætt fyrr en á eftir háskólamálinu.

Forseti (EÁrna): Þetta mun koma til af því, að ég var ekki viðstaddur, þegar dagskráin var ákveðin. Tvö fyrstu málin á dagskrá taka nú ekki langan tíma, því að um þau verða engar umræður, en þriðja málið er stjórnarfrv., og hefur hæstv. forsrh. óskað þess, að það mál yrði tekið fyrir sem fyrst. Annars geri ég ráð fyrir, að háskólafrv. komi til umr. í dag hér í hv. d., því að ég vona, að ekki verði miklar umr. um áfengislagafrv.

*Árni Jónsson: Herra forseti! Ég hef ekkert við það að athuga, að tvö fyrstu málin á dagskrá komi til umr. á undan háskólafrv., en mér er ekki um, að 3. málið verði tekið á undan. Vitanlega er rétt að taka tillit til óska hæstv. forsrh., en mér finnst samt í mikið ráðizt að fara að taka þetta mál fram fyrir, þegar afbrigði þarf fyrir því. — Mér þykir vænt um, að hæstv. forsrh. er kominn hér í deildina. — Ég var að kvarta yfir því, að háskólafrv. skyldi ekki vera afgr., heldur haft nú sem fjórða mál á dagskrá. Hæstv. forseti hefur upplýst, að frv. um áfengislögin sé tekið á undan eftir ósk hæstv. forsrh. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort honum finnist ekki sanngjarnt, að háskólafrv. sé rætt á undan.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er vika síðan þetta mál, frv. til l. um breyt. á áfengislögunum, var hér til umr. síðast. Það hefur fengið seina afgreiðslu í Nd., og þar sem málinu þarf að ljúka hið fyrsta, hef ég farið þess á leit, að það yrði tekið á dagskrá núna. Ég geri ekki ráð fyrir miklum umr. um málið og álít því skaðlaust, þó það fengi að halda sessi sínum á dagskránni. Annars er það á valdi hæstv. forseta og deildarmanna, hvort það verður rætt á undan eða eftir.

Þorsteinn Þorsteinsson: Úr því farið er að tala um að hraða málinu, þá vil ég spyrja hæstv. forseta, hvort ekki mætti taka 5. málið á dagskránni dálitið fram fyrir. Þetta er mikilsvert mál fyrir landbúnaðinn, og þarf að hraða því. Á því hafa verið gerðar breyt. hér í hv. d., og verður því að endursenda það Nd., og er áríðandi, að það verði ekki fyrir töfum hér núna.

Árni Jónsson: Það er ekki út af neinni óvild í þessu máli um áfengislögin, að ég fer fram á þetta. Hæstv. forsrh. hefur skotið máli sínu til forseta, og vona ég, að hann verði við tilmælum mínum um að hraða háskólamálinu.

Forseti (EÁrna): Ef almennt verður farið að krefjast þess að láta málin ganga, þá sé ég ekki annað en að það verði að halda kvöldfundi um málin. En þar sem hér er farið fram á að hraða tveimur málum, þá ætla ég ekki að gera upp á milli þeirra, en fylgja dagskránni.

Á 73. fundi í Ed., 7. júní, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 112, 596 og 646, 645, 693).

*Frsm. meiri hl. (Árni Jónsson): Herra forseti! Ég tel ekki þörf að halda langa framsöguræðu um þetta mál. Bæði er, að málið er einfalt, og svo er hitt, að þótt það sé ekki meðal stórmála, þá hefur það þegar verið rætt almikið bæði utan þings og innan. Þykist ég því vita, að hv. dm. hafi áttað sig til hlítar á því, enda er það mjög óbrotið.

Frv. þessu fylgdi ýtarleg grg., þar sem gerð er grein fyrir, hvernig málið er til komið. En það er flutt að tilhlutun kennslumrh. Þá vil ég og aðeins vísa til álits meiri hl. menntmn., þar sem saga málsins er enn að nokkru rakin, og enn fremur prentað upp bréf, sem er undirritað af öllum nemendum, og rekja nemendurnir þar einnig sögu viðskiptaháskólans og viðhorf sitt til stofnunarinnar.

Þetta mál fór í gegnum Nd. með miklum atkvæðamun. Háskólaráðið er fylgjandi frv. Meiri hl. menntmn. er samþykkur því, að frv. verði samþykkt. Þá hafa og allir stúdentar viðskiptaháskólans lagt eindregið með málinu.

Í nál. segir, að í frv. felist 3 breytingar á háskólalögunum.

Ein breyt. er sú, að háskólanum er gefin heimild til að takmarka aðgang stúdenta að einstökum deildum. Þetta ákvæði stafar af því, að nú um sinn hefur stúdentaviðkoman verið svo geysimikil, að hún er orðin mörgum mönnum mikið áhyggjuefni.

Þetta er erfitt við að fást. Þeir stúdentar, sem annars gætu sótt til útlanda, verða flestir að sitja heima, og má heita, að þeim séu allar bjargir bannaðar. Með þessu frv. er verið að reyna að bæta úr því öngþveiti, sem skapazt hefur vegna fjölgunarinnar, með þessari takmörkun ásamt ýmsu öðru, sem upp hefur verið tekið. Með þessari takmörkun er þó einkum átt við Læknadeildina, þar sem aðsóknin er mest. En ég hygg, að það sé nokkurn veginn öruggt, að þessi heimild verði ekki misnotuð, þannig að mönnum verði ekki bægt frá námi að nauðsynjalausu.

Önnur breytingin, sem felst í þessu frv., er sú, að til þess að geta lokið fullnaðarprófi frá háskólanum, skuli stúdentar skyldir til að hafa notið kennslu í íþróttum um ákveðinn tíma.

Þetta ákvæði hefur valdið ágreiningi og sætt nokkrum mótmælum. Vil ég því leyfa mér að fara nokkrum orðum um það um leið og ég vík að áliti minni hl., hv. þm. S.-Þ., sem ég sé, mér til undrunar, að er ekki hér staddur.

Ég vil benda á, að þessi hv. þm. er í nál. sínu að brigsla okkur hv. 2. landsk. um það, að við höfum lítinn áhuga á þessu máli. Ég veit ekki, hvernig hann ætlar að heimfæra það. Því við höfum báðir verið eindregnir fylgismenn málsins og einmitt sótt það fast, að því yrði hraðað bæði í gegnum n. og þessa hv. d.

Hins vegar tjáðist hv. þm. S.-Þ. lengi ekki hafa tekið fullnaðarafstöðu til málsins og reyndi að tefja afgreiðslu þess í menntmn. Enda mun hann meina hið gagnstæða með fullyrðingu sinni. Ég held, að hann þurfi ekki að saka okkur um, að við höfum ekki haft nægan áhuga fyrir málinu. Hann mun eiga við það, að við höfum ekki haft nægan áhuga gegn því.

Þá skal ég snúa mér aftur að íþróttamálum háskólans.

Stúdentar hafa um mörg undanfarin ár iðkað íþróttir í íþróttafél. sínu. Það hefur notið styrks til starfsemi sinnar úr Sáttmálasjóði og frá Alþ. Stjórn félagsins hefur kynnt sér fyrirkomulag íþróttakennslu við háskóla í Svíþjóð, Þýzkalandi og Ameríku. Einnig hefur stjórnin látið gera uppdrátt að fyrirhuguðu íþróttahúsi stúdenta.

Þær íþróttir, sem félagið hefur almennast iðkað, eru alm. leikfimi, knattleikar og sund.

Íþróttafélagið hefur fyrir sitt leyti tekið mjög vel í þau ákv. þessa frv., sem einkum snúa að því.

En samkv. frv. eru helztu íþróttagreinarnar: leikfimi, og margs konar sund, þar á meðal björgunarsund, og gert ráð fyrir íþróttaprófi.

Með ákvæðinu um íþróttaskyldu er verið að vinna að því að efla líkamlega heilbrigði stúdentanna. Og er svo kveðið á, að enginn líkamlega heilbrigður stúdent geti fengið námsstyrk né lokið fullnaðarprófi frá háskólanum, nema hann hafi sótt íþróttir og tekið íþróttapróf.

Það er algerlega rangt hjá hv. minni hl., að þetta mál sé ekki nægilega undirbúið. Nú liggur næst fyrir að koma upp góðu íþróttahúsi, fyrr má ekki búast við fullum árangri. Enda ber ríkinu að styðja þessa starfsemi eftir megni.

Ég held, að það sé ekki rétt að kasta hnútum að kennurum háskólans, og þó allra sízt núv. rektor, fyrir að þeir hafi staðið gegn því, að íþróttalíf stúdenta fengi að njóta sín.

Rektor beitti sér einmitt fyrir því í haust að útvega stúdentum styrk til íþróttanáms í vetur. Og þótt nokkur misbrestur hafi e. t. v. orðið á iðkun þeirra í vetur, þá stafar það fyrst og fremst af skorti á húsnæði og enn fremur af því, að íþróttakennslan varð af þeim sökum að fara fram á miður heppilegum tíma.

Og þótt þetta kunni ekki að þykja stórt atriði, þá vil ég benda á, að íþróttir þykja alls staðar nauðsynlegur þáttur í uppeldi ungra manna. Auk þess, sem viðurkennt er, að slík þjálfun eykur „reglusemi og karakter-styrk".

Í þessu frv. má segja, að sé einn þáttur, sem ágreiningi valdi. En það eru ákvæðin um sameiningu hins svo kallaða viðskiptaháskóla og lagadeildarinnar.

Þessi skóli hefur starfað 3 undanfarin ár. Hann var upphaflega sóttur af 10 efnilegum stúdentum og síðan hafa nokkrir bætzt við á hverju ári.

En það er nú svo með þennan skóla, að hann hefur frá byrjun svifið í lausu lofti. Í þessu frv. er í fyrsta sinn reynt að koma honum á fastan grundvöll.

Nú hafa þessir stúdentar, sem þar hafa stundað nám undanfarið og verið í skólanum frá upphafi og áttu að ljúka burtfararprófi í vor, neitað að ganga undir prófið. Og ég held, að engum detti í hug, að þeir hafi neitað prófinu að ósekju, heldur skal ég nú sýna fram á, að þeir höfðu fulla ástæðu til þess.

Viðskiptaháskólinn svo kallaði, var stofnaður haustið 1938 án lagasetningar, en naut þó styrks úr ríkissjóði. Hann hefur verið algerlega utan háskólans frá byrjun, þar til hann fékk húsnæði í húsakynnum háskólans. Og eftir samtöl, sem fóru fram í haust milli ráðamanna háskólans og ríkisstjórnarinnar, og nemenda viðskiptaháskólans og ríkisstjórnarinnar, var ráðinn að skólanum fastur kennari, Gylfi Þ. Gíslason hagfr., sérfræðingur í aðalnámsgrein skólans. Hann var áður í fastri stöðu, en ef hann hefði ekki fengizt til að kenna við skólann, hefði horft til stórvandræða í fyrrahaust.

Um sama leyti mun það og hafa verið ráðið að fela þessum manni forustuna fyrir viðskiptadeild í háskólanum, ef viðskiptaháskólinn yrði sameinaður háskólanum 1940. Auk þess hefðu verið fengnir 1 eða 2 fastir kennarar, en farið eftir till. Gylfa um tilhögun kennslunnar.

Þannig er saga þessa fyrsta undirbúnings.

Hv. minni hl. hefur fundið að því, að í frv. er lagt til að sameina þennan umrædda skóla lagadeildinni. Sú mótbára er í mínum augum lítils virði. Það skiptir minnstu máli, hvað deildin er kölluð.

Það er kunnugt, að árið 1938 voru 16 íslenzkir stúdentar við hagfræði- og verzlunarnám í erlendum skólum.

Talað er um, að það sé nokkuð hart aðgöngu, ef ekki komist aðrir en stúdentar að viðskiptaháskólanum til náms, en ég vil benda á það, að ekki hafa aðrir komizt þar að á meðan hann hefur starfað. Þeir 25 menn, sem nú eru þar við nám, hafa allir stúdentsmenntun. Og ég hygg, að ekki sé rétt að draga úr þeim kröfum, sem gerðar hafa verið um undirbúningsmenntun þessara manna. Tilgangurinn með skóla þessum var upphaflega sá, að búa unga og efnilega menn undir það að geta verið fulltrúar landsins í vandasömum stöðum erlendis og rækt ýmis mikilsverð störf hér heima. Ég sé ekki, að nokkuð það hafi komið fram, síðan málið var rætt hér á lokuðum fundi, sem breytt hafi þessu. Ég tel því, að sjálfsagt sé, að háskólinn krefjist stúdentsprófs, eða annars sambærilegs prófs, til upptöku í þessa deild.

Mál þetta hefur verið nokkuð rætt við aðstandendur verzlunarskólans hér, en þeim er málið nokkuð skylt. Kváðust þeir vera fúsir til að reyna að koma þar upp undirbúningsdeild, sem útskrifað gæti nemendur með prófi, er jafngilti stúdentsprófi, svo að þeir gætu fengið upptöku í viðskiptadeildina. Ég held því, að ekki muni standa á viðleitni til að uppfylla þær kröfur, sem háskólinn gerir um það, að nemendur séu sem bezt búnir úr garði, áður en þeir ganga inn í skólann.

Ég ætla svo, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp bréf til skólastjóra viðskiptaháskólans frá nemendum þeim, sem ætlazt var til, að útskrifuðust þaðan í vor. Bréfið er skrifað 24. maí 1941 og hljóðar svo:

„Herra skólastjóri!"

Eins og yður mun kunnugt af margítrekuðum tilmælum vorum undanfarin þrjú ár, um að sett yrði reglugerð um viðskiptaháskólann, höfum vér talið lítt viðunanlegt, að ekki hafi verið til nein reglugerð, né yfirleitt nein yfirlýsing komið fram af hálfu viðkomandi handhafa ríkisvaldsins, Alþingis eða ríkisstjórnar, um tilgang skólans og fyrirkomulag.

Undanfarið hefur, sem kunnugt er, legið fyrir Alþingi frv. til laga um sameining viðskiptaháskólans og Háskóla Íslands. Teljum vér það langsamlega beztu lausn málsins vegna þess, að á þann einn hátt virðist tryggt, að ekki verði slakað á kröfum um inntökuskilyrði og brottfararpróf.

Höfum vér fram á síðustu daga vænzt þess, að frv. þetta næði fram að ganga, einkum vegna þess, að í vor eiga fyrstu nemendurnir að útskrifast frá skólanum og ekki hefur fram komið

neitt annað frv., er fjallar um viðskiptaháskólann, en það virðist liggja í augum uppi, að ekki er hægt að útskrifa nemendur frá ríkisskóla, sem ekki hefur neinn grundvöll að byggja á og allt er í óvissu um, þar eð Alþingi hefur ekki tekið neina afstöðu til hans.

Kynni að verða lítill ávinningur af prófvottorði frá slíkum skóla, ef honum yrði breytt í framtíðinni.

Verði því ekki áður nefnt frv. samþykkt á Alþingi og fáist ekki önnur jafngóð lausn málsins, munum vér ekki sjá oss fært að ganga undir próf.

Svo er ráð fyrir gert, að brottfararpróf hefjist miðvikudaginn 28. þ. m., og verðum vér því að æskja þess, að afstaða hafi verið tekin til málsins og tilkynnt okkur eigi síðar en á þriðjudag 27. þ. m.

Virðingarfyllst.

Svavar Pálsson, Jón G. Halldórson, Pétur Thorsteinsson, Kristján Bjarnason, Hjálmar Finnsson, Hilmar Kristjánsson, f. h. Sig. Hafstað Pétur Thorsteinsson e. u., Bergur Vigfússon, Hörður Þórhallsson, Friðf. Ólafsson.

Til Steinþórs Sigurðssonar, skólastjóra, Rvík."

Þetta bréf lýsir því nú kannske nánar en nokkuð annað, hvernig málum þessum er komið fyrir þá menn, sem gengu inn í þennan skóla fyrir þrem árum og eru vafalaust úr hópi efnilegri námsmanna. Og þó að ekki væri nema vegna þessara ungu manna, væri ekki vansalaust, að þetta mál fengi ekki afgreiðslu hér á þingi. Þessir menn verða að fá að vita, hver aðstaða þeirra er.

Að endingu vil ég geta þess, að allir nemendurnir, bæði þeir, sem áttu að útskrifast í vor, og aðrir, sem nám stunda við skólann, óska þess, að frv. nái fram að ganga. Hið sama er að segja um alla aðstandendur háskólans og verzlunarskólans, sem talað hefur verið við. Meiri hl. ríkisstj. óskar þess. Í hv. Nd. voru ekki greidd nema 4 atkv. á móti frv., að mig minnir. Og þegar er ráðinn kennari til að kenna við deildina frá næsta hausti, svo að allt ber að sama brunni, að frv. skuli ganga fram. Ég held, að óhætt sé að segja, að ef frv. nær ekki fram að ganga, þá sé stopult að treysta því, að þessi þarfa stofnun muni eiga sér nokkra framtíð.

Ég hef ekki vikið nema með óbeinum hætti að till. þeim, er hv. 1. þm. N.-M. ber hér fram. Ég fæ ekki séð, að þær séu til bóta, og af þeim ástæðum einum mundi ég ekki geta greitt þeim atkv. mitt, en auk þess er það, að mjög er nú áliðið þingtímans. Ef svo er sem ég held, að hv. þm. sé frv. fylgjandi, vil ég biðja hann að hugleiða, hvort hann vilji stofna málinu í hættu á því, að það nái ekki fram að ganga, því að ef það fer enn til hv. Nd., eru allar líkur til, að það fái ekki afgreiðslu. Vil ég því spyrja hv. þm., hvort hann vilji halda þessum till. sínum til streitu.

Að því er snertir hina rökstuddu dagskrá frá minni hl. menntmn., er augljóst, að með henni er verið að reyna að koma málinu fyrir kattarnef. Þar er lagt til, að málinu sé vísað til n., sem ekki er til. Væri hreinlegra að drepa málið beinlínis en koma því fyrir kattarnef á þennan hátt.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Mér þykir eðlilegt að segja nokkur orð um þetta mál, fyrst og fremst af því, að það hefur komið fram í hv. Nd., að málið sé flutt að tilhlutun kennslumrh. og eftir hans beiðni. Þetta mun að vísu ekki vera sagt af öðru en misskilningi, og vil ég leiðrétta hann hér, en þetta hefur áður verið leiðrétt í hv. Nd. Ég get sagt það, að með þeim málum, sem flutt hafa verið að minni beiðni, hef ég reynt að fylgjast sem bezt, og ég hef verið svo heppinn að geta jafnan haft góða samvinnu við hv. þm. um að koma þeim fram. Svo hefur jafnan verið á meðan ég hef verið þm. eða farið með ráðherraembætti. Og ef þetta mál hefði verið flutt að minni tilhlutun, þá hefði ég reynt að hafa samvinnu við hv. þm. um að fá því framgengt. Ég ætla að lesa hér bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til menntmn. Nd., því til staðfestingar, sem ég sagði áðan. Bréfið hljóðar þannig:

„Hér með sendir ráðuneytið hinni heiðruðu menntamálanefnd neðri deildar Alþingis, samkvæmt beiðni háskólarektors, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands, ásamt bréfi rektors dags. 28. desbr. f. á., til skýringar frumvarpinu.

Enn fremur fylgir hér með afrit af bréfi háskólarektors til forsætisráðherra, dags. 3. sept. 1940, einnig varðandi breytingu á háskólalögunum, eftirrit af bréfi Gylfa Þ. Gíslasonar, hagfræðings, til háskólarektors, dags. 17. ágúst f. á., ásamt 3 fylgiskjölum, afriti af nefndaráliti Þorsteins Þorsteinssonar, Odds Guðjónssonar og Sverris Þorbjarnarsonar, dags. 2. sept. 1940, og loks áætlun um kostnað við kennslu í viðskiptafræðum og hagfræðum við Háskóla Íslands á næstu árum.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson,
Ragnar Bjarkan.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis."

Þetta bréf er dagsett 27. febr. 1941, eða áður en deilurnar byrjuðu um þetta mál, sem verið hafa allmiklar síðan málið kom hingað. Þetta vildi ég taka fram. Það hefur ekki komið fyrir, og ég vildi ekki, að það kæmi fyrir, að mál, sem ég hefði beðið um, að yrði flutt af n., gengi gegnum þingið án þess að ég reyndi að fylgjast með því.

Svo hefur verið minnzt á það, undir hvaða ráðun. þessi skóli heyrði. Sumir telja, að allir skólar skuli tilheyra kennslumálaráðun., en það er misskilningur. Verzlunarskólinn tilheyrir atvinnumálaráðun., húsmæðra- og bændaskólar til heyra landbúnaðarráðun., en aðrir skólar kennslumálaráðun. En aldrei hefur neitt verið ákveðið um það, hvaða ráðun. þessi skóli skyldi til heyra, þó að ég hafi séð um, að hann fengi þær greiðslur, sem hann þurfti. Eftir eðli sínu ætti skólinn að til heyra utanríkismálaráðun. eða atvinnumálaráðun. Og þar sem skólinn er stofnaður af utanríkismn., eða fyrir tilhlutun

þm. í utanríkismn., en ekki ríkisstj., hef ég ekki séð ástæðu til að hafa önnur afskipti af honum en þau að annast þessar greiðslur. En þessi bréf eru send kennslumálaráðun., vegna þess, að háskólinn, sem til heyrir kennslumálaráðuneytinu, æskir þess, að breyting þessi sé gerð á skólanum og hann færður undir stj. háskólans.

Það, undir hvaða ráðun. skólinn heyrir, kemur þessu máli ef til vill ekki mikið við, en það má minna á það, hvernig skólinn er til kominn, að utanríkismn. hefur raunverulega stofnað hann, án þess að fyrir liggi nánari l. um rekstur hans. Það er verið að óska eftir reglugerð um það, hvernig skólinn skuli rekinn, en enginn ráðh. mundi gefa út slíka reglugerð, því að enginn grundvöllur er til undir hana. Eini aðilinn, sem gefið gæti út slíka reglugerð, er utanríkismn. Það er reyndar til uppkast að reglugerð, og mundi hún að líkindum vekja nokkurn ótta hjá stúdentum um það, að kröfur til inntökuprófs yrðu lækkaðar, svo að „standard" skólans lækkaði. Afskipti háskólans af þessu máli komu til á fyrra ári. Háskólarektor ræddi þá um málið við ríkisstj. og krafðist þess, að gefin yrðu út brbl. um þetta. Um sama leyti þurfti stj. að fá húsnæði fyrir menntaskólann í háskólahúsinu og var þess þá krafizt, að ríkisstj. gæfi út brbl. um viðskiptaháskólann eða lofaði að flytja á Alþ. frv. það, sem hér liggur fyrir. Það hefur komið fram, að stj. hafi lofað að flytja þetta frv., en það er ekki rétt. Stj. gat ekki lofað því, þar sem hún var ekki rektor sammála. Auk þess taldi stj. ekki rétt af rektor að setja henni skilyrði fyrir því, að hún fengi þetta húsnæði. Rektor var tilkynnt, að líklega væri meirihlutafylgi við málið á Alþ., og varð hann að sætta sig við það. Ég get tekið það fram, að málið fékk leiðinlegri afgreiðslu milli stj. og rektors en ég hefði óskað. Þetta get ég sagt, þó að ég fari ekki nánar út í þá sálma án tilefnis. Þess vegna er það ekki sízt, að málið var sent Alþ. hinn 27. febr. á þann hátt, sem ráðuneytið lét það frá sér fara.

Um breytingarnar sjálfar, sem lagt er til í frv. að gerðar verði, er það að segja, að ágreiningurinn er ekki um það, hvort sameina eigi viðskiptaháskólann háskólanum, því að ég hygg, að þrír fjórðu hlutar hv. þm. séu því fylgjandi. Ágreiningurinn er um það, hvort inn í viðskiptaháskólann eigi að komast stúdentar einir, eftir að hann hefur verið sameinaður háskólanum, eða ekki. Háskólinn leggst á móti því, að aðrir en stúdentar fái upptöku í viðskiptadeildina.

Vitanlegt er, að mjög mikið fylgi er fyrir því, að skólinn verði einnig opnaður fyrir aðra en stúdenta frá menntaskólunum. Og ég held sannast að segja, að það ætti að vera alveg vandalaust að búa svo um, að aðilar yndu við og sættir kæmust á í þessu máli, þannig að menn úr verzlunarskólunum gætu, að viðbættu nokkru námi, fengið að taka próf inn í viðskiptaháskólann, eftir að hann væri sameinaður háskólanum, og mætti vel, til að friða háskólann, kalla þá viðskiptastúdenta. Við höfum hér fyrir bæði máladeildarstúdenta og stærðfræðideildarstúdenta, og þetta próf mætti að vísu taka án þess að stunda nám í menntaskólunum í Rvík og á Akureyri, en með svipuðum kröfum í ýmsum greinum og sömu stjórnskipuðum prófdómurum og þar. Þannig ætti að mega tryggja, að viðskiptastúdentar gætu í raun og veru engu síður en aðrir stúdentar haft örugga menntun til að standa á og stunda háskólanám. Ég hygg, að fyrir þessari lausn sé verulegur vilji í þinginu og málið verði aldrei leyst með öðru móti á viðunandi hátt eða til frambúðar. Hins vegar veit ég ekki á þessu stigi málsins, hvaða afstöðu háskólinn mundi taka til þeirra breytinga, sem um var rætt. Hann hefur verið þeim mjög andvígur. En viðvíkjandi stúdentum þeim í viðskiptaháskólanum, sem nú hafa hætt við að taka þar próf í vor og eru hræddir um, að prófið yrði sér að litlu eða engu gagni, ef inntökuskilyrði skólans og „standard" hans allur ætti að lækka, vil ég taka fram, að ég veit reyndar, að flest eru þetta mjög dugandi stúdentar, og ég skil vel, að þeim þyki leitt að geta átt á hættu að skólanum verði breytt. En ég hygg, að sú áhætta fyrir þá sé það lítil, að þeir hefðu vel mátt taka prófið fyrir henni. Þó að þetta mál verði e. t. v. ekki afgreitt að sinni, mun vera eindreginn vilji fyrir því hjá miklum hluta Alþ., að sameiningin við háskólann fari fram nú eða síðar og viðskipta- og hagfræðideildin verði vel úr garði gerð, ekki lakar, heldur betur en viðskiptaháskólinn er, svo að ótti um lækkaðar kröfur er ástæðulítill. Í haust, sem leið, var Gylfi Þ. Gíslason hagfræðingur ráðinn til kennslu með því loforði af hálfu ríkisstj. allrar, að ef sameiningin færi ekki fram innan tveggja ára, skyldi hann að þeim tíma liðnum verða dósent og síðar meir prófessor í hagfræði við háskólann. Þessi frestur var settur, til þess að vissa væri fyrir, að málið yrði afgert, áður en honum lyki. Ég veit að vísu talsvert um þá sögu, hve stúdentarnir í viðskiptahásk. eru orðnir þreyttir á núv. fyrirkomulagi, en eitt ár mætti vel bíða fyrir því með lausn málsins. Fyrir sex vikum komu þeir á fund minn og óskuðu eftir þeirri yfirlýsing frá minni hálfu, að „standard" námsins í skólanum og inntökuskilyrðin skyldu á engan hátt verða lækkuð frá því, sem er. Ég hef minnzt á þetta við aðra í ríkisstj., en ekki treyst mér til að lýsa yfir því við stúdentana, fyrr en vilji Alþingis lægi skýrt fyrir. Skoðun mín hefur jafnan verið sú, að sá vilji geti ekki orðið nema einn að athuguðu máli, — þess vegna væri stúdentunum áhættulaust að taka próf. Þó að þetta prófsverkfall sé það, sem maður hefði kannske tekið sjálfur þátt í á sínum tíma í skóla, er það náttúrlega dálítið vafasamt fyrir þá að hætta við próf fyrir það eitt, að þeir fá ekki þær breytingar, sem þeir óska á þeim tíma, sem þeir óska. Verður það að skrifast á reikning þess, að hér eru ungir menn á ferð.

Af þessum ástæðum getum við sagt, að það skipti ekki mjög miklu máli, hvort þessar breytingar eru afgreiddar nú eða síðar. Það er vitað mál, að stórfelldar breytingar þarf að gera á öllum fræðslumálum landsins, og er nauðsyn á, að þau verði athuguð í heild í nefnd fyrir næsta þing. Ég er forviða á þeim undirtektum, sem það mál hefur fengið hér á Alþingi, og lýsi yfir

því, að vilji það ekki gera nauðsynlegar ráðstafanir, mun ríkisstj. gera það. Eitt af því, sem breyta þarf, er ýmislegt viðvíkjandi háskólanum. Það er vitaskuld ekki nema eðlilegt, að þær breytingar, sem þetta frv. ræðir um, féllu inn í þær almennu breytingar, sem þá yrðu gerðar. Á hinn bóginn er það ákaflega leiðinlegt fyrir Alþingi, ef afgreiðsla þessa máls eða töfin á henni verður til vandræða þeim ungu mönnum, sem fyrstir hafa numið hér þetta nám. Ég hygg, að ekki sé hægt að koma frv. fram, nema það verði fleiri en stúdentar, sem fá rétt til inngöngu í hina nýju deild háskólans, eða þá menn, sem kalla má viðskiptastúdenta, og má vissulega gera inntökupróf þeirra eins fullkomið og stúdentspróf á sinn hátt. Það var í rauninni yfirsjón þeirra, sem að málinu stóðu, að fá þessu ekki breytt þegar í Nd., og er sú breyting raunar gerð að vilja þeirra, sem gengust fyrst fyrir sameining skólanna, þótt málið legðist síðan að nokkru leyti í aðra farvegi.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 10. júní, var fram haldið 2. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Þó að þetta mál sé undirbúið af háskólaráði, sem ætla má, að í sitji okkar mestu menntamenn, sem ættu að vera þessu máli kunnugastir, vil ég bera fram brtt. við málið. Þær eru á þskj. 645 og 693. Fyrsta brtt. mín á þskj. 645 er um, að viðskiptafræðideild verði sérstök deild í háskólanum, þannig að deildirnar verði 6, í stað 5 núna. Þetta byggi ég á því, að eftir þeim kunnugleika, sem ég hef aflað mér, ætla ég, að lögfræðinemarnir hafi ærið námsefni, og ég hygg líka, að nægilegt námsefni væri handa viðskiptafræðingum. Önnur brtt. mín er bein afleiðing af þessu og þarf ekki skýringar við, sbr. 4. gr. háskólalaganna, um tölu deilda.

3. brtt. mín er við tvo staði í 2. gr. Í henni felast þrjár breyt. frá því, sem er í till. háskólaráðs. Í fyrsta lagi fellur niður með minni brtt., að háskólaráð geti kveðið svo á í samþykkt, að aðeins ákveðinn fjöldi nýrra stúdenta skuli skráður í deildirnar á ári hverju. Í öðru lagi felli ég alveg burt, að gert er ráð fyrir, að þessi takmarkaði aðgangur að deildunum sé áframhaldandi, og í þriðja lagi tek ég upp það nýmæli, að inn í háskólann geti gengið aðrir en stúdentar, en vil binda það fyrst um sinn við viðskiptafræðideildina eina. Það er ljóst, virðist mér, að það þarf að opna háskólann fyrir fleirum. Ég hugsa mér, að svo verði haft sérstakt inntökupróf í viðskiptafræðideildina. Í þessu er aðalbreyt. fólgin við 2. gr.

4. brtt. leiðir af hinum, að 3. gr. falli burt.

5. brtt. er við 4. gr. Þar er um tvennt að ræða. Annars vegar er inntökuprófi í viðskiptafræðideild bætt við þau próf, sem tekin eru við háskólann, og hin er, að ekki sé gert að skyldu að kenna þar leikfimi. Bæði er ekki aðstaða til þess eins og nú standa sakir, og í öðru lagi er það svo alls staðar, að inn í háskóla ganga svo þroskaðir menn, að þeir vita bezt sjálfir, hvað þeim hentar í þeim efnum.

Mér skildist á ræðu hæstv. forsrh., þó að hann minntist ekki beinlínis á brtt., að hann mundi verða þeim fylgjandi. Hann taldi, að þingmeirihluti mundi verða fyrir því. Ég vænti því, að brtt. verði samþ. Hann taldi reyndar, að það mundi vera vafasamt, hvort þeir menn, sem næstir standa háskólanum, mundu sætta sig við að fá aðra en stúdenta inn í hann, en ég hygg ekki, að hér séu þeir menn í meiri hluta, sem ekki vilja leyfa öðrum en stúdentum aðgang að háskólanum, og háskólaráð verður þar að lúta vilja Alþingis. Ég get því ekki orðið við ósk hv. frsm. meiri hl. um að taka till. mína aftur. Ég hef þá trú, að eftir mínum till. eigi að leysa málið, en ekki eftir frv., þó að það sé undirbúið af prófessorum háskólans.

*Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Ég gat ekki verið hér, þegar hv. frsm. meiri hl. hélt sína ræðu, en við þekkjum orðið skoðanir hvor annars á þessu máli. Mér þykir gott, að hv. 1. þm. N.-M. skýrði sínar brtt. strax. Það kom greinilega fram hjá honum, að hann finnur, hvað frv. er illa undirbúið, þar sem hann vill fella ég vil segja 75% af till., sem í því voru. Hann vill fella niður þrjú af fjórum aðalatriðum. Þetta sýnir það sama, sem ég hef tekið fram, að frv. þetta hefur gott af frekari athugun.

Ég vil m. a. gera eitt atriði að umtalsefni. Þegar hv. 1. þm. N.-M. telur upp deildir háskólans, telur hann rannsóknarstofu atvinnuveganna. Sami maðurinn við háskólann, sem hefur baslað við að koma þessu frv. á laggirnar, hefur átt þátt í því að stofna rannsóknarstofu atvinnuveganna sem atvinnubótadeild. Það héldu margir unglingar, að þarna mætti læra margt gagnlegt. En ég hygg, að hv. 1. þm. N.-M. viti, hve mikið hefur orðið úr landbúnaðardeildinni. Málið var svo herfilega undirbúið af háskólans hálfu, að það vantar allt til alls nema stofurnar til að kenna í, enda hefur enginn nemandi verið í þeirri d.

Ég mun síðar minnast á sérstök atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, en vil nú snúa mér að byrjun þessa máls. Þegar ég hef verið að líta yfir hinn skrítna gang málsins, þá kemur í ljós, að um tvær stefnur viðvíkjandi kennslumálum er að ræða. Sá maður, sem stendur að annarri stefnunni, er löngu dáinn, Jón Sigurðsson forseti. Hinn maðurinn er Alexander Jóhannesson. Það þarf að meta aðstöðu þessara tveggja manna til að geta séð, hvað Alexander hefur til brunns að bera. Jón Sigurðsson skrifaði fyrstur manna um íslenzkan háskóla, fyrir 99 árum, og lagði til, að hér væri stofnaður mikill skóli, bæði fyrir embættismenn og vegna atvinnuveganna. Hann sá enga ástæðu til, að það gæti ekki farið saman. Það má segja, að Jón Sigurðsson hafi farið að kjörorði sjálfstæðismanna: stétt með stétt. Aftur á móti hefur Alexander reynt að grundvalla stofnunina á því, að í henni væri bara ein stétt, einungis stúdentar. Og hann leggur svo mikla stund á það, að hann hugsar sér jafnvel að leggja út í baráttu við fjárveitingarvaldið til að fá sínu framgengt.

Markmið Jóns Sigurðssonar var, að háskóli Íslands, sem hann vildi kalla þjóðskóla, væri

fyrir alla jafnt, en Alexander vill bægja öllum frá, nema einni vissri stétt, stúdentum.

Þegar fyrir liggur að íhuga það, hvort betur sé hægt að trúa Jóni Sigurðssyni eða Alexander, er varla hægt annað en meta, hvað þeir hafa gert og unnið hvor fyrir sig. Annar hefur grundvallað allar pólitískar framfarir á Íslandi og haft mikil áhrif á andlegt líf í landinu.

Ég ætla að hætta að tala og hvíla mig, þangað til hv. þm. koma inn í deildina. — —

Ég var að skýra frá verkum þeirra manna, hvors um sig, sem standa að tveimur ólíkum stefnum í skólamálum hér á landi, Jóns Sigurðssonar forseta og Alexanders Jóhannessonar. Áhrif Jóns Sigurðssonar eru svo alkunnug, að ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég sagði um hann. En ég ætla að gera hv. d. grein fyrir, hvað þessi nýja stjarna hefur til brunns að bera. Alexander Jóhannesson var stipendiat við háskólann um hríð, af því að hann þurfti að fá eitthvað að gera. Svo tókst Bjarna frá Vogi að skapa honum embætti. Það var ekki fyrir verðleika, að hann fékk það embætti, heldur vegna vináttu við Bjarna frá Vogi. Þegar þetta embætti kom til umr. hér í þinginu, var lesinn hér upp partur úr grein, sem Alexander hafði skrifað og var svo vitlaus, að hún vakti almennan hlátur á meðal þingmanna. Þar hélt hann því fram eftir einhverjum þýzkum manni, að ef menn fettu sig og brettu, ypptu öxlum og vögguðu sér í mjöðmunum og horfðu svo á vírhringi fyrir framan sig, gætu þeir breytt í sér röddinni. Þetta var táknrænt, og auðvitað var ljóst, að ef hann yrði starfsmaður við háskólann, var það aðeins vegna þess, að hann vantaði embætti. Það eru ekki nema fjórir menn, sem hann hefur útskrifað eftir 16 ára starf við þessa stofnun í þeirri grein, sem hann stendur að. Það vill svo til, að einn þessara manna er frábær málfræðingur, þó að það sé ekki honum að þakka. Nú hafa alþm. mikinn hug á að fá þann mann til kennslu í stafsetningu, og þingið hefur svo ljósan skilning á, að þetta sé rétt, að það samþ. í gær að veita honum aðstöðu til að kenna við háskólann það, sem Alexander ætti að kenna, ef hann hefði þekkingu til. Samkennarar Alexanders leggja og mikla áherzlu á að fá þennan kennara, en hafa aftur á móti minni áhuga á hinni nýju landvinningastarfsemi rektors.

Samhliða þessum störfum, sem ég hef nefnt, tók Alexander fyrir tvennt annað. Hann kom hér upp flugfélagi, sem allir vita, hvernig fór um, það endaði með fjárhruni og skaða og loks algeru gjaldþroti. En seinna var stofnað annað flugfélag, og þar var við ríðinn kaupfélagsstjórinn á Akureyri þáverandi, Vilhjálmur Þór. Það gengur ljómandi vel. En einmitt Vilhjálmur Þór og Jakob Frímannsson, sem á þennan hátt hafa sýnt, að þeir kunna sína viðskiptafræði, hefðu ekki getað fengið inngöngu í viðskiptaháskólann hjá Alexander.

Um sama leyti og framkvæmdir Alexanders í flugmálunum voru að fjara út kom hin fræga Grænlandsför hans til sögunnar. Hann þóttist hafa í höndunum skeyti um, að hann væri beðinn að hjálpa mönnum, sem væru í hættu þar. Nú var uppi fótur og fit, varðskip ríkisins var sett í hættu, og Alexander fer af stað. Niðurstaðan varð sú, að hann bjargaði engu, en flutti til landsins nauðsynlegar vistir, svo sem kunnugt er. Eitthvert hugboð hefur Alexander haft um, að förin hafi ekki verið sem sigursælust, því að hann kaus að lenda ekki hér við bæinn, heldur lengra í burtu og láta bera lítið á.

Það er ekki hægt að komast hjá því að spyrja, þegar þessi maður gerir sig svo breiðan: Hvernig er þessi maður? Er hann svona mikill skörungur? Ég hef lauslega bent á, hvernig hans almenna aðstaða er. Á hans braut eru ekkert nema ósigrar, að frátöldu einu máli, þar sem hann hefur notið styrks Alþingis. Hvort sem litið er á ljóð hans, ritgerðir, þýðingar eða Grænlandsförina frægu, þá sést, að hann er mesta flaustursskjóða, sem fæst við almenn mál á Íslandi.

Það síðasta, sem eftir hann liggur, er að fá nokkra unglinga til að fremja harakiri, og það afrek er einstakt í sinni röð. Með hvaða hætti byrjaði hann á að skipta sér af málum, sem ekkert komu honum við? Ég vil fyrst benda á annað, sem sýnir, að ég vil unna honum sannmælis. Hann hefur sýnt talsverðan dugnað í ráðstöfun fjár, sem veitt var til háskólabyggingarinnar. Um leið og ég neitaði að vera við vígslu háskólans, vegna þess að alþm. var ekki boðið almennt, beitti ég mér fyrir því, að Alexander fengi íslenzkt heiðursmerki. Ég sé bæði kosti og galla, og þarna var unnið verk, sem mér fannst ástæða til að meta og launa, og ég gerði það.

Viðskiptaháskólinn var stofnaður af utanríkismálanefnd upp úr sjálfstæðisumr. á Alþingi 1937, og það er ekkert, sem hefur gefið Alexander minnstu ástæðu til að blanda sér í mál skólans, nema það, að síðastl. vetur var skólinn í húsum háskólans. Viðskiptaháskólinn var fyrsta árið til húsa í menntaskólanum, annað í atvinnudeildinni og nú þriðja árið í háskólanum.

Þegar skólinn settist að í húsi háskólans, var hann honum álíka óviðkomandi eins og maður, sem leigir sér stofu í húsi, er húsráðanda.

Þetta álit hafði ekki dr. Alexander. Hann vill fylla þetta mikla hús af stúdentum. Og ekki eingöngu stúdentum, heldur verða þeir líka að vera undir hans stjórn.

Þess vegna datt Alexander það snjallræði í hug, þegar þessir 25 stúdentar stunduðu nám í húsi háskólans, að innlima þá stofnun, er þeir tilheyrðu, háskólanum.

Þegar ríkisstj. vildi ekki gleypa við þessu, hafði dr. Alexander í hótunum um að reka viðskiptaháskólann úr húsnæðinu. Hæstv. forsrh. mun hafa sagt frá þessum skiptum í ræðu sinni í Nd. Alexander heimtaði, að viðskiptaháskólinn yrði innlimaður í háskólann með bráðabirgðal. s. l. haust, en verða húsvilltur ella. Ríkisstj. mun hafa látið dr. Alexander vita, að ef hann ætlaði þannig að launa húsnæðislánið til háskólans, er Alþingi hefur látið í té ókeypis öll fundarherbergin á neðri hæð alþingishússins, að ef hann ekki léti af þessari fávizku, þá mundi verða búið öðruvísi að honum og hans stofnun

í framtíðinni. Enda er engin von til, að mönnum haldist uppi slík frekja, ósvífni og grunnhyggni.

Piltunum var sleppt skilmálalaust inn í hús háskólans og var kennt þar eins og áður, samkv. skipulagsskrá, sem gerð hafði verið um starfsemi skólans fyrir þrem árum. Þar var nákvæmlega tekið fram, hvað gert skyldi í skólanum hvern vetur. Próf voru framkvæmd alla veturna og ⅓ hluta burtfararprófs var lokið, þegar Alexander fyrirskipaði verkfall.

Alexander hafði í haust haft í hótunum um að krefja ríkissjóðinn um ísl. hluta sáttmálasjóðsins, hina svo nefndu háskólamilljón, sem ríkissjóður hefur haft að láni síðan 1919. En þegar stjórnin neitaði honum bæði um háskólamilljónina og bráðabirgðalögin, þá vildi hann innlima stofnunina í háskólann með tilstyrk Alþingis.

Enda þótt dr. Alexander Jóhannesson sé ekki fróður maður, þá vissi hann þó svo mikið, að í menntmn. Ed. á sæti maður, sem hefur haft svo mikið með þessi mál að gera frá byrjun, að ekki mundi líklegt til stuðnings að leita þangað um flutning á frv. hans, og sneri hann sér því heldur til Nd. En þar mun m. a. ókunnugleiki hafa valdið þeim undarlegu undirtektum og afgreiðslu, sem málið hlaut og ég mun víkja að síðar.

Liðskostur dr. Alexanders í Nd. voru fyrst og fremst allir kommúnistarnir og hinn fjórði, sem áður var kommúnisti, en er nú fallinn frá, allur Bændafl. og allur Alþfl. og órólega deildin í Sjálfstfl.

Það var þetta skemmtilega lið, undir forustu kommúnista, sem Alexander hafði á að skipa. En eins og vænta mátti, skorti hann allan stuðning Framsfl. og meginhluta Sjálfstfl. En á hvern hátt þetta lið, kommar, kratar og órólega deildin, hafa sameinazt um þá línu, sem lögð var af dr. Alexander, er mér fullkomin ráðgáta. En svo mikið er víst, að Alþýðuflokkurinn virðist hafa gert hana að hreinu flokksmáli.

Það hefur ekki gengið frábærlega vel fyrir kommúnistum upp á síðkastið. Þeir mega heita útlægir úr þinginu og það er ekki talað við þá.

Þá er ekki glæsilegra ástandið hjá Bændaflokknum. Honum hefur vart verið hugað líf mörg seinustu árin, og veit það nú sjálfur og verður að játa, að hann er alveg dauður.

Ef menn lesa hið litla blað kommúnista, sem er víst nokkurs konar arftaki Þjóðviljans, þá er þar fullyrt, að Alþýðuflokkurinn sé dauður.

Órólegu deildinni hefur víst þótt þetta ágætur málstaður, enda hefur hún lengi verið ánægð með allt, fyrst með gengislækkunina, síðan með sjálfa sig og alltaf dansað nauðug eins og útburðurinn í dulunni.

Dr. Alexander skipulagði verkfall meðal hinna 10 pilta, sem þegar höfðu lokið ⅓ hluta prófs, að því er virðist vegna þess, að hann tók að efast um fylgi við frv. sitt hér á Alþingi og til þess að knýja Alþ. til afstöðu til málsins.

Hann tælir þessa drengi til þess að gera kynduugt verkfall á móti sjálfum sér. Þetta eru flest allt góðir drengir og færir til starfa, en hafa af óvitaskap látið frekar lélegan mann afvegaleiða sig til þess að neita að ljúka prófi nema Alþingi láti að vilja Alexanders og samþykki frv. hans.

Þeir hafa víst ekki skilið, á hvern hátt þetta varðar Alþingi. Alþ. er fulltrúi gjaldendanna í landinu. Og það hefur greitt styrk til kennslu á þessum piltum í 3 ár. Piltarnir mega vita, að verkfall þeirra hefur engin áhrif á Alþ. eða ákvarðanir þess. Það lítur á þetta tiltæki eins og hvert annað saklaust gaman, sem gerir þá sjálfa aðeins dálitið hlægilega.

En það er einn maður, sem ekki mun sleppa þægilega við þetta mál. Og það er rektor háskólans. Hann mun sjá, hvað það kostar að vera að skipuleggja verkföll í öðrum skólum. Og það sýnir bezt, hvað maðurinn er takmarkaður, að hann skuli vera að leika þann leik.

Og það er rétt, að hann viti það, að refsiaðgerðir út af þessu brölti hans verða ekki látnar bitna á piltunum.

Einum þeirra hef ég útvegað atvinnu, annar starfar hjá sama fyrirtæki og ég starfa hjá sjálfur. Það verður ekki spurt um það, hvort þeir hafi gert verkfall, heldur hvernig þeir hafi staðið sig í skólanum, og dæmt eftir því.

Um leið og ég lýk við þennan kapítula, vil ég minna á þá spaugilegu hugsjón Alexanders að halda burtu frá háskólanum öllum, sem ekki hafa stúdentspróf. Alexander vill hindra þá í að taka embættispróf, enda þótt það próf gefi á engan hátt aukinn rétt til starfa.

Það vill nú svo til, að það eru tveir menn, og aðeins tveir, sem háskólinn minnist í sinni nýju byggingu. Annar þessara manna kom aldrei í menntaskóla, hvað þá að hann tæki embættispróf. Í byggingunni er stór höggmynd af Jóni Sigurðssyni, sem háskólinn vill kenna sig við. Jón kom aldrei í menntaskóla, og hann tók aldrei embættispróf frá háskóla. — Í anddyri eru 4 línur eftir Jónas Hallgrímsson letraðar á vegginn. Um Jónas er það líka vitanlegt, að hann lauk aldrei embættisprófi. En það er líka vitað, þótt þessir tveir menn lykju engu háskólaprófi, að þeim tókst samt að grundvalla alla menningu hér á landi um sína daga og eftir sinn dag, bæði pólitíska og andlega.

Það er þess vegna vægast sagt spaugilegt, þegar Alexander fer að taka sér til inntekta þessa tvo menn, sem svo stóð á um.

Jónas Hallgrímsson var á ýmsan hátt líkt settur og þeir menn, sem Alexander lét gera verkfallið. Ég get naumast óskað hinum ungu verkfallsmönnum betra hlutskiptis en að þeim tækist að vinna, þó ekki væri nema örlítið brot af verki hans, þótt hann hefði ekkert embættispróf.

Dr. Alexander er á móti viðskiptaháskólanum, af því að um stofnun hans vanti löggjöf, og telur þess vegna rétt að láta piltana þakka fyrir sig með því að hlaupast á brott úr skólanum próflausa.

Ég býst við, að dr. Alexander þekki menntaskólann og piltarnir líka. Þeir hafa verið þar, margir hverjir. Um hann hafa aldrei verið nein lög, bara launalögin. Hann hefur starfað áratugum saman fyrir því, og það þótt hann hafi aldrei haft fullkomna starfsskrá.

Viðskiptaháskólinn hafði fullkomna starfsskrá, sem farið var eftir allan tímann, og lá hún fyrir tilbúin til undirskriftar, þegar Alexander lét hefja verkfall. Það er þess vegna merkilegt, að Alexander og piltarnir skyldu fara að gera upp reisn af því, að engin lög séu til fyrir stofnunina, þó að elzti skóli landsins hafi aldrei haft nein lög.

Það er ein stofnun enn, sem ég býst við, að Alexander og piltarnir þekki, og það er sjálft brezka heimsveldið. Það hefur enga skrifaða stjórnarskrá. Það hefur samt haldizt þetta í nokkur hundruð ár fyrir því. (ÁJ: Þegnarnir hafa aldrei „strækað"!) Ég held, að Alexander viti, að brezka parlamentið er móðir allra núverandi parlamenta, þótt það hafi enga skrifaða stjórnarskrá.

Þessi tvö dæmi, annað innlent, hitt útlent, ættu að nægja til að hnekkja þeirri firru, að skólar geti ekki verið góðir, þótt stofnlög vanti.

Um leið og ég lýk þessum aths. út af þeirri röksemd verkfallsmanna, að skólann vanti lög, vil ég segja, að mest er undir því komið, að skólum séu settar fastar starfsreglur. Þetta var gert þegar í upphafi í viðskiptaháskólanum. Þar var búin til reglugerð og henni haldið allan tímann. Samkv. þessari reglugerð var öllu haldið í föstu formi um kennslu og próf eftir þessum fyrstu frumdráttum. Síðan var reglugerðin stækkuð og undirbúin betur af kennurum viðskiptaháskólans og tilbúin til undirskriftar í vetur, þegar Alexander byrjaði hernaðinn í Nd., og væri búið fyrir löngu að staðfesta hana, ef það hefði ekki þótt ástæðulaust, ef háskólalögum væri gerbreytt á þessu þingi.

Ég ætla, um leið og ég minnist á þann sparnað, sem gætt var í viðskiptaháskólanum, að spyrja hv. 1. þm. N.-M., hvort hann geri það í sparnaðarskyni að leggja til, að skólinn verði innlimaður í háskólann. Ég vil segja honum það fyrst og fremst, að allar líkur benda til, að það þýði stórkostlega útgjaldaaukningu fyrir landið. Því að háskólinn hefur alltaf forðazt að taka menn í vinnu nema upp á föst laun. Það var þess vegna alger nýjung, þegar viðskiptaháskólinn réð eingöngu tímakennara. Háskólinn hefði aldrei tekið þá aðferð upp, ef utanrmn. hefði ekki verið búin að sýna, með afskiptum sínum af viðskiptaháskólanum, að mikið mátti spara með þeirri kennsluaðferð. Og forstöðumaður skólans hafði forstöðuna á hendi sem aukastarf fyrir litla þóknun.

Tímakaupið var fyrst 4 kr., en er nú 5 kr. Þetta hefði verið ómögulegt í háskólanum með reglugerð hans, þótt vantað hefði lausakennara t. d. í lögfræði. En það er samt unnt að fá duglega menn fyrir tímakaup.

Ég held, að hv. 1. þm. N.-M. viti ekki, að þegar dr. Alexander byrjaði hernaðinn, þá hafði hann tekið marga menn í vinnu fyrir 10 kr. á tímann til að segja til 5 eða 6 piltum í hinni nýju verkfræðideild sinni.

Í stuttu máli: Háskólinn getur ekki komizt hjá því að taka tímakennara, en hann borgar þeim helmingi hærra kaup við þessa litlu byrjun á verkfræðideild en viðskiptaháskólinn borgar.

Alexander segir, að það komi háskólanum ekkert við, hvort eða á hvern hátt Alþingi útvegi háskólanum húspláss. Hann er ekki neitt þakklátur fyrir það, þótt Alþ. hafi í meir en 30 ár lánað skólanum fundaherbergi flokkanna. Hann heimtar bara nýja dósenta.

Hv. 1. þm. N.-M. hefur lítt sinnt þessu máli og er því ókunnugur, en fer nú allt í einu að flytja brtt. Enda er það fjarstæða að fara að setja viðskiptaháskólann undir sömu stjórn og lagadeildina, sem nú hefur 3 prófessora. Þeir gætu vel kennt sín fög í viðskiptaháskólanum án þess að hann væri sameinaður lagadeild. Þessi aðferð er því ákaflega ófullkomin og sýnir alveg dæmafá þrengsli í hugsun.

Við skulum taka landa okkar í Vesturheimi til fyrirmyndar. Þeir mundu segja við Matthías Einarsson: Þú ert ágætur skurðlæknir. Þú kennir þína grein að nokkru leyti ókeypis hjá okkur fyrir heiðurinn. Hér ætti að vera auðvelt að fá t. d. hæstaréttardómarana til að kenna nokkuð ókeypis í háskólanum.

Þetta finna þeir menn, sem meiri eru fyrir sér í lögum en ég.

Þetta er eitt af því, sem þarf að gera, og fá sem flestar deildir til að taka upp þessa nýjung, því þótt nú séu meiri peningar í ríkissjóði en verið hefur um langt skeið, þá getur samt bráðlega orðið full þörf mikils sparnaðar.

Ég vil svo beina þeirri fyrirspurn til hv. 1. þm. N.-M. og óska eftir svari, hvort hann geti búizt við því, að þeir, sem stofnuðu viðskiptaháskólann, til þess að ala upp duglega menn í verzlun og erindrekstur fyrir landið, vilji trúa dr. Alexander og háskóla hans fyrir viðskiptaháskólanum í framtíðinni.

Það er engin ráðdeild að kaupa 7—8 menn fyrir 10 kr. á tímann til að segja mönnum lauslega til í verkfræði.

Hv. þm. veit það vel frá dvöl sinni við nám utanlands, að menn verða aldrei verkfræðingar nema þeir vinni af kappi daglangt árum saman.

Þetta brölt Alexanders er ekki af illvilja, heldur af óvitaskap og viðvaningshætti í meðferð stórra mála. Alexander hefur ekki þá dýpt í greindinni né þá reynslu eða þjálfun í hugsun, sem til þess þarf að hrinda þessum málum í framkvæmd af fyrirhyggju og hagsýni.

Það er sama ósk þessa gamla flugkappa, Alexanders Jóhannessonar, að búa til hagfræðideild. Ég held, að hv. þm. hafi ekki kafað nógu vel niður í þetta frv., og það er eðlilegt, en það er meining Alexanders eins og frv. liggur fyrir, að fyrst og fremst verði lagadeild og svo sérstök hagfræðideild og svo komi viðskiptaháskólinn eins og einhver ranghali eða útbygging, eins og viðbót við þessar tvær deildir, en hv. 1. þm. N.-M. er til með að slátra annarri, og er ég honum þar sammála. Verkfræðideildin á að standa eftir, og það hefur verið reiknað út, hvað það mundi kosta að útskrifa 5 verkfræðinga á ári. Ég hef átt kost á að kynna mér þessa reikninga, og er þar gert ráð fyrir, að kennslan mundi kosta kringum 100 þús. kr. á ári. Nú geta menn reiknað, hvort betra væri að kosta eitthvað af þessum mönnum til útlanda til náms, jafnvel í landi, sem er dýrt, eins og Ameríka, eða kosta þessa kennslu, og til viðbótar við þessa upphæð

kæmi svo kostnaður vegna verkstæða og alls annars, sem þarf til þess, að verkfræðikennsla geti farið þarna fram.

Ég rakti dálítið þennan bylgjukennda ævintýraferil Alexanders Jóhannessonar, áður en ég hóf aðalræðu mína, af því að það er ómögulegt að skilja aðra eins vitleysu og þá, sem hér á að koma af stað, nema að skilja manninn, að hér sé flaumósa maður, sem sé að leika sér með þingið, og það er það, sem hann hefur gert í Nd. með þessum órólegu elementum, sem hann hefur fengið til fylgis sér. Ég skil kommúnistann vel, að hann skuli vera með þessu. Það er alveg í samræmi við þá stefnu, „jo galere jo bedre". Hann reiknar út frá því, að þetta geti skaðað mannfélagið, þetta sé eitt af því, sem geti leitt út í byltingu. Ég skil vel, að ráðsmennska eins og sú að setja upp þessa verkfræðideild með öllu því, sem henni fylgir, sé ákaflega nærri því að passa vel fyrir kommúnista, en verkfræðideildin er aðeins önnur álman á því sama húsi, sem hér er talað um.

Í þeirri virðulegu n., sem hafði þetta mál til meðferðar, var fyrir utan hv. frsm., sem hefur haldið mikla ræðu í málinu, einnig hv. 2. landsk., sem er einn af allra elztu og reyndustu mönnum Alþfl. Mig langar til, að hann fái tækifæri til að skýra fyrir mér ýmsa óljósa þætti í sinni afstöðu, þegar hann kemur og tekur til máls síðar við þessa umr. Eins og kenning Alexanders er, mundi maður segja sem svo um þessa tvo hv. samnm. mína, að annar þeirra tilheyri hærri stéttinni. Hann er stúdent, og hann mundi geta komizt í viðskiptaskólann og allar deildirnar, ef hann vildi. Hinn maðurinn er hálfmenntaður karl, sem er af allt öðru plani, miklu lægra plani, og væri alls ekki fær um að koma inn í sama hús og hv. frsm. Nú langar mig til að vita það hjá hv. 2. landsk., hvernig hann hugsar sér þennan samanburð, hvort hann hefur þessa skoðun á sjálfum sér eins og hann undirskrifar með sínu nál., hvort hann álítur sjálfan sig svona langt fyrir neðan hv. frsm. að greind og öllum innviðum. Það er ekki mitt verk að svara fyrir barnið, en ég get ekki látið hjá líða að gera lítils háttar samanburð á þessum tveimur mönnum og sjá á þann hátt, hvort Alexander hefur á réttu að standa, hvort svona menn séu óhæfir til að vera með svona fínu fólki.

Ég ætla að byrja á hv. frsm. meiri hl.

Það er fyrst um hann að segja, að hann er stúdent og hefur þar af leiðandi fengið þann tiltekna lærdóm, sem gerir hann hæfan til að vera í sálufélagi við Alexander. Svo hefur hann prófað ýmislegt, svo sem að vera verzlunarmaður hjá Zöllner og við verzlun á Vopnafirði. Þar átti hann sem kaupmaður og verzlunarforkólfur í höggi við kaupfélagsstjórann þar, sem er ágætur maður og heitir Ólafur Metúsalemsson. Hann er einn af þessum prýðilegu, lítið skólagengnu mönnum, sem stundum seiglast svo mikið. Og það er eitt, sem mér finnst gera málstað hv. samnm. míns veikari, að stúdentinn, maðurinn, sem hefði átt vísan aðgang að háskólanum og hefði átt að geta ráðið niðurlögum óskólagengna mannsins, hann gerði það ekki, heldur tók saman föggur sínar og fór burt, en hinn, sem alls ekki hefði getað komizt inn í viðskiptaháskólann, sat eftir eins og Wellington við Waterloo. (ÁJ: Þangað til hann fór). Þangað til hann steig hærra upp, fór til Akureyrar. Eftir öllum réttum reglum átti skólagengna kaupmanninum að farnast betur, en reyndin varð ekki sú, og það var ekki nóg með það, að hann færi burt, heldur dó verzlunin, en hin blómgaðist hjá þeim ólærða. Ég verð því að játa minn fullkomna vanmátt til að skilja, að þetta próf, sem Alexander hefur látið menn ganga undir, sé öruggt, því að ég tel, að þetta Vopnafjarðardæmi sé í algerðri mótsögn við það.

Svo hefur þessi ágæti frsm. tekið að sér að stýra ýmsum fyrirtækjum, eins og brunabótafélagi og blöðum, og hann hefur verið umdeildur starfsmaður hjá S. Í. F., eftir því sem Keflvíkingar segja, og honum hefði átt að ganga miklu betur á Vopnafirði, í brunabótafélaginu, í ritstjórninni, í fisksölusamlaginu, ef þetta hefði verið rétt, að þessi ágæta frummenntun, sem okkar prýðilegi frsm. hefur, væri eins ákaflega kraftmikil og hann vill vera láta.

Svo er það stuðningsmaður hv. frsm., hv. 2. landsk. Hann er lítt skólagenginn, en ég þykist vita, að hann hafi stýrimannspróf, en hann hefur stöðugt komizt hærra og hærra í mannvirðingum. Hann er mikill áróðursmaður síns flokks, öruggur þm. og mikill framkvæmdamaður. Hann hefur orðið höfundur stefnu, sem er ýmist kölluð Sigurjónismi eða Sigurjónska. Ég skal ekki segja, hvað góð stefna það er, en það er áhrifamikil stefna, því að mjög mikið af þeirri dýrtíð, sem nú er í landinu, er beint og óbeint sprottin af því, hvað þessi ágæti maður hefur verið sigursæll með sína stefnu. Hann er eini maður okkar samtíðar, sem sérstök stefna er kennd við, eins og grogg er kennt við vissan aðmírál, sem kom því af stað. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég verði hér, þegar þessir ágætu þm. falla frá, en við getum hugsað okkur, að ég líti kannske hingað frá öðrum heimi, þegar forseti sameinaðs Alþingis heldur minningarræður yfir þessum tveimur þm. eins og venja er og allir standa upp, og þá get ég ekki hugsað mér annað þrátt fyrir allt en að það verði miklu veglegri dánarminning hv. 2. landsk., þrátt fyrir það, að hann hafi ekki verið tækur í skóla hjá Alexander, en hins mannsins, sem eftir minum kunnugleika varð að lúta í lægra haldi, ekki aðeins á Vopnafirði, heldur einnig í samanburði við þennan samþm. sinn.

Ég hef nú tekið smádæmi, ég hef eins og Garðar Gíslason tekið myndir úr lífinu, því að þá skilst miklu betur þetta vandasama mál, ef við athugum í sambandi við það sérstök fyrirbrigði.

Ég er að hugsa um að nota þennan tíma fram að kaffihléinu til að minnast á nokkra aðra merkismenn og reyna að leggja á þá það alinmál, sem hv. meiri hl. n. er sammála um að leggja á, nefnilega stúdentsmenntun. Ég ætla að lesa upp lista yfir nöfn nokkurra manna. Ég held, að þeir séu allir lifandi eða nálega allir, menn, sem hafa komizt í æðstu stöður í okkar fjármálum. Þessi listi er engan veginn tæmandi.

Þessir menn eru engir stúdentar og því ekki hæfir hjá Alexander. Ég nefni þá fyrst tvo forstjóra Eimskipafélagsins, Emil Nielsen, sem var sjómaður, og Guðmund Vilhjálmsson, sem er algerlega sjálfmenntaður og hefur engin meiri háttar próf. Ég vil nefna þrjá Kristinssyni, Hallgrím, Sigurð og Aðalstein og Jón Árnason. Þá vil ég beina til hv. 2. landsk. einu nafni, Jón Baldvinsson, sem hafði ekki próf nema sem prentari, og samt fól Alþfl. honum forustu þess eina atvinnufyrirtækis, sem hann átti, Alþýðubrauðgerðarinnar. Þá vil ég nefna Garðar Gíslason, Thor Jensen, Ríkarð Thors og Ólaf Johnson stórkaupmann, sem er álitinn einhver allra færasti stórkaupmaður hér á landi, forstöðumann sláturfélagsins, Helga Bergs, Björn Ólafsson stórkaupmann, sem árum saman hefur gegnt vandasömum trúnaðarstöðum fyrir sína stéttarbræður, Jóhann Jósefsson alþm., sem hvað eftir annað hefur verið trúnaðarmaður ríkisstj. við samninga við önnur ríki. Þá vil ég síðast nefna frá Alþfl. Harald Guðmundsson, sem er einn aðalmaðurinn í Alþfl. og aðaltrúnaðarmaður við mikils háttar sendiferðir innan lands og utan. Að síðustu vil ég nefna hæstv. forseta þessarar d., sem hefur bæði verið formaður stærstu smásöluverzlunar og stærstu heildsöluverzlunar landsins. Hæstv. forseti þessarar d. hefði ekki getað fullnægt kröfum Alexanders á sínum yngri dögum nema bæta við sig námi, en hann hefur getað stýrt stærsta kaupfélagi landsins og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga í mörg ár, án þess að kæmi að sök.

Ég verð að játa, að ef ég sný mér sérstaklega að hv. 2. landsk., þá finnst mér það framúrskarandi merkileg leið, sem hann hefur komizt inn á í þessu efni og hans ágæti flokkur. Ég sá nýlega í flokksblaði hans, að þar var verið að undirstrika, að flokksmenn ættu að leggja í minningarsjóð Jóns Baldvinssonar í virðingarskyni við þann dána merkismann. Eftir því, sem ég veit, þá er þetta eini maðurinn, sem flokkurinn hefur heiðrað á þennan hátt. Það er litið á Jón Baldvinsson sem ákaflega þýðingarmikinn mann og einn af skörungum sinnar samtíðar. Þessi maður gekk ekki skólaveginn og tók ekki próf, heldur lærði hann ákveðna handiðn. En vegna hæfileika og menntunar, sem hann aflaði sér sjálfur, fór svo, að þessi flokkur, sem stóð að honum, fól honum forstöðu eina fyrirtækisins, sem flokkurinn átti. Og þegar flokkurinn átti að tilnefna mann í bankastjórastöðu, þá tilnefndi hann þennan mann, þó að hann uppfyllti ekki að neinu leyti þær kröfur, sem hv. 2. landsk. álítur óhjákvæmilegt að uppfylla til þess að hægt sé að komast áfram í þessum efnum.

Mér þykir sennilegt, að þegar hv. 2. landsk. fer að svara þessu, þá segi hann sem svo, að þótt Jón Baldvinsson hafi að vísu verið ágætur maður, þá hafi hann samt tilheyrt þeim lágu andlegu vitsmunavegum, sem svo mætti kalla, og hann hafi haldið sig á þeim lágu andlegu vegum. Ég get ekki skilið hans afstöðu öðruvísi en að hann meini þetta. En ef hv. þm. álítur, að þrátt fyrir það, að Jón Baldvinsson væri óskólagenginn og hefði engan lærdóm haft til þess að geta undirbúningslaust komizt í skóla hjá Alexander, þá hafi hann verið frábær maður, svo að það hafi verið rétt af flokknum að gera hann að bankastjóra og fela honum forustu flokksins, þá er hv. 2. landsk. orðinn tvísaga, og þá er undirskrift hans undir nál. bara vitleysa, og þá hefur hann ekki vitað, hvað hann var að gera. Ef hv. þm. getur ekki gert skynsamlega grein fyrir þessu, þó að ekki sé tekinn nema þessi eini maður úr hans flokki, þá er hans málstaður hruninn eins og spilaborg. Annars vil ég meina, að þessi skoðun hans stafi ekki af neinni innri löngun hjá honum, heldur sé lekastaður við kjölinn, síðan Jón Baldvinssonar missti við, því að áhrif frá kommúnistum hafa seytlað inn í Alþfl. niðri við kjölinn, og þar hefur verið leki síðan. Þetta dæmi eitt sýnir, að flokkurinn vegna leka við kjölinn hefur verið að vinna að því, sem er í mótsögn við stefnuskrá hans, gengið inn á stefnu kommúnista. Afstaða kommúnista í þessu máli finnst mér alveg réttmæt. Þeir hafa skilið málið réttilega. Það var ekki hægt að búast við öðru en að þeir hefðu viljað láta taka svona á því. En Alþfl., sem hefur valið sér það nafn, sem nú er kannske ekki meira en svo viðeigandi, en mun eiga að tákna, að hann vilji berjast fyrir málum þeirra fátækari, og þetta kemur fram í hans agitation, að það séu þeir fátækari, sem þeir vilja hjálpa, af því að aðrir geri það ekki, — þá þykir mér merkilegt, hvernig þessi stefna þróast nú hjá hv. 2. landsk. Það er vitanlegt, að hér á landi eru ekki nema tveir menntaskólar, svo að það hlýtur að vera, að þeir hafi ekki mesta þýðingu fyrir verkamannaflokkinn. Ef frá er tekinn Héðinn Valdimarsson, sem var ekki verkamannssonur, þá má segja, að Alþfl. hafi ekki fengið neitt af verkamannasonum, sem hafa gengið í gegnum menntaskólana. Af hverju mundi þetta stafa? Ég get ekki skilið, að það geti stafað af öðru en fátækt. Verkamenn hafa ekki ráð á að kosta börn sín fyrst í 6 ár í menntaskóla og svo kannske í mörg ár í háskóla. Þeir geta það ekki einu sinni hér í Reykjavík, þó að þeir þurfi ekki að fara burt af heimilum sínum. Og ef við förum svo austur á Eyrarbakka, austur á Firði, upp í Borgarnes, fara þá verkamannasynirnir þar í menntaskóla? Ég held ekki. Þeir geta það ekki og gera það fæstir. Nú álít ég, að skipulagið eigi ekki að vera þannig, að efnilegir verkamannasynir geti ekki átt aðgang að okkar æðri menntastofnunum, og úr því að svo vel vill til, að hægt er að mæta óskum og kröfum efnilegra ungra manna, þó að fátækir séu, ef þeir eru duglegir, þá finnst mér sjálfsagt að gera það. Þeir, sem standa að verzlunarskólanum, eru margir efnaðir menn, og þeir hafa látið sér detta í hug að gera hann að verzlunarháskóla. En þó að verzlunarskólinn verði eingöngu fyrir stúdenta, þá er það út af fyrir sig ekki heppileg leið fyrir fátæka unga menn, sem vinna í búðum allan daginn og hafa bara kvöldið til náms. Ég get án þess að fara út úr þessari hv. deild bent hv. 2. landsk. á dæmi um það, hvernig ungir menn geta, jafnvel undir erfiðustu kringumstæðum, komið sér áfram eins og ég hugsa mér viðskiptaskólann, en ekki eins

og hann hugsar sér þann. Ég ætla þá að taka hv. þm. Vestm., — ég sé, að hv. 2. landsk. er nú seztur í hans sæti. Hann er alinn upp í Vestmannaeyjum og var of fátækur til að fara í skóla. Hann starfaði að útgerðarmálum og vann í búð og varð síðar eigandi í verzlun. Hann aflaði sér margháttaðrar þekkingar í tungumálum, í félagsmálum, í verzlunarmálum. Háns þjóð, hans flokkur, hans hérað hefur kjörið hann öðrum fremur sem sinn sendiboða. Ég hef hugsað mér með leyfi hæstv. forseta að enda á þessu dæmi nú, áður en við fáum það eðlilega kaffihlé. Ég vil, að hv. 2. landsk. athugi það, hvernig hann í góðri trú hefur villzt út frá sinni stefnuskrá, sem maður hugsaði sér, að hann vildi vinna fyrir, og út í einhverjar hafvillur, þar sem lekur við kjölinn á alþýðuskútunni. [frh.].

Forseti (EÁrna): Hefur hv. þm. senn lokið ræðu sinni? (JJ: Nei, það er allmikið eftir.) Þá er fundi frestað til kl. 5. [Fundarhlé].

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson) [Frh.]: Ég hafði, áður en fundarhlé varð, vikið nokkrum orðum að meðnm. mínum til þess að geta fengið frá þeim skýringu um það, hvernig viðskiptamál Íslendinga stæðu, ef þau væru borin saman við þá kenningu, sem þeir halda fram. Ég hafði sérstaklega snúið mér að fulltrúa Alþfl., hv. 2. landsk., og sýnt fram á, hversu mikið ósamræmi væri milli þess flokks og eins af fyrrv. forystumönnum hans, Jóns Baldvinssonar. Enn fremur minntist ég á það, að Alþfl. í heild sinni stæði illa að vígi með þessa kenningu, af því að svo margir menn hafa haft sig áfram í óvenjulegri fátækt og komizt í ábyrgðarstöður innan þjóðfélagsins.

Þá vil ég snúa mér að hinum flokknum, sem hv. aðalfrsm. telst til, og kem að þeim tveim fyrirtækjum, sem sjálfstæðismenn hafa mestar mætur á. Annað er Eimskipafélagið, sem þeir hafa sérstaklega kallað „óskabarn Íslendinga". Þó að þeir eigi það ekki frekar en aðrir landsmenn, hafa þeir tæpt á þessu fallega gælunafni. Ég hef minnzt á það, að þeir tveir menn, sem mest starfa við Eimskipafélagið, Emil Nielsen og Guðmundur Vilhjálmsson, eru næstum algerlega sjálfmenntaðir menn. Nú finnst mér, ef hv. frsm. meiri hl. væri hér, þá ætti hann að gefa skýringu á því, hvernig hann geti hugsað sér, að hans nánustu vinir og þeir, sem stjórna Eimskip, ráði menn til forystu fyrirtækis fyrir 25 þús. kr. árslaun, sem eru með hæstu launum hér á landi, ef það væri ekki fyrir afburða hæfileika og yfirburði í viðskiptamálum. En ég tel, að svo sé háttað um þessa 2 menn við þetta fyrirtæki, sem svo sérstaklega hefur verið hampað af allri alþjóð, ekki síður en sjálfstæðismönnum. Annars hefur þessi flokkur líka afstöðu og Alþfl., þegar ráða skal menn til ábyrgðarstarfa, þá ganga þeir fram hjá mönnum með sömu einkunn og hv. 2. landsk. og leita til þeirra, sem hafa langa skólagöngu að baki og þykja þess vegna gjaldgengir í lífinu. Hitt fyrirtækið, sem hv. aðalfrsm. og sumum sjálfstæðismönnum þykir mikið til koma, er Kveldúlfur. Sá maður, sem stofnaði þetta fyrirtæki, Thor Jensen, hefur ekki gengið á nokkurn skóla, nema þá áberandi lítið, hann hefur aðeins haft til brunns að bera meðfædda yfirburði og kunnað að læra af lífinu. Sá maður, sem nú stjórnar þessu fyrirtæki af röggsemi, Richard Thors, hefur einnig notið mjög takmarkaðrar skólagöngu og er að mestu leyti sjálfmenntaður maður. Þriðja stórfyrirtækið, sem stóð mjög nærri þeim mönnum, er hv. aðalfrsm. meiri hl. hafði samband við, er útgerðarfyrirtækið „Alliance", og var það stofnað af Jóni Ólafssyni.

Ef svo er farið út í hina eiginlegu kaupsýslu, þá eru langmestu stórkaupmennirnir Ólafur Johnson og Garðar Gíslason, þó að sá síðarnefndi sé sá elzti og þekktasti hér á landi. Garðar byrjaði sína starfsbraut á þann hátt, sem ég hef látið mig dreyma um, að menn úr viðskiptaháskólanum gerðu. Garðar Gíslason fór ungur til Englands og setti þar á stofn verzlun, sem hann starfaði við um stund. Hann fluttist svo heim aftur og hefur síðan verið með helztu stórkaupmönnum landsins.

Eins og kunnugt er, höfum við Garðar Gíslason ekki alltaf verið sammála, en þrátt fyrir það get ég látið hann njóta sannmælis og viðurkennt, að hann er einn af mestu núverandi stórkaupmönnum hér á landi og einn af forvígismönnum þess flokks, sem hv. aðalfrsm. telst til. Það lítur út fyrir, að sama sé, hvort litið er til Alþfl. með Jón Baldvinsson eða Sjálfstfl. með Kveldúlf og kaupmenn eins og Ólaf Johnson og Garðar Gíslason. Alls staðar eru fyrir okkur menn, sem eru fordæmdir niður í kjallara viðskiptamálanna eftir kröfum og skoðunum hv. meiri hl. menntmn.

Nú ætla ég að gefa skýringu á, hvaða afstöðu við samvinnumenn höfum í þessum málum. Við erum undir öllum kringumstæðum á móti þeim hugsunarhætti, sem kemur fram í frv. og nál. hv. meiri hl., og þetta stafar af okkar eigin reynslu. Við höfum í 70 ár verið að byggja upp verzlunarstétt í landinu, sem hefur nú með höndum verzlun fyrir næstum annaðhvert heimili í landinu. Ef maður tekur þá 200 mest áberandi menn, sem staðið hafa að þessu fyrirtæki í þessi 70 ár, þá er aðeins um einn stúdent að ræða í þeim hóp, séra Sigfús Jónsson. Náttúrlega hafa margir góðir menn, bæði prestar og nokkrir lögfræðingar, stutt samvinnufélagsskapinn, en þeir hafa ekki verið þar í fremstu röð. Nú langar mig til að varpa einni spurningu til hv. aðalfrsm., sem er sonur eins af okkar gáfuðu, sjálfmenntuðu mönnum, sem hafa látið til sín taka í lífinu og orðið gagnmenntaðir, þrátt fyrir enga skólagöngu. Hvernig getur hv. aðalfrsm. dottið í hug, að við samvinnumenn, sem höfum notið starfskrafta Jóns í Múla og Sigurðar Kristinssonar, göngum inn á þá vitleysu, að viðskiptanám hér á landi sé bundið við langa skólagöngu, sem þessir menn hafa ekki haft aðstöðu til að veita sér? Ég get þess vegna sagt þeim það fyrirfram, hv. 2. landsk. og hv. aðalfrsm., hvernig sem afgreiðslan gengur nú um þetta mál, þá er þeirra máli engin lífsvon. Það mætti kalla þetta „Alexanderisma" á hæsta stigi, og við verðum að loka verzluninni fyrir þeim mönnum, er gert hafa óþolandi axarsköft

í sínu starfi. Ég hef áður sýnt fram á, að sá maður, sem stendur fyrir þessari fáránlegu vitleysu, dr. Alexander Jóhannesson, hefur verið að gera axarsköft allt lífið, og eftir þessa frammistöðu er næsta ótrúlegt, að hv. þm. láti hann hafa áhrif á sig við afgreiðslu þessa máls. Það, sem á að gera með þessu frv., er svo mikil fjarstæða, að það er eins og að veita læk upp brekku, það stríðir á móti öllum náttúrulögmálum og þess vegna verður aldrei hægt að koma því í framkvæmd. Um leið og ég legg frá mér blað, þar sem ég hef skrifað á, eftir því sem þau komu í huga minn, nöfn 20 þekktustu manna á þessu sviði, verð ég að reyna að útskýra, af hverju ég álít það ekki neitt höfuðskilyrði, þó að megi vera jöfnum höndum, að menn við þessi störf séu stúdentar. Ég held, að eins muni verða í framtíðinni og áður hefur átt sér stað, að það verði ekki stúdentar, sem mest skari fram úr á viðskiptasviðinu. Ég álít, að þetta stafi af því, að við höfum reynt að líkja eftir öðrum þjóðum og komið skyndilega upp ýmsum skólum, sem hafa tekið af alla sjálfsmenntun fyrri alda. En töluvert af þessum skólum okkar, bæði barnaskólar og menntaskólinn í Rvík, eru ekki að öllu leyti heppilegir til að auka fjör og þekkingu manna. Það var rangt hjá hv. 1. þm. N.-M., þegar hann vék inn á það að fella niður íþróttakennslu í háskólanum, af því að sæmilega væri séð fyrir þessum hlutum í öðrum skólum. En nú er langt frá að svo sé. Ef við tökum til dæmis skóla hér í bænum, svo sem barnaskólana og menntaskólann, þá hafa þeir haft mjög léleg íþróttahús, þar til núna nýlega, að einn duglegur íþróttakennari kom upp góðu húsi, sem barnaskólar bæjarins hafa aðgang að. Menntaskólinn hefur líka lítið og gamalt hús til íþróttaiðkana, og má það heita ónothæft. Þess vegna er það, að þegar það er tekið saman, að okkar skólar eru mjög einhliða og vanrækja líkamsuppeldið mikið, sumpart af fátækt og sumpart af hirðuleysi, verður niðurstaðan sú, að nemendur hafa lítið annað eftir en leiðinlegar endurminningar um 7 ára barnaskólanám, lítið skemmtilegri endurminningar um 6 ár í menntaskólanum, að viðbættum 7 árum í háskólanum. Enda segir rektor, að lærisveinarnir í háskólanum vilji ekki sinna íþróttum, jafnvel þó að hann hafi boðizt til að borga fyrir þá. Þeir eru heldur ekki undir það búnir. Þeirra uppeldi er mótað á annan veg, en það þýðir það sama og vera minna mótaður í dugnaðaráttina. Ég hef hér nærtækt dæmi, sem ég held, að ekki sé gott fyrir hv. nefndarmeirihl. að komast undan. Okkar núverandi forsrh., sem er mjög þróttmikill íþróttamaður, er einn af þeim fáu stúdentum hér, sem komast í fremstu röð í íþróttum, og enginn vafi er á því, að hæstv. forsrh. er velviljaður Háskóla Íslands, þar sem hann hefur stundað nám. Þegar að því kom, að hann þurfti að velja mann í það embætti, sem hann hafði haft með höndum, prófaði hann 2 menn, sem ekki höfðu hans einkenni. Þeir höfðu ekki þá orku og það fjör, sem núverandi dómsmrh. áleit, að þyrfti að hafa í því sambandi. Hann hefur ekki sagt þetta, en óbeinlínis látið það í ljós með því að láta ungan íþróttamann taka við lögreglustjórastarfinu hér í bænum, þó að þessi maður væri ekki lögfræðingur. Nú er svo stuttur tími liðinn síðan hann tók við störfum, að ég skal ekki segja um, hvernig hann reynist, en röskur maður hygg ég, að hann sé, og ég geri mér miklar vonir um hans hæfileika. Hvernig finnst nú hv. aðalfrsm. að skilja beri þetta dæmi? Ekki er hægt að skilja það sem árás á núverandi lögregluráðherra. Hann er áreiðanlega velviljaður sinni stétt, eins og gerist um flesta menn, og þykir mikið í hana varið. Ég er viss um, að hann mundi vilja, eins og hann að vísu hefur sýnt með forgöngu sinni að íþróttalögunum, haga uppeldinu í landinu þannig, að æskan fengi betri undirstöðu til þess að láta fjör og þrótt koma fram í gerðum sínum. Þegar hæstv. forsrh. þurfti að fá mann til þeirrar stöðu, sem hann hafði sett metnað sinn í, reyndi hann að fá sem beztan og duglegastan mann, án tillits til þess, hvort hann væri lögfræðingur eða ekki.

Þá kem ég að því, sem ég álít undirstöðuvilluna á afstöðu hv. meiri hl. til þessa máls. Þeir skilja ekki, að það er ekki hægt að fá stór átök í iðnaði, verzlun eða útgerð, nema frá mönnum, sem eru hreystimenn, bæði andlega og líkamlega. Ég hef lesið það nýlega í amerískri hagfræði, að venjulega sé hægt að sjá, þegar maður heimsækir stór fyrirtæki í Ameríku, hver sé þar hinn leiðandi maður, á því hve hann sé föngulegur og hreystilegur og beri orkuna og þróttinn með sér. Ég held, að ómögulegt sé að neita því, að það er ekki bein tilviljun, að öll þessi miklu átök í verzlun Íslendinga síðan 1870 hafa verið framkvæmd af mönnum, sem ekki hafa langa skólagöngu að baki. Og úr því að menn með langa skólagöngu hafa ekki staðið framarlega í þeim málum, hlýtur orsökin að vera sú, að þeir hafa fengið skakkt uppeldi og orðið þreyttir á of löngu námi. En auðvitað eru margir af helztu mönnum landsins embættismenn, og þeir hafa heldur viljað ganga embættisleiðina heldur en þessa skapandi leið. Ef þetta er rétt, virðist það vera fásinna að hætta við að taka þessa sjálfmenntuðu menn í verzlunarstétt landsins, en leyfa þeim einum að fara þessa leið, sem eru stúdentar og foreldrarnir hafa kostað til margra ára menntaskólanáms, í því skyni að gera þá að „businessmönnum“. Ég býst við, að afleiðingin mundi verða sú, að alls staðar spryttu upp „businessmenn“ með svo takmarkaða hæfileika, að þeir gætu aldrei orðið annað en undirtyllur við ýmsar stofnanir, líkt og nú á sér stað með hagfræðingana íslenzku. Ég man ekki eftir neinum hagfræðing, sem hefur komizt í fremstu röð, heldur starfa þeir flestir sem undirtyllur við ýmis fyrirtæki bæjarins. Það er búið að þjaka þeim með of löngu námi og svipta þá möguleikanum til að þroska þá orku, sem nauðsynleg er til forystu.

Þegar svo viðskiptaháskólinn verður settur sem deild inn í Háskóla Íslands og ákveðið verður fast skipulag fyrir hann, verður að miða við þá reynslu, sem við höfum fengið í þessum efnum.

Nú finnst mér það mjög undarlegt, þar sem

Sjálfstfl. er ekki aðeins flokkur allra stétta, heldur sérstaklega verzlunarstéttarinnar, sem fylgir honum trúlega, að þessum hv. frsm. Sjálfstfl. hér í deildinni hefur fundizt rétt að útiloka verzlunarstéttina frá þeim skóla, nema með því, að þeir leggi á sig mikið undirbúningsnám. Ég ímynda mér, að hv. frsm. átti sig ekki á því, að verzlunarmennirnir ala sig upp í starfinu við ýmiss konar verzlunarstörf, á meðan þeir eru ungir og geta því ekki stundað langa skólagöngu.

Ég álít, að hér komi ekki til greina sá atvinnuklofningur, sem er á milli kaupmanna og samvinnumanna, því að um þau atriði geta þeir verið sammála. Það er staðreynd, að samvinnufélögin hafa enn helming verzlunarinnar, og þetta mun ekki breytast stórvægilega. Þess vegna má heita furðulegt hjá hv. frsm., að hann skuli gera beina árás á þá stétt, sem hann telur sér skylt að verja.

Það lítur út fyrir, að hv. 1. þm. N.-M. sé ekki nærstaddur, svo ég verð að gera mínar aths. án hans. Ég býst við, að honum finnist, að með sinni seinni till. komi hann til móts við okkur, sem álítum, að ekki sé rétt að útiloka frá viðskiptanámi sjálfmenntaða menn. Ég efast um, að hv. 1. þm. N.-M. viti, að þegar menntaskólapiltar komu í haust suður í háskólann, þá neitaði rektor háskólans þeim að ganga inn um aðaldyr skólans, og urðu þeir að fara inn um bakdyr til að komast upp á loft.

Hvað liggur nú í þessu? Liggur í því ákaflega mikið traust á því, að þessir nemendur séu mikil og góð mannsefni? — Nú eru þeir það margir.

En það var ekki einungis þetta atriði. Í fyrra vetur, þegar þessi ágæti rektor háskólans var að biðja um framlengingu á happdrættisleyfinu, þá hafði hann brugðizt þeirri skyldu sinni að útbúa kennarastofur, en vísað upp á efsta loft, að þar væri pláss fyrir þær, en þó að hér væri um fullorðna menn að ræða, þá máttu þeir ekki heldur ganga inn um aðaldyrnar.

Nú var það hv. 1. þm. Rang., sem tók málstað Alexanders hér í hv. Nd., og lét gera yfirlýsingu um það, að fallið yrði frá þessari óvirðingu við kennara og þeim yrði leyft, ekki aðeins að ganga inn um aðaldyr skólans, heldur fengju þeir einnig stofur á aðalhæðinni til umráða.

Fyrir 30 árum kynnti ég mér barnaskóla, bæði í Þýzkalandi og Englandi, og ég man eftir því, hvað börnin gengu fallega út. Í Þýzkalandi í þrísettum röðum, eins og hermenn, og í Englandi í einsettri röð eftir músik með mjög skemmtilegum hreyfingum, og maður sá engar skemmdir. Og þetta mun sennilega hafa tekið meiri bótum síðan.

Ég er viss um, að ef það er rétt, að börnin hér í Reykjavík séu verri en börnin í stórlöndunum voru fyrir 30 árum síðan, þá er meira en lítið athugavert við það fyrirkomulag, sem hér er haft á þessu. En ef börnin í Reykjavík, sem fara í menntaskólann frá 13—18 ára aldri, ef þau eru ekki hafandi, nema með því að ganga inn um bakdyr, þá er ekki ástæða til þess að veita þeim yfirburðaréttindi í þjóðfélaginu. Ef till. hv. 1. þm. N.-M. verður samþ., þá tel ég, að hugsunarháttur Jóns Sigurðssonar sé ekki kominn í skólann og búinn að útrýma hugsunarhætti Alexanders Jóhannessonar.

Ég þarf svo ekki að sinni að snúa máli mínu meira að hv. 1. þm. N.-M., vildi aðeins bregða þessu upp fyrir honum, og kem ég nú að niðurlagi máls míns um þetta efni.

Ástæðan til þess, að þetta mál vakti töluverða eftirtekt, er, að menn fundu, að hér er í raun og veru um stefnumál að ræða. — Það skiptir ákaflega litlu máli í þessu efni, hvort fáeinum piltum í viðskiptaháskólanum er kennt í þessu eða hinu húsinu, en það, sem gerir það að verkum, að menn fylgjast með þessu máli, er, að hér eru átök um það, hvort sá andi, sem frelsishetjur okkar um 1840 byggðu á nýtt líf á Íslandi, hvort hann sigrar, eða hvort á að vera andlegur kotungsskapur, sem illa menntaðir menn halda fram, samhliða hugsjónum þess manns, sem lagði hinn stóra og víða grundvöll. Það er sama, á hvaða hlið litið er, það ber allt að sama brunni. Það er þá fyrst og fremst, hvort háskólinn og verzlunarmannafélagið geti átt samleið. Að því leyti er brtt. hv. 1. þm. N.-M. á sandi byggð, því að þótt hún verði samþykkt, þá getur enginn sagt um, hvort háskólinn sættir sig við þetta eða misnoti það ekki, þannig, að hann kæmi fram með ósanngirni við þá menn, sem þurfa að taka sérstakt inntökupróf. Það getur einnig vel verið, og mér þykir það trúlegt, að háskólinn vilji miklu heldur vera út af fyrir sig, en ekki vera að fá viðskiptaháskólann inn í. — En verði þessu skipulagi breytt, þá er sjálfsagt að gera það meðan mannfélagið vill það. En það er engum til bóta að þrýsta inn á þá mönnum, sem svo yrðu látnir sitja í öskustónni.

Það er ólíklegt, að upp úr þeim jarðvegi kæmi sá þroski, sem ætlazt er til hjá þeim mönnum, sem þetta hafa undirbúið.

Yfirleitt er viðskiptanám alveg aðskilið frá öðru námi í flestum löndum, eins og t. d. verkfræðinám. — T. d. er aðalviðskiptaháskóli Noregs í Bergen, og Kaupmannahafnarháskólinn er laus við viðskiptaháskóla.

Það lítur út fyrir, að þetta hafi farið fram hjá forgangsmönnum málsins, og ég hygg, að það sé vegna þess, að þeir hafa ekki vitað um þetta.

Mér finnst, að meðnefndarmenn mínir í menntmn. og aðrir hv. deildarmenn, þeir líti á þessa umr. eins og lítilfjörlega byrjun á miklu stærra máli, og hvernig það fer, skiptir engu verulegu í þessu efni. Átökin verða um þetta, hvort í framtíðinni eigi að meta menn hér á landi eftir þeirra verkum og eftir því, hvernig þeir standa sig, eða eftir vissum ytri titlum. —

Ég held, að sá skoðunarháttur, sem dæmir Alexander Jóhannesson, með sinn þýzka doktorstitil og íslenzku prófessorsnafnbótina, meiri mann en Jón Sigurðsson, sem ekki hafði embættispróf, og Jónas Hallgrímsson, sem ekki hafði heldur embættispróf, hann sé ekki byggður á heilbrigðum grundvelli. Ef mat manna fer eftir því, að t. d. Alexander Jóhannesson, með þessa titla sína, sé skipaður hærra en hinir mennirnir, sem háskólinn hefur sérstaklega

heiðrað, þá verð ég að segja, að það er nokkuð út af fyrir sig, en ef um er að ræða menn eins og t. d. Alexander Jóhannesson, sem í raun og veru er lítils metinn, þrátt fyrir þessa titla, þá er ekki til batnaðar fyrir háskólann að leggja á þessi innantómu orð, því að þá eru þeir komnir út í það, að fjöldinn allur af háskólamönnum eru undirtyllur með lágum launum og litlum trúnaði.

Það eru menn eins og einmitt Emil Nielsen, sem með sínum dugnaði skapa sér traust og tiltrúnað án tillits til þess, hvernig þeir hafa fengið álit sitt. — Þess vegna álít ég, að það sé mikils vert fyrir málið og þjóðina, að tekin sé sú dagskrá, sem ég flutti fram og flutt var af hv. þm. V.-Húnv. í Nd., því að það er eftir að velta því fyrir sér, hvernig þessi mál koma fyrir, og ég veit, að það líður að minnsta kosti eitt ár, án þess að menn geri ráðstafanir, sem þeir svo síðan sjá eftir að hafa verið of fljótir með.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég þarf ekki mikið að svara þessari löngu og ýtarlegu ræðu hv. frsm. minni hl. Hann talaði um það, að mínar till. hefðu tekið miklum breytingum til bóta frá því á dögunum. Þetta er að sjálfsögðu alveg rétt.

Prófessor Alexander Jóhannesson, sem hann gerði að miklu umtalsefni, var skipaður dósent árið 1925, en prófessor árið 1930. (**JJ:** Hann varð það skv. lögum). Mér skildist, að hv. þm. S.-Þ. hafi breytt dálítið um skoðun frá því að hann sem kennslumálaráðh. lét Alexander verða prófessor, og að hann hafi þurft til þess lengri tíma en ég að breyta till. mínum. (**JJ:** Þetta er vitleysa. Maðurinn var prófessor eftir lögum. Menn verða prófessorar á 6 árum hér á landi, ef þeir eru dósentar áður, en það virðist hv. þm. ekki vita). Ég ætla svo ekki að fara meira út í það.

Hvað snertir kostnaðinn, sem hann talaði mikið um að mundi aukast mjög, þá skal ég ekki leggja dóm á það, en ég hélt, að yfirleitt það fé, sem háskólinn notar, í hvað svo sem það er, það væri veitt í fjárl. Ég held líka, að Alþingi hafi yfirleitt gert mikið að því að fara yfir til fjvn. Þess vegna skildist mér, að fjvn., sem hv. þm. S.-Þ. á sæti í, hafi það í hendi sér, hvað háskólanum er ætlað í þetta og hitt.

Það má vel vera, að fjvn. hafi ekki getað gengið eins langt og hún vildi, og það kann að vera, að það sé af því, að fjvn. er farin að draga ýmis útgjöld þingsins út úr þinginu, með því að leyfa mönnum ekki að sjá, hvernig útgjöldin eru, en slengja þeim saman í einstaka liði. Það er ekki enn farið að gera það með skólamálin, en í ýmsum öðrum málum, og hver veit, nær fjárveitinganefnd býr til fjárlagalið, sem heitir „til skólamála“, og setur þar undir eitt héraðsskóla, barnaskóla og háskólann.

Ég ber það traust til Alþingis, þó að því hafi mistekizt að ganga frá fjárveitingu að þessu sinni, að þá munu þm. í framtíðinni gæta hófs í fjárveitingum sínum, bæði til háskólans og viðskiptadeildarinnar og til hvers annars, sem er.

Það getur vel verið, að þm. geti fundið upp hitt og annað til að veita fé til í bili, sem ekki er forsvaranlegt samanborið við annað, en ég held, að það gangi aldrei til lengdar. Þess vegna er ég ekkert hræddur um, að fjvn. verði svo útausandi til háskólans, að nein sérstök hætta sé hvað þetta snertir.

Þá minntist ræðumaður á það, að margir á þessu landi, bæði fyrr og síðar, hafi orðið sjálfmenntaðir. Ég vissi ekki almennilega, hvernig ég átti að skilja það. Hvort ég hefði átt að skilja það þannig, að það hafi aldrei þurft að stofna háskólann. Að hann væri bara til bölvunar. Að þeir, sem færu í hann, þeir yrðu verri eftir en áður. Ég vissi þetta ekki. Kannske Jóhann Jósefsson hefði versnað við háskólamenntun? Og sé það trú ræðumanns, að menntun í skólum sé óþörf, hví barðist hann þá með mér og öðrum fyrir stofnun héraðsskólanna og húsmæðraskólanna?

Ég skil frsm. minni hl. svo, að aðalatriðin fyrir honum væru tvö. Það væru svo lélegir menn, sem kenndu í háskólanum núna, að þeim væri ekki trúandi fyrir kennslu.

Hv. frsm. minni hl. talaði einnig um verkfræðingadeild, sem verið væri að stofna og yrði mjög dýr. Hvaðan hefur hún fengið fé? (**JJ:** Ekki einn eyri frá Alþingi). Er það þá bara ríkisstj. á bak við Alþingi? Ég veit það ekki, en fjvn. hefur ekki minnzt á það, og að því er mér er kunnugt, þá hefur það hvergi komið fram. Ef það er rétt, þá finnst mér, að fjvn. hafi átt að gæta hófs í þessu, og þegar henni þykir of langt gengið, þá er það einmitt hennar að grípa fram í og koma með sínar till. og leggja þær fyrir þingið.

Hins vegar skildist mér, að hann væri sammála mér í því, að viðskiptadeildin, hvort sem hún yrði í háskólanum eða annars staðar, yrði opin öðrum en stúdentum, og því geri ég ráð fyrir, að hann fallist á mína till. — En mér skildist hann bera kvíðboga fyrir því, að engir aðrir geti kennt þar en fastir dósentar og prófessorar. En háskólinn getur líka notið góðra manna, sem ekki eru dósentar eða prof., því að ég hygg, að það sé rétt, að Alexander Jóhannesson hafi, áður en hann varð dósent, haft sérstök laun fyrir kennslu í háskólanum.

Mig minnir líka, að það hafi verið tekin upp 2 þús. kr. fjárveiting sem styrkur til manna, sem hvorki eru dósentar né prófessorar, fyrir að flytja þar erindi fyrir guðfræðinga. Ég held, að það standi líka svipað á með dr. Símon Jóh. Ágústsson, að honum sé ætlað sérstakt fé til að kenna þar.

Það er að sjálfsögðu hægt að koma svipuðu fyrirkomulagi á með ýmislegt fleira, bæði gegnum Alþingi og ef til vill líka gegnum ríkisstj., ef svo er, að hún veitir fé til háskólans á bak við Alþingi, en ég vænti þess, að ég fái upplýsingar um það. Forsrh. lýsti yfir því við 1. umr. þessa máls, að háskólinn heyrði undir sig, en ekki viðskiptaháskólinn, og hann heyrði ekki heldur undir viðskiptamálaráðh. Mér er ekki ljóst, undir hvað hann heyrir, þegar enginn ráðh. vill kannast við, að hann sé yfirmaður skólans.

Ég álít, að það sé sjálfsagt fyrir framtíðina

að hafa skóla, sem geti veitt sem bezta sérmenntun í viðskiptafræðum, og að með þessum skóla hafi verið stigið spor í rétta átt hvað markmiðið snertir, þó að aðra leið hefði átt að fara og sjálfsagt sé að setja þessa deild sem einn lið í háskólann. Og sjálfsagt er, að menn komist þar inn, þó að þeir hafi ekki stúdentspróf, ef þeir að öllu leyti fullnægja þeim kröfum, sem inntökuprófinu fylgja. Þess vegna álít ég, að eigi að samþ. þá brtt., sem ég legg hér fram, ekki vegna þeirra pilta, sem nú hafa verið í viðskiptaháskólanum, sem allir eru stúdentar, heldur vegna framtíðarinnar. Ég tel, að skapa eigi möguleika fyrir aðra en stúdenta til þess að komast inn í þessa deild, og ekki aðeins þessa deild, heldur álít ég, að trúhneigðir menn, sem ekki eru stúdentar, eigi að hafa rétt til þess að ganga inn í prestaskólann og þá náttúrlega undir inntökupróf. Og þær breyt. geta komið seinna, þó að þær séu ekki gerðar nú.

*Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hv. 1. þm. N.-M. bætti nokkuð við sína fyrstu ræðu, og ætla ég að gera um það nokkrar athugasemdir.

Ég get vel skilið, að þessi hv. þm. hafi ekki munað eftir l., sem Héðinn Valdimarsson kom með frv. um á þing fyrir 1930, sem mæla svo fyrir, að þegar einn maður hefur verið dósent í sex ár við Háskóla Íslands, verður hann prófessor. Og leiðréttist þetta hér með.

Þá kennir hv. þm. fjvn. um það, ef ógætilega er eytt peningum hjá háskólanum. Hv. þm. virðist ekki vita, að til sé nokkuð, sem heitir fjáraukal. Eins og ég hef upplýst í mínu nál., veitir ríkisstj. háskólanum nokkra fjárhæð án þess að bera það undir þingið til þess að halda uppi kennslu í hagfræði, á sama hátt og þingið veitir nokkurn námsstyrk til stúdenta, sem samkvæmt l. fá 1200.00 kr. styrk til útlanda. Og mér finnst, að hv. þm. ætti að vita, að svona fjárhæðir veitast hjá öllum ríkisstj.

Ef við tökum þá tvo ráðh., sem bezt hafa kunnað að fara með ríkiskassann, þá Jón Þorláksson og Eystein Jónsson, þá hefur það alltaf verið svo hjá þeim, að það hefur ekki aðeins skipt hundruðum þúsunda, heldur millj. kr., hjá hvorum þessara manna, sem útgjöld ríkisins fóru fram yfir þá fjárveitingu, sem ætluð var á fjárlögum. Það er þess vegna leiðinleg vantrekking hjá hv. 1. þm. N.-M., þegar hann býst við, að fjvn. geti gripið inn í það, sem gert er á þennan hátt. Fjvn. er engin yfirstjórn. Og það er því ekki hennar að meta það, hvort ríkisstj. hafi á réttu að standa. Það er ákaflega merkilegt, að hv. þm., því hann er enn þá með þeim titli, skuli vera svona ákaflega montinn af sinni frammistöðu í skólamálum. Ég held, að hann hljóti að lenda í alveg sérstökum vandræðum með sjálfan sig, þegar þessu þingi lýkur, er hann er dæmdur til þess, samkvæmt hans skoðun, að hverfa úr þinginu. Við höfum, eftir því sem hann segir, kosið okkur sjálfir. Þeir af okkur, sem lifa, munu halda áfram þingstörfum framvegis eins og ekkert hafi í skorizt, og erum við ekki í neinni mótsögn við sjálfa okkur. En þessi hv. þm., sem hefur álitið, að við værum ólöglegir, getur ekki annað en dregið sig út úr þessum skarkala, vegna þess að hann hlýtur að fyllast viðbjóði af að vera með okkur, sem í hans augum erum óleyfilegir og ólöglegir. Og ég sé ekki annað en hann megi tala með sárum trega um framtíðina, þegar hans gamla umboð hverfur.

Hv. þm. sagði, að það væri mótsögn í því, sem ég hefði bent á með dæmum um sjálfmenntaða menn í verzlunarstéttinni, því honum fannst ég vilja meina með því, að tilgangslaust og skakkt væri að hafa nokkurn viðskiptaháskóla. En hv. þm. ætti að geta skilið það, að úr því að ég var í þeirri n., sem átti þátt í því, að þessi tilraun var gerð, þá mundi ég vera fylgjandi málinu. Og þetta kom líka glögglega fram í ræðu minni, að það væri hinn mesti gróði fyrir okkur, að til væri þungur skóli með þungu inntökuprófi, þar sem duglegir menn gætu fengið mikla þekkingu á stuttum tíma og gjarnan stundað sína atvinnu fyrir því. Ég álít t. d., að piltar, sem væru starfandi við verzlun hjá kaupmönnum eða kaupfélögum, mundu, ef þeir væru sæmilega röskir, læra í raun og veru meira heldur en þarf til stúdentsprófs. Þess vegna er það allt annað, þegar heimtað er af mönnum t. d. 12 ára nám, sem í raun og veru verður beinlínis, þegar heimtuð er stúdentsmenntun. Það er þess vegna af því, að hv. 1. þm. N.-M. hefur ekki viljað skilja þetta mál, að hann hefur ekki séð, að einmitt skólinn, eins og hann er stofnaður, er alveg að þessu leyti miðaður við kröfur lífsins sjálfs.

Þá talaði hv. þm. um það, að það væri alveg óþarfi að hafa nokkurt framhaldsnám, menn gætu orðið ágætir án þess. En einmitt brtt. hans eru svo tilfinnanlega gallaðar, að þær koma ekki til greina, því með þeim er liðsauki í þeim ófriði, sem dr. Alexander hefur komið á stað. Vill hv. þm., að allir stúdentar komist að skólanum og aðrir menn að auki?

Sumir stúdentar eru duglegir menn, sumir lélegir menn, en það skiptir ekki svo miklu fyrir dr. Alexander, hann vill fjölga deildum háskólans til þess að geta tekið á móti sem flestum stúdentum. Hann vill eins konar atvinnubót með þessu.

Það, sem þarf í þessu máli, og það, sem einmitt hefur verið gert ráð fyrir í því uppkasti reglugerðar, sem hér liggur fyrir, er nýtt inntökupróf í þennan viðskiptaháskóla, sem er að nokkru leyti léttara en stúdentspróf og að nokkru leyti þyngra próf, þannig að þeir, sem búnir eru að stunda verzlunarstörf, standa betur að vígi, og svo er einnig í reglugerðinni gert ráð fyrir miklu meiri þekkingu í íslenzkum bókmenntum heldur en stúdentar yfirleitt hafa. Í stuttu máli, það eru allt aðrar kröfur en við stúdentspróf.

Það, sem verkfallspiltarnir settu fyrir sig var, að ef viðskiptaháskólinn verður ekki innlimaður í Háskóla Íslands, yrði hann svo lélegur og prófið svo lítils virði, að þeir yrðu dregnir niður af mönnum, sem koma seinna, og séu minni menn fyrir sér. En svo er ekki samræmi í þessu hjá þeim. Því að þegar þessir sömu piltar vissu, að prófið ætti að verða þyngra heldur en meðalstúdentspróf, þá settu þeir það

líka fyrir sig, því að þeir treystu sér þá ekki til að bæta því við sig, sem þyrfti fyrir það próf.

Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að viðskiptaháskólinn heyrði ekki undir neinn sérstakan ráðh. og þess vegna væri það mjög erfitt fyrir þá, sem þar væru. Ég vildi þá spyrja hv. þm., undir hvern heyrir brezka stjórnarskráin. Hún heyrir ekki undir neinn. Samt lifir eftir henni stærsta veldi heimsins. Ég efast um, að það geri Bretaveldi til á neinn hátt, þó að enginn sérstakur ráðh. hafi skrifað undir stjórnarskrána. Og ef þetta veldi getur staðizt á þennan hátt, þá býst ég við, að eins lítið fyrirtæki og slíkur skóli, sem viðskiptaháskólinn er, geti það.

Þó að þessir verkfallspiltar taki ekki próf, þá býst ég við, að þeir af þeim, sem dugnaður er í, fái eitthvað að gera, og það verður þeirra lífsins próf, sem gildir fyrir þá.

Annars býst ég við, að hægt verði að fá einhvern ráðh. til þess að skrifa undir reglugerð skólans, þegar skólinn losnar við áganginn frá dr. Alexander.

Það er leiðinlegt, að hv. 1. þm. N.-M. veit ekki, hvernig stendur á um Björn Guðfinnsson. Hann er settur dósent við háskólann til þess að kenna það, sem dr. Alexander getur ekki kennt, og til þess að bæta upp þær eyður í dagsverki þess manns, sem hefur sent þennan ófrið inn á Alþ. með framferði sínu. Og af því að ég býst við, að hv. 1. þm. N.-M. hafi borið sig saman við rektor háskólans í fleiru undanfarið, ætti hann að vita þetta.

Ég hafði beint nokkrum fyrirspurnum til meðnm. minna, og kom það í ljós, að þeir höfðu ekki mikinn áhuga fyrir málinu né heldur þekkingu. Og skoða ég það sem æskilegan hlut, ef þeir gefast upp í umr. og með því að sýna opinberlega það, sem kom fram á nefndarfundunum, að þeir vita ekkert um málið og eru því algerlega ókunnugir.

Þegar kemur að atkvgr., mun ég mæla með því, að allar till. hv. 1. þm. N.-M. verði felldar og síðan samþ. dagskrá sú, sem ég hef tekið upp eftir hv. þm. V.-Húnv. Og ef hún skyldi falla, þá sé greitt atkv. á móti frv. til þess að sýna, að einhverjir séu a. m. k. til innan þessara þingsala, sem ekki kunna við, að menn eins og dr. Alexander séu með ófrið og verkföll á móti Alþ. Það getur verið, að hv. 1. þm. N.-M. og frsm. meiri hl. kunni við það. Annars er það sama, hvort dagskráin verður felld, því að það verður þá háð barátta um þetta á næstu missirum. Það er þess vegna enginn fengur, þó að frv. verði samþ., því að þá byrjar baráttan um að rífa niður þær meinlokur, sem með samþ. frv. yrðu að l., og laga háskólann á miklu fleiri sviðum, og það bíður reyndar líka næstu mánaða og missira fyrir því.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 646, frá minni hl. menntmn., felld með 8:7 atkv.

Brtt. 645,1 felld með 8:3 atkv.

— 645,2 tekin aftur.

— 693 tekin aftur.

— 645,3—4 teknar aftur af flm., en teknar upp af 1. landsk. þm.

1. gr. samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PZ, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ,

nei: HermJ, IngP, JJós, JJ, PHerm, BSt, EÁrna.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Í von um það, að næsta Alþ. beri gæfu til að breyta þessum l. í rétt horf, þó að þau nú verði samþ. sem óskapnaður, þá segi ég já.

Brtt. 645,3 felld með 8:2 atkv.

2. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PZ, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSn, ErlÞ, MG.

nei: BSt, BrB, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.

PHerm, JJós greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði svo látandi grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Í trausti þess, að sú heimild um takmörkun nemenda í læknadeild, sem veitt er í þessari gr., verði ekki notuð, segi ég já. (**Forseti:** Það er aldrei hægt að treysta neinu.)

Brtt. 645,4 tekin aftur.

3.—4. gr. samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PZ, SÁÓ, ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ.

nei: IngP, JJós, JJ, PHerm, BSt, HermJ, EÁrna.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:6 atkv.

Á 76. fundi í Ed., 12. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.

***Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson):** Þetta mál hefur verið rætt allýtarlega við 2. umr., og ég get verið þakklátur á margan hátt mínum kæru meðnm., vegna þess að það kom í ljós, að þeir sannfærðust af þeim rökum, sem ég kom fram með, um að þetta frv. væri nú ekki ætlað til lífs. En alveg sérstaklega finnst mér hafa verið heppilegt, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði við síðustu umr., því að hann, sem annars hefur reynt að laga frv. frá sínu sjónarmiði, komst þannig að orði, að þetta frv. væri óskapnaður, sem alls ekki mætti lifa lengur og verða starfsskrá fyrir mannfélagið. Ég get ekki annað en tekið undir með hv. sessunaut mínum um það, að þetta sé rétt, og mín afstaða hefur algerlega byggzt á því, að þetta frv. hafi verið þannig, sem hann lýsir. Þessi hv. þm. reyndi fyrst að bæta það með því að leggja til að fella niður 75% af efni þess. Og þegar hann sá, að það dugði ekki, lagði hann til að umbreyta þeim 25%, sem voru eftir. Og þegar það var ekki samþ., þá komst hann að þessari niðurstöðu, og ég hygg hún sé algerlega rétt.

Ég þykist vita, að hæstv. forseti muni ljúka umr. nú, en láta atkvgr. fara fram, þegar allir eru viðstaddir, sem hér eiga sæti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Ed., 13. júní, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Ed., 16. júní, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ, MG, MJ, PZ.

nei: ÞÞ, BSt, HermJ, IngP, JJós, JJ, EÁrna.

1 þm. (PHerm) fjarstaddur.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Þorsteinn Þorsteinsson: Þar sem Alþingi hefur nú samþ. milliþinganefnd, er athugi skólamál vor og geri tillögur um þau og þar á meðal þetta mál, sem frv. þetta fjallar um, og ég treysti því, að kennslumálaráðuneytið muni leggja fyrir næsta Alþingi frv. um þau atriði, sem frv. fjallar um, en ég ekki alls kostar ánægður með frv. og tel ekki bráða nauðsyn að samþ. það, þá segi ég nei.

Brynjólfur Bjarnason: Þar sem háskólaráð hefur á fundi sínum 11. júní samþ. eftirfarandi ályktun:

„Háskólaráð lýsir því yfir, að enda þótt fari svo, að frv. það til breyt. á háskólalögunum, sem nú liggur fyrir Alþingi, verði að lögum, þá skuli heimildin til þess að takmarka aðgang stúdenta að háskólanum ekki verða notuð næsta háskólaár," og þar sem ég hef nokkra ástæðu til að vona, að þessi takmörkun verði numin úr l. á næsta þingi, þá segi ég já.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Í því formi, sem frv. er, og á þessu stigi greiði ég atkv. gegn því og segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 774).

---

85. Stríðstryggingafélag skipshafna.

Á 64. fundi í Ed., 20. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna (þmfrv., A. 568).

Á 65. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti! Þetta mál er flutt af meiri hl. sjútvn. þessarar hv. d., og er það gert í samráði við hæstv. félmrh.

Það er mjög nauðsynlegt að koma breyt. á þessi l., sem hér ræðir um, og er það vegna þess, að ákvæði l. nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, virðast ætla að verða nokkuð erfið í framkvæmdinni og það sennilega þungbærari heldur en menn hafa gert ráð fyrir, þegar l. voru sett, að því er snertir vélbátaflotann. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa hér nokkuð upp úr álitsgerð Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem er send Alþ. og dagsett 18. maí 1941 og hljóðar þannig:

„Í 1. gr. laga nr. 37 frá 12. febrúar 1940 er svo fyrir mælt, að „stofna skuli stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenzkum skipum, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Jafnframt er í sömu grein gert ráð fyrir því, að trygging samkv. l. nái einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að til spyrjist, hversu týnzt hafi.

Grundvöllur l. mun byggzt hafa á hættu þeirri, sem steðjaði að íslenzkum skipum, er sigldu milli landa, og þegar talað er í 1. gr. l. um „skip", sem slíka tryggingu þurfa að kaupa, mun átt við þau íslenzku kaupför og fiskiskip, sem voru og mundu verða í förum milli landa.

Tryggingarupphæðin er síðan ákveðin í l. nr. 66 frá 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna, c-lið 3. gr., og mun hún verða ca. 20000 kr. á hvern skipverja, skv. upplýsingum frá forstjóra Sjóvátryggingarfélags Íslands.

Síðar er svo gefin út reglugerð, sem staðfest er skv. fyrrgreindum l., og í 3. gr. þeirrar reglugerðar er ákveðið, að tryggja beri skv. fyrrgreindum lögum skipverja á öllum íslenzkum skipum, stærri en 12 smálestir, sem stunda fiskiveiðar eða hvers konar flutninga við strendur landsins, og í 8. gr. sömu reglug. ákveðið, að stjórn stríðstryggingafélagsins ákveði iðgjöldin af tryggingarupphæðinni fyrir hverja ferð skipanna, eða um óákveðinn tíma, eftir áhættunni á hverjum tíma.

Á hinum alvarlegu tímum, sem að oss steðja og valda hinni auknu hættu á siglingaleið skipa vorra, verður ekki um nauðsyn slíkrar lagasetningar, sem hér um ræðir, deilt. En þar sem sýnilegt er af efni og anda l., að þau eru fyrst og fremst til orðin vegna hættunnar á millilandasiglingum, vaknar sú spurning, hvort ekki sé gengið mikils til of langt í ákvæðum 3. gr. fyrrnefndrar reglug., sem lætur tryggingarskylduna ná til allra skipa, sem eru yfir 12 smálestir og stunda veiðar og eru í förum við strendur landsins.

Þegar ákvæði 3. gr. reglug. eru athuguð í sambandi við 3. málgr. 1. gr. l., nr. 37 frá 1940, kemur í ljós, að skip, sem farast hér við strendur landsins, eru talin farast af stríðsvöldum, ef ekki til þeirra spyrst eða annað reynist augljóst, og leiðir þetta sýnilega til þess, að stríðstryggingafélaginu er nauðugur einn kostur að taka verulega há iðgjöld af tryggingarupphæðinni, til að geta staðizt ófyrirsjáanlegt tjón. Nú er hins vegar vist, og gildir það einkum um smærri vélbáta og fiskiskip, sem stunda veiðar grunnt undan ströndum landsins, að þau eru í tiltölulega mjög lítilli ófriðarhættu, og því t. d. mjög óeðlilegt að ætla slys af stríðsvöldum, ef fiskibátur hverfur í óveðri án þess að til hans spyrjist, heldur allar líkur til að ætla, að um venjulegan sjóskaða sé að ræða.

En á þetta er minnzt hér til að leitast við að

sýna fram á, hve ákvæði fyrrgreindra l. eiga illa við um skip, sem eingöngu stunda veiðar eða eru í förum við strendur landsins, og fjarstætt að leggja útgerðarmönnum á herðar gífurlegar iðgjaldagreiðslur af stríðstryggingum skipshafna, þegar þannig háttar.

Það má t. d. taka það dæmi, að í ofviðrinu mikla, sem geisaði í vetur, og mestu sjótjónin urðu hér í Reykjavík, Keflavík og víðar, báta og skip rak á land og brotnuðu, fórst vélbáturinn Hjörtur Pétursson, og spurðist ekkert til hans. Menn voru ekki í nokkrum vafa um það, að ofviðrið hafði orsakað hið sorglega slys, en samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra l. og reglug. verður vafalaust litið á atvik þetta sem af stríðsvöldum væri.

Eins og brýna nauðsyn bar til að setja hin fyrrgreindu l. einmitt á þeim grundvelli, sem á hefur verið drepið hér að framan, þ. e. með tilliti til millilandasiglinga, eins er nauðsynlegt að sporna fæti við því, að ákvæði þeirra leggi hlutaðeigendum þung fjárútlát á herðar og gangi langt fram yfir það, sem eðlilegt er og öll sanngirni mælir með.

Vér álítum, að með ákvæðum 3. gr. fyrrnefndrar reglug. sé upphaflega grundvelli fyrir stríðstryggingalöggjöfinni varpað á glæ, en hinn nýi og breiði grundvöllur um stríðstryggingarskyldu skipshafna fari langt út fyrir þau takmörk, sem eðlileg eru.

Í þessu sambandi teljum vér rétt að minna á það, að nýlega er lokið samningum um stórkostlega auknar tryggingar skipverja á kaupskipaflotanum í millilandasiglingum og að félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hefur boðið stéttarfélögum sjómanna sams konar tryggingar á togurunum í millilandaferðum. Ef tryggingarupphæðin á skipverjum á fiskibátum og skipum hér við strendur landsins ætti að haldast í hendur við þessar tryggingar, sem verið hefur hingað til samkv. ákvæðum l., mundi algerlega fráleitt, að smærri útgerðarmenn og bátaeigendur gætu staðizt iðgjaldagreiðslurnar af slíkum tryggingum, eins og illmögulegt er fyrir þá að standast þau iðgjöld, sem þeim ber að greiða samkv. núgildandi ákvæðum.

Í samvinnu við fróðustu menn höfum vér sannreynt, að iðgjaldagreiðsla útvegsmanna og bátaeigenda smærri skipa muni vera um ca. 6000 kr. árl. af 12 smálesta báti, ca. 15—16 þús. kr. af 30 smál. fiskiskipi, sem einnig stundar síldveiðar eitt um nót, og því hærra sem skipin eru stærri, — og er þá miðað við, að skipin séu gerð út árlangt. Sjá allir, hvílík fjarstæða er hér á ferðum, sem eingöngu byggist á ákvæði 3. málsgr. 1. gr. l. nr. 37 frá 12. febr. 1940. Samsvarandi mundi svo fjarstæðan aukast, ef tryggingarupphæðin á smærri skipunum, sem eingöngu stunda veiðar eða eru í förum við strendur landsins, yrði hlutfallslega hækkuð við það, sem orðið er á kaupskipaflotanum.

Oss finnst öll rök mæla með því, að hér verði gerð breyting á hið allra bráðasta. Vér erum þess fullvissir, að slíkar kvaðir og skyldur á herðar útgerðarmönnum eru bæði óvinsælar og óbærilegar.

Vér teljum rétt, að haldið verði við hinn raunverulega og upphaflega grundvöll hinnar nauðsynlegu lagasetningar, sem hér um ræðir, og ákvæði l. séu miðuð við ferðir skipanna milli landa, en ekki þeirra, sem athafna sig og starfa í flóum og fjörðum landsins.

Jafnframt leyfum vér oss að láta hér með fylgja till. þær, sem stjórn stríðstryggingafélagsins hefur gert um breytingar á 1. gr. l. nr. 37 frá 1940, og teljum, að 3. liður þeirra tillagna sé spor í þá átt, að iðgjöldin af tryggingunum lækki, ef önnur aðferð þykir ekki vænleg.

Treystum vér hæstv. sjútvn. að beita sér fyrir breyt. í þessa átt, og þó einkum, að síðari hl. ákvæðis 3. gr. nefndrar reglug. verði felldur úr gildi, eða eigendum skipa og báta verði veitt frjálsræði í tryggingu skipshafna sinna, þegar skipin eru ekki í förum milli landa.

Virðingarfyllst
J. V. Hafstein

Til sjávarútvegsnefnda Alþingis, Reykjavík."

Þetta er frá Landssambandi útvegsmanna. Og við það má bæta því, að til einstakra hv. þm. og til hæstv. Alþ. streyma nú mótmæli frá ýmsum verstöðvum, og þau mjög sterk, gegn þessari tryggingarskyldu eða iðgjaldahæð. Er svo ríkt að orði komizt í sumum þessara skeyta, að það er sýnilegt, að menn velta því fyrir sér, hvort vert sé að halda áfram útgerð, ef ekki fæst lögun á þessu. Ég veit til þess, að það er von á ýtarlegri mótmælum um þessi atriði og líka áskorun um það að breyta hreint og beint grundvelli stríðstryggingal. í þá átt, að vélbátaflotinn myndi í tryggingunum heild út af fyrir sig, óháða hinum stærri skipum, og að samin verði löggjöf á þeim grundvelli, hvort sem það reynist fært eða ekki að koma því í framkvæmd. Þessi útreikningur, sem á er minnzt í bréfinu í þessu sambandi, hefur líka verið prófaður af öðrum. Og niðurstaðan er allajafna sú sama, sú, í stuttu máli sagt, að bátar, sem gerðir eru út árlangt, á vertíð sunnanlands, síldveiði norðanlands og svo haustvertíð, að frádregnum þeim tíma, sem sá bátur þarf að vera til nauðsynlegrar aðgerðar, svona bátur verður að inna af hendi um hálft 16. þús. kr. í stríðs- og aðrar mannatryggingar á ári. Ef svo, eins og kemur fram í bréfi Landssambandsins, þetta yrði fært fram samkv. þeim samningum, sem nú hafa verið gerðir um auknar tryggingar, þá gæti verið að ræða um miklu stærri upphæðir heldur en jafnvel þetta. En það er ekki þörf á að rekja það lengra, því að hálft 16. þús. kr. í tryggingar á ári í þessu skyni er svo þungur skattur á vélbátunum, að það er sýnilegt, að ákvæði l. setja þennan útveg í algerða sjálfheldu hvað þetta snertir, gera rekstur vélbátaflotans svo að segja ómögulegan.

Einnig ber á það að líta, að í þessu frv., sem meiri hl. sjútvn. Ed stendur að og hefur flutt í samráði við hæstv. félmrh., er gert ráð fyrir að lækka eða fella niður með öllu skaðabæturnar, ef líkur eru til þess, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum. Þetta er að mynda opna leiðina til þess, að litið yrði á það sem slys af styrjaldaraðgerðum, ef skip færist og ekki væri vitað um orsökina. En eins og l. er nú háttað,

þá hefur reynslan sýnt það, að tryggingarstofnunin treystist ekki annað en greiða að fullu bætur fyrir áhafnir vélbáta, sem týnzt hafa í ofviðri og öll líkindi eru til, að farizt hafi eingöngu vegna ofveðurs. Tryggingarstofnunin hefur sent hinu háa ráðuneyti fleiri brtt., en það náðist ekki samkomulag við hæstv. ráðh. nema um þær, sem hér er um að ræða. Hins vegar vil ég láta þá skoðun í ljós, að við meðferð málsins í þessari deild er líklegt, að komið verði með aðrar brtt. við þetta frv., sem eru nauðsynlegar til þess að lagfæra þessi l., að dómi stjórnar tryggingarstofnunarinnar. Ég býst við, að forstjóri Stríðstryggingafélagsins hafi beiðzt eftir því að eiga tal við sjútvn. á milli umr. Ef þá væri hægt að hafa tal af ríkisstj. samtímis og forstjórinn er hér, þá tel ég ekki ólíklegt, að samkomulag gæti orðið um að færa l. þessi í betra horf. Það er líka eitt atriði í þessu máli, sem ég vil benda á, að hér er numið staðar við báta, sem eru 12 smálestir að stærð, þó að þeir fylgi alveg sömu reglum og skip, sem eru í förum milli landa. Ef ófriðarhættan er svo rík fyrir 12 smálesta báta, hlýtur hún að vera sú sama fyrir þilfarsbáta, þó að þeir séu nokkru minni. Ég er þeirrar skoðunar, að þær umkvartanir, sem fram hafa komið, séu á rökum reistar. En ástæðan fyrir því, að þessar raddir úr verstöðvunum berast nú, en ekki fyrr, til Alþ. mun vera sú, að menn hafa ekki gert sér grein fyrir því, hvernig l. mundu verka, fyrr en nú, að lögreglustjórum landsins hefur verið falið að innheimta þessi iðgjöld. Nú er verið að taka þessi geysilega háu iðgjöld af útgerðinni, og mér er sagt, að þau eigi að verka aftur á bak, þannig að þau verði innheimt frá áramótum. Við þetta hafa menn rumskað í verstöðvunum, og þess vegna streyma nú mótmælin til þingsins, og sem viðurkenning á því, að þessi mótmæli séu á rökum reist, er þetta frv. fram borið.

Ég geri ráð fyrir því, að óþarfi sé að láta málið ganga aftur til n., þar sem það er flutt af meiri hl. sjútvn. Eins og ég minntist á áðan, er forstjóri tryggingarstofnunarinnar væntanlegur hingað til viðtals við n. milli 2. og 3. umr. málsins. En hvort sú lagfæring, sem hér á að gera á l., nær tilgangi sínum, veit ég ekki, en ef til vill upplýsist það við meðferð málsins í d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 24. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

*Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti! Ég vildi taka undir þá ósk hæstv. forseta, að þetta mál gæti gengið gegnum þessa umr. án verulegrar tafar.

Þegar ég í gær, f. h. meiri hl. sjútvn., bað hæstv. forseta um að taka málið þá út af dagskrá, var það vegna þess, að þá stóðu yfir fundir og a. n. l. samningar við hæstv. ríkisstj. um viðtækari breyt. bæði á þessum l. og l. um stríðstryggingu íslenzkra sjómanna, sem verið er að vinna að í hv. Nd. Við höfðum vonað, að það starf, sem vinna þurfti í þessum málum, mundi ganga þannig, að við hefðum brtt. tilbúnar á þessum fundi, og það eru þær að vísu, og málið er að því leyti til það lengra komið, að í staðinn fyrir meiri hl. sjútvn. stendur nú öll sjútvn. að breyt. á l., sem við höfum nú tilbúnar í handriti, en eigum eftir að bera þær undir samþykki hæstv. ríkisstj. Þessar brtt. skal ég ekki gera að umtalsefni við þetta tækifæri. En þær munu að öllu forfallalausu verða tilbúnar fyrir næsta fund í þessari hv. d. Og til þess að tefja ekki málið, er sjálfsagt réttast að láta það ganga svo sem er til 3. umr., og brtt. verða þá handbærar þegar þar að kemur.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Mér eru það nokkur vonbrigði, að hv. frsm. leggur áherzlu á, að málið skuli verða afgr. nú til 2. umr. án þess að breyt. séu á því gerðar. Ég hafði skilið n. svo, að málið yrði tekið nú af dagskrá og þannig frá undirbúningi gengið, að það gæti farið, svo að segja hljóðalaust, gegnum þessa hv. d. En hér er um tvö stór atriði að ræða, sem ekki er fengin lausn á. Ég teldi réttara, að sú lausn væri fengin áður en málið á að ganga gegnum 2. umr. í þessari hv. d. Ég hef gengið inn á brtt., en fylgi mitt við þær er þó háð vissum skilyrðum, sem ekki er búið að ná samþykki um. Ég held, að það tefði ekki málið of mikið, þó að það væri nú tekið af dagskrá, því að ég get lýst því yfir, að ég mun ekki hafa mörg orð um það, þegar það kemur til umr. Annars er málið mikið breytt. Og ég held, að bezta leiðin til samkomulags um það verði að taka það nú af dagskrá, því að ég óska eftir, að málið fari ekki í gegnum 2. umr. fyrr en það er útkljáð á hærri stöðum. Verði það ekki gert, er ég neyddur til þess að tala meira um málið.

*Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti! Ég verð, satt að segja, að segja það, að ég get ekki vel séð, hvaða munur er á því, hvort málinu er frestað við þessa umr. eða frestað að koma með brtt. þangað til við 3. umr. og málið látið ganga gegnum 2. umr. nú. En ég ætla alls ekki að gera þetta að neinu kappsmáli. Ég veit, að tíma þingsins er þannig háttað, að það er ekki gerandi leikur að því að etja neinu kappi um málið, sem getur orðið til trafala fyrir það. En mér virðist hv. 2. landsk. hafa á orði, að hann mundi í hegningarskyni, ef ég vildi ekki samþ. að taka málið af dagskrá nú, tala hér í málinu. Ég vildi, að svo komnu máli, til þess að forða málinu frá öllum slysum, samþ., að málið verði tekið af dagskrá nú. En það er einungis af þeim ástæðum, að því er hótað að tefja málið ella.

Forseti (EÁrna): Ég verð við þeim tilmælum hv. þm. Vestm. að taka málið af dagskrá, þó að mér sé heldur óljúft að tefja málið. Ég sé ekki annað en að það verði til þess eins að tefja málið að lofa því ekki að ganga gegnum þessa umr. nú.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Ed., 26. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 568, 639).

*Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti! Sú brtt., sem ég minntist á á laugardaginn, að væri í prentun, er nú fram komin, og stendur sjútvn. samhuga að henni. Þessi brtt. er á þskj. 639, og þar sem fram var komin önnur till. frá sömu n., sem gekk skemmra, er hún breyt. á þeirri till.

Svo er til ætlazt og eiginlega lofað af hæstv. ríkisstj., að í Nd. verði gerð breyt. á stríðstryggingu ísl. sjómanna, sem stendur í nánu sambandi við þá breyt., sem er farið fram á að gera á l. um Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna. Miðar þessi breyt. að því að gera Stríðstryggingafélaginu kleift að færa niður iðgjöld af vélbátaflotanum í bærilegt horf, frá því sem nú er, en allir telja, að með þeim sé bundinn óbærilegur baggi þessari útgerð, baggi, sem menn hafa sennilega ekki gert sér grein fyrir, hve þungur yrði, þegar sú heimild var sett að láta stríðstryggingar ná til allra fiskiskipa hér við land.

Sú brtt., sem sjútvn. flytur, ætti að gera stríðstryggingunni kleift að lækka iðgjöldin til nokkurra muna, ef breyt. á stríðsslysatryggingu sjómanna, sem verður flutt í Nd., gengur þar í gegn. Að iðgjöldin hafa verið ákveðin svo há, þ. e. 21 kr. og rúmlega 50 aur. á viku á hvern mann, stafar af því, að í l. eins og þau eru og eftir reglug. virðist það vera skylt að skoða sem slys af ófriðarorsök, ef bátur ferst við strendur landsins og orsök er að öðru leyti ókunn, jafnvel í því veðri, sem alls getur verið von. Stríðsslysatryggingin tók upp þá stefnu að skoða sem stríðsslys hvarf vélbáts á þessari vertíð og gerir því ráð fyrir, að innheimta verði iðgjöld, svo sem ég hef lýst, frá því um áramót. Nú er venjuleg slysatrygging óháð þessari tryggingu, og kostar hún 4 kr. á viku fyrir hvern mann. Þessar tryggingar samanlagðar mundu nema á 16. þús. kr. árlega t. d. á 30 tonna bát, sem fer einn á síld og auk þess er gerður út á vertíð hér syðra og að einhverju leyti á haustvertíð. Þó er ótalið, að víðast er eigendum bátanna gert að skyldu að greiða eitthvert gjald til sjúkratryggingarinnar.

Í öllum helztu verstöðvunum hefur innheimta þessa háa iðgjalds komið sem reiðarslag nú um vertíðarlokin, því að fæstir útgerðarmenn munu hafa gert sér grein fyrir því, að til slíks mundi koma.

Sums staðar hefur verið talið litt þarft að hafa stríðstryggingu fyrir fiskibáta við strendur landsins, en það geri ég ekki að mínum orðum. Hafa mótmæli borizt víða að.

En þetta mál hefur líka aðra hlið, þ. e. að séð sé fyrir því, að aðstandendur þeirra sjómanna, sem kunna að farast, standi ekki alveg berskjalda, ef slík slys ber að höndum. Sú nauðsyn er ekki minni en verið hefur. Það viðurkennir sjútvn. líka, og er því lausn málsins í því fólgin að breyta löggjöfinni um Stríðstryggingafélag ísl. skipshafna þannig, að komið geti til álits stigmunur á því, að hve miklu leyti skuli líta á bátstapa undir óþekktum kringumstæðum sem verandi af völdum ófriðar, og fari þá bætur eftir því, sem álitið er líklegt í hvert skipti. Ef þannig þykir alveg óhugsandi, að bátstapi geti verið af völdum ófriðar, er heimilt að fella niður með öllu ófriðarbætur, og kemur þá aðeins hin venjulega slysatrygging.

Þessar takmarkanir eru óhjákvæmilegar, ef unnt á að vera að hafa iðgjöldin svo í hófi, að bátaflotinn geti risið undir þeim. — Þessi ákvæði snerta aðeins fiskibáta við strendur landsins, en ekki báta eða skip í millilandasiglingum. Það er öllum ljóst, að tryggingar á lifandi og dauðu eru nauðsynlegar, en þeim verður að vera hagað á þann veg, að viðkomandi atvinnuvegur geti risið undir þeim, hvað iðgjaldagreiðslur snertir, því að öðrum kosti sprengja þær sig sjálfar. Og ef framfylgja ætti núverandi reglugerðarákvæðum og kröfum tryggingarstjórnarinnar á hendur bátaútveginum, yrði það til þess að koma málinu í óefni.

Í mótmælum víðs vegar að hafa menn sagt, að þeir sjái sér ekki fært að halda þessari útgerð áfram, ef svo hár tryggingarskattur verður af þeim krafinn. Í breyt. þeirri, sem áformað er að gera á hinum l. í Nd., er gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki að sér að greiða nokkurn hluta af tryggingariðgjöldunum. — Ég vildi aðeins bæta þessu við til skýringar.

Loks er það svo 2. brtt. okkar, sem er þess efnis, að aftan við 6. gr. l. bætist: og hvíla sem lögveð á skipinu. — Við sáum okkur ekki annað fært en að setja þetta ákvæði, svo að iðgjöldin náist inn.

Ég vona svo, að hv. d. fallist á þessar brtt., er ég hef hér lýst.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Þegar þetta mál var á dagskrá hér í gær, óskaði ég þess, að það yrði ekki tekið til umr., vegna þess að ekki var útséð um samkomulag við ríkisstj. Þetta samkomulag mun þegar tryggt og verður borið fram í Nd. af allshn., sem hefur þetta mál til meðferðar þar.

Þegar þetta frv. kom hingað í hv. d., þá vildi ég ekki vera flm. að því, vegna þess að í frv. er ekki gert ráð fyrir mannbótum, þegar um slys er að ræða, sem ekki er fyllilega upplýst, hvernig að höndum hefur borið. Þegar þessi trygging komst á, þá var gert ráð fyrir, að fyrir slys, sem verða af ósönnuðum orsökum, komi fullar bætur. Þetta var tekið eftir enskri fyrirmynd, því lík ákvæði eru í hliðstæðum tryggingarfélögum hjá Bretum. Nú á að fara að breyta þessu, og tel ég það ekki rétt. Síðasta málsgr. 1. gr. l. um Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Trygging samkv. l. þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að spyrjist, hversu týnzt hefur.“

Hér er því tvímælalaust gert ráð fyrir að bæta fyrir slys, sem verða af óvissum orsökum.

Með því að fella úr gildi þessa málsgr., eða hér um bil, þá er farið í bág við grundvöll þann, er var fyrir tryggingunum. Þess vegna get ég ekki verið með að gera þessa málsgr. óvirka og get þar af leiðandi ekki fallizt á frv. eins og það er á þskj. 568. Eins og kunnugt er, þá

breyttust öll skilyrði til fiskveiða hér við land síðast liðið haust, þegar Bretar tilkynntu, að tundurdufl yrðu lögð víða á fiskimiðum í kringum landið. Þetta gerði fiskveiðar ótryggar. Hæstv, félmrh. lét þá leita álits sérfróðra manna um hættu þá, er stafaði af þessum tundurduflalögnum. Þeir álitu áhættuna mikla að stunda fiskveiðar á eða í námunda við þessi svæði.

Í 1. gr. l. nr. 66 frá 7. maí s. l. er heimild fyrir ráðh. til ákvörðunar um hættusvæðin. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Tryggingin nær til þeirra skipa, sem sigla á svæðum, er félagsmálaráðh. ákveður á hverjum tíma með reglugerð.“

Svo var reglug. sett um þetta þ. 24. des. 1940, og nær tryggingin til allra íslenzkra fiskiskipa, 12 rúmlesta eða stærri. Að öðru leyti læt ég nægja að vísa til þessarar reglug.

Nú kom til kasta stríðstryggingarstjórnarinnar að ákveða iðgjöldin, og valt þar á miklu. Svo varð dráttur á að innheimta iðgjöldin, og var ekki hafizt handa fyrr en um mánaðamótin apríl—maí þ. á. Þá kom í ljós, að þau voru ákveðin helmingi lægri en skipa, sem sigla til útlanda. Greiðsla fyrir mann var 21.50 kr. á viku. Þetta er saga málsins í aðalatriðum.

Þetta hefur verið rætt í n., og ég þakka nm. fyrir þann skilning, sem þeir vildu sýna í þessu, um að lækka iðgjöldin, en kippa ekki af tryggingum, sem sjómenn gátu vænzt, ef slys ber að höndum. Nú er svo, ef skip ferst hér við ströndina, að fyrir því liggja óþekktar ástæður, þegar enginn er þar til sagna. Því hefur verið haldið fram, að bátur frá Ísafirði hafi farizt á dufli, en enginn er þar til sagna. Eins er með togarann Gullfoss. Sumir telja, að hann hafi farizt af hernaðaraðgerðum, aðrir, að hann hafi farizt af völdum óveðurs. Vegna þess hve 1. gr. tryggingarl. var „absolut“, þá væru allir þessir menn tryggðir, en brtt. hafa nú komið fram, sem heimila að draga úr greiðslu um þriðjung, eða tvo þriðju hluta, allt eftir því, hve stríðsorsakir eru mikið valdandi slysinu.

Ég mun ekki hafa þetta miklu lengra, því að þetta liggur ljóst fyrir, en ég þakka meðnm. mínum fyrir góðar undirtektir viðvíkjandi minni till., því þá er mínum aðaltilgangi náð. Ég hef verið með í þessum brtt. eftir að hafa rætt við tryggingarstjórnina og séð, að ekki fékkst heppilegri lausn málanna.

Við höfum orðið fyrir tilfinnanlegu manntjóni á þessum vetri, og sjóðurinn hefur næstum gengið upp til mannbóta. Nú verðum við að byggja á bjartsýni og vona, að slysin minnki, því að ef þau vaxa, þá er hætt við, að iðgjaldagreiðslan verði of lítil. Hér er reyndar um misjöfn sjónarmið að ræða, en ég vona, að þetta gangi samt hljóðalítið, það sem eftir er, og ég tek undir með öðrum hv. þm., að þessi gjöld voru þungur baggi fyrir hin smærri skip, og jafnvel óviðráðanleg.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta, því að það hefur verið skýrt af hv. frsm. og hv. 2. landsk. — Ég vil aðeins geta þess, að stjórn stríðstryggingafélagsins hefur gert, í samráði við mig, brtt. við þessi l., en það hefur dregizt að leggja þær fyrir hv. Alþ., og var það fyrst og fremst vegna þess, að ég var hræddur um, að það kynni að spilla samningum þeim, sem yfir hafa staðið milli útgerðarmanna og sjómanna. Svo kom fram í málinu það, sem hefur verið rakið hér í hv. d., að eigendum fiskiskipa þætti ófært að standa straum af iðgjöldunum. Svo var málið tekið upp að nýju, og ég get lýst því yfir, að ég er sammála þeim brtt., sem hv. n. hefur borið fram.

Nýlega hefur hæstaréttardómur fallið um greiðslu bóta, og af forsendum dómsins mátti ráða, að ef slys yrði af ófriðarástæðum, þá skyldu bætur koma, en að öðrum kosti niður falla. Þess vegna tel ég betra að lækka bætur heldur en að menn fái annaðhvort allt eða ekkert.

Í Nd. er til umr. breyt. á l. nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna, að lækka iðgjöldin, og gerði það þá útgerðarmönnum auðveldara að tryggja sjómenn, og trygginguna um leið viðtækari, þ. e. til hinna smærri fiskiskipa, og réttur sjómanna yrði betur tryggður en áður.

ATKVGR.

Brtt. 639,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 *shlj.* atkv.
— 639,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 650, 651).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Eins og bent var á í umr. í gær um þetta mál, þá er nauðsynlegt að bæta nýrri gr. aftan við frv., um að l. þessi öðlist þegar gildi. Efni þessa frv. er þannig, að það þarf að koma til framkvæmda strax, og þess vegna er nauðsyn á þessari breyt. Sjútvn. hefur borið fram þessa brtt. og væntir þess, að hv. d. fallist á hana.

ATKVGR.

Brtt. 651 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 69. fundi í Nd., 28. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 658).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 13. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 658, n. 736).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Árið 1940 voru l. sett 12. febr. um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna. Það hefur komið í ljós í framkvæmd þessara laga, að nokkuð skortir á, að þau væru fullnægjandi. Þess vegna var það, að sjútvn. hv. Ed. bar fram frv. um breyt. á þessum l., og þessa till. til breyt. á l. gefur nú að líta á þskj. 658, í frv. því, sem hér liggur fyrir.

Sjútvn. þessarar hv. d. hefur athugað þetta mál og borið frv. saman við l., og var n. öll á eitt sátt um að mæla með því, að þetta frv. næði fram að ganga.

Það þarf ekki beinlínis að koma inn á þær breyt. á l., sem í frv. felast, því að þær liggja ljóst fyrir í frv. á þskj. 658. En breyt. eru aðallega bundnar við 1. gr. l. og eru aðallega endurskoðun á 2. og 3. málsgr. þeirrar gr. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hér upp úr l. og frv. til skýringar á því, í hverju breyt. liggur. 2. málsgr. 1. gr. l. hljóðar svo:

„Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt.“ En með frv. er lagt til, að aftan við þetta bætist: „Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta, eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.“

Sömuleiðis er í 3. málsgr. 1. gr. l.: „Trygging samkv. l. þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefur.“ En í frv. er lagt til, að aftan við þetta bætist: „Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu, á sama hátt og fyrr greinir, eftir því hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanns og Stríðstryggingafélagsins, að félagið taki fulla áhættu gegn ákveðnu viðbótariðgjaldi.“

Þetta eru aðalbreyt. með frv., og ég mæli með því fyrir n. hönd, að það verði samþ.

*Ísleifur Högnason: Þessi till. til breyt. á l. er nýkomin hér fyrir þessa hv. d. í frv.-formi, og er það nú fyrst, sem ég sé þá breyt., sem gerð hefur verið í hv. Ed. En með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hér upp kafla, sem ég ekki felli mig við í 3. málsgr. 1. gr. frv., sem er svo: „nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanns og stríðstryggingafélagsins ....“ Það er einkennilegt, að ekki skuli sjómenn sjálfir vera þarna tilnefndir sem samningsaðilar, að þeir geti, ef þeir vilja, tryggt sig fyrir stríðshættu. Ég álít, að það komi þó harðast niður á fjölskyldum sjómanna, ef þeir farast, hvort sem það er af völdum styrjaldaraðgerða eða á annan hátt.

Ég mun við 3. umr. koma með brtt. í þá átt, að sjómönnum sé heimilt að tryggja sig gegn ákveðnu viðbótargjaldi, en það skuli ekki fara eftir geðþótta útgerðarmanna sjálfra, hvort það er gert eða ekki, hvort sem þessi vöntun er af athugaleysi n., sem um þetta hafa fjallað, eða blátt áfram vegna þess, að þeir menn, sem með málið hafa haft að gera, álíti sjómenn svo lítils virði, að ekki sé takandi tillit til þeirra óska í þessu efni. Það væri fróðlegt að heyra, hvers vegna útgerðarmenn eru tilnefndir sem samningsaðilar í þessu efni, en ekki skipshafnirnar sjálfar.

*Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Þess ber að gæta, að hér er átt við stríðstryggingafélag, þ. e. tryggingar gegn slysum af völdum stríðs. Þess vegna er þetta undantekningarákvæði sett, ef sannast, að slys hefur orsakazt ekki einungis af stríðsástæðum. En aðrar tryggingar eru fyrir á sjómönnum, ef þeir farast, en ekki af stríðsvöldum. Og inn í l. um þær tryggingar mætti koma ákvæði, sem ekki kemur þó þessu máli, sem hér er til umr., beint við, ef þurfa þætti um það, sem hv. 4. landsk. kom inn á.

*Ísleifur Högnason: Ég fékk engar skýringar á þessu, sem ég spurði um, í þessari ræðu. Mér sýnist óeðlilegt, að aðeins útgerðarmenn geti tekið ákvarðanir um það, hvort skipshöfn sé tryggð gegn stríðshættu eða ekki. Mér virðist það eiga að vera á valdi sjómanna, hvort þeir vilja tryggja sig eða ekki. Þó að útgerðarmenn vilji borga þessa tryggingu, þá getur verið, að sjómenn vilji tryggja sig að einhverju leyti að auki fyrir slysum af völdum styrjaldarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 14. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 658, 747).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23:2 atkv.

Einnig var of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 747. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Þegar þetta mál var til 2. umr., kom fram örlítil brtt. á þskj. 747. N. hefur ekki haft tíma til að ræða þessa till., en hins vegar hafa nm. borið sig saman um þessa breyt., og mér er óhætt að segja, að þeir eru allir á eitt sáttir, að till. sé frekar til bóta, og leggja með því, að hún verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 747 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 81. fundi í Ed., 16. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 760).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 775).

86. Tollskrá o. fl. (frv. fjhn. Ed.).

Á 32. fundi í Ed., 7. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (þmfrv., A. 151).

Á 34. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Fjmrh. hefur, með bréfi 25. marz, sent fjhn. frv. það, sem hér liggur fyrir, með ósk um, að n. flytti það. Það hefur dregizt nokkuð, að n. flytti frv., og er það vegna þess, að nm. hafa verið önnum kafnir við önnur störf. N. flytur þetta frv. með sínum venjulega formála um, að nm. áskilji sér óbundin atkv. um einstök atriði. — Ég vil strax leiðrétta eitt smáatriði í grg. Þar er sagt, að fjmrh. hafi, í samráði við mþn. í skatta- og tollamálum, tekið til athugunar ýmis atriði tollskrárlaganna. Þetta er ekki alls kostar rétt, því að rétt eftir að fjhn. fékk málið til athugunar veikist form. mþn., svo að n. gat ekki haldið fund um málið, en ég efast ekki um, að mþn. hefði gert þetta að till. sinni, ef hún hefði getað haldið fund um málið.

Þessar breyt. eru allar í þá átt að bæta úr smávegis annmörkum, sem komið hafa fram við framkvæmd laganna. Ég ætla ekki að fara út í hvert smáatriði, því það er auðvelt fyrir hv. þm. að átta sig á þeim. Um 3. brtt. er það að segja, að beiðni um hana hefur komið frá Lyfjaverzlun ríkisins, og er hún rökstudd með því, að lyfjabúðir flytji inn ýmsar olíur og feiti til lyfja í umbúðum, sem vega undir 15 kg. Það má segja, að þessar breyt. séu mestmegnis orðabreyt. og leiðréttingar, sem ekki orki tvímælis um. Einstaka breyt. er gerð vegna þess, að skilgreiningin hefur ekki tótt tæmandi, t. d. 19. breyt. Þar er lagt til, að þyngd pappírsins sé ákveðin nákvæmlega. Þó má segja, að 3. gr. hafi einna helzt inni að halda breyt., sem nokkru gæti varðað. Það eru þar, að ég ætla, 5 vörutegundir, sem talað er um að færa til meira samræmis en verið hefur. Aðrar vörur, sem verða hliðstæðar þeim, sem falla undir ensku samningana, eru aftur á móti hátt tollaðar, og verður þess vegna mikill vandi að skipta sól og regni, ef svo mætti að orði kveða. Það fyrsta, sem ég tók eftir í 3. gr., að færi undir háan toll, er stapeltrefjavefnaður, en þetta mun vera efni, sem er t. d. notað í kvensokka og er því í raun og veru algerlega hliðstætt gervisilki, og er alveg óhugsandi að verzla með sokka, ef þeir eiga að koma undir þennan háa toll, en gervisilki undir enska samninginn. Þar sem engin ástæða er til að útiloka sokka úr eins konar gervisilki, þykir rétt að láta þetta falla þar undir, þó ekki sé nauðsynlegt, heldur aðeins til samræmis. Eins er með b-liðinn, um karlmannafataefni, sem blönduð eru öðrum spunaefnum. Það hefur verið framkvæmt mjög út í öfgar. Ef hægt er með smásjá eða vísindalegum aðferðum að finna, að í þau hefur verið dreginn einhver þráður úr silki, þá hefur þetta tau verið tekið og sett í 50% toll, og er þá í rauninni óseljanlegt. En það er í raun og veru ómögulegt fyrir þann, sem pantar efni, að vita um, að það lendi undir þessum hærra tolli. Það er því auðsætt, að setja verður mörkin öðruvísi, að undir enska samninginn falli þau efni, sem sýnilegt er, að ekki eru blönduð öðrum spunaefnum meira en sem nemur 7 hundraðshlutum.

Þá hafa allt frá upphafi verið miklir erfiðleikar með hina svokölluðu prjónavoð, sem er hátt tolluð og notuð er í nærföt, sem gerð eru hér á landi og hafa orðið lítt samkeppnisfær vegna þess, að hún hefur verið of hátt tolluð. Þess vegna er það með þessar 3 breytingar við 3. gr., sem sérstaklega skipta máli, að þær eru allar, að því er ég hygg, mjög eðlilegar.

Nú er náttúrlega ekki hægt að neita því, að það eru fleiri breytingar, sem eru nokkuð stórar, en ekki eingöngu þýðingarlaus atriði, eins og t. d. 17. og 18. till., en algerlega í samræmi við það, að í tollskránni er veitt undantekning með viðartegund, sem notuð er í skip, en það er aðeins til að gera skilgreininguna réttari, svo að það falli raunverulega undir þá ívilnun, sem ætlazt er til, að yrði veitt með tollskránni.

N. mælir því með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, og sem sagt mælir með því um leið, að þetta mál fái eins greiða afgreiðslu og hægt er, svo það geti orðið að lögum, þó að dregizt hafi hjá n. að koma því fyrir þingið vegna annarra anna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Bernharð Stefánsson: Í grg. frv. er tekið fram, að nm. í fjhn., sem frv. flytur, áskilji sér óbundin atkv. um einstök atriði þess. Ég skal geta þess, að n. hefur ekki haldið fund um málið síðan hún flutti það, en frv. er flutt samkv. beiðni hæstv. fjmrh.

Nú kvaddi ég mér ekki hljóðs til að boða sérstakar brtt., en þó vildi ég benda á það, að áður en málið er útrætt hér í hv. d., ber að ræða það í n., eins og önnur mál, sem til hennar er vísað. Ég hef að vísu ekkert við það að athuga, að málið gangi nú til 3. umr., en mælist til þess við hæstv. forseta, að því verði ekki hraðað svo til 3. umr., að n. geti ekki athugað það á ný, því að verið gæti, að ástæða þætti til að koma með einhverjar brtt. Mun Framsfl. hafa hug á því, ef samkomulag næðist um það, að koma fram tollalækkunum á nauðsynjavörum í sambandi við þetta mál, og því hreyfi ég þessu hér.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Það er rétt hjá hv. 1. þm. Eyf., að n. hefur ekki haldið fund um málið síðan það var borið fram, og stafar það af því, að lítill tími hefur unnizt til þess síðan, og eins af hinu, að n. er ekki fullskipuð. Er óviðkunnanlegt að halda fund í n., sem hefur ekki nema þrjá meðlimi, þegar einn er fjarverandi. Væri ef til vill æskilegt, að hæstv. forseti hlutaðist til um, að sá flokkur, sem þennan mann á, tilnefndi annan í hans stað. — En svo

er annað: Tilefni hefur ekkert gefizt til að halda fund, og n. hafa ekki borizt óskir um, að breytingar séu gerðar. Hins vegar er ég fús til að halda fund fljótlega, og vil ég ekki, að svo sýnist sem ég hafi spyrnt á móti því, að fundur væri haldinn og brtt. ræddar.

Annars er það svo um tollskrána, líkt og vegal., að ef farið er á stað með breytingar, þá er varla til sá maður á Íslandi, sem ekki hefði einhverjar brtt. að gera, en menn vara sig ekki á því, að sérhver breyting veldur mikilli röskun á heildarlöggjöfinni. Er það verkefni milliþn., sem ynni þá að málinu mjög kostgæfilega, að gera slíkar brtt., en ekki einstakra þm.

Forseti (EÁrna): Ég teldi rétt, eftir því, sem fram er komið, að fresta umr. (**MJ:** Nei, það má ljúka umr., því að 3. umr. er eftir).

Páll Zóphóníasson: Það er greinilegt, hvert stefnir hjá hv. frsm. n., sérstaklega ef athugað er frv. hans um lækkun á tekju- og eignarskatti. Það á að lækka gjöldin á efnamönnum, en aftur á móti á að halda tollunum á nauðsynjum almennings, svo að menn verði að borga háa tolla fyrir allar nauðsynjar, og að þeir hvíli jafnt á öllum, er þeirra þurfa, jafnt fátækum og ríkum. Þeir, sem hafa á aðra milljón kr. í tekjur, eiga að fá tekjuskattsívilnun, en að hætta að nota þá heimild, sem er í tolllögunum, við innheimtu tolla af stríðsfrögtum, og að leggja til að lækka tolla af lífsnauðsynjum, svo dýrtíð í landi hér minnki, það hugkvæmist n. ekki. Henni hugkvæmist það eitt að lækka skatta á þeim, sem nógar hafa tekjurnar. Og svo fæst hún ekki einu sinni til þess að halda fund.

Ég vil leyfa mér að mælast til, að þetta mál verði tekið af dagskrá að þessu sinni og komi ekki á dagskrá aftur, fyrr en n. hefur komið sér saman um að lækka tolla á kornvörum og sykri og hætta að láta reikna tolla af stríðsfrögtum.

Bernharð Stefánsson: Ég vil taka það fram, að í orðum mínum áðan átti ekki að felast nein ádeila á form. n. fyrir að hafa ekki tekið málið til meðferðar, því að til þess hefur enginn tími verið. Málið var hér til 1. umr. rétt fyrir bænadagana, en síðan hefur ekkert tóm verið til þess fyrir hv. n. að fjalla um það, enda hefur hún einnig haft öðru að sinna. Ég vakti því ekki máls á þessu í ásökunarskyni, en vildi aðeins vara við því, að málinu væri hraðað svo mjög út úr hv. d., að ekki gæfist tóm til að athuga það nógu vel, því að þó að n. taki mál til flutnings fyrir ráðh., þarf oft fram að fara frekari athugun á þeim.

Svo vil ég taka undir með hv. form. n. um það, að þriggja manna n. er ekki vel starfhæf, nema allir nm. séu starfandi, og væri því æskilegt, að séð væri um, að þriðja manninum yrði bætt í n. í stað þess, sem vantar.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég skildi engan veginn hv. 1. þm. Eyf. svo, að hann væri að sneiða að mér, en ég vildi ekki láta sýnast svo af þingtíðindunum, sem einhver ágreiningur væri milli okkar. Svo vil ég endurtaka þá ósk mína, að maður verði látinn koma í nefndina frá Alþfl.

Þá verð ég að segja, að ræða hv. 1. þm. N.-M. var mér hálfgerð hebreska, og skildi ég hana ekki vel. Hann gaf í skyn, að samtímis því, að ég spyrnti á móti breytingum á tollskránni, bæri ég fram frv. um lækkun á tekju- og eignarskatti. Þetta er ein flétta af vitleysum. Brtt. þær, er ég ber fram við tollskrána, eru aðallega í þá átt að lækka tollana. Hitt atriðið, stríðsfragtirnar, er spursmál fyrir sig, og býst ég ekki við, að hann eða ég ráði við það. Annars er allt of mikið gert úr því, hverju þetta nemur, og ríkisstj. hefur auk þess heimild til að fella það niður. Ætti hv. þm. að beina geiri sínum að henni um að nota þá heimild.

En um hitt frv., sem hv. þm. minntist á, er það að segja, að það kemur hér bráðlega til umr., og ætti því ekki að fara að ræða það að þessu sinni. Það, sem hv. þm. sagði um það, er þó ekki rétt. Hann taldi, að það væri um lækkun á tekju- og eignarskatti. L. um þetta eru frá árinu 1935, en síðar var samþ. heimild handa stj. til að kalla skattinn inn eftir hærri skattstiga en þeim, sem ákveðinn var 1935. Það er nú ekki ætlazt til, að þessi skattstigi sé lækkaður, heldur hækkaður. En þessi frv. tvö, sem nú hefur verið útbýtt, eru samin eftir langar og erfiðar umr. og að undangenginni nákvæmri athugun.

Ef menn óska einhverra breytinga á þessu tollskrárfrv., er sjálfsagt að tala um það mál, þó þannig, að hættuleg töf verði ekki að því. Vegna anna dróst það of lengi, að n. flytti frv., og vildi ég sízt, að það yrði því að fótakefli. Fulltrúi Alþfl. í n. (ErlÞ) er að vísu forfallaður enn, og maður í stað hans hefur ekki komið enn, en þó mundi það nú fyrir engu standa, ef nauðsyn ber til að kalla saman fund um þetta frv.

Forseti (EÁrna): Ég vil fara fram á það við hv. 2. landsk. (SÁÓ), að hann taki sæti í hv. fjhn. í forföllum hv. samflokksmanns síns, og mun ekki taka þetta mál á dagskrá til 3. umr. fyrr en n. hefur gert mér aðvart.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 151, 183, 470).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Fjhn. hafa nú milli umr. borizt fjöldamargar óskir um breyt. á því frv., sem hér liggur fyrir. Þessar óskir hafa komið frá ýmsum félögum, sérstaklega iðnaðarmönnum.

N. hefur ekki séð sér annað fært en að leita umsagnar ritara milliþn. í skatta- og tollamálum um þessar óskir. Vegna þess hvað flestar óskirnar komu seint fram, hafa umsagnir ekki borizt nema um nokkrar þeirra, sem fyrst bárust. N. hefur því orðið ókleift að taka tillit til þessara tillagna, en mun að sjálfsögðu senda

þau bréf, sem henni hafa borizt, til n. í Nd. og gera henni viðvart. Ég vil annars segja það um þessar till., að það er næstum óviðráðanlegt að gera slíkar breyt. að óathuguðu máli. Það er nauðsynlegt, að slíkar till. liggi fyrir milliþn. og fari til ríkisstj. áður en afstaða er tekin til þeirra. Annars gætu þær gert meiri og minni glundroða. N. hefur því ekki treyst sér til að taka neina af þessum óskum til greina.

Tilefni brtt. á þskj. 470 er það, að tveir hæstv. ráðh. komu á fund n. og óskuðu eftir því, að hún flytti þessa till. Þetta voru hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh. Till. þessi gengur út á það að afnema algerlega toll af öllum helztu kornvörum. Síðari liður till. er um það að lækka toll á sykri um helming. Það er allerfitt að gera sér grein fyrir, hverju þetta mundi nema. Ef miðað er við árið 1940, þá nemur niðurfelling kornvörutollsins um 465 þús. krónum, en lækkun sykurtollsins mun nema um 565 þús. kr. Það er sem sagt, ef miðað er við venjulegan innflutning, ekki langt frá, að hér sé um að ræða um 1 millj. króna, sem ríkissjóður gefur eftir. Það þótti réttara að setja þetta í bráðabirgðaákvæði, en færa það ekki inn í viðkomandi lið tollskrárinnar. — Ég býst við, að hæstv. fjmrh. muni gera nánari grein fyrir tilgangi þessarar brtt.

Af hálfu n. vil ég aðeins segja það um þessa brtt., að ég er ekki viss um, að n. út af fyrir sig hefði flutt hana. Ég fyrir mitt leyti lít á það dálítið efablandinn, að þetta nái tilgangi sínum. Tilgangurinn er hins vegar lofsverður, að reyna að hamla á móti dýrtíðinni. Þessar vörur, sem hér er lækkaður og afnuminn tollur á, koma mjög til greina við útreikning verðvísitölunnar og mundu þess vegna snerta hag ríkissjóðs og annarra kaupgreiðenda. Ég hef ekki eða n. gert tilraun til þess að reikna út, hverju þetta mundi nema. Ég hef aðeins heyrt það sagt, að þeir vísu menn á þessu sviði haldi því fram, að einnar millj. króna frádráttur á gjöldum mundi nema einu stigi í verðvísitölunni. Þetta getur þess vegna munað talsvert miklu í kaupgreiðslum bæði fyrir ríkissjóð og aðra og þannig hamlað á móti dýrtíðinni. Ég verð að segja það, að ef á annað borð yrði gengið inn á þá braut að gera stórfelldar ráðstafanir til þess að halda dýrtíðinni niðri, t. d. með því að leggja stórkostleg gjöld einhvers staðar á, þá er ekki fráleitt, þó að ríkið á slíkum tímum sem þessum færi einnig þá leið að létta nokkuð tolla á þeim vörum, sem mest koma til greina við útreikning verðvísitölunnar og hag allra landsmanna. N. hefur því flutt þessa till. f. h. þessara hæstv. ráðh.

Sé ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni.

*__Magnús Gíslason:__ Ég hef borið hér fram brtt. á þskj. 183, sem fer í þá átt að lækka verðtoll á þakhellum, sem tilbúnar eru úr asbest og sementi. Af þessu byggingarefni hefur lítið verið flutt inn enn sem komið er, en það hefur þó verið notað hér á landi og gefizt vel að áliti þeirra manna, sem skyn bera á það.

Eftir að þetta frv., sem hér liggur fyrir, hafði verið samið í fjármálaráðuneytinu, barst ráðuneytinu erindi frá þeim manni, sem aðallega hefur flutt þetta efni inn, um að það yrðu gerðar einhverjar ráðstafanir til að lækka toll af þessu byggingarefni, en hann er nú 8 aura verðtollur, en á járni er, eins og menn vita, enginn verðtollur, þannig að þessi vörutegund er ekki samkeppnisfær við þakjárn, einkanlega af því hún er nú heldur dýrari en þakjárn. Ráðuneytið sá nauðsyn þessa máls, og það er víst, að ef þetta erindi hefði borizt áður en frv. var samið, þá hefði þetta verið tekið þar með. Skrifstofa húsameistara ríkisins hefur gefið þær upplýsingar, að þetta efni sé fullkomlega eins nothæft og járn og eigi sennilega betur við loftslagið hér á landi, vegna þess að það þoli betur raka. Þetta efni hefur þann kost, að það þarf ekki að mála það eða bera neitt á það. Það er hins vegar heldur dýrara að leggja það en járn.

Úr því ég er staðinn hér upp, langar mig að minnast á brtt. fjhn., sem fer í þá átt að lækka sykurtollinn um helming og fella niður toll af kornvörum. Þetta er breyt., sem hefur í för með sér rúmlega 900 þús. kr. tekjulækkun fyrir ríkissjóð. Þetta er till., sem hefur allverulega þýðingu fyrir afkomu ríkissjóðs. Eins og menn vita, hafa fjárl. tekið þeim breyt. í meðferð þingsins, að eftir 2. umr. er greiðsluhallinn orðinn um 1 millj. og 700 þús. kr., og ef nú þarf að lækka tekjurnar um 1 millj., sem nauðsynlegt verður, ef þessi till. verður samþ., þá nemur tekjuhallinn orðið upp undir 3 millj. kr.

Hv. frsm. gat þess, að tilgangurinn með þessari till. væri sá, að reyna að hafa áhrif á verðlagið og þannig að reyna að lækka vísitöluna eitthvað, en upplýsingar lægju ekki fyrir um, hvað miklu það mundi nema. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað fengið um þetta, lítur út fyrir, að varla geti þessi tollalækkun haft nokkur áhrif á lækkun vísitölunnar.

Tollur á sykri er nú 20 aurar á hvert kg og 10% verðtollur. Lækkunin yrði því 10 aurar á hvert kg að því er þungatollinn snertir. Ef við gerum ráð fyrir, að kg af sykri kosti 50 aura, þá yrði lækkunin á verðtollinum 2½ eyrir á kg, eða 12½ aura lækkun alls á hvert kg. Við útreikning vísitölunnar er reiknað með vissu vörumagni. Af sykri eru það 133 kg, sem hagstofan reiknar með. Tollækkunin á þessu mundi nema kr. 16.62, en ef gert er ráð fyrir, að ofan á þetta komi svo álagning, þá mundi lækkunin á sykrinum nema 17 aurum á hvert kg, eða 22.61 á 133 kg. En til þess að lækkunin á þessari vörutegund hafi þau áhrif á vísitöluna, að hún færist niður um eitt stig, þá þarf þetta magn af sykri að lækka um kr. 38.50, svo það vantar mikið upp á, að þetta geti haft þau áhrif á vísitöluna, að hún lækki um eitt stig.

Eftir því, sem hagstofan segir, verða 6.38 aur. af 180 kg, sem snertir vísitöluna, þó að hvort tveggja væri tekið saman með þeirri álagningu, sem á vörunni er, verður það ekki nema 28.00 kr., en 38.50 þarf það að verða, til þess að það geti munað einu stigi. Náttúrlega er mikið gefandi fyrir það, ef hægt væri að fá vísitöluna lækkaða, en það má ekki gera það út í bláinn og án þess að rannsaka, hvort nokkur veruleg

lausn fæst með því, að hún verði lækkuð. Eftir þeim tölum, sem ég hef fengið um það, lítur ekki út fyrir, að þetta gæti haft nein áhrif til þess. Á hinn bóginn er mjög varhugavert að hrófla við eins gömlum tekjustofni eins og sykurtollurinn er. Hann er mikill tekjustofn fyrir ríkið, og menn hafa líka sætt sig við þann toll. Þó að hann væri óþarflega hár, hefur reyndin orðið sú, að tollurinn hefur verið hækkaður, og hefur sennilega aldrei verið hærri en nú. Ef þetta hefur engin áhrif, þá sé ég ekki, að það sé nokkur skynsamleg ástæða fyrir því að lækka þennan toll sérstaklega. Það má segja um kornvöruna, að það hefði aldrei átt að leggja neinn toll á hana, og ef sá tollur félli niður, mundi það þýða mikla verðlækkun, sérstaklega þó á hveiti. En ég held, að menn ættu að hugsa sig um tvisvar, áður en sykurtollurinn yrði lækkaður.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Hv. frsm. sagði í ræðu sinni, að ég mundi gera nokkra grein fyrir málinu. En mér fannst hann gera alveg fullnægjandi grein fyrir því, sem vakir fyrir ríkisstj. með þessu, og allt, sem hann sagði um það, var það, sem ég vildi sagt hafa, allt frá því, að hann lýsti þeim óhug, sem þessi skerðing á tekjum ríkissjóðs mundi valda, og til þess, að hann gerði grein fyrir því, hver tilgangurinn væri, sem sé að reyna að vinna á móti dýrtíðinni í landinu. Ég hef engu við það að bæta, sem hann sagði. Mér er það ljóst, að þetta er mjög alvarleg skerðing á tekjum ríkissjóðs, en hitt er annað mál, að í augnablikinu má gera ráð fyrir því, að ríkissjóði sé alveg borgið hvað þetta snertir. Ég hef alls ekki hugmynd um það, hverjar tekjur ríkissjóðs af tekjustofnum verða, en ég hygg, að ef við horfum fram í tímann, verði óvissan meiri um afkomuna. Það, sem hún veltur meðal annars á, er einmitt þetta, hvort hægt verður að halda dýrtíðinni í skefjum. Því að ef hún heldur áfram að aukast, þá fær ríkissjóður að kenna á því ekki síður en aðrir. En hugmyndin með þessu er ekki sú, að ráðið verði að fullu niðurlögum dýrtíðarinnar. Þetta yrði aðeins einn liður í þeim ráðstöfunum, sem gerðar yrðu í þeim tilgangi. Það er svo hugsað, að þetta geti eitt meðal annars orðið til þess að fá verulega niðurstöðu, þ. e. a. s. að margt smátt gerir eitt stórt. Ef það er athugað, sem hv. 11. landsk. var að segja um þetta, þá er það náttúrlega undirstrikað með því, að það, sem hér um ræðir, er smátt. En hann virtist hins vegar líta of lítið á þetta, að margt smátt gerir eitt stórt.

Annað hef ég ekkert um þetta að segja. Ég hef nokkurn veginn sömu tilfinningu og hann fyrir þeirri skerðingu á tekjum ríkissjóðs, sem þetta frv. felur í sér, en ég tel ekki fært að standa á móti þeirri kröfu, að ríkissjóður taki þátt í því að reyna að lækka dýrtíðina.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég hef ekki miklu við það að bæta, sem hæstv. fjmrh. hefur tekið fram út af ræðu hv. 11. landsk. Þessar till., sem fjhn. hefur tekið upp, eru hugsaðar sem einn liður í þeim ráðstöfunum, sem gerðar verða til þess að reyna að hafa áhrif á það, að vísitalan annaðhvort lækki eða hætti að hækka. Ef litið er á þetta sem einstaka ráðstöfun, getur það ekki orkað miklu, en er hugsanlegt, að það geti orðið einn liður í því að hafa áhrif á vísitöluna, þegar fleira kemur til. Það hefur verið komið inn á það, að þessar till. væru gerðar vegna þess, að það er ekki sjáanlegt annað en að ríkisstj. verði að fá heimild þingsins til þess að afla fjár til að koma í veg fyrir hækkun dýrtíðarinnar. Ég ætla ekki hér að fara út í það sérstaklega, hvaða till. kunna að verða gerðar, en það er ekki annað sjáanlegt en að ríkissjóður verði að afla sérstaks fjár í því skyni. Þetta mun annars skýrast betur, þegar þær till. aðrar koma fram, sem ríkisstj. hefur á prjónunum í þessum málum.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég bið hv. 11. landsk. að afsaka það, að ég minntist ekki á brtt. hans. Það var litið um hana rætt í n., en það var af því, að fyrir lá ógurlegur sægur af till., sem sjálfsagt hafa margar verið eins þarfar eins og þessi. En n. ákvað að taka ekki afstöðu til neinna af þeim. Ég er ekki byggingarfróður maður og get því lítið sagt um þessa till., en hér í 58. kafla er mikið af þessum flögum, fyrst úr steini, svo úr steinhellum í sambandi við önnur efni, sem hér er um að ræða. N. sá sér ekki fært að taka þetta út úr og lækka toll á því verulega, því að n. tók ekki afstöðu til þessara brtt. yfirleitt, um þær verða atkv. að skera úr. Út af ræðu hv. 11. landsk. vil ég aðeins segja það, að ég veit ekki nógu greinilega, hvernig vísitalan er útreiknuð til þess, að ég þori að andmæla því, sem hann hafði eftir hagstofunni. En mér finnst það skrýtin reikningsaðferð, ef það hefur engin áhrif á vísitöluna, þó að tollur lækki á einni vörutegund um 23%. Ég tel sjálfsagt, að hagstofan hafi á réttu að standa, — en er það ekki einkennileg aðferð í reikningi, ef það kemur ekki fram, þó að ein vörutegund sé lækkuð um 23%? Ég hafði hugsað mér, að þetta mundi vera reiknað í stuðlum, þar sem stór vörutegund eins og sykurinn væri einn stuðullinn, og þykir mér þá einkennilegt, ef þessi lækkun hefði engin áhrif, þó að hún nægði ekki til þess að lækka alla heildina. Hæstv. fjmrh. sagði, að margt smátt gerði eitt stórt í þessum efnum. Það er því enginn vafi á því, að þessi lækkun, sem hér er gerð, hjálpar til þess að lækka þennan eina stuðul vísitölunnar, þó að það nægi kannske ekki til að lækka hana um eitt stig. Annars vil ég taka það fram, að ef á annað borð á að fara að gera þessa breyt., þá verður að gera hana verulega. Örsmáar breyt. geta verið hættulegar, af því að þær koma ekki fram nema að óverulegu leyti við ákvörðun tollsins. Það er því um að gera að hafa þessa breyt. verulega, til þess að hún hafi veruleg áhrif á verð vörunnar, svo sem sykurs og hveitis.

***Magnús Gíslason:** Mér hefur aldrei komið til hugar að neita því, að þessi lækkun á sykurtollinum gæti haft áhrif á verðlag vörunnar. Þessi millj., sem ríkissjóður fær minna í toll heldur en orðið hefði, verður eftir hjá fólkinu, sem kaupir sykurinn og kornvöruna. En það er hlut-

ur, sem alls ekki getur réttlætt það, að Alþ. sé nauðsynlegt að taka þetta fé upp á þennan máta. Eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk frá hagstofunni, lítur út fyrir, að það gæti ekki haft þessi áhrif. Það er ekki sjáanlegt á þessum útreikningi, sem hagstofan hefur látið í té, að þessi tollalækkun mundi hafa nein veruleg áhrif á vísitöluna. Það, sem mest áhrif hefur á vísitöluna og dýrtíðina, er verð innlendu vörunnar, og hagstofustjóri tjáði mér, að 10 aura lækkun á mjólkurlítra hefði í för með sér eins stigs lækkun á vísitölunni. Ég bið menn að athuga það, hvort það er svona mikið gefandi fyrir það, þó að ef til vill á 2—3 árum takist að lækka vísitöluna um 1 stig, sem er þó óvíst. Það er óvíst, hvort það borgar sig að verja til þess 1 millj. kr. úr ríkissjóði. Ákvæðin um þakhellur og þakplötur, sem eru í brtt., legg ég sérstaka áherzlu á, að nái fram að ganga. Járn er nú svo að segja ófáanlegt. Það væri því mikils virði fyrir almenning, að þessi hái tollur verði felldur niður af þakhellum, en þær geta komið í staðinn fyrir járn. Það er ekki rétt að hafa svona mikinn mismun á þessum tveimur vörutegundum hvað tollinn snertir.

Páll Zóphóníasson: Ég vil fyrst og fremst þakka n. fyrir till. hennar. Ég hygg, að þessar till. eins og þær liggja fyrir muni lækka vísitöluna nokkuð meira en hv. 11. landsk. ætlar. Hveitið eitt, sem flutt var til landsins árið 1940, kostaði í útsölu 3 millj. og 700 þús. kr. Af því var tollur 300 þús. kr., álagningin á hveitið hefur verið 48%, þannig að álagningin og hveititollurinn til samans hefur verið um 2 millj. kr., eða um 60% af útsöluverði hveitisins. Nú gengur hveititollurinn inn í vísitöluna um 6,5% og getur hann því lækkað þennan lið hennar til muna. Öðru máli er að gegna um sykurinn. Þar eru upp undir 600 þús. kr., sem ætlazt er til, að niður falli, og sykurtollurinn gengur ekki nema 4,2 inn í vísitöluna, en ég hygg þó, að það hafi áhrif á vísitöluna, þó minna sé. Þó að sykurtollurinn sé hér hár, þá er miklu minni álagning á honum heldur en á hveitinu, að ég hygg, þó að undarlegt sé. Ég hef ekki fengið upplýsingar um það hjá verðlagsn., hvað álagningin á sykurinn er mikil. (**SÁÓ:** Hún mun vera um 20—30%). Mér telst því svo til, að ef þessar till. yrðu samþ., mundu þær koma til með að hafa þau áhrif á vísitöluna, að hún lækkaði upp undir 2½ stig.

Í sambandi við þessar umr. vil ég beina því til ríkisstj., að ég sé ekki annað en að það sé full ástæða til þess að athuga að nýju þann grundvöll, sem er fyrir þessari kaupvísitölu, sem nú gildir. Hvaða ástæða er til þess t. d. að láta það hafa áhrif á vísitöluna, þó að biómiðar hækki, strætisvagnafargjöld hækki, dýrara verði að fara í sumarfrí, áfengi hækki o. s. frv.? Grundvöllur fyrir vísitölunni getur ekki verið annað en það, sem eru brýnustu lífsþarfir. Ég skýt þessu fram til athugunar, hvort ekki væri rétt að athuga þennan grundvöll. Ég er hv. þm. Hafnf. sammála um það, að allt það, sem er umfram lífsnauðsynjar, þurfi að falla burtu við ákvörðun vísitölunnar.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Af því að þessari brtt. er útbýtt á fundinum, þá vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að þetta er ekki aðeins bráðabirgðaákvæði, heldur er það beinlínis tímabundið. Það er verulegt atriði, að þessi breyt. fellur í burtu í árslok 1942, en þá kemur það til kasta Alþ., hvort það vill halda þessu áfram. Ég vildi aðeins skjóta þessu hér fram. Ég minntist á það í minni fyrstu ræðu, að þessi lækkun á tollinum mundi nema einu stigi til lækkunar á vísitölunni, og það var eftir upplýsingum frá manni, sem ég hélt, að hefði reiknað þetta út með vissu. Annars verð ég að segja það út af ræðu hv. 1. þm. N.-M., að ég tel ástæðu til þess að athuga þann reikning, sem lagður er til grundvallar vísitölunni. Ég hef einu sinni séð nokkuð af þessum reikningum, og ég varð dálítið undrandi yfir því t. d., hvað óhemju mikið smjör var keypt af þessum fjölskyldum, sem þó voru verkamannafjölskyldur. Ég veit, að það hefði þótt mikið á mínu heimili, sem þó er talið að sé í auðmannastétt, að mér hefur skilizt stundum. Þó að ég viðurkenni það, að hinir raunverulegu reikningar séu betri en áætlunarreikningar, þá finnst mér sumt af þessu óþarflega hátt reiknað.

Ég er hv. 1. þm. N.-M. sammála um það, að það beri aðeins að taka tillit til þess, sem eru lífsnauðsynjar, við ákvörðun kaupvísitölunnar, og ég er því meðmæltur, að það verði tekið til athugunar.

Ég vil aðeins út af brtt. hv. 11. landsk. taka það fram, að ég er ekki að andmæla henni sérstaklega, en n. vildi ekki taka tillit til hennar frekar en annarra brtt., sem fyrir liggja. N. telur rétt að láta atkv. eingöngu skera úr um þessa brtt. eins og allar hinar.

***Jóhann Jósefsson:** Ég tek eftir því í brtt. á þskj. 470, að þeirri breyt., sem þar er ætlazt til að gera á tolllögunum, er aðeins ætlað að ná til ársloka 1942. Ég skil það svo, að aðeins sé um þær breyt. að ræða, sem á því þskj. eru, en ekki frv. sjálft, heldur séu það tímabundnar breyt., sem þar eru.

Út af þeim umr., sem hér hafa orðið vegna þess, hvernig undirstaðan er fundin undir því, sem kallað er dýrtíðarvísitala, vildi ég aðeins segja það, að hér hefur verið talað bæði af hv. 1. þm. N.-M. og öðrum hv. þm. við stjórnina, en hér er engin stjórn til þess að hlusta á. Mér finnst vera hreyft við nokkuð mikilvægu atriði, þegar rætt er, á hvaða grundvelli útreikningur hinnar svo kölluðu vísitölu skuli byggður, sem á að vera leiðarvísir og mælikvarði á svo fjarska marga hluti í þessu landi. Ef viðkomandi ráðh. hefði verið hér staddur, þá hefði ég látið mér nægja að taka undir með þeim, sem hér hafa talað um þetta efni, en svo er nú ekki. Mér virðist, að hér þurfi eitthvað meira við til þess að koma hreyfingu á þetta mál, og það liggi eiginlega næst, úr því að hæstv. stjórn er ekki viðstödd og enginn, sem getur lofað neinu fyrir hennar hönd, að gerð sé ályktun um þetta atriði, sem hv. þm. hafa vikið hér að í sínum ummælum. Það hlýtur öllum að vera ljóst, hve afskaplega það getur skekkt allan útreikning, —

eins og mér hefur virzt koma fram í ræðum hv. þm. —, að teknir skuli með ýmsir óþarfir hlutir, sem alls ekki geta talizt til lífsnauðsynja, og hins vegar, ef lítil gagnrýni er höfð á því, hvað mikið af lífsnauðsynjum er talið þurfa til heimilis. Ég vil beina því til þeirra hv. þm., sem hafa hreyft þessu máli, hvort ekki muni vera nauðsyn á, að Alþingi gerði einmitt á þessum tímum gagngerðar ráðstafanir til þess að fá sem réttastan grundvöll fyrir útreikningi vísitölu, m. ö. o., að Alþingi legði það fyrir hlutaðeigandi ráðh. með viðeigandi ályktun, að hann hlutaðist til um þessi mál, en láti það ekki algerlega á vald stjórnarskrifstofu eða hagstofunnar að taka með í þennan útreikning þá hluti, sem eru algerlega óþarfir að sanngjörnum dómi Alþingis, eða allt of mikið af því, sem annars er nú þarft, en verður eins og annað að hafa takmarkaða notkun á. Maður veit, hvaða áhrif það hefur á allan rekstur, bæði hins opinbera og einkarekstur í landinu, ef þessi loftþyngdarmælir athafnalífsins í landinu, loftþyngdarmælirinn, sem við köllum vísitölu, er ekki byggður á sanngjörnum útreikningi. Mér virðist þess vegna vera fullkomin ástæða til að taka þetta til gaumgæfilegrar íhugunar, og það mjög fljótlega, áður en þinginu lýkur.

ATKVGR.
Brtt. 183 samþ. með 8:4 atkv.
— 470 samþ. með 10:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., 14. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 498).
Á 60. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 14. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 498, n. 740).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23:2 atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Frv. þetta er komið hingað til d. frá hv. Ed. Það var flutt þar af fjhn. þeirrar d., sem samkvæmt beiðni hæstv. fjmrh. Ed. gerði þá breyt. á frv., að hún bætti við það einni grein, sem var um það, að afnema toll af nokkrum kornvörutegundum til ársloka 1942 og enn fremur að lækka um helming toll af sykri.
Fjhn. þessarar hv. d. hefur tekið úr því þetta atriði, um tollalækkunina á kornvörum og sykri, og gert till. um, að heimild til þeirrar tollalækkunar yrði sett í frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, og það mál er nú einnig á dagskrá þessa fundar.
Samkv. því leggur n. til, að þessi grein, sem sett var í þetta frv. í hv. Ed., verði felld niður, en í staðinn komi ákvæði í 4. gr. um gildistöku laganna, sem áður vantaði í frv., og er þessi brtt. n. í nál. á þskj. 740.
Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt.

Ísleifur Högnason: Vegna þessarar breyt., sem síðasti ræðumaður var að geta um, ætla ég að benda á það, að í frv. því, sem var aftur til 3. umr. í morgun, er ríkisstj. veitt heimild til að fella burt toll af nokkrum kornvörutegundum og lækka toll af sykri.
Af undangenginni reynslu af því, hvernig hæstv. ríkissj. eða fjmrh. notar slíkar heimildir, þá lízt mér ekki á að fella niður þetta ákvæði úr lögunum. Þetta þarf að vera bindandi, en eins og ég sagði áðan, er hér aðeins um heimild að ræða.
Ég mun því greiða atkv. gegn því, að þetta verði tekið burt úr frv. því, sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 740 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 16:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 16. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 755).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 83. fundi í Ed., 17. júní, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 778).

---

87. Ófriðartryggingar.

Á 49. fundi í Ed., 2. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um **ófriðartryggingar** (þmfrv., A. 327).

Á 50. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta frv. er flutt af allshn. fyrir tilmæli hæstv. atvmrh. og er

allmikill lagabálkur. Ég hafði búizt við, að hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því sjálfur. Það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur, að það er svo skammt síðan frv. var útbýtt, og n. flutti það án þess að hafa lesið það yfir, að það hefur ekki gefizt tóm til þess að lesa það yfir, og því síður til þess að ræða það af nokkurri gagnrýni og þekkingu.

Ef hæstv. atvmrh. er hér ekki viðstaddur, þá hefði ég lagt til, að málið yrði tekið út af dagskrá.

Páll Zóphóníasson: Mér skildist á hv. frsm., að n. mundi athuga frv. áður en það kæmi fyrir aftur. Hvort sem það verður gert eða ekki, vildi ég benda á eitt atriði, sem ég held, að þurfi að taka til athugunar.

Ég sé, að í 1. gr. er gert ráð fyrir að miða við brunabótamatið, sem er vafalaust rétt. Hins vegar er á það að líta, að Brunabótafélag Íslands veitti í sumar heimild til þess að hækka matið um 60%. Þetta hafa um 1000 húseigendur notað sér, en hinir ekki. Er þess vegna komið mikið ósamræmi í brunabótamatið. Í Reykjavík var þetta ekki gert. Hins vegar hafa sumir látið meta á ný. Til eru líka hús, sem ekki hafa verið metin síðan um aldamót. Vegna þessa ósamræmis álít ég dálítið hæpið, hvort hægt er að miða við matið eins og það nú er.

Á þetta vildi ég aðeins benda og biðja n. að athuga nánar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 327, n. 537).

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Þegar þetta frv. var fyrst til umr. hér í d., gat ég ekki verið viðstaddur og þess vegna ekki gert grein fyrir málinu. Nú hefur hv. frsm. allshn. orðað við mig, að honum þætti eðlilegt, að ég við þessa umr., þó að það sé 2. umr., gerði með örfáum orðum grein fyrir höfuðatriðum frv., og þó að þetta sé að sönnu nokkuð óvanaleg málsmeðferð, þykir mér rétt að gera þetta, þar sem frv. er flutt að minni tilhlutan og hér er um mjög veigamikið málefni að ræða. En þar sem ég geri ráð fyrir, að hv. dm. hafi athugað málið, síðan það var til 1. umr., og með því að allshn. hefur athugað það gaumgæfilega, mun ég að sjálfsögðu ekki víkja að nema höfuðatriðum málsins.

Eins og 1. gr. ber með sér, er það tilgangur l. að stofna hér ófriðartryggingu, þ. e. stj. taldi, að ófriðarástandið í umheiminum gæfi tilefni til að óttast, að einhverjar þær athafnir kynnu að verða hér á landi, sem mundu valda skemmdum eða tjóni á eignum manna, hvort heldur væru fasteignir, vélar eða vörur. Og eftir að hafa rannsakað málið, taldi stj. ekki aðra leið eðlilegri til að draga úr þeim örðugleikum, sem einstaklingar kynnu að verða fyrir af þessum ástæðum, en að bera fram þær till. um samtryggingu á þessari áhættu, sem felast í því frv., sem nú er hér til umr.

Eins og segir í grg. frv., var það Ásgeir Þorsteinsson, forstjóri Samtryggingar íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, sem leiddi fyrst athygli stj. að þeirri nauðsyn, sem hér kynni að vera fyrir hendi. Og eftir að stj. hafði athugað hans uppástungu, fól hún honum ásamt Brynjólfi Stefánssyni, forstjóra Sjóvátryggingarfél. Íslands, forgöngu í málinu, en vegna veikindaforfalla gat Brynjólfur Stefánsson ekki haft mikil afskipti af málinu, en aðrir sérfræðingar komu í hans stað, svo að aðalmaðurinn við undirbúning málsins var fyrsti hvatamaður þess, Ásgeir Þorsteinsson. Stj. hefur gert till. um efnið, en sérfræðingar hafa hins vegar séð að sumu leyti um formið og að sumu leyti um það, sem sérfræðilega kunnáttu þurfti til.

Höfuðefni frv. er það, að setja skal á fót stofnun til þess að standa straum af tjóni af völdum hernaðaraðgerða í landinu á fasteignum og lausafé landsmanna. Skal þessi stofnun starfa í þrem deildum. Skal ein vera fyrir fasteignir, önnur fyrir vélar og tæki og sú þriðja fyrir vörubirgðir.

Það er skylt að tryggja hjá Ófriðartryggingunni allar húseignir í landinu og önnur mannvirki, og verða sett ákvæði um það af atv.- og samgmrh., hvað telja skuli tryggingarskyld mannvirki.

Í öðru lagi er skylt að tryggja allar vélar og verkfæri undir nánar tilteknum kringumstæðum, eins og getið er um í 3. kafla l.

Hvort tveggja þetta, sem 2. og 3. kafli fjallar um, er öllum skylt að tryggja og greiða visst árgjald fyrir, ef til þess kemur, að stofnunin tekur til starfa, en það gerir hún ekki, nema hér verði tjón svo að verulegu nemi, en ef um smátjón verður að ræða, þá er gert ráð fyrir, að bætur fyrir það verði heldur greiddar úr ríkissjóði en farið verði að setja slíkt bákn af stað, því að það verður vandkvæðum bundið og ýmis fyrirhöfn í kringum það.

Gert er ráð fyrir, að þeir, sem eru eigendur fasteigna og véla, standi straum af þeim kostnaði, sem yrði samfara skaðabótagreiðslum samkv. þessum l. Þetta er þó vissum takmörkunum háð, nefnilega þeim, að hámark iðgjalda má aldrei verða meira en 10% af heildarverði þess vátryggða. Af iðgjöldum fasteigna má aldrei innheimta meira en 1% á ári af vátryggingarupphæðinni, en af vélum og tækjum má innheimta allt að 2% á ári. Þessi munur, sem þarna er gerður, stafar af því, að fasteignir hafa varanlegra gildi heldur en vélar og tæki og því eðlilegt, að það árlega gjald af vélum og tækjum sé meira en af mannvirkjum.

Ef þessar iðgjaldagreiðslur nægja ekki til að bæta það tjón, sem verða kann, þá er gert ráð fyrir, að greiddar verði bætur úr ríkissjóði, þó eftir því, sem fé er veitt til þess á fjárl. Hugsanlegt er, að hér gæti orðið svo mikið tjón, að iðgjöld hrykkju ekki til að bæta það, og það gæti líka orðið svo stórvægilegt, að ríkissjóður væri ekki heldur fær um að bæta það. Án þess að ég fari lengra út í þá sálma eða fari að láta í ljós neina sérstaka bölsýni, þá vil ég aðeins geta um þessa hugmynd, að það gæti komið til kasta ríkissjóðs, sem þá kæmi sem nokkurs konar bak-

trygging, eftir að tæmdir væru þeir möguleikar, sem 7. gr. 2. kafla og 15. gr. 3. kafla gera ráð fyrir.

Svo eru ákvæði um það, eftir hvaða reglum bætur eiga að fara fram. Það er almenn regla, að það er ekki bætt nema að nokkru leyti eftir að tjón hefur verið sannað. Það er tekið tillit til veðhafa, og eins er reynt að sjá fyrir, að hvorki falli niður greiðsla á vöxtum eða tilskildum afborgunum þeirra eigna, sem fyrir skaða verða, eða skuldum, sem hvíla á þeim eignum, sem fyrir skaða verða, allt eftir nánari reglum, sem ég sé ekki ástæðu til að fara út í.

3. kaflinn fjallar um vörutryggingar. Hann lýtur öðrum lagafyrirmælum, því að þeim, sem vörur eiga, er ekki ætlað, eins og eigendum húsa og véla, að standa undir iðgjaldagreiðslum, heldur er það hugsað á þá leið, að ef til ófriðartjóns kemur, sé lagt innflutningsgjald á allar vörur, sem fluttar eru til landsins, og einnig útflutningsgjald á allar vörur, sem fluttar verða frá landinu. Það er kallað í frv. að leggja aukaverðtoll á allar innfluttar vörur og sérstakt útflutningsgjald á allar útfluttar vörur. Gjaldi þessu, sem ekki má nema meira en 2 af hundraði af verði varanna, sbr. 19. gr., skal verja til þess að bæta tjón á vörubirgðum og öðru lausafé landsmanna innan lands, sem hlýzt af hernaði í landinu, sbr. 29. gr., að því leyti, sem þessir fjármunir eru ekki tryggðir á annan hátt fyrir slíku tjóni. Stj. gat ekki fundið aðra leið heppilegri til þess að bæta slíkt vörutjón, því að ef nú þegar hefði verið byrjað á að leggja skatt á — við skulum segja innflutningsgjald — og safna í sjóð, þá hefði það í raun og veru orðið skattur á neytendur, og engin leið, ef ekkert tjón hefði orðið, að úthluta honum rétt, svo að sá fengi, sem greitt hefði.

Í 20. gr. er ákvæði um það, að frá matsupphæð tjónsins dragist ¼ hluti, þó svo, að frádrátturinn nemi eigi hærri upphæð en 5000 kr. hjá sama manni eða fyrirtæki. Ég sé, að n. hefur ekki viljað fella sig við þetta, en leggur til, að mér skilst, að ekki megi draga frá nema 1/20 hluta, og get ég vel sætt mig við þá till. Það hafði að vísu verið eitthvað minnzt á það, áður en gengið var frá frv., að það gæti verið nokkuð hart að gengið gagnvart þeim, sem vörurnar ættu, en n. hefur þá einnig tekið að sér með sinni till. að sjá fyrir umbótum á því, og er ég því samþykkur.

Þá hefur n. gert veigamiklar brtt. við þennan kafla um, að það skuli vera meginregla varðandi skaðabætur, ef til tjóns kemur, að ekki séu greiddar nema hálfar bætur, nema því aðeins, að sá aðili, sem fyrir skaða varð, færi sönnur á, að það baki honum fjárhagslega veruleg óþægindi, eða eins og n. orðar það, að hann færi sönnur á, að hann muni bíða stórfelldan fjárhagslegan hnekki, ef hann fær ekki útborgaðar frekari bætur en að framan greinir, og sé þá heimilt að greiða meiri bætur og jafnvel bæta tjónið að fullu, sérstaklega ef ætla má, að ekki sé unnt með öðru móti að afla nýrra birgða nógu fljótt. Ég er þessari brtt. eindregið mótfallinn. Það verður að vera almenn regla, þegar um er að ræða tjón á vörubirgðum, að aðili fái það bætt þegar eftir að tjónið hefur verið sannað, eins og sala hefði farið fram. Ég hygg, að menn verði að viðurkenna, að kaupsýslumenn hafi yfirleitt ekki það ríflegt rekstrarfé, að þeir megi við því, ef slíkt tjón ber að höndum, að fastsetja kannske árum saman helming þess fjár, sem þeir eiga í vörubirgðum. Það var eftir gaumgæfilega athugun, að stj. ákvað að bera þetta ákvæði fram eins og það er í frv., að bætur skyldu greiðast þegar eftir að tjón væri sannað, hvað þennan flokk áhrærir. Um þennan kafla gilda sömu ákvæði og 2. og 3. kafla, að ef tjón yrði svo stórkostlegt, að ekki þætti fært að bæta það með þeim tekjustofnum, sem gert er ráð fyrir í frv., þá er ætlazt til, að ríkissjóður standi þar á bak við, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárl. á hverjum tíma.

Ég held, að ég sjái þá ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég man ekki til, að í kaflanum um almenn ákvæði sé neitt, sem ástæða er til að ræða um eða skýra, en það kemur kannske fram við umr., og ef eitthvað er, sem hv. þm. eða n. þætti ástæða til að fá nánari skýringu á, mun ég reyna að uppfylla það. Ég held, að ég þurfi ekki að taka fleira fram um till. n. Ég geri mig ánægðan með þær allar nema þá, sem varðar bætur fyrir tjón á vörum.

*Frsm. (Magnús Gíslason): Hæstv. atvrmh. hefur í ræðu sinni gert ýtarlega grein fyrir efni og innihaldi frv., undirbúningi málsins og hvað fyrir n. vakti, er hún ákvað að bera slíkt frv. fram hér á þingi. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þá hlið málsins, en skal eingöngu ræða um afstöðu allshn., sem um málið hefur fjallað, til frv. í heild og eins þeirra breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv.

Það var ekki lítið vandamál fyrir n. að mynda sér skoðun um þetta frv., vegna þess að hér er um algert nýmæli að ræða og ekkert hliðstætt dæmi til í okkar löggjöf. Það munu hafa verið sett slík ákvæði í löggjöf annarra þjóða nú í seinni tíð, m. a. í Svíþjóð og Finnlandi, en n. hafði ekki tök á að afla sér neinna gagna, sem upplýst gætu, hvernig slíkum tryggingum er þar fyrir komið. Hins vegar hafði n. tal af sérfróðum mönnum í tryggingarmálum, sem stj. hafði kvatt sér til aðstoðar til þess að undirbúa málið, og hefur fengið ýmsar skýringar hjá þeim mönnum um ákvæði, sem hún taldi mest orka tvímælis, og hefur þetta að vissu leyti létt störf n.

Það fyrsta, sem n. reyndi að gera sér grein fyrir, var það, hvort nauðsyn væri á að setja l. eins og þessi. Komst hún brátt að þeirri niðurstöðu, að eins og horfir nú með stríðið, einkum í seinni tíð, og með því að annar stríðsaðilinn hefur talið sér nauðsynlegt að hertaka landið og fá hér aðstöðu til sóknar og varnar og hinn aðilinn hefur lýst hafið í kringum land okkar hernaðarsvæði, þá mætti búast við, að til átaka kynni að koma hér, þó að við vonum í lengstu lög, að slíkt komi ekki fyrir, en af því gæti leitt stórkostlegt tjón á eignum manna hér á landi. En þegar þetta er athugað, þá er um tvennt að velja, annaðhvort að láta þá, sem fyrir tjóninu verða, bíða það bótalaust eða setja löggjöf, sem

gerði mönnum mögulegt að tryggja eignir sínar gegn tjóni vegna hernaðar, því að eins og kunnugt er, geta menn ekki fengið eignir sínar tryggðar gegn slíku tjóni nema að því er snertir skip. Þá var það, að stj. komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að dreifa þessari áhættu yfir á alla landsmenn, þannig að tjónið yrði ekki eins tilfinnanlegt fyrir hvern einstakling eins og annars mundi verða. N. hefur fallizt á, að þessi skilningur væri réttur. Það er útlit fyrir, að ef til slíks kæmi, gætu margir orðið öreigar af þeim ástæðum, og þá er líklegt, að veðskuldir, sem hvíldu á eignum manna, sem þannig glötuðust, yrðu lítils virði, og gæti af því leitt stórfellt tjón fyrir banka og aðrar lánsstofnanir í landinu, sem kæmi svo óbeint niður á landsmönnum aftur, og það mundi hafa í för með sér, ef um mikið tjón væri að ræða, svo mikla truflun á fjárhagslegu lífi landsmanna, að til stórkostlegra óþæginda og til stórkostlegs almenns tjóns gæti leitt. Fyrir því hefur n. fallizt á, að þessi meginhugsun sé rétt. Vill hún því láta frv. ganga fram með þeim breyt., sem hún leggur til, að gerðar verði við það. Þó eru fleiri atriði í frv., sem henni virtist orka tvímælis, hvort rétt væri að láta standa óbreytt í frv., svo sem 4. gr., sem n. hefur ekki borið fram brtt. við, en hún er um það, að landið skuli vera allt eitt tryggingarsvæði, en ráðuneytið ákveða með reglugerð eða auglýsingu skiptingu fasteignanna í áhættuflokka með mismunandi iðgjöldum. Sú hugsun gæti líka verið rökrétt og afleiðing af þeirri stefnu, að allir landsmenn skuli taka þátt í að bæta tjónið, að iðgjöldin skuli vera þau sömu um allt land. Það má segja, að áhættan sé mismunandi á landinu, og því verður ekki neitað, að hún virðist vera mest þar, sem sá styrjaldaraðili, sem hefur fótfestu í landinu, hefur viðbúnað, en ef um innrás í landið yrði að ræða, er ómögulegt að vita, hvar tjónið yrði mest. N. hefur samt ekki hróflað við þessu ákvæði, en telur sjálfsagt, að ríkisstj. hafi athugað þetta vel og talið sanngjarnt, að áhættan væri ekki alls staðar jöfn, hvar sem er á landinu.

Þá vil ég minnast á 23. gr. frv., sem n. hefur ekki heldur gert brtt. við, en var allrækilega rætt um í n. Þessi gr. er um það, að ef svo stórkostlegt tjón verður, að ekki er hægt eða eigi þykir fært að bæta það að fullu samkv. fyrirmælum 20. gr., þá skuli það bætt að því, sem á vantar, úr ríkissjóði, eftir því sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

Það, sem n. þótti einna varhugaverðast við þessa gr. frv., var það, að hér er tekin á ríkissjóð ótiltekin ábyrgð á að greiða allt það tjón, sem ekki verður bætt á þann hátt, er ég gat um áðan, og að það kunni að verða um svo mikið tjón að ræða, að þetta yrði e. t. v. ókleift eða a. m. k. örðugt fyrir ríkissjóð að inna af hendi. N. hefur ekki enn borið fram brtt. á þessari gr., en hefur haft til athugunar að bera fram brtt. við 3. umr., og mun þá fara í þá átt, að þetta stæði opið eða óafgert í þessum l., en síðar kveðið á með l., hvort eða hvenær slíkt yrði bætt og að hve miklu leyti.

Þær till., sem hér eru skráðar á þskj. 537, eru í raun og veru allar, nema tvær, þ. e. till. undir 8. og 10. lið, orðabreyt. eða breyt., sem raska ekki neitt verulega efni frv., og skal ég ekki rekja það nánar. Fyrsta brtt. er við 6. gr., að 1. málsgr. verði felld niður. Stafar það af því, að sams konar ákvæði er í kaflanum um almenn ákvæði, 6. kafla, og einnig í 20. gr., í kaflanum um lausafjártrygging, sem er óþarft að standi víðar en á einum stað. Þess vegna hefur n. lagt til, að þetta verði fellt niður úr 6. gr. og 2. málsgr. 20. gr. verði einnig felld niður.

Næsta brtt. er við 7. gr. og er aðeins orðabreyt. Upphaf gr. hljóðar svo í frv.: „Bætur, vextir og afborganir samkv. 6. gr.“ o. s. frv., en n. leggur til, að á eftir orðinu „bætur“ komi: þar með taldir vextir og afborganir, — því að það er auðvitað hluti af bótunum.

3. brtt. er við 9. gr., að á eftir orðunum „Ráðuneytið ákveður“ í 5. lið 2. málsgr. komi: að fengnum till. tryggingarsjóðs. — Þ. e. a. s., að ráðuneytið ákveður, hverjar bætur skuli greiddar, en þó ekki upp á sitt eindæmi. Þótti n. þetta réttara, með því að það getur haft verulega fjárhagslega þýðingu fyrir þá, sem verða fyrir tjóni, hvort eitthvað eða ekkert verður dregið af bótum, þegar mannvirki verða ekki endurreist.

Á 10. gr. vill n. gera þá breyt., að í staðinn fyrir orðin „eða fullnægjandi tryggingar“ komi: enda sé réttur veðhafa að fullu tryggður. — Frv. gerir ráð fyrir, að ef einhverjar upplýstar kröfur hvíla á fasteign, sem orðið hefur fyrir tjóni, skuli eigandanum greiða bætur, og enda þótt þinglýstar veðskuldir séu, ef eignin er endurreist eða fullnægjandi tryggingar hafa verið settar fyrir kröfum. Þessu vill n. breyta. Ég hygg, að fyrir þeim, sem sömdu frv., og n. vaki sama hugsun, að þótt heimilað sé að greiða ekki út bætur, sé ekki meiningin, að veðhafi eigi ekki samt sem áður að vera tryggður að fá sínar veðkröfur greiddar. En það verður skýrara og ákveðnara að taka upp orðalag n. í þessari brtt.

5. brtt. fer í þá átt, að 12. gr., um tilkynningu á ófriðartjóni, falli niður. Sams konar ákvæði er einnig sett í 21. gr. frv. að því er snertir lausafjártryggingu. Þessi ákvæði, sem eru almenns eðlis, er réttara að hafa í almennum kafla heldur en á tveimur stöðum hér inni í sjálfu frv. Leggur n. til, að þessi ákvæði 12. og 21. gr. verði tekin upp í önnur ákvæði. Þá hefur n. lagt til, að fyrirsögn IV. kafla. „Vörubirgðatryggingin“, verði: Lausafjártryggingin, — af því að vörubirgðir eru auðvitað lausafé og kaflanum er ætlað að ná til tryggingar á öllu lausafé í landinu, bæði vörubirgðum og öðru.

Við 18. gr. hefur n. viljað gera 2 brtt. Gr. heimilar ríkisstj. að leggja aukaverðtoll á allar íslenzkar vörur, til þess að bæta ófriðartjón, sem verða kann á vörubirgðum eða öðru lausafé í landinu, sem ekki telst til véla og tækja samkv. III. kafla, eins og stendur í frv. En í III. kafla er gert ráð fyrir, að vélar og tæki, sem ekki eru 2 þús. kr. virði, verði ekki tryggt sem þar segir. En þá verður að ganga út frá, að meiningin sé, að slíkar vélar og tæki, eins og hvert annað lausafé, verði tryggt eins og samkv. IV. kafla frv. Og til þess að taka af öll tvímæli um

þetta, vill n. breyta orðalaginu þannig: sem ekki er tryggt samkv. III. kafla þessara l.

Í sömu gr. er brtt. um það, að í staðinn fyrir orðið „aukaverðtollur" skuli koma: aukagjald. — Segja mætti, að það væri sama, hvað gjaldið er kallað. En það er alveg víst eftir grg. frv., að ætlazt er til, að þetta 2% gjald sé lagt á allar þessar vörur, sem til landsins flytjast. En nú eru allmargar vörutegundir, sem enginn verðtollur er greiddur af, og gæti því orðið „aukaverðtollur" misskilizt.

Þá kemur breyt. við 20. gr., sem er veruleg efnisbreyt. Frv. gerir ráð fyrir, að frá matsupphæð tjónsins á vörubirgðum og lausafé skuli ávallt dreginn einn fjórði hluti, þó svo, að frádrátturinn nemi eigi hærri upphæð en 5 þús. kr. hjá sama manni eða fyrirtæki, þannig að af öllu lausafé upp í 20 þús. kr. virði skuli dregið frá allt að 5 þús. kr., en af því, sem þar er fyrir ofan, skuli ekkert dregið frá. N. þótti ekki rétt að láta þetta ákvæði haldast, m. a. fyrir þá sök, að oft mundi erfitt að fá úr því skorið, hvert hið raunverulega tjón væri, sem maður hefði orðið fyrir við það, að slík eign hefði skemmzt eða eyðilagzt. En n. þótti fullviðurhlutamikið gagnvart smærri verzlunarfyrirtækjum í landinu, ef þessi regla gilti um vörubirgðir, með því að tjón gæti orðið mjög tilfinnanlegt fyrir mann, sem ætti aðeins 20 þús. kr. í vörubirgðum eða minna og fengi ekki bætt nema að þrem fjórðu hlutum. Auk þess, sem það er vitanlega fullkomið misrétti í því, að vörubirgðir, sem eru miklu verðmætari, t. d. 100 þús. eða ein milljón, skuli samt vera bættar að fullu.

Þá er eftir að minnast á brtt. við 22. gr., sem mér skildist á hæstv. ráðh., að hann gæti engan veginn fellt sig við. Till. er allviðtæk. Í frv. er gert ráð fyrir, að tjón á „öðrum lausafjármunum en vörubirgðum" skyldi að jafnaði ekki bætt nema að hálfu; m. ö. o., tjón á vörubirgðum skyldi bætt að fullu strax eftir að uppgerð hefur farið fram. N. fannst þetta í of mikið ráðizt um almenna skyldu ófriðartrygginga. Í frv. er gert ráð fyrir því, að það gjald, sem á að notast til að bæta þetta tjón, verði ekki innheimt fyrr en tjónið er orðið. Það hlýtur því að fara svo, þegar Ófriðartryggingin tekur til starfa, að hún hefur sáralítið fé fyrir hendi að greiða nokkurt tjón. Ef ætti þá að fara eftir þessum fyrirmælum frv., yrði að taka lán til þess. Það gæti orðið þegar í byrjun svo stórfellt tjón, að erfitt yrði að fá lán, sem nægði. Gæti því þetta ákvæði, að dómi n., orðið óframkvæmanlegt í fyrstu, eða þangað til liðinn væri svo langur tími, að nokkurt verulegt fé hefði safnazt af inn- og útflutningsgjöldum. Auk þess sýnist það ekki vera í öllum tilfellum nauðsynlegt að bæta tjón að fullu þegar í stað. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir því, að banki, sem hefur lánað út á þessar vörubirgðir, þurfi ekki að fá þetta greitt þá þegar. Það er gert ráð fyrir því í frv., sem við höfum tekið óbreytt upp í till., að veittur sé gjaldfrestur með þær skuldir, sem hvíla á vörubirgðum. Og það sýnist ekki ástæða fyrir Ófriðartrygginguna að bæta það þegar, a. m. k. er gert ráð fyrir því í frv., að bankanum verði veittur slíkur gjaldfrestur. Í öðru lagi má ganga út frá því, að til séu svo efnum búnir menn, að þeir þurfi ekki að bíða verulega stórfellt tjón fjárhagslega við það að geta ekki fengið tjón sitt bætt þegar í stað. Það, sem ég hygg, að vakað hafi fyrir þeim, sem frv. sömdu, og kom fram í viðtali við þá menn, sem n. ræddi þetta við, var það, að það gæti orðið svo erfitt að fá vörubirgðir í skarðið frá útlöndum, og væri því nauðsyn að greiða bætur þegar í stað. Og það eru vissulega mikil rök í þessu fólgin. En við gerum líka ráð fyrir því, að þetta tjón megi bæta fyllilega, sérstaklega þegar svo stendur á, að ekki er hægt að fá vörur í skarðið nema tjónbætur séu allar greiddar þegar í stað. Ég held nú, að mismunur á frv. og till. sé ekki eins ýkjamikill eins og í fljótu bragði kann að virðast, vegna þess að heimildin er alltaf fyrir hendi, ef tryggingin er á annað borð fær um það. En viðvíkjandi innlendu vörubirgðunum vil ég taka fram, að þetta ákvæði á einnig að ná til þeirra. Það er ekki víst, að nauðsynlegt sé að bæta þessar birgðir í krónutali þá þegar. En það þarf að vera alveg tryggt, að framleiðendur fái svo mikið greitt, að þeir geti haldið atvinnurekstri sínum áfram óhindrað.

Loks er hér 11. brtt., sem ég hef minnzt á, ákvæðið, sem á að koma í almennum kafla, en var á tveimur stöðum í frv.

Ég vil svo ekki fjölyrða um málið, en vænti þess, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, því að það er álit n., að það sé nauðsynlegt mál og eigi að vera í sem líkustu formi og n. hefur lagt til.

Páll Zóphóníasson: Við 2. umr. þessa máls minntist ég á, að iðgjöldin mundu koma til með að liggja mjög misjafnt á húseigendum, vegna þess að brunabótamat okkar er mismunandi. Bað ég n. að athuga, hvort hún sæi ekki leið til að láta meta til brunabóta á ný ýmsar fasteignir, til að fá meiri jöfnuð á. Við vitum, að Brunabótafélag Íslands setur mönnum í sjálfsvald, hvort hækkað sé matið um 60% eða ekki, og við vitum, að um þúsund menn hafa gert það. Hitt vitum við og, að allmargir hafa látið fara fram nýtt mat á húsum sínum hér í Reykjavík. Þess vegna er óskaplega misjafnt brunabótagjald á fasteignum eftir verðmæti. Ég vil biðja hv. n. enn á ný að athuga, hvort ekki séu möguleikar á að samræma þetta, jafnvel, ef með þarf, með því að láta fara fram nýtt mat á þeim húsum, sem ekki hefur alveg ný virðing farið fram á nýlega.

Ég skil vel bæði sjónarmiðin, sem hv. frsm. minntist á, þegar hann talaði um 4. gr., og er mjög ánægður við ríkisstj. fyrir að taka þetta sjónarmið. En af því að hæstv. atvmrh. er í d., langar mig til að vita, hvort ríkisstj. hefur hugsað sér, hve mikill munur ætti að vera á iðgjöldum. Ég geri ráð fyrir, að hún sé ekki búin að hugsa það, hvernig áhættusvæðin verða, en ég get búizt við, að stj. hafi eitthvað talað um sín á milli, hve mikinn mun hún hugsar sér á því svæði, sem borgar hæst, og því, sem borgar lægst.

Þá er það ein brtt. n., sem ég tel varhugaverða, sú 11., og leyfi mér að koma með brtt.

við hana. Þessi 11. brtt. segir: „Tjón skal tilkynna Ófriðartryggingunni áður en vika er liðin frá því er það varð.“ Ég álít þennan vikufrest allt of stuttan. Að vísu eru ekki margir menn — en þeir eru þó til — úti um landið, sem eiga hús í Reykjavík og kynnu að vera fjarri öllum símasamböndum og fá kannske póst einu sinni í mánuði. Að vísu mun mega segja, að þessir menn eigi að hafa umboðsmenn, sem geti tilkynnt, — því að hér er hættan mest. En mér er persónulega kunnugt, að sumir hafa engan umboðsmann. Þess vegna hef ég viljað gera þá brtt.: Tjón skal „að jafnaði“ tilkynnt. — Þá getur tryggingin gengið eftir því, að ákvæðinu sé fullnægt hjá fjöldanum; en þegar óviðráðanleg atvik hamla, megi fresturinn vera lengri laganna vegna.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Út af framsöguræðu hv. frsm. allshn. þykir mér ekki ástæða að gera neina aths. aðra en þá einu, er varðar 10. brtt. Hv. frsm. telur, að n. að athuguðu máli hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að með hliðsjón af því, að till. sú, sem orðuð er frá n. hendi, heimilar, að fullar bætur séu greiddar tafarlaust, þá beri ekki svo mikið á milli þess, sem n. leggur til, og hins, sem stj. leggur til, að það þurfi í sjálfu sér að valda ágreiningi. Ég get lýst yfir, að ég er honum sammála um það, að þetta sé hvergi nærri svo mikið höfuðatriði, að nokkuð þurfi að velta á því um ágæti frv. eftir að það er lögfest. En ég vík ekki frá hinu, að ég hef þá skoðun, að sú till., sem ríkisstj. hefur gert, sé eðlilegri. Hv. frsm. benti á það alveg réttilega, að það er náttúrlega full ástæða til að halda, að banki, sem lánar út á svona vörubirgðir, muni líka lána út á kröfur, sem aðili eignast við tjón; og mér þykir mjög sennilegt, að það þætti góð baktrygging gegn lánveitingu. Og þar sem nú aðili á að fá 5% vexti af þessum kröfum sínum, þar til þær eru greiddar, eru þær í sjálfu sér góð eign. Af þessu leiðir, að tafarlaus greiðsla er ekki höfuðatriði fyrir aðila. En ástæðan til þess, að stj. lagði til þessa leið, er sú, að þar sem Ófriðartryggingin á hvort sem er að gjalda vexti af þessu, ef kröfur eru ekki greiddar, og þar sem ætla má, að almenna reglan verði sú, að aðilar þurfi að fá peningana til þess að kaupa nýjar vörubirgðir fyrir þær, sem farizt hafa, þá þótti okkur réttara að láta þetta vera skýlausan kröfurétt fyrir alla upphæðina, heldur en að fara þá leið, sem n. hefur farið og er í samræmi við till. ríkisstj. um skaðabótagreiðslur varðandi II. og III. kafla. Ekki sízt þegar maður athugar þá mildi, ef svo má segja, sem n. hefur sýnt gagnvart kröfuhafa, með því að opna honum heimild til þess að fá bætur greiddar þegar í meira mæli en annars er gert ráð fyrir, ef hann getur fært sönnur á, að hann annars biði mikið tjón. Og ef maður athugar þau vandkvæði fyrir Ófriðartrygginguna að leggja rannsókn á það, um hversu óyggjandi nauðsyn sé að ræða, þá sé eðlilegra að fara þá leið, sem ríkisstj. lagði til. En ég legg ekki kapp á þetta, og það er að vísu ekki aðalatriði um ágæti þessa máls.

Út af fyrirspurn hv. 1. þm. N.-M. um, hvernig stjórnin ætli sér að skipta landinu í áhættusvæði, eða hve há iðgjöld verði heimtuð á einstökum áhættusvæðum, þá er ég ekki við því búinn að gefa upplýsingar um það, þar sem ríkisstj. hefur ekki enn gert sér fulla grein fyrir því, enda orkar tvímælis, hvaða reglum beri að fylgja.

Eins og hv. frsm. vék að, þá er eitt sjónarmiðið það, að þrátt fyrir það, þótt áhættan sé mismunandi á landinu, geti verið ástæða til þess að hafa aðeins eitt iðgjald, þar sem telja megi, að það tjón, sem kynni að verða í Reykjavík, sé alþjóðartjón og því réttlátt, að það sé bætt af öllum landsmönnum jafnt. En hitt sjónarmiðið hefur orðið ofan á, að af því telja megi, að áhættan sé misjöfn, beri að hafa iðgjöldin mismunandi. Að svo komnu máli get ég ekki upplýst, hvernig sú skipting kann að verða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 574) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Magnús Jónsson: Aðeins nokkur orð, því að ég hef ekki kynnt mér þetta umfangsmikla mál svo vel, að ég geti komið fram með ákveðnar aths. En frá formlegu sjónarmiði séð virðist mér, að í stað þess, sem stendur í upphafsorðum 1. gr., „sem ekki er vátryggt á annan hátt eða fæst bætt á öðrum vettvangi“, væri skýrara að segja: „að svo miklu leyti, sem það fæst ekki bætt á öðrum vettvangi“. — Það mætti annars hártoga þetta.

Viðvíkjandi brtt. n. við 20. gr. frv. vil ég skjóta því að, hvort ekki sé rétt að láta bætur fylgja ákveðnum hundraðshluta, einnig þegar um lausafé er að ræða. Við skulum t. d. taka innbú manna. Það virðist ekki réttlátt, að sá, sem lítið innbú á, verði að bera ¼ hluta tjónsins, en sá, sem á innbú og annað lausafé í óhófi, við skulum segja t. d. tvo lúxusbíla og annað lausafé eftir því, eða sem næmi allt að 100 þús. kr., gæti fengið greiddar 95 þús. kr.

Aftur á móti er ég frekar sammála hæstv. atvmrh. um ágreining um 22. gr. Mér finnst, að þar sem n. segir, að eigandi glataðra eða skemmdra vörubirgða skuli færa „sönnur á, að hann muni bíða stórfelldan fjárhagslegan hnekki“ o. s. frv., að það verði erfitt að sækja mál undir þessu orðalagi, og það verður naumast hægt fyrir stjórn Ófriðartryggingarinnar að fella úrskurð um, að viðkomandi hafi beðið stórfelldan fjárhagslegan hnekki. Álít ég betra, að farið væri eftir því, sem frv. sjálft kveður á um.

Viðvíkjandi brtt. hv. 1. þm. N.-M. um, að vikufrestur sé nokkuð knappur, þá virðist mér hans orðalag allt of víðtækt. Með því móti er öllum drætti beinlínis gefið undir fótinn. Helzt væri hægt að gefa einhverja heimild til undanþágu, en mjög þrönga. Ég get því ekki fallizt á brtt. hv. þm. eins og hún er.

*Frsm. (Magnús Gíslason): Út af ummælum hv. 1. þm. N.-M. vil ég geta þess, að n. hafði til athugunar, hvort setja ætti nánari fyrirmæli um brunabótavirðingu, en komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki gerlegt. Hvað snertir

brunabótavirðingu á húsum og fasteignum er mönnum í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja hækka brunabótamatið eða ekki. Það, sem tryggt er í Brunabótafélagi Íslands, er hægt að fá hækkað um 60% eftir heimild, sem félagið hefur gefið, en hinir, sem ekki hafa tryggt þar, verða að fá framkvæmt sérstakt mat á fasteignum sínum, ef þeir vilja fá brunabótavirðinguna hækkaða. Virðist því réttara, þar sem iðgjald til Ófriðartryggingarinnar er allhátt, að mönnum sé í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja láta meta fasteignirnar upp eða ekki.

Brtt. hv. 1. þm. N.-M. held ég, að sé ekki til bóta. Það er mjög þýðingarmikið fyrir Ófriðartrygginguna, að tjón sé tilkynnt sem fyrst, svo að hún geti gert sér grein fyrir þeim kröfum, sem á henni hvíla á hverjum tíma. Þó svo fari, að eigandi tilkynni tjón ekki fyrr en eftir að frestur er útrunninn, missir hann ekki rétt til bóta fyrr en eftir 3 mánuði. Það væri aðeins hægt að sekta hann fyrir dráttinn.

Þá vil ég víkja fáum orðum að því, sem hæstv. atvmrh. sagði, en vísa að öðru leyti til þeirra raka, er ég bar fram við framsögu, að það gæti orðið mjög erfitt fyrir Ófriðartrygginguna að bæta mikið tjón á þeim tíma, þegar hún hefur ekkert handbært fé til þess að greiða með. Og ég vil leggja áherzlu á, að ekki sé nauðsynlegt að bæta innlendar vörubirgðir undireins. Við skulum taka sem dæmi, að mjög mikið af saltfiski eyðileggist, þá er ekki ástæða til annars en að láta þau lán, sem á þeim birgðum hvíla, standa áfram í bönkunum, því að skv. 22. gr. er bankinn skyldur til að veita lánin áfram. Það er engin ástæða til að bæta innlendar vörubirgðir að fullu undireins, aðeins verður að bæta atvinnurekandanum þær að svo miklu leyti, að hann geti haldið atvinnurekstrinum áfram.

Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) minntist á, að orðalagi 1. gr. þyrfti að breyta. N. fannst ekki ástæða til að gera neina brtt. þar að lútandi, enda sé ég ekki í fljótu bragði, að það geti valdið misskilningi. Það er ekki hægt að fá tryggt hér á landi annað en skip gegn ófriðartjóni. Allt annað fæst ekki tryggt. Það, sem átt er við í 1. gr. með þessum orðum: „sem ekki er vátryggt á annan hátt eða fæst bætt á öðrum vettvangi“, er, að ef annar hvor styrjaldaraðilinn yrði að ófriðnum loknum skyldaður til þess að endurgreiða tjón af völdum ófriðarins, er það annar vettvangur, og eignast þá Ófriðartryggingin þær kröfur til bóta.

N. vildi ekki fallast á, að rétt væri að hafa sama frádrátt fyrir lausafé og vörubirgðir, og er ástæðan sú, sem talin er í nál., að það getur verið mjög erfitt fyrir Ófriðartrygginguna að mynda sér skoðun um það, hvers virði það er í raun og veru, sem ferst af húsmunum manna og öðru sambærilegu lausafé. Það væri því ekki nema eðlilegt, að Ófriðartryggingin yrði fyrir skakkaföllum af þeirri ástæðu. Til þess að synda fyrir það er þetta ákvæði sett í frv. — Hvað það snertir, að menn eigi lausafé svo tugum eða jafnvel hundrað þús. kr. skiptir, þá eru ekki mörg dæmi slíks hér á landi. Og af því að hv. 1. þm. Reykv. nefndi lúxusbíla í því sambandi, vil ég benda á, að þeir koma undir ákvæðið um vélar og tæki, en eru ekki taldir sem lausafé. — Það gæti auðvitað komið það tilfelli, að maður ætti mjög verðmætt bókasafn, og væri þá ef til vill ástæða til að bæta það tjón á sama hátt og ýmsar vörur. Viðvíkjandi þeirri breyt., sem n. leggur til, að gerð verði á 22. gr., minntist hv. 1. þm. Reykv. á, að erfitt yrði að færa sönnur á, að eigandi hefði orðið fyrir stórfelldu fjárhagslegu tjóni. Það verður að vera undir mati Ófriðartryggingarinnar komið í hverju tilfelli, hvað hún gerir strangar kröfur til sannana í því efni.

*Magnús Jónsson: Það var aðeins viðvíkjandi orðalagi 1. gr. Væri þá ekki betra að orða það þannig: „sem ekki er vátryggt á annan hátt gegn hernaðartjóni“? Um tryggingu lausafjárins er það að segja, að ég viðurkenni rök n. fyrir mun á lausafé, t. d. innbúi manna, og vörubirgðum, en ég get ekki séð neina sanngirni í því að bæta meiri hluta af dýru innbúi en ódýru. Ég veit um innbú í Reykjavík, sem eru mjög dýr. Það eru dýr bókasöfn, málverk, gólfdúkar o. s. frv., og allt þetta kostar mikið fé. En ég vil segja, að þó það sé mikill skaði að missa slíkt innbú, þá er það að jafnaði ekki tilfinnanlegra tjón fyrir eigandann en fyrir þann, sem lítið á, að missa allt sitt, og mér finnst ekki réttlátt, að þeir, sem eiga lítil innbú, verði að bera meiri hluta af tjóninu en þeir, sem meira eiga.

Forseti (EÁrna): Áður en gengið er til atkv., vil ég benda á, að mál þetta er mjög mikilvægt, og er svo til ætlazt, að það fái afgreiðslu á þessu þingi. En þar sem nú er mjög liðið á þing og málið á eftir að fara til Nd., þá hefur mér komið til hugar, hvort hv. allshn. muni geta fallizt á, að 3. umr. verði strax að lokinni 2. umr., svo að Nd. geti fengið málið til afgreiðslu, og að allshn. þessarar deildar hefði þá samvinnu við allshn. Nd. um málið.

Frsm. (Magnús Gíslason): Það hefur komið í ljós við þessa umr., að n. þarf að athuga ýmis atriði nánar, og vildi ég því gjarnan geta fengið nægan tíma til þess, t. d. til morguns.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 537,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 537,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 537,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 537,4 samþ. með 11 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 537,5 (12. gr. falli burt) samþ. með 11 shlj. atkv.

13.—17. gr. (verða 12.—16. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 537,6 samþ. án atkvgr.
— 537,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
18. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
19. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 537,8.a samþ. með 10:1 atkv.
— 537,8.b samþ. með 10:1 atkv.
20. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 537,9 (21. gr. falli burt) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 537,10 (ný 22. gr., verður 20. gr.) samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, JJ, MG, PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, EÁrna.
nei: BrB, JJós, MJ, ÞÞ, ÁJ, BSn.
2 þm. (ErlÞ, HermJ) fjarstaddir.
23. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 11 shj. atkv.
24.—26. gr. (verða 22.—24. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
27. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 574 felld með 8:5 atkv.
— 537,11 (ný gr., verður 26. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
28.—37. gr. (verða 27.—36. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 575, 576, 580).

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Herra forseti! Allshn. hefur farið aftur yfir þetta frv., nú á milli funda, og orðið sammála um að gera á því þrjár smávægilegar breytingar.

Brtt. við 1. gr. fer fram á, að í stað orðanna „vátryggð á annan hátt“ komi: tryggð gegn tjóni af völdum ófriðar. — Brtt. er gerð vegna tilmæla frá hv. 1. þm. Reykv. (MJ), sem benti á, að skýrar þyrfti að kveða hér að orði en gert er í frv. Hin brtt. á þskj. 580 er aðeins sú orðabreyt., að lausafjártryggingardeild komi í stað-inn fyrir „vörutryggingardeild“ í 2. gr. frv., og er það gert til samræmis við áður gerða breyt. á fyrirsögn IV. kafla, um lausafjártryggingar.

Aðrar brtt. hefur n. ekki enn fengið prentaðar, en hefur nú lagt fram skrifl. brtt. við 3. málsgr. 1. gr. frv. um, að við bætist: eða ef um umboðssölu á erlendum vörubirgðum hér á landi er að ræða, og sá aðili, sem selur þær, er heimilisfastur og greiðir öll almenn gjöld hér á landi. — En í frv. er ekki gert ráð fyrir, að tryggingin nái til slíkra vörubirgða, fremur en annarra fémuna í eigu erlendra borgara eða stofnana, og því hefur verið skotið að n., að það gæti verið ósanngjarnt í þessum tilfellum. Dæmin um þetta munu ekki vera mjög mörg, því að mjög lítið hefur verið selt hingað í umboðssölu. Þó verður að nefna það dæmi, að olíu- og benzínsala er hér mest í höndum tveggja félaga, og er annað félagið eigandi vörunnar, er það selur, en hitt selur í umboðssölu. Okkur þykir ósanngjarnt að láta aðrar reglur gilda um þetta félag, og n. vill því breyta frv. svo sem segir í brtt. Það er um tvær undantekningar frá aðalreglunni að ræða, þeirri, að tryggingin nái ekki til eigna erlendra manna, í fyrsta lagi, ef þeir eru heimilisfastir hér og greiða hér öll almenn gjöld, og í öðru lagi, ef um umboðssölu hér á landi er að ræða og sá aðili, sem umboðssöluna hefur á hendi, er heimilisfastur og greiðir öll almenn gjöld hér á landi.

Forseti (EÁrna): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá allshn. og vil leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 586) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Sigurjón Á Ólafsson:** Ég vil ekki láta mál þetta fara út úr d. án þess að segja nokkur orð. Hv. frsm. hefur gert mjög skýra grein fyrir till. þeim, sem allshn. hefur orðið ásátt um að flytja, og fyrir efni frv. í heild. Ég verð að geta þess, að eins og kunnugt er, er prýðisgott samkomulag í þessari n., og er þar reynt að taka tillit til hinna ýmsu sjónarmiða einstakra nm. Ég hef nú ekki komið fram með neinar sérstakar till., sem ekki hafa fundið náð fyrir augum n. En við einstakar gr. hef ég komið auga á, að ef til vill er fulllangt gengið, og hefði jafnvel verið ástæða til að gera brtt. Það hefur komið til orða, að allshn. þessarar hv. d. fengi að vera með um athugun málsins í Nd., svo að ekki þurfi að verða árekstur milli nefndanna síðar. Mun ég m. a. af þeirri ástæðu ekki hreyfa hér brtt. Þetta mál er að allra dómi mikið stórmál og hefur verið undirbúið af sérfróðum mönnum. Ég held, að hv. frsm. hafi getið þess, að við kölluðum fjóra sérfræðinga á fund n. Tveir þeirra hafa sérstaklega lagt sig fram í þessu máli, þeir Jón Blöndal og Ásgeir Þorsteinsson. Ég vildi leiðrétta það hjá hæstv. atvmrh., að ég hygg, að það séu þessir tveir menn fyrst og fremst, sem hafa lagt grundvöllinn að þessu máli, ekki hvað sízt Jón Blöndal. En það er vitanlegt, að eftir að málið kom úr höndum sérfræðinganna, tók það miklum breyt. í meðferð ríkisstj., og þær eru kannske sumar frá sjónarmiði tryggingarfræðinganna allvarhugaverðar.

Ég vil lauslega benda á, að það er nokkur ágreiningur milli sérfróðra manna um það, hvort leggja skuli þær þungu byrðar á ríkið, sem segir frá í 23. gr., og hvort leggja skuli svo þungan skatt á iðgjaldagreiðendur. Er í þessu sambandi vitnað til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur á Norðurlöndum, en öll gögn um það eru hér þegar fyrir hendi. Ég vil láta þessa getið hér, þó að engin brtt. liggi fyrir frá mér, og ég geng þess ekki dulinn, að frv. mun taka einhverjum breyt. í hv. Nd. Málið er þannig vaxið, að eðlilegt er, að sjónarmið manna verði nokkuð misjafnt. Læt ég svo úttalað af minni hálfu um málið.

ATKVGR.
Brtt. 580,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 586 samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 580,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 576 felld með 9:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., 21. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 587).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 16:3 atkv.

Á 78. fundi í Nd., 13. júní, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 14. júní, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 587, n. 730).

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Af því að nú er matmálstími, skal ég reyna að vera stuttorður. Allshn. hefur athugað þetta frv. og mælir með, að það verði samþ. Ég sé ekki ástæðu til þess að lýsa efni frv., því að það er gert í grg. Þær breyt., sem n. hefur gert á frv., eru lítið annað en orðabreyt. Fyrsta brtt. er aðeins til skýringar. Brtt. við 6. gr. er aðeins orðabreyt., þó mætti kannske segja, að hún sé aðeins efnisbreyt. að því leyti, að þar er tekið fram, að ekki megi veita nema 5% vexti. — 3.—6. brtt. eru aðeins orðalagsbreyt. 7. brtt. er einnig aðeins umorðun að því er snertir fyrri málsgr., en efnisbreyt. að því er snertir hina síðari. Hún er efnisbreyt., í þá átt að færa efni þessarar gr. til samræmis við fyrri hluta hennar.
Ég hygg, að það sé ekkert frekara í brtt., sem ástæða er til að ræða nánar. Allshn. er sammála um það, að nauðsynlegt sé að stofna til þessara trygginga vegna þess, að einstakir menn hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum hernaðarins.

Pétur Ottesen: Í sambandi við þetta frv. hefur mér verið bent á það af tryggingarfróðum mönnum, að í því sé gert ráð fyrir, að ríkissjóður í vissum tilfellum leggi fram fé og taki þátt í skaðabótagreiðslum. Þessir tryggingarfróðu menn, sem ég hef talað við, hafa bent mér á það, að þar, sem reynsla hefur fengizt í þessum efnum á Norðurlöndum, þá bendi hún til þess, að yfirleitt sé reynt að hliðra sér hjá því að taka upp slík ákvæði sem þessi. Eins og kunnugt er, fengu Finnar mikla reynslu í þessu efni, og mér er tjáð, að sú reynsla er fullkomlega til varnaðar því, að gengið sé inn á þessa braut, og mér er enn fremur sagt, að þar, sem tryggingarlöggjöf gildir annars staðar á Norðurlöndum, hafi ekki þótt fært að blanda ríkissjóði inn í þetta. Ég vildi láta þetta koma hér fram til athugunar fyrir n.

***Gísli Guðmundsson:** Ég skal aðeins geta þess út af ræðu hv. þm. Borgf., að ég hef skrifað undir nál. með aths. viðvíkjandi 7. og 21. gr. Sú aths. snertir einungis þau atriði, sem hv. þm. vakti máls á, og ég hafði hugsað mér fyrir 3. umr., að þetta mál fengi nánari athugun hjá n., og þess vegna hafði ég ekki komið með brtt. við þessa umr., en mun gera það við 3. umr., ef ekki kemur neitt um það frá n. í heild.

***Frsm. (Garðar Þorsteinsson):** Út af ræðum hv. þm. Borgf. og hv. þm. N.-Þ. vil ég geta þess, að það eru aðallega 3 atriði, sem eru athugandi í sambandi við 7. og 21. gr. frv. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir í 30. gr., að ríkið geti tekið lán til bráðabirgða til þess að greiða ófriðartryggingarkostnað. Að því er snertir fyrra atriðið í þeirri gr. er gert ráð fyrir því, að Ófriðartryggingunni sé heimilt að taka — til bráðabirgða — lán gegn veði í iðgjöldum, ef bæta þarf tjón samkv. II. og III. kafla. Að því er snertir síðara atriðið, er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að taka lán eða veita nauðsynlegar tryggingar fyrir láni, er Ófriðartryggingin tekur. Það verður hins vegar löggjafans að ákveða, hvort greiða eigi bætur fyrir tjón af ófriðarvöldum. Hitt leiðir af sjálfu sér, að það er hagkvæmt fyrir Ófriðartrygginguna að hafa að ófriðarlokum handbært fé, til þess að greiða tryggingarnar með. Það er vess vegna, sem gert er ráð fyrir því í l., að það sé ekki nú þegar borgaður nema lítill hluti af því tjóni, sem verða kann, — hitt verður svo greitt eftir ófriðarlok.

Pétur Ottesen: Það getur verið rétt, sem hv. frsm. sagði um þetta, en miðað við reynslu annarra þjóða, er fullkomlega varhugavert, að ríkissjóður leggi fram fé í þessu skyni. Ég er alveg sammála hv. þm. N.-Þ. um það, að slík ákvæði sem þessi téu tekin út úr frv., og ég er einnig fylgjandi því, að brtt. um þetta komi fram við 3. umr. málsins.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Við umr. um þetta mál í Ed. skýrði ég frá því, hvernig það væri undirbúið innan ríkisstj., og er nokkur grein gerð fyrir því í grg. Ég held, að ég megi fullyrða það, að þetta ákvæði, sem hér hefur verið rætt, sé sett inn í frv. samkv. till. þeirra sérfróðustu manna, sem ríkisstj. átti kost á að eiga tal við um þetta mál, og vil ég þar nefna Ásgeir Þorsteinsson og Brynjólf Stefánsson forstjóra, og í rauninni þriðja manninn, Jón Blöndal. Um aðra sérfræðinga í þessum efnum er mér ekki kunnugt. Ég viðurkenni, að það sé rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að það er engan veginn alveg sama, hvort 21. gr. kemur til framkvæmda strax eða síðar. En hins vegar er það alveg rétt hjá hv. frsm. fjhn., að það er í báðum þessum gr. gert að skilyrði, að fé verði veitt til þessa í fjárl., a. m. k. er hér um ábyrgð að ræða. Þeir sérfræðingar, sem ég hef talað við, hafa talið það alveg nauðsynlegt, að þessi grundvöllur væri lagður undir fjáröflun samkv. ákvæðum þessa frv.
Ég skal, áður en fundur kemur saman aftur að loknu matarhléi, vera búinn að fullvissa mig um það, hvort þessir tryggingarfróðu menn

telja verjandi að nema í burtu þessi ákvæði, sem hér er deilt um.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 730,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 730,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 730,3 samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
12.—16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 730,4 samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 730,5 samþ. án atkvgr.
18. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
19.—21. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 730,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
28.—29. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 730,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
31.—36. gr. samþ. með 20 shlj. aktv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 16. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 753, 754, 759).

*Gísli Guðmundsson: Ég hef leyft mér, ásamt hv. þm. Borgf., að bera fram brtt. við þetta frv. á þskj. 754. Þessar brtt. eru tvær, við 7. gr. og við 21. gr. Í 7. gr., sem er í þeim kafla, sem fjallar um fasteignatryggingar, er svo ákveðið, að ef iðgjöld, sem greidd eru, nægi ekki til að greiða fullar bætur, þá skuli bætur greiddar úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður til þess veitt í fjárlögum. Við hv. þm. Borgf. leggjum til, að þetta ákvæði um, að bætur skuli greiddar úr ríkissjóði, verði fellt niður og að fyrst um sinn a. m. k. verði ekki önnur ákvæði um þetta í l. en þau, að tryggingarnar standi straum af sér sjálfar, þ. e. a. s. að þau 10%, sem ætlazt er til, að greidd séu í Ófriðartrygginguna, standi straum af tryggingunni, og ef þau nægja ekki, þá verði bæturnar lækkaðar hlutfallslega. Okkur finnst það óvarlegt og ekki ástæða til þess á þessu stigi að gera ríkissjóð að baktryggingu þessara bóta á þann hátt, sem gert er í frv.

Brtt. við 21. gr. er sama efnis, en 21. gr. er í þeim kafla frv., sem fjallar um lausafjártryggingar. Það er gert ráð fyrir á sama hátt, að ríkissjóður standi á bak við, ef iðgjöldin nægja ekki, en við leggjum til, að þetta sé sömuleiðis fellt niður, en í staðinn komi, að ef iðgjöldin nægi ekki, þá skuli bæturnar lækka hlutfallslega.

Mér hefur verið tjáð, að á Norðurlöndum, þar sem sett hafa verið l. um ófriðartryggingar, hafi hvergi verið gert ráð fyrir slíkum baktryggingum, sem þarna er gert ráð fyrir. Hef ég þetta frá mönnum, sem ég tel ástæðu til að taka trúanlega um þessi efni. Enn fremur hefur mér verið tjáð, að af þeim 4 mönnum, sem undirbjuggu frv., en það voru allt hagfræðingar og tryggingarfræðingar, þá hafi tveir verið þeirrar skoðunar, að þetta ætti ekki að vera í frv. Ég veit ekki, hvort skoðun hæstv. ráðh. hefur ráðið úrslitum um það, að álit hinna tveggja hagfræðinganna var tekið upp í frv.

Það er ástæða til að taka það fram, að jafnvel þó að menn hugsi sér, að það geti komið til mála, að ríkissjóður taki einhvern beinan þátt í slíku tjóni sem þessu, þá virðist það ástæðulaust að ákveða nokkuð um það að svo stöddu. Það er nógur tíminn að gera það, þegar þar að kemur, sem vonandi verður aldrei. Hins vegar er of óvarlegt að setja slík ákvæði nú.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til þessara till. við 2. umr. og hef í sjálfu sér litlu við það að bæta. Ég er mótfallinn þeim, þó ég hins vegar telji þær ekki skipta svo miklu máli, að þó þær væru samþ., þá væri frv. þar með eyðilagt.

Ég hafði skilið álit sérfræðinganna á þann veg, að rétt væri að hafa þetta eins og það er í frv., en það má vel vera, að það sé rétt hjá hv. þm. N.-Þ., að einhverjir sérfræðinganna hafi verið á annarri skoðun um þetta. Það atvikaðist svo, að einn af þeim 3 sérfræðingum, sem unnu að undirbúningi málsins, veiktist meðan á undirbúningnum stóð, og var annar sérfræðingur kvaddur til í hans stað. Sérfræðingarnir urðu þannig 4, sem að lokum störfuðu að undirbúningi málsins. Og það má vel vera, að tveir af þeim hafi verið því andvígir að setja þetta ákvæði í frv.

Ég tel, að ef hér kemur til einhvers slíks tjóns, þá sé eðlilegast, að ríkissjóður rísi undir því að svo miklu leyti, sem hans geta leyfir. Slíkt tjón væri ekki aðeins tjón þess einstaklings, sem fyrir því yrði, heldur tjón alþjóðar, og það er þess vegna réttlátt, að alþjóð bæti það eftir getu. Sá, sem verður fyrir slíku tjóni, verður fyrir því sem Íslendingur, vegna þess að Ísland hefur dregizt inn í hernaðaraðgerðirnar, þannig, að það hefur þessar afleiðingar. Ég tel af þessum ástæðum grundvöll frv. réttlátan eins og hann er og er því andvígur þessum brtt.

*Gísli Guðmundsson: Ég get út af fyrir sig verið ánægður með undirtektir hæstv. atvmrh., því að mér skilst á honum, að jafnvel þó hann væri brtt. okkar frekar andvígur, þá teldi hann ekki, að það skipti neinu höfuðmáli um l., þó hún yrði samþ. Og ég vil þess vegna vænta þess, að það verði niðurstaðan og að við förum sömu leið í þessu efni og aðrar þjóðir, sem við höfum fregnir af, hafa farið. Það er oft hyggilegt að notfæra sér reynslu annarra þjóða, og virðist það einnig eiga við um þetta mál.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. tók fram, að slíkt tjón, sem hér kynni að verða af völdum ófriðarins, er tjón allrar þjóðarinnar. En það, sem um er að ræða, er þá aðeins það, hvers þjóðin verður megnug, hvað hún getur

bætt og á hvern hátt sýnist gerlegt að gera það. En eins og ég tók fram, stendur það opið á sínum tíma að ákveða bæturnar, ef mönnum þá virtist það tiltækilegt eftir öllum aðstæðum.

ATKVGR.
Brtt. 759 samþ. án atkvgr.
— 754,1 felld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GG, HG, HelgJ, JÍv, PO, SkG, StgrSt. SvbH, ÞBr, BjB, JörB.
nei: EE, EmJ, GÞ, GSv, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, SK, StSt, VJ, BJ, BÁ.
EystJ, ÍslH, JóhJón greiddu ekki atkv.
5 þm. (HV, PHann, SEH, SvbH, ÁÁ) fjarstaddir.
Brtt. 754,2 kom ekki til atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 771).
Á 83. fundi í Ed., 17. júní, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Málið hefur borizt aftur frá Nd., sem hefur gert á því nokkrar breyt. Þessar breyt. eru flestar aðeins orðabreyt. og skipta ekki máli að því leyti, að þær breyta ekki efni frv. En þó er ein breyt., sem ég sé ástæðu til að geta um, af því að þar er um verulega efnisbreyt. að ræða frá því, sem var, þegar frv. var afgr. héðan úr d. Þessi breyt. er á 6. gr., en það var þannig ákveðið, að áfallnar bætur og eftirstöðvar þeirra skyldu ávaxtast með 5% frá því tjón yrði og þangað til bæturnar væru greiddar að fullu. Þessum vöxtum átti að verja þannig, að þeir áttu fyrst og fremst að ganga til að greiða vexti af skuldum, sem hvíldu á hlutaðeigandi fasteignum, og jafnframt vöxtunum skyldu greiddar afborganir eins og þetta fé hrykki til, en annars er gert ráð fyrir, að veittur sé gjaldfrestur á afborgunum. En í síðustu málsgr. hefur verið gerð sú breyt., að í staðinn fyrir, að eftir því, sem frv. leit út, þegar það fór héðan, að greiða átti eigendum út það, sem eftir yrði, þegar búið væri að greiða vexti og afborganir, þá stendur hér í frv., að ef eitthvað verði afgangs, þegar greiddir hafa verið vextir af veðkröfum, þá skuli allt hitt greitt til eiganda. Þetta er veruleg efnisbreyt. frá því, sem gert var ráð fyrir í frv. eins og það var, þegar það fór til Nd., og ég hygg, að þessar breyt. hljóti að stafa af einhverjum misgáningi hjá hv. Nd., vegna þess að annars staðar í frv. er líka gert ráð fyrir, að af þessum vöxtum verði líka greiddar afborganir; þannig er t. d. í 6. gr., en þar segir: „Jafnframt vöxtum greiðast afborganir af hinum þinglesnu veðskuldum, og skal draga þær frá bótunum, er þær verða endanlega greiddar.“ En þetta stangast við það, sem stendur í niðurlagi 6. gr. Sömuleiðis er í 7. gr. talað um vexti og afborganir í þessu sambandi og loks er í 30. gr. gert ráð fyrir, að taka skuli lán til þess að greiða með vexti og afborganir, ef iðgjöldin hrökkvi ekki. Allt þetta bendir til þess, að hér hafi átt sér stað misgáningur. En n. átti tal um þetta við form. allshn. Nd., og hann tjáði okkur, að þetta væri með ráði gert. En hafi svo verið, hefur láðst að breyta öðrum ákvæðum til þess að allt stangist ekki.

Vegna þess að þingslit eru ákveðin í dag, hefur n. ekki treyst sér til að gera till. til breyt. á þessu, vegna þess að ef frv. tæki breyt. hér í d., væru ekki líkindi til, að frv. næði fram að ganga, heldur verður að treysta því, ef til þess kemur, að ríkisstj. þurfi að nota heimildina, áður en Alþ. kemur saman næst, að hún breyti þá l. þannig, að samræmi fáist í þetta, annaðhvort með því að breyta því í það form, sem það var, þegar það var afgr. héðan úr d., eða þá að þeim ákvæðum frv., sem nú eru í ósamræmi við niðurlag 6. gr. vegna þeirrar breyt., sem Nd. gerði á henni, verði breytt til samræmis við hana. Í trausti þess, að ríkisstj. ráði bót á þessu, hefur n. ekki séð ástæðu til að gera brtt. við það.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 779).

---

88. Ráðstafanir og tekjuöflun vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Á 73. fundi í Nd., 7. júní, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (þmfrv., A. 703).

Á 74. fundi í Nd., 9. júní, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 10. júní, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta er að vísu flutt af meiri hl. hv. fjhn., og bjóst ég við, að frsm. n. mundi fylgja því úr hlaði. En grg. ber með sér, að það er flutt að minni tilhlutun. Í daglegu tali hefur þetta verið kallað dýrtíðarmálið. Það er á allra vitorði, að þau efni hafa verið til meðferðar hjá ríkisstj. og í flokkunum, frá því að Alþ. byrjaði störf sín í vetur. Hins vegar hafa komið fram nokkuð mismunandi skoðanir á því, hvort eða hve mikið vinna ætti að lausn málsins og einnig hver leið væri heppilegust til að hafa áhrif á þróunina í þessum efnum. Þrátt fyrir þessar umleitanir um málið hefur ekki fengizt samkomulag um það, hvaða leið sé skynsamlegust í einstökum atriðum. Það var um miðjan maí, að ríkisstj. fannst rétt, að skríða skyldi til skarar. Voru þá valdir í dýrtíðarnefnd tveir þm. úr hverjum stjórnarflokkanna og þeim afhent uppkast að frv. til að vinna úr. Áður en þingfundir hófust eftir hvítasunnu, afhenti nefndin frv.-uppkast, sem nú hefur verið birt í einu dag-

blaði bæjarins. Það er byggt á sama grundvelli og uppkastið, er hún tók við frá ríkisstj. í fyrstu. En ýmsir nm. höfðu sérstöðu. Frv. var meira ábending en lausn vandans. Þar sem ekki var unnt að ná samkomulagi á þeim stutta tíma, sem til umráða var, var það ráð tekið, að ég sendi fjhn. Nd. þetta frv. og óskaði eftir, að það væri flutt í þinginu, sérstaklega til þess, að sá skriður kæmi á málið, að úrslit fengjust á einhvern hátt. Alþingi gat ekki lokið störfum án þess að til skarar skriði með þetta mál. Hvernig sem fer, vildi ég að málið fengi þá afgreiðslu, að Alþ. gæti orðið lokið fyrir næstu helgi, eða 14. þ. m. Það finnst mér vorkunnarlaust eftir allar þær umr., sem fram hafa farið um þessi efni í flokkunum.

Eins og ég tók fram í bréfi til fjhn., er þetta frv. ekki eins og ég mundi hafa flutt það af eigin hvötum, og ekki eins og verið hefði, ef ég hefði aðeins tekið tillit til skoðana Framsfl., heldur er reynt að taka tillit til manna í öllum flokkum og eins þess, sem fram kom í sex manna nefndinni. Ég geri mér því von um, að frv. geti í aðalatriðum orðið samningsgrundvöllur, þótt sjálfsagt sé að gera ráð fyrir breytingum.

Um almennar horfur á framkvæmd málsins vil ég tala síðar og einnig hitt, hvort mér finnst hægt að draga nokkuð úr þeim ráðstöfunum, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég held, að nú megi segja, að sú þróun, sem hér hefur átt sér stað, hafi valdið flestum mönnum nokkrum áhyggjum. Um það eru ekki deildar meiningar, að í óefni stefnir, þegar kaupgjald og verðlag halda stöðugt áfram að hækka hvort annað á víxl. Ég vil minna á, að fram til ársloka 1940 voru í gildi lög, sem leyfðu kauphækkun, er nam allt að 85% vísitölunnar og ekki meir, en síðan var kaupgjaldið með frjálsum samningum hækkað svo sem nam 100% vísitölunnar og fylgir henni þannig eftir. Þingið og ríkisstofnanir samþykktu þetta fyrirkomulag á sínum launagreiðslum, og nær það til opinberra starfsmanna yfirleitt. Ýmsar stofnanir, eins og Landsbankinn, höfðu áður tekið upp þetta fyrirkomulag á sínum launagreiðslum. Það er náttúrlega þægilegt fyrir marga að geta látið sér standa á sama, hvað varan kostar, því að þeim mun fleiri krónur fái þeir í laun. Og framleiðendur gætu kannske talið, að þeim mætti standa á sama um kaupgjaldið, ef vörurnar seljast þeim mun dýrar sem það verður hærra. Mér er ekki grunlaust um, að þetta kalli sumir harla gott fyrirkomulag og haldi, að með slíkri hækkun skapist aukin verðmæti. Þótt þetta geti litið vel út, fylgja því stórkostlegar hættur fyrir atvinnulífið, og það skyldi enginn ímynda sér, að með slíku kapphlaupi verði sköpuð ný verðmæti.

Þó að við getum leikið okkur með þessar tölur, ráðum við hvorki nú né síðar verðlagi á íslenzkum vörum erlendis, og þótt sumar þær vörur hafi nú hækkað þar mjög, aðrar ekki, munu þær fara lækkandi, þegar áhrif styrjaldarinnar verða minni. Því hærra verðlag og kaupgjald sem við sköpum innan lands, því stórfelldara verður tap framleiðslunnar, þegar lækkunin kemur, svo að bein hætta er á, að atvinnuvegirnir stöðvist. Þá yrði áreiðanlega erfiðara en nú að bæta úr afleiðingum þeirrar óheillaþróunar, sem hafin er. Þá yrði mikið atvinnuleysi óumflýjanleg afleiðing og stöðnun á flestum sviðum. Þá yrði annað hvort að fella gildi krónunnar enn eða lækka stórkostlega kaupgjaldið í landinu með þvingunarráðstöfunum, ef ekki fengist um það samkomulag. Því hærra kaupgjald og verðlag nú á stríðstímunum, því meiri örðugleikar síðar. Það liggur í augum uppi, eins og ég hef drepið á, að þróunin gengur ákaflega mikið í þá átt að skapa hér háan framleiðslukostnað og hátt kaupgjald og mikinn kostnað við atvinnurekstur, og það getur ekki endað öðruvísi en með stórkostlegum erfiðleikum, þegar verð lækkar á erlendum gjaldeyri. Síðast, þegar við stöðum frammi fyrir svipuðum erfiðleikum og hér verða eftir stríðið, en það var fyrir tveimur árum síðan, 1939, þá tókum við það ráð að lækka verðgildi íslenzku krónunnar, vegna þess að kaupgjald og framleiðslukostnaður var í raun réttri hærra en hægt var að borga af rekstri framleiðslunnar. Ég geri ráð fyrir því, að menn sjái þá hættu, sem er því samfara, ef menn verða nú þegar að fara að ganga út frá því, að gengi krónunnar verði fellt eftir styrjöldina, ofan á það, sem áður er komið í þeim efnum, og flestir kannast við, hversu auðvelt það er að samræma kaupgjald við afkomu framleiðslunnar á krepputímum, — eða hitt þó heldur.

Nú kann að líta svo út, að þetta, sem ég hef sagt, sé talað frá sjónarmiði atvinnurekenda einhliða. Það er mesti misskilningur, því að þegar allt kemur til alls, er ekki hægt í þessu sambandi að slíta sundur hagsmuni framleiðenda og hag þjóðarinnar í heild sinni. Það getur litið vel út fyrir launamann og verkamann að fá fullar bætur vegna dýrtíðar og að kaupið hækkar í samræmi við verðlagið. En hvernig verður svo viðhorf verkamanna, þegar næsta stig þessarar þróunar kemur með samdrætti framleiðslunnar, vegna þess að framleiðslukostnaður er orðinn of mikill og ekki fæst það verð á erlendum markaði, sem þarf? Þá kemur atvinnuleysið. Þá er ekki lítið atriði fyrir alla launþega landsins, og ekki sízt verkamenn, hvort hægt hefur verið að halda niðri verðlaginu og kaupgjaldinu meðan verðbólgan var mest. Það verða menn að gera sér ljóst, að engum launamanni er neinn greiði gerður með því að búa til fyrir hann einhverjar háar launatölur á pappírnum, ef hann þarf þeim mun fleiri krónur til þess að lifa af.

Eitt af því, sem er allra nauðsynlegast í nútíma þjóðfélagi, er, að menn glati ekki trúnni á gjaldmiðil þann, sem þeir nota. Í staðinn fyrir vöruskiptaverzlunina, þegar menn áður skiptust á því, sem við köllum raunveruleg verðmæti, þá eru viðskiptin nú byggð á því að nota gjaldmiðil, eða peninga. Undirstaða þess, að þjóðfélag eins og okkar geti staðið á eigin fótum fjárhagslega, er sú, að landsmenn eyði ekki jafnharðan öllum verðmætum, sem til þeirra berast, og að menn þori og vilji eiga peninga til þess að auka fjármagn það, sem nauðsyn-

legt er til nýrra framkvæmda í landinu. Nú vita allir, að eftir því sem verðlag hækkar, eftir því rýrnar raunverulegt verðgildi peninga. Og ef þar við bætist trú á það, að verðgildi peninga lækki enn meir síðar, er í því fólgin stórkostleg hætta á, að alls konar kæruleysi í peningamálum festi rætur með þjóðinni, hætta á því, að menn líti á peninga sem lítilsverða hluti, með þeim afleiðingum, sem af því verða, ekki aðeins nú, heldur einnig framvegis. Það er ekki lítil meinsemd fyrir þjóðina, ef sú skoðun festir rætur, að bezt sé að eyða öllum fjármunum, sem menn komast yfir, vegna ótta um, að þeir verði svo lítils virði.

Það er sama, frá hvaða sjónarmiði litið er á þetta mál. Það eiga allir að vilja gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr þeirri hækkun, sem á sér stað á verðlagi og kaupgjaldi, einmitt nú, meðan verðbólgan er mest. En til þess þarf meira en orðin tóm. Og þá er spurningin: Hvernig er hægt að gera ráðstafanir til þess að vinna í þessa átt, — hvaða leiðir eru hugsanlegar og hvers árangurs er að vænta af þeim?

Eftir því, sem fram hefur komið um þetta mál, bæði innan stjórnarinnar, frá þeim mönnum, sem ríkisstj. hefur leitað álits hjá um þessi efni, og eins hjá þeim, sem af eigin hvötum hafa ritað um þessi mál, þá virðist það liggja í augum uppi, að hér sé aðeins um tvær aðalleiðir að ræða.

Önnur leiðin er sú, að hækka gengi íslenzku krónunnar, til þess þannig að hafa áhrif í þá átt, að verðlagið og kaupgjaldið hækki minna en ella, og þá einnig og kannske engu síður til þess að hafa þá fremur einhverja möguleika síðar að breyta verðgildi krónunnar aftur til lækkunar, ef hagsmunir þjóðarinnar krefjast þess, þegar verðlag fer aftur lækkandi.

Hin leiðin, sem kemur til mála, er sú, að innheimta eða taka verulega fjármuni, þar sem þeir nú eru mestir, og verja því fé beinlínis til þess að halda niðri innanlandsverðlaginu í landinu og þar með kaupgjaldinu.

Um fyrri leiðina, sem ég minntist á, gengishækkunina, er það að segja, að á síðasta ári fóru fram samningar milli brezku og íslenzku ríkisstjórnanna um viðskipta- og fjárhagsmál. Eitt af því, sem í þessu sambandi var af Breta hálfu lögð áherzla á, var að semja um það við Íslendinga, hvaða verðhlutfall skyldi vera á milli íslenzku krónunnar annars vegar og sterlingspundsins og dollars hins vegar. Íslenzka stjórnin áleit það heppilegra fyrir Íslendinga að hafa ekkert slíkt ákvæði í samningum milli landanna og áleit, að það ætti að vera mál Íslendinga sjálfra, hvernig þeir skrásettu sína krónu í hlutfalli við sterlingspund og aðra erlenda mynt. En Bretar héldu fast fram sinni skoðun á málinu. Niðurstaðan varð sú, að í samningunum við Breta var ákveðið, að það gengi, sem þá var, skyldi standa óbreytt, nema um annað semdist milli ríkisstjórnanna síðar. Af þessum ástæðum hefur sú leið ekki verið okkur opin að breyta skráningu krónunnar. Bretar hafa eigi viljað fallast á breytingu í þeim efnum. Af því hefur svo aftur leitt hitt, að ekki hefur verið gert upp hér á hæstv. Alþ., hvort Alþ. hefði viljað fara gengishækkunarleiðina, ef hún hefði verið opin.

Ég get ekki sagt um það hér á þessu stigi, hvort þessi leið verður útilokuð til frambúðar eða ekki. En hún hefur verið það, og það verður að gera ráð fyrir, að hún sé það, þangað til annað liggur fyrir. Þegar af þeirri ástæðu hefur það ekki heldur verið gert upp í ríkisstj. til hlítar, hvort hún fyrir sitt leyti mundi hafa viljað leggja til gengisbreytingu, ef sú leið hefði verið opin. Sé ég því ekki ástæðu til þess, að ég gefi hér yfirlýsingu um mína skoðun í því efni, þar sem málið hefur legið þannig fyrir og liggur þannig fyrir enn. Hitt er aftur á móti ljóst, að eftir því, sem lengur dregst að gera slíka ráðstöfun, eftir því verður það örðugra, vegna þess, hversu ört hækka innieignir íslenzkra banka erlendis. Það er augljóst, að eftir því, sem bankainnieignir verða meiri, eftir því verður það reikningslega tap, sem kemur fram við það, að gengið breytist, meira, og erfiðara að koma slíkum breytingum við, jafnvel þó að menn telji þær nauðsynlegar. Ef horfið yrði að því að breyta gengi ísl. krónu meðan innieignir bankanna eru mjög stórfelldar, þá yrði með engu móti hægt fyrir bankana að bera óstuddir þann halla, sem þar kæmi fram. Yrði þjóðfélagið að einhverju leyti að hlaupa þar undir baggann og jafna honum niður á landsmenn á einhvern hátt.

Þar sem þannig hefur verið ástatt um aðra leiðina í þessum málum, þá hefur allur undirbúningur hnigið í þá átt, að undirbúa hina leiðina, sem ég nefndi: Innheimtu fjár, sem varið yrði til þess að reyna að hamla á móti hækkun dýrtíðarinnar og þar með hækkun kaupgjaldsins. Hefur þá orðið fyrst fyrir að álykta, að eðlilegt væri, að útflytjendur, sem nú hafa undanfarið, og vonandi fá enn, þó að það sé ekki að fullu vitað, — fengið mjög gott verð fyrir sína vöru, og einmitt fengið þetta háa verð að eigi svo lítlu leyti í skjóli þess, hve íslenzka krónan hefur verið lágt metin í hlutfalli við sterlingspundið, leggi eitthvað verulegt af mörkum til þess að koma í veg fyrir þá háskalegu rás viðburðanna, sem ég hef lýst. Hér má og minna á, að þegar aftur fer að halla undan fæti, má búast við, að það komi einmitt erfiðast niður á þeim framleiðendum, sem framleiða fyrir erlendan markað, og þeir eigi því ekki hvað minnst undir því, að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar.

Þess vegna er lagt til í þessu frv., að lagt verði á sérstakt útflutningsgjald, allt að 10%, þ. e. heimilt verði að leggja það á allar útfluttar afurðir, og fénu, sem með því móti innheimtist, sé síðan varið sérstaklega til þess að lækka dýrtíðina, eða koma í veg fyrir hækkun hennar, væri sennilega réttara að segja. Það mætti segja, að þessi ráðstöfun, að taka sérstakt gjald af útfluttum afurðum, kæmi þá í staðinn fyrir hækkun á gengi íslenzku krónunnar.

Á síðasta ári var afkoma útflytjenda, a. m. k. þeirra, sem fluttu út sjávarafurðir, með eindæmum góð, og má vera, að ef þetta mál hefði komið fram meðan siglingar gengu óhindrað

til Bretlands og verðlag var jafngifurlegt á fiski og það var síðari hluta síðasta árs og fyrri hluta þessa árs, þá hefði verið látið nægja að leggja til, að innheimt yrði útflutningsgjald og heimildin til þess þá höfð rýmri en nú er lagt til. En nú hafa þessi mál tekið töluvert aðra stefnu. Það liggur í augum uppi, að afkoma útflytjenda verður ekki eins glæsileg á næstunni eins og hún var síðasta ár og framan af þessu ári. Valda því ástæður, sem óþarft er að rekja hér nánar. Hitt liggur og nokkuð í augum uppi, að sá stríðsgróði, sem svo hefur verið kallaður, þ. e. það peningamagn, sem inn í landið flýtur í sambandi við ófriðinn og þau viðskipti, sem við höfum nú, bæði með vörusölu til Bretlands og í sambandi við setuliðið hér, muni dreifast meira meðal þjóðarinnar en stríðsgróðinn gerði á síðasta ári, vegna þess að allt kaupgjald hefur nú hækkað mjög verulega.

Þess vegna er einnig lagt til í frv., að fyrir utan útflutningsgjaldið verði aflað tekna til þessara ráðstafana af almennum gróða landsmanna. Það er gert út frá því sjónarmiði, að ef gera á nauðsynlegt átak til þess að stöðva dýrtíðina eða hafa áhrif á, að hún hækki minna en ella, þá duga til þess engir smámunir og að þá verða sem flestir að leggja eitthvað af mörkum. Enn fremur ber þess að minnast, að ekki er réttmætt að ætlast til þess, að útflytjendur einir leggi fram fé til þessara ráðstafana. Það má einnig alveg sérstaklega benda á það í þessu sambandi, að það eru ekki aðeins útflytjendur, sem fá meiri tekjur að krónutölu vegna hins lága gengis krónunnar, heldur allir landsmenn, og þá ekki síst þeir, sem fá greiðslur með mörgu móti frá hinu erlenda setuliði, sem starfar hér.

Höfuðáherzlu vil ég leggja á það, að nægilegt fjármagn fæst aldrei nema báðar þessar fjáröflunarleiðir séu notaðar.

Ég geri ráð fyrir, að ýmsum leiki hugur á að fá fram breyt. á ýmsum atriðum í sambandi við þetta almenna gjald, sem hér eru sett ákvæði um í frv., og má vel vera, að samkomulag geti tekizt um breyt. í því efni, svo framarlega sem þær draga ekki verulega úr tekjuvonum af skattinum.

Ég vil gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna þetta gjald er hugsað á lagt jafnt á allar hreinar tekjur, eftir að kemur upp að vissu marki. Hér hafa nýlega verið afgr. skattal. frá þinginu. Í þeim skattal. hafa verið ákaflega mikið lækkaðir skattar á þeim, sem hafa meðaltekjur, og talsvert á hærri meðaltekjum. Hins vegar hækkuðu mjög skattar á hærri tekjum, svo sem réttmætt var. Ég tel, að með þessari afgr. skattal. — og ég fór ekkert dult með það, þegar sú afgreiðsla var undirbúin — hafi of langt verið gengið í því að lækka skatta á þeim, sem hafa meðaltekjur og nokkuð þar yfir. Hins vegar mun það svo hafa verið sameiginlegt álit flestra þingmanna, að eigi væri auðvelt að ganga lengra í skattaálagningu á hæstu tekjur nema með gerbreyttu fyrirkomulagi, sem ekki fékkst samkomulag um að taka upp. Af þessum ástæðum er ekki í þessu frv. gert ráð fyrir stighækkandi skatti, heldur er frv. byggt á því, að þingið sé búið áður að gera mismun á skattgreiðslum meiri en ástæða sé til að óbreyttum grundvelli skattaálagningarinnar. Þess vegna er það talið eðlilegt, að þessi skattur sé jafn af hverju hundraði, þegar komið er yfir visst hámark skattskyldra tekna. Ef skatturinn væri lagður á eftir öðrum skattaálagningarreglum, mundi skatturinn verða töluvert hærri af háum tekjum en flestir hv. þm. mundu sætta sig við. En af miðlungstekjum mundi skatturinn verða lægri með því móti en ég fyrir mitt leyti teldi eðlilegt. Ég ætla að nefna eitt dæmi til þess að skýra þetta nánar. Í skattal., sem afgr. voru hér af þinginu, er gert ráð fyrir, að allar tekjur séu lækkaðar með umreikningi áður en skatturinn er lagður á, um það, sem verðvísitalan sýnir, að verðlag hefur hækkað. Einstaklingur með 10 þús. kr. tekjur mundi hafa átt að borga án þessa umreiknings 720 kr. í skatt, en af því að þessi umreikningur var samþ. á Alþ., ætti þessi maður að borga 420—430 kr. Mér finnst það ekki ná nokkurri átt, að einhleypur maður með 10 þús. kr. tekjur eigi að borga einar 420 kr. til opinberra þarfa, eins og nú standa sakir. Þegar allir eru í rauninni sammála um, að almennri fjárhagslegri þróun í landinu stafi stór hætta af því gífurlega aukna peningaflóði, sem hefur orðið á stuttum tíma, þá er ekki nokkurt vit í að lækka skatta á einhleypum manni með þessar ástæður úr rúmum 700 kr. í rúmar 400 kr. Það er bókstaflega skylda Alþingis að koma í veg fyrir þetta, og það væri blátt áfram sorglegt tímanna tákn, ef menn veigruðu sér við að samþykkja þessar tillögur minar um tekjuöflun. Það mun láta nærri, ef þetta frv. verður samþ. eins og það liggur fyrir, að þessi maður mundi þurfa að borga rúmar 300 kr. í viðbótarskatt til þess að halda niðri dýrtíðinni. M. ö. o., hann yrði að borga, að þessum skatti viðbættum, álíka mikið og hann hefði orðið að borga án „umreiknings“ eftir skattal., sem nú gilda.

Ég legg mikla áherzlu á, að þessi skattur verði samþ., að hann byrji með fullri hæð á miðlungstekjum og sé jafn hundraðshluti á tekjum þar yfir, og vil ég athuga að ákveða fastar um persónufrádrátt en gert er ráð fyrir í frv., til þess að koma í veg fyrir, að skatturinn geti orðið tilfinnanlegur fyrir þá, sem hafa verulegan fjölskylduþunga.

Ég hef nú gert nokkra grein fyrir málinu almennt og tekjuöflunarleiðunum, en ætla nú að víkja að því, hvernig ég fyrir mitt leyti hugsa mér, að því fé yrði varið, sem ætlunin er að innheimta skv. frv. Það er skemmst frá því að segja, að ég hef hugsað mér, að því yrði fyrst og fremst varið til þess að lækka útsöluverð á brýnustu nauðsynjum, bæði erlendum og innlendum. Það er hægt að hugsa sér framkvæmd á því með ýmsu móti. Tökum t. d. innlendu vörurnar. Þeir, sem sérstaklega hafa það trúnaðarhlutverk að ákveða verðlag á þeim, mundu dæma, eins og verið hefur, um það, hvað væri hið sanngjarna og eðlilega verðlag, en síðan mundi ríkisstj. verja fé, eftir því sem hægt væri, til þess að reyna að lækka þetta verð til neytenda og koma þannig í veg fyrir, að það

þyrfti að verka með fullum þunga til hækkunar á vísitölunni. Ég get tekið dæmi: Nú hefur nýlega verið ákveðið af mjólkurverðlagsnefnd, að verðlagið þyrfti að hækka um 7 aura lítrinn. Ég hef hugsað mér, að það yrði sennilegast eitt fyrsta verk stj., ef frv. yrði samþ., að gera það upp við sig, hvort hún hefði nóg fjárráð til þess að lækka útsöluverð mjólkurinnar um þessa 7 aura og koma þannig í veg fyrir, að vísitalan hækkaði. Viðvíkjandi erlendum vörum er hægt að hugsa sér ýmiss konar aðferðir, t. d. að velja úr fáeinar vörutegundir, sem allir nota. Á þeim væri síðan, eins og hér liggur fyrir till. um frá fjhn., felldur niður tollur til bráðabirgða og síðan greiddur beinlínis úr dýrtíðarsjóði einhver hluti af flutningsgjaldi, en um leið mundi verðlagsnefnd setja fast verð á vöruna. Yrði þá gengið eftir, að verzlunarálagningin yrði eins lítil og rannsókn sýndi, að frekast væri hægt að komast af með. Hve langt væri hægt að komast í því að stöðva þá þróun, sem verið hefur um skeið, er erfitt að segja, en hitt er hægt að segja, að allar þær ráðstafanir, sem gerðar eru í þessa átt, verka til þess að gera erfiðleikana minni síðar og til þess að halda uppi verðgildi peninganna. Það er því engu tapað, því undir öllum kringumstæðum mundi verðlagið og vísitalan hafa hækkað meira, ef ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar. Þess vegna þarf enginn að óttast, að með þessu móti yrði nokkrum fjármunum kastað á glæ, því allt mundi þetta verka í eina og sömu átt, einmitt til þess að draga úr þeim háskalegu afleiðingum, sem fyrirsjáanlegar eru af áframhaldandi ótakmarkaðri hækkun verðlags og kaupgjalds. Það mundi svo m. a. fara eftir verðlaginu í öðrum löndum, hvort hægt yrði að stöðva hækkun vísitölunnar eða lækka hana. Það er engu hægt að spá um það fyrirfram, en hitt er ljóst, að allar þessar ráðstafanir gera ástandið betra en það hefði orðið, ef ekkert hefði verið aðhafzt. Ég vil mjög alvarlega benda mönnum á, að það þarf verulega fjármuni til þess að hægt sé að gera sér vonir um það, sem kalla mætti nægilegan árangur í þessu efni. Þetta er ósköp eðlilegt, þegar tillit er tekið til þess, að þessar ráðstafanir ættu að koma í staðinn fyrir gengishækkun. Mönnum hættir við að láta sér vaxa í augum þá flutninga á fé manna á milli, sem gerðir eru með því, sem kalla mætti beinu móti (sköttum), en taka minna eftir því, sem gert er, þegar gildi peninga er breytt, enda þótt séu með einu pennastriki gerðar enn stórfelldari ráðstafanir. Menn mega því ekki láta sér vaxa í augum, þótt hér þurfi mikils við. Ég vil sérstaklega taka það fram, að ég tel fulla þörf á því að nota allar heimildirnar, sem hér er gert ráð fyrir, að fullu til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessum málum. Eins og ég hef áður sagt, er ég fús til að ræða breytingar á frv., en ekki þær, sem draga úr fjáröflunarmöguleikum, nema það sé þá bætt um leið.

Þá skal ég að lokum koma að öðrum þætti þessa máls, sem er engu síður mikilsverður. Eins og gerð er grein fyrir í grg. frv., þá er ráðgert, að ríkisstj. hafi ekki aðeins heimild til þess að verja fé til þess að reyna að lækka dýrtíðina innanlands, heldur standi einnig opið að verja fé til þess að styðja þær framleiðslugreinar, sem erfiðlega gengur vegna óhagstæðra viðskiptaskilyrða. Hér er byggt á því, að það sé óeðlilegt, að framleiðandi, sem verður fyrir því óhappi, að hans vara hækkar ekki nægilega í verði þrátt fyrir styrjöldina, beri einn af því skaðann, en annar, sem verður fyrir því happi, að hans vara margfaldast í verði, njóti þess algerlega. Það er gert ráð fyrir, að hægt sé að verja af þessu fé til þess að bæta upp verð þeirra afurða á erlendum markaði, sem verða útundan að því er verðlag snertir, og það er bezt að taka það fram, að það er nokkur hætta á því, að þetta geti átt sér stað og allar líkur til þess, að verulegra fjármuna verði þörf í þessu skyni. Ríkisstj. mun vera sammála um, að nauðsynlegt sé að hafa heimild til þess að afla fjár til að jafna metin, ef svo kynni að fara, að einhverjar framleiðsluvörur yrðu út undan í þessum efnum. Þetta er rétt að taka skýrt fram, vegna þess að slíkar ráðstafanir eru nokkuð annars eðlis en þær, sem ég hef mest rætt, en engu síður mikilsverðar og nauðsynlegar.

Ég minntist á það áðan, að þetta frv. væri ekki að efni til eins og ég mundi hafa haft það, ef ég hefði borið það fram eins og mér fyndist nauðsynlegt að taka á þessu máli. Ég skal sérstaklega taka það fram í því sambandi, að eins og nú er komið, mundi ég hafa álitið eðlilegt að gera ráðstafanir til að festa kaupgjaldið eins og það er nú. Það er að segja, að ekki væri leyfilegt að hækka grunnkaupgjald nema um 53% frá því, sem það er nú. Það hefði ég talið nauðsynlega byrjun eins og málin standa nú, og að jafnframt yrði gert allt, sem unnt væri, til þess að koma í veg fyrir hækkun vísitölunnar. Þetta vil ég segja sem mína persónulegu skoðun. Ég hef ekki lagt þetta til, af því að ég veit, að því fer alls fjarri, að um það mundi nást samkomulag. Ég hef því ekki viljað blanda því inn í flutning málsins.

Ég skal ekki reyna meir á þolinmæði hv. þm. Ég geri ráð fyrir, að margir vilji taka til máls, og hef orðið þess var, að margir eru þegar búnir að kveðja sér hljóðs. Ég vildi skjóta því til hæstv. forseta, að mikils virði væri það, ef hægt væri að ljúka 1. umr. nú í dag. Þá vildi ég beina því til fjhn. d., að hún taki málið til athugunar á fundi hjá sér, enda þótt því verði ekki til hennar vísað, þar sem meiri hl. hennar hefur flutt það, og taki málið til meðferðar í kvöld og á morgun. Einnig vildi ég skjóta því til n., hvort hún vildi ekki leita samvinnu við fjhn. Ed. til þess að auka líkurnar fyrir því, að málið fái skjóta afgreiðslu. Það er búið að ræða málið mjög mikið í flokkunum — og það ætti að vera hægt að ráða því til lykta svo snemma, að þingstörfum yrði lokið fyrir helgi.

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Áður en Alþingi, sem nú situr, hófst, átti Alþýðublaðið stutt viðtal við mig um aðalmál Alþingis. Ég lýsti þá yfir því, að ég teldi eitt af aðalmálum þingsins að koma í veg fyrir, að dýrtíðin

yxi og, ef unnt væri, að koma því til leiðar, að hún stöðvaðist algerlega, en verðlag í landinu jafnaðist, til þess að þegar hallaði undan fæti síðar yrði brekkan ekki eins brött upp að klífa fyrir atvinnuvegina.

Snemma á árinu 1939 var, eins og hv. þm. er kunnugt, gengi íslenzkrar krónu lækkað með löggjöf. Samtímis voru gerðar ráðstafanir til að hafa hemil á verðlagi á íslenzkum framleiðsluvörum og á kaupgjaldi í landinu. Á Alþ. 1940 var þessari löggjöf breytt nokkuð, þó á þann veg, að kaupgjaldið var bundið og mátti ekki hækka yfir vissa hundraðstölu af auknum framfærslukostnaði, en það ákvæði, að verðlag á íslenzkum framleiðsluvörum skyldi fylgja kaupgjaldinu, var numið í burtu. Afleiðingin varð sú, eins og allir vita, að á árinu 1940 hækkuðu þessar vörur mjög verulega í verði, ekki eftir neinum sérstökum reglum, sem bundnar væru við kaupgjaldið, en kaupgjaldið fór eftir ákveðnum reglum í löggjöfinni, sem giltu til ársloka 1940.

Strax þegar þetta misræmi komst á milli kaupgjaldsins annars vegar og verðlags ísl. framleiðsluvaranna hins vegar, kom upp sú alda, að kaupgjaldinu yrði ekki haldið niðri samtímis því, sem unnt væri að hækka verð á þessum framleiðsluvörum eftir geðþótta. Um áramótin 1940—1941 gengu úr gildi þau ákvæði l. um gengisskráningu, er náðu til kaupgjaldsins. Upp úr því voru gerðir kaupgjaldssamningar, um land allt með frjálsu móti, þar sem þeirri meginreglu var fylgt, að kaupgjald skyldi hækka í samræmi við vaxandi dýrtíð. Þar sem kaupgjaldið var mjög lágt fyrir, urðu nokkrar hækkanir einnig á grunnkaupi. Þó varð engin breyting á grunntaxta í Hafnarfirði eða Reykjavík, en þar giltu þau ákvæði, að kaupið skyldi hækka mánaðarlega eftir verðlagsvísitölu.

Um þetta leyti reið á vaðið Landsbanki Íslands um að hækka kaup hjá mönnum í þjónustu bankans í samræmi við þau kjör, er launastéttirnar fengu með samningum. Í bankaráði eiga sæti formenn tveggja stærstu þingflokkanna, þeir hæstv. atvmrh. (ÓTh) og hv. þm. S.-Þ. (JJ), og stóðu þeir að þessari fyrstu hækkun. (Atvmrh.: Ég var ekki á fundi, þegar þetta var samþ., en flokksbróðir hæstv. félmrh., Jónas Guðmundsson, var viðstaddur og greiddi atkv. með hækkuninni). Ég tek orð hæstv. ráðh. trúanleg, að hann hafi ekki verið á þessum fundi, en hitt veit ég, að hann á sæti í bankaráði Landsbankans ásamt hv. þm. S.-Þ. og hefur eflaust verið kunnugt um þessa ákvörðun þess, en annars var ég ekki að geta þessa hæstv. ráðh. til lasts, síður en svo.

Upp úr því myndast föst regla um að launþegar almennt fái uppbætta mánaðarlega vaxandi dýrtíð, og var það viturlega gert.

Starfsbræður mínir í ríkisstj. eru mér kannske ekki sammála, en ég hygg, að þetta hafi orðið til þess, að ríkisstjórnin og löggjafarvaldið fara nú að líta í kringum sig, hvaða ráðstafanir megi gera til þess að halda niðri dýrtíðinni í landinu.

Ég gat þess í upphafi orða minna, að ég hafi sagt við Alþýðublaðið áður en þetta þing hófst, að það bæri að taka til vendilegrar athugunar, hvaða ráðstafanir Alþingi ætti að gera til þess að koma í veg fyrir, að dýrtíðin yxi óhæfilega. Þetta er meining allrar ríkisstj. og hefur hún oft rætt þetta mál. Það má líka segja, að allir stuðningsflokkar stjórnarinnar hafi verið á einu máli um, að brýn þörf væri aðgerða í þessu skyni og að þetta væri atriði, sem snerti ekki einungis þann tíma, sem nú er að líða, heldur engu síður framtíðina, þegar aftur hallaði undan fæti og atvinnurekstrinn gæti ekki eins vel borið sig og áður. Þetta væri því sameiginlegt hagsmunamál atvinnurekenda og launþega.

Grundvöllurinn fyrir þessu máli er því vissulega sá, að allir vildu, að ráðstafanir væru gerðar í ákveðna átt, til þess að hamla á móti dýrtíðinni, og það þurfti ekki að leiða til þess, að allir væru sammála um leiðina að því marki. En af þessu, sem ég nú hef sagt, leiðir, að aðalatriði þessa máls, sem hér liggur fyrir í frumvarpsformi, er að gera ráðstafanir til þess, að verðlag á nauðsynjavörum almennings hækki ekki frá því, sem nú er. — Þetta er aðalatriðið, og að því ber að keppa. Nú hefur hæstv. viðskmrh. lýst yfir því, að þetta mál hafi verið mikið rætt innan ríkisstj. og að árangurinn af þeim umræðum — ef árangur skyldi kalla — væri frv. það, sem hér liggur fyrir.

Hann lýsti jafnframt yfir því, sem og rétt er, að hann hafi sent frv. til n. til þess að koma því á framfæri, og gerði þá grein fyrir málinu í bréfi til nefndarinnar og einnig í ræðu sinni, að um þetta mál væri ekki enn fullkomið samkomulag milli flokkanna, en hann hefði valið þá leið, sem hann teldi geta orðið grundvöll til þess að skapa samkomulag á Alþingi um lausn málsins. Ég legg engan dóm á það, hvort frv. er líklegt til þess að verða grundvöllur fyrir samkomulagi um málið.

Þess er getið í grg. frv. á þskj. 703, að það sé aðaltilgangur frv. að ná því marki, að verð á nauðsynjavörum hækki ekki. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það verður því að gera allt, sem unnt er, til þess að halda útsöluverði innlendrar og erlendrar nauðsynjavöru til neytenda sem stöðugustu og koma í veg fyrir, að þær hækki til neytenda, jafnvel þótt innflutningsgjald erlendrar vöru hækki og innlendir framleiðendur þurfi að fá hærra verð fyrir afurðir sínar.“ Hér er í grg. gripið á höfuðatriði málsins. En því miður er ekkert í frv. sjálfu, sem sé rökrétt afleiðing af því atriði grg., sem ég nú hef lesið, að reyna að tryggja, að verðlag á íslenzkum framleiðsluvörum hækki ekki. Það má segja, að það sé ekkert í frv., sem sé á þann veg, að Alþingi og landsmenn geti verið öruggir um, að með samþykkt frv. náist það mark, sem að er keppt.

Og þá er ég kominn að höfuðgalla frv.: Það eru engin sérstök ákvæði í frv., sem tryggja það, að verðlag á íslenzkum framleiðsluvörum og jafnvel verðlag á aðfluttum vörum hækki ekki. Um aðfluttar vörur gilda þau lög, að setja má hámarksverð á útsöluverð þeirra, og hér er starfandi verðlagsnefnd, sem nokkuð hefur

neytt þeirrar heimildar, sem í þeim lögum felst, en mörgum virðist, að framkvæmd þessara laga sé ekki jafnröggsamleg og efni stóðu til.

Hér er, eins og nú standa sakir, óvenjuleg velmegun meginhluta þjóðarinnar, og menn spyrja þá ef til vill ekki svo mjög, hvað nauðsynjavaran kosti, heldur hvort hún sé fáanleg. Þegar svo er, er eðlilegt, að eftirlit af hálfu þess opinbera geti slappazt, þar sem ekki kemur nein alda frá neytendum því til styrktar. Nú skortir ekki heimild í þessu skyni hvað snertir verðlag á aðfluttum vörum, og er því aðalatriðið, að því verði beitt sem skeleggast og af sem fullkomnustum skilningi. Vænti ég, að svo verði gert í framtíðinni. Þó hefur nokkuð skort á, að fullkomin yrði framkvæmd um þetta mál, þar sem ekki hefur verið heimild til að setja undir sérstaka verðákvörðun farmgjöld á aðfluttum vörum. Með frv. er lagt til, að svo verði gert.

Hvað verðlag á íslenzkum framleiðsluvörum snertir er það svo, að það hlítir ákvörðun vissra nefnda, sem starfa skv. gildandi lögum þar um. Þessar nefndir eru þannig skipaðar, að búast mætti við, að meiri hluti þeirra hefði tilhneigingu til að haga verðlaginu á þann veg, að þeir, sem vörurnar framleiða, bændurnir, hefðu sem mestan hagnað, án umhugsunar um neytendur yfirleitt.

Ekkert ákvæði er í frv., sem tryggi það, að verðlag á íslenzkum afurðum haldist stöðugt eða hækki ekki frá því, sem nú er á íslenzkum markaði. Ég verð að segja, að hvað þetta snertir hefur frv. verulega hrakað frá því, sem það var eins og 6 manna þingnefndin, sem um þetta mál fjallaði af mikilli árvekni, gekk frá því. Þessi n. starfaði í eina viku og kom sínum hugmyndum á framfæri við ríkisstjórnina, og gripu margar þær till. meira á höfuðatriði þessa máls en frv. gerir, sem nú liggur fyrir. — Í þessum till. var gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hefði lokavaldið um ákvörðun verðlags á ísl. afurðum. Þar var gerð tilraun til að færa málið í það horf, að sú stjórn, sem fara ætti með framkvæmd þessa máls, hefði það í sínum höndum og bæri á því fulla pólitíska ábyrgð gagnvart þingi og þjóð, en ákvörðunarvaldið yrði tekið úr höndum þeirra nefnda, sem enga pólitíska ábyrgð bera á því gagnvart alþjóð manna.

Þó að ég teldi, að unnt væri að koma þessu enn betur fyrir, var hér um merkilega tilraun að ræða.

Þó að ríkisstjórnin væri einhuga um að gera öruggar ráðstafanir gagnvart verðhækkun íslenzkra afurða, þá hefur hún samt ekki samkv. frv. fullt vald til þess. Það, sem skortir í þessu máli og er mjög stórt atriði, er, að ríkisstj. eða annar valdhafi í landinu, sem er sambærilegur við ríkisstj. á þessu sviði, hafi þetta í sínum höndum, og ákveði verðlag landbúnaðarafurða til almenningsþarfa í landinu sjálfu. Þetta er frá mínu sjónarmiði höfuðgallinn á frv. ef þetta verður látið óbreytt, opið og óráðið af hálfu ríkisvaldsins. Ef í málinu næðist samkomulag, sem tryggt gæti, að þetta vald væri í höndum manna, sem bera pólitíska ábyrgð gagnvart alþjóð, eða að verðlagið verði tryggt með lögum, svo það hækki ekki, því öryggi landsmanna felst í að halda því niðri, og að þessu marki eiga allir að stefna, — þá teldi ég náð mikilsverðu grundvallaratriði til þess að halda niðri verðbólgu í landinu. Þetta finnst mér skorta í frv., og vænti þess, að þessu verði breytt til bóta áður en frv. fer í gegnum þingið. Ef samkomulag næðist um það, þá þyrfti til þess allmikla fjárfúlgu til framleiðsluverðlauna og annarra ráðstafana í svipaða átt, og þá er ég kominn að því atriði, á hvern hátt sé bezt að afla fjár í þessu skyni.

Í frv. er bent á þrjár leiðir. Fyrsta leiðin er, að ríkisstj. sé heimilað að verja ákveðinni fjárupphæð af tekjum ríkissjóðs til þessara þarfa. Í öðru lagi, að ríkisstj. sé heimilað að leggja sérstakt útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, sem fluttar eru úr landinu. Í þriðja lagi með því að leggja skatta á hreinar tekjur ársins 1940.

Fyrir réttum mánuði síðan afgreiddi hv. Alþ. skattalöggjöf, sem var ávöxtur af samkomulagi milli flokka þeirra, er að ríkisstj. standa. Að vísu voru menn ekki alls kostar ánægðir með frv., en samkomulag tókst þó eftir nána yfirvegun af ríkisstj., Alþ. og n. þeim, er með málið höfðu að gera. Þá var lagður grundvöllur að skattalöggjöfinni, og sýnist næsta óeðlilegt og óviðeigandi, að þeim grundvelli væri breytt eftir aðeins einn mánuð. Grundvallarröskun á þessu samkomulagi á sér engan rétt, nema aðstæður væru gerbreyttar, eða aðrar stefnur í skattamálum væru ráðandi á Alþingi, og þá eðlilegast eftir nýjar kosningar. Af þessu leiðir, að mjög yrði óeðlilegt, ef sama Alþ., sem setti þessa löggjöf, færi að umturna henni mánuði síðar. Ef brýna nauðsyn ber til þess, þá er það neyðarúrræði, sem er lítið skemmtilegt fyrir alla, sem hlut eiga að máli.

Nú er það svo, að tekjur ríkissjóðs eru óvenjulega góðar. Um framtíðina fær enginn spáð, því að hún er hulin meiri þoku en nokkru sinni fyrr. Þó er varla hægt að slá því föstu, að nánasta framtíð verði verri, þó ekki sé heldur hægt með nokkurri vissu að spá fram í tímann. Í þeirri skattalöggjöf, sem nýlega var samþ., voru sett ákvæði um stríðsgróðaskatt, sem er mjög eðlilegur skattur. Í hlut ýmissa stétta hefur fallið gróði. Það má segja, að utanaðkomandi áhrif hafi hrúgað auðnum á vissar stéttir; því er hið eðlilegasta og sjálfsagðasta, að hluti af þessum gróða renni í almenningsþarfir. Þennan skatt á að nota til að koma á jafnvægi í verðlagi hér, og sex manna nefndin hafði opin augu fyrir því og benti á þetta atriði í till. sínum. Búast má við, að tekjuafgangur verði hjá ríkissjóði á yfirstandandi ári, og því er það sanngjarnt að nota þær tekjur ríkissjóðs, sem ekki verða notaðar til lögbundinna útgjalda, til að halda niðri verðlaginu og stemma stigu fyrir hinni geysilegu verðbólgu, sem nú á sér stað.

En ef þetta fé reynist nú ekki nægilegt, hvar á þá að fá fé til viðbótar? — Við vitum ekki, hvort þetta muni vera nægilegt, og hæstv. fjmrh. gæti að öllum líkindum ekki gefið upplýsingar um það, enda þótt hann hafi manna bezt yfirlit yfir það, hversu mikið fé væri handbært úr ríkissjóði í þessu skyni.

Heimildin, sem talað er um í frv., er 5 mill-

jónir kr. Eru 5 millj. nóg? Um það er ekki hægt að segja. Órannsakað er að miklu leyti, hvað mikið þyrfti til að halda nauðsynjavörum niðri. Greinagóðir menn hafa látið í ljós það álit, að til þess að stöðva verðbólguna, þyrfti að verja fé til verðuppbóta á mjólk og kjöt, sem selt er í landinu, að afnema toll á kornvörum og að hálfu leyti af sykri, og síðan þyrfti að greiða til skipafélaganna fé, til að halda við óbreyttum farmgjöldum á nauðsynjavörum til landsins. — Áætlað var af þessum mönnum, að framangreindar ráðstafanir mundu kosta rúmlega 6 millj. kr., eða dálítið meira en heimild ríkisstjórnarinnar er ákveðin til ráðstöfunar á fé úr ríkissjóði samkv. 3. gr. frv. Vegna þess þarf ríki stjórnin væntanlega að fá rýmri heimildir til tekjuöflunar og fjárframlaga, og þá er komið að því, á hvaða hátt hún geti aflað fjár til viðbótar. Í frv. var minnzt á tvær leiðir. Í fyrsta lagi útflutningsgjaldið, sem áður hefur verið drepið á, og í öðru lagi með því að leggja skatt á nettótekjur. Hvað útflutningsgjaldið snertir, þá er það gamalt mál, sem hefur verið rætt fyrr bæði á Alþingi og einnig á opinberum vettvangi, og tel ég eðlilegt, að þeirrar leiðar verði leitað. Verðlag á mörgum útfluttum afurðum hefur verið á árunum 1939, 1940 og það, sem af er árinu 1941, mjög hátt, svo ástæða er því fyrir hendi til að leggja útflutningsgjald á þessar vörur. Framtíðin er mjög óviss eins og stendur, en hv. þm. vita, að nú standa yfir samningar milli íslenzku og brezku ríkisstj. um sölu sjávarafurða í Bretlandi. Um þessa samninga er ekkert hægt að segja að svo komnu máli, en ég tel ekki ástæðu til að örvænta og vona, að verðlag á útfluttum vörum verði þannig, að ástæða sé til að nota útflutningsgjald að allverulegu leyti. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. fallist á að veita ríkisstj. heimild til að leggja á útflutningsgjöld, en vera má, að ágreiningur verði um það, á hvern hátt beri að leggja á þessi gjöld, á hvaða vörutegundir og hversu hátt á hverja fyrir sig. Aftur á móti gæti komið til mála, að ekki væri hægt að leggja útflutningsgjald á sumar íslenzkar afurðir, t. d. íslenzkt kjöt, sem selt yrði á brezkum markaði, því að verðlag á því gæti orðið svo, að útflutningsgjald yrði útilokað. Enn fremur eru fullar líkur til þess, að sumar sjávarafurðir þoli ekkert útflutningsgjald, t. d. niðursuðuvörur, fiskiflök og sumar síldarafurðir. Á sumar þessar vörur þyrfti ef til vill, í stað þess að leggja gjald á þær, að greiða á þær verðuppbætur, og þyrfti þess vegna að hafa handbært fé í þessu skyni. — En ég er því fylgjandi, að ríkisstj. hafi fulla heimild í þessu atriði, en gætti þess um leið, að útflutningsgjaldið yrði sem réttlátast.

Þá er það þriðja leiðin til tekjuöflunar, nefnilega skattaleiðin. Ég tel það mjög skynsamlegt hjá sex manna nefndinni, að taka fram, að fyrst skuli nota fé úr ríkissjóði vegna aukinna tekna hans. Í öðru lagi, ef það nægði ekki, að grípa þá til útflutningsgjaldsins á þann hátt, sem sanngjarnt teldist, og ef það yrði ekki nægilegt, þá væri spurning um, hvort ekki beri að leita fjár með sköttum. Ég tel ekki alveg útilokað, að það yrði gert, en þó þannig, að fjárins væri aflað réttlátlega. Þó er það neyðarúrræði að þurfa að fara að breyta skattalöggjöfinni svona fljótt, enda þótt allt stæði nú ljósar fyrir augum manna en þegar þessi löggjöf var sett fyrir mánuði síðan. Það hefur verið talað um launaskatt. Ég tel það hina mestu fjarstæðu, því þá yrðu teknar út úr vissar stéttir þjóðfélagsins, en öðrum sleppt, og í því felst hið mesta órétt-læti. Launastéttirnar hafa ekki fengið neinn stríðsgróða. Fastlaunamennirnir fá ekki meira en áður, — þeirra grunnlaun hafa ekki hækkað, en þeir hafa fengið dýrtíðaruppbót vegna stríðsins, og mér er óhætt að fullyrða, að sú uppbót sé ekki svo há, að þeir standi jafnvel að vígi og áður. Einhleypir launamenn bera kannske meira úr býtum með uppbótinni, en ég fullyrði, að fjölskyldumenn fá ekki borið uppi dýrtíðina. Nú er fjöldinn allur fastlaunamanna, sem eru illa launaðir, t. d. barnakennarar og ýmsir innan verzlunarstéttarinnar, og ef fara á að leggja skatt á það fólk vegna stríðsgróða, þá er það að fara aftan að siðunum. Það er að níðast á fólki, sem var áður illa statt, og er jafnvel enn verr statt nú. Ég vil því slá föstu, að launaskatturinn er hin ranglátasta leið til tekjuöflunar. Hann kemur með ofurþunga á mikinn hluta launastéttanna, sem ekki geta borið uppi skattinn.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að skattar væru nú mjög lágir. Þeir eiga líka að vera lágir. Beinir skattar hafa verið háir hér á Íslandi undanfarin ár, enda hefur verið erfitt að afla fjár til almenningsþarfa. Við þessu er ekkert að segja, þegar þannig árar, að annað er ekki mögulegt.

Í sambandi við aukna beina skatta af tekjum manna hefur það verið flutt fram til stuðnings, að margar stéttir hafi fengið sérstakan gróða af stríðsástæðum, og fyrir þessar sakir sé sérstakt góðæri í landinu. Menn gera sér ekki grein fyrir, hve aðstaða stéttanna til að hagnast á þessarar tegundar góðæri er geysilega mismunandi. Hjá vissum vörumiðlunarstéttum og iðnrekendum í landinu hefur orðið mikill gróði, og þeir, sem framleitt hafa og selt á brezkum markaði ísfisk og fleiri sjávarafurðir, hafa hagnazt vel. Það er gott. Þessar stéttir þola þá mestan þungann. Hins vegar eru launastéttirnar. Þær bera nokkru meira úr býtum en stundum áður, og þó takmarkað. Sumt lausavinnufólk hefur borið nokkuð meira úr býtum vegna óvenjumikillar vinnu, einkum í sambandi við verklegar framkvæmdir brezka setuliðsins, — í hinni svonefndu Bretavinnu. Og menn verða að gæta þess, þegar þeir sjá ofsjónum yfir, að vinnandi menn hafi nóga atvinnu og menn streymi að þeirri atvinnu austan úr Rangárvallasýslu, ofan úr Borgarfirði og allt norðan úr Skagafirði og hafi gott kaup, að því fer fjarri, að þeim sé tryggð atvinna til langframa. Þeir, sem hafa haft mestar tekjurnar, hafa unnið helga daga jafnt sem virka og oftast langan vinnutíma. Og get ég ekki skilið, hví menn þurfa að telja eftir, að þeir njóta þarna um takmarkaðan tíma þeirrar atvinnu, sem þá hefur löngum skort á undanförnum árum, og noti kaupið til að rétta sig úr kútnum. Það er þröngsýni að einblína á það eitt, að þarna komi inn nokkrar krónur,

sem klófesta megi með þessum skatti. Uppbót þessara láglaunamanna fyrir árin öll, síðan kreppan hófst, er ekkert um of. Það er kunnugt, að margir fjölskyldumenn hafa orðið að safna skuldum, eftir því sem lánstraust leyfði, hafa ekki getað haldið við húsbúnaði sínum, fötum heimilisfólks né staðið í skilum án mikilla örðugleika með afborganir húskofa síns eða íbúðar, sem þeir hafa ráðizt í að kaupa. Aðkomumenn, sem hér hafa vinnu, eiga ekki síður þörf fyrir sína peninga. Ég þarf ekki að rekja dæmi um þetta. Ekki þarf mjög að fjölyrða um þann augnabliksgróða, sem vissar stéttir í námunda við Bretavinnuna hafa fengið. Það er á hinn bóginn satt, að sjómenn á bátum hafa haft góðar tekjur. En þeir hafa verið niðri við sultarmark mikinn hluta síðasta áratugs, og nú, er þeir hagnast, kemur ríkisvaldið með sinn hramm að taka þessa aura, sem þeim áskotnast.

Ég hef sagt, að það sé athugavert, hvernig hækka mætti beina skatta. Þó þætti mér það sæma því Alþingi bezt, sem eytt hefur 4 vikum eða meira af þingtímanum til að semja og setja nýjar og betri reglur en áður um skattlagning, að það færi ekki nú þegar að gerbreyta þeim grundvelli og leggja á tekjuskatt, sem þverbrýtur bæði orð og anda laganna um tekju- og eignarskatt. Mig furðar þess vegna satt að segja á því, að ábyrgir menn skuli láta leiðast til að koma fram með sumt, sem er í þessu frv. Hinn nýi skattstigi var samningsmál milli flokka og samþykktur, að ég held, mótatkvæðalaust. Það má því fullyrða, að Alþingi sé sammála um þann grundvöll skattlagningarinnar og beri á honum sameiginlega ábyrgð. Þess vegna er eðlilegt, að mönnum hafi flogið í hug að heimila ríkisstj. álag á þann skatt, sem ákveðinn er samkvæmt honum, vitanlega þannig, að ríkisstj. notaði ekki þá heimild nema að því leyti, er nauðsyn krefur. Ég hika ekki við að fullyrða, að þetta væri eðlilegasta leiðin. Ég skal ekki segja, hve miklar tekjur það muni gefa og færi það að sjálfsögðu eftir því, hvað hundraðsgjald álagsins væri hátt, en þó held ég, að þær gætu skipt milljónum, ef álagið væri verulegt. Með því væri ekki raskað þeim grundvelli, sem skattalögin ákveða og ég tel afar þýðingarmikinn.

Í frv. hæstv. viðskmrh. er grundvellinum öllum raskað og á þá lund, sem er mjög leiðinleg fyrir löggjafarþing. Þar er ekki tiltekinn ákveðinn hundraðshluti, er skatturinn skuli nema, heldur mjög mismunandi og allt upp í 78% af tekjuskattinum á lágum tekjum og hvergi lægri en 50% af tekjuskatti, ef miðað er við einhleypa menn. Á hjónum getur hann farið upp í 190%. Ef þetta nær samþykki, má heita, að ekki standi steinn yfir steini í nýju skattal., og hvar er virðing þess þings, sem veltir þannig óðar því, sem það læzt hafa verið að byggja?

Þá er að snúa að hinni hlið frv., notkun fjár, sem aflað er í því skyni, sem frv. tiltekur. Það á að nota það til að halda niðri verðlagi í landinu og í öðru lagi til að styrkja framleiðslu þeirrar útflutningsvöru, sem ber sig ekki sem stendur, þótt lífvænleg sé til frambúðar. Í þriðja lagi er heimildin fyrir beinum sköttum og er réttlætt með því, að þeir gangi til að lækka neyzluvörur þeirra, sem skattinn greiða. Ég er hræddur um, að menn fái enga fullvissu í því efni, að skattgreiðsla þeirra komi þeim sjálfum beint að gagni í nauðsynjakaupum. Þó að landsmenn létu af höndum bæði útflutningsgjaldið og hinn sérstaka tekjuskatt, fyndist mönnum það svipað og hverjar aðrar opinberar álögur, meðan ekki er greinilegar kveðið á um notkunina en gert er í frv. Af því leiðir, að fólkið verður óánægt, og setning og framkvæmd slíkra laga mundi jafnan orka mjög tvímælis.

Tvennt er það, sem fullnægja þarf með l. um dýrtíðarmálin. Það þarf að vera öruggt, að framkvæmd l. verði til að hindra vöxt dýrtíðarinnar, halda henni niðri. Og í öðru lagi verður fjárins til þess að vera aflað á réttlátan hátt. Að þessari lausn málsins vill Alþýðuflokkurinn vinna. En hann vill ekki vinna að því að afla fjár á óréttlátan hátt og án þess, að því fylgi nokkurt öryggi um, að dýrtíðinni verði haldið niðri.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Starfsbræður mínir tveir í ríkisstj. hafa nú talað alllangt mál, en ég læt mér nægja fá orð og tel, að meðan samningar standa yfir um málið innan ríkisstj. og flokkanna, fari bezt á því, að við, sem í samningunum stöndum, höldum öllum leiðum opnum. Vildi ég reyna að eyða misskilningi um málið án þess að fara um of út í einstök atriði þess.

Ég skal gefa hæstv. félmrh. öll hrósyrði fyrir hans ágætu og snjöllu ræðu, þótt ég vilji áskilja mér rétt til að taka allt aðra afstöðu í flestum atriðum og sé honum vist að engu leyti samdóma. Um undanfara þessa máls get ég vísað til ræðu hæstv. viðskmrh. og að nokkru leyti til félmrh. Höfuðatriðið ætti að vera öllum ljóst, að það þarf að berjast á móti dýrtíðinni með ráðum, sem eitthvað duga, og styðja þá framleiðslu, sem ekki svarar kostnaði í bráð, þótt lífvænleg sé í framtíðinni. Haldi kapphlaupið um að hækka alla hluti áfram, vitum við ekki, hve ört vísitalan getur stigið. Fyrr en varir kemst hún í 200, kannske litlu eftir það í 300, og enginn ræður við neitt, þegar svo er komið. Þjóðarógæfu þeirri verður að afstýra, annars bíður okkar sú barátta, sem ég efast um, að nokkur stétt þjóðfélagsins komizt yfir án þess að bíða ægilegt afhroð. Ef kaupgjald og vísitala hækka hvort annað með óstöðvandi þróun, bitnar það mest á verkalýðnum í landinu. Íslenzk framleiðsla á fyrir höndum að stórfalla í verði eftir þetta stríð. Þá kemur að því, að vísitöluhækkunin bætir ekki hag verkamannsins. Hann verður þá að mæta síversnandi árferði, sem hlýtur að leiða af sér minnkandi atvinnu. Það má segja, að það sé gott, meðan hann getur tekið kauphækkun í réttu hlutfalli við dýrtíðarvísitölu. En þegar atvinnuleysið heldur innreið sína og 2 vinnudagar eða 1 koma í stað hverra 4 daga áður, skaðast hann, ef að er gáð, á svo háum kauptaxta, sem lamar alveg mjög margar atvinnugreinar. Um embættismanninn er hið sama að segja. Við versnandi árferði neyðist löggjafinn til að taka af honum þá fullu dýrtíðaruppbót, sem nú hefur verið veitt, þótt dýrtíðin sjálf

kunni þó að haldast óbreytt. Öll úrræði í þessum málum, sem ekki miða að því að draga úr dýrtíð, eru neyðarúrræði og skammgóður vermir. Ég er að einu leyti sammála hæstv. félmrh. í gagnrýni hans á frv. Áhrif þess á dýrtíðina eru ekki nógu vel tryggð. Í tillögum sex manna nefndarinnar var svo fyrir mælt, að úrskurðarvald um verðlagsákvæði skyldi vera í höndum ríkisstj. Það hefði ekki skipt mjög miklu í framkvæmdinni frá því, sem er. Því fer fjarri, að ríkisstj. sé áhrifalaus í nefndum þeim, sem ákveða verðlagið, því að hún skipar formann þeirra. Ef það er rétt hjá hæstv. félmrh., að samtímis þeim ráðstöfunum, sem nú er lagt til að gera, þyrfti að festa verð á íslenzkum vörum seldum innanlands, yrði ekki hjá því komizt að festa kaupgjaldið um leið, því að það er að verulegu leyti undirstaða verðlagsins og ógerningur að festa verð t. d. á mjólk og kjöti, nema bændum gefist kostur á vinnuafli án sívaxandi kauphæðar. Það hljóta allir menn að sjá, að ef kaupgjald lækkar ekki, verður að láta íslenzka framleiðsluvöru hækka að sama skapi. Ef þróunin færi þannig, að einhver nefndin, sem ríkisstj. hefur ekki áhrif á nema óbeint, margfaldaði verð vörutegundar, mjólkin yrði t. d. sett á 4—5 kr. lítrinn, yrði að greiða verðmismuninn á því og núv. verði úr þeim opinbera sjóði, sem frv. stofnar til. Hitt verður að segja, að ein slík nefnd gæti eyðilagt mikið og mætti ekki fá að leika lausum hala, ríkisstj. yrði þar að neyta íhlutunarvalds, sem hún raunar hefur, og taka fast í taum. Það er kannske of mikil bjartsýni að gera sér vonir um algera stöðvun dýrtíðarinnar, auk þess sem marga óvænta hluti getur borið að höndum. En mikið má, ef vel vill.

Ég er eindreginn stuðningsmaður þess, að sú tilraun sé gerð, sem frv. fjallar um. Ég áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess að reyna að koma fram breytingum og mun snúast gegn því, ef nauðsynlegustu lagfæringarnar fást ekki, því að slík löggjöf gagnar aldrei vel, ef þeir gallar fylgja, sem skapa henni fjandskap verulegs hluta þjóðarinnar.

Ég er þeirrar skoðunar, að hækka ætti íslenzka krónu, ef unnt væri. Ég stóð fast með því að verðfella hana 1939, því að þá sá ég ekki önnur ráð til þess, að framleiðsla til útflutnings gæti borið sig. Þeir, sem þá vildu fella, hljóta nú, þegar flest er gerbreytt, að hneigjast að því að hækka krónuna. Meginhluti íslenzkrar framleiðslu stendur nú þannig, að hann mundi fá borið hækkun, og þann skell, sem hann fengi af henni, mundi hann hljóta að fá fyrr eða síðar, þegar verðlag hrapar. Þegar vel árar þannig, er tíminn til að bæta þeim tjónið aftur, sem biðu það við gengislækkunina, og það er ekki margt auðmanna í þeim hópi, heldur oft peningalitlir menn, sem mega ekki við því, að spariskildingarnir rýrni, og þjóðfélagið má ekki við því, að menn missi trúna á, að eitthvað þýði að spara. Ég skal játa, að þótt Bretinn vildi heimila okkur sjálfræði um hækkun krónunnar, væri eftir að ráða fram úr ýmsum vandamálum í því sambandi. Við megum ekki alveg gleyma þeim 5—6 millj. £, sem við eigum frystar í Bretlandi, og getum engu breytt, nema við treystum okkur til að verðfella þær.

Um þær leiðir, sem liggja til fjáröflunar í þessu máli, skal ég vera stuttorður. Ég vildi lýsa yfir því, að mér var ljóst, þegar við afgreiddum skattalögin á þessu þingi fyrir 4 vikum, að eftir var að ganga frá þessum dýrtíðarmálum og tekjuöflun þeirra vegna, og ég hélt, að öllum hv. þm. hefði verið það ljóst, að þau mál lágu fyrir til athugunar og hlutu að koma til kasta þingsins á eftir. Ég vil einnig taka fram, að ég vissi vel, að það gat komið til mála að leggja á nýjan tekjuskatt, alveg eins og komið gat til mála að leggja nýtt gjald á útfluttar vörur. Ég hélt, að allir hefðu fylgzt með því nokkurn veginn, hvað undirbúningi þessa máls leið, og koma því á óvart ýmsar raddir, sem nú heyrast. — Með þessu er ég enga yfirlýsing að gefa um það, hvort ég vilji leggja á einhvern tekjuskatt eða ekki. Ég geng ekki að því atriði frv. eins og það er og áskil mér rétt til að reyna fyrir mér um brtt. í ríkisstjórn og þingflokkum, áður en málið verður afgr. til 3. umr.

Þó að mér beri sem fulltrúa eins helzta fiskútflutningskjördæmis á landinu að gæta þess, að álögur á þann útflutning séu ekki þörfum meiri, tel ég svo mikla þjóðarnauðsyn á fjáröflun þessa frv., að hagsmunir einstakra kjördæma megi þar engu ráða. Vonir eru nú um þann fiskmarkað erlendis, að menn þoli nokkurt útflutningsgjald. Það er miklu betra, að menn verði að eftirláta ríkinu þannig hluta hagnaðar síns en fá í hendur fulla greiðslu og verða svo seinna að borga því þennan hluta í hækkuðum beinum skatti. Hið opinbera segir í síðara dæminu: Þú hefur ástæðu til að halda, að reikningur þinn sé upp gerður, en það er misskilningur, hluta minn úr tekjum þínum á ég eftir að taka. — Ég er ekki í vafa, hvor leiðin er heppilegri, en sínum augum lítur hver á silfrið.

Ég hef af ásettu ráði sneitt hjá að ræða mjög einstök atriði, til þess að loka ekki fyrir mér neinum leiðum í samningatilraunum þeim, sem yfir standa um málið. Ég vil þó taka fram vegna greinargerðar frv., að ég er ekki sammála um það, að því fé, sem aflað verður eftir þessum tekjuöflunarleiðum, verði varið til verðuppbóta á marga útflutningsliði íslenzkra afurða. Ég vil t. d. láta verðuppbæta mjólk af þessu fé og geri það að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir fylgi við frv., að þeir framleiðendur fái vissulega rétt sinn, hvort sem verðjöfnunarnefnd sýnist svo eða ekki. Verði nú þetta frv. að lögum í einhverju formi, tel ég, að eftir sé að ákveða nánar innan ríkisstj., hvernig þessu fé skuli verja og til hverra hluta. Það má búast við, að með breyttum kringumstæðum komi alveg ný viðhorf í þessu máli og breytingarnar taki bæði til innheimtu teknanna og framkvæmda. Ég skil þessa löggjöf svo, að framkvæmd hennar verði í einstökum atriðum borin undir hina ýmsu ráðherra og um flest atriði verði teknar sameiginlegar ákvarðanir í ríkisstj.

Að öðru leyti vil ég koma brtt. mínum á framfæri við hv. fjhn. beggja þd., sem ég tel eðlilegt, að fjalli um málið, og síðan verði leitað samkomulags.

*Haraldur Guðmundsson: Ég get mjög stytt mál mitt eftir hina snjöllu ræðu hæstv. félmrh. En þar sem ég gat ekki tekið þátt í flutningi frv. sex manna nefndarinnar, verð ég að gera grein fyrir afstöðu minni. Okkur Alþflm. er fullkomlega ljóst, í hvert óefni dýrtíðin stefnir, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til úrbóta. Ég hygg, að Alþfl. hafi fyrstur vakið máls á því og krafizt aðgerða á síðastl. hausti, þannig að kallað yrði saman aukaþing til þess að ná samkomulagi um framkvæmdir og fjáröflun. Ég harma það, að því var ekki sinnt, en ef nú er tekið í taum, er betra seint en aldrei. Fyrr hefði það verið miklu auðveldara.

Ég vildi ekki vera meðflm. að frv., ekki af því, að mér þætti lítil nauðsyn á, heldur af því, að eins og frv. er lagt fyrir, eru heimildir þess of víðtækar og óákveðnar — og sumpart svo ófullnægjandi, að ekki er nærri nóg trygging fyrir því, að þær komi að fullum notum. Um veilurnar í röksemdafærslu þeirra, er að frv. standa, get ég að mínu leyti vísað til þess, sem hæstv. félmrh. sagði. Fyrst er það, hve óhemjuvíðtækt vald á að gefa ríkisstj., hún getur með reglugerð ákveðið allt, sem henni sýnist um útflutningsgjaldið. Ég verð að segja, að þinglegra hefði verið að tiltaka þetta allt miklu nánar í l., en til þess skortir þetta seint útungaða frv. allan undirbúning. Til dæmis um verklagið á þessu má taka það, að útflutningsgjald á að taka af útfluttum landbúnaðarafurðum eins og öðrum útfluttum vörum til að bæta upp verðið á sömu útfluttu vörunum. Það væri ekki alveg handónýtt að styðja sem flestar atvinnugreinar með svona viturlegum ráðsályktunum. Um þessi efni er ég þó í aðalatriðum sammála hæstv. viðskmrh. í ræðu hans. En ég gæti hugsað mér, að hægt væri að fara hærra með gjaldið en í 10% í einstökum tilfellum. Ef siglingar með ísaðan fisk halda áfram og verð lækkar ekki, kæmi það t. d. þar til mála. En allt er það í óvissu, unz vitað er um samninga okkar við Breta, þá sem yfir standa. — Ekki er síður víðtæk heimildin, sem frv., sem hér liggur fyrir, veitir ríkisstj. til að leggja skatt á hreinar tekjur. Það tók 8—10 vikur af þingtímanum að koma sér saman um þau skattalög, sem nú eru nýgengin í gildi. Það var niðurstaða samkomulags með öllum flokkum. Því fór að vísu fjarri, að allir væru sammála og ánægðir, en menn beygðu sig fyrir nauðsyninni að lögfesta það, sem allir gátu sætt sig við í grundvallaratriðum. En ég vil mótmæla því hjá hæstv. ráðh., að þm. hafi yfirleitt verið kunnugt um þær fyrirætlanir hjá ríkisstj. að knýja fram í flýti, síðar á þinginu skattalög, sem röskuðu öllum grundvelli hinna fyrri, gerðu m. ö. o. hið nýfengna samkomulag um skattalögin að engu. Þessu frv., sem nú er lagt fram, var ekki hreyft, fyrr en búið var að samþ. frestun kosninga til Alþ. Þá kemur frv. og er um skatt, sem enginn veit, hve hár verður, nema á ómagalausu fólki, viðskmrh. einn fær að vita, hver ómagafrádráttur á að vera, svo að enginn viti, hvað hér á að samþykkja. Með þessari óútreiknanlegu heimild á Alþingi nú tafarlaust að afsala sér árangri 8—10 vikna þingræðisstarfs. Slíka heimild getur þingið að minni hyggju ekki veitt.

Það verður ekki sagt, hve hár skatturinn á að vera nema fyrir einhleypinga og barnlaus hjón. Ég vil nú taka dæmi um hann á misháum tekjum, samanborið við núgildandi tekjuskatt:

	Nettó-tekjur	Nýr skattur	Tekju-skattur	Álag á tekjuskatt
Einhleypir:				
	2000	5	7.92	63 %
	4000	35	44.88	78 —
	6000	105	147.84	71 —
	8000	205	325.38	63 —
	10000	305	551.76	55 —
	12000	405	808.50	50 —
	15000	555	1407.12	39 —
Hjón:				
	2000	5	0	
	4000	35	18.48	189 %
	6000	105	76.56	137 —
	8000	205	214.50	96 —
	10000	305	412.50	74 —
	12000	405	650.10	62 —
	15000	555	1122.00	49 —

Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það, að þessi skattur er fyrst og fremst á lagður sem sérstakur skattur á lágtekjur og miðlungstekjur, þar sem nokkur ívilnun var veitt við breyt. þær, sem þingið samþ. fyrir nokkru.

Að því er ómagafólk snertir, er ekki hægt að sjá, hvaða skatt því er ætlað að greiða. Hæstv. viðskmrh. hefur það vinsæla hlutverk að úthluta því fólki sinn skammt, af sinni náð og mildi.

Ég álít, að slík afgreiðsla sem þessi sé alveg óhugsandi og ósæmileg fyrir þingið eftir það, sem hér er á undan gengið í skattamálunum.

Ég sagði, að ég hefði ekki viljað bera frv. fram, af því að sú heimild, sem það veitir, sé ófullnægjandi. Stj. er ekki veitt heimild umfram það, sem nú er, til að ráða verðlagi í landinu. Samkv. l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma skal útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum ákveðið af 5 mönnum, 2 frá mjólkursamlögunum, 2 frá bæjar- eða sveitarstjórn og oddamanni, skipuðum af landbrh. Í kjötverðlagsn. eru skipaðir 5 menn til eins árs. Landbrh. skipar einn mann, sem er formaður, 2 velja seljendur og framleiðendur og tveir eru valdir af bæjarstj. eða sérstökum stofnunum með hliðsjón af sjónarmiðum neytenda, eins og í mjólkurverðlagsn. En reynslan er sú í báðum þessum n., að oddamaðurinn hefur talið sig fyrst og fremst umboðsmann og fulltrúa annars aðilans, þ. e. a. s. bændanna. (PO: Þessu mótmæli ég). Það er nú samt satt. Síðastl. haust kom upp deila um verðlagið. Meiri hl. n. samþ. ákveðið verð, og hækkunin nam frá 60 til 100% á kjötinu. Á sama tíma var bannað með l., að kaupgjald hækkaði um meira en 27%. Um þetta var ágreiningur í n. og blaðaskrif. Ég minnist þess, að meiri hl. kjötverðlagsn. kom á framfæri greinargerð í útvarpinu, og var þar talið svo, að fulltrúar bænda skipuðu meiri hl. n., og ég man ekki betur en að hið sama kæmi fram í grein í Tímanum eftir sjálfan landbrh. Þetta er kannske ekki óeðlilegt, því að n. var skipuð

með það fyrir augum, að nauðsynlegt væri að tryggja bændum hærra verð, en þetta er engu að síður herfilegur misskilningur á hlutverki n. Hún á bara að hafa alþjóðarhag fyrir augum og ekkert annað.

Svipað er það í mjólkurverðlagsn.

Nú má enginn skilja orð mín svo, að mér finnist ekki sjálfsagt, að bændur fái það verð, sem gerir þeim mögulegt að halda áfram búrekstri sínum, en það mega ekki vera einhliða ákveðnir fulltrúar þeirra, sem ráða öllu um verðið.

Í stuttu máli tel ég, að í þessu efni skorti skynsamleg ákvæði um, hversu skuli fara að við ákvörðun verðlags í landinu.

Ég skal reyna að stytta mál mitt, en ég vil aðeins drepa á það, sem frá mínum bæjardyrum séð er gerlegt að framkvæma í þessu efni. Ég fellst á það, sem í frv. stendur um framlag ríkissjóðs og einnig um útflutningsgjald. Ég tel sjálfsagt, að sú heimild sé veitt, vegna þess að þeir, sem höfðu mestar tekjur og gróða síðastl. ár, eru útflytjendurnir, og þeir eru líka í fremstu víglínu, þegar verðfallið skellur á. Ég tel einnig, að ef með öllu verður ókleift að fá nægilegt fé eftir þeim leiðum, sem drepið hefur verið á, sé ekki ógerlegt að byggja á nokkrum tekjuskatti í sama skyni, en þó því aðeins, að grundvellinum undir skattaákvörðununum sé í engu raskað frá því samkomulagi, sem orðið hefur hér á Alþingi. Það er í l. heimild til að innheimta tekjuskatt með 12½% viðauka, og ef til vill mætti hækka þann viðauka nokkuð.

Að því er snertir ráðstafanir til verðlækkunar og festingar verðlagsins væri eðlilegt að taka inn í þetta frv. ákvæði um afnám tolla á þeim vörum, sem hafa mest áhrif á vísitöluna, og að gefa ríkisstj. heimild til að ákveða flutningsgjaldið með íslenzkum skipum. Gróði Eimskipafélags Ísl. síðastl. ár hefur verið 200% af hlutafénu, eða yfir 3 millj. kr. Til viðbótar má telja h. u. b. eina millj., sem telst sjóðsmyndun með eigin ábyrgð. Eimskipafélagið hefur nú ekki alla flutninga hér, en á öðrum skipum er eflaust eitthvað hliðstæður ágóði. Þetta veldur miklu um verðlag í landinu. Það fer mjög miður, að ekki skuli fyrr hafa verið reynt að hafa hönd í bagga með þessu. Eimskipafélagið er að vísu þjóðþrifafyrirtæki og alls góðs maklegt, en hagur félagsins er svo eftir síðasta reikningi þess, að skipin eru öll skrifuð niður í sama og ekkert. Þess fjárhagur er því tryggur, og að láta það halda áfram á gróðabrautinni er óeðlilegt eins og á stendur.

Varðandi verðlagið á útlendum vörum get ég sagt það, að ég tel tvímælalaust bezt að taka upp landsverzlun á helztu nauðsynjum og fela bæjar- og sveitarfélögum úthlutun þeirra með vissri álagningu. Mikið umstang og mikill kostnaður yrði á þann hátt sparað.

Það hefur komið í ljós, að allmikið skortir á, að það hafi lánazt að safna birgðum innanlands, en það hefði þó verið hægt, ef í tíma hefði verið tekið það ráð. En allar líkur til birgðasöfnunar eru betur tryggðar með landsverzlun.

Ég er enginn ofsatrúarmaður í þessu efni, en á þetta vil ég benda, og ég efast ekki um, að margir munu vera mér sammála.

Ef þessi leið verður á hinn bóginn ekki farin um ákvörðun verðlags á útlendum vörum, verður að fella burt þau ákvæði, sem nú eru í l. og fella niður ýmsa vöruflokka.

Það eru mér og fleirum vonbrigði, að ekki hefur náðst meiri árangur af starfi verðlagsn. en raun er á. Ég hygg, að við hennar ákvarðanir sé ekki alltaf tekið tillit til aukinnar veltu. Ég hygg, að með því fengist aukið öryggi, að skipuð verði sérstök ríkisverðlagsn., jafnt fyrir útlendar og innlendar vörur, sem kosin væri af þinginu eftir flokkum. Það má segja, að ekki sé um stóran mun að ræða frá því, sem er, sem sé að fela ríkistj. æðsta valdið. En ríkisstj. er svo störfum hlaðin, að þetta er örðugt fyrir hana, að fylgjast til fulls með öllu. Hún yrði að hafa sérstaka menn fyrir sig og gæti ekki fullkomlega kynnt sér rök þeirra í hverju máli, en yrði hins vegar að bera ábyrgðina gagnvart þinginu. Þá væri eðlilegra að skipa sérstaka n., sem væri sjálf ábyrg gagnvart þinginu.

Um annan þáttinn á þessari hlið málsins, nefnilega að ákveða uppbætur á framleiðsluvörur, tel ég, að til þess að ákveða þær, verði að fela sérfróðum mönnum að búa til grundvöll, sem hægt er að byggja á við að brúa bilið á milli framleiðslukostnaðar á innlendum vörum og útsöluverðs. (**Viðskmrh.**: Hverjir eru sérfróðir?) Hér er til búreikningaskrifstofa landbúnaðarins, hagfræðingar, mjólkurverðlagsn. og kjötverðlagsn. Þessar n. ættu að hafa einhver gögn í höndum, sem hagfræðingarnir gætu unnið úr. Ef grundvöllurinn er fundinn, er auðvelt að fylgjast með breyt. og reikna út eftir þeim. Hér er um miklar fjárhæðir að ræða, og ef allar þessar aðgerðir eiga að koma að gagni, er nauðsynlegt, að þeir, sem fé leggja fram, viti, að það sé notað til þess að lækka dýrtíðina, en ekki til að greiða óþarfar uppbætur ýmsum stéttum í landinu. Allt á að gera eftir ákveðnum reglum, að undangengnum nákvæmum rannsóknum.

Þá hef ég gert grein fyrir, af hvaða ástæðum ég gat ekki verið meðflm. þessa frv., og í samræmi við það hef ég drepið á ýmis úrræði til þess, að tilganginum geti orðið náð.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég skal nú lofa þeim, sem á eftir mér eru á mælendaskrá, að verða ekki langorður. Hæstv. félmrh. hélt hér langa ræðu og lýsti yfir því, að hann teldi mjög nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir aukning dýrtíðarinnar, en ágreiningurinn væri einungis um leiðirnar til þess. Mér fannst öll hans langa ræða svo einhliða, að hann geti ekki búizt við, að röksemdaleiðsla hans verði talin fullnægjandi. Hann taldi enga trygging fyrir því, að verðlag gæti lækkað eða haldizt óbreytt með þessum ráðstöfunum, og aðallega virtist hann óttast verðhækkun íslenzkra afurða, sem seldar eru á innlendum markaði. Hana vildi hann fyrirbyggja með því að taka úrskurðarvald verðlagsákvörðunar úr höndum nefnda þeirra, sem þar hafa verið gerðar að dómstólum og eru skipaðar fulltrú-

um neytenda jafnt sem framleiðenda og oddamanni frá ríkisstjórninni. Ríkisstj. getur með atkvæði oddamanns ráðið miklu um þá hlið dýrtíðarvarnanna, sem nefndirnar annast, svo að þar virðist ekki brýn þörf breytinga. — Hvorki hæstv. ráðh. né hv. þm. Seyðf. minntist hins vegar á það einu orði, að hætt væri við, að kaupgjald í landinu yrði spennt of hátt og að það hækkaði dýrtíðina, og þó er ekkert meiri né óviðráðanlegri þáttur í dýrtíðinni. Þetta kalla ég einhliða sjónarmið. Hvers vegna á að neita sumum stéttum um að hækka söluvöru sína, en leyfa launastéttunum að fá síhækkandi laun eftir fullri vísitölu dýrtíðarinnar og þó meira, ef svo bíður við að horfa? Ég er reiðubúinn til þess að fylgja því, að rammar skorður séu reistar gegn ótakmarkaðri hækkun innlendrar framleiðslu innan lands, en jafnframt verður að gera slíkt hið sama um kaupgjaldið.

Menn hafa minnzt á það, að frv. sex manna nefndarinnar væri allt annað og betra en þetta frv. Það eru aðeins tvö veruleg atriði, sem á milli ber. Annað er það, að hér er ekki gert ráð fyrir, eins og í hinu frv., að ríkisstj. geti hækkað gengið, en upplýst er, að það mál liggur að svo stöddu utan við svið þessarar lagasetningar. Hitt er vald ríkisstj. til verðlagsúrskurða, en upplýst er, að íhlutunarvald ríkisstj. er þegar allvíðtækt, og varhugavert að leggja þar inn á nýja braut, er ekki rekur nauðsyn til, nema þá séu um leið reistar skorður við kaupgjaldshækkunum. Í öðrum atriðum er aðeins stigmunur á þessum frv., og munar það mestu, að útflutningsgj. má samkv. þessu frv. nema allt að 10%, en samkv. hinu aðeins 5% að jafnaði og í sérstökum tilfellum allt að 10%.

Þó að hæstv. félmrh. væri stórorður um frv., virtist hann fallast á eða vera tilbúinn að ganga inn á almennan skatt til þess að hamla dýrtíðinni. Hann taldi þingið ekki geta æru sinnar vegna samþ. þetta frv., af því að skattstigi hefði verið ákveðinn í l. um tekju- og eignarskatt á þessu þingi. Þessa röksemd er ekki hægt að taka fullkomlega alvarlega, því að þá ætti eins að vera óleyfilegt að samþ. nýtt útflutningsgjald, af því að fyrr á þinginu hafa verið samþ. lagaákvæði, sem þau efni snerta. Allir vissu það, þegar tekju- og eignarskattsl. voru samþ., að dýrtíðarmálin var eftir að leysa og til þess mundi þurfa fé. Bæði hæstv. ráðh. og hv. þm. Seyðf. hafa fundið mjög að því, að hér sé gengið of langt í því að skattleggja miðlungstekjur og lágar tekjur. En ef litið er á frv., sést, að t. d. einhleypur maður með 5 þús. kr. tekjur mundi aðeins greiða 65 kr. viðbótarskatt. Fyrir einhleypa menn með 7000 kr. nettótekjur yrði skattaukinn 155 kr., og fyrir einhleypan mann með 10000 kr. tekjur yrði skattaviðaukinn rúml. 300 kr.

Þess vegna finnst mér það næsta broslegt, þegar ýmsir hv. þm., og jafnvel ráðherrar, eru að tala um, að með þessu sé hinn ógurlegi hrammur ríkisvaldsins að grípa fram fyrir hendurnar á mönnum og ætli nú að fara að reyta af mönnum þau fríðindi, sem þeim voru veitt í hinum nýju skattalögum.

Í því sambandi vil ég benda hv. jafnaðarmönnum á það, að það mun láta mjög nærri, þegar búið er að leggja skattaviðaukann samkv. þessu frv. við skattinn samkv. skattal., sem verið var að afgreiða hér í þinginu fyrir skemmstu, að þeir til samans séu álíka háir og sá skattur, sem menn greiddu eftir skattalögunum frá 1935, en þá löggjöf hafa jafnaðarmenn samþykkt.

Ég get ekki fullyrt, að þetta sé í öllum tilfellum jafnmikið, af því ég hef ekki haft tíma til að rannsaka það sérstaklega, en mér sýnist í fljótu bragði, að þetta láti mjög nærri.

En hv. þm. Seyðf., sem sagði, að hér væri allt of langt gengið, vil ég segja það, að með samanlögðum skatti og skattaviðauka þessa frv. er a. m. k. lítið lengra gengið en í frv., sem hann hefur sjálfur flutt hér á Alþingi á sínum tíma. Ég vil einnig beina því til Alþfl.manna yfirleitt, að það situr sízt á þeim, sem alltaf segjast vera að berjast fyrir afnámi tollanna og fyrir beinum sköttum, að vera að gera veður út af þessu frv., vegna þess að þar er gert ráð fyrir beinum skatti.

Hitt er annað mál, að ég get vel þolað það, að skattgjaldinu sé breytt í frv. á lægstu tekjum, ef samkomulag yrði gert í þá átt, en ég vil alvarlega benda á, að betra væri að hafa persónufrádráttinn fyrir ómaga ríflegri heldur en að sleppa alveg skattgjaldinu á lægri tekjur skattskyldar.

Ég held sem sé fast við það, að mér finnst, að skatturinn á einhleypum eigi ekki og megi ekki vera minni en gert er ráð fyrir hér í frv., að viðbættum skatti samkv. skattal., en mætti þá heldur lækka á fjölskyldumönnum.

Þá vildi ég enn á ný sérstaklega leiðrétta þann misskilning, sem virðist ríkjandi hjá sumum hv. þm., að það sé einhver reginmunur á þessu frv. og frv. sex manna nefndarinnar. Á þessum tveim frv. er enginn grundvallarmunur, í hæsta lagi nokkur stigmunur, eins og ég hef áður sýnt fram á. Að því er snertir það atriði, sem nú veldur gagnrýni helzt — almenna skattinn — þá er munurinn á þessu frv. og frv. sex manna nefndarinnar mjög óverulegur.

Mér skildist, að allir fulltrúar í n. gætu vel hugsað sér að leggja á slíkt almennt gjald, til þess að standast þann kostnað, sem lagt verður í til að berjast gegn dýrtíðinni, t. d. lækkun tolla o. s. frv. Virðist nú hins vegar bera nokkuð á því, að sumir þm. vilji hörfa frá þessu, þegar á hólminn er komið.

Ísleifur Högnason: Þetta frv. er, eins og hæstv. félmrh. lýsti framtíðinni, nokkuð í þoku. Tvennt er þó skýrt í frv. Í fyrsta lagi, að stjórnin fær tugi millj. kr. til umráða í nýjum sköttum, og í öðru lagi ótakmarkaða heimild til að ráðstafa þessu fé eftir eigin geðþótta.

Fyrsta grein er nokkurs konar greinargerð fyrir frv. Þar er talað almennt um viðbúnað gegn erfiðleikum atvinnuveganna, að minnka þurfi verðbólguna í landinu og draga þurfi úr hækkun framfærslukostnaðar og kaupgjalds.

Þetta er svo loðið og óskýrt orðalag, að furðu sætir. Og þar sem ekki finnst nein nánari skýring á þessu, hvorki í öðrum greinum frv. sjálfs

né grg., þá kemur ekki til mála, að nokkur þm. með snefil af ábyrgðartilfinningu greiði atkv. með frv., eftir allt, sem á undan er gengið hér á Alþingi.

Í 2. gr. er sagt, að ríkisstj. skuli heimilt að ákveða hámark farmgjalda af vörum, sem fluttar eru með íslenzkum skipum. Stjórnin hefði fyrir löngu getað fengið slíka heimild, ef viljinn hefði verið fyrir hendi.

3. gr. er svo hljóðandi: „Í því skyni, er í 1. gr. getur, er ríkisstj. heimilt að verja allt að 5 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs á árinu 1941".

Í sambandi við þessa grein má minna á það, að ríkisstj. hefur handbærar aðrar 5 millj. kr., sem greiða á útflytjendum í uppbót vegna markaðstaps. Þar eru komnar 10 millj.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir afurðaskatti, eða útflutningsgjaldi allt að 10% af fob-verði afurðanna. Ef á ári verður 100 millj. kr. útflutningur, þá verður þessi skattur 10 millj. kr. Þá hefur stjórnin 20 millj. til „viðbúnaðar erfiðleikunum". Nú getur útflutningurinn orðið 150 millj. ef allt gengur að óskum. Þá gæti útflutningsgjaldið numið allt að 15 millj. kr.

Þá er í 5. gr. talað um sérstakan tekjuskatt. Það gjald er ekki gott að segja, hve miklu getur numið, en ætla má, að það skipti milljónum. Samkv. þessu felst í frv. heimild til ríkisstj. til að skattleggja almenning í landinu um allt að 25 millj. kr. til viðbótar öllum tekjuliðum fjárl., sem nema svipaðri upphæð.

En þetta er aðeins tekjuhliðin. Í frv. er hvergi með einu einasta orði á það minnzt, hvernig eigi að verja þessum gífurlegu fjárfúlgum.

Þá vík ég að ræðu hæstv. viðskmrh. Hún var að innihaldi ákaflega áþekk greinargerð frv., og er mér því nær að halda, að hann hafi samið hana sjálfur, þótt meiri hluta fjhn. sé eignuð hún.

Aðalatriðið í hans augum virtist vera, að Alþingi tæki að spyrna á móti kauphækkunum. Hvað eftir annað er staglazt á því í grg. frv., að hreinn voði sé fyrir dyrum vegna þess, að kaupgjald sé allt of hátt í landinu.

Í grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalefni þessa frv. er það, að ríkisstj. er gefin heimild til þess að gera ráðstafanir til að draga úr verðbólgunni innanlands og koma, eftir því sem unnt er, í veg fyrir frekari hækkun framfærslukostnaðar og kaupgjalds.".

Athyglisverð er og í grg. þessi setning: „En það er ekki einungis um „striðsgróða" að ræða hjá þeim, sem selt hafa vörur sínar á erlendum markaði við háu verði, heldur hafa tekjur mjög margra stóraukizt beinlínis vegna ríkjandi styrjaldarástands..".

Hér er minnzt á það, að fleiri hafi gott af „blessuðu striðinu", eins og þeir vilja kalla svo, heldur en útflytjendur, og mun vera átt við launþegana.

Þá sný ég mér að 10% útflutningsgjaldinu, hvernig það verður í framkvæmd að því er snertir sjómennina. Gjaldið á að leggja á fobverð afurðanna. Það hefur í för með sér, að smáútvegsmenn og hlutamenn bera einir allt gjaldið, því að þeir selja, eins og kunnugt er, fiskinn fiskkaupmönnum fyrir ákveðið lágmarksverð.

Fiskkaupmennirnir munu hafa allan vilja og einnig öll tök á að draga þessi 10% frá, er þeir ákveða fiskverðið, þannig að allur þessi stóri skattur lendir á þeim framleiðendum, sem ekki hafa aðstöðu til að selja afurðir sínar á erlendum markaði sjálfir.

Milliliðirnir sleppa alveg við þennan eða annan tilsvarandi skatt. Enda hefur það víst líka verið meiningin, að braskararnir fái að halda sínum feng óskertum.

Þetta er svo athyglisvert og einkennandi fyrir alla stefnu og viðleitni núverandi ríkisstjórnar: Að gleyma því aldrei að tryggja bröskurum og fjárplógsmönnum allan ágóðann af verzlun með framleiðslu landsmanna, en velta jafnframt öllum þunga skatta og skyldna á bak fátækustu erfiðismannanna á sjó og landi.

Ég skal taka eitt nýtt dæmi til þess að sýna, hvernig ákvæði eins og þetta yrði í framkvæmdinni, ef frv. þetta yrði að lögum.

Eitt skip seldi fyrir fáum dögum ísfisksfarm í Englandi fyrir 900 þús. kr. Fyrir þennan farm hafði útflytjandinn greitt í mesta lagi 300—400 þús. kr. 10% gjaldið er reiknað af kaupverðinu hér. En af 500—600 þús. kr. söluhagnaði útflytjandans er ekki greiddur einn einasti eyrir skv. þessu frv. Þessi braskari, sem hér á í hlut, þarf því ekkert að greiða, nema á sínum tíma e. t. v. 5% tekjuskattsálagið, ef ekki verður þá einnig fundin kænleg lögskýring til að létta þeirri „þungu byrði" af „framtaki einstaklingsins". En smáútvegsmaðurinn og hlutamaðurinn verða að láta af hendi 10. hluta afla síns, og greiða síðan að auki tekjuskattsálagið af „sínum striðsgróða!!"

Þá sagði hæstv. viðskmrh., að almenningur væri orðinn mjög áhyggjufullur út af hinu síhækkandi kaupgjaldi.

Ég skal játa, að ég skildi ekki vel, hvað hann átti við. En ég geng út frá, að hann hafi verið að tala fyrir munn atvinnurekenda. Það er orðið svo, að þegar núverandi ráðh. og ríkisstjórn tala um þjóð eða almenning, þá meina þeir ekki alla alþýðu manna, heldur einungis stórgróðamennina.

Það er víst eitthvað annað fremur en launahæðin, sem verkamenn og aðrir starfsmenn þurfa að kvarta yfir. Ætli það sé ekki fremur ástæða til hins gagnstæða. Það er alkunnugt, og var nú seinast rétt áðan viðurkennt af hæstv. félmrh. hér í þessum umr., að verðvísitalan sé alls ekki í samræmi við dýrtíðina.

Ég man vel, að ég tók eftir því, að fyrst þegar vísitalan var reiknuð út skv. gengislögunum, voru teknar með ýmsar vörur, sem almenningur notar mjög lítið eða ekkert af, en höfðu ýmist ekkert hækkað eða beinlínis lækkað mikið frá því árinu áður, eins og t. d. tómatar. Þar af leiðandi var vísitalan ekki rétt mynd af framfærslukostnaðinum eins og hann var í raun og veru. Enda urðu allir hissa, þegar kauplagsnefnd gaf út þá niðurstöðu, að dýrtíðin hefði ekki vaxið nema um 2%.

Þá var viðskmrh. auk félmrh. mjög að hampa því í sínum ræðum, að allar þessar ráðstafanir

væru gerðar til þess að mæta erfiðleikunum, þegar hrunið kæmi yfir þjóðina að stríðinu loknu, og að þetta væri ekki sízt gert til þess að tryggja verkamenn gegn því atvinnuleysi, sem þá mundi koma yfir þjóðina. Mikið var einnig talað um nauðsyn þess að safna peningum og leggja á skatta í þessu skyni.

Atvmrh. sagði, að það háskalegasta, sem komið gæti fyrir þjóðina, væri það, ef hún tapaði trúnni á peningana. Enn þá munu menn hafa þá trú á peningunum, að ég þykist vita, að flestir verkamenn, bændur og launamenn vilji gjarnan hafa úr svo miklu að spila fyrir vinnu sína, að þeir geti lagt nokkuð af núverandi tekjum sínum til hliðar, til þess að mæta sínum eigin erfiðleikum síðar meir. Og þetta er ekki undarlegt, þegar peningarnir flæða svo yfir landið, að margir vita ekki aura sinna tal. Hins vegar mun allur almenningur ekki hafa enn þá áttað sig á því, hve lítils virði þeir peningar eru, sem nú eru greiddir fyrir vinnu og afurðir landsmanna.

Atvmrh. veit það eins vel og 2 og 2 eru 4, að engum fjármálamanni dettur í hug að geyma peninga sína á banka, ef annars er kostur. Hann mun því sjálfur skilja ofur vel, að peningainnstæða í banka er ekki mikils virði. Heldur sendir hann og stéttarbræður hans sendimenn út um allt land til þess að kaupa upp jarðir og húseignir, sem bændur og aðrir fasteignaeigendur kynnu að fást til að selja. Þess vegna þarf umfram allt að glæða trú almennings, bænda og annarra, sem einhverjar fasteignir eiga, svo þeir fáist til að selja eignir sínar fyrir hinar sviknu krónur. En hitt ber þegar að taka fram, að braskið mun aldrei þroska þessa þjóð né leiða hana út úr ógöngunum.

Eins og kunnugt er, samdi þessi ríkisstj. um það við Breta að festa gengi ísl. krónunnar við sterlingspundið, og síðan hefur verðgildi krónunnar fallið með því.

Hernaðarútgjöld Breta vaxa með hverjum degi, og skuldir þeirra vaxa að sama skapi og erfiðleikar þeirra í ófriðinum. Og það er vitað, að pundið fellur í samræmi við það. Og þó að Bretar ynnu styrjöldina, og það innan skamms, þá mundi pundið falla samt og aldrei komast í sitt skráða gengi hér, 22,22 ísl. kr.

Bankarnir eiga tugi milljóna kr. innstæður í Englandi. Segjum svo, að sterlingspund félli um helming. Þá mundu bankarnir tapa helmingnum af innstæðum sínum í Englandi. En þó að bankarnir gerðu ekki annað nú en að bókfæra á réttu gengi innstæður sínar í Englandi, mundi koma í ljós, að hagur þeirra er næsta bágborinn. Atvmrh. gaf að vísu í skyn í sinni ræðu, að opin leið væri til þess í samningum við Breta að breyta gengisskráningu krónunnar í réttara horf, en hann væri persónulega andvígur því.

Mig furðar ekki á því. Enginn maður innan þessara veggja né utan hefur haft annan eins hagnað af þeirri ráðstöfun að halda pundinu í 26.22 kr. og þessi ráðherra. Hann og stéttarbræður hans hafa dregið tugi milljóna kr. af því fé, sem hefði getað orðið til þess að draga úr dýrtíðinni í landinu, ef gengið hefði verið rétt skráð í samræmi við bættan viðskiptajöfnuð okkar við önnur lönd.

Það mun koma á daginn, að bankarnir eiga eftir að súpa seyðið af þessu braski. En þá er það ríkið, sem ber ábyrgðina á bönkunum, og það mun eins og að vanda velta töpunum yfir á hið breiða bak almennings.

Ef Alþingi hefði viljað bæta þjóðinni þann órétt og tap, sem hún hefur orðið fyrir vegna hinnar röngu gengisskráningar, þá hefði það átt að svipta braskarana hinum illa fengna stríðsgróða með þungum eignarskatti og hækka síðan gengi krónunnar.

Þegar þingi er lokið, álít ég, að þm. ættu að ganga fram fyrir landsmenn og skýra þeim drengilega frá því, að krónan sé vonarpeningur, og segja þeim, sem einhverjar fasteignir eiga, að þeir skuli varast að selja þær, jafnvel þótt stórfé sé í boði. Menn verða að varast það framar flestu öðru að láta tæla út úr sér það litla, sem þeir eiga, fyrir hinar fölsku Kveldúlfskrónur.

Hæstv. viðskmrh. lýsti því í ræðu sinni, að hann væri óánægður með þetta frv. sitt að því leyti, að hann fékk því ekki ráðið að festa hækkun kaupgjaldsins við 53% verðvísitöluna, hvað mikil sem dýrtíðin yrði.

Ég verð að segja, að við ýmsu mátti búast úr þessari átt, en við svo takmarkalausri óskammfeilni hafði jafnvel ég ekki búizt.

Hér í þinginu hafa þeir flokkar meiri hluta, sem eitt sinn nefndu sig „fulltrúa hinna vinnandi stétta“. Mér er ekki ljóst, hvernig Alþfl. og Framsfl. geta leyft þessari ríkisstjórn, sem þannig hagar sér, að sitja við völd deginum lengur. En þeir skeyta hvorki um skömm né heiður og eru sennilega orðnir svo „handjárnaðir“, að þeir verða að beygja sig skilyrðislaust undir vilja Ólafs Thors og annarra stórgrósera í ríkisstjórninni. Og svo hugsa þeir víst sem svo, að ef þeir gefi stjórninni þessar 25 milljónir kr. að auki öðrum tekjum, þá muni eyrir og eyrir geta hrokkið ofan í vasa þeirra sjálfra.

Hafi þm. verið ósjálfstæðir áður og oft og einatt „handjárnaðir“, þá mun það sannast, að „handjárnin“ munu halda enn betur, eftir að þeir hafa sjálfir, með samþykki sínu við kosningafrestun einræðisstjórnarinnar, firrt sig allri aðstöðu til að leggja málin undir dóm kjósendanna í landinu.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, er enginn stafkrókur um það í þessu frv., hvernig þessum miklu peningum skuli varið.

En þótt bein ákvæði skorti um það, þarf ekki að draga í efa, að þeim verður að mestu varið í eiginhagsmunaskyni einræðisstjórnarinnar, í kjördæmabrask, pólitiskar mútur o. s. frv., því reynslan hefur sýnt og sannað, að þessir einræðisherrar, sem með völdin fara, eru gersneyddir allri sómatilfinningu og hafa ekki minnsta snefil af ábyrgðartilfinningu gagnvart þjóðinni.

Ég mun ekki að svo komnu máli lengja umr. um þetta. Ég geri ráð fyrir, að það fari um þetta eins og ýmislegt fleira, að menn dansi nauðugir. Það er nú mjög stutt síðan meiri hl. þessarar hv. d. greiddi atkv. með því að vísa máli frá samkv. till. hæstv. atvmrh., þrátt fyrir það, að málið var afgr. af þinginu og samþ. af

því við fimm umr. í báðum deildum þingsins. Og ég geri ráð fyrir, að að því er þetta frv. snertir, þá sé það ákveðið, hvort sem sumir hv. þm. eru mótfallnir því eða ekki, að ríkisstj. fái sínar 25 millj. kr. og fái að nota þær eftir geðþótta, hvort sem þær renna til vildarvina ríkisstj. eða verða frystar inni í Englandi með öðrum sterlingspundum, sem þar liggja.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég veit að sönnu ekki, hvort hv. þm. þurfa á því að halda að hlýða á mál manna hér í þessari hv. d. En sannleikurinn er þó sá, að þetta mál, eins og það er til komið og eins og umr. er um það hagað, þarfnast þess mjög, að sem flestir hv. þm., sem taka vilja þátt í ákvörðun um það, fylgist með í öllum atriðum.

Ég vil nú, án þess að lengja mikið þessar umr. nú á fyrsta stigi málsins, því að það er nú til 1. umr., láta þess getið, að aðdragandi málsins er að vísu ekki svo merkilegur eða fullkominn, að hæstv. ríkisstj. geti hrósað sér af miklu þar. Þar með er ekki sagt, að þetta mál hafi ekki verið til meðferðar hjá hæstv. ríkisstj. um nokkra hríð, og kannske nokkuð lengi. En fyrir hæstv. Alþ. eða hv. þm. og jafnvel fyrir þingflokkunum hefur málið legið mjög takmarkaðan tíma, og ekki nema þá í igripum. En eins og kunnugt er, var það þó tekið fyrir, og það varð að sameiginlegu ráði ríkisstj. og þingflokkanna, sem að henni standa, að þetta mál skyldi athugað nokkru betur en áður hafði gert verið, af færri mönnum, og var þá tekið það til bragðs að fela 6 mönnum, tveimur úr hverjum fl., sem styðja ríkisstj., að athuga málið í vikutíma, frá því um miðja vikuna fyrir hvítasunnu og þar til eftir hátíð. Þessi n. starfaði eins og fyrir hana var lagt og skilaði síðan til ríkisstj. sínum till., sem voru að vísu í tvennu lagi að nokkru leyti, þannig að frv. voru tvö. Það frv., sem aðallega gæti komið hér til umr., er það, sem nokkuð er tekið úr af þeim till., sem liggja hér fyrir í frv. hæstv. viðskmrh. En það er aðeins nokkuð, sem þar er tekið. Nokkur fleiri voru þau atriði, veigamikil, sem sex manna n. vildi koma fram með og lagði til, að tekin yrðu til athugunar, og þá af þeim tekið það til meðferðar í Alþingi, sem helzt mætti við hlíta. En það er ekki svo, að þessi n. — ef ég mætti frá því skýra — hafi ætlazt til þess, að málið allt gæti verið jafngott, hvernig sem úr hennar till. yrði unnið, því að hennar till. voru þannig, að þær voru bindandi hver við aðra, þannig að ef reytt var mikið úr þeim, gat það orðið falsmynd af vilja n., sem fram kæmi eftir það.

Nú er það svo, að tvö þýðingarmikil atriði a. m. k. eru tekin upp í fyrirliggjandi frv. af því, sem dýrtíðarn. hafði lagt til. Og það er ákvörðunin um útflutningsgjaldið og ákvæðið um skatt á hreinar tekjur. En það var langt frá því, að það væri skilningur allra þeirra, sem í n. voru, að svo mætti að fara sem hér er þó gert í þessu frv. Nú voru vinnubrögð þessarar dýrtíðarn. þannig, að unnið var saman, og svo var í einstökum atriðum gert ráð fyrir, að þau yrðu meira og minna lögð til grundvallar, þó að nokkuð væri fleirþætt það, sem menn komust að niðurstöðu um, að væri þannig, að sumt eða jafnvel flest af því hlyti að verða tekið upp í þá löggjöf, sem ætti að setja um þetta efni. Sú grind, sem fyrir n. var lögð af hálfu ríkisstj. um þetta mál, hefur verið rædd, en lítið rannsökuð af flokkunum, og er hún í raun og veru mest áberandi í frv. hæstv. viðskmrh., sem hér liggur fyrir, og miklu meir áberandi en till. dýrtíðarn. eins og þeim var skilað til hæstv. ríkisstj., Þessar till., sem dýrtíðarn. skiladi til ríkisstj., í þeim tveimur álmum, sem ég nefndi, voru á sömu línu eins og sá rammi, sem ríkisstj. hafði verið að vinna með. En í raun og veru var það ekki mikið annað, sem sameiginlegt var í till. n. og þessu frv., og allt öðruvisi er með þær till. farið hér en þær voru frá n., hvort sem allir nm. vildu binda sig við það orðalag eða ekki. Nefndarmenn gerðu það upp með sér, að þeir væru óbundnir um að taka annað orðalag upp eða jafnvel ýmis ákvæði, sem ekki fundust í till. n., eða þá að skáka eitthvað til um þau. En mér er óhætt að fullyrða, að n. öll vildi, að þessar till. yrðu gaumgæfilega athugaðar, og ég býst við, að meiri hl. n. hafi viljað fara þá leið að halda af þessum till. miklu meiru en hæstv. viðskmrh. hefur viljað taka í sitt frv. Frá mínu sjónarmiði er frv. hæstv. viðskmrh. mjög einhliða. Og ég er dálítið hissa á því, að hann skyldi bera fram svona einhliða frv. í svona margþættu máli, því að ekki vantar aðeins í það ýmis höfuðákvæði, sem dýrtíðarn. lagði fram, heldur eru þau ákvæði, sem hæstv. ráðh. hefur tekið, allt öðruvísi með farin og frá þeim allt öðruvísi gengið, miklu lélegar og lauslopalegar, þannig að engar hömlur verða þar á. Og ákvæðin um útflutningsgjaldið og skattinn eru einmitt þau ákvæði, sem öllum hv. þm. þykja í raun og veru varhugaverð og mest var áberandi, að n. gæti ekki komizt að sameiginlegri niðurstöðu um. Og þó að nm. væru óbundnir um það í einstöku falli, þá var þó línan þessi, að ganga þannig frá þessum till., að ekki skyldi hafa það sem aðalatriði að leggja á og innheimta þessa skatta, og skal ég víkja nánar að því.

Í fyrsta lagi taldi n. og var öll á því máli, að sjálfsagt væri að víkja frá því, sem ríkisstj. hafði áður haft með höndum, þannig að byrja að tala um fjárplógsaðferð, byrja á því að fyrirskipa — í orðalaginu að heimila — að innheimta skatta, og hafa svo það ákvæði, að ríkissjóður ætti að leggja fram nokkra fjárfúlgu, og svo loks að tala um tilganginn. Það er bert, að það ber að tala um tilganginn fyrst, hvað eigi að gera við það, sem innheimtu álaga þarf til. Í sjálfu sér var það svo, að fyrir n. var það og er enda enn mjög á huldu, hvað það er, sem þarf að gera. Í 1. gr. þessa frv. — og tek ég þá þær till., sem dýrtíðarn. skiladi — er farið inn á það á þann hátt, að þetta eigi að vera til viðbúnaðar gegn þeim erfiðleikum atvinnuveganna, sem gætu stafað af styrjaldarástandinu, o. s. frv. Ég býst við því, að þó að hæstv. viðskmrh. og ýmsir fleiri jafnvel hefðu nú verið spurðir hér um það, hvernig væri hægt að gera frekari grein fyrir þessu, þá muni það erfiðleikum bundið að svara því. Því að þegar ýmsir menn úr þeirri n., sem ég tala hér um, leituðust við að fá botn

í þetta, þá var enginn, hvorki utan þings né innan, ekki ríkisstj., ekki hagfræðingar, hagstofan né skattstjóri, engir menn eða stofnanir, sem til náðist, sem gátu reiknað út eða tiltekið nokkuð ákveðna upphæð, sem hér þyrfti með. Aðeins var það, að ríkisstj. taldi, að það væri rétt að ætla fé ýmsu af þessu, sem 1. gr. talar um, og að sumu leyti sé það óhjákvæmilegt, ef sama ástand ríkir, sem nú er, að til þessara ráðstafana, sem í 1. gr. getur, þurfi fé.

Það kom fram í n., að ýmsir töldu, að hér væri nú þegar svo um búið, að nokkurs fjár væri von, — það væri þegar fullvíst, að á þessu ári, 1941, kæmu í ríkissjóð miklar tekjur, að áliti sumra, sem nærri stóðu þeirri stofnun (ríkissjóði), yfirfljótanlegar tekjur, með þeim ákvæðum um tekjuöflun, sem þegar gilda, og mætti því ætla, að eitthvað talsvert mikið yrði til þess að ráðstafa til viðbúnaðar gegn erfiðleikum, sem af þessu óvenjulega ástandi stafa. Og í annan stað var þegar á þinginu búið að samþ. löggjöf, sem þegar var staðfest og komin til framkvæmda, um þennan skatt, sem hér hefur verið nefndur í umr. og ekki virðist hafa verið nógsamlegur gaumur gefinn, sem sé stríðsgróðaskattinn. Og þessi skattur er eingöngu lagður á vegna ástandsins, styrjaldarinnar, og einmitt til þess að fé sé fyrir hendi til þessara nota, sem talað er um, til að veita viðnám erfiðleikum, sem beinlínis stafa af styrjöldinni. En þessum skatti, sem nemur milljónum, er alls ekki á þessu ári neitt ráðstafað, það hafa ekki verið gerðar neinar áætlanir um hann í fjárl. þetta ár, og engin áætlun um það, hvernig honum skuli varið, öðruvísi en ég hef greint. Það lá því nærri, frá sjónarmiði sumra í n., að ætla stríðsgróðaskattinn til þessara þarfa. Og ýmsir töldu, að þetta gæti nægt með öðrum tekjum til þess að veita viðnám erfiðleikunum af styrjaldarástandinu. Og svo kemur þarna í viðbót, að vel má tala um að gera ástandið þolanlegra en nú horfir með ýmsum öðrum ráðstöfunum, þannig að ekki þyrfti eins mikils fjár til uppbótar eins og menn tala um. Og það eru vitanlega margvíslegar ráðstafanir, sem hér geta komið til greina. Vel má tala um einhverja fjáröflun til þessa með tollum á ónauðsynlegum vörum, sem menn kalla stundum velmegunarvörur. En inn á þetta hefur nú hæstv. ríkisstj. eða hæstv. viðskmrh. alls ekki viljað fara, og var það þó önnur almenna tillagan af þeim, sem lagðar voru fram af hálfu n., þó að nm. hefðu alls ekki bundið sig við það. En það, sem flestir hv. nm. voru á ýmsan hátt sammála um, að mætti gera til þess að leiðrétta ástandið, er vitanlega það að koma einhverju öðru lagi á það, sem verkaði á undirstöðu vísitölunnar, því að það er greinilegt, að ef tekst að lækka ýmislegt af þeim greinum, sem þarna eru undirstaða, hefur það sín áhrif á verðlag og kaupgjald, og við það skapast meira jafnvægi, meira sjatn í þessari bólgu, sem eðlilega er áhyggjuefni fyrir þá, sem með þessi mál eiga að fara. N. víkur að þessu, en hæstv. ráðh. hefur ekki viljað taka neitt með af þessu, sem vænta mætti, að gæti orðið til mikillar leiðréttingar í þessu falli. Og eitt er enn, sem menn eru alls ekki sammála um, en vel mætti orða og ákveða, — og ég er einn af þeim mönnum, sem telja það nauðsynlegt og ríkisstj. haldkvæmt að fá þá heimild —, og það er heimild sú, sem getur í 2. gr. frv. þess, sem dýrtíðarn. skilaði. Verð ég að biðja hæstv. forseta velvirðingar á því, þó að ég fari við þessa 1. umr. málsins nokkuð inn á einstök atriði þess; finnst mér það óhjákvæmilegt á þessu stigi málsins, og getur þá líka sparað síðar umr. um málið. Því að öll atriði málsins koma til greina almennt, þegar gefa skal yfirlit um málið í heild, og hér er ekki hægt að skilja einstök atriði frá höfuðefninu, því að í þessu má vel segja, að hver einstök gr. eigi að vera höfuðatriði. En í 2. gr. þess frv. var heimild fyrir ríkisstj. til að skrá íslenzka krónu í samræmi við viðskiptaástandið, þ. e. a. s. hækka gengi krónunnar. Mér hefur heyrzt hæstv. viðskmrh. telja mikil tormerki á því, að það væri hægt, án þess þó að skilja hann svo, að hann sé í raun og veru þessu mótfallinn. Því að ég býst við, að hann hafi gert nokkrar tilraunir til að fá þetta mál leyst úr þeim viðjum, sem það nú er í, og vitnað hefur verið í, að það mundi vera að meira eða minna leyti á valdi þeirrar þjóðar, sem við nú verðum að semja við um viðskipti okkar. En mér er það, eins og fleirum og sjálfsagt hæstv. viðskmrh. líka, í raun og veru óskiljanlegt, að Bretar telji sig nauðbeygða til þess að halda Íslendingum við rangt og skaðlegt gengi síns gjaldeyris, vegna þess að í raun og veru græða þeir ekkert á því, og viðskiptin vitanlega lagast þá eftir því, hvernig gengið veltur. Verði einhver munur á þeirra reikningum, eftir því hvort gengi okkar er hagstætt okkur eða óhagstætt, þá er það svo hverfandi lítið í þeirra búskap, að ekki tekur tali að reikna það með. En það er mjög svo rétt, sem hæstv. ráðh. hefur sagt, en það er ekki hv. þm. að kenna, að eftir því sem lengur dregst og hefur dregizt að fara inn á þetta svið og taka þetta föstum tökum, eftir því verður það erfiðara og eftir því verður það dýrara að leiðrétta gengið. Og hæstv. ráðh. tók réttilega fram, sem hann virtist þó ekki vilja taka afleiðingunum af, að annaðhvort yrði að taka þetta föstum tökum eða að ógöngurnar yrðu enn meiri. Ef það er erfitt í dag, verður það enn erfiðara á morgun o. s. frv. Miklar fúlgur eru nú erlendis í enskum peningum. Íslenzkt fé liggur þar bundið, og enginn veit, hvað úr verður. En bankarnir eiga einnig mikið fé hér, og þeir mundu bera skarðan hlut frá borði, ef gengið á íslenzku krónunni væri hækkað, en sterlingspundið lækkað. En það er skellur, sem verður að meira eða minna leyti að lenda á þjóðinni og á landinu. Og spurningin verður sú, hvort betra muni að taka á sig þann skell fyrr eða eiga undir högg að sækja um það, að allsherjarskellur dynji á, sem ekki verði leiðréttur og ekki lendi aðeins á bönkunum og fjárfúlgum erlendis, heldur verði ókjör og dýrtíð innanlands, sem ekki verði leiðrétt, svo að fyrir liggi ekki annað en fyrirsjáanlegt hrun. Þó að tvennt sé ef til vill erfitt, jafnvel illt, þá ber að hafa opin augu fyrir því, ef annað tveggja er skárra, en annað verra getur skollið yfir, að skárri leiðin sé því valin. Ég tel, að það sé ekki

á neinn hátt skaðlegt, þó heimild sé fyrir ríkisstj. til þess að fara inn á þessa braut. Hún gerir það ekki nema hún telji það gerlegt og frá viðtækara sjónarmiði hagkvæmt. En hins vegar gæti það haft áhrif til þess að sýna, hvað fyrir hæstv. Alþ. vakir, og þar af leiðandi, hvað fulltrúar þjóðarinnar telja hentast, að gæti orðið niðurstaðan. Ef menn kvíða því, að Bretar sitji mjög við sinn keip, gæti þessi heimild orðið til þess að sýna þeim, að sérstakur vilji þingsins væri fyrir því að koma þessu máli fram. Heimildin gefur til kynna, að málið á að takast ákveðnum tökum. Þessu hefur nú hæstv. ráðh. algerlega sleppt, — virðist ekki hafa þorað inn á það í frv. sínu. Mætti þó e. t. v. gera ráð fyrir því, að ríkisstj. léti af sinni hræðslu við þetta og gengi inn á það með þingmönnum að fá að hafa þessa heimild.

Næst þessu tók dýrtíðarn. ákvarðanir um það, sem hún taldi, eða flestir hennar, að gæti að haldi komið um verðlag. Og hér hefur verið talað um verðlag og nokkuð mikið bundið sig við að festa verðlagið á innlendum afurðum. En í þeirri gr., sem hér um fjallar frá n. hálfu, er skýrt tekið til, að það er allt verðlag, á innfluttum vörum og innlendum afurðum, og má taka enn meira til. Þessar heimildir eru sem sé ekki aðeins um innlendar afurðir, heldur um allt verðlag. Og n. taldi, að þessu væri bezt fyrir komið, og reyndar því aðeins tryggt með því móti, að ríkisstj. hefði líka vald til þess a. m. k. að ráða um það, hvernig undirstaðan yrði undir þeim ákvörðunum, sem hún fær heimildirnar til.

Frá mínu sjónarmiði er á slíkum erfiðleikatímum öðru máli að gegna en á venjulegum tímum, því að þessar verðlagsn., sem nú starfa lögum samkvæmt, eru einmitt miðaðar við venjulega og eðlilega tíma. Hæstv. ráðh. talar um, að þessu sé vel fyrir komið af ríkisstj. hálfu, þar eð hún tilnefni formenn þessara n., svo sem kjötverðlagsn. og mjólkurverðlagsn., en við í mínum flokki, til dæmis, höfum aldrei viðurkennt þessa menn sem heppilega. Þegar komið er í óeðlilegt ástand, eins og það, sem nú er, verður að krefjast þess, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að skjóta sér bak við formenn þessara n., að þeir njóti þá að minnsta kosti almennara trausts en þessir formenn, sem hér er um að ræða, telja sig einmitt einhliða fulltrúa einnar, að vísu mikilsverðrar stéttar í landinu.

Þetta stríð krefst vissulega óvenjulegra ráðstafana. — Hv. þm. geymi sínar ræður, þar til þeir taka hér til máls, væntanlega þá á eftir mér. (Nokkur kliður heyrðist í salnum.) — En ýmsir hafa talið, að þessar verðlagsn. ættu ekki rétt á sér, því að í rauninni ættu allir þræðir, er ástand er jafnóvenjulegt og nú, að koma saman á einum stað, ef nokkurt vit ætti að verða í því, hvernig úr yrði rakið síðar. Það er talað um, að það sé hlutverk þeirra að ákvarða það verðlag, er innlendir framleiðendur verði að fá til þess að geta haldið uppi rekstri sínum. Hins vegar er talað um það verð, sem kaupendur geti sætt sig við að greiða fyrir vöruna. Þarna getur myndazt bil á milli, og það er þetta bil, sem hægt væri að segja, að brúa ætti, þegar um það er rætt, hvert ætti að láta þetta mikla fé og hvers vegna verið væri að leggja á fólkið nýjar álögur. En þegar talað er um þetta verðlag, er það engan veginn fullnægjandi öllum, að þessar verðlagsn. séu starfandi alveg sjálfráðar og sem fulltrúar einnar stéttar eða tveggja. Hæstv. ríkisstj., sem á að bera ábyrgð fyrir Alþ., getur ekki látið við þetta sitja, nema á undan hafi gengið rannsókn á því, hvort þessar verðlagsn. hafi í rauninni sett verð á vörum eins og þarf og vera ber. Nær engri átt að tala, svo sem hæstv. viðskmrh. gerir, eins og þessar n. ættu að dæma eða vera æðsti dómstóll. Hinn æðsti dómstóll í þessum málum verður að vera þannig, að Alþ. geti við hlítt, og ríkisstj., sem á að þjóna öllum þeim flokkum, er að henni standa, verður að skilja það, að hér eru sameinuð mörg sjónarmið, illu heilli kannske, og taka verður tillit til allra, er við þetta fyrirkomulag eiga að hlíta, sumir með sannri ánægju sjálfsagt, aðrir með nokkru minni ánægju. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. skilji þetta. En hér er um dálítið annað að ræða en það, er hann sagði, að nauðsynlegt væri þá líka að taka inn í frv. ákvæði um það, að ríkisstj. mætti ráða kaupgjaldinu. Það gæti að vísu verið rétt við ákveðin skilyrði, að Alþ. og ríkisstj. tækju þau mál í sínar hendur. En hér er aðeins um það að ræða að ákvarða verðlag. Hæstv. ráðh. talaði í sömu andránni um launafólk, að það gæti þvingað fram kaupbætur og launabætur. Hvernig? Embættismenn hafa að undanförnu búið við launakjör, sem ákveðin voru árið 1919, og hafa þeir engin tök á að breyta þeim.

Það er því nokkuð út í hött að segja, að ríkisstj. megi ekki setja ákvæði um verðlag án þess að koma þar undir alls konar málum öðrum, svo sem t. d. kaupgjaldsákvörðunum. En heimildin til handa ríkisstj. um úrskurðarvald í verðlagsákvörðunum var frá sjónarmiði okkar flestra, sem í n. vorum, höfuðatriði, sem sett var í frv. á undan öllum heimildarákvæðum til fjáröflunar. Átti þetta að tryggja það, að ekki yrði rasað að þessum málum. Í þessa gr. er einnig tekin upp heimild til handa ríkisstj. til að gera ákvörðun um lækkun farmgjalda aðfluttra vara, eða festa þau yfirleitt eða jafnóðum og þurfa þykir, eða á misjafnan hátt, eftir því sem heppilegast telst, þannig að sem mest áhrif hafi til lækkunar á verði nauðsynjavara. Hæstv. ráðh. hefur tekið upp í of stuttu máli eitt ákvæði um þetta í frv. sitt, þar sem segir, að ríkisstj. skuli heimilt að ákveða farmgjöld af vörum, sem fluttar eru til landsins með íslenzkum skipum. En hér ber þess að gæta, að engan veginn er sjálfsagt að ráðast á farmgjöldin og lækka allt af handahófi. Getur verið ástæða til að lækka á sumum vörutegundum, en ekki á öðrum, o. s. frv. Enn er ákveðið í sömu andrá hér í frv. n., að jafnframt sé notuð heimild í l. um tollskrá, nr. 62 30. des. 1939, þar sem ríkisstj. er heimilað að „normera“ farmgjöldin. Það vita allir, að farmgjöld fara upp úr öllu valdi á stríðstímum, ef þau eru ekki ákvörðuð af öðrum en þeim, sem græða vilja á þeim, og er það þá að fara úr öskunni í eldinn að leggja tolla ofan á þannig hækkuð farmgjöld. Við leggjum nú til, að farið sé inn á þá braut að lækka farmgjöldin.

einnig með þetta fyrir augum. Við viljum hér leiðrétta ákveðið ástand, sem ríkjandi er. Nú liggja hér fyrir hv. Alþingi frv. um breyt. á tollskránni, þar sem lagt er til, að niður sé felldur tollur á kornvöru og sykri, svo sem nauðsynjavörum landsmanna. Þetta hefur allt bein áhrif um það að lækka verðvísitöluna, en hún hefur svo aftur áhrif um ýmislega aðra lækkun, svo sem á kaupgjaldi og framfærslukostnaði.

Um það erum við sammála að leggja til, að varið sé allt að 5 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs 1941 til þeirra hluta, er um getur í 1. gr. frv., og er ákvæðið um þetta samhljóða í báðum frv. En með þessu er þó ekki nema hálfsögð sagan, því að þegar lengra kemur og um tekjuöflunarleiðirnar er að ræða, þá er allt miklu meir bundið hjá n. Það var álit ýmissa af nm., að taka bæri þetta „successivt", að ekki mætti byrja á vitlausum enda, aðeins til að ná inn fé á einhvern hátt, og reiða sig algerlega á verðlagsn., sem miðaðar eru við eðlilega tíma. N. fellst á heimild til handa ríkisstj. að leggja á með reglugerð sérstakt útflutningsgjald af íslenzkum afurðum, en þó því aðeins, að óumflýjanlega nauðsyn þyki til bera. Hæstv. ráðh. vill ekki hlíta þessu skilyrði. (**Viðskmrh.**: Hv. þm. hlýtur að sjá, að þessi nauðsyn er þegar fyrir hendi.) Nei, það þykjast ekki allir sjá svo glöggt, að búið sé að rannsaka allt ástandið. Minna má á það hér og í þessu sambandi, að milljónir króna komu í ríkissjóð á fyrra ári, svokallaðar Bretabætur, og einhvers staðar hlýtur það fé að lenda. Hér er nú ekki um voðalegra skilyrði að ræða en það, sem ég og ýmsir aðrir vilja setja, að sagt sé: „ef óumflýjanlega nauðsyn þykir til bera", og var ég að vona, að hæstv. ráðh. tæki þetta orðalag upp í frv. sitt, en það hefur ekki orðið. Auk þess hefur hæstv. ráðh., eins og hann gat um sjálfur, vikið frá till. n. um hæð þessa útflutningsgjalds. N. taldi, að 5% væri nóg, en ef alveg sérstakar söluástæður væru fyrir hendi, mætti þó fara hærra og ákveða gjaldið allt að 10%. Skyldi það vera á valdi ríkisstj., hvort hún vildi nota sér þann fjárplóg, en ef hún veldi þá leiðina, yrði hún auðvitað að svara til saka og standa fyrir sínu máli. Hefði hún ekki þurft að óttast þetta svo mjög, því að það hefur verið farið vel með þessa stj. af flokkum þeim, er að henni standa, eins og vænta mátti, því að samstjórn getur ekki blessazt að öðrum kosti, en þess verður þá jafnframt að krefjast, að fleiri fái einhverju um þetta að ráða en hæstv. ríkisstj. sjálf, svo sem sjálft Alþingi.

Einnig hefur n. annað orðalag en hæstv. ráðh., þar sem hún talar um, að gjald þetta megi aðeins taka af þeim útfluttu afurðum, sem framleiddar eru eftir að það hefur verið ákveðið með reglugerð, en ekki af fyrirliggjandi áður öfluðum birgðum, nema sýnt sé, að þær seljist hærra verði en áður seldar vörur, er framleiddar voru á sama tíma, og þá einungis af verðmuninum. Ég tel það ekki skaða, þó að ákveðið sé, að taka megi gjald þetta af áður öfluðum birgðum, ef áður nefndu skilyrði er fullnægt, samkvæmt þeirri reglu, að rétt sé að taka gjald af miklum gróða, og þeir, sem selt hafa fisk til Bretlands að undanförnu, hafa mikið grætt. Hefði mátt vera búið að leggja þetta gjald á nokkru fyrr.

Þá vil ég að lokum benda á það, að sú leiðin, sem síðast er talin í frv., var að dómi n. jafnframt sú, sem síðast mætti fara og aðeins ef óumflýjanlega nauðsyn þætti til bera. Taldi n. að ekki mætti grípa til þess að leggja beinan skatt á almenning, fyrr en allt annað hefði verið athugað. Er nýbúið að tala um það, að gert hafi verið samkomulag um þessa skatta, sem lögleiddir hafa verið á þessu þingi, og féllust víst allir hv. þm. á það, a. m. k. í orði kveðnu, að við þetta skattafyrirkomulag mætti hlíta og þá í vilnun, sem lágtekjumönnum var ákveðin. Ég hélt, að þetta hefði verið gert með fullu tilliti til ástandsins. Og þó að ég og aðrir taki neyðarúrræðum, þar sem þau eru óhjákvæmileg, verða einhverjar hömlur að vera á þessu. Má vera, að þeir menn, sem fyrir þessu verða, deyi ekki út af, þó að þeir greiði þennan aukaskatt, en alltaf er varhugavert að leggja á skatta, ef ekki er fyllsta gætni viðhöfð. Og þess ber að gæta, að hér er um heimild að ræða. Þegar samþ. hafa verið l., sem eru skilyrðislaus, vita allir, á hverju þeir mega eiga von, en öðru máli gegnir um heimildarl. Allir n.menn voru nú sammála um, að rétt væri, að það væri borið fram a. m. k. sem till. til hæstv. ríkisstj., að þegar að þessum skatti kæmi, þá væri ákvæðið um hann ekki orðað hömlulaust eins og í frv. hæstv. ráðh.: „Ríkisstj. er heimilt" o. s. frv., heldur væri tekið fram: „ef óumflýjanlega nauðsyn þykir til bera og ríkissjóð skortir fé til þeirra ráðstafana". Hér átti, með öðrum orðum, að vera tröppugangur í þessu, það átti að vera „successivt". Ekkert af þessu kemur fram í frv. hæstv. viðskmrh., sem ég tel vera að öðru leyti mjög einhliða. Og yfirleitt eru settar allt of litlar tryggingar fyrir framkvæmd l. bæði í orðalaginu og sjálfum ákvæðunum. Þetta má að sjálfsögðu bæta í meðferð málsins, og tel ég vafalaust, að flestir hv. þm. vilji vinna að því að bæta úr þessu og reisa þær skorður, sem að mínu áliti eru ekki aðeins nauðsynlegar, heldur alveg sjálfsagðar. Ég tel það líka sjálfsagt, að hv. þm. vilji sjálfra sín vegna ganga sem bezt frá þessu máli. Ég tel það líka heppilegast fyrir hæstv. ríkisstj., að hún hafi í þessu máli ákveðinn og yfirlýstan þingvilja til að styðjast við. Ég tel einnig rétt, að stj. viti fullkomlega af því, að hún mun fá sinn dóm fyrir framkvæmd þessara mála. Hún mun fá sinn dóm frá þinginu, hvort sem hún leggur meira eða minna upp úr þeim dómi.

Það má auðvitað deila um einstök atriði þessa máls, svo sem það til dæmis, hvert hámark viðbótarskattsins skuli vera, en ég tel, að menn ættu að geta komið sér niður á eitthvað í því efni. Ég tel 5% hámark mjög hæfilegt. Ég játa hins vegar, að eitthvað mætti frá því víkja, en ég tel, að ekki megi mikið að því kveða, ef um sanngirni á að vera að ræða. Eins má deila um það, hvort aðrar aðferðir ætti að taka upp. En hvað sem þessu líður, álít ég sjálfsagt að taka málið föstum tökum frá grunni og búa svo um hnútana, að við getum sagt, að ekki sé ætlunin að rasa neitt um ráð fram. Það verður að taka tillit til allra ástæðna í þessu máli, ekki aðeins

þess, sem veita á fé til, heldur líka þeirra, sem taka á féð frá.

Ég þarf ekki að lengja þetta mál frekar. Það getur vel verið, að einhverjum hv. þm. þyki ég hafa verið nógu langorður. En ég taldi sjálfsagt og óhjákvæmilegt að taka þetta fram af minni hálfu og fleiri þm., sem unnu saman í n. að þessu máli.

*Finnur Jónsson: Ég vil þakka formanni „vandræðanefndarinnar", sem starfaði hér yfir hátíðina, hv. þm. V.-Sk., fyrir þá ágætu skýrslu, sem hann gaf um störf n., sem hefði þó gjarnan mátt koma fyrr við umr.

Ég þarf sem Alþfl.-maður litlu við það að bæta, sem hæstv. félmrh og hv. þm. Seyðf. hafa sagt um þetta mál.

Það hefur verið á það bent, að þetta frv. hafi að áliti n., komið til hennar mjög illa undirbúið. N. hefur hins vegar reynt að gera sitt til að bæta úr þessu. En hæstv. viðskmrh. hefur ekki litizt á brtt. n. og breytt frv. aftur, að því er ég tel í áttina til hins verra, eða nokkuð í þá átt, sem hann hafði til ætlazt í fyrstu. Eins og frv. var, þegar það kom til n., var það í raun og veru miðað við gullaldartímabil í okkar framleiðslu, sem sennilega er nú hjá liðið. Ég ætla, að frv. hafi aðallega verið miðað við það, að unnt væri að taka a. m. k. 10% af útflutningsverðmæti og ná á þann hátt í ríkissjóð einhverju af þeim háu togarasölum, sem áttu sér stað aðallega á tímabilinu frá því í sept. 1940 og þangað til flutningar stöðvuðust nú í vor, og svo hitt, að jafna að einhverju leyti þann halla, sem landið kann að hafa orðið fyrir með því að kaupa pundin raunverulega á of háu verði. (Viðskmrh.: Er pundið of hátt keypt í dag?). Ég geri ráð fyrir því. (Viðskmrh.: Þá þolir framleiðslan eins þetta gjald nú). Það er annað mál. Það er ekki víst, að framleiðslan þoli gengishækkun. Það geta legið ýmsar ástæður til þess, sem ég ætla, að ég þurfi ekki að skýra fyrir hæstv. ráðh. Við vitum það allir, að það hafa verið gerð tilboð ekki alls fyrir löngu um sölu á öllum íslenzkum sjávarafurðum til Bretlands. Í þessu tilboði hefur verið miðað við núverandi gengi. Ég er alveg í vafa um, að þetta tilboð sé á þann veg, að þessar afurðir þoli nokkurt útflutningsgjald til viðbótar. Um eina vörutegund a. m. k. er mér kunnugt, að svo lágt verðtilboð er gefið, að ráðh., sem hlut átti þar að máli, lofaðist til að beita sér fyrir því, að útflutningsgjöld þessarar vöru yrðu lækkuð um helming, til þess að hægt yrði að halda framleiðslu hennar áfram.

Þetta frv., eins og það var lagt fyrir n. og eins og það liggur hér fyrir, hefur valdið mér miklum vonbrigðum. Ég hef ekki vitað til þess fyrr, að hæstv. viðskmrh. hafi lagt fyrir þingið illa undirbúin frv. í stórmálum, en það hefur honum nú orðið á. Og þetta er því alvarlegra, þegar litið er á það, um hversu stórar fjárhæðir hér er rætt. Ef þetta frv. gæfi eitthvað svipaðar tekjur sem ætlazt mun vera til, þá væri það fast að því jafnmikið og áætlað er, að ríkissjóður fái í tollum og sköttum á næsta ári. Raunar virðist það vera svo, að enginn viti, hvað mikið fé er tilætlunin að innheimta, og það virðist enginn vita, hve mikið er ætlunin að borga út samkvæmt frv. Ef reiknað er með þeim 5 millj., sem gert er ráð fyrir, að teknar verði úr ríkissjóði, þá lítur út fyrir, að útborganirnar mundu nema upp undir 15 millj. kr. En í fjárlagafrv. eins og það var eftir 2. umr., eru allir skattar og tollar, þar í talin útflutningsgjöld, áætlaðir 18905000 kr. Fjvn., 9 manna n., hefur setið yfir því allan þingtímann að gera till. um, hvernig þessu fé skuli varið, sem tekið er í ríkissjóð með sköttum og tollum. Frv. hefur farið í gegnum 3 umr., og þm. hafa meira og minna brotið heilann um það, hvernig tekjum ríkissjóðs yrði heppilegast varið. Þegar litið er til þessa, má sjá, að það er engin smáræðis heimild eða vald, sem ríkisstj. fer fram á, þegar farið er fram á heimild til að innheimta ótakmarkaðar upphæðir, án þess gerð sé veruleg grein fyrir, hvernig þessu fé skuli varið. Í frv. sjálfu, eins og það var, þegar það kom til n., var eiginlega ekki hægt að finna neitt út úr því, að ætlunin væri að minnka verðbólguna innan lands, en vísað að nokkru leyti til grg. En í sannleika sagt er grg. sú, sem fylgdi frv. upphaflega, og sú, sem fylgir því enn, þannig úr garði gerð, að ýmis atriði stangast við frv. og önnur sýnast frv. óviðkomandi. Því er m. a. slegið föstu, sem vel getur orðið, að þegar stríðinu lýkur, verði hér kreppa og að þá verði mikið verðfall á útflutningsvörum landsmanna. Einnig er því slegið föstu, að ef kaupgjaldið sé miðað við framfærslukostnaðinn, þá megi telja tvímælalaust, að atvinnuvegirnir rísi ekki undir því. Það er talað um í grg. frv., að vegna hins slæma ástands, sem ríkjandi sé í verðlags- og kaupgjaldsmálum, þá verði tekjuskiptingin mjög ójöfn. Ég get ekki séð, að hvaða leyti þetta frv. miðar að því að jafna tekjuskiptinguna, nema þá hjá lágtekjumönnum, enda er eins og sumir flokksmenn hæstv. viðskmrh. hafi ekki séð annað undanfarnar vikur en það, hvað tekjur verkafólks hafi hækkað mikið, en alveg gleymt hátekjumönnunum. Það virðist líka vera aðalmarkmið þessara manna með frv. að jafna tekjurnar milli lágtekjumannanna. Ég hef ekki getað komið auga á þessi voðalegu peningauppgrip hjá almenningi. Ég hef að vísu séð, að sjómenn á bátunum hjá okkur fyrir vestan, jafnvel hásetar, hafa komizt upp í 8 þús. kr. tekjur árið sem leið. En þetta eru líka menn, sem árum saman eru búnir að berjast við sult, menn, sem hafa haft 2, 3 og upp í 4 þús kr. tekjur. Þetta eru menn, sem í mörg ár hafa safnað skuldum og ekki getað klætt fjölskyldur sínar. Þó þessir menn fái eitt ár svolítið ríflegri tekjur, þá sé ég ekki, að það þurfi að gefa Alþ. sérstakt tilefni til að sjá ofsjónir yfir því og fara að tala um tekjujöfnun milli lágtekjumanna. Það er í grg. talað um ýmislegt fleira, sem virðist ekki koma þessu máli neitt við, eða a. m. k. samþykkt þessa frv. mundi ekki hafa nein áhrif á það. Það stendur t. d. hér, að vegna síhækkandi framfærslukostnaðar séu menn tregir til að leggja fé í framleiðsluna. (Viðskmrh.: Er hér ekki eitthvað slitið úr samhengi hjá hv. þm.?) Ég er nú að ræða málið almennt, en til þess að slíta ekkert úr samhengi hjá hæstv. ráðh. skal ég, með

leyfi hæstv. forseta, lesa hér orðrétt kafla úr grg. frv.

„Afleiðingar þess ástands, sem nú er ríkjandi í verðlags- og kaupgjaldsmálum, geta ekki einungis orðið mjög alvarlegar fyrir atvinnuvegina og þjóðarheildina, þegar stríðinu lýkur og afur fer að halla undan fæti, heldur verka þær einnig nú þegar að ýmsu leyti mjög óheppilega. Hinar miklu verðhækkanir raska mjög hlutfallinu milli eigna og skulda, peningaverðmæti rýrna, tekjuskipting verður mjög ójöfn, og í kjölfar þessa siglir svo ýmiss konar spákaupmennska og brask, sem hefnir sín síðar, þegar aftur koma eðlilegir tímar. Mjög dregur úr sparnaðarviðleitni allri, þar eð verðgildi peningaverðmæta fer minnkandi sökum hækkandi verðlags, og er hætt við, að menn noti þær tekjur sínar til neyzlu, sem annars hefðu verið lagðar til hliðar, og jafnvel kjósi heldur að eyða sparifé sínu en láta verðgildi þess rýrna sí og æ. Festing fjár í nýjum atvinnufyrirtækjum er og minni en ella mundi verða, sökum hins mikla og síhækkandi framleiðslukostnaðar og beinlínis vegna þess, að nánast er ókleift að koma upp nýjum framleiðslutækjum, sökum skorts á efni til þeirra hluta."

Þarna eru taldar tvær ástæður fyrir því, að lítið fé sé fest í nýjum atvinnufyrirtækjum. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða, að fyrri ástæðan á sér ekki verulega stoð, en hins vegar er seinni ástæðan rétt. Ástæðan fyrir því, að menn kaupa ekki skip, hefur fram að þessu ekki verið síhækkandi framfærslukostnaður, heldur hitt, að ekki hefur verið hægt að fá keypt skip. Þetta ætla ég, að hæstv. viðskmrh. viti svo vel, að hann þurfi ekki að vera að færa fram aðrar ástæður fyrir þessu. Það er alkunnugt, að menn vilja gjarnan leggja það fé, sem þeir eiga, í ný atvinnufyrirtæki, hvort heldur væri í skipakaup eða skipabyggingar, af því menn álíta, að þó að þeir þurfi að afskrifa allmikið af stofnkostnaðinum, þá sé fénu betur varið á þennan hátt en að eiga það í sparisjóði.

Ég skal ekki ræða þetta mál mikið frekar. Það hafa verið færð svo mörg rök að því hér í d., að ekki verður á móti mælt, að þetta frv., sem á að vinna að því að draga úr erfiðleikum atvinnuveganna og minnka dýrtíðina, er ekki nægilega undirbúið af hálfu hæstv. ráðh. Og ég verð að harma það með hv. þm. V.-Sk., að hæstv. ráðh. hefur séð ástæðu til að færa frv. í verra horf en það var, þegar það kom frá „vandræðanefndinni". Það má vel vera, að eitthvert samkomulag fáist um að færa þetta aftur til betra vegar. Væri sérstaklega æskilegt, að fjhn., sem mun fá þetta mál til meðferðar, athugi gaumgæfilega till. 6 manna n. um verðlagseftirlit, því að ef það er virkilega ásetningur hæstv. stj. að reyna að hafa einhvern hemil á verðlagi í landinu, þá tel ég, að til þess að slíkt megi takast, verði að koma verðlagseftirlitinu öðruvísi fyrir en nú er, annaðhvort með því að ríkisstj. fái úrskurðarvald um verðlagseftirlit eða þá það, sem ég teldi heppilegra, að sett yrði sérstök n., skipuð óhlutdrægum mönnum, sem hefði úrskurðarvald í þessum málum og ekki reyndi að skara eld að köku einstakra stétta, en hefði það sjónarmið eitt að reyna að halda niðri dýrtíðinni í landinu. Ég skal taka það fram, að ég á ekki þar með við á neinn hátt, að gengið verði á rétt bænda. Mér hefur fundizt á flokksmönnum hæstv. viðskmrh., að ekki væri hægt að framkvæma hlutlaust verðlagseftirlit nema á þann hátt. Við höfum aldrei alþýðuflokksmenn sýnt það, að við höfum viljað sitja yfir rétti bænda, heldur miklu fremur veitt þeirra málum liðsyrði, og ég þori að fullyrða, að í þingflokki Alþfl. er enginn, sem vill þrengja þeirra kosti. En þegar farið er fram á svo stórar heimildir sem gert er með þessu frv., er ekki nema eðlilegt, að heimtaðar séu einhverjar tryggingar fyrir því, að því fé, sem hér er um rætt, verði varið til alþjóðar heilla, en ekki farið með það á þann hátt, að það hljóti að vekja mjög mikla andúð hjá þeim, sem taka á féð hjá.

Að öðru leyti hefur þessu frv. verið breytt til hins verra, þar sem talsverðar breyt. hafa verið gerðar á ákvæðunum um útflutningsgjaldið. Og þó að svo kunni að vera, að hæstv. ríkisstj. sé í standi til að fara með þessi ákvæði svo vel megi við una, þá er það ekki síður nauðsynlegt fyrir ríkisstj. en þm., að þar sem hér liggur fyrir stærsta heimild til að leggja á útgjöld, sem líklega eru dæmi til, að veitt hafi verið í einu lagafrv. öðru heldur en fjárl., þá sé svo búið um alla hnúta, að ekki veki tortryggni og sundurlyndi þegar á fyrsta stigi málsins.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég get ekki stillt mig um að segja örfá orð um það, sem hv. þm. Ísaf. sagði nú um þetta mál. Hann og aðrir hafa slegið því fram órökstuddu og á ósæmilegan hátt, eftir því sem ég bezt fæ séð, að mál þetta sé illa undirbúið af hálfu ríkisstj. Ég held því fram, að málið hafi verið undirbúið eins og hugsanlegt sé, að mál af þessu tagi geti verið undirbúið. Það er ekki hugsanlegt að leysa slíkt mál sem þetta, nema með heimildum handa ríkisstj. Það er ekki hægt að setja nákvæm ákvæði um, hversu því fé skuli varið, sem aflað er til þess að vinna gegn dýrtíðinni. Það getur enginn hv. þm. fært rök fyrir því, að þetta sé hægt. Annaðhvort er að játa, að bezt sé að láta allt „dankast" afskiptalítið eða afskiptalaust með öllum afleiðingum, sem af því hljóta að leiða, eða viðurkenna, að ekki er hægt að afgr. þetta mál með öðru móti en heimildum til ríkisstj., þannig að hún hafi talsvert rúmar hendur í þessum málum. Málið er ekki illa undirbúið. Það hafa legið skýrslur fyrir ríkisstj., sem sýna greinilega, að ef á að orka verulega á verðvísitöluna, þarf til þess mikla fjárhæð. Við vitum, að það þarf hundruð þúsunda til þess að hreyfa vísitöluna um eitt stig, þó að við vitum það ekki nákvæmlega, enda fjárþörfin mismunandi eftir því, hvaða vörur eru verðlækkaðar á innanlandsmarkaðinum. Þetta kemur fram af skilríkjum, sem legið hafa fyrir ríkisstj. Þess vegna er það líka helber misskilningur, að það sé hægt að orka verulega á dýrtíðina án þess að hafa verulega fjármuni undir höndum. Við þetta eru þær till. miðaðar, sem hér liggja fyrir. Það getur verið afsakanlegt, þó að hv. þm. vaxi í augum

að gera svona stórfelldar ráðstafanir. En þegar þess er gætt, að þær eiga að koma í staðinn fyrir gengishækkun og verka í stað hennar, þá er ljóst, að ekki nægja neinir smámunir, svo að gagni komi. Ég vil taka hér fram, að það getur vel verið, að hv. þm. takist að klípa svo utan úr þessum heimildum, sem hér liggja fyrir till. um, að þær verði ófullnægjandi fyrir ríkisstj. til þess að starfa eftir með sómasamlegum árangri. Þá eru það hv. þm., sem bera ábyrgð á afleiðingunum.

Ég geri nú ráð fyrir, að hv. þm. Ísaf. hafi talað fyrir hönd þeirra útgerðarmanna, sem líta til Alþfl., en hinir Alþfl.menn, sem talað hafa, fyrir verkamennina, því að þeir hafa sagzt geta gengið inn á hærri útflutningsgjaldsheimild en gert er ráð fyrir í frv. En mér skilst, að hv. þm. Ísaf. geti ekki fallizt á, að komið geti til mála að hækka útflutningsgjaldið nokkuð frá því, sem nú er. Það getur vel verið, að það sé vinsælt nú að halda ræður af því tagi, sem hv. þm. Ísaf. gerði, og halda því fram, að útgerðin þoli ekki útflutningsgjald og enginn geti neitt af mörkum látið til þess að sporna við dýrtíðinni. En ég er ekki eins viss um, að þessi afstaða verði jafn vinsæl síðar, né þessum hv. þm. til framdráttar, þegar það fer að sýna sig, hvað það kostar að hafast ekkert að í þessum málum. Þá getur verið, að launamenn og útgerðarmenn og aðrir fleiri óski þess heitt og innilega, að þeir hefðu borgað núna jafnvel meira en 5% eða 10% af verði útfluttra afurða og önnur þau gjöld, sem lagt er til í þessu frv., að á menn verði lögð, til þess að koma í veg fyrir þá hækkun á framfærslu- og framleiðslukostnaði og það hrun, sem fyrirsjáanlega verður, ef ekkert er aðhafzt. Það getur verið, að hv. þm. geti dregið svo úr frv., að lítið verði eftir af því, að það komi ekki að tilætluðum notum og ekki verði hægt að framkvæma það á neitt líkan hátt og þörf er á. En þá eru það þeir, sem bera á því ábyrgðina, en ekki hinir, sem hafa bent á það, að ef eitthvað á að gera, sem um munar í málinu, þá þarf til þess að hafa verulegt fé. Ef menn eru einlægir í því, að það verði að gera einhverjar ráðstafanir til þess að lækka dýrtíðina, þá verða þeir að fylgja þeim till. til tekjuöflunar, sem fram koma, eða benda á aðrar leiðir, sem geta náð sama marki. En það er þýðingarlaust að halda því fram eins og sumir hv. þm. gera, að þeir vilji gera átak til þess að draga úr dýrtíðinni og hækkun framleiðslukostnaðarins og framfærslukostnaðarins, — halda því fram í öðru orðinu, en mæla í hinu orðinu gegn tekjuöflunarleiðunum án þess að benda á aðrar leiðir í þeirra stað. (GSv: Er hæstv. ráðh. að tala við mig?) Eg átti sérstaklega við sessunaut hv. þm. V.-Sk., einn manninn úr sex manna n., hv. þm. Ísaf., en borið hefur mjög á þessu sama hjá fleirum, og ég hef grun um, að hv. þm. V.-Sk. sé tregur til þess að fylgja róttækum aðgerðum í þessum málum.

Skúli Guðmundsson: Það verða ekki mörg orð. En í umr. um þetta frv. hefur mjög verið minnzt á starf þeirrar sex manna n., sem skipuð var af þingflokkunum fyrir skömmu og hefur verið kölluð dýrtíðarn., þó að hv. þm. Ísaf. teldi sig hafa verið í einhverri vandræðanefnd. Ég vildi nú sem einn af þessum sex mönnum segja um þetta nokkur orð, sérstaklega um vinnubrögð n., frá minu sjónarmiði.

Þessir sex menn komu saman til skrafs og ráðagerða um þetta vandamál. Þeir komu fram með ýmis sjónarmið, og nokkuð ólík. Og eftir að n. hafði velt málinu fyrir sér í tvo eða þrjá daga, fór form. n., hv. þm. V.-Sk., sem hefur nú í langri ræðu skýrt nokkuð frá starfi n., að rita niður þær uppástungur, sem fram höfðu komið í n., og setti hann það síðan í frv.form, sem svo var afhent ríkisstjórn. Ég gat, því miður, ekki sinnt þessum nefndarstörfum allan tímann. En mér er kunnugt um það, að ríkisstj. mun hafa verið skýrt frá því, þegar þessar till. voru afhentar henni, að enginn nm. mundi vera samþykkur öllum atriðum í þessum till. Af því að þetta er rétt, tel ég vafasamt, að hér sé hægt að tala um álit eða till. n. sem heildar, því að um sameiginlegar till. þessarar n. var ekki að ræða. Ég sá þetta svo kallaða frv. n. eftir að það hafði verið afhent hæstv. ríkisstj., og þar varð ég var við, að voru í nokkur atriði, sem ég var ekki sammála. Og aðrir nm. munu e. t. v. hafa verið ósamþykkir öðrum atriðum. Og þetta eru einmitt atriði, sem gerð hafa verið að umtalsefni hér í þessum umr. Annað var um tekjuskattinn og þann skattstiga, sem hafði verið settur í þetta nefndarfrv. Ég taldi, að þar væri of langt gengið í því að draga úr skattinum á lágar tekjur og tel það miklu nær sanni eins og till. eru um það í frv. hæstv. viðskmrh., sem nú liggur fyrir, þó að ég hefði kosið, að gjaldið hefði verið haft hærra en þar er gert ráð fyrir, eða það fyrr látið komast upp í hámark.

Hitt atriðið var það, sem sett var í álit n., að ríkisstj. hefði úrskurðarvald um gerðir þeirrar n., sem hefur með höndum að ákveða verð á landbúnaðarafurðum. Það hefur komið fram hjá mörgum hv. ræðumönnum, að þeir sakni þessa ákvæðis í þessu frv., og þeir telja, að það ætti að vera í frv., sem hér liggur fyrir. Og ýmsir telja, að þá mundi fyrst verulegur árangur nást í þessu efni, ef þetta verðlagseftirlit væri falið einum dómstóli, sem færi með þetta úrskurðarvald. Á þann hátt talaði hæstv. félmrh. og sömuleiðis hv. þm. Seyðf., sem talaði um það, að ein n., kosin af aðalflokkum þingsins, ætti að hafa með höndum verðlagsákvörðun bæði á erlendum og innlendum vörum. Hæstv. félmrh. taldi, að eins og þessum málum væri fyrir komið nú, væri enginn aðili, sem bæri pólitíska ábyrgð og hefði úrskurðarvald þar um, það væri í höndum annarra manna. Hv. þm. V.-Sk., sem var form. n., veik að þessu og tók það réttilega fram, að þetta var lítið rætt í sex manna n., en hann gat þess, að einstakir menn í n. hefðu haldið því fram, að þessar verðlagsn., sem nú ákveða verð á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði, ættu varla rétt á sér, eins og nú væri ástatt, heldur ætti að koma ein nefnd, sem ef til vill væri undir ríkisstj. gefin beinlínis, og talaði hv. þm. V.-Sk. um einn æðsta dómstól í þessum efnum. Út af þessu vil ég taka fram, að það

kæmi ekki til mála, frá mínu sjónarmiði, að setja slíka n. á laggirnar, sem ætti að ákveða verð á landbúnaðarafurðum, og þar með í raun og veru að ákveða kaupgjald bænda landsins, nema sá dómstóll hefði vald til þess að ákveða kaupgjald annarra stétta í landinu. Þessu hélt ég mjög ákveðið fram í n. En það hafði fallið niður að taka það atriði með í þær till., sem sex manna n. afhenti hæstv. ríkisstjórn. Ég vildi því láta þetta koma hér fram við þessa umr. í tilefni af því, sem hv. meðnm. mínir hafa um þetta sagt.

Ég skal taka það fram um það frv., sem hér liggur fyrir, að vitanlega tel ég, að vel megi tala um ákveðnar breyt. á því. En ég tel, að þetta frv. sé stórum betra að ýmsu leyti heldur en það svo kallaða frv. sex manna n., sem afhent var hæstv. ríkisstjórn. Og ég er þar á allt annarri skoðun heldur en formaður sex manna n., hv. þm. V.-Sk., og hv. þm. Ísaf., sem einnig hefur talað um þetta mál og störf þeirrar n.

*__Haraldur Guðmundsson:__ Hæstv. viðskmrh. veik nokkrum orðum að mér í ræðu sinni, sem ég vil nokkru svara. Get ég þó stytt mál mitt, því að því var að verulegu leyti svarað af hv. þm. V.-Sk.

Hæstv. viðskmrh. tók svo til orða, að sér þætti undarlegt, að ég bæri mikinn ótta í brjósti fyrir því, að verðlag á landbúnaðarafurðum hækkaði nú, en væri ekki smeykur um, að kaupgjald mundi hækka. Reynslan hefur sýnt, að ástæða hefur verið til að óttast það fyrr. En það er rétt, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, að allt kaupgjald væri bundið til næstu áramóta og í sumum tilfellum lengur. Svo að það er víst, að engar breyt. verða á því á þessu tímabili. Kaup mikils hluta launamanna er ákveðið með l. Og áður en kaupsamningar verkafólks renna út, verður farið að sýna sig, hver árangur verður af því, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Og ef hann verður sá, sem menn gera ráð fyrir, er engin ástæða til að óttast kauphækkun, sem neinu nemi.

Þá spurði hæstv. viðskmrh., hvernig væri hægt að hugsa sér meira ósamræmi en með því, að sumum stéttum sé bannað að auka sínar tekjur, en að öðrum mönnum sé þetta leyft og laust látið. Ég verð að segja það, að hæstv. viðskmrh. er býsna gleyminn, því að ég veit ekki betur en að allt árið 1940 væri kaup verkafólks og embættismanna bundið í l. En illu heilli var í byrjun þessa árs fellt niður það ákvæði gengisl., að kauphækkun landbúnaðarins ætti að hlíta sömu reglum og kaupgjald verkafólks. Það var gert í trausti þess, að gefnu tilefni, að til slíkrar hækkunar mundi ekki koma á þeim afurðum, a. m. k. að því er snerti kjötið. En ég upplýsti í minni fyrri ræðu, hvernig þar var farið að, að á síðasta hausti var hækkun gerð á kjötverðinu úr 60% upp í 100% frá því, sem var haustið áður. En kaupgjald fjölmennustu stéttar landsins var bundið með l., þannig að ómögulegt var að hækka það meira en um 27%, og aðeins á síðustu mánuðum ársins.

Hæstv. viðskmrh. leggur til í frv. því, sem hér liggur fyrir, að farmgjöld verði ákveðin með l., og kemur það út sem skattur á tekjur eða lækkun á launum þeirra manna, sem við þá vöruflutninga vinna. Við þetta er það að athuga, að engan veginn var ráð fyrir því gert í n., að tekjur væru bundnar. Við töluðum að vísu um, að nauðsynlegt væri að festa útsöluverð, en einmitt það fé, sem gert er ráð fyrir að afla með því, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er ætlað að nota til þess að jafna þann mismun, sem yrði á verði innlendra afurða, sem bændum væri nauðsynlegt að fá fyrir þær, og því verði hins vegar, sem eftir yrði, þegar kostnaður er dreginn frá útsöluverði. Það fer svo aftur eftir því, hversu mikið fé verður til umráða til þeirra hluta, hverjar breyt. verða á afurðaverði bænda, sem þær n., sem hér hafa verið nefndar, mjólkurn. og kjötverðlagsn., hafa ákveðið. En mér þykir býsna einkennilegt, ef hæstv. viðskmrh. vill, að þetta mál nái fram að ganga, að hann slær því föstu, að allir þeir, sem óska eftir því, að þetta frv. verði samþ. og telja, að nauðsynlegt sé að ákveða verðið á innlendum afurðum að tilhlutun þess opinbera, séu á móti því, að þær ráðstafanir séu gerðar í því sambandi, sem ég hef mælt með. Ég vísa því fyrir mitt leyti algerlega á bug. Þessar n., sem nú ákveða verðið á þessum afurðum, hafa verið skipaðar með allt annað sjónarmið fyrir augum heldur en hér er um að ræða og hér þarf að taka til greina. Hæstv. ráðh. man það kannske, að ég og minn flokkur stóðum á sínum tíma að því með honum og hans flokki að samþ. kjöt- og mjólkurl. og styðja að því, að það yrði unnt að framkvæma þau, sem reyndust ýmsir erfiðleikar á, m. a. af því að framkvæmd þeirra var kannske ekki svo hagað í einstökum atriðum sem æskilegast hefði verið, — kannske segi ég. En megintilgangur þeirrar löggjafar var að tryggja bændum öruggara og bætt verð frá því, sem áður var. L. um grænmetisverzlun báru þetta sérstaklega greinilega með sér, því að þar var ákveðið markaðsverð, sem bændum var tryggt fyrir sína vöru. Og ég hef sýnt fram á það áður, að á sjónarmið framleiðenda hefur verið mjög ríkt litið í þessum n., og ég hygg, að engin breyt. verði á því, að óbreyttri skipun þessara n. eins og þær nú eru skipaðar. Ég tel því höfuðnauðsyn að gera þær breyt. á þessu frv. í fyrsta lagi, að verðlagsákvörðunum verði á annan veg fyrir komið en nú er, og í öðru lagi, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að grundvöllur verði fundinn, sem hægt sé að byggja á útreikning á framleiðslukostnaði bænda og þeirra annarra framleiðenda, sem framleiða kjöt og mjólk, þannig að hægt sé á einhverju að byggja og við eitthvað að miða, þegar fé er úthlutað, en ekki á mati manna, meira eða minna lítið rökstuddu.

Þá sagði hæstv. ráðh., að sig furðaði mjög á því, að mönnum skuli vaxa í augum að leggja, eins og hann orðaði það, á einhleypan mann með 10 þús. kr. tekjur rúmar 300 krónur með þessum skatti. 10 þús. kr. hjá manni nú svara til 7500 kr. tekjum fyrir stríð. Og það skal játað, að í því eina tilfelli er þetta ekki til að býsnast yfir. En mig furðar nokkuð á því, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki muna eftir nema einhleyp-

um mönnum í þessu sambandi. Og ýmsar leiðir eru farnar til þess að klípa af þeirra tekjum á einn eða annan hátt. En það má kannske finna fleiri leiðir, og þá skal ekki standa á mér. En hæstv. ráðh. minntist ekki á hjón með 4000 kr. tekjur, sem eftir að skattur hefur verið tekinn af þeim eftir skattal., sem samþ. voru í vetur, mundu, eftir þessu frv. hæstv. viðskmrh., ef samþ. verður eins og það er, verða að greiða 189% hækkun á skattinum. (SkG: Þá er tekjuskatturinn lítill). Ég skal nú gefa hv. þm. upplýsingar um þetta. Af 4 þús. kr. hreinum tekjum hjá barnlausum hjónum er skatturinn samkv. l. kr. 18,45, en 4 þús. kr. hreinar tekjur nú svara til rösklega 3 þús. kr. tekna fyrir stríð. Ég verð að segja, að þegar búið er að höggva djúpt skarð í slíkar tekjur með sköttum og útsvari, sýnist ekki réttlátt að leggja mikið á þær. Aftur á móti nemur þessi nýi skattur hlutfallslega miklu minni upphæð af háu tekjunum. Nú er þess að gæta, að ekki eru öll hjón barnlaus, og því fleiri sem börnin eru, þess meira verður hlutfallið, svo framarlega sem ekki er meiri frádráttur fyrir hvern ómaga en nú er samkv. tekjuskattsl. Í þessu sambandi minntist hæstv. viðskmrh. á till. mínar, þegar ég var í milliþingan. í skattamálum. Það er rétt, að í þeirri löggjöf, sem núv. Alþ. hefur samþ., er skattstiginn svipaður því, sem hann var í minni till., að öðru leyti en því, að hann var áætlaður nokkuð hærri af þeim tekjum, sem stríðsgróðaskatturinn kemur á. Þar eru ýmsar aðrar frádráttarreglur, sem hæstv. ráðh. kannast við. En hér er gert ráð fyrir sama skatti af 7 þús. kr. og 100 eða 200 þús. kr. Það er mjög fjarri því, að við teljum þessa aðferð rétta, að leggja jafnháa skatta á háar og lágar tekjur, enda er ekki nokkur sanngirni í því.

Nú segir hæstv. viðskmrh., að ekki sé frekar gengið á snið við Alþ., þó að hróflað sé við tekjuskattinum, heldur en ef lagt væri á útflutningsgjald. Þetta er mjög fjarri sanni. Hann veit vel, að í þingbyrjun var rætt um útflutningsgjald, en alls ekki um launaskatt eða þennan nýja tekjuskatt, fyrr en nú síðustu dagana, eftir að búið var að fresta þingkosningum. Ég veik að því í minni ræðu, að ég hefði hugsað mér hærra útflutningsgjald en 10%. Ég tók líka fram, að væru siglingar teknar upp á ný til Englands með ísaðan fisk, miðað við verðlag nú upp á síðkastið, er möguleiki til þess að leggja á hærra útflutningsgjald en 10%. Hvort þær vonir rætast, fer eftir því, hvernig samningarnir takast við Bretann.

Hæstv. viðskmrh. drap á í sinni ræðu, sem annars upplýsti mjög lítið, að eina milljón þyrfti til að breyta um eitt stig í vísitölunni. Þetta kann að vera rétt, en ég vil benda á, að þó ekki náist nema 10% lækkun á verði þess varnings, sem visitalan miðast við, þá mun hún lækka um 15 stig. Þetta hlyti aftur að leiða af sér mjög verulega lækkun á kaupgjaldi og framleiðslukostnaði, og þannig yrði þeim straumi snúið við.

Ég hafði hugsað, að hæstv. ráðh. mundi gera nokkra grein fyrir því, hversu mikið fé hann teldi, að þyrfti að leggja fram til næstu áramóta, ef eitthvað væri hægt að draga úr dýrtíðinni. Mér virðist þurfa í þessu skyni 6 til 10 millj. kr. og mætti vænta verulegs árangurs af þessu fé, ef það yrði réttilega notað til verðjöfnunar í landinu, vegna þess að hvert stig, sem vísitalan lækkar um, kemur fram sem lækkandi kaupgjald og framleiðslukostnaður í landinu. Nú eru mjólkurvörur og fiskur meginþunginn af þeim matvörum, sem notaðar eru hér í Rvík, og ef verðlagið á þessum vörum er stöðvað, mætti strax vænta verulegs árangurs.

*Finnur Jónsson: Hv. þm. Seyðf. hefur að mestu leyti tekið af mér ómakið með að svara hæstv. viðskmrh. Ég hafði hneykslað hann, með því að láta í ljós efa um það, að útflutningsafurðir þyldu þau útflutningsgjöld, sem gert er ráð fyrir, að ríkisstj. leggi á samkv. þessum l. Ég benti á í þessu sambandi, að í frv. virðist vera miðað við það gullaldartímabil, sem var fyrir og eftir síðustu áramót. Ég benti einnig á — og það er hæstv. ráðherrum kunnugt — að nýbúið er að gera Bretum tilboð um sölu á meginþorra okkar útflutningsafurða, og virðist þar hafa verið miðað við núverandi gengi, enda mundi það ekki breyta útflutningsgjaldinu svo neinu nemi. Það er vitanlega ekki hægt að færa nein rök í þessu máli, hvorki með eða móti, vegna þess að það er ekki opinbert, en bæði mér og hæstv. viðskmrh. er vel kunnugt um það. En spá mín er sú, að þar sé ekki mikilla tekna að vænta, nema því aðeins, eins og hv. þm. Seyðf. benti á, að um háar sölur væri að ræða hjá þeim togurum, sem sigla með afla sinn til útlanda. En til þess að ná því þyrfti að setja önnur ákvæði inn í þetta lagafrv.

Að ég hafði aðrar skoðanir á þessu en sumir flokksbræður mínir, virtist vekja hneykslun hæstv. viðskmrh., en þetta stafar af því, að ég þekki betur þarfir útgerðarinnar en sumir þeirra.

Hæstv. viðskmrh. hélt því fram, að mál þetta væri eins vel undirbúið og hægt væri, en þessu mótmæli ég algerlega. Ég vil benda honum á, ef honum er það ekki ljóst sjálfum, að hann hefur aðeins að einu leyti tekið til greina till. hinar svokölluðu dýrtíðarnefndar, en að öðru leyti var málið mjög illa undirbúið af hans hálfu. Hæstv. viðskmrh. virðist hafa gleymt innflutningnum, enda er ekki á hann minnzt. (Viðskmrh.: Ég hafði fyrir löngu lagt fram lagafrv. um þetta efni í ríkisstj.). Ég veit ekki hversu oft hæstv. viðskmrh. hefur vakið máls á þessu atriði í ríkisstj., en hann verður að viðurkenna, að hann hefur ekki haft kjark til að leggja fram sams konar frv. fyrir Alþ. eins og hann segist hafa gert í ríkisstj. En eins og hæstv. ráðh. hafði lagt þetta frv. fyrst fyrir, hafði hann alveg gleymt innflutningnum og ekki munað eftir neinu öðru en útflutningnum. Hann hefur ekki heldur gert neinar ráðstafanir til þess að hafa betri tök á innflutningnum með því að samræma verðlagið í landinu, sem nauðsynlegt er til að draga úr dýrtíðinni.

Ég vil að síðustu segja hæstv. viðskmrh. það, að vilji hann heyja alvarlega baráttu gegn dýrtíðinni, þá verður hann að byggja á þeim grundvelli, sem dýrtíðarnefnd leggur til og hann hefur að einu leyti tekið upp í sitt frv. Annars vona

ég, að ég hneyksli ekki hæstv. ráðh. í þetta sinn, þó að ég telji frv. hans að öðru leyti óforsvaranlega illa undirbúið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv.

Á 76. og 77. fundi í Nd., 11. og 12. júní, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 13. júní, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 703, 732, 741, 742, 743).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 743. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 samhlj. atkv.

*Frsm. (**Sveinbjörn Högnason**): Meiri hluti fjhn. bar þetta frv. fram eftir ósk hæstv. fjmrh. án þess þá að hafa haft tíma til að tala um það og mynda sér skoðanir um ýmis ákvæði þess. Enda stendur í grg., sem því fylgir, að nm. áskilji sér allir rétt til þess að bera fram eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Eftir að málið svo hafði verið hér til umr., tók n. það fyrir til athugunar og gerði það í samráði við ríkisstj., sem var með henni um undirbúning á þessu máli, til þess að leita samkomulags um þau efni frv., sem hægt væri að fá samkomulag um. Það samkomulag, sem fengizt hefur í n., er í raun og veru á þskj. 741, í þeim brtt., sem fjhn. öll flytur við þetta frv. Um 5. gr. frv. gátu hv. nm. ekki átt samleið, og flytur meiri hl. n. brtt. við brtt. n. á öðru þskj., sem ég mun víkja að síðar. Ég held, að þessi brtt., sem n. flytur á þskj. 741, þurfi ekki skýringa við. Skal ég þó aðeins lítillega minnast á ýmis atriði þeirrar brtt.

Í fyrsta lagi er hér brtt. við 1. gr. frv. um að í stað orðanna „og kaupgjalds“ komi kaupgjalds og framleiðslukostnaðar, — þannig að greinin verði með breyt. svo hljóðandi: „til þess að minnka verðbólguna innanlands og draga þannig úr hækkun framfærslukostnaðar, kaupgjalds og framleiðslukostnaðar“, o. s. frv. Enn fremur er lagt til, að aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., sem er útskýring á því, sem felst í gr., sem fyrir er, og hljóðar viðbótin þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin skal verja fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, til þess að koma í veg fyrir, svo sem unnt er, að verðlag á innlendum og erlendum nauðsynjavörum hækki til neytenda frá því, sem nú er, og til að styðja þá framleiðendur, sem af styrjaldarástæðum eru neyddir til að selja vöru sína óeðlilega lágu verði, allt að undangenginni athugun á þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru.“ Það eru m. ö. o. tekin fram nánar í þessari viðbót þau höfuðsjónarmið, sem eiga að vera fyrir samþykkt þessara l. og sem á að verja þessu fé til að ná, að reyna að halda verðlagi niðri á nauðsynjum, bæði erlendum og innlendum, og sömuleiðis hitt, að styðja framleiðsluna, sem af orsökum styrjaldarinnar selst við lægra verði heldur en framleiðsluverði.

2. brtt. n. er við 2. gr. frv., sem er um það, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða farmgjöld af vörum, sem fluttar eru til landsins með íslenzkum skipum. En brtt. er um það fyrst, að aftan við gr. bætist: „og þeim skipum, sem Íslendingar hafa á leigu til ákveðins tíma“, sem er vitanlega sjálfsagt, að þetta ákvæði gildi eins um slík leiguskip, sem Íslendingar hafa um skemmri eða lengri tíma, þegar þess er gætt einmitt, hve farmgjöld eru geysimikill þáttur í því, hvernig verðlag er í landinu á erlendum vörum. Þau hafa verið svo há, að nettóágóði eins einasta félags, Eimskipafélagsins, varð eins mikill á einu ári eins og aðalframleiðsluvara manna í sjö sýslum í landinu hefur selzt að brúttóverði; og sést þá, hve geysimikill þáttur þetta er til þess að hafa áhrif á verðlag. Og ekki síður ástæða til að hafa hönd í bagga um það heldur en um verð neyzluvara, sem seldar eru innanlands.

2. brtt., b-liður, á sama þskj. er um það, að aftan við 2. gr. komi ný gr., og er 1. tölul. 2. brtt. svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að fella niður til ársloka 1942 tolla af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúg, ris með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi, úr ris, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr ris og öðru ótöldu.“

M. ö. o., till. er um að afnema tolla af þessum helztu nauðsynjavörum, sem inn eru fluttar af matvörum; og aftur á móti er till. um það í 2. stafl. að lækka toll á sykri. Þriðja heimildartill. er í 3. tölul. 2.brtt. og er um það, að ríkisstj. sé heimilt að hækka um allt að 50% til sama tíma tolla af: áfengi og tóbaki, svo og gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. lög nr. 60 30. des. 1939, og aðflutningsgjald af sams konar vörum.

3. brtt. er við 3. gr. frv., sem verður 4. gr., ef brtt. n. verða samþ., um það, að upphaf gr. orðist þannig: „Í því skyni, er í lögum þessum greinir, er ríkisstjórninni“ o. s. frv.

Og loks er 4. brtt. við 4. gr., sem verður 5. gr., um að aftan við fyrri málsgr. greinarinnar bætist: „svo og að undanþiggja þær útflutningsvörur, sem seljast lægra verði en hún telur, að framleiðslukostnaði nemi“. En eins og hv. þdm. sjá, stendur í gr. sjálfri, að ríkisstj. sé heimilt að leggja mismunandi hátt útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, sem fluttar eru út úr landinu, sem sé ákveðinn hundraðshluti af fob-verði varanna, og sé gjaldið miðað við framleiðslukostnað og söluverð. En brtt. er um, að ríkisstj. sé heimilt að undanþiggja þessu útflutningsgjaldi þær vörur, sem seljast við mjög lágu verði.

Þetta eru þau atriði, sem nm. allir voru sammála um að flytja sem brtt. við frv., og hefur staðið alllengi yfir að ná þessu samkomulagi, sem þó er fengið um þessi atriði.

En 5. gr., sem er ákvæði um sérstakan skatt af nettótekjum manna eins og þar hermir, hafa nokkrir nm., sem eru meiri hl. n., ekki getað fallizt á. Vilja þeir ekki hafa þau ákvæði með þeim hætti, sem þar hermir, og telja þau ekki réttlát, en flytja í stað þess brtt. á þskj. 742 um það, að ríkisstj. sé heimilt að innheimta á árinu

1941 viðauka á tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu, og megi viðauki þessi nema allt að 10%. Það gefur að skilja, að þetta eru margfalt minni tekjur heldur en ætlazt er til í 5. gr. frv., og rýrir þetta mjög gildi frv. Við fulltrúar Framsfl. í n., ég og hv. þm. V.-Húnv., höfum hins vegar litið svo á, að þær heimildir, sem í 5. gr. felast til þess að ná þessum tekjum af nettótekjum manna, séu það lágmark, sem við getum gert okkur ánægða með til þessara ráðstafana, og viljum þar af leiðandi ekki skerða það á nokkurn hátt, hvað þá eins og lagt er til í brtt. á þskj. 742. Við lítum svo á, að það sé alveg sjálfsagt, að þeim, sem nú hafa mestar nettótekjur og mestan gróða þar af leiðandi á þessum tíma, beri ekki síður skylda til að leggja verulega af mörkum til þess að halda uppi verðgildi peninganna. Því að þetta frv. er í raun og veru ekkert um annað en það. Því að hvers virði eru þeim, sem nú taka hæst laun, þau laun, ef verðgildi peninganna fellur jafnt og þétt eftir því, sem launin hækka? Og það er ekkert launungarmál hér á hæstv. Alþ., að hjá mönnum yfirleitt eru allmiklir peningar, sem fólk nú hefur milli handa, bæði þeim, sem vinna að ýmiss konar framkvæmdum í daglaunavinnu, einhleypum og öðrum, og viðkomandi þeim, sem teljast til launastétta, má segja í bili, að það sé sama, hvort dýrtíðin helzt eða ekki, því að laun hækki eftir dýrtíðinni. En sama gildir um þeirra peninga, að með aukinni dýrtíð minnkar verðgildi þeirra.

Ég verð að segja, að það er dálítið einkennileg hugsun, að ekki megi taka neitt af þeim, sem hafa mesta peningana á milli handa, í því augnamiði að gera ráðstafanir til þess að halda uppi verðgildi peninganna. Þeir menn eiga, svo að segja, algerlega að geta skotið sér undan þeirri skyldu, sem hvílir nú á allri þjóðinni, að hún reyni að reisa skorður við þeim voða, sem framundan er, ef ekki er spyrnt við fótum, áður en það er um seinan. Ég vil aðeins benda á það í sambandi við þessa gr., að það hafa komið fram mótmæli vegna þessa skatts, sem í frv. felst, bæði frá félögum launamanna hér í bænum og einnig frá Alþýðusambandi Íslands. Í báðum þessum mótmælum eru tekin fram mjög svipuð sjónarmið. Ég skal nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr mótmælum þeim, sem Alþýðusamband Íslands hefur sent Alþingi:

„Stjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir framkomnu frumvarpi um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, þar sem verklýðs- og aðrar launastéttir landsins eru fyrst og fremst sérstaklega skattlagðar í þessu augnamiði og tiltölulega hæst þær stéttir, sem lægst hafa launin.“ M. ö. o., þessar stéttir hafa mestar nettótekjur, það kemur greinilega fram í mótmælunum gegn frv. viðurkenning á því. Svo eiga þessir menn sérstaklega að vera undanþegnir því að verja nokkru af tekjum sínum til þess að halda uppi verðgildi peninganna. Við getum ekki séð, að það sé neitt réttlæti í slíku, og getum þar af leiðandi ekki fallizt á, að þessi hópur manna eigi með öllu að skjóta sér undan þessum byrðum. Við verðum að gæta þess, að það eru mjög breyttir tímar frá því, sem var fyrir einu ári, og það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn um það, að það verður að taka tillit til þeirra breyttu aðstæðna, þegar verið er að gera kröfur til manna um slíka skattaálagningu sem þessa. Ég skal svo ekki hafa öllu fleiri orð um brtt. meiri hl. n., og munu án efa gefast tækifæri til þess að ræða nánara um þær síðar við umr. Það er kominn tími til þess að þjóðin í heild geri sér grein fyrir því, hvert stefnir með þeim tilslökunum, sem felast í brtt. n.

Þá er enn fremur ein brtt. frá 2 nm., hv. þm. A.-Húnv. og hv. 3. landsk., sem er á þskj. 743 og fer í þá átt, að ríkisstj. heimilist að verja fé, sem næst inn samkv. þessum ákvæðum, ef að l. verða, til þess „að tryggja framleiðendum það verð á kjöti og mjólk og öðrum landbúnaðarvörum, sem nauðsynlegt telst, að dómi Búnaðarfélags Íslands, til þess að framleiðsla þeirra afurða dragist ekki saman.“ Náist ekki þetta verð með verðlagsákvæðum verðlagsn., þá á stj. að vera heimilt að ákveða með l. lægra útsöluverð, og annað eftir því. M. ö. o., í þessari brtt. felst ekki annað en það, að afnumið verði söluskipulag landbúnaðarins eins og það er nú. Það kann að vera, að ýmsir bændur gætu, eins og nú er, selt afurðir sínar, hvað hátt verð sem á þær væri sett. En ég segi og fullyrði, að þeir menn, sem þannig líta á málin, horfa aðeins til þess ástands, sem ríkir í dag; þeir horfa ekki fram til þess tíma, þegar aftur kreppir að og búið er að eyða öllum þeim verðmætum, sem þessi styrjöld hefur skapað. Og ég hygg, að mörgum framleiðanda mundi þykja skarð fyrir skildi eftir styrjöldina, ef það ætti að taka frá þeim söluskipulagið. Ef það ráð yrði upp tekið, að láta Búnaðarfélag Íslands ákveða verðlag á framleiðsluvörum bænda, þá er mjög sennilegt, að næsta afleiðingin af því yrði sú, að Alþýðusamband Íslands vildi sjálft ákveða, hvaða laun verkamenn fengju. Þar á eftir kæmu svo ýmis fagfélög, sem vildu fá að ákveða laun meðlima sinna. Þetta hefur t. d. átt sér stað um háskólaprófessora, að þeir hafa ákveðið sín laun á bak við þingið. Þetta mundi svo endurtaka sig um allar raðir þjóðfélagsins, og er ekki að vita, hvar það tæki enda, ef ekki væri spyrnt fótum við. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, ef það verður ekki skemmt, er spor í þá átt að spyrna fótum við því kapphlaupi, sem nú er milli verðlags og kaupgjalds og enginn veit, hvar muni enda. Frá sjónarmiði okkar, sem flytjum brtt., er þetta hið minnsta, sem við getum hugsað okkur, að þjóðfélagið reyni að leggja á sig til þess, að ekki stefni að þeim voða, sem sjáanlega er fyrir höndum, ef ekki er eitthvað gert til bjargar. Ég álít, að ef ekki verður gert allt, sem unnt er, til þess að koma í veg fyrir, að krónan haldi áfram að lækka verulega mikið, þá séum við áður en varir komnir á svipað stig eins og þegar verst fór í Þýzkalandi eftir styrjöldina síðustu, að þúsund marka seðlar voru minna virði en ógild frímerki.

*Haraldur Guðmundsson: Ég lét þess getið við 1. umr. þessa máls, að ég teldi miklu máli

skipta, að inn í frv. kæmu ákvæði um eftirlit með verðlagi og jafnframt ákvæði um fulla verðlagsákvörðun. Frv. hefur verið breytt þann veg, ef samþ. verður brtt. 741, að í staðinn fyrir það að setja glögg verðlagsákvæði, þá er sagt með almennum orðum, hver er tilgangur l., sem sé sá, að halda niðri verðlagi á nauðsynjavörum innanlands, og allt er þetta gert að undangengnum athugunum á þeim aðstæðum, sem fyrir hendi eru. Ég mun sætta mig við það, að ekki eru skýrari ákvæði í l. en þetta, ef samþ. verður sú brtt. um tekjuöflun, sem fram kemur sumpart í till. n. allrar og sumpart á þskj. 742, frá mér og hv. 3. landsk. og hv. þm. A.-Húnv.

Um brtt. 741 þarf ég ekki nema örfátt að segja til viðbótar því, sem hv. frsm. sagði hér áðan. Þó vildi ég mega taka það fram, að ég ætla, að mér sé óhætt að segja frá því, að það sé skoðun n. allrar og þeirra ráðh., sem hún hefur átt tal við, að orðalag 4. gr. frv. eigi við það, að það sé ekki einungis hægt að hafa mismunandi há gjöld á einstökum vörutegundum, heldur líka mismunandi há gjöld á sömu vörutegund á ýmsum tímum árs, ef það þykir henta. Þá er einnig í brtt. 741 lagt til, að aftan við fyrri málsgr. gr. bætist: „svo og að undanþiggja þær útflutningsvörur, sem seljast lægra verði en hún telur, að framleiðslukostnaði nemi..“ En meginágreiningur innan n. var um tekjuöflunarleiðina, eins og einnig kom fram við 1. umr. málsins. Meiri hl. n. hefur lagt til, að horfið yrði frá þeirri tekjuöflunarleið, sem gert er ráð fyrir í 5. gr. frv., en í stað þess tekin upp sú leið að leggja á allt að 50% aðflutningstoll á tóbak og áfengi, og auk þess verði jafnað niður 10% viðauka við tekju- og eignarskatt ársins 1941. Ég skal aðeins geta þess í þessu sambandi, að í ríkisreikn. fyrir árið 1939 hafa tollar af áfengi og innlendum vörutegundum numið 3 millj. og 30 þús. kr., þannig, að ef heimild þessi væri notuð að verulegu leyti, þá má búast við, að um verulega tollaaukningu verði að ræða. Auk þess má geta þess, að ég hygg, að tollar hafi heldur aukizt síðan 1939, að þingið veitti álagningarheimild að því er tóbakið snertir. Nú get ég ekki fullyrt neitt um það, í hversu ríkum mæli þessi heimild kann að verða notuð af ríkinu, en það er rétt að taka það fram, að það var tekið fram í n. og samþ., að mér skildist, af þeim ráðh., sem var á fundi n., að tollur skyldi hækka á einstökum framleiðsluvörum, en þar sem hér er aðeins um fáar vörutegundir að ræða, eru engar líkur til, að tollar af þeim hrökkvi til. Við leggjum því til, að til viðbótar verði sett 10% álag á tekju- og eignarskattinn, sem lagður er á á þessu ári.

Ég þarf ekki að gera frekari grein fyrir brtt., og nægir þar aðeins að vísa til þeirra ummæla, sem ég lét falla við 1. umr. málsins. Það er mjög rætt um þessa tekjuöflunarleið, sem við viljum fara, en það er ljóst, að hún hefur þann skýlausa kost, að skattarnir lenda fyrst og fremst á þeim mönnum, sem verja fé sínu í óþarfa.

Ég skal ekki taka upp kappræður um 5. gr. frv., þó að frsm. gæfi tilefni til þess, en vil aðeins benda á það, að ef það er virkilega ætlun hans, að þeir, sem hæstar hafa tekjurnar, eigi að gjalda hæstan skatt, þá er það ekki leiðin til að ná því takmarki að hafa skattinn eins og gert er ráð fyrir í frv. Eftir frv. verður skatturinn jafnmikill af hverjum hundrað krónum, hvort um er að ræða 7 þús. eða 100 þús. kr. tekjur. Ég tel þetta ekki rétta aðferð um skattálagningu, auk þess sem hér er horfið frá þeim grundvelli, sem ákveðinn var með tekjuskattsl. í vetur. Um brtt. 743 vil ég taka það fram, að ég get ekki fallizt á að greiða henni atkv. mitt, og er það sumpart af sömu ástæðum og hv. frsm. tók fram og sumpart af mörgum öðrum, sem ég þarf ekki að taka fram, nema sérstakt tilefni gefist til þess.

*Jón Pálmason: Við 1. umr. þessa máls tók ég ekki þátt í umr., og vegna þess vænti ég, að hæstv. forseti taki ekki hart á því, þó að ég víki nú nokkuð almennt að því stórmáli, sem hér liggur fyrir. Í rauninni er þetta frv. hið stærsta mál, sem fyrir þinginu hefur legið, og eitthvert stærsta mál, sem þingið hefur haft með að gera um langt skeið, og satt að segja hefði mönnum fundizt eðlilegast, að þetta mál hefði verið eitt af fyrstu málum þingsins en ekki eitt þeirra síðustu.

Um það bil sem núverandi ríkisstj. var mynduð og tók við völdum, þá var komið svo í okkar þjóðfélagi, að framleiðslan til sjávar og sveita var komin í stóran vanda, sjávarframleiðslunni lá við strandi, og sveitaframleiðslan hafði undanfarin ár verið að komast í meiri vanda. Orsakirnar, sem til þessa liggja, eru sjálfsagt margar, en hluturinn er sá, að höfuðorsökin lá í því, hvað mikil hlutfallsbreyt. varð á milli launakjara og vinnulauna annarsvegar og framleiðslukostnaðar hins vegar. Hvað landbúnaðinn snertir hefur breyt. að þessu leyti orðið sú frá árinu 1914 til ársins 1939, að framleiðslan hefur fallið mjög í verði. Kaupgjaldið 1938 er komið upp í 420, miðað við það, að á sama tíma er mjólkurverð til bænda hér í nágrenni Reykjavíkur ekki hækkað nema úr 100 upp í 137, og afurðir af sauðfé hækka ekki meira en úr 100 upp í 183. Þessi stórkostlega hlutfallsbreyt. var það, sem olli því, að landbúnaðurinn átti við stöðugt meiri og meiri örðugleika að stríða. Fólkið streymdi úr sveitunum til bæjanna og jarðir fóru að leggjast í eyði.

Grundvöllurinn fyrir því, að núverandi stj. var mynduð og reynt var að gera breyt. í þessu efni, var sú, að nauðsynlegt var að gera breyt. á gengi íslenzku krónunnar. En það var augljóst mál, að sú ráðstöfun gat ekki komið að fullu gagni nema því aðeins, að aðrar frekari ráðstafanir væru gerðar. Á þetta reyndi fyrst verulega á þinginu, sem haldið var haustið '39, eftir að núverandi stj. var mynduð. Eftir alllangt þinghald og mjög mikil átök um það, hvernig fara ætti að um þá hluti, kom í ljós, að ráðstafanir í þá átt að gera verulega breyt. frá því, sem verið hafði, strönduðu og náðu ekki fram að ganga. — Ég hafði á því þingi og mörgum öðrum átt hlut í því að reyna að fá því til vegar komið, að einhver breyt. yrði gerð í þessum efnum. Þess vegna var það, að ég bar fram frv. á þinginu í fyrra, sem mér hafði skilizt, að

meiri hl. þm. gæti fallizt á. Frv. fór í þá átt, að lagðar yrðu fram 2 millj. kr. til þess að borga mismuninn á milli þess framleiðsluverðs, sem bændur þurftu að fá fyrir kjöt og mjólk á innlendum markaði, og þess verðs, sem Bretar gæfu fyrir þær vörur. Ég skal ekki fara nákvæmlega út í það að lýsa átökunum um þetta mál, mönnum er það kunnugt. Nú hefur það komið í ljós, einkum nú síðan um áramót, að það hefur verið haldið áfram að greiða þeim mönnum, sem hafa föst laun, fulla verðuppbót á laun sín í samræmi við dýrtíðina án tillits til framleiðslunnar. Nú fór það svo, þó undarlegt mætti virðast, að frv. mitt náði ekki samþykki þingsins, en hið opinbera fékk í samningum við Breta 5 millj. kr. til verðuppbótar á þær framleiðsluvörur í landinu, sem harðast yrðu úti á innlendum markaði. En nú hefur það komið í ljós, að sá hluti bænda, sem þarna er um að ræða, hefur ekki farið illa út úr framleiðslunni á árinu 1940. En þetta kemur ekki að haldi þeim hluta bænda, sem byggja framleiðslu sína á mjólkinni, og þess vegna er allmikill hluti þeirra í sömu fordæmingunni, ef svo mætti segja, og var, áður en núverandi stj. tók við völdum. Þau loforð, sem hafa verið gefin um að bæta hag framleiðenda, hafa ekki verið efnd fyrr en nú, að viðleitni er sýnd með þessu frv. Það er alveg ljóst, að ef svo væri látið halda áfram, er, eins og raunar hefur verið tekið fram, auðsætt, að gengi krónunnar hrynur og dýrtíðin vex og hvað eltir annað, kaupgjaldið og dýrtíðin ;þess vegna er alveg ósæmilegt fyrir hvern, sem á setu sem fulltrúi á Alþ., að vilja ekki gera ráðstafanir til varnar því, sem framundan er. Það er engin von um að fá framlög af hálfu Breta til verðbóta innlendri framleiðslu og allsendis óvíst, hvernig fer um sölu landbúnaðarafurða. Þegar á að fara að gera ráðstafanir til bjargar, hefði ég fremur kosið, að þær væru gerðar svo, að ljóst væri, hvað ætti að gera og hvernig ætti að verja því fé, sem fyrir hendi er, en að allt sé í heimildarformi. En vegna þess að nú er komið að þinglokum og ekki hægt að sitja lengi enn, hef ég fallizt á að ganga frá þessu máli í þessu formi. — Það mun vera a. m. k. flestum þm. kunnugt, að um margar vikur hefur landbn. haft það til meðferðar að reyna að fá því til vegar komið, að trygging fengist fyrir bændur til þess að framleiðsla þeirra þyrfti ekki að dragast saman. Till. landbn. hafa ekki fengið áheyrn, og harma ég það mjög, því að nú, þegar líður að slætti og engin fullvissa er fyrir, hverju hægt er að búast við um verð, er framleiðslan öll í óvissu.

Það er auðséð, að um tvær leiðir er hér að ræða. Önnur er að láta landbúnaðarframleiðsluna hækka stöðugt og láta í kjölfarið fara hækkun á launum, eða gefa á milli framleiðsluverðs og útsöluverðs. Það er auðsætt, að hér er um þýðingarmestu matvörur að ræða, og samkv. grundvelli þeim, sem kauplagsn. byggir á, er áætlað, að í bæjunum sé helmingur af öllum matvörum kjöt- og mjólkurvörur. Ég held, að það væri hægt að koma fæðunotkun þjóðarinnar í það horf, að þetta verði meira en nú, með því að auka framleiðsluna og tryggja söluna, því að sannleikurinn er sá, að eins og er með verðið á erlendum markaði, er hæpið, að það borgi sig að flytja út. Það er ekki hægt að komast hjá því, að ríkisvaldið geri ráðstafanir til þess, að hægt sé að halda framleiðslunni í fullum gangi.

Í öllum umr., sem fram hafa farið um málið, hefur komið fram mikill ágreiningur, ekki aðeins í blöðum, heldur og í ræðum manna, um það, hvort till. landbn. og till. þessa frv. væru styrkur til bænda eða til neytenda. Sumir mega ekki heyra nefndan styrk til bænda, aðrir ekki til neytenda. Þetta er mikill barnaskapur. Hér er um að ræða ráðstafanir, sem allri þjóðinni eiga að koma að gagni. Bændur og neytendur eru háðir sama lögmáli að því leyti, að það er báðum í hag, að fjármál landsins í heild séu í sem varlegustu lagi.

Ég skal nú víkja að þeim till., sem fyrir liggja, einkum brtt. meiri hl. fjhn. og till. minni og hv. 3. landsk. þm.

Fyrsta till. okkar er í samræmi við till. og kröfur, sem landbn. hefur haldið fram undanfarið, að það skuli reiknað út af Búnaðarfél. Ísl., hvaða verð bændur þurfi að fá á kjöt og mjólk. Það er undarlegt, sem kemur fram hjá hv. frsm. fjhn. og fleirum, að þetta sé óeðlileg krafa. Hitt er líka rangt hjá hv. frsm., að í þessari till. felist nokkuð um að afnema mjólkur- og kjötl., heldur á hún að tryggja, að það séu ekki verðlagsn. einar, sem ráða verðinu, því að þær njóta ekki þess trausts, sem æskilegt væri. Að verið sé að láta fagfélögin ákveða verðið, er ekki rétt, því að það er bara farið fram á, að það sé reiknað út, hvað þurfi til þess að framleiðslan geti haldið áfram með fullum krafti.

Sú till., sem fjhn. stendur að við 1. gr. frv., bætir svolítið úr, en samt felst ekki í henni sú trygging, sem felst í brtt. á þskj. 743. Ég vil því að hún verði samþ. Ef mönnum finnst hún reka sig á 1. gr., má leiðrétta það við 3. umr.

Þá vil ég líka víkja að till., sem hv. meiri hl. fjhn. flytur, og þeirri afstöðu, sem hefur valdið mestum ágreiningi um skattana. Í sjálfu sér er ekki ósanngjarnt eins og nú er komið, þó að sá skattur verði á lagður, sem um ræðir í frv. hæstv. viðskmrh. En að ég hef flutt brtt. við þessa gr. byggist á því í fyrsta lagi, að það er komið í ljós, að ef frv. væri samþ. óbreytt, mundi það valda svo miklu ósamlyndi, að ég álít, að við mættum ekki við því, en í öðru lagi er það svo, að þó að þessi skattur sé í sjálfu sér ekki ósanngjarn, þá er aðferðin um álagninguna óviðfelldin, því að á þessu sama þingi er búið að ákveða álagningu á tekjurnar 1940. Í þriðja lagi er það að athuga, að í till. fjhn. kemur fram, eins og hv. þm. Seyðf. vék að, að það eru tryggðar aðrar tekjur á móti lækkuninni á skattinum samkv. till. meiri hl. n. með því að heimila 50% álagningu á áfengistoll, tóbakstoll og gjald af innlendum tollvörutegundum. Samkv. síðasta landsreikningi, 1939, voru þessir tollar rúmar 3 millj., þannig að tekjur af þessu hefðu numið 1½ millj. Auk þess er í þessari gr. heimild til að hækka aðflutningstolla á vörum, sem þar um ræðir. Till. um þetta var flutt af hæstv. fjmrh. við n. Hér er því ekki orðinn mikill munur á tekjum, sem heimilt er að innheimta samkv. frv. óbreyttu og samkv.

till., sem fyrir liggja, með samþ. brtt. meiri hl. fjhn. A. m. k. er ekki svo mikill munur, að mikið veður sé út af því gerandi.

Í fjórða lagi er það sú ástæða, sem gerir að verkum, að ég fellst á að vera meðflm. brtt., að mér er ljóst, að það er fullkomið tækifæri fyrir næsta þing til að leggja aukaskatt á tekjur þessa árs, og ég verð að segja, að ég tel æskilegt, að það sé ákveðið í byrjun þings, hvaða skatta og aukaskatta á að leggja á.

Annars fer það nokkuð eftir því, hvernig fer um brtt., hve mikið samlyndi verður um afgreiðslu frv., og ég skal taka það fram, að mér er ljóst, að það hve mikið gagn verður að aðgerðum okkar, fer fyrst og fremst eftir því, hvernig ríkisstj. tekst um framkvæmd á heimildum þeim, sem henni eru fengnar. Ég vil segja, að það, hvernig ríkisstj. tekst um framkvæmdina á komandi ári, fer eftir því, hvort henni lukkast að vinna aftur það traust, sem hún frá ýmissa sjónarmiði hefur glatað, eða hvort framkvæmdin verður svo, að traustið minnki enn á ný.

Ég vænti að það verði samþ. að setja inn í frv. brtt., sem fyrir liggja í þremur þskj.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil segja nokkur orð um brtt. og afgreiðslu málsins í fjhn. Ég vil þá fyrst minnast á brtt. á þskj. 741, þær, sem samkomulag hefur orðið um í fjhn. Eins og ræðumenn úr fjhn. hafa tekið fram, miða þessar till., nema 2. till., að því að gera ákvæði frv. fyllri, og eru þær gerðar í samráði við þá ráðh., sem mættu á fundum n., og eru allar til bóta.

Um b-lið 2. till. vil ég segja eftirfarandi, til þess að fyrirbyggja misskilning: Hann fjallar um, að ríkisstj. skuli heimilað að fella niður til ársloka 1942 toll á kornvörum og helming tolls á sykri, en á sama tíma að hækka um 50% áfengis- og tóbakstoll. Vegna ummæla hv. þm. Seyðf. og hv. þm. A.-Húnv. verð ég að skýra frá því, að fyrir alllöngu varð samkomulag um það í ríkisstj., að hún reyndi að afla heimildar til að fella niður kornvörutoll og hálfan sykurtoll. Um leið og þetta var ákveðið, var líka rætt í stj. að afla heimildar til að hækka toll af ónauðsynlegum vörum. Hér er því ekki um nýmæli að ræða hjá n., heldur till., sem ríkisstj. hefur komið sér niður á í sambandi við umr. um þessi mál. Hér er því ekki um óvænta tekjuöflun að ræða, sem vegið geti á móti till., sem ég hafði gert í frv.

Ég vil þá minnast á ágreiningsefnið í sambandi við þetta frv., brtt. hv. meiri hl. á þskj. 742. Eins og menn muna, voru ágreiningsefnin tvö við fyrstu umr., en það má segja, að umr. um annað hafi fallið niður, og nú sé aðeins um að ræða þann ágreining, sem kemur fram í till. meiri hl. á þskj. 743. — Þ. e. ágreiningurinn um hinn almenna skatt, sem frv. gerir ráð fyrir.

Forsaga málsins er sú, að málið var fyrst lengi til umr. í ríkisstj., og 6 manna n. fjallaði um það hér í hv. Alþingi. Í 6 manna n. virtust allir vera á einu máli um það, að slíkt gjald ætti rétt á sér, þó að skiptar væru skoðanir um það, hve langt skyldi gengið í að undanþiggja lægri tekjur þessu gjaldi, og í þeirri n. voru fulltrúar allra þingflokkanna.

Ég verð því að segja það, að þær undirtektir, sem þetta atriði hefur fengið hér á Alþingi og í sumum stuðningsblöðum ríkisstj., virðast mér ekki lítið undarlegar, þar sem því er haldið fram, að það sé alveg óviðeigandi að leggja á slíkt gjald yfirleitt og auk þess, sem allmikil gagnrýni hefur komið fram á skattstiga þeim, er í frv. felst.

Ég bjóst fremur við öðru en því, að reynt yrði að spilla fyrir því, að þetta gjald yrði samþ. á Alþingi, eftir því sem á undan var gengið í málinu. Nú hefur þetta farið á allt annan veg. Meiri hl. fjhn. hefur lagt fram till. um það, að 5. gr. skuli breytt þannig, að hið almenna gjald falli niður, en í stað þess komi 10% álag á tekjuskatt.

Þessi brtt. rýrir stórlega þær tekjuvonir, sem mátti gera sér af frv. því, sem hér liggur fyrir. Þetta 10% álag mun aldrei geta gefið í tekjur nema litinn hluta af því fé, sem hefði fengizt með þeirri till., sem fyrir lá. Það er þess vegna auðséð, ef þessi till. verður samþ., sem ég geri ráð fyrir, að ekki verði hægt að koma í veg fyrir, þá verður frv. í heild stórspillt og líkur minnkaðar fyrir því, að það geti náð tilgangi sínum.

Að því er snertir samanburð á þeim till., sem eru í frv., og þeim, sem liggja fyrir frá meiri hl. fjhn., vil ég aðeins nefna örfá atriði til að sýna mönnum, hver munurinn á þessum 2 till. er.

Samkv. till. minni átti einhleypur maður, sem hefur 8 þús. kr. hreinar tekjur, að borga 205 kr. í þann sjóð, sem átti að vinna með gegn dýrtíðinni. Þetta hefur vaxið mönnum mjög í augum. Og samkv. brtt., sem koma frá meiri hl. fjhn., á sami maður því að borga einar 31,80 kr. Einhleypur maður, sem hefur 20 þús. kr. hreinar tekjur, hefði orðið að borga 805 kr. eftir minni till., en samkv. till. fjhn. mundi hann eiga að borga 297 kr. Þessar tölur sýna glögglega, hve mjög frv. er spillt, ef þessi till. verður samþ.

Ég hafði frekar búizt við því, eftir því, sem á undan var gengið, að fjhn. mundi snúa sér að því að draga eitthvað úr því gjaldi, sem lagt var til á lágtekjur, en hækka fremur gjaldið á hærri tekjur, en sú hefur ekki orðið raunin á.

Það mun vera viðurkennt af öllum, sem eitthvert skyn bera á þau mál, að einhver mesta hætta, sem nú er fyrir dyrum í sambandi við verðlagsmál og verðgildismál peninga, er einmitt hið mikla pappírspeningaflóð, sem yfir landið streymir. Við verðum að opna augun fyrir því hér á Alþingi, að þessir peningar eru ekki aðeins í fórum þeirra, sem hafa hæstar tekjur, heldur hefur nær öll þjóðin fengið stórauknar tekjur. Við verðum að gera okkur það ljóst, að einmitt sú breyt. er að verða núna, vegna síhækkandi kaupgjalds og vegna þess að stærsti gróðinn er að minnka, að þessar tekjur eru ekki eingöngu hjá fáeinum útgerðarmönnum og stórgróðamönnum, heldur eru þær hjá öllum þorra manna, sem betur fer. Þetta skapar sérstakt vandamál í landinu, og mér þykir undravert, að Alþingi skuli ekki fást til að líta á þetta sjónarmið og skuli hika við, undir þess-

um kringumstæðum, að leggja á þau hóflegu gjöld, sem gert er ráð fyrir í frv., sem fyrir liggur, ef þau mættu verða til þess að draga eitthvað úr þeirri miklu hættu, sem stafar af þessu peningaflóði og verðbólgunni, sem af því leiðir.

Mér finnst það satt að segja ekki bera vott um það, að menn hafi krufið þessi mál til mergjar, að þeir skuli víla svo mjög fyrir sér að fylgja þeim till., sem fyrir liggja, í aðalatriðum. Minni háttar breytingu hefði verið hægt að gera að því er þá snertir, sem hafa lágar tekjur. Sú afgreiðsla, sem þetta mál á að fá, fyrir atbeina Alþfl. og Sjálfstfl., er ekki í samræmi við það ástand, sem nú ríkir í peningamálum þjóðarinnar, og ég mótmæli þeirri afgreiðslu.

Eins og ég sagði áður, eru möguleikarnir til að frv. beri árangur, mjög svo rýrðir með þessum brtt. Ég vil taka það enn á ný skýrt fram fyrir mitt leyti, að ég álít ástandið vera þannig og svo mikils þurfa við, að ég hefði viljað hafa gjöldin hærri en lagt var til í mínum till. og víla ekki fyrir mér að taka á mig þær óvinsældir, sem fylgja því að hafa slíkt sjónarmið og láta það uppi. Straumurinn liggur nú hins vegar í hina áttina, og þingvilji mun vitanlega skera úr um þetta.

Ég vil þá aðeins minnast örfáum orðum á brtt. hv. þm. A.-Húnv. og hv. 3. landsk. á þskj. 743.

Mér finnst, að á þeirri till. séu tveir meingallar, sem gera það að verkum, að ekki eigi að fylgja henni. Annar gallinn er sá, að till. er byggð á þeim grundvallarmisskilningi, að þessi samansöfnun fjár, sem hér á að eiga sér stað, fari fram til þess að styðja bændastétt landsins sérstaklega. Þetta er mesti misskilningur. Eins og fyrirkomulag málanna er núna, þá geta bændur áreiðanlega fengið sanngjarnt verð fyrir þær afurðir, sem þeir selja á innlendum markaði, og þarf enga sérstaka tekjuöflun handa þeim í þessu sambandi. Hitt er annað mál, að í þessu frv. er opin heimild til að styðja hvaða atvinnuveg sem er, hvort sem það er landbúnaður eða annað, sem verður fyrir sérstökum óhöppum í sambandi við styrjaldarástandið. Er þar sérstaklega átt við stuðning til þeirra, sem verða fyrir því tjóni, að útflutningsvörur þeirra seljast með óviðunanlega lágu verði. Hinn gallinn er sá, og er ákaflega ógeðfelldur, að hv. þm. A.-Húnv. og hv. 3. landsk. þm. vilja láta Búnaðarfélag Íslands, sem er stéttarfélagsskapur bænda, algerlega segja til um það, við hvaða verði selja eigi íslenzkar landbúnaðarafurðir, og svo á ríkisvaldið að útvega fjármuni til þess að þetta verð sé tryggt, ef markaðsástæður geta ekki tryggt verð þetta. Þetta er mjög óeðlileg hugmynd og hættulega einhæft sjónarmið. Hvar værum við staddir, ef stéttarfélög landsins ættu að ákveða, hvað hver stétt ætti að fá í kaup? Þá mundi Alþýðusambandið úrskurða, hvað verkamenn ættu að hafa í tekjur, og þar fram eftir götunum, og ef atvinnufyrirtækin gætu ekki borið kaupgjaldið, þá ætti ríkið að borga mismuninn. Mikið er það ríki. — Flestir hljóta að sjá, að með þessu væri komið út í hinar mestu ógöngur. Þetta eru álíka miklar öfgar eins og þær, sem haldið er fram af þeim, sem ekki sjá neina aðra þörf í sambandi við þessi dýrtíðarmál en að halda niðri markaðsverði á íslenzkum afurðum, og hvorug verðskuldar mikla athygli, hvað þá heldur fylgi.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Herra forseti! Ég sleppti því að taka til máls við 1. umr. um þetta mál, sökum þess, að ég gerði ráð fyrir því, að um þetta mundi verða fjallað talsvert mikið á milli 1. og 2. umr.

Það hefur ekki getað orðið samkomulag um þetta frv., hvorki innan flokkanna út af fyrir sig né ráðh., þannig að það gæti komið fram sem frv. þeirra allra eða stjórnarfrv. Reynt hefur verið að vinna að frv. á milli umr., þó er sá tími svo stuttur, að þess sjást ekki veruleg merki í till. þeim, sem fram eru komnar.

Af þeirri ástæðu, að ég hef alveg sleppt að gera þær almennu athugasemdir, sem ég vildi gert hafa við 1. umr., þá geri ég ráð fyrir, að það, sem ég nú segi, verði nokkuð ýtarlegra en ella mundi orðið hafa.

Fyrirsögn frv. er, eins og allir vita, um tekjuöflun vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Það kemur að sjálfsögðu engum á óvart, þó að ríkisstj. fyndist, að eitthvað þyrfti að gera til að halda dýrtíðinni í skefjum, og sjálfsagt telja flestir, að byrjað sé seinna en skyldi.

Það er vitað, að á því hefur verið alið og reynt að brýna menn til þess, sérstaklega af stjórnendum landsins, svo árum skiptir, að vera á verði gegn dýrtíðinni og gera í tíma ráðstafanir til þess, að hún yrði ekki svo ægileg, að landsmenn stæðust hana ekki. Þegar það er nú athugað, að lítið hefur verið gert og um það sinnt, þá ætti það heldur að vera fagnaðarefni, að þetta frv. skuli vera fram komið. En sá galli fylgir því frá mínu sjónarmiði, að það er bara allt of seint.

Það er mjög vafasamt, hvort nokkuð er hægt að gera með tekjuöflun. Það má sjálfsagt hefta hana með öðrum ráðum, svo sem eftirliti með verðlagi, en með beinum peningaframlögum er ákaflega erfitt að hefta dýrtíðina.

Ég vil ekki fara neitt verulega út í orsakir dýrtíðarinnar. Þess gerist ekki þörf að rifja það upp. En mjög er leiðinlegt til þess að vita, að þau tækifæri, sem til voru til þess að dýrtíðin flæddi ekki eins fljótt yfir okkur, skyldi látin ónotuð. Það er líka leiðinlegt til þess að vita, þegar hæstv. viðskmrh. fer fram á það, að ríkisstj. sé fengið mikið vald í hendur til að vinna gegn dýrtíðinni, að þá skuli fortíð hennar vera eins og hún er. En það er kunnugt, að ríkisstj. gekkst beinlínis fyrir því, sem var fyrsta sporið til dýrtíðar, en það var gengisbreytingin. Þá hafði ríkisstj. einnig á valdi sínu, að innflutningur til landsins yrði aukinn, en hún stóð eins og múrveggur gegn því, að innflutningurinn yrði örvaður, og gekkst þannig fyrir þeim vöruskorti í landinu, sem ætíð er óbrigðul ástæða til verðhækkunar.

Þegar gengisbreytingin varð, þá var, eins og kunnugt er, strax í upphafi afgreidd hér löggjöf, sem átti að gera ríkisstj. fært að halda niðri

verðlagi og stemma stigu við dýrtíðinni. Það, sem eftir stendur af henni, er í rauninni ekkert annað en það, sem eftir er af húsaleigulögunum og eftirlit með verðlagi. En það verður að segja þá raunasögu, eða a. m. k. benda á þá sögu, sem við verðlagsákvarðanir hefur verið bundið, en hún er sú, að ríkisstj. fékk aldrei sjálf beina hlutdeild í verðlagsákvörðunum, heldur hefur það verið falið einstakri nefnd að sjá um þau mál. Störf þessarar nefndar, sem átti að hafa hönd í bagga með hinu almenna verðlagi, hafa farið mjög í handaskolum, eins og við neytendurnir langbezt vitum og hljótum að taka eftir.

Það gefur að skilja og leiðir af fyrirsögn frv., að það verður hér um einhverja verulega tekjuöflun að ræða. Nú er það svo, að í þessu frv. í 3. gr., er fyrst og fremst heimilað að verja 5 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs í því skyni að halda niðri dýrtíðinni. Enn fremur er í 4. gr. heimilað, með reglugerð, að leggja allt að 10% aukagjald á tekjur skattborgaranna, og í þriðja lagi, í 4. gr., að leggja 10% skatt á útfluttar afurðir, og í 5. gr. að leggja 10% aukagjald á tekjuskatt.

Þetta er að sönnu miklum mun lægra í frv. en fyrst var talað um, því þá átti þetta útflutningsgjald að verða 15%, og mér skildist þá, að ríkisstj ætlaði sér að fá reglugerð um að leggja á gjöld, sem gætu numið allt að 30 millj.

Útflutningur s. l. ár varð ca. 133 millj. kr. Ef við það væri miðað, að útflutningurinn yrði svipaður á þessu ári, þá mundi útflutningsgjaldið nema 13 til 14 millj. kr. með 10%, og ef það yrði eins og fyrst var til stofnað, yrði það um 20 millj.

Það er ekkert undarlegt, þó okkur ýmsum þm. brygði heldur í brún, þegar ríkisstj. hefur það á orði, að við heimilum henni með reglugerð að leggja gjöld á landsmenn, sem næmu nálægt 5 sinnum meiru en allur tekju- og eignarskatturinn, sem um var búið að deila allt þingið eða a. m. k. 3 mánuði. Og þegar talað er um skilningsleysi og ábyrgðarleysi þm., ef þeir vilja standa á móti þessum kröfum, verður að segja það, að mér þykir ríkisstj. og þeir, sem henni fastast fylgja, orðnir nokkuð kröfuharðir, þegar þeir telja það firrur einar, þó menn stingi dálítið við fótum, þegar kippa á af landsmönnum 30 millj. kr. Hún álasar þeim mönnum þunglega fyrir ábyrgðarleysi og skilningsleysi, sem eitthvað vilja á móti þessu standa í ráðstöfunum hennar gegn dýrtíðinni.

Nú er svo komið, að ríkisstj. ber í raun og veru ábyrgð á verðlagsnefndinni. Hún ber ábyrgð á því, hvernig kaup og sala hefur farið fram á innlendum og útlendum vörum. En við sjáum það og höfum tekið eftir því, að verðlagið hefur á ýmsum vörum beinlínis hækkað við það, að verðlagsnefnd fjallaði um það. Það er enginn minnsti vafi á því, að verðlag á matvörum hefur hækkað að miklum mun fyrir afskipti verðlagsnefndar. Þetta er óviðunandi, og ef ríkisstj. ætlar að afla sér 20 til 30 millj. til þess að slíkt geti átt sér stað, þá er engin von til þess, að þm. allir a. m. k. geti samþ. slíkt.

Ég sé ekki ástæðu til að nefna hér nein dæmi, en ef ríkisstj. eða hennar talsmenn vilja neita þessu, þá get ég bent á fjölmörg dæmi, þar sem álagning á nauðsynjavörur, rétt við nefið á ríkisstj., er svo úr hófi fram, að það er alls ekki vansalaust, að slíkt skuli látið við gangast.

Í 1. gr. þessa frv. er talað um að afla fjár vegna erfiðleika atvinnuveganna. En það er engin skýring gefin á þessu í eftirfarandi greinum. Hvað eru atvinnuvegir í þessu sambandi? Og á hvern hátt á að styrkja þá samkv. frv.?

Atvinnuvegir er það, sem eigandi framleiðslunnar og þeir, sem að henni vinna, hafa sér og sínum til lífsuppihalds. En þessa starfsemi á að styrkja samkv. frv. með því að leggja 10% útflutningsgjald á útfl. vörur eftir mati ríkisstj. Þetta nær fyrst og fremst til sjávarafurðanna. Svo var nú í upphaflega plagginu, sem gekk á meðal þm. í stjórnarflokkunum, meiningin að leggja líka smáskatt í viðbót á þá, sem fengju að greiða útflutningsgjaldið, eða 10% af nettótekjum. Þetta var svo að vísu lækkað ofan í 5% í frv. Ég er hræddur um, að þeir, sem vinna að framleiðslu útflutningsafurða, telji þetta lítinn stuðning við sinn atvinnuveg. A. m. k. skil ég ekki slíka aðstoð. Það má gera ráð fyrir, að launþegunum þyki „stuðningurinn" næsta lítils virði.

Þá er aðeins eftir landbúnaðurinn. Hagsmunir hans munu vera höfuðástæðan til þess, að frv. þetta er fram komið. Það hefur komið greinilega í ljós í umr., að þessi krafa er fram komin vegna eins flokks, og talsmennirnir segja, að bændurnir séu eina stéttin og einu mennirnir, sem enga launahækkun hafi fengið eða verðlagsuppbætur á sína framleiðslu. Ef svo væri, þá væri vissulega ærin þörf að afla fjár til þess að leiðrétta þetta. En ég vil nú athuga þetta nokkru nánar.

Mér er það eins vel kunnugt og öðrum hv. þm., hvað bændur fengu fyrir aðalframleiðsluvörur sínar fyrir stríð.

Bændur fengu undir 1 kr. fyrir kg af kjöti heim til sín fyrir stríð. Það hækkaði upp í 1.16 á s. l. ári, og er gert ráð fyrir, að kjötið hækki enn svo til bænda, að þeir geti fengið greitt kr. 1.70—1.80 fyrir kg. af framleiðslu s. l. árs. — Það er því engin hæfa í þeirri fullyrðingu, að bændur hafi engar verðlagsuppbætur fengið né kauphækkun. Hitt er annað mál, að það getur verið, að megnið af verðhækkuninni komist aldrei til skila. En verðið hefur fast að því tvöfaldast. Okkur er a. m. k. kunnugt um það, neytendum hér í Reykjavík, hvað við höfum gefið fyrir þessar vörur nú og fyrr.

Form. kjötverðlagsnefndar, Páll Zóphóníasson, hefur sagt, að verðlagsn. hagi verðlaginu í samræmi við hækkun vísitölunnar, og meira en það, jafnframt því, sem vinnukraftur hefur hækkað meira en vísitala. Hann segir enn fremur, að það sé annað með kjötið, sem allt sé selt í einu lagi á haustin, eða mjólkina, sem geti hækkað daglega til bændanna.

Það er því alveg víst, að bændurnir hafa átt að geta fengið verðlagsuppbætur, og hafa reyndar fengið mikla hækkun. Það er þess vegna þeim mun minna, sem þarf að bæta þeim upp, miðað við þá staðhæfingu, að þeir hafi ekkert fengið.

Það, sem mér hefur lengi skilizt að þyrfti að gera fyrir bændur, er að bæta þeim upp það afurðaverð, sem þeim var greitt fyrir stríð. Því þá var vitanlegt, að bændur voru mjög aðþrengdir og fengu yfirleitt of lágt verð fyrir sína vöru. En nú upp á síðkastið held ég, að óhætt sé að fullyrða, að landbúnaðarafurðir hafi hækkað nokkurn veginn í samræmi við tilkostnaðinn. Og sé ég því ekki, að það þurfi að afla neinna milljónatuga til þess að bæta úr þessu. Ég held, að það væri hægt að finna hóflegri og léttari leið. Ég tel víst, að til þess að leysa úr þessum vanda myndi nægja ákvæði 3. gr. frv., um 5 millj. kr. heimild til þeirra þarfa. sem í 1. gr. getur.

Hins vegar má segja, að það sé ekki víst, að ríkissjóður hafi neinar 5 millj. kr. aflögu af tekjum þessa árs. En þá yrði að reyna að afla sér þeirra eftir á. Annars er svo með allar tekjur ríkissjóðs. Það er vitaskuld sama með þessar 5 millj. og þær aðrar upphæðir, sem fjvn. og Sþ. ráðgera að fá í tekjur. Það er aldrei víst, að tekjustofnarnir nægi, og þá verður að finna nýjar leiðir.

Í framhaldi af því, sem ég hef sagt hér, vil ég fara nokkrum orðum um brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 742.

Sessunautur minn (SH) sagði, að launastéttirnar hefðu mestar nettótekjur allra stétta, og við endurskoðun ræðu sinnar sagði hann, að launastéttirnar væru færastar um að leggja á sig skattabyrðar til þess að halda niðri dýrtíðinni.

Ég held, að það séu nú e. t. v. fleiri en hann, sem vita, hvernig kjör og afkoma þeirra er, sem búa við bein starfslaun.

Við skulum taka verkamennina. Þeim hefur nú undanfarið komið tvöföld hjálp: Mikil og stöðug atvinna og „full“ dýrtíðaruppbót. En við skulum líka minnast þess, að þessi stétt var búin að vera í hreinu svelti árum saman. Verkamenn gátu ekki svo mikið sem keypt sér stól eða bolla, disk til að borða af né flík utan á sig. Það var ekkert handtak að gera. Þessir menn gátu því ekki keypt sér nauðsynlegustu húsgögn né haldið íbúðum sínum sómasamlega og hlýjum. Það má segja, að verkamenn sætu árum saman klæðlausir í auðum og köldum herbergjunum.

Það hefur engin áhrif á þessar staðreyndir og gerir þær ekki síður alvarlegar, þótt fíflahlátur gjalli við umhverfis mig. Þessar staðreyndir, sem ég hef lýst, þekkjum við bezt, sem búum í nábýli við verkamenn.

Það er rétt, að kjör þeirra hafa batnað. En þeim veitti ekki heldur af. Þeir komu úr hreinu svelti. En kjör þeirra eru þó ekki með öllu eins góð og þau sýnast, því að vísitalan er áreiðanlega ekki rétt, miðað við aukningu dýrtíðarinnar. Dýrtíðin er orðin meiri en 50%. Ég er viss um, að dýrtíðin er nær 100% en 50% í raun og veru. Þetta táknar ekki svo litla kauplækkun í sjálfu sér fyrir verkamenn og aðrar launastéttir. Enda finna allir þetta.

Mér er sérstaklega vel kunnugt um þetta, því að ég hef árum saman keypt sjálfur og skoðað, svo að segja, hvern hlut, sem til heimilis míns hefur þurft, hvort er fæði eða flík. Og ég er ekki haldinn af þeim auðmannagorgeir, að ég þykist of fínn til að vita, hvað hlutirnir kosta, eða það standi á sama um verð þeirra.

Ég fullyrði því, að það sé alrangt hjá hv. sessunaut mínum, að launastéttirnar hafi mestar nettótekjur og að þær eigi auðveldast með að bæta á sig byrðunum. Hjá miklum hluta þeirra hefur ríkt skortur og vandræði fram á þennan dag.

Í þessu sambandi er oft talað um hinar miklu tekjur sjómanna. Þeir eru framleiðendur, oftast hlutamenn í einhverju formi, og hafa því að sönnu borið meira úr býtum upp á síðkastið en oft áður. En ég held nú, að það sé svo innanmagurt hjá mörgum eftir hin þungu aflaleysisár, að þeir séu yfirleitt ekki farnir að safna fé í sparisjóði.

Mér finnst yfirleitt í þessu frv. og framkomu ríkisstj. kenna mikils kulda í garð vinnustéttanna í öllum hennar fjáraflaplönum. Hún lætur flytja inn mörg hundruð verkamenn frá Færeyjum og e. t. v. Bretlandi. Það er með þessu reynt að hafa atvinnuna af ísl. verkamönnum. Flestir þeirra manna, sem atvinnuna missa, eiga ekki hægt með að fara í sveit. Þeir eiga ekki heimangengt. Enda er mest tilbúningur af því, sem talað er um fólkseklu í sveitum, í því skyni að lækka kaupið í bæjunum.

Ég skal játa, að í frv. fjhn. hefur skattgjaldið á tekjur snúizt nokkuð til vægðar frá því, sem um var rætt í flokkunum upphaflega, einkum þó, ef lagt verður aðeins visst gjald á skattinn. Það er mikill skilsmunur, hvort 5% gjaldið er lagt beint á tekjurnar eða aðeins ofan á skattinn. Og ef launastéttirnar taka á annað borð þátt í kostnaði skv. frv. þessu, þá má eftir atvikum telja sanngjarnt, að þær greiði aukaskattgjald af skattinum. En það er þó engin ástæða til, að þm. samþykki þetta frv., nema ríkisstj. fáist til að gera grein fyrir, hvernig tekjunum samkv. því verði varið. Ef hún leggur fram áætlun um, hvernig á að bæta upp afurðir bænda til að mæta dýrtíðinni, þá er allt öðru máli að gegna. En það lítur út fyrir, að hún vilji bara fá ríflega heimild til tekjuöflunar, en ráða því svo að öllu leyti sjálf, hvernig þeim verður varið.

Mér sýnist, að það væri innan handar fyrir ríkisstj. að halda niðri dýrtíðinni með öflugum hömlum á verðlagi á innlendum vörum og erlendum. Og í því skyni ætti fjárveitingin skv. 3. gr. að nægja.

Það er talað um, að það beri vott um litla ábyrgðartilfinningu hjá þm. að synja stj. um þessa heimild. Ég held, að það bæri vott um minni ábyrgðartilfinningu hjá þm., sem hafa nýlega svipt kjósendur landsins aðstöðu til að segja álit sitt við kosningar, ef þeir gæfu stj. heimild til að skattleggja þjóðina um tugi millj. í viðbót við allt annað. Þetta nýja gjald kemur aftan á alla. Það hefur enginn getað búizt við því.

Nú stendur fyrir dyrum að semja við Breta um viðskipti, kaup á ísl. afurðum. Það eru sömu ástæður hér og þegar sendinefndin var hér í fyrra. Nú er komið tilboð frá Bretum í ýmsar vörur. Ég býst við, að þetta tilboð megi að mestu leyti skoða sem uppkveðinn úrskurð. En hvað

sem því líður, hlýtur 10% útflutningsgjaldið að koma eingöngu niður á framleiðendum. Það er vitanlegt, að útflytjendurnir bera ekki mikinn hluta þess. Það kemur mestallt og allt niður sem frádráttur á tekjum þeirra, sem við framleiðsluna vinna. Með þessu ákvæði er vegið algerlega aftan að þeim fjölda, sem vinnur við sjávarútveginn.

Það er mjög margt í frv. þessu, sem þörf væri að gagnrýna. En ég ætla nú ekki að lengja mál mitt öllu meira.

Ég vil taka það fram, að brtt. á þskj. 741 eru ekki þýðingarlitlar. Eingöngu 3. tölul. undir stafl. b. við 2. gr., um 50% hækkun álags á tóbak og áfengi, gæti, ef samþ. yrði, gefið ríkissjóði mjög álitlegan tekjuauka, ef ekki verður skortur á þessum vörum.

Ég býst við, að hv. fjhn. hafi reynt að kynna sér, hvernig þetta mál á allt að verða í framkvæmd, einkum þó ef tollaívilnun verður gerð á nauðsynjavörum, hvort tryggt sé, að tilsvarandi vörur lækki þá í útsölu, o. s. frv.

Þessar aths. þýða ekki, að ég sé á móti till., en ég vil undirstrika það, að herða þarf á verðlagseftirlitinu, og ég er alltaf reiðubúinn til þess að ljá auknu verðlagseftirliti fyllsta stuðning. En þessari till. mun ég greiða atkv. mitt.

Ísleifur Högnason: Það hafa komið fram nokkrar brtt. við frv. fjhn. Ég sé ekki í fljótu bragði, að brtt. á þskj. 741 breyti að nokkru leyti afstöðu minni til þessa frv. Eins og ég tók fram, þegar málið var til 1. umr., þá er, eins og reyndar fleiri hv. þm. hafa bent á, farið fram á svo gífurlegar heimildir handa ríkisstj., að óforsvaranlegt er fyrir hæstv. Alþ. að veita slíkar heimildir. Það, sem máli skiptir í brtt. þeim, sem nú eru fram komnar, virðist fyrst og fremst það, að ríkisstj. sé heimilt — heimilt aðeins — að fella niður tolla af nokkrum kornvörum, sem til landsins flytjast, og enn fremur að lækka tolla á sykri og sykurvörum; þetta eru brtt. við 2. gr. frv., og 2. liður. Það má segja, að þetta sé það eina í þessum brtt. á þskj. 741, sem getur unnið á móti dýrtíðinni. Svo kemur 3. liður þessarar 2. gr. brtt., sem kippir allt í einu burt verkunum þessara tilslakana, því þar er heimild fyrir ríkisstj. til að hækka um 50% tolla af áfengi og tóbaki, svo og gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. lög nr. 60 30. des. 1939, og aðflutningsgjöld af sams konar vörum. Samkv. upplýsingum hv. þm. A.-Húnv. gáfust árið 1940 tekjur af áfengi og tóbaki og af innlendum tollvörutegundum sem svaraði 4.4 millj. kr. Hækkunin, með sömu neyzlu árið 1942, yrði þá á því ári um 2¼ millj. kr. Það er fljótséð, að þessi hækkun á dýrtíðinni, sem hæstv. ríkisstj er heimilt að gera samkv. 3. lið 2. brtt. á þskj. 741, vinnur ekki aðeins á móti lækkun hennar, sem fengist eftir 1. og 2. lið, heldur er sú upphæð miklu meiri. Það má benda á, að það séu ekki allt þarfavörur, sem farið er fram á að hækka toll af, svo sem áfengi og tóbak. En um þessar tvær vörutegundir er óliku saman að jafna. Áfengi er skaðlegt mjög. Alþ. hefur fengið áskorun um það frá 23000 kjósendum í landinu, að bæjar- og sveitarfélögum verði heimilað að hafa sjálfsákvörðunarrétt um það, hvort áfengissala væri leyfð hjá þeim. En Alþ. hundsaði þessar kröfur. Og ég geri ráð fyrir, að það hafi verið af þeim ástæðum einum, að áfengið gefur svo miklar tekjur í aðra hönd. Í staðinn fyrir að verða við þessum kröfum um að heimila bæjarstjórnum að loka áfengissölum, þá er hér verið að fara fram á að hækka enn þá toll á áfengi, til þess að auka gróða ríkissjóðs á því, sem sé að binda þetta eiturlyf enn þá fastari böndum við ríkissjóðinn, svo að það verður enn erfiðara, þegar stundir líða, að losa ríkissjóð við það. Um tóbakið má að vísu segja, að það sé óþarfi. En samt geri ég ráð fyrir, að um 90% af þeim, sem eru fyrirvinna heimila, neyti tóbaks, og ég geri einnig ráð fyrir, að margir þeirra telji tóbak eitt af sínum nauðsynjum, þannig að ekki sé vafi á því, að margir menn munu, þessir, sem ég nefndi, og aðrir, láta sig skorta jafnvel margt fremur en tóbak. Þess vegna verður frá þessu sjónarmiði tóbakið að teljast til nauðsynjavara. Þá eru innlendu tollvörutegundirnar. Af kaffibæti mundi þessi tollur líklega verða um 30 aura hækkun á hverju kg, sem sennilega yrði til neytenda 40 aurar á kg. Af sykurvatni (saft) mundi hækkunin nema um 35 au., og til neytenda má gera ráð fyrir 50 au. tolli. Og báðar þessar vörur eru á borði hvers einasta alþýðumanns í landinu. Er þetta því ekki annað en að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn, og jafnvel að taka meira en gefið er, þar sem ríkisstj. er heimilað að hækka tolla af þessum vörum. Auk þess má þess geta, sem hv. þm. vita af reynslunni, að þegar ríkisstj. hefur fengið heimild til að ívilna um tollaálagningu, þá hefur sú heimild ekki verið notuð. Þegar tollskráin nýja var samþ., var fjmrh. heimilað að fella niður að reikna verðtoll af flutningsgjaldi á því, sem til landsins flyttist. Þetta hefur ekki verið framkvæmt. Hins vegar munu engin dæmi til þess, að þegar ríkisstj. hefur fengið heimild til að leggja á tolla eða skatta, að þá hafi sú heimild ekki verið notuð.

Ég hef nú gert fulla grein fyrir því, að brtt. á þskj. 741, við 2. gr. frv., stefna frekar að því að auka dýrtíðina heldur en að minnka hana. Verð ég því að segja, eins og ég hef áður sagt, að það er rangnefni á frv. að nefna það frv. til að hafa hemil á dýrtíðinni, heldur er það beinlínis til að auka dýrtíðina. Því að vitanlega verður líka að reikna tolla og skatta til útgjalda, sem óhjákvæmileg eru vegna nauðsynja hvers heimilis. Og það verður ekki annað sagt en að þessir skattar, sem í frv. er gert ráð fyrir að leggja á almenning, eru býsna háir.

Annars verð ég að segja það, og kann einhverjum að þykja það kynlegt, að hv. 5. þm. Reykv., sem talaði næst á undan mér, tók ýmislagt fram af því, sem ég vildi hafa sagt, og fellur margt af því, sem hann sagði, saman við það, sem er mín skoðun á þessu máli.

Ég vil undirstrika það, að afleiðingin af þessari skattaherferð kemur mjög mikið niður á sjómönnum og smáútvegsmönnum, og af sjómönnum kemur það niður á þeim, sem eru ráðnir upp á hlut. Nær undantekningarlaust eru sjómenn nú ráðnir upp á hlutaskipti. Skatturinn

á fob-söluverð hlýtur því að koma niður á þeim, þegar það er athugað, að útflutningsn. sjávarafurða setur hámarksverð á fiskinn. Gefur þá auga leið, að það, verður ekki sá, sem fiskinn kaupir, sem verður látinn borga þennan skatt, heldur verða dregin 10% frá því verði, sem útflutningsn. skammtar. Þess vegna hljóta þessi 10% að koma niður á smáútvegsmönnum, sem ekki hafa aðstöðu til að flytja út fiskinn sjálfir, og sjómönnum. Það passar vel inn í kramið og kemur vel heim við það mikla hrós og fagurgala, sem hæstv. atvmrh. lét klingja í eyrum sjómanna fyrir nokkrum dögum um það, hvað þeir væru verðugir sinna aura, ef hæstv. Alþ. og ríkisstj. fara nú að ræna sjómenn að einum tíunda hluta af tekjum þeirra. Það er náttúrlega ekkert breytt út af venjunni þar. Menn eru skjallaðir upp í eyrun, en hér á hæstv. Alþ. er seilzt ofan í vasa þeirra og þeir rúnir eins og frekast er unnt.

Þá get ég minnzt nokkrum orðum á brtt. á þskj. 742, frá meiri hl. fjhn., um að breyta 5. gr. þannig, að í stað þess að heimila þá skattálagningu, sem gert er ráð fyrir í upphaflega frv. frá n., er hér gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilt að innheimta á árinu 1941 viðauka á tekjuskatt og eignarskatt, álagðan á árinu, og má viðauki þessi nema allt að 10% eftir þeirri brtt. Og þá er sýnilegt, að enda þótt samkvæmt þessari brtt. muni hátekjumenn sleppa betur við skattinn heldur en þeir mundu gera samkv. núverandi 5. gr. frv., þá er þetta fyrirkomulag að því leyti betra, að lágtekjumenn sleppa margfalt betur með þessari breyt., vegna þess að með till. frv. margfaldaðist skatturinn á þeim, — ekki aðeins tvöfaldaðist, heldur þrefaldaðist. Því að eftir því, sem tekjur manna eru lægri, því hærri væri eftir þeim till. aukning tekjuskattsins. Og af því að þessi óréttur, sem er svo gífurlegur eftir 5. gr. frv., er úr gildi numinn með þessari brtt., mun ég frekar sætta mig við þessa brtt. heldur en 5. gr. eins og hún er nú í frv.

Ég má segja, að það var hv. frsm. fjhn., sem minntist eitthvað á það í sinni ræðu, að andstæðingar frv. þessa ættu skilið að fá að standa fyrir máli sínu frammi fyrir þjóðinni. Ég vildi mjög taka undir þessa ósk hans og vona, að hann styrki mig í því að fá útvarpsumr. um þetta mál áður en það verður afgr. af þinginu. Ég vænti, að þetta hafi ekki verið bara mas út í loftið, heldur hyggi hann, að málstaður hv. fjhn. og hæstv. ríkisstj. sé svo góður í þessu efni, að hann þoli að koma fram í dagsins ljós. Við sósialistar ekki aðeins fögnum þessu, heldur munum gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að fá að koma fram með okkar málstað og andmæli gegn þessu frv., svo að almenningur geti fengið um það að vita.

Annað, sem ég vildi sérstaklega undirstrika í ræðu hv. 5. þm. Reykv., var, að ríkisstj. sjálf hefði af reynslunni sýnt, að hún hefur beinlínis gengið fremst í fylkingu fram í því að auka dýrtíðina í landinu. Nefndi sá hv. þm. þar til lækkun krónunnar og innflutningshöftin, sem auðvitað hljóta að leiða af sér vöruskort í landinu og því vöntun á framboði á vissum vörum, sem svo aftur leiðir af sér hækkun vöruverðs á frjálsum markaði. Enda hefur sýnt sig, að þrátt fyrir verðlagsn., sem allir þekkja að litlu starfi, — og starf hennar hefur jafnvel gengið í öfuga átt við yfirlýstan tilgang með þeirri n. —, þá gefur auga leið, að innflutningshöft og vöruskortur hafa aukið dýrtíðina úr hófi fram. Ýmsar vörur, sem framleiddar eru í landinu, svo sem fatnaðarvörur og ýmiss konar vörur, sem ganga undir nafninu íslenzkur iðnaður, hafa þau forréttindi, að það er blátt áfram innflutningsbann á þessum vörum og ekkert eftirlit með því haft, fyrir hvaða verð þessar verksmiðjur selja þessar vörur til kaupenda.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta að sinni, en mun síðar taka til máls um þetta, ef tilefni gefst. Við sósialistar munum greiða atkv. gegn þessu frumv., þegar það fær endanlega afgreiðslu frá þessari hv. d. Aðeins vildi ég taka það fram að lokum, að ég óska þess, að við atkvgr. beri hæstv. forseti sérstaklega upp 3. lið 2. brtt. á þskj. 741, sem er við 2. gr. frv.

Bjarni Ásgeirsson: Ég byrja með sama formála og flestir aðrir, sem talað hafa hér, að ég sat á mér við 1. umræðu, til þess að flýta málinu og mun því sennilega ekki alveg fylgja reglum þingskapa, að ræða aðeins einstakar gr. við þessa umræðu, og vona ég, að hæstv. forseti sýni mér sama langlundargeð og öðrum.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, hefur að vísu ekki legið fyrir þessari hv. d. nema fáa daga. Samt sem áður er það ekki alveg nýtt mál í þinginu, vegna þess að það hefur verið rætt allmikið innan flokkanna, áður en það kom hér fyrir hv. deild. Ég veit a. m. k., að í Framsfl. hefur það verið rætt svo að segja allan þingtímann, og geri ég ráð fyrir, að það sama hafi líka átt sér stað í öðrum flokkum.

Annar aðaltilgangur þessa frumv. er að afla ríkisstj. heimilda til aukinna tekna, í þeim tilgangi að halda niðri dýrtíðinni í landinu, svo að koma megi í veg fyrir, að allt verðlag skrúfist upp úr öllu hófi og hafi það í för með sér, að verðgildi peninga minnki smátt og smátt, svo að það jafnvel verði að engu. Og ég fyrir mitt leyti segi ekki nema allt gott um þennan tilgang.

Það hefur verið nokkuð rætt um það á hæstv. Alþingi, hvort sá stuðningur, sem þetta frumv. á að veita stéttum þjóðfélagsins, sé stuðningur til framleiðenda eða stuðningur til neytenda. En mér er næst að segja, að það sé stuðningur til hvorugrar þessarar stéttar út af fyrir sig, heldur megi það frekast teljast stuðningur til þeirra manna, sem eiga peninga, og sé tilraun til að halda þeim í gildi, borið saman við það verðmæti, er þeir hafa haft í þjóðfélaginu að undanförnu. Og í raun og veru má segja, að það sé stuðningur til þjóðfélagsins alls, því að tilgangurinn er að reyna að koma í veg fyrir þá eignaröskun og ófyrirsjáanlegu atvinnuröskun, sem hlyti af því að leiða, ef peningar yrðu verðlausir, og kæmi niður á þjóðinni allri, eins og t. d. bezt sást í Þýzkalandi eftir stríðið 1914—18. Um tekjuöflunarhliðina skal ég ekki ræða mikið, en aðeins skýra frá því, að ég mun fylgja þeim tillögum um þá hlið málsins, sem bornar voru fram í frumvarpinu upphaflega. Og ég tel,

að gildi frumvarpsins rýrni mikið, ef samþ. verða brtt. meiri hl. fjhn., þær sem hér liggja fyrir.

En það, sem ég vildi sérstaklega ræða um, er hin hliðin, sem ekki liggur eins ljós fyrir, það er, á hvern hátt beri að verja þeim peningum, sem samkv. frumv. er ætlað að afla. Og vil ég þá sérstaklega snúa mér að þeirri hliðinni, sem að landbúnaðinum veit. Það var að heyra á ýmsum ræðumönnum við 1. umr. þessa máls, að þeir óttuðust, að hér ætti að fara að ausa fé í landbúnaðinn í óhófi og skapa bændum með því gróða, á kostnað annarra stétta þjóðfélagsins. Mig langar til að fara nokkrum orðum um þær umr. og þann tón, sem mér finnst bera nokkuð mikið á í þessum efnum í hinu opinbera lífi, bæði nú og að undanförnu.

Menn tala mikið um dýrtíðina og nauðsynina á að halda henni niðri. En það er eins og menn sjái þá fyrst hækkun vöruverðs og aukna dýrtíð, þegar vörur landbúnaðarins hækka í verði, þó ekki sé nema smáræði, hvort sem um er að ræða kjöt eða mjólk. Þá fyrst finnst mörgum eins og allt þjóðfélagið sé að ramba norður og niður. Þessi einsýni hefur gengið svo langt hjá sumum flokksblöðunum að í sama tölublaðinu hefur á 1. síðu verið fagnað yfir því, að fiskiafurðir hafi hækkað um eða yfir 100%, en á annarri síðu hefur verið átalið harðlega sem ófyrirgefanlegt okur, að landbúnaðarvörur hafi hækkað um rúman helming af því. Menn gleðjast yfir velgengni ýmissa atvinnufyrirtækja, enda þótt gróði þeirra hljóti að hafa í för með sér stórkostlega verðhækkun og aukna dýrtíð í landinu. Ýmsir minnast í þessu sambandi á Eimskipafél. Íslands, sem græddi um 3 millj. króna á síðastl. ári, og er gleðin yfir því yfirgnæfandi, þó að nokkrum þyki hér nóg um, því að vitanlega verður þessi gróði til þess að auka dýrtíðina í landinu, þar sem hann hlýtur að hafa í för með sér hækkað vöruverð. En hér horfa menn aðeins á Eimskipafélag Íslands, af því að það hefur opinberlega birt reikninga sína, þó að vitanlega sé hér sömu sögu að segja af öðrum fyrirtækjum, sem hafa með höndum verzlun og siglingar fyrir þjóðina. Ég ætla ekki að fara að sjá eftir þessu handa Eimskipafélagi Íslands. Sú stofnun er betur að þeim gróða komin en margar aðrar. Og vel má vera, að Eimskipafélaginu veiti ekki af þessu til þess að standast áföll, er það kann að verða fyrir síðar af völdum styrjaldarinnar. En þessi gróði er sem næst því, sem nemur öllu verði nýmjólkur þeirrar, er seld er og er einn höfuðliður í tekjum bænda úr 5—6 nágrannasýslum höfuðstaðarins. Nú er ég sannfærður um það, að hefði mjólkin verið hækkuð á síðastl. ári umfram það, sem varð, um aðeins 10% af þessari upphæð, þá hefði sú hækkun orsakað það Ramakvein í blöðum höfuðstaðarins, að seint hefði linnt.

Eins og ég sagði fyrr, hafa þau ummæli fallið hér í umr., að tilgangurinn með frumv. þessu væri sá að skapa bændum óeðlilegan stríðsgróða, og hefur verið sagt í því sambandi: „Hvaða stríðsgróða hafa embættismenn og fastlaunamenn fengið?“ „Bændum er ekki vandara um en þeim“, hafa þessir menn sagt. Það er réttlátt, að þeir fái verðhækkun á vörur sínar, sem nemur þeirri verðlagsvísitölu, er launamönnum í landinu er reiknuð sín kauphækkun eftir. Í þessu sambandi hafa menn enn fremur talað um hina hastarlegu og ósanngjörnu verðhækkun, er orðið hafi á landbúnaðarafurðum, kjöti og mjólk, haustið 1940 og rætt um það eins og að sú verðhækkun hafi orðið til þess að koma dýrtíðaröldunni af stað. En sú verðhækkun, sem varð á vörum þessum þá, var lítið fram yfir það, sem verðvísitalan sagði til um á þeim tíma. Og á það hefur verið bent áður, þegar um þessa verðákvörðun hefur verið rætt, að t. d. sauðfjárafurðir bænda, kjötið, fellur til á markaðinn aðeins einu sinni á ári, og það verð, sem bændur fá fyrir það þá, verður að standa undir allri verðhækkuninni, sem lendir á þeim til jafnlengdar næsta árs. En ef búskapurinn á að vera fjárhagslega heilbrigður, þurfa tekjur, sem haustinnleggið gefur, að geta staðið undir útgjöldum búsins fram undir næstu sláturtíð. Verðhækkun kjötsins haustið 1940 þurfti því, ef alls réttlætis átti að gæta, að koma að nokkru leyti fyrir sig fram, svo að það stæði undir hækkuðu verði allrar þeirrar vöru, sem bóndinn þurfti að kaupa til búsins þetta tímabil, og það eins, þótt þeirri reglu væri fylgt, að bændur fengju aðeins verðuppbætur, sem næmi hinni almennu verðhækkun í landinu samkv. vísitölu kauplagsnefndar. En nú tel ég, að bændur eigi kröfu á að fá mun hærra verð en sem því nemur. Fyrst og fremst vil ég halda því fram, að það hlutfall, sem var á milli afurðaverðs bænda og annars verðs í landinu áður en stríðið skall á, hafi ekki verið réttlátt. Verði á framleiðsluvörum þeirra hafi, a. m. k. í sumum greinum, verið haldið niðri á sultarlínu framleiðendanna, eða jafnvel þar fyrir neðan, vegna margvíslegra söluörðugleika bæði innan lands og utan. Skal ég taka hér eitt dæmi, sem sýnir, hvað verð á vörum bænda var ósanngjarnlega lágt.

Árið 1939 sannaði Sigurður Pétursson mjólkurfræðingur, að það næringargildi, sem fékkst fyrir 1 krónu í mjólk, kostaði 2 kr. í fiski, með því útsöluverði, er þá var á báðum þessum vörum í Reykjavík. Og með samanburði á fleiri vörutegundum sannaði hann, að mjólkin væri ein af ódýrustu vörutegundum á markaðinum, fyrir utan kornvörur, og er hún þó sú matvaran, sem heilnæmust er og þjóðin má síst án vera. Þá munu bændur hafa fengið rúm 50% af útsöluverði mjólkurinnar í sinn vasa, — m. ö. o., þegar þeir keyptu fisk í soðið, urðu þeir að láta um 4 lítra af mjólk til þess að fá næringarefni, er jafngilti 1 lítra af mjólk. Svona var hlutfallið þarna og nokkuð í sömu átt um aðrar vörutegundir. Síðan þetta var, hefur hlutfallið raskazt þannig, að samkv. verðvísitölu í maí 1941 hefur fiskurinn hækkað um 90%, en mjólkin aðeins um 70 síðan fyrir stríð. Og þó var hlutfallið stórum óhagstæðara s. l. vetur, því þá þurftu bændur samkv. þessum reikningi að láta 5 lítra af mjólk fyrir næringargildi 1 lítra í fiski. Og þó að verðlag á kjöti hafi nú um skeið verið hagkvæmara fyrir framleiðandann en mjólkurverðið, þá hafa þó kjötkaupin verið hagkvæmari fyrir neytandann en fiskkaupin. En

jafnvel þó að þessi fyrirstríðsverðgrundvöllur hefði verið réttlátur, þá er verðvísitala kaupverðlagsnefndar samt ekki réttlátur grundvöllur til að kveða á um, hvað mjólk eða aðrar landbúnaðarvörur yfirleitt eigi að hækka, vegna þess að það eru stórir liðir í útgjöldum bænda, sem ekki eru teknir með í útreikningi verðlagsvísitölunnar, en hafa hækkað margfalt meira en hún. Samkv. upplýsingum frá Áburðarsölu ríkisins hefur verð á tilbúnum áburði hækkað á þessu tímabili um 125%, og hjá mörgum bændum, sérstaklega þeim, sem framleiða mjólk til sölu, er þetta stór útgjaldaliður. Þetta tekur kauplagsnefnd ekki með í reikninginn, og þó að kaupgjald hafi ekki hækkað nema um 50% nú, samkv. verðvísitölu kauplagsnefndar, hefur þó kaupgjaldið, sem bændur verða að greiða, víða hækkað milli 100 og 200%, og þetta er mjög eðlilegt. Kaupgjaldið eins og það var ákveðið á tíma fyrir stríð var miðað við hina stopulu vinnu, og þess vegna varð að borga mönnum meira fyrir hvern tíma en þurft hefði, ef þeir hefðu haft fasta vinnu. Þetta sáu margir verkamenn og vildu því heldur vinna þar, sem þeir höfðu fasta vinnu og frítt fæði og húsnæði, þó að kaupið væri lægra um tímann, og þannig báru þeir oft meira úr býtum yfir árið, þó að tímakaupið yrði lægra. Nú er ekkert til, sem heitir stopul vinna, og tímakaup hið sama alla daga, og er því eðlilegt, að að sama skapi hækki kröfur þeirra til bænda, og verða þeir því að borga verkafólki nú ekki aðeins 50%, sem nú eru greidd ofan á grunnlaunin, heldur líka alla þá hækkun, sem skapaðist við það, að vinnan breyttist úr stopulli vinnu í fasta. Þarna eru þá komnir tveir liðir, sem ekki eru teknir með í kauplagsvísitöluútreikningnum, sem bændur verða að taka á sig og hvor um sig felur í sér um á annað hundrað % hækkun. Það ætti því að vera ljóst, að ekki er nægilegt, ef bændur eiga að standa jafnt að vígi og fyrir stríðið, að þeir fái vöruverð sitt hækkað um aðeins það, sem nemur vísitölu kauplagsnefndar. Þeir verða að fá drjúgum meiri hækkun, þó að þeir eigi ekki að gera neitt meira en að standa í stað.

En er þá rétt að halda bændum á sömu línunni og fastlaunamönnum ríkisins? Ég segi nei og aftur nei. Það er talað um, að embættismenn hafi ekki fengið stríðsgróða. Það er rétt, og þeir eiga enga kröfu á stríðsgróða. Hvað er eiginlega þessi svokallaði stríðsgróði atvinnuveganna? Ekkert nema fyrirframúttekt atvinnulífsins, fyrirframúttekt, sem það vafalítið verður að skila aftur síðar með rekstrarhalla, þegar afturkastið kemur. Allt fjármálalíf er gengið úr skorðum. Það gengur í bylgjum, og nú erum við á háfaldi bylgjunnar, og færir hún mörgum mikla fjármuni. En það er eins víst og tveir og tveir eru fjórir, að sú bylgja á eftir að falla og við með henni niður í öldudalinn. Samkv. reynslu okkar frá styrjöldinni 1914—18 eigum við það víst, að fjárhagslegir örðugleikar sigla í kjölfar hennar, svo að því, sem atvinnuvegirnir nú græða, verða þeir þá að skila aftur með rekstrartapi. En það verður ekki heldur annað sagt en að margur maðurinn hafi fengið aðstöðu til að búa sig undir þetta afturkast, sem í vændum er. Þeir, sem sjávarútveg stunda, bæði útgerðarmenn og sjómenn, hafa nú þegar hlotið svo mikinn stríðsgróða, að annað eins hefur ekki áður þekkzt, jafnvel ekki í fyrra stríðinu. Verkamenn hafa að vissu leyti einnig fengið stríðsgróða. Ég hygg, að það séu engar ýkjur, þegar sagt er, að fyrir stríðið hafi verkamenn ekki haft fulla vinnu nema sem svarar 2 daga af hverjum þremur. Nú hafa þeir örugga vinnu, alla daga jafnt, og það út af fyrir sig er sama og a. m. k. 50% hækkun á tekjum þeirra. Og ofan á það fá þeir svo dýrtíðaruppbót samkv. samningum við atvinnurekendur, sem nú er um 50%. Þannig hafa þeir fengið sínar tekjur hækkaðar alls um á annað hundrað %. Um verzlunina, iðnaðinn og siglingarnar má segja nokkurn veginn hið sama, enda er velgengni þessara atvinnuvega ætíð tryggð, þegar hið almenna atvinnulíf í landinu er í blóma. Embættismenn hafa að vísu ekki fengið hinn svokallaða stríðsgróða, en ég álít, að þar sé öðru máli að gegna. Það hefur verið og er svo, að embættismönnum eru greidd föst laun, hvernig sem gengur. Þeir hafa fengið uppbót, sem nemur hinni auknu dýrtíð í landinu, og ég tel, að þeir eigi ekki kröfu á meira en því, vegna þess að þegar kemur niður í öldudalinn og erfiðleikarnir koma niður á atvinnuvegunum og ríkinu, þá greiðir það sinn síðasta pening til fastlaunamannanna. Þá verða hinar stéttirnar að sjá um sig sjálfar og bændurnir líka. Nú tel ég ekki nema rétt og gott, að sjómenn og útgerðarmenn skuli hafa fengið aðstöðu til að græða, því að þeir eiga eftir að mæta erfiðleikunum, sem hljóta að koma eftir stríðið, enda hefur Alþingi viðurkennt þá nauðsyn með því að veita þeim undanþágu frá skatti á nokkrum hluta tekna þeirra, til varasjóðssöfnunar o. fl., svo að þeir standi betur að vígi til að mæta erfiðleikunum síðar meir. Ég sé ekki heldur eftir þeim gróða, sem verkamennirnir fá. Þeim veitir ekki af honum. Það er víst, að þegar erfiðleikarnir koma á ný, þá bitna þeir ekki síður á verkamönnunum en atvinnurekendunum, og ég óska, að þeim mætti takast að nota þær miklu tekjur, er þeir fá þessa dagana, til að búa í haginn fyrir sig, áður en atvinnuleysið skellur yfir á ný. En hvað er þá um bændurna? Halda menn, að erfiðleikar komandi tíma komi ekki niður á þeim eins og öðrum? Vissulega! Og er þá ekki nauðsyn, að þeir, eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins, sem verða munu fyrir barðinu á kreppunni, þegar hún kemur, fái aðstöðu til, eftir því sem mögulegt er, að búa í haginn fyrir sig? Á að skilja þá eina eftir á þeirri sultarlínu, sem þeir hafa verið á? Hvernig halda menn, að fari fyrir þeim, þegar þeir eiga að taka á móti erfiðleikunum, án þess að hafa getað safnað nokkrum varasjóði á þeim tímum, er peningarnir flæða yfir landið? Þetta vil ég undirstrika hér, því mér virðist, að á þessu hafi lítill skilningur komið fram í umræðum margra í þessu máli. Ég vil því halda því fram, að nauðsynlegt sé, að bændum gefist aðstaða til þess, meðan uppgangstímar eru í landinu, að búa í haginn fyrir sig, borga niður eitthvað af skuldum sínum og helzt safna nokkrum varasjóði, til þess að geta staðið af sér áföllin síðar. Og ég er

sannfærður um, að það fé, sem bændur hafa fengið handa á milli, mundu þeir ekki nota verr en aðrir til styrktar atvinnurekstri sínum.

Af þessu, sem ég nú hef sagt, má það ljóst vera, að afurðir bænda þurfa að hækka stórum frá því, sem nú er, ef fullkomins réttlætis á að gæta í málum þessum. En þá kemur vitanlega að því, sem þráfaldlega hefur verið rætt hér á þingi, að eins og málum þessum er nú komið, mundi þetta hafa það í för með sér, að vísitalan hækkaði og kaupið hækkaði og skrúfan héldi áfram upp á við. Þess vegna er ekki nema eðlilegt, að fram komi tillögur um það, að stemma stigu fyrir því, að ráðstafanir, jafnnauðsynlegar og þessar eru, verði til þess að hjálpa þeirri kvörn að mala, sem nú er byrjuð að mala peningagengið í landinu. Þess vegna er nauðsynlegt og sjálfsagt að afla tekna til að greiða af opinberri hálfu nokkurn hluta hinnar réttlátu hækkunar á verði landbúnaðarafurða, til þess að vísitalan hækki ekki jafnóðum. Sú greiðsla er út af fyrir sig ekki til framleiðenda né neytenda, eins og ég hef áður sagt, heldur til hins, að halda uppi viðunandi gengi peninganna í landinu.

Ég vil nú enn nefna eina ástæðu til viðbótar, um hversu mikilvægt það er að halda framleiðslumætti landbúnaðarins ólömuðum einmitt nú. Eins og nú er ástatt, er það fyrst og fremst nauðsyn þessarar þjóðar að tryggja sem mesta framleiðslu landbúnaðarins. Það hefur verið, er og verður verkefni landbúnaðarins að leggja til mikinn hluta þeirrar fæðu, sem þjóðin lifir á, og þann hlutann, sem hún má hvað síst án vera. Nú er það svo, eins og kunnugt er, að landið er lýst í hafnbann af öðrum stríðsaðilanum, og samgöngur okkar við önnur lönd eru svo miklum erfiðleikum bundnar, að segja má, að siglingarnar hangi nú á hárþræði, og við vitum ekki, hvenær á þann þráð verður skorið. Hvernig færi nú, ef við einn góðan dag vöknuðum upp við það, að við værum hér inni brenndir og kæmumst ekkert út fyrir landið til aðdrátta, og ef við þá einnig værum búnir að ganga svo frá þeim atvinnuvegi, er aðallega aflar þjóðinni fæðu, að hann væri þess ekki lengur megnugur að inna það verk af hendi nema að litlu leyti? Það getur hver sagt sér sjálfur. Það eina, sem þjóðin hefur í hendi sér til að tryggja það, að hún svelti hér ekki inni á þessu eylandi, en að fólkið geti lifað, á hverju sem gengur, er það, að landbúnaðurinn geti haldið fullum mætti til þess að framleiða sem mest af fæðu úr skauti náttúrunnar. Þess vegna má segja, að mál þetta, sem hér er minnzt á, sé alveg sérstök öryggisráðstöfun fyrir þjóðina sem heild, til þess að hún þurfi ekki að svelta, og því sé sérstök nauðsyn nú að framleiða sem mest, framleiða meira en nokkru sinni fyrr, en það getur landbúnaðurinn ekki gert nema honum sé tryggð sú fjárhagsafkoma, að hann geti greitt þeim, sem við landbúnaðarstörf vinna, eitthvað svipað kaup og aðrar stéttir þjóðfélagsins greiða sínum starfsmönnum. Það þýðir ekki að hrópa upp í sveitirnar og segja: „Verið þið á ykkar pósti, bændur góðir, það er ykkar skylda að sjá þjóðinni fyrir fæðu.“ Það þýðir ekki, ef mönnum er ekki um leið gefin aðstaða til að greiða verkafólki sínu svipað kaup og greitt er annars staðar og tryggja þeim fjárhagslega hagkvæma afkomu, svo að atvinnuvegur þeirra sökkvi ekki dýpra og dýpra í þær skuldir, sem sannarlega eru allt of miklar fyrir. Það er ekki nema skiljanlegt, að ungir menn leiti burt, þangað sem þeir sjá peningana renna í stríðum straumum, þaðan sem þeir fá ekki nema nétt til fæðis og klæðis. Þá langar til að afla sér fjár, til að geta veitt sér menntun og til að undirbúa atvinnurekstur sinn síðar meir. Það er ómögulegt að halda þeim á heimaklafanum, nema kjör þeirra séu í einhverju samræmi við þau, sem aðrir hafa við að búa. Það er ekki heldur hægt að lá bændum, þegar þeir eru að sjá, að þeir sökkva dýpra í skuldir og erfiðleika við búskap sinn, þó að þeir leiðist til að afla sér atvinnu og peninga við betur launuð störf, þegar þeir sjá, að á þann hátt geta þeir staðið í skilum við lánardrottna sína og bætt aðstöðuna. Þess vegna er ekki annað ráð til að halda uppi þessari framleiðslu en að skapa bændum aðstöðu til að greiða það kaup, sem af þeim er heimtað, og til að standast þann kostnað, sem á þá er lagður vegna atvinnurekstrarins. Ég hefði því talið það ekki óeðlilegt, að Alþingi hefði nú undir þessum sérstöku kringumstæðum tryggt bændum lágmarksverð fyrir framleiðsluvörur þeirra á komandi ári, svo að þeir vissu, að hverju þeir gengju, og gætu lagt fram krafta sína við framleiðsluna, fyrir sjálfa sig og alla þjóðina. En þetta fær ekki byr hér á Alþingi, og þess vegna mun ég fyrir mitt leyti taka því næstbezta, en það er að fylgja því frumv., sem hér liggur fyrir, því að ég tel, að í því felist möguleiki til að framkvæma það, sem ég tel þurfa til að veita landbúnaðinum viðunandi fjárhagsafkomu og að tryggja landsfólkinu nauðsynlega framleiðslu landbúnaðarafurða. En eins og ég tók fram áður, hefði ég kosið, að frumv. þetta hefði verið ákveðnara í þessu efni, og skal ég þá strax geta þess, að mér finnst til bóta brtt. sú frá fjhn., sem borin er fram á þskj. 741, 1. gr., þar sem látið er skína í einmitt þetta, sem ég hef lagt aðaláherzlu á, að gert yrði. Heiti ég nú á hæstv. ríkisstj. að nota heimild þá, sem hún fær í hendur með frumv. þessu, ef að lögum verður, til að tryggja þá hlið málsins, sem ég hef nú gert að umtalsefni.

Ég vil þá að lokum leiðrétta þann misskilning, sem virtist koma fram hjá hv. 1. þm. Rang., að með brtt. tveggja fjhnm. á þskj. 743 sé verið að kollvarpa öllu kjötsölu- og mjólkursöluskipulaginu. Það er langt frá, að svo sé.

Hins vegar það, sem brtt. sérstaklega felur í sér, er það, að höfð verði samráð við Búnaðarfélag Íslands um það verðlag, sem sett yrði á landbúnaðarvörur, og tillit tekið til þeirra upplýsinga, sem það getur gefið um þau atriði. Þetta yrði að gera til þess að allra sjónarmiða yrði gætt betur en gert hefur verið. Og þó ég vilji engum steini að þeim kasta, sem hafa haft þetta vandasama starf með höndum, þá finnst mér þeir hafa gengið of skammt í að taka tillit til þess gífurlega kostnaðar, sem fallið hefur á bændur á undanförnum árum.

Ég skal svo ljúka máli mínu. En ég vildi óska þess og ég vil skora á ríkisstj. að nota í fyllsta máta þá heimild, sem hún fær, til þess að bændur þurfi ekki að fara halloka og að hægt verði að halda landbúnaðarframleiðslunni sem þróttmestri á þessum alvörutímum, þegar okkur ríður meira á að hafa öflugan landbúnað en nokkrru sinni fyrr.

Pétur Ottesen: Mér þætti vænt um, ef fleiri ráðh. en sá eini, sem hér er viðstaddur, vildu skjótast inn í d., rétt á meðan ég segði nokkur orð. Ég skal ekki tefja þá lengi frá störfum, sem þeir kunna að vera að vinna að hér í hliðarherbergjunum.

Ég vil í sambandi við þetta mál, sem er eitt af þeim stærstu, sem fyrir þessu þingi hafa legið, sérstaklega þó í sambandi við það, hvernig það ber hér að, segja nokkur orð. Það hefur verið svo, að öll stórmál, sem afgr. hafa verið á þessu þingi, þau hafa verið afgr. með fullkomnu samkomulagi innan ríkisstj. Og yfirleitt hefur það verið svo, að áður en málin hafa verið lögð fyrir Alþ., eða a. m. k. komið til úrslita á Alþ., þá hafa þau verið undirbúin af stj., sem hefur þá verið búin að koma sér saman um öll aðalatriði þeirra. Má í þessu sambandi benda til dæmis á sjálfstæðismálið, þingfrestunarmálið; einnig má nefna dýrtíðaruppbót til embættismanna, sem er stórt fjárhagsmál. Þessari reglu hefur sem sagt alltaf verið fylgt síðan samstarfið hófst. Hitt hefur svo aftur borið við, að leiðir einstakra þm. hafa ekki alltaf legið saman um öll atriði þessara mála. En niðurstaðan hefur alltaf orðið sú, að meginþorri hv. þm. hefur staðið á bak við ríkisstj. um fullnaðarafgreiðslu málanna. Svona er þetta einnig, að því er ég bezt veit, um afgreiðslu stærri mála hjá stj. á milli þinga. T. d. er það vitað, að stj. setti sér þegar í öndverðu þær starfsreglur að afgr. ekki bráðabirgðalög með öðrum hætti en þeim, að ríkisstj. stæði öll að útgáfu þeirra. Þetta er ekki heldur að undra, því að slíkt samstarf, rækt á þann hátt, er grundvöllurinn undir allri samvinnu í stj., sem stofnað var til á þinginu 1939. En nú er það í þessu máli, sem hér ber nýrra við. Eftir því, sem bezt verður séð og fram hefur komið í umr., er nú þessi regla í fyrsta sinn brotin. Og ég verð að segja, að því varhugaverðari er þessi nýja braut, sem hér er farið inn á, þar sem þessi regla er brotin einmitt í þessu máli, sem svo langsamlega mest reynir á samstarfið, bæði að því er snertir afgreiðslu málsins á þingi og ekki síður framkvæmd þess eftir að búið er að skila því í hendur ríkisstj. Mér virðist þess vegna, að það sé fullkomlega þess vert fyrir stuðningsmenn hæstv. stj. að gera sér nú þegar grein fyrir því, hvað hér er að gerast í þessu máli, og yfirleitt hvað hér virðist vera í uppsiglingu þegar litið er til þess, sem áður hefur gerzt í sams konar málum hér á Alþ. síðan þetta samstarf tókst. Ég lít svo á, að af þeim stórmálum, sem afgr. hafa verið á þessu þingi, velti ekki hvað minnst á því, hvernig tekst um afgreiðslu þessa máls. Ég tel, að fyrsta skilyrðið fyrir því, að þess gagns megi vænta af slíkri löggjöf, sem menn gera sér vonir um, þó skoðanir um það atriði heildarlega séð, séu nokkuð skiptar, sé, að ríkisstj. standi einhuga og óskipt að afgreiðslu málsins. En á það virðist mér nokkuð bresta. Það er þess vegna fullkominn ótti í mér um það, að ósamkomulag innan stjórnarinnar í verulegum atriðum í þessu máli, geti orðið til þess að draga úr þeirri þýðingu og því gildi, sem löggjöfinni er ætlað að hafa, og hrekja ríkisstj. að meira eða minna leyti frá því marki, að fullkomið og einlægt samstarf sé ríkjandi innan hennar, um lausn vandamála þjóðfélagsins. Þá skulum við einnig gera okkur ljóst, hver munur það er viðvíkjandi tekjuöfluninni, að ríkisstj. standi einhuga um málið. Gjaldendurnir í landinu verða að sjálfsögðu að leggja fram fé, og slíkt veldur alltaf óánægju. Hver munur halda menn að sé, ef ríkisstj. er ósammála um tekjuöflunarleiðina? Það hefur verulega þýðingu til þess að skapa ró um málið meðal landsmanna, að fullkominn einhugur ríki meðal stj. og Alþ. um alla afgreiðslu málsins. Ég get hins vegar ekki litið öðruvísi á en svo, að ef ekki tekst fullt samkomulag um þetta mál, a. m. k. innan ríkisstj., þá hafi stjórnarsamvinnan beðið svo mikinn hnekki, að hún sé að vissu leyti brostin. Og þá brestur hún í því máli, sem afdrifaríkast getur orðið fyrir okkur nú. Það hefur verið svo með mig, að ég hef ávalt verið ákveðinn stuðningsmaður þessarar þjóðstjórnar, auk þess sem ég vann að því á sínum tíma með öðrum góðum mönnum að reyna að greiða götu þessa samstarfs í öndverðu. Og mér er það alveg ljóst, hver hætta okkur er búin nú, ef þetta samstarf bíður verulegan hnekki, því ef okkur hefur nokkurn tíma verið nauðsynlegt að standa saman, sem ég ætla að vona, að enginn hafi nokkru sinni efazt um, þá er slík nauðsyn ekki síður fyrir hendi nú.

Í samræmi við þetta, sem ég nú hef sagt, vildi ég bera fram þá till. til hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært og hvort hann liti ekki svo á, að heppilegt mundi vera að taka þetta mál nú út af dagskrá, einmitt á því stigi, sem það nú er, áður en gengið er til atkv. um ágreiningstill., til þess að freista þess enn á ný að ná sams konar samkomulagi um þetta mál sem önnur stórmál, sem afgr. hafa verið á þessu þingi, svo að fullur einhugur megi ríkja um þetta mikilsverða mál. Ég veit, að hv. þm. eru mér sammála um það, hver nauðsyn er á þessu og hve þýðingarmikið það er, að góð samvinna geti ríkt nú, þannig, að þinginu ljúki svo, að enginn ljóður hafi orðið á okkar ráði í þessu efni að því er snertir stærstu mál þingsins. Og ég er sannfærður um, að þetta út af fyrir sig hefur mikla þýðingu í sambandi við það, sem við tekur þegar kemur til kasta ríkisstj. að berjast við alla þá erfiðleika, sem henni kunna að mæta bæði í þessu máli og öðrum.

Ég hefði gjarnan viljað minnast á nokkur atriði í þessu frv., sem hér liggur fyrir, en þar sem ég hef borið fram þessa ósk um að taka málið út af dagskrá, þá sleppi ég því alveg að þessu sinni. Og ef til vill getur svo til tekizt, ef þessi ósk ber þann árangur, sem sannarlega er mín meining að hún beri, að þess verði ekki þörf.

Forseti (JörB): Út af ósk hv. þm. Borgf. um að taka málið út af dagskrá, vil ég taka það fram, að ég veit til þess, að fjhn. hafa haft málið til meðferðar. Ég geri ráð fyrir, að þar hafi verið leitað allra þeirra leiða, sem gætu dregið til samkomulags, og þær till., sem hér eru bornar fram, sýni þann árangur. Ég get því ekki upp á einsdæmi orðið við ósk hv. þm., en fái ég tilmæli um þetta frá ríkisstj., sérstaklega frá hæstv. viðskmrh., sem er flm. málsins, skal sízt standa á mér, því gjarnan vildi ég, að málið gæti orðið þannig leyst, að allir mættu sem bezt við una. (**PO:** Mætti ég vænta þess, að hæstv. forseti leiti upplýsinga um það hjá hæstv. ráðh. fyrr en seinna, hvort hann vill sinna þessu?)

***Gísli Sveinsson:** Ég mun ekki setja mig upp á móti því, að þetta mál verði tekið upp á nýjan leik til athugunar, því ég tel slíks fulla þörf, og það frá fleiri sjónarmiðum en hv. þm. Borgf., og mundi ég því spara mína ræðu, ef þetta lægi fyrir, en þar sem hæstv. viðskmrh. kveður sér ekki hljóðs til að láta í ljós sitt álit, þá vil ég ekki draga að segja fáein orð.

Hæstv. viðskmrh. talaði nú í dag við þessa umr. um þær till., sem frammi hafa verið. Og hann minntist á í sambandi við málfærslu sína um skattaálögurnar, er 5. gr. fjallar um, að það hefði ekki komið fram, hvorki frá einum né neinum aðila, aðrar till., sem bentu á aðrar aðferðir en 5. gr. nú getur um, og var einnig átt við ?. gr. í frv. dýrtíðarnefndar. Það er að vísu rétt, að það er um sams konar skattaálögur talað í báðum þessum gr., en mikill var þó munurinn, því dýrtíðarnefndin taldi rétt að halda þessari till., sem var í ramma þeim, sem ríkisstj. hafði með höndum áður, en það var engan veginn af því, að ekki kæmu fleiri athuganir til greina og fleiri till. fram í n., sem ekki varð samkomulag um að taka með, heldur geyma þar til kæmi inn í þingið, ef ríkisstj. þóknaðist að leggja þetta þannig fyrir þingið. Því eins og ég hef skýrt frá áður o. fl. hv. þm., þá komu aðrar aðferðir einnig til greina, þar á meðal þessi, sem nú er komin fram brtt. um frá meiri hluta fjhn. Og það er sannast að segja, að ég og aðrir fella sig miklu betur við þá aðferð, sem þar er lagt til að hafa. Það má vel segja, að hún muni ekki gefa eins miklar tekjur og fjárplógsaðferðin, sem lagt er til, að viðhöfð verði samkv. frv. En hins er þá að gæta, að það virðist skjóta nokkuð skökku við, þegar nýbúið er að samþ. skattalög hér á Alþ., að fara þá að semja önnur skattalög, og hins vegar hallar þar nokkuð á, að fullt réttlæti sé viðhaft, ef á að taka þennan nýja skatt. Annað mál er það, að menn verða auðvitað að sætta sig við slíkt út úr neyð. Það er hins vegar ekki sjáanlegt annað en tekjur nokkrar komi inn með þeim aðferðum, sem trúlega verða nú ofan á í málinu að meira eða minna leyti, einnig er ætlað nokkuð af tekjum ríkissjóðs til þessara ráðstafana. Hér er tiltekið 5 millj., og má vitanlega segja, að það sé álitleg fjárhæð. En nú eru till. komnar frá fjhn. um að hækka tolla á óhófsvörum, og getur slíkt ef til vill gefið allríflegar tekjur, þannig að svo mætti segja, að það skarð yrði vel fyllt, sem myndaðist, ef lagfærður yrði skattur hæstv. viðskmrh., þannig að hæstv. ráðh. mætti vel við una. Ég held, að hæstv. viðskmrh. þurfi ekki að sýta svo mjög yfir því, að tekjuöflun hefði orðið rýr samkv. frv. dýrtíðarnefndarinnar. Honum hefur a. m. k. ekki tekizt að sýna fram á, að svo og svo margar milljónir fleiri muni þurfa til þeirra ráðstafana, sem hann hefur enn ráðgert í þessum efnum. Tilgangur frv. gæti að vísu talizt miklu víðtækari, eins rúmt og óljóst og það er orðað. En þingið getur ekki farið að binda sig við að moka fé landsmanna í einhverja hít, sem enn er ekki tiltekið, hver sé. Sé óvissa um útgjöld, má geta óvissra tekna og nefna Bretabæturnar, sem komu á síðasta ári og eiga eftir að koma enn. (**Viðskmrh.:** Eiga að koma enn?) Já, það má helzt ekki tala um þetta, en vitað er, að þær komu og eiga eftir að koma, — um fjárhæðir skal ekki rætt, en sjálfsagt er að taka þetta með í reikninginn eins og annað, jafnt hvernig sem féð er til komið. Ég skil ekki, hvernig þær greiðslur gætu að ástæðulausu fallið niður, og þá á að reikna með þeim. Ofan á þær 5 millj., sem ríkissjóður leggur fram, kemur svo hluti af stríðsgróðaskatti. Féð, sem ríkisstj. ræður yfir samkv. þessum till., er því engin óvera, og fyrir gífurlegum, ófyrirséðum áföllum er hvort sem er gagnslaust að gera ráð nú. Enn fremur er hitt, sem ég veik að, að ýmsir tekjuliðir geta farið svo langt fram úr áætlun, að ríkissjóður megi við því á sínum tíma að leggja fram meira fé en ráðgert er. Komi eitthvað mikið fyrir og þurfi fjáröflunar, nægir ekki hin rýmsta heimild, sem nú er rætt um, heldur lægi nær að kalla þingið saman. Þó að Alþ. hafi setið of lengi nú, eða lengur en nokkru sinni áður, — og verð ég að segja, að það er að nokkru leyti ríkisstj. að kenna, hún verður að sætta sig við það —, þá má hún ekki láta um of á því bera, að hún sé hrædd við að fá Alþingi hingað aftur á þessu ári. Ég teldi sjálfsagt, að hún hafi það í huga að kalla saman þing, ef þörf gerist. Þess ber líka að geta, að ekki er nærri ár þangað til reglulegt þing hefst, 15. febr. n. k. Þess vegna ætti ríkisstj. ekki að spenna bogann óþarflega hátt, heldur sætta sig við það samkomulag, sem ég hygg, að meiri hluti þessarar deildar sé einráðinn að fylgja, og tel ég málið þar að ýmsu leyti betur leyst en bæði í till. n. og frv. viðskmrh. Þessar nýju brtt. fjhn. ná ekki til 2 höfuðatriða í till. n., en fela að öðru leyti í sér eins víðtækar ráðstafanir og skynsamlegt er að samþ. að svo stöddu.

Það er slagorð hæstv. viðskmrh., að „þeir einhleypu“ eigi að borga. Með frv. sínu kveðst hann hafa viljað ná til fjölda fólks, sem annars slyppi næstum skattlaust, — það þurfi að leiðrétta nýju skattalögin með því að setja annan tekjuskatt þar ofan á. Þetta held ég sé blandið miklum misskilningi. Að vísu hafa flestir vinnufærir menn, sem ekki hafa föst laun, hagnazt á hinu öra atvinnulífi, fengið bæði hærra kaup að krónutali og samfelldari atvinnu. En þarfir þeirra, sem þurfa að hugsa fyrir fleira en sjálfum sér, hafa vaxið að sama skapi. Og mér hefur alltaf verið það óskiljanlegt, hvaða meginhluti af fólki það væri, sem kalla mætti algera ein-

hleypinga. Það er langt frá, að frv. viðskmrh. fjalli um skatt á einhleypinga sérstaklega. Það vægir engum nema þeim, sem hafa skylduómaga. Ef farið yrði inn á þá braut, — en til þess treysti dýrtíðarnefndin sér ekki, — yrði fjölskyldufrádráttur að verða miklu viðtækari en frv. hans gerir ráð fyrir, og þyrfti að ná til allra ómaga, sem skattgreiðandinn hefur. (**Viðskmrh:** Vill þá ekki þm. flytja brtt. um það?). Ég vil fyrst vita, hvort hæstv. ráðh. getur ekki fylgt öðrum þm. að málamiðlun og réttlátri lausn á svipuðum grundvelli og hv. þm. Borgf. talaði um. — Ómagar eru ekki aðeins börn á unga aldri; þeir eru sælir, sem þurfa ekki að uppfylla fleiri þarfir en þau hafa þá. Hinir, sem eiga þau hálfvaxin, fá ekki frádrátt vegna þeirra, en kosta oftast miklu meira til og eru hinir eiginlegu fjölskyldumenn. Það er fávíslegt að tala eins og þessir menn væru einhleypir. Auk þess verður að muna, að álitlegur hluti slíkra manna er einmitt á föstum launum og hefur því hlotið einbert tjón, en ekki hagnað við breytingarnar undanfarið. — Þó að skattal. nýju séu gölluð, er þetta ekki umbótin, sem koma skal. Eðlilegast og réttast er að hafa ákvæðin um tekjuskatt á hverjum tíma í einum lögum og undirbúa breyt. þannig, að það orki ekki mjög tvímælis, sem samþ. er. — Þó að við tölum um, að verkamenn hafi haft gott kaup, þarf ekki að gleyma því, að fjöldi af þessu fólki hefur verið atvinnulaus fyrir skömmu eða með mikinn þunga ómaga, ungra og gamalla, og svo margar ófullnægðar þarfir biðu góðærisins, að við vitum ekki, hvað afgangs er nú til að skattleggja.

Af öllum þessum sökum tel ég réttara að vera ekki með neinn útúrboruhátt í því atriði þessa frv., sem óvinsælast verður og ranglátast í framkvæmd.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta mál. Við 1. umr. þykist ég hafa gert meginatriðum þess full skil, þótt ýmsir hv. þm. þættust ekki fremur venju þurfa að hlusta. Um afgreiðslu þessa máls horfði um skeið til hinnar mestu háðungar fyrir þingið, þótt nú verði mikil bragarbót, ef brtt. fjhn. ná samþykki. Ég vil bíða, unz ég sé, hvernig þeim reiðir af, með brtt., sem ég hafði hugsað mér að gera við frv. hæstv. viðskmrh., og get þá geymt þær til 3. umr.

*__Finnur Jónsson:__ Fjhn. hefur milli funda starfað að þessu máli og skilað brtt., sem færa þetta frv. að ýmsu leyti til hins betra. Á ég þar sérstaklega við till. þá, sem meiri hl. n. flytur á þskj. 742, um að í staðinn fyrir allt að 5% gjald, sem frv. ætlast til, að lagt yrði á skattskyldar tekjur, komi allt að 10% viðauki við tekjuskattinn 1940—41. Nú er svo að heyra á hæstv. viðskmrh., að honum komi þetta mjög á óvart, því að í dýrtíðarn. hafi allir verið á einu máli um að fara heldur þá leiðina, sem brtt. fer fram á að nema úr frv. hans. Ég á bágt með að skilja þetta. Ég veit ekki betur en að fram kæmi frá 3 eða 4 nm. það álit, að réttara mundi að taka heldur upp álagningu á tekjuskattinn. Ég man, að honum var skýrt frá þessu áliti. Og ég man ekki betur en hann hafi skýrt mér frá, að hann hafi alltaf talið, að þessa leið bæri frekar að fara en þá, sem hann tók upp í frv. Það virðist svo sem þm. geri sér ekki alveg ljóst, hver munur er á þessum leiðum. Hv. þm. Mýr. afsakaði þetta með því, að striðsgróðinn sé ekki nema fyrirframúttekt, sem menn verði að skila síðar. Mér er sem ég sjái það, ef allir, sem fengið hafa hagnað af breyttu ástandi, ættu að fara að skila honum af sér. (**BÁ:** Ætli það geti ekki verið, að Samvinnufélag Ísfirðinga fái að skila honum?). Það getur vel verið. (**Viðskmrh.:** A. m. k. ef hv. þm. Ísaf. fær að ráða.) Já, ýmislegt, sem til útgerðar þarf, er að verða svo dýrt, að e. t. v. fer hagnaðurinn aftur í súginn, en hér er ekki um það lögmál að ræða, að fyrir hvern fenginn ávinning þurfi að skila endurgjaldi, því síður að víst sé, að nýjar greiðslur til ríkisins hlífi við því endurgjaldi, sem þurfa kann. Það er t. d. vitað, að margir menn hafa keypt jarðir og aðrar fasteignir fyrir gróða sinn eða dregið fé á aðra vegu út úr áhættufyrirtækjum, og mér er til efs, að þeir menn skili því fé. Þó að tap kunni að bíða margra atvinnugreina, eins og hv. þm. Mýr. býst við, réttlætir það á engan hátt ummæli hans, að það sé nokkuð sama, hvort tekinn sé viðauki við tekjuskattinn eða sérstakur skattur af öllum tekjum eftir nýjum skattstiga. Ég geri ráð fyrir, að brtt. fjhn. nái samþykki, a. m. k. þær, sem hún stendur öll saman um, og sérstaklega get ég sem einn úr 6 manna nefndinni lýst ánægju yfir því, að tillögur hafa komið fram um að færa frv. meir í það horf, sem hún kaus, eins og í því að taka upp heimild til tollalækkana á nauðsynjum og tollhækkana á áfengi og tóbaki. Hæstv. viðskmrh. benti á, að í þessu væri ekki fólgið neitt nýtt, en sagði, að flutt hefði verið hér frv. um afnám á tollum og ríkisstj. hefði í undirbúningi hækkun á útsöluverði vínfanga og tóbaks. (**Viðskmrh.:** Um þetta er ekkert í frv. n.). Ef ráðh. rengir mig, bið ég hann að fletta upp till. I. frá dýrtíðarnefndinni, 5. gr., þar sem stendur skýrum stöfum, að ríkisstj. skuli heimiluð hækkun á tollum af áfengi og tóbaki. Ég sé, að hann hlýtur á augabragði að ganga úr skugga um þetta í skjalinu, og hygg, að ég muni hafa leiðrétt að fullu misminni hans. En ef það hefur nú verið svo, að ríkisstj. hefur alltaf haft þetta í huga, hvers vegna var hún þá ekki farin að leita beinnar heimildar til þess í þinginu fyrir hvítasunnu? Það var almennt talið, einkum af ráðherrum, að þingi ætti að verða lokið fyrir hvítasunnu. Ég vil ekki rengja hæstv. ráðh. um góðar fyrirætlanir hans. (**Viðskmrh.:** Hvers vegna spyr þm. þá?). Mér þykir það aðeins einkennilegt ósamræmi vilja og verks. Og enn einkennilegra þykir mér það, að þessar till. skyldu vera numdar brott úr till. dýrtíðarn., þegar ráðh. lét leggja frv. fyrir þingið, þrátt fyrir þann áhuga, sem ríkisstj. og sérstaklega viðskmrh. hafði fyrir því að koma þessum till. fram. Nú hefur þetta sjálfsagt engin áhrif á úrslit málsins, en mér þótti rétt að taka þetta fram, af því að mér fannst hv. viðskmrh. ekki þræða að öllu leyti braut sannleikans í þessu máli.

Nú var það í upphafi fundið að þessu frv. bæði af mér og öðrum, að við sæjum ekki, að

það stefndi að því að gera eins konar varnargarð gegn dýrtíðinni í landinu. Frá hv. þm. Mýr. kemur önnur aðfinnsla, — það komi ekki nógu ljóst fram í frv., að tilgangur þess sé að borga af almannafé uppbót á framleiðsluvörur bænda. Nú vil ég ekkert segja um, hvort þess sé þörf. Eins og tekið var fram við 1. umr., höfum við Alþflm. staðið að hvers konar tillögum, sem við þóttumst sjá nauðsyn á, til að bæta hag bændastéttarinnar. Svo ætti það að geta verið enn. En hvers vegna er ekki gengið hreinna til verks í þessu frv., ef tilgangurinn er sá, sem hv. þm. Mýr. segir?

Samkv. frv., eins og það er nú, skal ríkisstj. heimilt að ákveða farmgjöld á vörum, sem fluttar eru til landsins með íslenzkum skipum. Þetta var í till. dýrtíðarn. og er í samræmi við það, sem hæstv. viðskmrh. hélt fram, að hann hefði áður viljað gera. Það er óþarft af hv. þm. Mýr. að kvarta yfir því, þótt bent sé á gróða af háum farmgjöldum á liðnu ári, fyrst mönnum kemur saman um, að nauðsyn sé að hafa þar á einhvern hemil.

Það hefur verið sagt hér af tveimur hv. þm., að hagur bænda væri yfirleitt bágborinn og að tekjur þeirra væru miklu minni heldur en tekjur annarra stétta hér á landi. Ég skal engar brigður bera á þetta. Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að ekki borgaði sig fyrir bændur að framleiða lengur vörur fyrir erlendan markað. En nú vitum við það, að á undanförnum árum hefur verið greitt verðjöfnunargjald af kjöti, er seldist á erlendum markaði, til þess að geta borgað dálitla verðuppbót á þessa vöru. Það hefur ýmist verið haldið fram, að þessa verðuppbót þyrfti að greiða, af því að kjötið á innlenda markaðinum væri ekki í nógu háu verði, samanborið við kjötið á þeim erlenda, eða þá að innlendi markaðurinn fyrir kjöt væri alls ekki sambærilegur við þann erlenda. En nú segir hv. þm. Mýr., að verð á afurðum bænda, bæði kjöti og mjólk, hafi ekki verið rétt, þegar stríðið hófst. Nú hefur þetta verðlag verið ákveðið af nefnd, þar sem bændafulltrúar voru í meiri hluta, og án þess að ég vilji rengja hv. þm. Mýr., þá kemur það undarlega fyrir sjónir, að þessi verðdómstóll, sem bændur hafa meirihlutavöld á, skuli ekki hafa gætt svo vel hagsmuna bændanna, að þeir hafi treyst sér til að sjá hagsmunum þeirra sæmilega borgið. Nú getur þetta að sjálfsögðu orðið deiluatriði milli manna, og það kunna að vera til menn, sem halda því fram, að þessar afurðir hafi verið í of háu verði. En aðrir segja, eins og hv. þm. Mýr., að þær hafi verið í of lágu verði. En þetta er eins og að deila um keisarans skegg, og enginn maður getur fært á þetta fullar sönnur nema með nákvæmri rannsókn, og hún virðist alls ekki liggja fyrir. Þó að ég telji þetta frv. taka breyt. til hins betra, ef samþ. verða brtt. fjhn., sem hún ber öll fram í einu lagi, og brtt. meiri hl. hennar, þá tel ég, að enn vanti inn í þetta frv. einhver ákvæði viðvíkjandi verðlaginu í landinu, einhver ákvæði um verðdómstól og rannsókn á verðlaginu. Ef það er svo ætlunin að ná nokkrum millj. inn á ríkissjóðinn, dreifa þeim síðan út og láta þær nefndir, sem nú hafa einveldi með verðlagið, um að hækka vöruna, þegar búið er að greiða uppbótina, þá hlýtur slíkt að geta valdið þungum deilum. Ég skil ekki, hvers vegna stj. fór ekki sjálf fram á, að inn í þetta frv. yrðu sett fyllri ákvæði viðvíkjandi verðlaginu í landinu heldur en þar eru nú, og að settar yrðu grundvallarreglur um úthlutun úr öllum þessum stóru sjóðum, sem ætlunin er að stofna. Hæstv. viðskmrh. sagði að vísu, að hér væri um mörg hófleg gjöld að ræða. En mér hafði skilizt, að eftir því, sem frv. kom fyrst fram frá hans hálfu, mundi úthlutunin úr þessum sjóðum með hóflegu gjöldin varla nema minnu en 10—15 mill. kr. Það má mikið vera, ef ríkisstj., jafnvel þó að hún viti, að hún hafi fullt traust þm. bak við sig, óskar eftir því að fá fyllri ákvæði um verðlagið heldur en eru í frv. Nú er til úthlutunar frá Bretum ákveðin allmikil fjárupphæð, 5 millj. kr. að ég hygg, og mér er kunnugt um, að sú n., sem til þeirrar úthlutunar hefur verið skipuð, virðist vera í vandræðum með úthlutunina, sem virðist svífa í lausu lofti, af því að fyrir henni eru ekki settar fastar reglur. Fimm menn hafa verið tilnefndir til að sjá um þessa úthlutun, og mér er sagt, að hæstiréttur hafi úrskurðarvald yfir þessari 5 manna nefnd. Ríkisstj. sjálf hefur lýst því yfir, að hún taki ekki á sig neina ábyrgð. M. ö. o.: hún skýtur sér undan því að taka pólitíska ábyrgð á þeirri úthlutun, sem hér er um að ræða. Hún hefur líka komið sér undan því að setja nokkrar fastar úthlutunarreglur fyrir þessari upphæð. Ef ætti að fara á sama hátt með þær millj., sem í þennan nýja sjóð kynnu að safnast, þá segi ég fyrir mitt leyti, að ég mundi ekki treysta mér til að greiða atkv. með þessu frv., jafnvel þó að það hefði tekið þeim breytingum, sem fjhn. og meiri hluti hennar hafa lagt til. Ég vildi, um leið og ég gæfi ríkisstj. þær heimildir, sem hér er farið fram á, krefjast þess, að hún sjálf gerði nákvæma rannsókn á þessum málum og bæri sjálf pólitíska ábyrgð á úthlutuninni. Ég vildi þess vegna leyfa mér að leggja 3 spurningar fyrir hæstv. ríkisstjórn og mælast til þess, að hæstv. viðskmrh. svaraði þeim. Þessar spurningar eru allar í sambandi við það atriði, sem mér finnst óljóst í frv., en það er um verðlagið og úthlutunina. Fyrsta spurningin er sú, hvort ríkisstj. ætli sér að taka verðlag á innlendum og erlendum vörum til sérstakrar athugunar í sambandi við þá úthlutun, sem gert er ráð fyrir með 1. þessum. Í öðru lagi, hvort ríkisstj. ætli að hafa sjálf úrskurðarvald um úthlutun fjárins eða fela það öðrum. Ég set þessa spurningu fram að gefnu tilefni, sem ég hef tekið fram áður og snertir þær 5 millj. kr., sem nú skal úthluta. Þriðja spurningin er: Hvað verður gert, ef upp kemur ágreiningur um úthlutunina? Verður afl atkv. látið ráða innan ríkisstj. eða verður Alþ. kvatt saman til að fjalla um þær úthlutunarreglur, sem ríkisstj. kynni að hafa sett? Afstaða mín í þessu máli hlýtur að markast af því, hvaða svör ég fæ við þessum fyrirspurnum.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónson): Ég skal ekki vera langorður, en get þó ekki komizt hjá því

að segja nokkur orð. Það hafa nú komið fram ólík sjónarmið manna úr hinum ýmsu flokkum hvað snertir 5. gr. frv., sem hefur mikið verið rædd í þessari hv. deild. Ég tók fram í minni ræðu, að menn úr öllum flokkum hefðu léð fylgi sitt þessari tekjuöflunarleið, og hv. þm. Ísaf. veit, að þetta er rétt. Hitt er svo annað mál, að sumir hv. þm. létu þess getið, að þeir vildu aðra leið frekar, en ég endurtek það, að menn úr öllum flokkum hafa fallizt á þessa tekjuöflun, þótt þeir hafi margir runnið, þegar á hólminn kom. Mér finnst það broslegt, að hv. þm. Ísaf. ber svo mikið fyrir sig frv. 6 manna n., en hann vill þó um leið algerlega sverja sig frá því. Hv. þm. gerði nokkra tilraun til þess að láta líta út sem ég hefði sagt rangt frá um það, að ríkisstj. hefði verið búin að ákveða áður að fella niður tolla af nauðsynjavörum, en hækka tolla á munaðarvörum. Hv. þm. gerði meira að segja ítrekaðar tilraunir til þess að láta aðra hv. þm. skilja, að ég hefði farið með rangt mál, og orð hans urðu ekki misskilin. Ég vildi óska eftir því, að hv. þm. spyrði þann ráðherra, sem er í hans flokki og hann trúir bezt, hvort ekki sé rétt, að ríkisstj. hafi látið flytja till. um að fella niður tolla af nauðsynjavörum, en hækka það aftur á hinum vörutegundunum. Mun hann staðfesta það. Ég vil því leyfa mér að vísa svigurmælum hv. þm. Ísaf. til föðurhúsanna.

Þá sagði hv. þm. Ísaf., að sér líkuðu betur till. 6 manna n. heldur en þær, sem ég hafði borið fram. En hv. þm. veit þó, að um leið og aðalbreytingin, sem hér liggur fyrir tillaga um, er gerð á mínu frv., er breytt veigamestu atriðunum í frv. 6 manna n. Hv. þm. er líka kunnugt um, að frv. mitt, eins og ég bar það fyrst fram, var miklu líkara till. 6 manna n. heldur en frv. verður, ef till. meiri hl. fjhn. verður samþ. Samkv. till. 6 manna n. og 5. gr. þessa frv. er verulegra tekna að vænta, en mjög lítilla, ef till. meiri hl. fjhn. verða samþ. Það, sem hv. þm. talaði um, að þyrfti að gera ákvæði frv. fyllri, voru allt smáatriði. Ef hv. þm. á þarna við ákvæði um að lækka tollana, þá vil ég benda honum á, að því atriði þurfti ekki að bæta hér inn í, vegna þess, að það lá fyrir í fjhn. í öðru frv.

Út af fyrirspurnum hv. þm. Ísaf. vil ég segja það, að ég hef beitt mér fyrir þessum málum og komið þeim á framfæri hér á Alþ., af því að ég hef talið það mína skyldu að koma með till. um að halda uppi verðgildi peninganna. En þar sem þau mál heyra ekki eingöngu undir mitt ráðuneyti, get ég ekki gefið tæmandi yfirlýsingu um, hvernig stjórnin mundi framkvæma þessi lög, en ég býst við, að þó að hún fengi einhverja sér til aðstoðar, mundi hún gera endanlega út um framkvæmdir sjálf. Hvað gert yrði, ef ríkisstj. getur ekki komið sér saman um þessi mál, er erfitt fyrir mig að svara, enda býst ég ekki við, að hv. þm. ætlist til, að ég geri það. Það fer náttúrlega eftir því, hversu veigamikill ágreiningurinn er. Sé hann veigamikill, er varla nema um tvennt að ræða: slíta stjórnarsamstarfinu eða þá að láta Alþ. skera úr um þau atriði, sem ráðherrar geta ekki komið sér saman um. Viðvíkjandi því, hvort stjórnin muni láta fara fram athugun á þessum málum, nægir að vísa til þeirra brtt., sem fjhn. flytur um sérstaka málsgr. aftan við 1. gr. frv., sem fjallar um þetta efni, enda liggur það í augum uppi, að slíkar athuganir munu fara fram á meðan á framkvæmd laganna stendur.

Ég ætla ekki að svara hv. 5. þm. Reykv., en fyrst ég er staðinn upp, kann ég ekki við annað en mótmæla algerlega því, sem hann sagði um starf verðlagsnefndar. Hann sagði, að lítið gagn hefði verið að starfi n. og afskipti hennar af álagningu á ýmsum matvörum hefði haft þau áhrif, að þær hefðu hækkað stórlega í verði. Þetta er rangt hjá hv. þm. Nefndin hefir þvert á móti haft þau áhrif, að þær hafa lækkað verulega í verði frá því, sem orðið hefði, ef áhrifa nefndarinnar hefði ekki gætt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að svara ræðu hv. þm. V.-Sk. Hann endurtók það, sem ýmsir aðrir aðilar hafa sagt, að minna muni við þurfa í þessum efnum en ég hefði gert ráð fyrir. Ég lít þannig á, að málið megi með engu móti við því, að dregið sé úr tekjuöfluninni, og yfirleitt lít ég alvarlegri augum á það en hv. þm. V.-Sk. og hef fært full rök fyrir. Hann sagði, að þingið væri nú orðið langt og það væri ríkisstj. að kenna. Ef ríkisstj. hefur átt sinn þátt í, hversu þingið hefur nú setið lengi, þá eiga þm. þar sinn þátt einnig, því að það er ekki að svo litlu leyti einmitt vegna þess, að hver höndin er upp á móti annarri meðal þingmanna. (GSv: Er ríkisstj. alltaf sammála?). Nei, hún er ekki alltaf sammála, en hún er þó ekki eins ósammála og hv. þm., eins og sést á því, að hún hafði fallizt á lausn þessa máls í aðalatriðum eins og það var lagt fyrir, en hv. Alþ. er í þann veginn að stórspilla málinu.

Hv. þm. Borgf. talaði um, að það væri mjög leitt, að menn skyldu ekki geta komið sér saman um þetta mál, en orsökin væri sú, að það væri umfangsmikið og viðkvæmt. Má vel vera, að þetta sé rétt hjá hv. þm., en ég vil benda honum á, að það er ekki einstakt, þó að mismunandi skoðanir á stjórnmálum komi fram hjá þeim hv. þingmönnum, sem annars styðja ríkisstj. Ég vil benda honum á í þessu sambandi, að við lausn skattamálsins kom fram sérstaða um mjög veigamikið atriði hjá Alþflm., sem þeir fylgdu fram hér á þinginu, þó að þeir létu þann ágreining ekki verða til þess að rjúfa stjórnarsamstarfið.

Ég sé enga aðra leið en þá, að þingvilji skeri úr, ef ekki er unnt að koma við samningum, og síðan sé það þeirra, sem standa að samstarfinu, að ákveða það, hvort þeir séu reiðubúnir til að taka áfram þátt í stjórnarsamvinnu. Mér skilst, að örðugast sé fyrir þá, sem eru í minni hluta, að fá svo skorið úr málum gegn vilja sínum. Ef hv. þm. Borgf. óttast „refsiaðgerðir“ í framkvæmd málsins frá minni hálfu í sambandi við þann ágreining, sem hér er orðinn, þá vil ég benda honum á, að enda þótt ég hafi komið þessu máli á framfæri hér, heyrir það ekki nema að litlu leyti í framkvæmd undir það ráðuneyti, sem ég veiti forstöðu.

Út af ósk hv. þm. um að fresta umræðunum, vil ég taka fram, að ríkisstj. hefur einmitt í

kvöld rætt með sér, hver þörf væri að flýta þessu máli, og hafði gert áætlun um að ljúka þessari umr. í kvöld, og ég geri hiklaust ráð fyrir, að þeirri áætlun verði fylgt, enda ekki ástæða til annars.

*Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Það hefur ekki margt komið fram í umr. um þetta mál umfram það, sem áður var vitað við undirbúning þess, bæði á flokksfundum og á nefndarfundum. Þó eru nokkur atriði, sem að mínum dómi eru ýmist nýjar blekkingar eða rangfærslur, sem ég vildi minnast á, viðvíkjandi 5. gr. frv., enda þótt hv. þm. sé ljóst aðalatriði málsins. — Það, sem um er að ræða, er, að skilninginn fyrir nauðsyn þessa máls brestur allverulega hjá miklum þorra þm. Hv. þm. Borgf. lýsti því vel í ræðu sinni, hve nauðsynlegt það væri að standa saman um málið, og vildi láta gera eina tilraun enn til þess að reyna að komast að samkomulagi. — Ég er hv. þm. sammála um, að það væri æskilegt að ná slíku samkomulagi, en það hefur nú verið reynt allan þingtímann og ekki tekizt, þótt blöð sumra flokkanna hafi látið sér sæma að segja, að málið væri ekkert undirbúið. Í þingflokki Framsfl. hefur málið a. m. k. verið til umræðu allan þingtímann. — Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. sagði um nauðsyn þess, að samkomulag næðist milli flokkanna um lausn málsins, vil ég benda á, að það getur orðið hættulegt fyrir stjórnarfarið í landinu, ef samkomulag á alltaf að byggjast á vilja þeirra manna, sem minnstan skilning sýna á málunum. — Þessi orð mín meina ég engan veginn til hv. þm. Borgf., enda vill hann ekki, að þannig sé tekið á málum. — Það má ekki sveigja undan vegna dekurs við álit almennings í svip, sem ekki hefur haft aðstöðu til að mynda sér skoðun á því, hvert stefnir. Þetta dekur hefur gengið svo langt, að eitt dagblað bæjarins lýsir því með ákaflega sterkum litum, hve óskaplegt það sé, að nú eigi að læðast aftan að mönnum og taka af þeim skatt, er nemur 25 kr. á 4000 kr. nettótekjur, sem skattgreiðendur fá þó goldinn í lægra vöruverði. — Nei, það má vissulega ganga of langt í því að reyna að ná samkomulagi um lausn mála.

Ég vil með fáum orðum víkja að nokkrum atriðum, sem fram komu við umr. hér í dag, einkum því, sem hv. þm. A.-Húnv. drap á í ræðu sinni, vegna þess að í hans afstöðu kemur fram ótti við að fylgja því, sem hann þó álítur réttast. — Hann sagði, að út af fyrir sig fyndist sér ekki ósanngjarnt að leggja þennan skatt á, en hans skoðun hafi orðið að víkja fyrir þunga þess, sem aðrir segðu og aðrir héldu, enda þótt þeir hafi ekki sömu aðstöðu til að mynda sér skoðun um málið og þm. Hann sagði enn fremur, að sér fyndist aðferðin óviðfelldin, að taka nýjan skatt af mönnum, þar sem skattalöggjöfin hefði nú nýlega verið ákveðin, enda þótt þetta sé aðeins til bráðabirgða. En svo var hv. þm. ekki sjálfum sér samkvæmur, því að hann kvaðst mundu geta fallizt á, að slíkur skattur yrði innheimtur á næsta ári!

Þá sagði hv. þm. ennfremur, að hann vildi ekki fylgja þessu fram vegna þess, að samþykkt 5. gr. frv. gæti valdið ósamlyndi innan ríkisstj. og á Alþ. En ég vil spyrja: Hvort er líklegra til að vekja ósamlyndi, sú leið, sem farin er með 5. gr. frv., eða með till. fjhn.? Með till. fjhn. er farið gegn till. þess ráðherra, sem með málið fer og mest hefur undirbúið það. Innan ríkisstj. hygg ég, að með 5. gr. frv. sé komið næst því að ná samkomulagi, enda er það yfirlýst, að ríkisstj., að kannske einum ráðh. undanskildum, geti hugsað sér að fara þessa leið með einhverjum breyt. Ég veit, að hv. þm. A.-Húnv. kannast við, að annar ráðherra Sjálfstfl. hefur lýst yfir því í n., að hann myndi hér við umr. gefa greinilega yfirlýsingu um það, að hann gæti hugsað sér, að farin yrði leið 5. gr., en hann hafi orðið að beygja sig fyrir flokki sínum. (GSv: Hvenær gaf ráðh. slíka yfirlýsingu?). Ef hv. þm. V.-Sk. nær tali af þessum ráðh. sínum, sem að vísu er hér ekki staddur nú, trúi ég ekki, að hæstv. ráðh. gangi á bak þeirra orða sinna. (GSv: Er það skylda mín?) Ef hv. þm. V.-Sk. rengir orð mín, ber honum skylda til að afla sjálfur réttra upplýsinga. Það má vera, að hv. þm., sem líka er dómari, telji sér heimilt að fella dóma a priori, en ég skora á hann að leggja þau gögn á borðið, er sanni, að ég fari hér rangt með. — Ég hef ekki tíma til að skattyrðast við hv. þm., ef hann telur sér sæma slíkar dylgjur.

Það er yfirlýst, að sú lausn, sem felst í 5. gr. frv., er nær samkomulagi innan ríkisstj. en till. meiri hl. fjhn., svo það er ekki samkomulag innan stjórnarinnar, sem fyrir hv. þm. A.-Húnv. vakir, ef hann treystist ekki til að fylgja því, er hann álítur rétt vera. Það er líka alveg óreynt, hvort betra reynist til samkomulags á þingi, en ég hygg, að það muni vera fleiri þm. en hv. þm. A.-Húnv., sem kunna að greiða atkv. gegn betri vitund. (GSv grípur fram í). Ég vona, að þetta fari ekki svo í taugarnar á hv. þm. V.-Sk., að hann geti haldið sér í skefjum meðan ég flyt þessi fáu orð. Hann ætti bara að vera hinn rólegasti, því þó að hann sé valdsmaður, getur hann ekki gefið fyrirskipanir hér.

Ég hef nú minnzt á tvær aðalröksemdir hv. þm. A.-Húnv. og sýnt fram á, hve það er fjarri sanni, að þær geti réttlætt, að hann hlaupi frá sannfæringu sinni.

Þá kem ég að þriðju afsökuninni og hinni síðustu, er hv. þm. færði fyrir því, að hann valdi samt verri leiðina. Hv. þm. sagði, að það, sem bætt væri inn í með brtt. n. til tekjuöflunar, mundi vega á móti því, sem tapaðist, ef 5. gr. væri felld niður. Þetta er ekki rétt. Í brtt. n. er lagt til að fella niður tolla af allmörgum vörutegundum, og það vakir fyrir n. að bæta tollum á ónauðsynjavörur, til þess að vega á móti því, svo að tekjur ríkissjóðs minnkuðu ekki af þeim orsökum. Þetta var búið að undirbúa áður, og er því ekki um nýtt atriði að ræða hér. — Það, sem bætt er við eftir að búið er að heimila að fella niður toll af helztu matvörum og nauðsynjavörum, er ekki annað en hækkun á tolli af tóbaki og innlendum tollvörum, því að hækka toll á áfengi hefur verið heimilt til þessa. Ég efast um, að tollahækkun sú, sem um ræðir á tóbaki og innlendum tollvörutegundum, geri meira en

að vega á móti afnámi þeirra tolla, sem um getur í fyrri heimildinni. — Hér er því sýnilega ekki um annað að ræða hjá hv. þm. en yfirklór, til þess að hann geti fylgt flokki sínum á þeirri óhappaleið, er hann hefur valið sér í þessu máli.

Þá kem ég að ræðu hv. 5. þm. Reykv. (SK). Þar kenndi margra grasa, en það tæki of langan tíma að rekja ræðu hans og sýna fram á veilurnar í málflutningi hans. Þó get ég ekki látið hjá líða að minnast á nokkur atriði.

Hv. þm. áfelldi ríkisstj. mjög fyrir það, hve lítið hún hefði gert í dýrtíðarmálinu og hve seint frv. væri fram komið. En jafnframt því, sem hann taldi hér um mikla vanrækslu að ræða, fann hann frv. allt til foráttu og sagði, að í raun og veru kæmi ekkert annað að gagni en nógu ströng verðlagsákvæði. Þetta voru aðalatriðin í fyrri hluta ræðu hans, og ber víst að skilja þetta á þann veg, að ef takast eigi að stemma stigu fyrir dýrtíðinni, beri að leggja þær aðgerðir á bak einnar stéttar í landinu, framleiðendanna, og fastsetja verð á innlendum framleiðsluvörum. Skilur hver maður, hvert þessu er stefnt, og svipuð ummæli lét hv. þm. Seyðf. (HG) sér um munn fara.

Hv. 5. þm. Reykv. gerði sér allmikið far um að sýna fram á, að bændur landsins hefðu fengið hækkun vegna dýrtíðarinnar eins og aðrir, og það mátti skilja á hv. þm., að með þeim ráðstöfunum, sem fyrir lægju í frv., væri ekki um annað að ræða en styrk til bænda. Hv. þm. þarf að lesa frv. aftur og rækilegar en áður. En það get ég sagt hv. þm., að bændur kæra sig ekki um neinn styrk frá neytendum fyrir sínar framleiðsluvörur. Fé því, sem inn kemur, mun frekar verða varið til þess að halda niðri verðlagi til neytenda en að hækka verð til bænda. En þótt einhverjum kjósendum hv. 5. þm. Reykv. þyki gott að eiga peninga, hygg ég, að ef að sverfur, muni þeir heldur kjósa matvæli en aurana. Og þeim er hollt að minnast þess, þegar sagt er, að verið sé að skattleggja neytendur vegna bænda, að það er ekki síður í þeirra þágu, að hægt sé að halda framleiðslunni í horfinu, því að seint mun svo fara, að bændur geti ekki framleitt nauðsynlegar landbúnaðarafurðir fyrir sjálfa sig. Ég hygg, að frv. beri það ljóslega með sér, að það sé ekki ætlazt til styrks til bænda öðruvísi en ef þeir eru neyddir til að senda vörur úr landi langt undir framleiðsluverði. Og að bændur eigi að taka á sig slíkan skaða, nær engri átt. — Þegar Bretar hertóku landið og settu okkur nauðungarsamninga um útflutningsverð á landbúnaðarafurðum, lögðu þeir jafnframt fram nokkurt fé til þess að bæta bændum upp það tap, er þeir þannig yrðu fyrir. Það er raunalegt til þess að vita, að skilningur okkar eigin landsmanna skuli vera minni hvað þetta snertir en útlendinga, sem hafa hernumið landið.

— Þá talaði hv. 5. þm. Reykv. mikið um það, hve það væri hörmulegt að skattleggja samkv. þessu frv. launastéttir landsins, sem hann þó viðurkenndi, að hefðu nú talsverð peningaráð. Hann sagði, að þessir menn hefðu áður orðið að svelta, þeir hefðu ekki átt stól til þess að sitja á, og að því er mér skildist skv. lýsingu hans, hefðu þeir orðið að standa naktir inni í herbergjum sínum. Þyrftu þeir því nú á fé sínu að halda til þess að bæta úr allri þessari eymd.

En það voru fleiri en þessar stéttir, sem voru á heljarþröminni áður. Flestir þm. muna eftir sífelldum söng þessa sama hv. þm. um, hvernig komið væri hag framleiðenda við sjávarsíðuna. Og þá er það ekki síður vitað, hvernig ástatt er fyrir bændastéttinni. Ég býst við, að það séu fáar stéttir hér á landi komnar í aðrar eins kröggur, en það er ekki þar með sagt, að hún hafi ekki komizt í kröggur áður. — En við verðum að líta til nútímans og þarfa þess tíma, en ekki horfa á myrkrið bak við okkur, en reyna að bjarga því, að fleiri skuggar falli á leið okkar og þeirra, sem eiga framtíðina fyrir sér, og ekki víst, að þess sé langt að bíða, ef allar stéttir taka höndum saman og verja, að slíkt komi fyrir aftur. — Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum um þetta.

Hv. þm. V.-Sk. var að tala um tekjuöflunina að þessu, að það væri líklegt um framlag frá Bretum áfram. Ég hygg, að engir aðrir þm. hafi heyrt nefnt, að þess væri von framvegis; a. m. k. hef ég ekki heyrt það.

Hv. þm. V.-Sk. minntist sömuleiðis á það, að verja einhverju af stríðsgróðaskattinum til þessa, en ég man ekki betur en að því hafi verið lýst yfir, að honum yrði varið til þess að greiða skuldir landsins út á við, en ekki eyða upp á góðárunum því, sem nú hefur safnazt saman, og er það nokkuð einkennilegur hugsunarháttur, ef nú á að fara að sleikja hvern krók, til að varna því, að leggja smáskatta á menn, sem hafa mikla peninga nú, og láta þá frekar eyða þeim á annan veg, sem verður til þess að auka á það öngþveiti, sem nú er í þessum efnum, að gengið falli meira og meira á íslenzkum peningum og þeir verði minna og minna virði með hverjum degi, sem líður.

Ég skal að lokum aðeins benda á það, að það virðast ekki miklir möguleikar til samkomulags um þetta efni, meðan blöð vissra flokka stagast á því dag eftir dag, að gera þessar ráðstafanir á vissum stéttum manna til annarra stétta, því að meðan það er ríkjandi í hugum einhverra þm., eins og sjálfsagt er, því að frá þeim kemur það sennilega í blöðin, þá eru lítil líkindi til þess, að sá grundvöllur og sá samhugur fáist, sem nauðsynlegur er fyrir þjóðina að væri, eins og sakir standa nú.

En mér kemur það dálítið einkennilega fyrir sjónir, að þegar sagt er í tekjuöflunargreininni, að lagt skuli svo og svo mikið gjald á nettótekjur manna í landinu, þá skuli einhver sérstök stétt manna hlaupa fram og segja: „Þetta er allt lagt á mig handa öðrum.“ En eru þær þær einu stéttir, sem hafa nettótekjur hér á landi? Ef það væri rétt, þá er það mikil spurning, hvort ekki væri réttlátt, að þær stéttir bæru þennan skatt. En ég er á annarri skoðun. Ég álít, að það séu allar stéttir, sem hafa meiri og minni nettótekjur og allar koma til með að bera þennan skatt, og þess vegna er það ekkert nema blekking að segja, að verið sé að afla tekna á vissum stéttum og láta þær ganga yfir til annarra stétta. Það sýnir aðeins, hvað viljinn

er mikill á því að koma þessu áfram, og meðan svo er, er ekki annað að gera en að þm. láti það í ljós með atkvgr. sinni, sem þeir álíta, að sé heppilegast og réttast.

*Jón Pálmason: Mér hefur fundizt, að sumir þeir hv. þm., sem hér hafa talað, hafi viljað gera meira úr þeim ágreiningi, sem hér er um þessi efni, en rétt er, því að sannleikurinn er sá, að það er í sjálfu sér ekkert nýtt fyrirbrigði fyrir Alþ., þó að ágreiningur sé um það, hvernig skuli leggja á skatta og afla tekna, og í þessu tilfelli er ekki um svo mikið að ræða, þar sem bara er fært til á ýmsan hátt, að það sé gerandi slíkt veður út af þessu, eins og mér virðist hér eiga að gera.

Hv. síðasti ræðumaður, samnm. minn, kvað nú svo sterkt að orði, að hann lýsti því yfir, að ég mundi ætla að greiða atkv. gegn málinu og flytja till. í þessu máli gegn betri vitund. Hvaðan kemur þessum samstarfsmanni mínum réttur til að segja slíkt? Ég held hvergi.

Ég tók það fram í ræðu minni áðan, og ég hef einnig tekið það fram í fjhn., að ég gæti hugsað mér og teldi sanngjarnt að leggja á skatt, svipaðan eða líkan og gert er ráð fyrir í frv., en ég tók það líka fram, að ég teldi eðlilegast, að sá skattur yrði lagður á tekjur ársins 1941, en ekki ársins 1940. Ég tel það mjög óviðfelldið, þar sem komið er fram á mitt ár 1941, að vera þá að bæta við nýjum skatti á tekjur ársins 1940. — En það er enn fullkomið tækifæri til þess á næsta þingi að leggja slíkan aukaskatt á tekjur ársins 1941, og það er algerlega misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni, að það sé ekki gersamlega ólíkt að ákveða aukaskatt í byrjun ársins á tekjur ársins 1941, eins og hægt er að gera, ef þessar ráðstafanir halda áfram, eða að vera að leggja háan, nýjan skatt á miðju ári á tekjur liðins árs.

Að öðru leyti er um þetta að segja, að hv. þm. spurði, hvort ég hefði nokkurn rétt til að segja, að það mundi verða minna ósamlyndi í ríkisstj. og hér á Alþingi með því að afgreiða þetta mál á þann hátt, sem meiri hl. fjhn. leggur til, en ef frv. er samþ. óbreytt, þá veit þessi hv. þm. vel, og við vitum það allir, að það hefði valdið meiri ágreiningi en líkur eru fyrir að þetta komi til með að valda, því að það er fyrir fram víst, að það veldur ekki svo miklum ágreiningi, þó að þetta komist í það horf, sem líkur eru til, að hér verði samþ., að af því stafi það ósamlyndi, sem ætla hefði mátt, að hefði orðið af hinni hliðinni.

Þá skal ég víkja nokkru nánar að þeirri brtt., sem fjhn. flutti viðvíkjandi breytingu á tollunum.

Það er alveg rétt, sem hæstv. viðskmrh. tók fram, að till. um það að lækka og fella niður tolla lá fyrir fjhn. í frv., og er þess vegna ekki ný till., en aðeins færð á milli og sett inn í þetta dýrtíðarráðstafanafrv., en um hitt, að auka tollana á munaðarvörum og innlendum tollvörum, hefur engin till. legið fyrir.

Ég efast ekki um það, að það er rétt hjá hæstv. viðskmrh., að það hefur verið talað um þetta í stjórninni, en það hafa engar till. legið fyrir um þetta, og það hefur verið upplýst hér á þessum fundi, að það hafa verið teknar út úr till. dýrtíðarn. um að hækka þessa tolla. (**Viðskmrh.**: Það er ekki rétt) Það er rétt, því að ég sá bæði frv., sem þessi dýrtíðarn. lagði fyrir, og í öðru þeirra voru ákvæði um það að hækka tolla á áfengi og tóbaki. Það er þess vegna víst, að hæstv. viðskmrh. hefur ekki sett það inn í frv. sitt. (**Viðskmrh.**: Vill þá hv. þm. segja, að ég hafi logið því?).

Ég var að segja, að hæstv. ráðh. hefði sagt, að það hefði verið talað um þetta í ríkisstj., en það er allt annað að tala um hlutina en að framkvæma þá.

Ég sýndi fram á það með tölum, að það eru líkur til, að þessi hækkun á tollunum hafi verið 2 til 2¼ millj. kr., en skv. 5. gr. yrðu tekjurnar ekki minni en 400 þús. til 500 þús. kr., en það hefur aldrei verið gert ráð fyrir meiri tekjum skv. frv. en sem svarar 3 millj. kr. Þar að auki skal ég geta þess í þessu sambandi, að þegar þetta frv. var hér til 1. umr., var það í óvissu fyrir okkur, hve mikils væri hægt að vænta af því útflutningsgjaldi, sem gert er ráð fyrir skv. 4. gr. frv., en síðan höfum við fengið upplýsingar frá hæstv. atvmrh., sem gera það að verkum, að það er miklu meiri von um það að fá ríflegri tekjur af þessari heimild en við höfðum ástæðu til að ætla, þegar frv. var til 1. umr., og að það eru minni ástæður til ágreinings út af því, þó að sett verði í 5. gr. breyt., sem meiri hl. fjhn. leggur til hér.

Það var aðallega út af ágreiningnum um till. okkar hv. 3. landsk. þm., sem ég kvaddi mér hljóðs hér, og skal ég fara ofurlítið nánar inn á það mál, í tilefni af fyrri ræðu hæstv. viðskmrh., en ég vil áður víkja að því, sem hv. þm. Ísaf. hafði eftir mér og var ekki rétt eftir haft. Hann segir mig hafa sagt, að það borgaði sig ekki lengur fyrir íslenzka bændur að framleiða vörur fyrir erlendan markað. — Þetta hef ég ekki sagt, en aftur á móti sagði ég, að það væri ekki það hátt verð á íslenzkum landbúnaðarafurðum á erlendum markaði nú sem stendur, að það muni borga sig fyrir þjóðina að selja þær vörur út úr landinu, gegn því að kaupa útlendar vörur í staðinn. Ég álít þess vegna heppilegra fyrir þjóðina að nota sem mest af þessum vörum sjálf, og því sé rétt að gera ráðstafanir til þess, að bændur, sem framleiða þessar vörur, fái framleiðsluverðið, en neytendurnir þyrftu þó ekki að kaupa þær hærra verði en svo, að þeir tækju þær heldur en aðfluttar erlendar vörur.

Hvað snertir þann ágreining, sem kom fram viðvíkjandi till. okkar 3. landsk. þm., þá skal ég segja það, að mér þótti það undarleg yfirlýsing hjá hæstv. viðskmrh., þegar hann sagði, að till. byggðist á þeim grundvallarmisskilningi, að það þyrfti ekkert að gera fyrir bændur í sveitum landsins. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum, að einmitt vegna þess, hvernig okkar fjármálakerfi hefur verið hagað, þá hefur farið svo, að fólkið hefur streymt úr sveitunum og framleiðslan ekki orðið aðnjótandi þess vinnukrafts, sem vera þyrfti.

Það má náttúrlega um það deila, hvort þessu

yrði sérstaklega breytt fyrir bændur. Ég tel, að það sé fyrir þjóðarheildina alla, og það er skylda Alþingis að sjá um, að einhverjar ráðstafanir verði gerðar. En hæstv. viðskmrh. lýsti því yfir, að það kæmi ekki til mála að gera aðrar ráðstafanir en bæta upp útfluttar vörur, ef þær seldust óvenjulega lágu verði. Að fenginni þeirri yfirlýsingu hjá hæstv. ráðh., þykir mér vafasamt, hvort fyrsta brtt. fjhn. er ekki frekar til að skemma fyrir en bæta, ef á að framkvæma þetta á þennan hátt.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, að hann teldi það ákaflega óeðlilegt, sem felst í þessari till., að leggja það undir dóm Búnaðarfélags Íslands, hvaða verð þurfi að borga til þess að landbúnaðarframleiðslan dragist ekki saman. Hann taldi það vera hið sama og ef lagt yrði undir Alþýðusamband Íslands, hvaða kaup ætti að borga í landinu. En þetta er ekki sambærilegt, því að hér er um að ræða stofnun, sem hefur á að skipa framleiðslumönnum og á að segja til um það, hvað muni þurfa til að koma í veg fyrir það, að landbúnaðarframleiðslan dragist saman. Og ég vænti þess, að hv. þm., ef þeir hugsa í ró og næði um þetta, muni verða því fylgjandi að koma í veg fyrir, að slík framleiðsla dragist saman, en ef þeir verða það ekki, þá hafa þeir ekki gert sér grein fyrir því, hvað er alþjóðarhagur. Að hér sé um að ræða óvild frá hálfu okkar 3. landsk. þm. og landbn. þessarar deildar, er þess vegna yfirlýsing, sem ég get ekki undir neinum kringumstæðum fallizt á, að eigi við rök að styðjast.

Mitt sjónarmið er það, að þeir, sem vinna að sveitaframleiðslu, eigi að fá svipuð kjör og annað verkafólk í landinu, og því aðeins sé rétt að tala um tilkostnaðarverð vöru, að þeirri kröfu sé fullnægt. Og að rannsaka, hvað til þess þurfi, er atriði, sem ég treysti Búnaðarfélagi Íslands miklu betur til en þeim verðlagsnefndum, sem við höfum haft til að ákveða verðlag á kjöti og mjólk.

Ég sé svo að sinni ekki ástæðu til að orðlengja miklu meira um þetta, ef mér verður ekki gefið frekar tilefni til þess, og ég vænti þess, að það liggi það ljóst fyrir hv. þm., að þeir séu ekki óviðbúnir því að greiða um þetta atkv., en ég vil ítreka það, sem ég vék að áðan í ræðu minni, að þó að Alþingi afgreiði þetta frv. í því formi, sem það liggur fyrir í, þá er mesti vandinn í því, hversu röggsamlega ríkisstj. tekst að framkvæma þær heimildir, sem henni eru veittar með þessu frv., sem hér liggur fyrir, og verður það að mínu áliti styrkur prófsteinn á það, hvort stjórnin er verðug þess trausts, sem henni hefur hingað til verið sýnt.

*__Eiríkur Einarsson:__ Verði svo, sem líkur eru til, að þessari umr. verði lokið nú og gengið verði til atkv. og kylfa látin ráða kasti um niðurstöðuna, þá álít ég, að með þeim ágreiningi, sem uppi er um málið og niðurstöðu þess, sé réttast, að sem flestir og einnig þeir, sem ekki hafa ætlað sér að taka til máls, láti nokkur orð falla um þau atriði, sem sérstaklega valda ágreiningi.

Annars hef ég tekið eftir því, — og ég veit, að svo mun vera með fleiri, — að þetta málefni, eins og það liggur fyrir nú, er komið á breiðari og víðari vettvang en ég geri ráð fyrir, að því hafi verið ætlað, þegar fyrst var farið að hugsa og tala um þörf á lagasetningu, sem lyti að þessu málefni. — Það hefur spunnizt langtum lengra út í hin ýmislegu málefni þjóðarinnar og vandkvæði í sambandi við hernámið en upphaflega var sérstaklega rætt um, að þyrfti að liggja til grundvallar fyrir bráðabirgðalagasetningu.

Það var upphaflega rætt um, hvernig ætti að tryggja það, að nóg matvæli væru í landinu og að framleiðslan drægist ekki saman, ef svo skyldi fara, að tæki fyrir aðflutning til landsins. Og þetta var rætt með alveg sérstöku tilliti til þess, hvernig komið var með vinnuafl í landinu, því að það eru miklar líkur til þess, að til vandræða horfi fyrir bændur við að yrkja jörðina á þessu sumri.

Ég veit þess dæmi, að margur bóndinn, sem er vanur að afla heyja handa nautgripabúi með 10 kúm, hefur sparað við sig að kaupa mann, sem hann þarf að greiða eftir þeim taxta, sem nú er, og vill heldur farga 2 eða 3 nautgripum, sem hann annars hefði haft. Ef slíkt endurtekur sig á mörgum stöðum, sjá menn, hvaða afleiðingar það mundi hafa og hvernig það mundi verka á mjólkurmarkaðinn hér í höfuðstaðnum og annars staðar, einmitt á þeim tímum, sem þörfin er mest á því, að þetta sé fyrir hendi. Þetta er dæmi, sem engrar skýringar þarf við, og mætti nefna þau mörg fleiri.

Það er þessi brunnur, sem þarf að byrgja, og allir eru sammála um, að það þurfi að gera strax, því að það er nokkuð annað að afla heyja í júlí og ágúst heldur en í sept., því að þá er nokkuð langt liðið á sláttinn.

Þetta getur átt sér nokkuð víðtækar afleiðingar, og það var lengi vel þessi hlið málsins, sem rætt var um, hvernig ætti að tryggja, svo að það þyrfti ekki að koma fyrir, að bændur gætu ekki verið öruggir með tilliti til afkomu sinnar, en haft þann vinnuafla, sem þeir þyrftu, svo ekki drægi úr framleiðslu þeirra.

En það er nú svo, að þegar þetta mál er hér til umr. undir þinglausnir, þá get ég ekki dulizt þess að hafa orð á því, að ég álít, að það hefði verið réttara, að þetta hefði verið rætt og tekið til úrlausnar samtímis tveimur öðrum málum, sem nú þegar hafa verið afgreidd. Ég þarf ekki að gefa nánari skýringu á því, við hvaða mál ég á, en þau eru skattalögin annars vegar og sjálf fjárlögin hins vegar. Hvað hefði verið eðlilegra en að afgreiða þessi mál með hliðsjón til og í samræmi hvert við annað? Vitanlega hefðu þau verkað á afgreiðslu fjárl. og sveiflað ýmsu til frá niðurstöðu þeirra, en það er of seint að tala um það núna, en ég vil bara geta þess, að ég tel réttláta óánægjuna fyrir því, að þetta hefur dregizt, en hitt verið afgr. á undan.

Það hefur verið orðað, að sá heimildarbragur skuli nú vera tekinn upp á Alþingi, sem áður hefur átt sér stað, þegar verst hefur gengið, að í staðinn fyrir að halda beint að niðurstöðu málefnisins, sem um hefur verið að ræða, þá skuli samhliða því meira og minna lenda af hinni

gömlu trú. Hver er þiggjandinn, og hver er veitandinn?

Þetta hefur alltaf orðið til tjóns, aldrei til bóta, og svo mun enn reynast. Það lagast aldrei fyrr en önnur hugsun er lögð til grundvallar fyrir því, hvert sambandið eigi að vera milli framleiðenda, sveitamanna í þessu tilfelli, og neytenda í Reykjavík, og annar skilningur sé lagður í þetta en verið hefur fyrir hendi enn sem komið er.

Störf mjólkurverðlagsnefndar og kjötverðlagsnefndar eiga að vera þau að finna, hvort verðið er of hátt með tilliti til framleiðenda og of lágt til neytenda. Þar liggja takmörkin, og ef farið er út fyrir þessi eðlilegu endamörk, þá verður það beggja skaði. Ef mjólkurverðið fer hærra en almennur kaupvilji neytenda vill, þá verður það aðeins til þess að salan dregst saman. Að þetta sé rétt, segir sig alveg sjálft. Þess vegna vil ég segja það viðvíkjandi brtt. á þskj. 743, frá þremur hv. þm., að ég get vel fallizt á að greiða henni atkv., enda þótt ég telji vafasamt hvort síðasta setningin hefur rétt á sér. Því ef verðlagsnefndin setur annað verð en réttlátt er frá beggja sjónarmiði, þá er eitthvað bogið við það. Þá er um falskt viðskiptaverð að ræða. Að vísu ber ekki að telja verðlagsnefnd óskeikula, því mörgum getur skjátlazt, en n. er mikill vandi á höndum, og ég álít, að stjórnarvöldin hafi bæði fyrr og síðan n. tók til starfa tekið of lausum tökum á þessum hlutum. Kjötverðlagsnefnd og mjólkurverðlagsnefnd ættu að vinna sameiginlega, því þeirra starfsgrundvöllur er líkur, en ekki meira um það. Ég álít fjarstæðu, þegar talað er um hjálp eða ölmusu í sambandi við þetta. Þetta er þörf, gagnkvæm þága til að tryggja öryggi landsmanna.

Svo ég komi aftur að því, sem ég byrjaði, að ef bændur treysta sér ekki til að halda eins mörg hjú og þörf gerist til að afla heyja, svo heyfengur verði minni en ella, þá ber að tryggja þetta, áður en sláttur hefst, því það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann. Þetta ber að tryggja, því hér ríður á miklu.

Ég skal nú ekki vera mjög langorður enn, því ég sé, að menn tekur að lengja eftir kaffinu, en vil aðeins segja, að þótt ágreiningur sé um þetta frv. og brtt. við það og ég sé ekki alls kostar ánægður, þá tel ég þó mikla nauðsyn á, að l. verði sett um þetta, og læt atkvgr. mína sýna mitt álit að öðru leyti á sínum tíma.

Svo læt ég þetta nægja, en vonast til, að hæstv. ríkisstjórn láti, þegar til hennar kasta kemur, hið nauðsynlega ganga fyrir hinu ónauðsynlega.

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Ég sé ekki ástæðu til þess að vera langorður. Það er aðeins eitt atriði í ræðu hæstv. viðskmrh., sem ég þurfti að gera aths. við. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri alls ekki sett neitt verðlag á matvörur samkv. l. um verðlag. En ég hafði látið svo um mælt, að verðlag á matvörum hefði hækkað fyrir aðgerðir verðlagsn. Það, sem ég hafði fyrir mér í þessu, voru orð matvörukaupmanna sjálfra. Ég spurði tvo matvörukaupmenn, sem ég skipti við, eftir hvaða reglum þeir legðu á matvörurnar. Þeir sögðust leggja 40% á matvöruna og hefðu leyfi til þess frá verðlagsn. Ég gat ekki lengra komizt með upplýsingar. En mér var kunnugt um það, að á margar matvörur hafði verið lagt miklu minna. Og síðan þær hækkuðu eins og orðið er, er engin þörf á að leggja á eins háar prósentur eins og áður var. Það er í sjálfu sér alvarlegt atriði, að ekki skuli hafa verið notuð heimildin sjálf til þess að létta af álagningu á matvælum. Og ég vil minna á það, að ég krafðist þess á Alþ. fyrir löngu síðan, að rýmkuð væru höftin á innflutningi, og ég var mjög á móti því, að breytt væri gengi krónunnar. Þá rökstuddi stj. sinn vilja um gengisbreytingu og andstöðu sína gegn rýmkun innflutnings meðal annars með því, að vöruskortur væri í landinu og gæti það þess vegna valdið verðhækkun á vörum. En sökum þeirra taka, sem stj. hefði á verðlagi gegn þessum l., sem voru rétt, ef þau voru framkvæmd, gat ríkisstj. haft hemil á þeim samkv. 1. gr. þeirra l. Og undanþegnar eru aðeins vörutegundir, sem verðlagðar eru samkv. sérstökum l., og enn fremur vörur, sem seldar eru úr landi. Og í 3. gr. þessara l. segir: „Hlutverk verðlagsn. er að setja sérstakt verðlag á vörur, ef n. telur það æskilegt.“ Nú veit ég ekki, hvar meiri þörf er á að hafa gætur á verðlagi heldur en á nauðsynjavörum og þá fyrst og fremst matvörum. Ég verð þess vegna að segja, að með vitnisburði hæstv. ráðh. hafi það komið í ljós, að grunur minn og spá um það, að þessi löggjöf mundi ekki verða að því gagni, sem mér og öðrum var sagt, hefur rætzt. Þessi löggjöf hefur ekki verið notuð eins og skyldi og eins og í raun og veru var heimilt.

Hv. 1. þm. Rang. gerði nokkrar aths. við mína ræðu. Hann sagði í upphafi síns máls um mína ræðu, að ég hefði sagt, að ég harmaði það, hversu seint frv. þetta væri fram komið. Þetta er nákvæmlega gagnstætt því, sem ég sagði. Ég sagði að sönnu, að ég harmaði það, hversu seint það væri fram komið, að stj. vildi hefjast handa um það að halda dýrtíðinni niðri. En ég taldi þetta frv. gagnslítið í þeim efnum. Hv. 1. þm. Rang. hefur þess vegna alveg snúið þessu við, og í staðinn fyrir það, að ég sagði, að þessi viðleitni ríkisstj. kæmi nokkuð seint og hefði aldrei getað orðið að verulegu gagni, nema annaðhvort með rýmkuðum innflutningi í upphafi eða strangara eftirliti með verðlagi, þá sagði hann, að ég hefði sagt, að ég harmaði það, hve þetta frv. væri seint fram komið. Það er nú algengt að menn í rökþroti geri þeim, sem þeir deila við, upp orð og meiningar og sýni svo sína vopnfimi með því að berjast við þessi rök, sem þeir sjálfir hafa búið til. Og hv. 1. þm. Rang. er ekki einn um það. Það eru fleiri, sem grípa til slíks í rökþroti, er þeir hafa vondan málstað að verja. En hann er því miður, einn af þeim í þetta skiptið.

Hv. 1. þm. Rang. sagði enn fremur, að ég hefði viljað láta setja fast verðlag aðeins á þær afurðir eða þær vörur, sem bændur hefðu selt. Hann sagði, að það væri auðskilið, að ég stefndi mínu máli þannig aðeins að þessari stétt manna og aðrir ættu að bera hallann af því, að þeim væri sett ósanngjarnt hámark á sínar vörur. Þetta er nú alveg rangt. Ég sagði einmitt það, að ég sæi

ekki, að ríkisstj. gæti eða þyrfti að nota þetta fé, sem hún ætlar að afla sér, ef frv. verður að l., nema til þess að bæta upp verð á vörum, sem selja yrði undir framleiðslukostnaði, og til þess að lækka farmgjöld, ef ekki ætti að bæta neytendum beinlínis sjálfum. Ég sagði, að verð mjólkur hefði reynzt vera í samræmi við þá hækkun, sem hefur orðið á framleiðslukostnaði í samræmi við verðlagsvísitölu, sem notuð er við útreikning á launum, og svo verið tekið nokkurt tillit til þess, að almennur vinnukraftur hefur hækkað meira í verði heldur en vísitalan. En ég bætti því við, að ég vissi það, að það, sem bændur hefðu fengið greitt fyrir sínar vörur fyrir stríð, hefði ekki hrokkið til fyrir þá, og þess vegna þyrfti ríkisstj. eitthvað að gera til þess að bæta upp verðið á þessum vörum. Í þessu held ég, að komi ekki fram nein óvild til framleiðenda, heldur skilningur á því, að þessir menn fái greitt kostnaðarverð fyrir sínar vörur og helzt eitthvað ofurlítið meira. Ég held þess vegna, að vinátta okkar hv. 1. þm. Rang. til þessara manna sé ekki ákaflega ólík. Og í raun og veru viljum við það sama þeim til handa. Það, sem skilur okkur, er það, að ég vil þessum mönnum vel, af því að é' þekki vel þeirra kjör og þeirra stríð. En vinátta hv. 1. þm. Rang. virðist vera í endurgjaldsskyni fyrir atkv.

Þá sagði hv. 1. þm. Rang., að þó að suma þm., og þar mun hann hafa átt við mig, brysti skilning á því, að framleiðslan til sveitanna héldi áfram, þá hefðu Bretar sýnt það í sínum viðskiptum, að þeir skildu það vel, að ekki mætti draga úr framleiðslu sveitanna. Ég veit ekki, af hverju hv. þm. dregur það, að mig og aðra þm. bresti skilning á þessu. Ég veit ekki heldur, hvaðan hv. þm. hefur það, að Bretar hafi ætlazt til, að sú uppbót, sem þeir veittu, yrði höfð til þess að bæta upp verð á útflutningsvörum bænda. Þetta er náttúrlega alls ekki rétt. Uppbótarféð er alls ekki bundið neitt frá hendi Breta við það, að það gangi til bænda, heldur er þetta fé veitt á útflutning ársins 1940, og er miðað við það eitt að bæta upp það verð, sem halli hefur orðið á alveg burtséð frá því, hvort það er framleiðsla til sveita eða sjávar. Ég held, að það sé hinn íslenzki skilningur, að þetta fé eigi að mestu að ganga til landbúnaðarafurða. Bretar hafa ekkert um það sagt. Og þó að ekki gengi einn einasti eyrir til landbúnaðarafurða, þá mundu þeir ekki skipta sér neitt af því.

Þá vildi ég aðeins minnast á það, að því var tekið sem einhverri fjarstæðu, að mér skildist, er ég sagði, að verkamannastéttin hefði ekki fleytt neinn sérstakan rjóma enn þá af þeirri breytingu, sem orðið hefði hér á landi, í það minnsta ekki fram yfir þarfir, svo að það sé sérstök ástæða til þess að launastéttirnar beri útgjöld til þess að bæta öðrum upp verð. Ég benti á það, sem er alveg rétt, að sökum langvarandi atvinnuleysis hefðu verkamenn, og einnig sjómenn, sem hafa haft lágan hlut um allmörg ár, verið svo djúpt niðri í skorti, að það hefði þurft mikið til þess aðeins að klæða þetta fólk, sem auðvitað var hálfnakið, bæði í klæðnaði og húsbúnaði og öllum þægindum. Og áður en þetta fólk gæti látið eftir sér aðrar lífsnauðsynjar, þurfti að bæta í þessi skörð. Mér dettur ekki í hug að taka þessi orð mín aftur. Það getur verið af ókunnugleik þessa hv. þm., að hann furðar sig á þessu. En ég veit fyrir víst, hvernig lífskjörin eru hjá þessum stéttum. Og ég veit líka, að þau hafa batnað á síðustu áratugum, og það greinilega frá því ég var að alast upp. En þessi munur er langminnstur hjá verkamannastéttinni. Það vita þeir menn, sem koma í íbúðir þeirra og kynnast því, sem þar er til hnífs og skeiðar. Það mun að sönnu vera eitthvað betra og meira en var fyrir 30—40 árum, en það munar miklu minna hjá þeim en hjá nokkurri annarri stétt í landinu. Ég þarf ekki að hafa annarra sögusögn um þetta. Ég veit það vel sjálfur. Enda þó mér þyki leiðinlegt, þegar kaupkröfur eru gerðar með verkföllum, því að slíkt er tjón fyrir þjóðfélagið, þá veit ég, að þessar stéttir manna hafa þurft að grípa árinni miklu dýpra heldur en nokkrar aðrar stéttir í þjóðfélaginu.

*__Frsm. (Sveinbjörn Högnason)__: Það er ekki margt, sem ég þarf að taka fram vegna þeirra umr., sem orðið hafa, því að í þeim umr. hefur meira verið deilt um orð heldur en um ágreiningsatriði.

Hv. 5. þm. Reykv., sem nú var að ljúka máli sínu, taldi, að ég hefði ekki haft rétt eftir sér úr fyrri ræðu hans um það, að hann harmaði það, hve seint hefði komið fram þetta frv. eða viðleitni frá ríkisstj. í þessa átt. Þetta taldi hann, að hann hefði ekki sagt, heldur hitt, hvað ríkisstj. hefði gert lítið í þessu efni. Hv. þm. sagði, að þetta frv. og þessi viðleitni væri of seint fram komin. En hann sagði nú í síðari ræðu sinni, að þetta frv. væri of gagnslítið. Ég held, að það sé rétt eftir haft. En ef þetta frv. er of gagnslítið að hans dómi, þá ætti hann ekki að ganga í flokk þeirra manna, sem vilja gera það enn gagnsminna, með því að draga úr tekjuöflunarleið þeirri, sem í frv. er gert ráð fyrir. Því að það er skiljanlegur hlutur, að ef seint er á þessu tekið, verður þörfin enn meiri til þess að afla tekna til að geta bætt upp það, sem þegar hefur verið vanrækt. Mér þætti það því eðlilegast, vegna hans heildarafstöðu í þessu máli, að hann bæri fram brtt. í þessu máli til þess að efla frv. og gera meira í þá átt, sem frv. stefnir að, en ekki vinna að því að draga úr frv. Hv. þm. var í sinni ræðu að bera mér það á brýn, að ég berðist fyrir málstað bænda af því, að ég ætlaðist til endurgjalds fyrir það með atkv. En hver er ástæðan hjá hv. 5. þm. Reykv., þegar hann lýsir yfir, að frv. sé svo gagnslítið, en vill þó draga úr því sem hægt er? Það skyldi þó ekki vera í von um atkv., sem hann gerir það? Það eru fleiri af þeim, sem kjósa hv. 5. þm. Reykv., sem vilja losna við skattinn, og það mun vera eitthvað frá hans kjósendum, sem mótar þarna vilja hv. þm., kannske í von um það einhvern tíma seinna að fá í staðinn atkv. eða einhver laun. Eða skyldi það ekki vera svo?

Þá talaði hv. þm. um misskilning hjá mér, að Bretar hefðu með sjóði þeim, sem þeir lögðu til til uppbótar á útflutningsvörum, ætlazt til, að það fé kæmi sérstaklega á landbúnaðaraf-

urðir. Ég veit, að hv. þm. hefur gert sér það ljóst, að þegar þetta fé var lagt fram af Bretum, þá var til þess ætlazt, að því yrði varið til þess að bæta upp markaðstöp, sem orðið hefðu á vörum landbúnaðarins erlendis, eða af því að vörurnar seldust lægra verði fyrir þær ráðstafanir, sem Bretar hafa gert hér á landi. Og þá mun hv. þm. ljóst, að það hefur lent mest á landbúnaðarafurðum, vegna þess að það hefur ekki verið sett hámark á afurðasölu nema á landbúnaðarafurðir. Ég veit ekki til, að það hafi verið sett hámark á aðrar. En Bretar vildu, að sett væri hámarksverð á landbúnaðarvörurnar, til þess að hækka ekki slíkar vörur í Englandi, og vildu heldur bæta upp verðið með þessum sjóði. Það hefur vitanlega verið ætlazt til þess af þeirra hendi, að þetta fé kæmi á þær vörur, sem þeir sömdu um.

Þá vildi hv. þm. lýsa nánar vináttu sinni til verkamanna og sagði, að þeir ættu að fá bætt gömul sár, sem þeir hefðu beðið meðan kreppan var mest. Og sízt skal ég mæla móti því. Það er mjög gott, að þeir fái það. En það eru fjöldamargar aðrar stéttir, sem leiknar voru hart, þegar kreppan var sem mest. Og ég get búizt við, að sumar þær stéttir, sem hafa orðið að taka á sig aukna byrði vegna gengislækkunar fyrir aðrar stéttir, eigi enn óbætta skuld, þar á meðal bændastéttin, sem hefur selt sínar vörur á innlendum markaði. Þegar við afgr. slíkt mál sem þetta, þá er skylt að líta til meira en einnar stéttar. Það verður að líta til allra frá almennu sjónarmiði.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. A.-Húnv. Hann talaði hér í fyrstu ræðu sinni í sínum gamla tón um það, hversu sjálfsagt það væri, að framleiðendur væru styrktir, og bar hv. þm. mikla umhyggju fyrir þeim. En þegar kemur til þess nú að gera ráðstafanir til að halda við gengi krónunnar, er vilji hans minni. Þá verður honum sárara um launastéttirnar heldur en framleiðendur og snýst þá alveg við. Þegar kemur til þess, að leggja skuli skatt á framleiðslustéttina, hefur hv. þm. A.-Húnv. ekkert við það að athuga. En það er öðru máli að gegna með launastéttirnar, hv. þm. finnst of mikið, sem lagt er á þær. T. d. ef einhleypur maður, sem hefur 8 þús. kr. hreinar tekjur, á að borga 205 kr. skatt, sem í raun og veru rennur til hans aftur til þess að lækka verðlagið fyrir hann sjálfan, þá vill hv. þm. A.-Húnv. hlaupa í lið með honum og segja, að þetta sé allt of mikið, hann megi ekki borga meira en 30 kr. Og ef einhleypur maður hefur 20 þúsund kr., þá segjum við, samkv. 5. gr. frv., að hann eigi að greiða 800 kr. til varnar erfiðleikum þeim, sem hér um ræðir. Þá segir hv. þm. A.-Húnv. líka, að það sé allt of mikið, hann eigi ekki að greiða í skatt nema 300 kr. Við lítum svo á, að það séu ekki neinar drápsklyfjar, þó að skattur væri lagður á eftir ákvæðum 5. gr. Eftir að skattalöggjöfin var ákveðin fyrir árið 1940, vildi hv. þm. ekki brjóta prinsíp með breyt. á henni, þó að hann telji ekki óeðlilegt að bæta við skattgreiðslum á þessu ári. En hann brýtur það sama prinsíp með því að koma með brtt., sem hann er flm. að ásamt meiri hl. n., því með slíkum till. vill hann leggja nýjan skatt ofan á skatt, sem lagður var á 1940.

Ég lengi svo ekki mál mitt, en vil vona, að hv. þm. A.-Húnv. haldi sér að sinni fyrri línu í þessu máli og gleymi ekki framleiðendum, að hann reyni að hrinda af sér þessum mikla klökkleika með tilliti til hagsmuna launamanna og gangi með okkur að afgreiðslu frv.

*Sigurður Kristjánsson: Aðeins örstutt athugasemd við eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Rang. Hann sagði, að Bretar hefðu ætlazt til, að sjóður sá, sem þeir lögðu fram til verðuppbótar á vörur, sem markaðstöp hefðu orðið á erlendis, skyldi aðallega ganga til að bæta upp verð á landbúnaðarafurðum. En ég tel, að þeir hafi ekkert sagt um þetta. Útgerðin tapaði miklu á því ári, sem um er að ræða, og missti mjög markaði. Einkum töpuðust mjög markaðir fyrir síld. Sú síld, sem seldist ekki þá, hefur síðan selzt seint og illa. Einnig tapaðist markaður fyrir aðrar sjávarafurðir, svo sem hrogn og sundmaga. Það getur því ekki átt sér stað, að þessa verðuppbót eigi að einskorða við landbúnaðarafurðir einar saman.

*Finnur Jónsson: Ég bar áðan fram þrjár fyrirspurnir til hæstv. ríkisstj. Hæstv. viðskmrh. svaraði, en ekki fyrir hönd hæstv. stj., heldur aðeins fyrir sína hönd. Ég óska þess nú, að hann, eða einhver annar hæstv. ráðh., gefi alveg skýr svör við þessum spurningum við 3. umr. og svari ekki aðeins fyrir sína hönd, heldur allrar hæstv. stj. Þar sem ég tel hér mjög mikið vandamál á ferðinni, get ég ekki sætt mig við þessa afgreiðslu málsins, án þess að skýr svör verði við 3. umr. komin við fyrirspurnum mínum. Þriðju fyrirspurn minni, um það, hvernig færi, ef upp kæmi innan hæstv. stj. verulegur ágreiningur varðandi þetta mál, svaraði hann svo, að annaðhvort færi hlutaðeigandi ráðh. úr stj. eða þing yrði kvatt saman. En ég tel, að hér geti ekki verið um að ræða annað hvort **eða**, heldur verði að kveðja þing saman þegar í stað, ef til þess kemur, að einhver ráðh. fari úr stj. vegna þvíliks ágreinings. Ég legg mikla áherzlu á, að svör verði gefin við þessum fyrirspurnum við 3. umr.

Umr. (atkvgr,) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 14. júní, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 732 tekin aftur.

— 741,1 samþ. með 26 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 26:2 atkv.

Brtt. 743, fyrri málsl., felld með 22:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, PO, StSt, StgrSt, ÞBr, BÁ, EE.

nei: ÓTh, PHann, SEH, SK, SkG, SvbH, VJ, ÁÁ, BJ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, HG, HelgJ., HV, JakM, JGM, JÍv, JörB.

GSv, ÍslH, JóhJón greiddu ekki atkv.

1 þm. (TT) fjarstaddur.

Brtt. 743, síðari málsl., tekin aftur.

— 741,2,a samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 741,2,b, 1—2 samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 741,2,b,3 samþ. með 22:2 atkv.
Ný gr. (verður 3. gr.) þar með ákveðin.
Brtt. 741,3 samþ. án atkvgr.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.
Brtt. 741,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 24:5 atkv.
Brtt. 742 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 19:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, EmJ, FJ, GÞ, GSv, HG, HV, ÍslH, JakM, JGM, JóhJón, JPálm, ÓTh, SEH, SK*), StSt, VJ, ÞBr, ÁÁ.
nei: BÁ, BjB, EystJ, GG, HelgJ, JÍv, PHann, PO, SkG, StgrSt, SvbH, BJ, JörB.
1 þm. (TT) fjarstaddur.
1 þm. gerði svo látandi grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Kristjánsson: Ég er að sönnu á móti því gjaldi, sem brtt. þessi gerir ráð fyrir. En af því að með samþ. þessarar brtt. er þó gerð stór umbót á þeirri gr., sem hún er borin fram við, segi ég já.

6—7. gr. (verða 7.—8. gr.) samþ. með 22:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:4 atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 752).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23:2 atkv.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Sjálfsagt er ekki ástæða til þess að lengja umr. um málið á þessu síðasta stigi hér í hv. deild, því að efni þess hefur verið rækilega rætt, bæði af mér og öðrum, eftir því sem nú eru tök á. Ég kann þó ekki við annað en gera nokkru frekari grein fyrir afstöðu minni, eins og nú horfir við. Málið hefur tekið allmiklum stakkaskiptum við breyt. þær, sem samþ. voru við 2. umr., og orðið stórum aðgengilegra en frv. það, sem hæstv. viðskmrh. lét leggja fyrir þingið. Áður en gengið verður til atkv., vildi ég fá það fram, svo greinilega sem verða má, hjá ríkisstj., hvernig afstaða hennar er til tveggja atriða málsins. Þess vegna óska ég, að ráðherrarnir sitji í sætum sínum, — mætti kannske segja: aldrei þessu vant —, og ljái á meðan spurningum minum eyra.

Eins og kunnugt er, hefur ekki tekizt að koma inn í frv. þeim tveim atriðum, sem dýrtíðarn. svo kallaða lagði að sumu leyti mikla áherzlu á. Fyrra atriðið var í 2. gr. frv. þess, er tillögur hennar geymdi og afhent var ríkisstj., sem sé að heimila hækkun gengisins; hitt var í 3. gr., að úrskurðarvald um verðlagsákvæði lægi hjá ríkisstj. Á síðara atriðið hefur Sjálfstfl. lagt ríka áherzlu, þó að hann óski fyrst og fremst samkomulags allra höfuðaðila um málið í heild. Við teljum ófært, á yfirstandandi vandræðatímum, að ríkisstj. sleppi taumhaldinu á þessum verðlagsákvæðum úr höndum sér og verðlagsn. ráði þeim einar. Okkur hefur verið tjáð, að Framsfl. mundi ekki þola það, að slíkar breyt. yrðu gerðar, hann hefði þá í hótunum um að rjúfa stjórnarsamvinnuna. Málið er vandmeðfarnara fyrir þá skuld. Ekki er þannig að skilja, að stjórnarsamvinnan verði að haldast, hvað sem kostar, eða að ánægja ríki með hana. Þvert á móti er hún ekki annað en **malum neccessarium** (ill nauðsyn) og fullvíst, að hún hefði ekki haldizt árinu lengur, ekki sízt eftir reynslu þessa árs af henni, ef styrjöldin hefði ekki brotizt út. Það er vandræðaástandið, sem réttlætir vandræðastjórn. Sjálfstfl. hefur ekki verið þannig hugsandi, að hann vildi stofna til þess að slíta sambandinu, nema mjög brýna nauðsyn bæri til. Ég vil ekki telja útilokað, að samkomulag gæti orðið um það, að ákvæðin um verðlagið yrðu nokkru fyllri og skýrari en nú er og tök ríkisstjórnarinnar á þeim efnum nægilega sterk, hvenær sem hún vill beita þeim. Ef um pólitík er að ræða í þeim málum, ræður Framsfl. mestu, vegna þess að fulltrúar hans í stj. ráða mestu um formenn verðlagsn. Þetta verður að segja, enda þótt auðvitað væri æskilegast og í sjálfu sér nauðsynlegt, að formennirnir væru ekki pólitískt flokkslitaðir. Það hefur komið fram, síðast í ræðu eins ráðherrans, að ráð til að bæta úr því, ef verðlagsn. brýtur í bág við vilja ríkisstj., væri að skipta um formann í nefndinni. Ég óska þess, að ríkisstj. láti í ljós, að hún sé þess albúin að hafa æðsta úrslitavald og ábyrgð þessa máls í sínum höndum og einnig albúin þess að framkvæma þar vilja Alþingis. Vilji Alþingis er vafalaust sá, að ríkisstjórnin hafi í raun og veru æðsta valdið og framfylgi orðum og anda laganna, sem sett kunna að verða, þannig, að allar stéttir og flokkar manna megi sem bezt við una. Ég held, að það minnsta, sem Alþingi getur látið sér nægja, séu skýrar yfirlýsingar ráðherranna um vilja sinn til þess.

Um gengismálið óska ég eftir, að ríkisstjórnin svari því, hvers vegna hún vill ekki sjálf fá heimild í þessum lögum eða öðrum til að breyta genginu, ef það reynist tækilegt. Ég sé ekki ástæðuna til þess að meina Alþingi að heimila ríkisstj. að lagfæra með gengisbreytingu það ástand, sem nú ríkir. Að vísu getur stjórnin gefið út um það bráðabirgðalög, en heimildarleysi af þingsins hálfu getur ekki verið henni neitt mætara en heimildin. Það hlyti að verða ríkisstj. styrkur, að vilji Alþingis lægi fyrir í því máli. Ég sé ekki, að hagsmunir einna eða neinna gætu staðið í vegi fyrir því, að hagsmunum alþjóðar yrði borgið með gengisleiðréttingu, ef fáanleg verður. Það er auðvitað ekki hægt að hækka krónuna og lækka sterlingspundið, nema bankarnir og raunar öll þjóðin fái töluverðan skell. En skellurinn hlýtur að koma, og hann verður því verri fyrir þjóðfélagið sem hann dregst lengur og því verra að grípa inn í þróunina, sem hún er lengra komin í óheilbrigða átt. Allir hljóta að viðurkenna, að athuga þarf, hvort eigi muni betra að taka á því máli fyrr en síðar, og svarið ætti ekki að leika mjög á tveim tungum.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Um gengisskráninguna, sem snertir mig vegna starfs míns í ríkisstj., hef ég það að segja, að það var rætt í stjórninni, þegar sex manna nefndin kom með tillögur sínar, hvort rétt væri að leggja fyrir þingið til samþykktar heimild fyrir ríkisstj. til að breyta gengi ísl. krónu. Mér virtist sumir í sex manna n. telja þetta æskilegt, sumir ekki. Það varð ofan á í ríkisstj., að þar sem við hefðum það ekki í okkar valdi að breyta og vissum ekki, hvort fyrir því gæti skapazt nokkur grundvöllur, væri ekki ástæða til þess að setja þetta í lög. Mótstaða kom hins vegar engin fram gegn því í ríkisstj. En ef þessi grundvöllur skapast og málið verður gert upp innan ríkisstj., mundi hún væntanlega leita álits flokkanna um það, eins og það liggur fyrir á þeim tíma, og mætti þá, ef þeim sýndist, kveða á um það með bráðabirgðal. Þarna eru margir erfiðleikar á, eins og hv. þm. V.-Sk. nefndi raunar.

Um hina almennu framkvæmd löggjafarinnar, sem hann ræddi um, sé ég ekki ástæðu til að gefa upplýsingar umfram það, sem ég hef áður gert við 1. og 2. umr. þessa máls. Í verðlagsnefndum hefur ríkisstj. sinn oddamann. Ég efast ekkert um það, að sá oddamaður muni jafnan hafa samvinnu við ríkisstj. og gefa henni skýrslur um gerðir n. Viðskiptamálaráðuneytið mun telja sér skylt að fylgjast náið með starfi verðlagsn. þeirrar, sem ræður hámarksverði á erlendum vörum, og hafa sérstakt eftirlit með hámarksálagningu á þær vörur, sem ætlazt er til, að njóti styrks af því fé, sem samkv. frv. er ætlað til þeirra hluta.

Pétur Ottesen: Mér kom það satt að segja nokkuð á óvart, að þetta mál skyldi vera tekið fyrir nú, því að ég hafði hugsað mér að flytja brtt. við þessa umr., auk þess sem ég þarf að víkja nokkrum orðum að ríkisstj., vegna þess hvernig hún tók undir tillögu, sem ég bar hér fram í góðum hug, um að gerð yrði enn ein tilraun til að ná samkomulagi um þann ágreining, sem er innan stjórnarinnar um þetta mál. Ég vildi því fara fram á, að málinu verði frestað a. m. k. þangað til seinna í dag. Ég veit, að það þarf að flýta afgreiðslu þess, en þó hygg ég, að þetta væri óhætt, og þykist ekki vera sekur um að tefja fyrir framgangi þingmála, svo að vel mætti sinna ósk minni um þetta, og vænti, að hæstv. forseti geri það.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vildi aðeins segja það, að ríkisstj. hefur nú verið að gera áætlun um það, hvort ekki mundi verða hægt að ljúka þessu þingi hinn 17. þ. m. Þá eru til ráðstöfunar dagurinn í dag og mánudagurinn. Það væri mjög ánægjulegt að geta lokið þinginu á þessum tíma, en þess er ekki að vænta, nema hægt verði að koma þessu máli til n. í Ed. í dag. Nú er fundur í Sþ. kl. 3. Þess vegna vildi ég alvarlega skora á menn að sameinast um það að greiða fyrir því, að þetta geti orðið. Ætti þetta ekki að hindra, að menn komi á framfæri skoðunum sínum eða brtt. í þessu máli, sem orðið er þaulrætt. Mér sýnist raunar augljóst, að málinu verði ekki lokið, eins og til stóð, fyrir hádegi, sem þegar er komið, svo að í matmálstíma gefst tóm til að gera brtt.

Forseti (JörB): Það má gera ráð fyrir, að fundir í Sþ. standi fram á kvöld, svo að ekki er útlit fyrir, að við höfum nema tímann til kl. 3 til starfa hér í d. Samt sem áður vil ég ganga til móts við hv. þm. Borgf. og fresta málinu um stund, en vildi mjög gjarnan óska eftir því við hv. þdm. að reyna að koma áleiðis nokkrum málum, sem ég hygg ágreiningslaus.

Pétur Ottesen: Ég get ekki sagt, að mikið sé gengið til móts við mig, þótt venjulegt matarhlé sé ekki afnumið í dag fyrir mínar sakir eða ætlazt til, að þm. matist hér í þingsalnum.

Forseti (JörB): Ég veit til þess, að hv. þm. Borgf. er svo harður til sóknar og ötull orustumaður, að hann mundi, ef því væri að skipta, ekki telja eftir sér að heyja stríð, þó að það væri í matartíma. Ég mun samt ekki sækja þetta mál svo fast, heldur fresta umr.

Pétur Ottesen: Ég vil út af þessum ummælum hæstv. forseta fara fram á það, að umr. um málið verði frestað til kl. 5. Sá frestur mundi nægja mér til að koma á framfæri þeim brtt., sem ég hef huga á að bera fram.

Forseti (JörB): Þessu get ég ekki lofað hv. þm. Borgf., því að eins og hann hefur tekið eftir, þá eru 9 mál á dagskrá Sþ. og meiningin er, að Ed. fái þetta mál til umr. í dag.

Pétur Ottesen: Það hefur nú farið svo, að ekki hefur þótt fært að veita frest á afgreiðslu þessa máls, svo hægt væri að koma fram við það brtt., sem ég hefði óskað að gera. Yfirleitt er þó sá háttur hafður á um afgreiðslu mála, að þm. sé gefinn kostur á að athuga þau, og þá einnig til að koma fram með brtt. Þessi regla gildir vitanlega um mál almennt. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur þó ekki getað fengið þá athugun einstakra þm., sem æskileg hefði verið. Og reið þó meira á því en um ýmis mál önnur, svo mjög sem hér er úr vöndu að ráða.

Gert er ráð fyrir, að frv. þetta gæti verið liður í nauðsynlegum ráðstöfunum. Það felur í sér margar og stórar heimildir fyrir ríkisstj., fyrst og fremst um ráðstafanir á tekjum þessa árs, og auk þess um allvíðtæka tekjuöflun til að mæta þeim ráðstöfunum, sem hugsað er að framkvæma samkv. þessu frv. Í þessu frv. er svo margt óskýrt og óráðið, að það þarf mörgum öðrum frv. fremur að þessu leyti athugunar við, hvernig á þessum málum skuli tekið.

Þó ég fullkomlega viðurkenni, að engan veginn sé hægt, og ef til vill ekki hyggilegt, að setja tæmandi útlistun á því, hvernig eigi að ráðstafa þessu fé, þá er sjálfsagt, að hæfilegur rammi sé hafður utan um þetta til leiðbeiningar fyrir stjórnina, þannig að öll þau sjónarmið, sem koma til greina við framkvæmd þessara ráðstafana, fái notið sín.

Ég bar hér fram tilmæli í gærkvöldi til hæstv. ríkisstj., er ég beindi til hæstv. forsrh., um

það, að enn yrði freistað að ná samkomulagi innan ríkisstj. um þetta mál, eins og verið hefur um önnur stórmál, sem afgr. hafa verið frá þessu þingi. Ég bar þessi tilmæli fram á fullkomlega hógværan og þinglegan hátt og í mjög góðum tilgangi, og m. a. fólst í þessu bending til ríkisstj. um það, að nauðsynlegt væri, að hún héldi starfi sínu áfram á sömu braut og verið hefði. En ég verð að segja það, að þau svör, sem ég fékk frá hæstv. viðskmrh., voru engan veginn í samræmi við það, sem vænta hefði mátt, af jafnmiklum velvilja og þessar till. voru bornar fram. Svarið, sem ég fékk, var ekkert annað en það, að ríkisstj. væri búin að gera ákvarðanir um að láta málið koma fram, og engin tilmæli, er gengju í aðra átt, yrðu tekin til greina.

Mér líkar mjög illa slík framkoma sem þessi. Ég verð að láta í ljós mikil vonbrigði frá minni hálfu að því er snertir samstarfið við stjórnina, því ég veit ekki betur en ég hafi sýnt henni fullan velvilja í öllu, síðan þetta samstarf hófst, og mín afstaða til málanna hefur einmitt miðazt við það að gera þetta samstarf sem bezt og raunhæfast fyrir þjóðina. Þess vegna hefði hæstv. viðskmrh. gjarnan getað tekið betur í þetta mál og upplýst, hvort ríkisstj. kæmi fram samstæð og einhuga í þessu máli, eða hvort hún legði málið þannig fyrir þingið, að ráðh. greiddu atkv. hver á móti öðrum. Ég lít svo á, að ef slíkir þverbrestir eru komnir í stjórnarsamvinnuna, þá sé stefnt í mjög óvænt efni. Ég álít það mjög ógæfulegt, ef ríkisstj. fer þannig að, og sem stuðningsmaður hennar og þessa samstarfs tel ég mig hafa fullan rétt til að benda henni á þetta.

Þótt ég hafi snúið máli mínu til hæstv. viðskmrh., af því hann stóð nú fyrir þessum svörum, þá er ég ekki að bera neinar brigður á það, að ríkisstj. standi öll að því, að svona var á þessu máli tekið.

Enn fremur verð ég að segja það, þegar þingið er búið að sitja svona lengi, að þá beri það mjög leiðinlega að, að slíku stórmáli sem þessu skuli þurfa að flaustra svo af, að tekið sé fram fyrir hendur einstakra þm. með að koma á framfæri brtt., sem gætu haft mikla þýðingu fyrir afgreiðslu og framkvæmd þessa máls.

Ég vildi láta þetta koma hér mjög skýrt fram og tel, að með þessari framkomu ríkisstj. gagnvart mér eða hverjum öðrum stuðningsmanni hennar, sé allt öðruvísi að farið en átt hefði að vera, miðað við þá þjónustu, er við höfum látið í té við þetta samstarf, sem ég er síður en svo að telja eftir. En það mátti gjarnan líta á þetta, og þó að ríkisstj., einhverra orsaka vegna, sæi sér ekki fært að verða við þessum tilmælum, þá mátti gera þetta á annan hátt og með öðrum orðum en gert var. Ríkisstj. ætti fyrst og fremst að vera það ljóst, hver nauðsyn það er, ekki einasta hvað snertir samstarf í Alþ. og ríkisstj., heldur líka manna á meðal, að hún standi saman um jafnviðkvæmt mál og þetta.

Okkur ber að minnast þess, þegar þetta samstarf var hafið, og grundvallarins, sem það var byggt á, gengisbreyt. Ef til þessa samstarfs hefði ekki verið stofnað, þá hefði gengisbreyt. fengið allt aðrar viðtökur meðal þjóðarinnar en hún fékk. Það sama má heimfæra upp á þetta og önnur stórmál, sem Alþ. hefur afgreitt.

Það má í þessu sambandi gjarnan sjá út yfir veggi Alþ. og stjórnarráðsins. Það verður að líta út yfir allt landið, alla þegna þjóðfélagsins, því það hefur mikil áhrif um aðstöðu almennings til málanna, hvort samstarf hefur orðið um þau í ríkisstjórn og á Alþingi eða ekki. Það hefur ákaflega djúptæka þýðingu. Ég álít, að í þessu hafi ríkisstj. háskalega sézt yfir. Það væri óskandi, að þjóðstjórnarfyrirkomulagið sé ekki að bregðast og við séum að horfast í augu við fyrirbrigði, sem spáir ekki góðu um framtíð þessa samstarfs. Allt, sem miðar að því að veikja það, er mér hryggðarefni. Það er þess vegna ekkert ofhljóð í mér, þegar ég er að tala um þessa meinbugi, eins og einn hv. þm. minntist á fyrr á þessum fundi, að ef til vill væru að koma fram í þessu samstarfi. (GSv: Það geta nú verið sérhagsmunir.) Við tölum nú um það síðar.

Ég skal, að þessu loknu, minnast á nokkur atriði þessa frv., því að við 2. umr. málsins fór ég ekkert inn á einstök atriði, af því ég gerði ráð fyrir því, að ríkisstj. mundi taka á annan veg till. minni en hún gerði, og þá var vitanlega ekki tímabært að ræða um einstök atriði, áður en séð varð, hver árangur yrði af þeirri samkomulagsviðleitni, sem ég reyndi að stuðla að. Nú mun ég fara inn á þetta nokkuð.

Það hefur margt verið rætt í sambandi við þetta mál. Mér þykir ástæða til að ræða hér um sérstakt viðhorf í þessu máli, sem mér virðist, að hafi verið rætt um af litilli athugun á því, hvað í þessu frv. felst að því er þetta snertir. Hér á ég við þann stuðning, sem gert er ráð fyrir, að falli í skaut framleiðendum í sveitum þessa lands í sambandi við þetta frv., og það gefur mér síðar tilefni til að ræða um það, sem sagt hefur verið af andstæðingum þess gagnvart framleiðendum sveitanna. Maður er nú vanur að heyra þann söng. En þær ályktanir, sem hv. þm. Mýr. dró af þessu, voru ákaflega hæpnar, og vil ég koma inn á það, ekki til að draga úr því, að ríkisstj. ætti að nota heimildina til hagsbóta fyrir framleiðendur í sveitum, heldur til að benda á það, sem liggur skýrt fyrir í frv. að því er lausn þessa vandamáls snertir.

Mér skilst, eins og þetta frv. var flutt af hæstv. viðskmrh., enda dró hann enga dul á það, að þeir menn, sem framleiða t. d. mjólk, eigi ekki von á neinum stuðningi í þessu frv. Þar er vitnað til þess, að sverð þeirra og skjöldur séu þær nefndir, sem eiga að ákveða verðlag á kjöt- og mjólkurafurðum. Í þessu efni er því engu breytt frá því, sem nú er, né frá því, sem hefur verið um nokkur ár. Framleiðendurnir eiga um verðlagið allt sitt undir þessum aðilum. Þetta kemur m. a. skýrt fram í þeirri grg., sem fylgdi þessu frv. af hendi hæstv. viðskmrh. Þar segir hann svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir hendi þarf að vera fé til þess að bæta upp verð á útflutningsafurðum, ef þær verða sérstaklega hart úti hvað verðlag snertir. Er átt við það sérstaklega, þar sem í 1. gr. frv. er talað um stuðning við atvinnuvegina.“ Það er, sem sagt, alveg skýrt afmarkað, að þetta tekur eingöngu til útflutn-

ingsafurða, en snertir ekki sölu mjólkur og mjólkurafurða, af því að um sama sem engan útflutning er þar að ræða. Sú brtt., sem fjhn. hefur nú gert við þetta, sá viðauki, sem kemur hér inn í 1. gr., gengur nákvæmlega í sömu átt og stefna hæstv. viðskmrh. að því er þetta snertir. Þar segir svo:

„Ríkisstjórnin skal verja því fé, sem aflað er samkv. lögum þessum, til þess að koma í veg fyrir, svo sem unnt er, að verðlag á innlendum og erlendum nauðsynjavörum hækki til neytenda frá því, sem nú er, og til að styðja þá framleiðendur, sem af styrjaldarástæðum eru neyddir til að selja vöru sína óeðlilega lágu verði, allt að undangenginni athugun á þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru.“

M. ö. o. þetta er nákvæmlega sama brautin, sem þrædd er þarna; þetta snertir eingöngu útflytjendurna, því að það er af styrjaldarástæðum, að við erum einskorðaðir hér um sölu slíkra vara til eins eða tveggja landa, og þessi lönd hafa í hendi sér að ákveða, hvaða verð þau borga fyrir vörurnar. Þess vegna er það alveg skýrt mál, að sá stuðningur, sem í frv. þessu felst, tekur eingöngu til útflutningsvara landbúnaðarins, en ekki hinna, sem seldar eru á innlendum markaði. Frv. gengur með öllu fram hjá því að sýna viðleitni til þess, að nokkru af þessu fé verði varið til að rétta hlut þeirra manna, sem mjög bera nú skarðan hlut frá borði í sambandi við mjólkurframleiðsluna. Þetta er bezt að gera upp fyrir sjálfum sér, en vera ekki að gera sér neinar falsvonir, sem mér virðist hv. þm. Mýr. (BÁ) gera, út af því, sem ekki er til í frv. Þær brtt., sem ég hefði flutt hér, ef mér hefði gefizt tóm til, mundu hafa lotið einmitt að þessu atriði, að tryggja betur hag þeirra framleiðenda, sem selja vörur sínar á innlendum markaði. En um þetta er svo ekki að ræða. Og nú verður málið sýnilega afgr. á þessum grundvelli. Hitt er svo annað mál, hvort hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir þetta orðalag, þegar hún fer að úthluta þessu fé og sér fram á það, sem ég veit, að sumir ráðh. hafa tilfinningu fyrir, að stuðningur sá, sem hér liggja fyrir till. um, ætti einnig að falla í skaut þessara manna, sem mjólkurvörur selja, — sér sér fært að framkvæma málið þannig, að láta eitthvað af mörkum falla til þessara manna, skal ég ósagt láta. En ég horfi ekki nærri eins björtum augum á framkvæmd þessa máls, eftir að það hefur sýnt sig, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki getað komið sér saman um þetta mál, heldur hafa sum atriði þess þurft að verða að ágreiningi. Öll framkvæmd þessa máls hlýtur að líða við það. Hæstv. atvmrh. lýsti því yfir við 1. umr. málsins, að hans sjónarmið væri, að þessir framleiðendur ættu að koma til greina og njóta góðs af þessu frv. Og vænti ég, að hann haldi við sína skoðun um þetta, þegar farið verður að framkvæma þetta atriði, en stoð hefur það enga í frv. eins og það er úr garði gert.

Ég verð að segja það til viðbótar við þetta, að það virtist vera mjög ofarlega í hugum manna hér fyrir nokkru síðan, þegar við horfðumst í augu við þá siglingateppu, sem á skall og ríkti um nokkurt skeið, að haldið væri í fullu horfi landbúnaðarframleiðslunni. Og þá virtist vera ofarlega í hugum manna, að öll öfl, sem til þess þyrfti, yrði að setja í hreyfingu til að örva landbúnaðarframleiðsluna. Ég sé ekki annað en að þessu hafi fylgt lítil alvara, eftir afgreiðslu þessa máls að dæma, og að dottinn sé botninn úr þessum góðu till. manna og menn hafi hvikað mjög frá því, að þessi nauðsyn væri fyrir hendi. Það kann að hafa valdið því, að nú hefur tekizt síðan að flytja hingað eitthvað tvo vörufarma til landsins frá Ameríku, og kann að vera, að menn álíti, að þar með sé leystur allur vandinn, svo að ekki sé ástæða til að tryggja þjóðinni matföng með því að auka framleiðsluna í landinu. En mér virðist þetta óforsvaranleg bjartsýni og léttúð af Alþingi, að sjá ekki, hvað við okkur blasir í þessu efni, og hafa ekki litið öðrum augum á þetta heldur en slíkum bjartsýnisaugum. Við vitum, að Ísland er að verða miðdepill í því svæði, sem líklegt er talið, að hörðustu átökin í þessu stríði verði háð og ef til vill úrslitaátökin. Við getum því gert okkur grein fyrir því, hvers við megum vænta, eftir að slík heljarátök færu að gerast kringum þetta land og jafnvel uppi í landsteinum hjá okkur, ef ekki í landinu sjálfu. Svo að þótt okkur hafi tekizt nú nýverið að flytja til okkar tvo kornvörufarma, þá virðist mér síður en svo ástæða til fyrir Alþ. að hverfa frá þeirri öryggisráðstöfun, sem í því felst að veita bændum hvöt til þess að framleiða sem allra mest af matvörum. Og það er áreiðanlegt, þegar miðað er við þann mikla skatt, sem hér er gert ráð fyrir að leggja á, — og sem ég tel ekki eftir, því að ég hef greitt atkv. með till., sem gengur lengst í að mæta þeim þörfum, sem hér eru fyrir hendi —, þá er það óforsvaranleg léttúð að hvika frá því á Alþ. að veita örvun og stuðning til þess, að sem mest verði framleitt hér af landbúnaðarafurðum, því að það er ekki fyrst og fremst fyrir bændur gert, heldur fyrir þjóðfélagið allt. Og þó að Landsbankinn hafi prentað margfalt upplag af pappírsseðlum, sem eru ekkert annað en ávísanir á framleiðsluvörur landsmanna, þá verður slík pappírsútgáfa harla léttvæg, ef framleiðslan dregst saman og skortur verður á matvörum. Þess vegna verð ég að átelja mjög, að frá þessu skuli hafa verið hvikað og svo léttúðlega og sinnulaust gengið frá þessu frv.

Hv. þm. A.-Húnv. og hv. 3. landsk. flytja hér tillögu um það, að Búnaðarfélag Íslands finni grundvöll undir því, hvaða verð bændur þyrftu að fá fyrir afurðir sínar til þess að framleiðslan hjá þeim geti borið sig. Með þessu á að finna sams konar grundvöll og þann, sem vísitalan er reiknuð út eftir og launagreiðslur og kaupgjald miðast við. Till. þessara tveggja hv. þm. mætti hér harðvítugri mótstöðu, bæði í ræðum manna og við atkvgr. um hana, eins og slík till. ætti engan rétt á sér. Af þm. þessarar d. voru aðeins 7 með þessari brtt. Og að því að fella þessa tillögu stóðu ekki aðeins þeir menn, sem jafnan blása og spýta móraurði, þegar talað er um að gæta hagsmuna bænda, heldur voru það einnig sumir þeirra manna, sem telja sig vera forsvarsmenn bænda; voru þeir í orði og verki mjög hatramlega mótsnúnir þessari brtt., og t. d. hv. 1. þm. Rang. taldi það jafnvel hneyksli, að slík

till. skyldi vera borin fram á Alþ. En ef talið er rétt að skipa n. manna til að finna grundvöll undir verðvísitölu til að greiða eftir laun embættismanna og annarra, sem kaup er greitt í peningum, hvað er þá óeðlilegt við það, þó að Búnaðarfélagi Íslands, sem viðurkennt er bæði af Alþ. og ríkisstj. sem stofnun fyrir landbúnaðinn, sé falið að inna af hendi slíkt hlutverk að því er snertir bændur? Ég sé það ekki. Það var talað um, að þetta væru einhliða bændafulltrúar, sem ættu að kveða upp dóm í þessum málum, ef Búnaðarfél. væri falið þetta. En hverra fulltrúar voru valdir í n. þá, sem átti að ákveða verðvísitöluna? Voru það ekki þeir menn, sem áttu sjálfir að njóta góðs af verðlagsuppbótinni, sem ákveðin er eftir þessari verðvísitölu? Ég fullyrði, að svo muni vera, a. m. k. þangað til mér er sannað hið gagnstæða. Ég sé því ekki annað en að þetta hvort fyrir sig sé alveg hliðstætt. Nú vitum við, hvernig tekið hefur verið á þessu hér á Alþ. Það hefur verið viðurkennt með atkvgr. hér á Alþ., að réttur grundvöllur hafi verið fundinn með verðvísitölunni til að byggja á ákvæði um uppbætur á laun og kaupgjald. En þegar um það er að ræða að sýna fram á, hvern grundvöll beri að leggja undir nauðsynlega kauphækkun fyrir bændur, er öðruvísi tekið á málinu. Það er rétt, að þessi sjónarmið komi hér skýrt fram á Alþ., því að það dregur upp ákaflega skýra mynd af því, hver skilningur Alþ. er á þörfum og högum sveitabænda og svo aftur á högum embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og þeirra annarra, sem kaup taka í peningum.

Það er nú ekki nóg með þetta, heldur hafa verið uppi óskir, þó að þær hafi ekki verið bornar fram enn þá, sem brtt. við frv., — því að það er venjan sú, að hver silkihúfan er upp af annarri, þegar svona stendur á, — og þessar óskir ganga út á það að gera þær ráðstafanir viðkomandi þeim n., sem fyrir eru nú til þess að ákveða verðlag fyrir bændur, sem draga þessar n. þannig undir vald ríkisstj., að enn lengra sé frá því, að þessar n. séu líklegar til þess að vinna starf sitt þannig, að séð sé fyrir þörfum og rétti bænda. Þessi sex manna n., eða dýrtíðarn., — sem hefur mörg nöfn, þó að lítill árangur hafi orðið af starfi hennar, — hún hefur verið að tala um að setja nokkurs konar yfirverðlagsn., sem átti að vera hæstv. ríkisstj., eingöngu í þeim tilgangi að setja öflugan slagbrand til að loka möguleikanum til þess, að gengið yrði lengra en orðið er til að mæta þörfum bænda og sanngjörnum kröfum þeirra. Svona var þá hugurinn til bænda landsins um þá hásælu upprisuhátíð hvítasunnuna, þegar þessi n. ræddi vandamál þjóðarinnar.

Ég verð að segja það, að verðlagsn. og starfsmenn þeirra, og þá ekki síst mjólkurverðlagsn., hafa staðið illa og slælega í ístaðinu fyrir bændur. (GSv: Það mætti þá koma önnur n. og vitrari til þess.) Já, til þess að gera þetta kannske enn verra! Það var vissulega tilgangurinn. Ég segi nei og aftur nei. En það má segja, að nauðsynjar okkar bændanna hafi verið hafðar að litlu í þessu sem ýmsu öðru.

Ég get svo bætt við í sambandi við þetta, og það er rétt, að það komi skýrt fram, að það mun verða gerð mjög öflug gangskör að því að skora á hæstv. ríkisstj. að breyta til, a. m. k. að einhverju leyti, í þessum verðlagsn., og einnitt og eingöngu út frá því sjónarmiði, að við verðlagsákvörðun verði betur séð fyrir hag bænda en verið hefur til þessa. Þetta mun hæstv. ríkisstj. fá að horfa framan í, hvort sem hún svo vill gefa sér tíma til þess eða ekki að sinna því. Og í sambandi við verðlagsn. vil ég benda á eitt, sem ekki hefur litla þýðingu fyrir bændur. Að því er snertir verðlag á kjöti, er það svo, að verð á því er ákveðið að haustinu, og við það verðlag eiga svo bændur að búa til næsta hausts. Og þrátt fyrir það, þó að mikil breyt. verði á um allt verðlag í landinu frá hausti til hausts, þá eiga bændur ekki kost á að fá verðlagsuppbót á það kjöt, sem selt er, og er það mikill hluti kjötsins, sem selt er strax að haustinu. Hvað ætli embættismenn segðu um þetta, sem fá útreiknað á hverjum mánuði, hvaða breyt. eigi að vera á kaupi þeirra til þess að það geti alltaf fylgt sem nákvæmast verðvísitölunni, sem allar hafa orðið til þessa hækkanir á kaupinu? Það er allt önnur og verri tilhögun, sem bændur eiga að búa við í þessu efni en aðrir borgarar í þjóðfélaginu, þó að ekki sé nú annað til tekið. Að vísu hefur komið fram hækkun á þessu kjöti, sem geymt er frá síðastl. hausti, en sú hækkun hefur ekki verið meiri en það, að hún hrekkur rétt fyrir geymslukostnaði — ekki einn eyrir til bænda. En kjötið, sem er mjög verulegur hluti af framleiðslu bænda, er selt með því verði, sem ákveðið er að haustinu, sem byggt er á því verðlagi, sem þá er samkv. vísitölu. Þarna kemur fram sem víðar, hvernig mönnum er mismunað og bændur landsins afskiptir, en kjör þeirra manna tryggð, sem laun og kaup er greitt.

Með þessum orðum mínum hef ég viljað reyna að vekja upp aftur til lífsins þá hugsun, sem vakti að því er virtist fyrir nokkru í hugum allmargra, að örva þyrfti bændur í því að efla framleiðslu sína. Það má segja, að það sé orðið seint að gera þetta nú. Nú er vitanlega búið að framkvæma í sveitum ýmis garðyrkjustörf, og þar á meðal sáningu matjurta og í miklu minni stíl en gert hefði verið, ef þessir menn hefðu átt von í því framleiðsluverði, sem tryggði afkomu þeirra. Slátturinn er nú að byrja. Og það má telja mjög líklegt, að heyskapur verði minni en áður fyrir öryggisleysið í afurðaverðinu. Af þessu leiðir samdrátt í framleiðslunni. Hún minnkar í stað þess að nauðsyn bar til, að hún hefði aukizt, og það er líklegt, að reynt hefði verið að auka hana, ef fram hefði komið á Alþingi meiri skilningur á grundvallarskilyrðum þess, að svo mætti verða, en raun ber vitni um og ég hef nú lýst.

Sú ráðstöfun að fá Breta til að fækka mönnum hjá sér í vinnu bar engan árangur fyrir bændur, og sú ráðstöfun er tilgangslaus með tilliti til þeirra, nema þeir fái það verð fyrir afurðir sínar, að þeir séu samkeppnisfærir um kaupgreiðslur við aðra, sem halda uppi vinnu í landinu. En það skortir mikið á að svo sé.

Þó að till. þeirra hv. þm. A.-Húnv. og hv. 3.

landsk., sem ég gat um, fengi slíkar viðtökur í þinginu, sem raun varð á, er það nú svo um útreikning verðvísitölunnar, sem embættismönnum er borgað kaup eftir, að það er gengið svo langt, að við þann útreikning eru ekki aðeins teknar nauðsynjar manna, heldur líka í raun og veru búnar til tölur um slíkar „nauðsynjar" sem þær, þegar menn „þurfa" að fara á bíó til hv. 8. landsk. (GÞ) og annarra slíkra manna, sem þann atvinnurekstur hafa

Það er náttúrlega margt fleira, sem ástæða væri til að minnast á í sambandi við þetta mál. En ég vil — þó að ég áliti, að það komi ómaklega niður á mér, þegar verið er að brýna á því, að nú þurfi Alþ. að fara að ljúka störfum, — líta á þá nauðsyn, og skal ég ekki eyða frekari tíma í þessari umr. heldur en ég hef gert, nema sérstakt tilefni gefist.

En minn höfuðtilgangur með því að reyna að koma að brtt. við þetta frv. var sá að endurvekja þetta sjónarmið, að örva landbúnaðarframleiðsluna til tryggingar því, að ekki yrði fæðuskortur í þessu landi. Þetta hefur nú ekki borið árangur að því er afgreiðslu þessa máls snertir og er það illa farið. Það er óviturlegt að daufheyrast við slíkri nauðsyn.

Ég sé, að hér eru nokkrir hv. þm. úr Ed., og væri það mjög æskilegt, að þeir vildu gera tilraun til þess að breytingartillögur, sem fælu í sér þetta sjónarmið, kæmust inn í frv.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Af þeim ástæðum, sem hv. þdm. eru kunnar, að menn eru að gera sér vonir um að slíta Alþ. 17. júní, mun ég láta nægja að gera stutta aths. út af ræðu hv. þm. Borgf. (PO).

Ég skil vel, að hann fellir sig illa við það, að ríkisstj. skyldi ekki bera gæfu til þess að leiða þetta stóra mál inn í hæstv. Alþ. á sama hátt og önnur mál, á þann hátt, sem hann vill vera láta, að samkomulag náist um þau áður en þau komast inn í salarkynni hæstv. Alþ. En við þessu er ekkert að segja. Þetta samkomulag hefur ekki náðst, og það er ef til vill engum sérstökum þar um að kenna. En ég skil vel, að hv. þm., sem hafa svipaðan hugsunarhátt og hv. þm. Borgf., þeir harmi þetta og sjái í því nokkurn forboða þess, sem þeir óska ekki eftir að verði, þ. e. meira ósamkomulags, sem kunni að draga til samvinnuslita. En efnislega sé ég nú orðið ekki aðra meinbugi á þessu máli en þessa formshlið, því það, að hæstv. viðskmrh. sættir sig við þá breyt., sem gerð hefur verið á 5. gr. frv., er hálft samþykki hans fyrir framgangi málsins í sinni núverandi mynd. (**Viðskmrh.:** Nei, alls ekki.) Ég játa, að æskilegast hefði verið, að samkomulag hefði getað náðst í fyllra mæli, áður en málið kom inn í d., en ég vona, að það þurfi ekki að vera forboði hins verra.

Það voru aðeins tvö atriði í ræðu hv. þm. Borgf., í sambandi við sjálft frv., sem ég vildi drepa á.

Hv. þm. leiddi athygli að því, að samkv. sínum skilningi verði ekki heimilt samkv. frv. að draga fram hagsmuni mjólkurframleiðenda. Ég hef margsinnis talað um þetta atriði við menn, sem hafa samið um málið af hálfu flokkanna, þar á meðal samstarfsmenn mína í ríkisstj. og þm. úr fjhn. beggja d., og mér hefur virzt á þeim öllum, að þeir álitu, að undir þetta orðalag „styrjaldarástæður" geti fallið nægilega margt til þess að hægt verði að draga fram hag þessara framleiðenda. Og ég sé ekki ástæðu til þess eingöngu að ívilna þeim bændum, sem hafa kjötframleiðslu. Ég þykist engan veginn tala sem þm. ákveðins kjördæmis, þó ég fullyrði hiklaust, að hagur mjólkurframleiðenda sé verri en annarra bænda. Ég mun þess vegna ekki sætta mig við neina framkvæmd l., sem ekki dregur fram það sjónarmið, sem hv. þm. Borgf. talaði um.

Varðandi till. hv. þm. A.-Húnv., sem ég var með í að fella, vil ég segja það, að ég get ekki sætt mig við, að bændum, sem framleiða kjöt og Búnaðarfélagi Íslands sem umbjóðanda þeirra, sé selt sjálfdæmi um verðlagsákvarðanir á þessari framleiðslu. Því er ekki saman jafnandi í þessu sambandi, hvernig uppbót á laun starfsmanna ríkisins og annarra launþega er ákveðin, vegna þess að sú n., sem það framkvæmir, er skipuð þannig, að atvinnurekendafélagið sem umbjóðandi þeirra, sem borga, á einn mann í n. og launþegar einn, en oddamaðurinn er skipaður af hæstarétti. Hér er því ekki um sambærilegt að ræða.

Ég vil svo bara að lokum, að gefnu tilefni, gefa þá yfirlýsingu, að þegar þetta frv. var flutt af hæstv. viðskmrh., þá var mér ekki einasta kunnugt um, að hann ætlaði að gera till. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, heldur var mér líka kunnugt um, að hann ætlaði að gera till. um beina skatta á allar tekjur, e. t. v. aðrar en framleiðslutekjur. Ég vil ekki segja, að við höfum verið búnir að ræða út um þennan skatt, en ég var sammála honum að fara þessar leiðir. Ég vil taka þetta fram, vegna þess að bæjarblöðin, og þá ekki sízt það blað, sem næst mér stendur, hafa gert harðvítugar árásir á viðskmrh. fyrir þessar till. Ef hér er um einhverjar sakir að ræða, er ég honum fyllilega samsekur. Um tekjuöflunarleiðina stóð ég með honum, þótt ég sé feginn þeirri breyt., sem þar hefur fengizt á.

Þetta vildi ég að gefnu tilefni hafa sagt og biðja blöðin að birta.

***Héðinn Valdimarsson:** Áður en frv. fer út úr d. vildi ég gera grein fyrir afstöðu minni gagnvart því.

Það eru allir sammála um, að ástæðurnar fyrir þessu frv. séu nægilegar til þess, að miklum tíma sé varið til athugunar á því, hvernig bezt verði hægt að ráða fram úr þessu vandamáli. En mér virðist, að með frv. sé ekki bent á neinar leiðir, heldur séu stj. gefnar víðtækar heimildir til fjáröflunar og aðgerða án þess að neitt liggi fyrir um það, hvaða leiðir hún ætlar sér að fara. Ég hef ekki heyrt, að ríkisstj. hafi skýrt frá því, hvaða leiðir hún ætli að fara um framkvæmd málsins, og í frv. sjálfu er svo tiltölulega lítið um það talað, að það gefur ekki nema litla bendingu. Aftur á móti hefur meðal almennings talsvert verið talað um eina vissa leið, sem sé þá að breyta gengi íslenzku krónunnar í þá átt,

sem áður var. Og frá öllum öðrum sjónarmiðum en hinum pólitísku út á við, virðist þetta vera eðlilegasta leiðin. Hæstv. viðskmrh. hefur lýst því yfir, að ríkisstj. viti ekki, hvort þessi leið sé fær, vegna afstöðunnar til Breta. Mér finnnst, þar sem þetta mál er búið að tefjast hjá þinginu svona lengi, þá hefði verið nægilegur tími fyrir ríkisstj. til þess að kynna sér þessi mál. Og ef hæstv. ríkisstj. skyldi nú vita, að þessi leið væri ekki fær, en vildi ekki segja það, þá tel ég slíkt alrangt, því hv. þm. eiga heimtingu á að vita slíkt.

Eftir því, sem mér hefur skilizt, þá munu Bretar hafa viljað, þegar þeir komu hér fyrst, hafa hærra gengi á ísl. kr., eftir því sem sagt hefur verið 20—22 kr., en ríkisstj. mun hafa spornað við því, að slík þróun yrði. Það er að vísu kunnugt, að nú er íslenzka krónan innan hins svokallaða pundasvæðis, en það segir ekki, að hlutfallið milli hennar og pundsins geti ekki breytzt. Og ég verð að segja, að svo lengi sem ríkisstj. segir ekki, að af viðskiptalegum ástæðum sé gengisbreyting ekki fær, þá tel ég ekki hægt að ganga fram hjá þeirri leið. Með gengisbreytingu fæst sú rétting á dýrtíðinni, sem ekki næst á annan hátt. Ég hef enga trú á, að verðlagseftirlit komi að verulegu gagni. Ef aftur á móti á að fara að verja fé úr ríkissjóði til þess að selja undir sannvirði, þá ætti þingið að setja nánari reglur fyrir því, þannig að það væri ekki allt í höndum ríkisstj. A. m. k. hef ég ekki trú á því, að hægt sé að treysta ríkisstj. til þess að framkvæma þetta án þess að hafa sérstakar reglur til að fara eftir, þannig að einstökum mönnum eða stéttum væri ekki mismunað. Ég vil sérstaklega benda á, að mér finnst heimildirnar til ríkisstj. samkv. frv. vera of losaralegar. Má þar benda t. d. á útflutningsgjaldið. Það er algerlega í höndum ríkisstj. að ákveða, hvaða skatta hún leggur á útflutninginn. Þetta finnst mér mjög óviðkunnanlegt og óheppilegt, að ganga svona frá slíku stórmáli sem þessu, sem nægur tími hefur verið til að athuga og velta fyrir sér. Ég vil í þessu sambandi benda á leið, sem ég tel, að mátt hefði fara í staðinn fyrir þessa skatta. Það eru skyldulán, sem hver borgari hefði verið skyldaður til að veita vaxtalaust og hefði átt að endurgreiða eftir venju með slík lán. Þessa leið hefði verið hægt að fara, en hvorki hæstv. ríkisstj. eða hv. þm. virðast hafa viljað fara inn á þá braut né aðrar brautir, sem heppilegar mættu teljast til að hleypa meiri krafti í framleiðsluna og atvinnulífið og skapa möguleika til að hafa framleiðslutækin betur undirbúin eftir stríðið.

Ég vil því enda mál mitt á því að lýsa yfir því, að eins og frv. liggur fyrir get ég ekki greitt því atkv. mitt, bæði vegna þess, að ekki eru teknar upp í það þær leiðir, sem fara á, og eins vegna þess, að heimildirnar í skattamálunum eru svo víðar, að þar má hafa í frammi ójöfnuð gagnvart þeim, sem fyrir því verða.

Forseti (JörB): Þar sem málið hefur verið rætt allýtarlega og ég hygg, að fram hafi komið flest sjónarmið, er máli skipta, og með því að fyrir dyrum stendur að slíta þingi á öðrum virkum degi í næstu viku, þá sé ég mér ekki annað fært, sakir þess hve naumur tími er fyrir Ed. til að afgr. málið, en að takmarka ræðutímann, svo að takast megi að koma málinu til Ed. nú í dag. En af þeim tíma, sem d. hefur til umráða, eru ekki eftir nema nokkrar mínútur. Ég mun því takmarka ræðutíma hvers þm. við tvær mínútur.

Finnur Jónsson: Ég ætlaði að bera fram stutta fyrirspurn til hæstv. atvmrh., sem ég tel mér nauðsynlegt að fá svarað. Vildi ég óska eftir, að hæstv. forseti athugaði, hvort ekki væri hægt að fá hæstv. ráðh. til að leggja eyrun við. Mundi ég þá, ef forseta sýndist svo, þar sem hæstv. ráðh. er ekki í d., bíða með að gera þessa fyrirspurn. (Forseti féllst á það.)

Sigurður Kristjánsson: Ég hef að sönnu áður tekið til máls um þetta frv., en ég vildi þó bæta því við út af því, sem fram hefur komið hér um það ábyrgðarleysi, sem lýsti sér í því, ef þm. greiddu atkv. á móti frv., að ég tel það engu síður ábyrgðarleysi að greiða atkv. með því.

Það liggja hér fyrir fjöldamörg mótmæli gegn frv. Á 2 mínútum get ég ekki lesið þau upp. Það liggja hér fyrir framan mig mótmæli frá fjölda útgerðarfélaga, frá Farmannasambandinu, frá Alþýðusambandinu og frá launastéttunum. Þessir aðilar allir hafa á þeim örstutta tíma, sem til stefnu var, sent sín mótmæli. Við vitum hins vegar, að frv. kemur hart niður á öllum sjómönnum, en þeir eru á víð og dreif og hafa ekki haft tækifæri til að mótmæla. Og mér finnst ekkert undarlegt, þó að það komi fram mótmæli gegn öðru eins og þessu frv. Ég skal að sönnu viðurkenna, að það er alvarlegur hlutur, ef ríkisstj. ætlaði að fara í mola út af þessu máli, ef hún ekki fær vilja sínum framgengt. Ég viðurkenni, að slíkt væri alvarlegur hlutur á þessum tímum, en mér dettur bara ekki í hug að taka slíkt trúanlegt. Ég held þess vegna, að ég sýni ekkert ábyrgðarleysi með því, þó að ég greiði atkv. móti frv.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Það voru fyrst nokkur orð út af ræðu hv. þm. Borgf. Hann kvartaði yfir þeim svörum, sem hann hefði fengið, þegar hann óskaði eftir, að meðferð málsins yrði frestað. Ég skýrði honum frá því, að ríkisstj. teldi nauðsynlegt, að 2. umr. yrði lokið í gærkvöldi. Vitanlega stóð hv. þm. opið að taka till. sína aftur til 3. umr., ef hann hefði viljað láta athuga málið sérstaklega áfram. Ég kannast ekki við, að ég hafi staðið í vegi fyrir því, að menn gætu komið með öll þau úrræði, sem þeir töldu hugsanleg, í tillöguformi.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði um það, að honum væri með þessu illa launuð góð þjónusta við þjóðstjórnina, þá vil ég segja það, að það hefur á engan hátt verið vanþakkað það fylgi, sem þessi hv. þm. hefur látið þjóðstj. í té. Hitt vil ég og segja, að það getur vel verið, að fleirum hv. þm. hefði á stundum þótt ástæða til að kvarta yfir ýmsu í samvinnunni um þjóðstjórnina, þótt þeir létu kyrrt liggja.

Út af ræðu hæstv. atvmrh., sem gaf mér til-

efni til að taka til máls, vil ég segja þetta: Mér virtist á hans ræðu, að honum hefði skilizt á mér, að ég teldi þessa brtt. ekki draga úr frv. Þetta er þvert á móti. Ég álít brtt. í öllum atriðum skerðingu á frv. Hitt er annað mál, að Framsfl. hefur ákveðið að halda áfram samstarfinu í stj., þótt svo færi, að þessi breyt. væri gerð.

Ísleifur Högnason: Það, sem nú þykir mestum tíðindum sæta í dag, er, að þingið skuli vera látið skera úr um ágreiningsefnin í stórmálum þjóðarinnar. Þetta hefðu einhvern tíma ekki þótt tíðindi. En Morgunblaðið birtir í dag þá dæmalausu fregn, með risastórri fyrirsögn, að Alþingi eigi að ráða hinum svonefndu dýrtíðarmálum til lykta. Þetta sannar, að undanfarið hefur valdið verið dregið smátt og smátt úr höndum Alþ. yfir til ríkisstj. Og það er enginn vafi á því, að ef þm. láta slíkt óátalið hér eftir sem hingað til, þá munu dagar þeirra brátt verða taldir hér á Alþ. Manni kemur allt athæfi stj. og hennar klíku þannig fyrir sjónir, að vilji þm. sé meira og minna hundsaður. Ofan á annað, sem okkur hefur verið sýnt framan í á þessu þingi, er nú ræðutíminn takmarkaður í þessu stórmáli við 2 mínútur. Ég læt ekki bjóða mér slíkt. Og með því að þm. hafa fyrir mánuði síðan framið þá einsdæma lögleysu að kjósa sjálfa sig til að fara með umboð kjósendanna í landinu, þá álít ég, að ekki sé ástæða til að taka tillit til þeirra frekar en hverra annarra borgara. Þess vegna mótmæli ég því, að forseti skuli leyfa sér að múlbinda andstæðinga stj. (Forseti hringir.) Ég mun ekki hafa slíkt að neinu, og hæstv. forseti verður þá að loka munni mínum, ef hann vill fá mig til að hætta.

Forseti (JörB): Ég vil benda hv. þm. á, að 2 mínútur eru liðnar, og það ná lög yfir hann eins og aðra hv. þm.

Þegar hér var komið, varð allmikið orðakarp á milli 4. landsk. þm. og forseta, sem endaði með því, að forseti frestaði fundi, þar eð 4. landsk. þm. neitaði að hætta ræðu sinni og skírskotaði til þingskapa.

Síðar sama dag var fundinum fram haldið og 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Forseti (EÁrna): Ég vil taka það fram, áður en umr. hefjast, að þess hefur verið óskað, að málinu yrði hraðað sem mest gegnum 1. umr.

En í því sambandi skal ég lýsa yfir því, að ég mun leyfa hv. dm. að tala um frv. almennt við 2. umr., ef þeim finnst frelsi sitt um of takmarkað af þessari ósk.

*__Jóhann Jósefsson:__ Herra forseti! Ég skal gjarnan verða við tilmælum hæstv. forseta að fara ekki langt út í einstök atriði þessa máls nú við 1. umr. Enda þóttist ég skilja, að leyfðar mundu verða almennar umræður um það við 2. umr. Samt get ég ekki látið hjá líða að vekja eftirtekt hv. d. á því, að eins og þetta frv. er útbúið, þá beinist það nokkuð freklega í þá átt að skattleggja afurðir þeirra, sem sjávarútveg stunda.

Þessi þráður hefur löngum verið uppistaðan í málinu frá því fyrsta, er frv. var sýnt þm. í stuðningsflokkum stjórnarinnar, og enn þá er útflutningsgjaldið annar megin þátturinn. Hinn meginþátturinn er launaskatturinn. Úr honum hefur verið dregið allmjög, síðan frv. var fyrst sýnt. En út í þá hlið fer ég ekki frekar. En ég vil vekja athygli hv. dm. á því, að þessi hugsun mun hafa vaknað í huga ríkisstj. fyrir löngu, að skattleggja enn á ný útveginn og enn fremur vinnu vegna setuliðsins til framdráttar hagsmunum, sem aldrei er vel ljóst, hverjir eru né hverja þörf hafi þessa stuðnings. En sú hliðin verður heldur ekki rædd af mér í þetta sinn.

Ég hygg, að þessi hugsun hafi sérstaklega vakað fyrir hæstv. ríkisstj. á þeim tíma, þegar stórgróði var á útgerðinni. Enda þótt sá gróði rynni að vísu ekki nema að litlu leyti í vasa sjómanna né smáútvegsmanna, heldur að mestu leyti til þeirra, sem flutningana höfðu með höndum, hvort heldur þeir voru togaraeigendur eða réðu yfir öðrum allstórum skipum til fiskflutninga. Þessi hugsun frv. á rót sína að rekja til ástands og álits, sem hafði skapazt, meðan miklu stórvaxnari ágóði var af sölu sjávarafurða en nú er eða líklegt er, að verði í náinni framtíð.

Við vitum svona nokkurn veginn um það, hvaða verð framleiðendum er ætlað að fá framvegis fyrir sjávarafurðir. Bretar hafa nú gert tilboð, sem er á sumum vörum svo lágt, að tæplega borgar sig að framleiða þær á þeim verðgrundvelli, en aðrar vörur, sérstaklega ísfiskurinn, svo mikið lækkaðar í verði, að þær tegundir, sem mest fer fyrir, eins og t. d. þorskur og ýsa, lækka um 30% frá því verði, sem algengast var nú á vertíðinni. Þegar þorskurinn, sem borgaður var með 50—55 aurum klíóið, á nú að greiðast með 35 aurum, þá munu hv. þm. sjá, að hér er ekki farið með neinar ýkjur.

Það má segja, að það sé saltfiskurinn einn, sem sæmilegt verð er boðið í, en þó er ekki vitað, hvort um verulegan hagnað getur orðið að ræða af þeim fiski, þegar fram í sækir, vegna vaxandi framleiðslukostnaðar.

Mönnum er farið að skiljast það úti um land, að Bretar muni ætla að taka alla fiskflutninga til Englands í sínar hendur.

Nú vil ég benda hv. fjhn., sem ég býst við, að fái þetta mál til meðferðar, á það, að mótmæli eru að berast hingað til Alþ. frá veiðistöðvum víðsvegar um land gegn þessum skatti á sjávarafurðir. Mótmæli hafa þegar komið frá þessum stöðum: Akureyri, Ísafirði, Norðfirði, Seyðisfirði, Húsavík, Ólafsfirði, Dalvík, Steingrímsfirði, Patreksfirði, Grenivík, Keflavík og Vestmannaeyjum, auk þess, sem önnur stærri

samtök útvegsmanna hafa mótmælt fyrir sitt leyti. Allir þessir aðilar mótmæla einum rómi svo háu útflutningsgjaldi sem hér er stefnt að.

Ég, sem er einn af sexmenningunum, sem svo voru kallaðir í hv. Nd., vil taka það fram hér eins og þegar í n. um mína persónulegu afstöðu, að ég gæti ekki fellt mig við svo hátt álag á útfluttar afurðir, og hlyti að standa á móti þeim, þar sem ég hefði frétt, hvert útlit væri nú með sölu á þeim, og því yrði að stilla öllum heimildum í þessu skyni í hóf.

Þetta þýðir ekki það, að við, sem rekum sjávarútveg, viljum ekki taka þátt í að rétta hlut annarra, sem verr eru settir. En við viljum ekki leggja á svo hátt gjald, að sá arður, sem útvegsmönnum ber, hyrfi næstum eða yrði jafnvel enginn.

Ég vil svo að lokum benda hv. fjhn. á það, að þessi skattur hittir ekki lengur neina stórgróðamenn, heldur yrði hann lagður á hið breiða bak sjómanna og útvegsmanna víðsvegar um landið, þá menn, sem eiga að vinna að öflun og framleiðslu sjávarafurðanna.

Að svo mæltu ætla ég ekki að tefja tímann lengur, en vil láta þá ósk í ljós, að hv. fjhn. takist að finna leið til að stilla frv. til meiri sanngirni en í því felst nú.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vildi fyrst athuga þetta frv. lítils háttar alveg án tillits til þess ranglætis, sem í því felst; að hve miklu leyti það nær tilgangi sínum, eða réttara sagt því markmiði, sem látið er í veðri vaka, að sé tilgangur þess.

Höfundar frv. segja, að aðaltilgangur þess sé að draga úr „verðbólgunni“ og bjarga ísl. krónunni. Krónan er nú skráð á líklega helmingi lægra verði en sannvirði gagnvart sterlingspundi. Svo segja hinir vísu höfundar frv., að ráðið til að draga úr aukningu dýrtíðarinnar sé að leggja tugmilljóna króna skatt á landsmenn og greiða þetta fé til útflytjenda.

Eins og frv. var upprunalega borið fram í Nd., var ætlazt til, að verðuppbætur yrðu aðeins greiddar á útfluttar vörur. En sú breyt., sem þar var gerð á frv., var svo almennt orðuð, að hún breytir þar litlu um.

Í 1. lagi er það augljóst, að verð á erlendri vöru heldur áfram að hækka eftir sem áður, úr því krónan er skráð á sama verði.

Í 2. lagi er það og augljóst, að verð á innlendum iðnaðarvörum heldur áfram að hækka eftir sem áður, þar sem öll erlendu hráefnin hækka í verði.

Í 3. lagi getur verðuppbót á útfluttar landbúnaðarafurðir ekki orðið til þess að lækka verðið á þeim á innlendum markaði.

Hingað til hafa kjötverðlagsn. og mjólkurverðlagsn. afsakað hið háa verð á þessum vörum með því, að útflutningsverðið væri svo hátt, að það borgaði sig betur að framleiða fyrir útflutning, ef innlenda verðið væri ekki hækkað í samræmi við það. Nú er það augljóst, að ef greiddar eru verðlagsuppbætur í stórum stíl á útfluttar landbúnaðarafurðir, þá mundu verðlagsnefndirnar skírskota til hins háa útflutningsverðs, þegar þær hækka verðið á innlenda markaðinum, og mundu segja, að það væri tap fyrir bændur að selja á lægra verði.

Samkv. frv. hefur ríkisstj. enga heimild til þess að skipta sér af verðlaginu á þessum vörum og má ekki heyra nefnt að fá þá heimild. Það mundi því litlu breyta, þótt henni væri fengin slík heimild. Í 1. lagi hafa menn reynsluna af því, hvers virði slík heimild er í höndum ríkisstj., sem alls ekki vill fá hana, og í 2. lagi er hægur vandi fyrir verðlagsnefndirnar að gera fyrir þeirri lækkun, sem þá kynni að verða. Útkoman yrði skrípaleikur. Úr því að allt verðlag hlýtur að hækka þrátt fyrir þessar ráðstafanir, þá segir sig sjálft, að kaup hlýtur einnig að hækka, nema ný kaupþvingunarlög verði sett, eins og viðskmrh. vill óður og uppvægur að verði gert.

Ekki er gott að segja, hvernig höfundarnir hugsa sér að koma kauplækkuninni, sem þeir tala mest um, í framkvæmd. Því verður ekki neitað, að skattaviðaukinn, sem lagður er á verkafólk, er allmikil kauplækkun, en atvinnurekendur verða að greiða jafnhátt kaup fyrir það. Svo það getur engin áhrif haft til lækkunar á framleiðslukostnaði og vöruverði.

Þrátt fyrir allar þessar ráðstafanir mun krónan því halda áfram að hrapa og vöruverð að hækka eftir sem áður. Eftir sem áður halda peningamenn áfram að kaupa upp fasteignir, til þess að koma peningum sínum í verðmæti, áður en þeir verða að engu. Eftir sem áður mun braskið blómgast og verð á fasteignum verða skrúfað upp án takmarka.

Það er ekki hægt að fá nema eitt út úr þessu dæmi. Þessar ráðstafanir frv. eru sama eðlis og þegar Münchausen barón dró sjálfan sig upp úr feninu á hárinu, eða þegar Bakkabræður báru sólskinið inn í trogum, svo ég noti líkingu hv. 1. þm. Reykv.

Sumir hv. þm. halda því fram, að rétt væri fyrir Alþ. að láta í ljós vilja sinn um að fá breytt gengi krónunnar, en það eru Bretar, sem hafa ákveðið gengi hennar gagnvart sterlingspundinu. Þetta er alveg tilgangslaust nema skipt verði um atvmrh. um leið, og yrði þá sennilega nauðsynlegt, að fram færu alger stjórnarskipti. Því að atvmrh. hefur sérstakan persónulegan hag af því, að gengið sé lágt, og hefur beinlínis lýst því yfir, að hann sé á móti því, að það sé hækkað. Og það segir sig sjálft, að það er alveg tilgangslaust að fela slíkum manni að semja við Breta um hækkun íslenzku krónunnar. Það væri álíka og að fela Mússolini að semja við Hitler um einhver hagsmunamál Danmerkur.

Tilgangur þessa frv. hlýtur að vera allur annar en sá, sem látið er í veðri vaka í grg. Tilgangurinn er sá, að taka tugi millj. kr. úr vasa ákveðinna ríkisborgara og stinga þeim í vasa annarra. Þeir, sem á að rýja, eru verkamenn og sjómenn og aðrir launþegar, og þeir, sem eiga að fá millj. að gjöf, eru atvinnurekendur, sem framleiða til sölu á erlendum markaði.

Annað, sem sérstaklega einkennir þetta frv., er einræðisbragurinn á því. Ríkisstj. er heimilað að leggja skatt á útfluttar vörur, sem geta numið a. m. k. 10 millj. kr. eftir þeim reglum, sem henni þóknast svo við að horfa. Með þessu

afsalar Alþ. í hendur ríkisstj. valdinu til þess að setja skattal. og þessum 20—25 millj. kr., sem ríkisstj. fengi til umráða, ef frv. yrði samþ., getur hún síðan varið eins og hún vill, án þess að vera bundin nokkrum reglum, sem þingið setur þar um. Alþ. framselur með öðrum orðum líka réttinn til þess að setja eins konar fjárlög. Með þessu er löggjafarvaldið í veigamestu málunum afhent einræðisstj. og tekið af Alþ.

Það virðist ætla að rætast, sem marga grunaði, þegar stjórnarskráin var brotin og þm. ákváðu að skipa sjálfa sig til þingsetu til fjögurra ára, að næsta skrefið mundi verða að afhenda ríkisstj. einræðisvald. Ríkisstj. fær ótakmarkað vald til þess að refsa og umbuna, og í því skyni er henni fengið í hendur fjármagn, sem skiptir tugum millj. kr. Ríkisstj. getur því refsað stéttum og hópum manna, sem henni er illa við, með því að leggja á þá þunga skatta, og hótað þeim þungum sköttum, ef þeir eru ekki auðsveipir. Öðrum hópum og atvinnustéttum getur hún veitt umbun fyrir góða þjónustu og mútað til fylgis við sig með þessum sömu millj., auk þess, sem þetta er líka prýðilegt tækifæri til þess að sjá hagsmunum sumra ráðh. og þeirra venzlamanna borgið. Ef síldveiði verður lítil í sumar, þá er ekkert líklegra en að sumir stríðsgróðamennirnir, sem undanfarið hafa gert út á síld, eins og t. d. hlutafélagið „Kveldúlfur", geti fengið ríflegan hlut af þessum millj. kr. í uppbætur. Mér þykir satt að segja ekkert undarlegt, þó að bændur telji sig afskipta, ef það er rétt, að mjólkurverðið til bænda í Borgarfirði t. d. hafi hækkað aðeins um rúm 21% s. l. ár, á sama tíma, sem hækkun verðvísitölu er talin vera 32% að meðaltali.

Nú er það svo, að síðan verðið á mjólkinni og kjötinu var gefið frjálst, hefur útsöluverð á þessum vörum verið mun hærra en vísitalan. Og nú er svo komið, að verðvísitalan er 53%, en útsöluverð á mjólk frá því fyrir stríð hefur hækkað um 80%. En það er tiltölulega meiri hækkun á afurðum úr vinnslumjólk.

Ég mun verða fyrstur manna til þess að styðja hvers konar ráðstafanir, sem gætu orðið til þess, að hlutur bænda yrði bættur, ef það er ekki gert með þeim hætti, að ríkir stórbændur yrðu fyrst og fremst hjálparinnar aðnjótandi. Bændaalþýðan í landinu óskar áreiðanlega ekki eftir því, að stórbændum verði gefnar millj. kr., sem teknar eru úr vasa skattþegnanna, þar á meðal sveitafólksins. En það, sem fyrst og fremst þarf að rannsaka, er það, hvernig stendur á því, að bændur bera svo skarðan hlut frá borði á sama tíma og afurðir þeirra hækka svo gífurlega í verði. Þarna hlýtur að vera eitthvað bogið. Notadrýgsti stuðningurinn við bændur væri að kippa því í lag.

Annað vandamál í sambandi við landbúnaðinn er, hvernig eigi að tryggja það, að landbúnaðurinn hafi nægilegt vinnuafl til þess að halda framleiðslunni í horfinu og til þess að auka hana. Við þm. Sósialistafl. höfum flutt till. um þetta efni, þar sem lagt er til, að ríkissjóður leggi fram fé til kaupjöfnunar í landbúnaðarvinnu, svo að bændum verði gert kleift að greiða samkeppnisfært kaup um heyskapartímann. Við gerðum ráð fyrir, að til þess nægðu ein til tvær millj. kr., og það fé er fyrir hendi. Þetta verður síðan endurgreitt í afurðum eftir efnum og ástæðum og þeirri endurgreiðslu varið til þess að lækka útsöluverðið. Þessar till. fengust ekki teknar fyrir.

Ég hef nú sýnt fram á, að öll þessi undralyf, sem hæstv. ríkisstj. þykist vera að brugga, og allar þær skottulækningar, sem hún er að glíma við, er ekki annað en hlægileg Kleppsvinna að svo miklu leyti, sem tilgangurinn er ekki sá einn að auðga ákveðna menn á kostnað annarra. Það þýðir ekkert annað en að horfast í augu við staðreyndirnar. Sannleikurinn er sá, að við Íslendingar erum innlimaðir í hagkerfi þeirra stórvelda, sem nú eru að heyja sitt dauðastríð. Þetta hagkerfi á sér engrar viðreisnar von. Heilbrigt þjóðfélag getur aðeins skapazt á rústum þess. Lausn á þessu vandamáli verður ekki til á grundvelli auðvaldsskipulagsins. Það eru ekki til nein tvö úrræði eða fleiri, sem hægt er að velja um, heldur aðeins eitt, sem er kollvörpun hins sundurvirka þjóðskipulags og sköpun samvirks þjóðfélags, sem byggja verður frá grunni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 16. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 752, n. 765, 766, 767, 768, 769).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 766, 767, 768 og 769. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Enda þótt þetta sé stórt mál og hafi ekki ýkjamikið verið rætt í d. við 1. umr., þá sé ég ekki ástæðu til að hefja hér almennar umr. um það.

Eins og hv. dm. er fullkunnugt, þá hefur þetta mál verið lengi á döfinni fyrir þinginu, þannig að ríkisstj. hefur haft það til meðferðar í samvinnu og samráði við flokkana. Það hefur því nú þegar fengið langa og rækilega meðferð, þó að ekki verði sagt, að svo sé sérstaklega í þessari d., en hv. dm. hafa fylgzt með því eins og aðrir þm. jafnóðum og eitthvað hefur gerzt í þessu máli. Fjhn. hefur ekki haft ýkjamikinn tíma til að athuga málið, en þó hefur hún rætt það allýtarlega á tveimur fundum, öðrum á laugardagskvöld, eftir að fundi hér var lokið, og hinum í gær. Eins og menn sjá á nál. á þskj. 765, þá er það undirskrifað af öllum nm., en það er víst tæplega hægt að komast svo að orði samt sem áður, að n. hafi orðið sammála um afgreiðslu málsins, þó að samkomulag hafi náðst um að gefa út sameiginlegt nál., en það eru þó allir nm. sammála um að ráða d. til þess að samþ. þetta frv. með breyt. En vegna þess að öll n. vill á vissan hátt mæla með málinu, þá varð samkomulag um að kljúfa ekki n., heldur skila sameiginlegu nál. En lengra náði samkomulagið ekki í n.

Um brtt. fóru nm. hver sína leið, eins og sjá má á þeim þskj., sem fyrir liggja. Ég skal taka það alveg sérstaklega fram hvað mig snertir, að ég bauð meðnm. mínum þegar í stað, að ég

skyldi fallast á frv. óbreytt, ef þeir vildu gera slíkt hið sama, og ég skal ekki leyna því, að ég gerði þetta með tilliti til þess, hvað nú er orðinn lítill tími til starfa fyrir d. og þingið í heild sinni. Þingslit eru ákveðin á morgun, og það er því hætta á, að þetta mál verði óafgreitt, ef það tekur nokkrum breyt. í þessari d. nú; yrði það þá að ganga til Nd. aftur, og svo má auðvitað búast við, að Nd. breyti því aftur í sitt fyrra horf og endursendi Ed. það. En þó að ég byðist þannig til að ganga að frv. eins og það nú liggur fyrir og þó að ég telji þá meðferð heppilegasta úr því sem komið er, þá er það ekki svo að skilja, að Framsfl., sem ég er umboðsmaður fyrir í fjhn., sé ánægður með frv. eins og það er. Frv. var lagt fyrir Nd. og flutt af fjhn. þeirrar d., og það var ekki lagt fyrir í þeirri mynd, sem Framsfl. hefði helzt óskað. Það bar keim af því, að umr. höfðu farið fram um málið og samkomulagsumleitanir við aðra flokka. Mér er því óhætt að fullyrða, að þær ráðstafanir, sem ætlazt var til, að gerðar væru samkv. frv. eins og það var lagt fyrir Nd., voru lágmark þess, sem Framsfl. taldi rétt að gera út af því ástandi, sam hefur myndazt í landinu og er að myndast. En Nd. dró úr þessum ráðstöfunum, sem ráðgerðar voru í frv., í mjög verulegum atriðum, að því er snertir aðra aðalfjáröflunarleiðina til þess að vinna með að hlutverki frv. Af þeirri ástæðu er Framsfl. óánægður með frv. eins og það liggur fyrir, þó að það skuli játað, að á öðrum sviðum tók það nokkrum breytingum til bóta í Nd. En þrátt fyrir þetta, þá er Framsfl. þeirrar skoðunar, að það beri að samþ. frv., því að ef það verður að l., þá stendur ríkisstj. þó ekki jafnvarnarlaus og berskjölduð gagnvart því öfugstreymi, sem nú er í viðskiptum okkar og þjóðlífi eins og hún væri, ef ekkert væri nú gert. En það þýðir ekki að ræða um þetta, það náðist ekki samkomulag um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt, og mun ég nú hér eftir gera grein fyrir brtt., sem ég ber fram og fer í þá átt, sem Framsfl. óskar um breyt. á frv. En áður en ég hverf frá framsögu f. h. n., þá vil ég vekja athygli hér á einu atriði. Það er í 5. gr. frv. eins og hún nú er, viðvíkjandi útflutningsgjaldinu, að það kynni í fljótu bragði að verða litið svo á samkv. l. um fiskveiðasjóð, að honum bæri ¼ hluti af útflutningsgjaldi því, sem samkv. þessu frv., ef að l. verður, verður lagt á sjávarafurðir. En ég verð að líta svo á (og ég hef kynnt mér, að meiri hl. n. álítur það, en mér gafst ekki kostur að ræða við 3. nm. um þetta), að þetta ákvæði fiskveiðasjóðsl. geti þó alls ekki átt við þetta frv., því að með því útflutningsgjaldi, sem ráðgert er í þessu frv., er allt öðru máli að gegna heldur en um það venjulega gjald, því að þetta eru ekki tekjur ríkissjóðs í venjulegum skilningi, heldur á að leggja þetta gjald á í alveg sérstöku augnamiði, og ég lít þess vegna svo á, ekki sízt ef engin mótmæli koma fram gegn þeirri skoðun, að það sé alveg nóg að taka þetta fram í framsögu, að þetta umgetna ákvæði l. um fiskveiðasjóð geti ekki átt við þetta frv., þegar tekið er tillit til þess hlutverks, sem þessu útflutningsgjaldi er ætlað að hafa. Ég hef því ekki séð ástæðu til að beita mér fyrir því, að n. flytti brtt. út af þessu atriði.

Þá er minni framsögu f. h. n. lokið, og skal ég þá snúa mér að því með örfáum orðum að minnast á þá brtt., sem ég flyt á þskj. 766.

Eins og ég sagði fyrr, hefði ég talið öruggast, að samkomulag hefði getað orðið um að samþ. frv. óbreytt, en þetta samkomulag náðist ekki, og úr því svo er og úr því að hætta getur verið á því, að frv. verði breytt og það sent Nd. út af till. meðnm. minna, þá sá ég auðvitað enga ástæðu til annars en að þá gengju einnig atkv. um þessa till., sem ég hef borið fram og er í samræmi við frv. eins og það var lagt fyrir Nd. Efni þessara till. minna er, eins og menn sjá, það að taka upp aftur upprunalegu ákvæði frv. um aukaskatt af nettótekjum, 5% af nettótekjum með frádrætti eins og í till. greinir fyrir skylduómaga og af lágum tekjum og af fyrsta þúsundinu engan skatt. Ég þarf ekki að skýra þessa till., því að efni hennar var rætt ýtarlega í Nd., og dm. hér munu hafa fylgzt með því, og menn hafa skoðanir um það hver fyrir sig, og mér er það ljóst, að ræður breyta þar engu um. Ég veit vel, að það mun ekki vera vinsælt að bera fram slíka till. sem þessa; gjöld eru aldrei vinsæl. Hreppsnefndarmenn eru t. d. oft manna óvinsælastir, einungis vegna þess, að þeir leggja útsvörin á, þó að það sé óhjákvæmilegt að vinna það verk. Ég hef séð það í blöðum að undanförnu og heyrt menn tala um „nýju álögurnar“, og það hafa drifið að mótmæli gegn þessu frv., bæði frá verkalýðssamtökum og frá starfsmannafélagi ríkisins, og svo frá útgerðarmönnum gegn útflutningsgjaldinu. Það er alltaf auðvelt að safna mótmælum gegn útgjöldum, hvort sem það fé á að fara til almennra þarfa ríkisins eða til sérstakra framkvæmda eins og hér er um að ræða. Hver er það, sem helzt vill ekki komast hjá því að greiða gjöld? En það er annað, sem ekki er mótmælt. Það er ekki mótmælt, þegar verið er að krefjast þess, að ríkið rétti hjálparhönd til eins eða annars. Ekki var verið að mótmæla því, þegar hér voru samþ. l. um það að greiða starfsmönnum ríkisins fulla dýrtíðaruppbót samkv. vísitölu kauplagsnefndar. Ekki var því heldur mótmælt af hendi útvegsmanna, þegar þeir voru illa settir fyrir nokkru og Alþ. var að reyna að létta undir með þeirra atvinnurekstri. Þó að sumir virðist reka þá pólitík að gera miklar kröfur og mótmæla öllum skyldum, er það aðeins í áróðursskyni, því ekki er hægt að framkvæma hana. Nú er ekki ætlazt til, að ríkið fái þetta fé til sinna framkvæmda. Það, sem menn verða að gera upp við sig, er, hvort ráðstafanirnar séu skynsamlegar fyrir þjóðarheildina og gjaldþegnana sjálfa. Í trausti þess, að svo sé, er frv. borið fram og framfylgt. Það verður að stöðva einhvers staðar kapphlaupið um að hækka allar tölur á báða bóga, — a. m. k. er Framsfl. sannfærður um, að það þarf að spyrna fótum við, annars lendir þjóðfélagið fyrr eða síðar í þeim ógöngum, sem seint sést fram úr. Þess vegna má helzt ekki draga úr þeim ráðstöfunum, sem stofnað var til í frv. í fyrstu, og hef ég því tekið upp sem brtt. viðbótarskatt þann, sem um ræddi í 5. gr. frv., en felld-

ur var niður í meðferð málsins í Nd. Í stað þessa viðbótartekjuskatts, sem á hærri nettótekjur nam allt að 5%, kom allt að 10% viðauki við þann tekjuskatt, sem nú er á lagður. Það er mikill munur á því, hvor skatturinn gefur meira. Í nýafgreiddum fjárlögum er tekju- og eignarskattur áætlaður 3 millj. kr., og veit ég ekki, hve mikið af því muni vera eignarskattur. En segjum, að þessi reikningur, sem er að nokkru leyti ágizkun um tekjur manna á s. l. ári, sé allt of lágur og tekjuskatturinn geti numið 5 millj., þá nemur skattaukinn aldrei yfir ½ millj. kr. samt. Það er féð, sem ætlað er til stærstu ráðstafana, sem þjóðfélagið hefur lagt í nokkru sinni. Samkv. minni till. mundi fást miklu meira fé, ég vil ekki fullyrða, hve mikið, en svo að millj. króna skiptir.

Möguleikarnir til að vinna á móti dýrtíðinni og styðja þá atvinnuvegi, sem kynnu af styrjaldarástæðum að verða hart úti, vaxa stórkostlega, ef brtt. mín verður samþ. Verði frv. breytt hér í d. á annað borð, tel ég, að fyrst og fremst eigi að færa það að þessu leyti til hins fyrra forms. Ég skal ekki orðlengja um brtt. meðnm. minna. Ég hef auðvitað ekkert umboð nefndarinnar til að tala um þær., né um brtt. á þskj. 769, frá hv. 5. landsk., sem ekki hefur verið tekin fyrir á nefndarfundi.

Ég get ekki látið hjá líða að skjóta því að hæstv. forseta, að ég hef haft mjög lítið hljóð, ekki sakir ókyrrðar viðstaddra þdm., — þeir hafa hlustað úr sætum sínum, — heldur sakir háværra radda úr aðliggjandi herbergjum. Væri gott, að hann réði bót á því vegna þeirra þm., sem eftir eiga að tala.

*Magnús Jónsson: Ef þetta mál hefði verið tekið fyrir á öðrum tíma þings og verulegt tóm verið til að veita því þá meðferð, sem svo stóru þjóðmáli hæfir, hefði ég sjálfsagt flutt um það dálítið inngangserindi frá almennu sjónarmiði. Hæstv. forseti hét því við fyrri meðferð frv. hér, að það skyldi leyft við þessa umræðu, en þó vil ég ekki neyta þess réttar, eins og á stendur, heldur ræða aðeins um það, er snertir brtt. mínar.

Það er óviðkunnanlegt, að þegar Alþ. er búið að sitja lengur en nokkurn tíma áður, skuli þetta stórmál, sem við eigum líklega eftir að verða varir við dunurnar af eftir 10 ár, vera knúið gegnum þingið án undirbúnings og án þess, að tími vinnist til að tala um það. Það er alveg dæmalaust, hver flaustursmíð frv. er, og verða nefnd næg dæmi þess áður en lýkur. Eiginlega er aðeins um það eitt rætt, að leyfa ríkisstj. að krefja af þjóðinni óhemjumikla peninga og verja þeim svo til einhvers þarflegs, sem henni þóknast. Þótt það sé rétt hjá hv. frsm., að n. mæli með því að samþ. frv., fylgir því ekki mikil áherzla af minni hálfu. Ég trúi ekki, að verðlagið mundi hækka upp úr öllu viti héðan af, þótt ekkert væri að gert. Ég held að frumorsök verðbólgunnar sé algerlega röng skráning krónunnar. Ég gæti vel trúað, að verðlagið stöðvaðist, þegar það hefur náð vissu hámarki, þó að vitanlega komi þar fleiri ástæður til greina en gengið. Ef í staðinn fyrir krónu er tekin upp önnur mynt miklu verðminni, skapar það óheilbrigða verðbólgu, en það er reynsla, að sú þróun stöðvast, er frá líður. Þess vegna er ég ekki svo ginnkeyptur fyrir þessu, að ég vilji samþ. þar svo að segja hvað sem er. Ég er því samþykkur, að reynt sé að vinna móti því óheillaverki, sem við vorum neyddir til í samningum við Englendinga, að skrá krónuna rangt. Með brtt. vildi ég vinna að því. Það var mjög göfugmannlegt af hv. frsm. að bjóðast til að vera með frv. óbreyttu, ef við vildum hinir sætta okkur við það án breyt. En ég geri samþykkt aðaltill. minnar að skilyrði fyrir því, að ég geti orðið með frv. Ég tel, að frv. hafi verið lagfært í Nd. Það var ekki aðeins gert af hlífð við almenning og við sóma Alþ. að samþ. ekki með þessu frv. ný skattal. þvert ofan í þau, sem þingið var nýlega búið að afgreiða, heldur tel ég, að það hafi verið gert til að firra ríkisstj. þeirri freistingu að fara ógætilega af stað í framkvæmd þessarar löggjafar. Henni voru heimilaðar of ótakmarkaðar álögur til þess að hún þyrfti að hugsa um að sjá fótum sínum forráð fjárhagslega. En meðan 1. gr. frv. er látin óbreytt, er það raunar bitamunur en ekki fjár, hvort frv. er fullkomnara nú en í upphafi eða skattaálagningarheimildin takmarkaðri en var. Ef ríkisstj. notar heimild 1. gr. ógætilega, hleðst kostnaðurinn upp, og nú eða síðar verður að ná honum upp með sköttum. Þá gagnar lítið sú lagfæring, sem Nd. hefur gert. 1. brtt. mín er umorðun á 1. gr. Þar er tvennt, sem ég vil takmarka, verkefni frv. og um leið hinn takmarkalausa kostnað, sem af viðfeðmi þess getur leitt. Mér og öðrum þm. er nokkur vorkunn, þótt okkur blöskri, þegar 1. gr. telur ráðstafanirnar eiga að ná „til viðbúnaðar gegn þeim erfiðleikum atvinnuveganna, er stafa af styrjaldarástandinu, til þess að minnka verðbólguna innan lands og draga þannig úr hækkun framfærslukostnaðar, kaupgjalds og framleiðslukostnaðar og til annarra ráðstafana, sem óhjákvæmilega nauðsynlegar kynnu að þykja af styrjaldarástæðum". Ég hefði gaman af að vita, hvað það er í þjóðfélaginu, sem ekki má láta þessi ákvæði ná til. Hvað er það, sem ófriðurinn hefur ekki áhrif á? Hann rekst svo á allt venjulegt líf hvers einstaklings í landinu, að það getur gefið ríkisstj. tilefni til að gera í nafni þessarar löggjafar næstum hvað, sem henni dettur í hug. Viðbótin, sem Nd. samþ. við 1. gr., er ekki sem verst orðuð, en hún endurtekur allt efni fyrri hlutans, svo að það er ósamboðið virðingu Alþingis að samþ. slíka grautargerð. Þar er bætt við, — með leyfi hæstv. forseta —: „Ríkisstjórnin skal verja fé því, sem aflað er samkv. l. þessum, til þess að koma í veg fyrir, svo sem unnt er, að verðlag á innlendum og erlendum nauðsynjavörum hækki til neytenda frá því, sem nú er, og til að styðja þá framleiðendur, sem af styrjaldarástæðum eru neyddir til að selja vöru sína óeðlilega lágu verði, allt að undangenginni athugun á þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru." Það hefði verið betra, ef hv. Nd. hefði látið þessa málsgr. nægja, en fellt upphaflegu greinina niður. Nú er þeim þannig ruglað saman, að úr endurtekningunum verður ekkert

mannamál, bara hreinasta fuglamál. Greinin er alveg dæmalaus í íslenzkri löggjöf.

Það er enn of óljóst, til hvers ríkisstj. þóttist þurfa nýjar álögur, sem næmu 12, 14, 15 eða 16 milljónum króna. Rætt hefur verið um, að það gengi að nokkru leyti til að styðja atvinnuvegi, sem bera sig illa, greiða t. d. uppbætur á kjöt, sem selt er úr landi. Mér finnst það ákaflega sannsýnilegt, þótt erfitt sé að meta þarfir allra aðila rétt og skipta sanngjarnlega. En svo er t. d. minnzt á uppbót á útfluttar sjávarafurðir, segjum síld. Þá fer skörin að færast upp í bekkinn. Ef einhverjar af mestu útflutningsvörum okkar eiga að njóta stórfelldra uppbóta, hvar á þá að nema staðar? Á þá að segja við menn: Blessaður, framleiddu bara eitthvað, hvort sem það borgar sig eða ekki. Ríkið ber hallann, ef það borgar sig ekki. — Þá held ég ekki væri verra, að þeir leituðu arðvænni atvinnu, jafnvel færu í Bretavinnu.

Ég hef raunar alltaf heyrt í sambandi við þetta frv., að það væri flutt til þess að koma í veg fyrir aukning dýrtíðarinnar. Það verkefni er nógu stórt. Og þess vegna er það, að ég hef borið fram þessa brtt., þar sem í 1. gr. er eingöngu miðað við það, að ríkisstj. beri að gera ráðstafanir gegn því, að dýrtíð og framfærslukostnaður í landinu aukist. Með því hefur málið fengið alveg ákveðna stefnu, þar sem það er ákveðið verk, sem til er tekið, að verið sé að vinna. Ég vil t. d. alls ekki draga hér inn í þetta mál ýmis önnur mál, sem mér virðast vera dregin hér inn í, t. d. mjólkurmálið og erfiðleikar bænda í Gullbringu- og Kjósarsýslu og yfirleitt í nágrenni Reykjavíkur í sambandi við mjólkursölu, rétt eins og sú vandræðasaga hefði byrjað nú með stríðinu og verðhækkuninni. En það mál hefur verið margra ára vandræðamál, og ég álít, að það þurfi að taka það alveg ákveðnum tökum í alveg sérstöku frv., sem samþ. væri sem l. Ég spáði því síðast þegar breyt. var gerð á mjólkurl., að með þeim breyt., sem þá voru gerðar, væri stefnt út í ófæru, vegna þess að þá áttu menn að fá sama verð, að frádregnum kostnaði, fyrir mjólkina innan verðlagssvæðisins, hvort sem mjólkin komst í meira eða minna verð. Ég spáði því þá, að allir bændur á þessum h. u. b. einum þriðja hluta landsins eða meira færu bara allir að framleiða mjólk. Því að það er góður atvinnuvegur, ef menn fá neyzlumjólkurverð fyrir mjólkina, að frádregnum einhverjum kostnaði; þá varðaði þá, sem framleiddu hana, ekki um, fyrir hvað hún seldist. Ég spáði því, sem sagt, að mjólkurframleiðslan ykist. En það var þá ekki gert mikið úr því. En hvað skeður? Nú er mjólkurframleiðslan þrefalt mjólkurmagn á við það, sem hægt er að pumpa í neytendur. Og allar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið um þetta mál, útþynnast svo hroðalega, að neytendur verða að borga stórfé fyrir mjólkina, en t. d. bændur hér í nágrenni Reykjavíkur fá ekki nema einn þriðja hluta þess verðs fyrir sína mjólk. Þetta álít ég, að þurfi að taka fyrir til rækilegrar athugunar og breyt. í sérstakri löggjöf.

Eins hefur verið blandað saman við þetta mál, alveg að ég tel að ástæðulausu, erfiðleikum bænda vegna fjárpestarinnar. Það má vel vera, að þessir aumingja menn, sem hafa nú misst fé sitt af völdum þeirrar pestar, þegar þeir sjá peningana rúlla í milljónatali, hugsi sem svo, að þeir ættu að geta fengið einhvern pening. En um þetta efni er til ýtarleg löggjöf, sem ég veit ekki betur en að hafi alveg verið endurskoðuð af hæstv. Alþ. Og ég álít, að við eigum, ef við viljum gera bændum eitthvað betra til um þetta, að athuga þá löggjöf alveg út af fyrir sig, en ekki að vera að blanda henni hér saman við, því að hún er alveg óviðkomandi þessu dýrtíðarmáli. Og það eru sjálfsagt fleiri, sem ætlað er að koma inn í þetta.

Ég hef þess vegna stungið upp á því, sem sagt, að 1. gr. frv. sé skýrt um það, að verkefnið, sem eigi að sinna með þessum ráðstöfunum, sé takmarkað við það að gera ráðstafanir gegn því, að framleiðslukostnaður í landinu aukist.

Ég er ekki ákaflega ginnkeyptur með þessu máli. En ég vil vera með því, úr því að ríkisstj. og ýmsir aðrir óska eftir því, en óska þessara breyt., sem ég hef tekið fram, á frv. En ég er ákaflega hræddur um það, að vegna þessa máls verði stórkostlegir örðugleikar. Ég veit náttúrlega ekki, hve vísdómsleg ráð menn finna út. Vonandi er, að forsjónin gefi hæstv. ríkisstj. mikinn vísdóm, þegar hún fer að gera sínar ráðstafanir. En ég sé ekki annað en að öllum eðlilegum grundvelli undir verðmyndun sé kippt burt með þeim ráðstöfunum, sem telja má, að hér sé stefnt að. Hingað til hafa menn fengið ákveðið verð fyrir vöru sína, eins og þeir hafa treyst sér til að selja vöruna fyrir, og það, sem takmarkar verðhækkunina, t. d. á mjólk, svo maður taki einhvern ákveðinn hlut, er það, að þegar hún hækkar, draga menn úr neyzlu hennar og reyna að finna eitthvað annað til að kaupa í staðinn fyrir hana, sem þeir telja hagkvæmara að kaupa. En ef menn vilja hækka mjólkurverðið til framleiðenda án þess að mjólkin hækki til neytendanna og einhver góður aðili borgar mismuninn, þá er horfinn allur eðlilegur grundvöllur undan verðlagsákvörðun á þessari vöru. Ef neytendur borga t. d. 70 aura fyrir lítrann af mjólk, en hún er raunverulega hækkuð upp í krónu eða jafnvel kr. 1.50, þegar talið er verð til framleiðenda og kostnaður, og þegar verðið er komið upp í t. d. kr. 1.50, þá verður farið að þyngjast undir fæti. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að finna grundvöll um þetta, þegar því er gersamlega neitað, að sá aðili, sem á að borga vöruna, eigi að fá að ráða neinu um verðið? Ég sé þar ljón á veginum. En í trausti til ríkisstj., og kannske mínu oftrausti til hæstv. stj. um að hún finni leiðir og að hún beiti áhrifum sínum til þess að þetta keyri ekki alveg fram úr hófi, vil ég vera með málinu.

Þetta er þá annað höfuðmarkmiðið með minni brtt., að takmarka verksviðið. Hitt höfuðmarkmiðið er að takmarka fjárhæðina við 5 millj. kr. Ég álít, að það sé ósamboðið hæstv. Alþ. að gefa svona heimildir öðruvísi en að vita eitthvað, hvað það er að gera. Og 5 millj. kr. hafa nú stundum þótt skildingur, þegar eitthvað hefur átt að framkvæma.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að þegar búið er að takmarka tilgang frv. við það að

ráða verðlagi í landinu, þá er margt, sem ríkisstj. getur gert án þess að kosta nokkru til. Hún getur barizt á móti verðhækkun með ýmsu móti, sem ekkert kostar annað en fyrirhöfn og ráðsnilld. Hún getur skert álagningu á erlendar vörur, eða a. m. k. hert á framkvæmdum þannig, að sem bezt sé tryggt, að sú vara hækki ekki. Hún getur með áhrifum sínum með því fullkomna valdi, sem hún í raun og veru hefur til þess (ef hún hefur krafta í kögglum) að hafa áhrif á innlenda verðlagið, ef hún reynir til þess ýtrasta að láta það ekki fara upp úr því, sem eftir nákvæma athugun verður að telja rétt og sanngjarnt. Hún getur sjálfsagt líka eitthvað unnið að því að lækka verðlagið með því að lækka farmgjöld að einhverju leyti. Og það er gert ráð fyrir því í frv. að lækka tolla, sem mundi stuðla að lækkun dýrtíðarinnar, en það eru náttúrlega óbein útgjöld fyrir ríkissjóð, og vil ég því ekki nefna það með þessu. Og svo getur hún á ýmsan hátt haft áhrif með peningapólitík landsins, sem yfirleitt hefur í öðrum löndum þótt það eina, sem ætti að grípa til, þegar verðþensla hefur verið í einhverju landi, og hefur það verið framkvæmt þannig að taka peningana að nokkrum hluta úr umferð og kreppa þannig að peningamarkaðinum eins og hægt er. Og till. hefur komið fram um það að taka nokkuð af tekjum þeirra manna, sem miklar hafa tekjur, og loka þær inni hreint og beint. Þess konar peningapólitík gæti ég trúað, að yrði miklu árangursmeiri heldur en bara að taka pening af einum aðila og fá öðrum hann, sem ég held, að verði svo gagnslítið, því að með því halda peningarnir áfram að vera í umferð. Að loka peningana þannig inni væri þó eins og að rífa svolitið gat á þakið til þess að hleypa sólskini inn, en bera það ekki alltaf inn í fötum.

En fyrir utan allar þessar aðferðir, sem hæstv. ríkisstj. getur haft, — og það herðir á henni að nota þær, ef hæstv. Alþ. lætur þann vilja sinn í ljós, að hún eigi að hafa þær —, þá hefur hæstv. ríkisstj. handa á milli 5 millj. kr., ef hún þarf að kosta einhverju til. Og það eru ekki litlir peningar. Og ef hæstv. ríkisstj. fer að framkvæma þetta í sumar og fram á haust og verður þá búin að gera sínar línur skýrar, sem ég býst við, að hún geti þá verið búin að, en sér þá, að þetta fé dugar ekki, þá getur hún kallað saman þing eða látið frekari framkvæmdir bíða þangað til þing kemur saman í febrúar næst, og það þing getur lagt fram skýrar till. í málinu. Ég skyldi vera miklu fúsari til að binda ekki tillag til þessara framkvæmda við vissan krónufjölda, ef línurnar væru skýrari um verksvið það, sem hæstv. ríkisstj. eftir þessu frv. á að hafa til að framkvæma þessar ráðstafanir, væri ekki svona óákveðið. En ef maður veit ekki, eftir hvaða línum á að fara eða hve margar krónur eiga að fara til þessa, þá get ég ekki eins fúslega verið með þessu.

Það var nokkuð talað um það í mínum flokki, þegar þetta mál var á döfinni, að fresta Alþ. um tíma og setja fagmenn og stofnanir í að rannsaka þetta mál til þess að afla upplýsinga til að starfa eftir í málinu, og kalla svo þing saman aftur til þess að ráða málinu til lykta. Ég var með þessu, því að ég taldi ákaflega erfitt að komast niður á heppilega lausn málsins, meðan ekkert væri rannsakað í því. Ég tel, að ég hafi þar með till. minni, ef samþ. hefði verið, komið með heppilegustu lausn málsins. Ríkisstj. hefði svo, eftir að hafa prófað þær ráðstafanir, sem hún hyggst að gera með þessum 5 millj. kr., getað kallað saman þing í október, nóvember eða desember eða yfirleitt á hverjum þeim tíma, sem hún hefði álitið þörf á að tala við hv. þm. um frekari heimildir og aðgerðir í málinu. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að málið hefði með þessu móti fengið heilbrigðari lausn heldur en með því, sem hér í frv. er stefnt að, og þetta hefði aldrei getað skaðað neitt a. m. k. Ég efast um, að þær hendur, sem nú eru útréttar eftir hjálp, kannske bara í huganum, færu vonsviknar til baka aftur, þótt að minu ráði hefði verið hnigið, en ég mundi ekkert hafa harmað það, þótt svo hefði farið í bili. Því að við vitum það, að ef við eigum að óttast hina miklu dýrtíð, þá þurfum við ekkert síður að óttast hana, þó að við gerum ákaflega miklar ráðstafanir af þessu tagi, sem í frv. er gert ráð fyrir. Og ég er ákaflega hræddur um það, að eins og menn álita dýrtíðina þungan bagga, þegar stríðinu er lokið, eins muni um allar þessar ráðstafanir, ef gerðar verða, sem í frv. greinir, verða erfiðleikar á að koma þeim af aftur. Skal ég svo láta þetta nægja um brtt. við 1. gr.

Hinar brtt. eru svo í raun og veru ekki annað en afleiðingar af þessari 1. brtt. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt, að samtímis því, að heimild er ákveðin um þessar 5 millj., þá sé farið að leggja á svo eða svo margra millj. kr. útflutningsgjald. Ég vil nú láta í ljós nokkurn efa um það, að ríkissjóður muni vera fær um að snara út þessum 5 millj. kr., sem honum ber að svara út eftir frv. óbreyttu, og þess vegna er það, að ég ber fram brtt. mína, sem er nr. 1,b, þ. e. a. s., að á eftir 1. gr. komi ný gr. Því að ef ég gæti trúað því, að ríkissjóður gæti borgað þessar 5 millj. kr., hefði ég ekki borið þá brtt. fram. Þess vegna þorði ég ekki annað en að taka hér upp um leið heimild fyrir ríkisstj. til þessa, ef hún teldi hæpið, að tekjurnar nægðu, fyrir utan allar aðrar skuldbindingar, sem á ríkisstj. hvíla, til þess að svara út þessum 5 millj. kr., og legg ég til, að heimilt sé þá að leggja 5% útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, eins og til er tekið að öðru leyti í þessari brtt. Ég vonast þó til, að ríkisstj. þurfi ekki að nota þetta alveg út í æsar, en get hugsað mér, að með þessari leið verði hægt að afla um það bil helming af þessum 5 millj., eða 2½ millj., með þessu útflutningsgjaldi.

Skal ég svo ekki ræða um orðunina á þessari till. sérstaklega. Ég er fús til þess kannske að víkja einhverju við í orðalagi þessara brtt., ef eitthvað þætti þar vanhugsað. Hygg ég þó, að þessar till. geti staðizt.

Ég hef svo ekki haggað neitt við 2. gr. frv., sem er um heimild til þess að ákveða farmgjöld af vörum. Ég álít þó óþarft að lögbinda þetta, því að ríkisstj. gæti náð þessu takmarki með samningum, sérstaklega þegar hún hefur vald

til að gefa út bráðabirgðal., ef menn væru ósanngjarnir í þessu sambandi.

Ég hef ekki heldur haggað 3. gr. Ég hef að nokkru leyti lagt samþykki mitt til þeirrar gr. með því að vera með í að samþ. tollskrána. Ég skal ekki segja um það fyrir mitt leyti, hvort of langt er gengið í 3. lið gr., þar sem um er að ræða hækkun tolls af áfengi og tóbaki. En það má nú lengi hlaða á drógina.

Aftur á móti hef ég lagt til, að 4. gr. yrði felld niður, sem aðeins er af því, að ég tek 5 millj. kr. heimildina upp í 1. gr. samkv. minni brtt.

5. gr., um útflutningsgjaldið, orða ég svo um, eingöngu vegna þess, að það er óþarfi og fjarstæða að gefa heimild upp á 10% útflutningsgjald, ef heimildin er á annað borð bundin við 5 millj. kr. framlag úr ríkissjóði.

6. gr. hef ég lagt til að fella niður, af sömu ástæðu, að það er alveg óþarft að leggja á nokkurn hækkunarskatt vegna þessarar 5 millj. kr. heimildar, og satt að segja óviðkunnanlegt, þó að það sé ekkert á móts við það, sem var í frv. upphaflega. Hygg ég, að þetta geri það álit manna á Alþ. ákveðnara, að það vandi ekki svo störf sín sem vera ætti og það gæti gert, þar sem hæstv. Alþ. er nýbúið að setja vel undirbúin skattal.á þessu þingi og svo seinna á þessu sama þingi kemur með frv. um gífurlega skatta til viðbótar við það. Þó að sumir hafi nefnt 12% skattsviðaukann, þá kemur hann ekki þessu máli við, því að hann mundi renna til bæjar- og sveitarsjóða, og til þess mun ekki vera sérstök ástæða nú.

Ég skal ekki neitt í þessu sambandi ræða brtt. hv. 1. þm. Eyf. (BSt), sem leggur til, að frv. verði fært til samræmis við það form, sem það hafði upphaflega. Og ef hans brtt. væri samþ., gerði hún geysimikla breyt. á frv.

7. gr. legg ég til, að felld verði niður, sem er eingöngu af því, að efni hennar er tekið upp í aðra brtt. hjá mér. Og svo að lokum legg ég til, að fyrirsögn frv. verði breytt í samræmi við þá breyt., sem ég legg til, að gerð verði á frv., og legg til, að frv. heiti „Frv. til laga um ráðstafanir gegn dýrtíð í landinu og tekjuöflun í því skyni."

Ég hef nú gert grein fyrir brtt. mínum og læt útrætt um málið að sinni.

*Erlendur Þorsteinsson: Frv. þetta er flutt í Nd. af meiri hl. fjhn. þeirrar deildar, þar sem fulltrúi Alþfl. í n. vildi ekki vera með í því að flytja frv. eins og það lá þá fyrir. Nú hefur frv. tekið miklum breytingum til bóta í Nd. og hef ég því hér í fjhn. Ed. getað orðið sammála meðnm. mínum um að mæla með frv. með breytingunum. Þar sem hvorugur þeirra hefur farið inn á það að ræða frv. almennt, þá mun ég einnig sleppa því og halda mér mest við þær brtt., sem ég hef lagt fram, og víkja að öðrum brtt., sem hér liggja fyrir.

Ég vil strax taka það fram, að ég hefði að vísu kosið, að tryggilegar og betur hefði verið búið um 1. gr. frv. heldur en nú er gert, t. d. með því að skipa sérstaka yfirverðlagsnefnd, sem hefði það með höndum að hafa nánari ákvarðanir á verðlagi erlendra og innlendra nauðsynjavara, sem landsmönnum eru seldar í landinu. En þar sem það var vitað í Nd., að um það gæti ekki fengizt samkomulag, þá hef ég sleppt því að bera fram slíka brtt. hér í því trausti, að ríkisstj. haldi sér að þeim takmörkunum, sem getið er um í niðurlagi 1. gr., og á ég þar við, að hún láti fara fram athuganir á þeim atriðum, sem þar eru nefnd, áður en nokkrar greiðslur eru lagðar fram skv. frv.

Tilgangur þessa frv. er tvenns konar. Í fyrsta lagi að gera tilraunir til þess að halda niðri dýrtíðinni í landinu og koma í veg fyrir það, að vísitalan hækki, sem hefur þau áhrif, að kaupgjald og framleiðslukostnaðurinn hækkar ekki frá því, sem nú er. Og í 1. gr. frv. er ríkisstj. veitt heimild til þess, ef sérstaklega stendur á, að styðja þá framleiðendur, sem af völdum ófriðarins geta ekki selt vörur sínar fyrir framleiðslukostnaði.

Sú till., sem fyrir liggur frá meðflm. mínum, hv. 1. þm. Reykv., útilokar aðeins þann möguleika, að ríkisstj. gæti, þó nauðsyn væri til þess, hlaupið undir bagga með einstaka atvinnugreinum, og vil ég benda á það í sambandi við þetta, að hv. 1. þm. Reykv. taldi það goðgá, ef þyrfti, eins og hann tók fram, að greiða uppbót á síld. Nú er að vísu hægt að veita ýmsum atvinnugreinum stuðning án þess um beinar greiðslur sé að ræða. En hins vegar er með þær ábyrgðir, sem ríkisstj. veitir, eins og aðrar ábyrgðir, að þegar þær eru veittar, þá verður að gera ráð fyrir því, að það þurfi að greiða þær, og það er vitanlega hyggilegt að hafa til þess heimild í sérstökum lögum, og afla til þess tekna, þar sem ekki er gert ráð fyrir í almennum fjárlögum, að til slíkra greiðslna komi.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að í fyrra var komið á síldarsöltun með ábyrgð ríkisstj. Að vísu var sú ábyrgð mjög takmörkuð og gerð með meðábyrgð, og ég hygg, að ef illa hefði farið, þá hefðu þær greiðslur, sem ríkið ábyrgðist, verið mjög ófullnægjandi. En sem betur fór, þurfti ekki að greiða þessa ábyrgð, en vitanlega gæti komið til þess, ef í slíka ábyrgð væri gengið, hvort sem það væri við þennan eða einhvern annan atvinnuveg. Það hlýtur einnig alltaf að vera álitamál, hvort ekki muni svara tilkostnaði fyrir ríkisstj. og þjóðfélagið í heild að styrkja atvinnuvegina, sem af einhverjum ástæðum yrðu fyrir óviðráðanlegum skakkaföllum, til þess að þeir gætu haldið áfram.

Nú er það vitanlega skiljanlegt, að ríkisstj. þurfi á tekjum að halda til þess að geta framkvæmt þennan tvenns konar tilgang, sem í frv. felst, og hefur ríkisstj. í 5. og 6. gr. óskað eftir heimild til þess að fá nokkrar tekjur til að styrkja framleiðendur, sem á styrjaldartímum neyðast til þess að selja vörur sínar með óeðlilega lágu verði, og í 4. gr. er ríkisstj. heimilað að verja upphæð af tekjum þessa árs í þessu sama skyni. En með 2. og 3. gr. hyggst ríkisstj. að lækka dýrtíðina í landinu, t. d. með því að ákveða farmgjöld, þannig að þau félög, sem eiga skip, sem eru og hafa verið í förum milli landa, hafi ekki jafngífurlegan gróða af þessu og mun hafa verið s. l. ár, en í 3. gr. er gert ráð fyrir

að fella niður tolla af nauðsynjavörum, sem vitanlega hlýtur að koma neytendum til góða, og verður til þess að halda niðri dýrtíðinni og lækka útsöluverðið.

Ég tel nauðsynlegt, og vil taka það skýrt fram, að ég vænti þess fastlega, að ríkisstj. taki til athugunar verðlagsákvarðanir, sem framkvæmdar eru hér, eins og sakir standa nú, og þá sérstaklega verðlagningu á vörum, sem fluttar eru inn.

Mér er ekki kunnugt um, hvernig þetta verðlag er framkvæmt, en ég hef heyrt, að verðlagsnefnd ákveði sérstaka prósentu, sem seljendum er heimilt að taka í álagningu, og að þessi prósenta sé ákveðin í samræmi við þann tilkostnað, sem álitinn var, að hefði verið árið 1939. Nú vil ég benda á það hér, að það þarf ekki að vera réttur grundvöllur fyrir þessari álagningu, vegna þess að vörur hafa hækkað svo mikið, og ég tel, að það þurfi ekki sömu álagningu og þurfti árið 1939.

Eins og ég tók fram áðan, er hér um tvenns konar tekjuöflun að ræða. Það er annars vegar útflutningsgjaldið og hins vegar álagning á tekjuskattinn. Ég er viss um það, að þegar menn hafa athugað útflutningsgjaldið, þá hafa menn einblínt á þær geysisölur, sem voru á síðari hluta ársins 1940 og það, sem af er 1941, og þegar talað er um 10% álagningu sem ekki of háa, þá hljóta menn að hafa miðað við það.

Nú er það vitað, að fyrir liggur uppkast að samningum milli Breta og Íslendinga, og eftir því, sem fram hefur komið, þá virðist svo sem ríkisstj. muni hafa í hyggju að ganga að því samkomulagi. En með því samkomulagi er að vissu leyti fallinn grundvöllurinn undan hinu háa útflutningsgjaldi, eða því, sem menn álitu, að hægt væri að taka, og það er af þeim ástæðum, eftir því sem ég veit bezt, að Bretar munu sjálfir ætla að kaupa hér þann ísaða fisk, sem þeir flytja út, með ákveðnu verði, sem mér er tjáð, að muni vera 0.35 kr. pr. kg., og greiða þeir gjöldin, sem nú eru greidd á þessum vörum, en ekki þau gjöld, sem lögð eru á þessar vörur með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það er því augljóst, að þetta hlýtur að lenda á framleiðendunum, útgerðarmönnum og sjómönnum.

Nú er við það að athuga, að þessir 2 aðilar hafa að mjög litlu eða engu leyti orðið aðnjótandi þess gróða, sem hefur orðið á ísfiskssölu til Bretlands síðari hluta ársins 1940 og það, sem af er 1941. Og það er af þeim ástæðum, að enginn þeirra hefur verið þess umkominn að hafa skip í förum, sem flytja þessar vörur til markaðslandsins, heldur hafa þeir selt þessar vörur fyrir ákveðið verð, en kaupandinn greitt útflutningsgjaldið og sjálfur tekið áhættuna, sem í flestum tilfellum hefur verið lítil, en gróðinn hefur verið stórkostlegri en dæmi hafa þekkzt hér áður.

Ég vil þess vegna halda því fram, að það sé fullkomlega réttlátt, sem er aðalbreytingin í þessari brtt. minni, sem liggur hér fyrir á þskj. 768, að þetta gjald verði fært niður í 5% sem hámark. Hins vegar hef ég tekið það fram, að ef sérstakar söluástæður eru fyrir hendi, þá megi ákveða gjaldið 10%, og það geri ég með tilliti til þess, að ef svo færi, að erlendir menn, sem hafa skip í förum, skyldu kaupa fiskinn og flytja hann út, fá slíkt verð fyrir hann og slíka sölu sem hefur verið undanfarið, þá er ekki ósanngjarnt, en réttlátt, að láta þá greiða 10% eins og farið er fram á í þessum lögum.

Ég vil einnig taka það fram, að að því er ég bezt veit, þá eru engar vörur framleiddar hér á landi, sem fluttar eru út hálfunnar eða fullunnar, aðrar en hinn nýi fiskur, sem gætu borið það gjald, 10%, sem hér er rætt um.

Nú má að vísu segja, að í 5. gr. frv. eins og hún liggur nú fyrir sé heimild fyrir ríkisstj. að ákveða þetta gjald undir 10%, og mismunandi eftir því, um hvaða vörur væri að ræða, og eftir því, sem henni gott þætti á hverjum tíma. En ef það er rétt, sem ég hygg, að ríkisstj. telji sig þurfa mikla fjárfúlgu til að gera þetta, þá hygg ég, að hún muni heldur nota fyllstu álagningu á hverjum tíma, og það er þess vegna, sem ég legg áherzlu á það, að útflutningsgjaldið sé að jafnaði ekki hærra en 5%.

Jafnframt þessu vil ég breyta hér ýmsu öðru í þessari áminnztu 5. gr., og er þá næsti liður í till. minni sá, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða mismunandi gjald af hinum ýmsu útflutningsvörum. Þetta var í 5. gr. eins og hún liggur fyrir eftir 2. umr. í Nd., en ég vil bæta hér inn í „á ýmsum tímum árs“, því að ég tel nauðsynlegt, að ríkisstj. hafi þessa heimild, því að það er ekki víst, að sama vara þoli sama gjald á öllum tímum ársins.

Ég vil í þessu sambandi minnast dálítið á það, að t. d. haustvertíð á Vesturlandi og einnig Suðurlandi, eins og t. d. í Vestmannaeyjum, sem hv. þm. Vestm. getur nú betur upplýst en ég, mun tæplega þola það á þessari vertíð, að teknar verði fullar prósentur af fob-andvirðinu, þó að það verði fært ofan í 5%, sem ég nú vona. Þá legg ég og til, að útflutningsgjaldið megi aldrei vera það hátt, að það ásamt framleiðslukostnaðinum nemi hærri upphæð en söluverðið er.

Ég kem þá að annarri höfuðbreytingunni við 5. gr., um það, að útflutningsgjaldið af afurðum sé reiknað af hráefninu eingöngu. Í 5. gr. eins og hún er nú á að reikna það af fobverðinu. En það er alkunnugt, að kostnaðurinn við að breyta einhverri vörutegund í fullunna vöru úr hráefni nemur oft hærri upphæð en sjálft hráefnið kostar. Ef einhver á kost á að flytja út hráefnið, t. d. frystan fisk eða frysta síld, en vill af einhverjum ástæðum breyta því í unna vöru, þá er undarlegt að refsa honum með þessum mikla skatti fyrir að veita mörgu fólki atvinnu við það.

Því má svara til, að hér sé nóg Bretavinna, en á Austur- og Norðurlandi er engin Bretavinna, a. m. k. á mörgum stöðum, og þar verður engin atvinna, ef ekki verður haldið uppi fiskverkun og síldveiðum.

Ég vil benda á dæmi til að útskýra þann mismun, sem er á verði á hráefni og fullverkaðri vöru:

500 kg. af ísfiski kosta 175 kr. 5% útflutningsgjald af því er kr. 8.75. Sé skippundið verkað, er óhætt að gera ráð fyrir 285 kr. verði. Útflutningsgjaldið af því yrði samkv. sama hundr-

aðshluta kr. 14.25. Mismunurinn, kr. 5,50, er þá eins konar refsigjald fyrir að verka hvert skippund fiskjar og veita atvinnu við það að gera útflutningsvöruna verðmætari.

Enn gífurlegri er þó munurinn, ef síldin er athuguð. Hráefni í þessu sambandi má kalla þá síld, sem flutt er út í ís. Það hefur ekki verið mikið að því gert frá Norðurlandi. En mér er tjáð, að faxasíld hafi verið flutt út í ís fyrir verð, sem svarar 25 kr. tunnan. 5% af því er kr. 1.25. Ef sama síld væri verkuð og sett í umbúðir og flutt út þannig, mundi hún kosta sem næst 85 kr., eða ekki undir því. 5% af því eru kr. 4.25. Það eru því 3 kr., sem framleiðandinn þarf að greiða í refsiskatt fyrir að veita atvinnu við að breyta þessu hráefni í miklu verðmætari útflutningsvöru.

Við vinnslu og verkun síldar verður að gera grein fyrir hverjum einasta kostnaðarlið nákvæmlega, umbúðum, salti, kryddi, vinnulaunum o. s. frv., hverjum einasta eyri er ráðstafað. Þetta mundi því koma fram í lækkuðu verði á hráefninu, lægra síldarverði til útgerðarmanna og sjómanna, lækkuðum launum til þeirra, sem verðmætanna afla, því áður er búið að gera grein fyrir öllu, sem í þennan atvinnurekstur er lagt, og búið að greiða það eða festa andvirði þess.

Þá sný ég mér að bræðslusíldinni. Ég hef heyrt, að tilboð liggi fyrir um kaup á síldarlýsi á £ 25 pr. smálest fob. Hins vegar liggur ekki fyrir tilboð í mjölið, og er því óvíst, hvernig fer um bræðslu á þessu sumri. En það ætti að vera hægt að gera ráð fyrir, að það fáist ca. £ 16 fyrir tonn af mjöli fob. Með því verði, £ 25 fyrir smál. af lýsi og £ 16 fyrir smál. af mjöli, ætti að vera hægt að greiða kr. 12 fyrir hvert mál síldar (hráefnið).

Gera má ráð fyrir, að úr hverju máli síldar fáist 21 kg. af lýsi og 21 kg. af mjöli. Samkv. því verðtilboði, sem ég gat um, ætti 21 kg. af lýsi að seljast fyrir kr. 13.65, en 21 kg. af mjöli fyrir kr. 8.73. Verð unninna afurða úr einu máli síldar yrði þá samtals kr. 22,38 eða 22,40. Ef eingöngu er tekið hráefnið, miðað við 12 kr. verð, yrði 5% útflutningsgjaldið kr. 0,60. En ef tekið er saman fobverð afurðanna úr einu máli, kr. 22,40, þá væri 5% gjaldið af sama síldarmagni kr. 1.12, eða nærfellt helmingi hærra.

Úr því þetta gjald á að greiðast af fobverðinu, mun útflytjandinn reikna með því eins og hverjum öðrum kostnaði. Þegar ríkisverksmiðjurnar ákveða útborgunarverð sitt, munu þær draga þetta gjald frá áður og haga greiðslu síldar samkv. því. Og einkaverksmiðjurnar munu haga verði eftir verði ríkisverksmiðjanna.

Verksmiðjurnar hafa sinn fasta vinnslukostnað, sem ekki er unnt að lækka, viðhald, kol, salt, umbúðir, vinnulaun, húsnæði o. s. frv. Eini liðurinn, sem hægt er að taka þennan skatt af, er hráefnið. Og það verður gert. Eins er um saltsíldina. Þetta gjald lendir því eingöngu á útgerðarmönnum og sjómönnum.

5% útflutningsgjald af fob-verði síldarafurða táknar því kr. 1.12—1.14 lækkun á hverju máli síldar til sjómanna og útgerðarmanna. Ef hv. Ed. samþykkir ekki brtt. mínar, og frv. fer héðan óbreytt og ríkisstj. notar heimild frv. til þess að leggja á 10% útflutningsgjald, þá verður þessi skattur helmingi þyngri.

Ég held, að ég hafi nú fært nægileg rök fyrir þessum lið till., sem ég raunar tel aðra aðalbreytingartill. mína.

Síðasta mgr. brtt. minnar við 5. gr. fjallar um það, að aðeins megi taka útflutningsgjald af þeim vörum, sem framleiddar eru eftir að reglugerðin hefur ákveðið gjaldið, en ekki á fyrirliggjandi áður aflaðar birgðir, nema því aðeins, að þær seljist á hærra verði en áður seldar vörur, sem framleiddar voru á sama tíma, en þó aldrei nema af verðmismuninum.

Það er augljóst ranglætið í því að taka útflutningsgjald af fiski t. d. vegna þess, að ekki var hægt að selja hann nýjan, og menn hafa orðið að salta þess vegna, en hefðu annars getað fengið betra verð fyrir. Ég hef heyrt sagt, að ein verstöð á Suðurlandi hafi selt allan sinn fisk nýjan á ágætu verði, en önnur nærliggjandi ekki neitt og varð að salta allan fiskinn. Nú fær hún ekki jafnhátt verð og hin, en verður auk þess að borga hátt útflutningsgjald, ef 5. gr. frv. verður samþ. óbreytt.

Þá á ég aðra brtt. á sama þskj. um það að fella burt ákvæðið um, að ríkisstj. ákveði refsingar fyrir brot á lögunum og reglugerðinni, og í öðru lagi um það, að á eftir 7. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:

„Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkv. þeim, skulu varða sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál."

Ég er ekki svo fróður, að ég þekki dæmi til þess, að með reglugerð sé ákveðin refsing fyrir lögbrot, og flyt því þessa brtt., að mér finnst óviðeigandi, að ríkisstj. fari að taka ákvörðunarréttinn af Alþingi um það, hverjum refsingum skuli beita fyrir brot á þessum lögum, og hvað þungum. Vænti ég þess vegna, að hv. d. fallist á að breyta þessu. Því ákvæðið er, vægast sagt, óviðeigandi nú.

Ég held að ég hafi nú gert nægjanlega grein fyrir þeim brtt., sem ég legg fram. Vænti ég svo, að hv. d. fallist á þessar brtt., því að ég get ekki séð, að þær séu á neinn hátt ósanngjarnar, heldur miða þær allar að því að jafna hlut þeirra, sem gjöldin eiga að greiða, og þær ákveða enn fremur, hversu langt ríkisstj. megi fara í álögum sínum.

Um brtt. hv. 1. þm. Eyf. get ég verið fáorður. Hún er sama efnis og ákvæði, sem fellt var í Nd. fyrir fáum dögum. Hv. þm. segist hafa tekið hana upp vegna þess, að ekki náðist samkomulag í fjhn. um, að frv. yrði samþ. óbreytt hér í d. eins og það kom frá Nd. Enda skilst mér, að hvorki hann né hans flokkur leggi neina áherzlu á að fá brtt. samþykkta (BSt: Jú, áherzlu legg ég á það!).

Ég fer svo ekki fleiri orðum um frv. að sinni. Ég hef ekki farið út í að ræða þetta mál mikið almennt. Ég hef bent á það, að ég sé óánægður með skattana og gjöldin samkv. frv., ekki svo mjög vegna þess, að þau séu of há, heldur vegna þess, hve þau koma misjafnlega niður.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætla ekki að fara að eyða tíma hv. d. með löngum orðræðum né fara út í brtt. nm. Fjhn. sendi sameiginlegt nál., en svo fara hv. nm. sinn í hverja áttina í till. sínum. Fyrsti í suður, annar í vestur og þriðji í austur.

Það var út af brtt. minni á þskj. 769, sem ég vildi segja örfá orð.

Þetta er ekki breyt. á sjálfu frv., heldur meira skýringartill. en brtt. við 2. mgr. 1. gr. frv., sbr. orðin „og til annarra ráðstafana, sem óhjákvæmilega nauðsynlegar kynnu að þykja af styrjaldarástæðum," o. s. frv., en svo er brtt. mín áframhald af þessu, og gengur út á það, að stjórn Búnaðarfélagsins láti fara fram rannsókn á því, hve mikið þurfi að greiða bændum fyrir afurðir þeirra, svo þeir geti fengið sér kaupafólk í sumar og búskapur geti borið sig.

Styrjaldarástandið hefur gerbreytt öllum hlutföllum milli afurðaverðs og kaupgjalds í landinu og komið því til leiðar, að bændur hafa ekki fengið eðlilega hátt verð fyrir afurðir sínar. Kaupgjaldið hefur tvö- eða þrefaldazt, en samkv. því yrði verð á framleiðsluvörum bænda að tvöfaldast eða þrefaldast. Þetta er ekki barlómur fyrir bændur. Ég veit, að þeir kæra sig ekki um það. En þeir telja sig með réttu vanhaldna, samanborið við aðrar stéttir. Ef ekki væri um pestir og vanhöld að ræða í fé, þá hefðu margir hlotið góðan gróða, því sölur hafa verið góðar, samanborið við fyrri ár. En einmitt vegna pestanna hafa flestir sauðfjárbændur borið mjög skarðan hlut frá borði, því þeir hafa verið að missa niður bústofninn, þegar útlitið með afurðasölu fór batnandi.

Mjólkurframleiðendur hafa yfirleitt ekki haft sæmilega afkomu á síðastl. fardagaári, og á komandi fardagaári má gera ráð fyrir, að allt fari hækkandi, sem þeir þurfa að kaupa að, en hins vegar ekki útlit fyrir verulega hækkun á mjólkurafurðum, og þó sumt hækki lítils háttar samkv. verðlagsákvæðum, þá er það samt engan veginn nógu hátt samanborið við kaupgjaldið. Það hefur sums staðar við sjávarsíðuna ferfaldazt síðan 1939. Og nóg er um ýmsa aðra vinnu nú en sveitavinnu, a. m. k. Bretavinnu í mörgum kaupstöðum. Ef ekki verður reynt að kippa þessum málum í lag með hagsmuni bændanna fyrir augum, þá hljóta þeir, sem verst eru staddir, að flosna upp og leita til kaupstaðanna.

Krafan er nú ekki hærri en að bændur beri svipað úr býtum og þeir, sem vinna fyrir kaupi í landinu. Enda er ég ekki að bera launastéttunum það á brýn, að þær vinni ekki fyrir kaupi sínu. Það er aðeins farið fram á, að bændur fái svipaðar eftirtekjur eftir sín störf og aðrir. Búnaðarfélagið á, samkv. brtt. minni, að athuga, hvernig hag bænda er háttað, en svo að gæta þess, að þeir, sem bera skarðan hlut frá borði og fá óeðlilega lágt verð fyrir afurðir sínar, hljóti uppbót á það, sem selst of lágt.

Það er þetta, sem vakir fyrir mér með till. minni. Og ég hygg, að fáir muni telja þetta ósanngirni eða heimtufrekju.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér skildist, að það væri þegjandi samkomulag, að hv. þm. væru ekki mjög langorðir við þessa umr., og skal ég ekki brjóta þá reglu.

Það eru aðeins örfáar aths. Um brtt. skal ég aðeins taka það fram, að ef einhverjar yrðu samþ. hér í d., þá er það sama og málið nái ekki fram að ganga, því hv. Nd. ræddi málið svo ýtarlega og atkvgr. var þar svo skýr, að þess er ekki að vænta, að sú d. breyti sinni afstöðu neitt. Málið mundi því daga uppi, ef þessi hv. d. gerir á því breytingar nú.

Mikið hefur verið rætt og ritað um það, að nauðsyn beri til að breyta þeirri rás, sem viðburðirnir hafa tekið nú um skeið, sérstaklega að koma í veg fyrir, að verðlag og kaupgjald fari hækkandi, því að það hefur sífellt áhrif hvað á annað, og er illt að sjá fyrir endann á þeirri þróun, ef ekki er tekið í taumana. Um þetta atriði hafa allir verið sammála, jafnvel þeir, sem nú virðast vera tregastir til fylgis við þetta frv.

Á þessu máli er vitanlega um tvær hliðar að gera, og það er viðurkennt af flestum, ef ekki öllum, að um tvær aðalleiðir var að velja. Önnur var sú að hækka gengi krónunnar. Hin er sú, sem í þessu frv. er gert ráð fyrir.

Flestir eru sammála um það, að með verðlagseftirlitinu einu saman væri ekki hægt að komast langt. Því yrði annaðhvort að hækka gengið eða finna verulega fjáröflunarleið.

Gengishækkunin er af mörgum veigamiklum ástæðum útilokuð, og mun svo verða lengi um sinn. Fyrst og fremst vegna hinna stóru innieigna í Bretlandi, sem mundu hafa í för með sér stórtöp fyrir banka og einstaklinga. Hinu ber ekki að neita, að þessa leið mætti fara, ef hún væri opin.

Þá er svo loks hin leiðin, að afla tekna til þess að lækka verðlagið í landinu. Þessa leið hafa stjórnarflokkarnir viljað fara. Ef nokkru á að vera hægt að áorka í þessu efni, þá þarf stórfé, þar sem þetta á að nokkru að koma í staðinn fyrir gengisbreytingu. Það þarf því engan að furða á því, þótt mikls fjár þurfi við.

Það væru heldur engar smáræðisbreytingar, sem kæmust á við gengisbreytingu. Það mundi skipta milljónum króna, sem hún kostaði einstaklinga og opinberar stofnanir.

Frv. mitt var borið fram að mestu í samræmi við þær samningaumleitanir, sem fram fóru í flokkunum, og er þar hvergi gengið lengra en beinlínis þótti nauðsynlegt.

En ef þessi hv. d. gengur lengra en hv. Nd., í því að draga úr tekjum samkv. frv., þá verður ekki mikið eftir til þeirra ráðstafana, sem svo ríkt er í hv. þm., að þurfi að koma fram. Það er ekki last þótt ég segi um suma hv. þm., að þeir vilji gera allt fyrir alla, en aldrei taka neitt af neinum. Þegar þeir halda, að það sé vinsælt að vera á móti einhverju, þá segja þeir, að þessi stéttin geti ekki greitt neitt, en svo koma aðrir og segja, að hin geti ekki heldur greitt það, sem þarf. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um slíkan málflutning. Það verða engin stórmál leyst með slíkum tökum.

Mitt hlutverk varð það í hv. Nd. að sýna fram á, að skattgjaldið skv. frv. væri í alla staði réttmætt, og svo verður einnig hér, því ég tel sjálfsagt að hafa sama skattgjald og gert var ráð

fyrir í frv. upphaflega, þótt e. t. v. séu ekki tök á að færa það í sama horf úr því, sem komið er. Samt hefur það orðið hlutskipti þessa Alþ. að flytja till. um almenna skattgreiðslu til þess að halda uppi gengi íslenzkra peninga. En þegar búið er að ná þessu gjaldi út úr frv., þá geta menn ekki sýnt riddaraskap sinn í því að ráðast gegn því gjaldi. Þá er ráðizt á móti því að leggja útflutningsgjald á sjávarafurðir. Það skortir ekki, að þm. hér í hv. d. geysist fram til þess að rýra þessa heimild sem allra mest.

Ég ætla ekki að fara út í það að ræða um einstök atriði í ræðum hv. þm., sem töluðu úr fjhn., og þá einnig ræðu hv. 10. landsk., sem átti að sanna það, að það væri ókleift fyrir þá, sem hafa útflutning sjávarafurða, að greiða nokkur útflutningsgjöld. Þó vil ég aðeins segja það, að þessum hv. þm. hlýtur að vera það ljóst, að gengi íslenzku krónunnar er hærra en það ætti að vera og sennilega hefði verið, ef Alþ. sjálft hefði ráðið skráningu krónunnar. Ef þm. viðurkenna þetta, hvernig geta þeir þá beitt sér á móti því, að ríkisstj. fái þessa heimild til þess að leggja á útflutningsgjald og verja því eins og hér er gert ráð fyrir? Því að það mundi verka á svipaðan hátt og gengishækkun krónunnar, og það, sem sú ráðstöfun nær, alveg á sama hátt. Ég vil þess vegna segja það fyrir mitt leyti, að ég vil mæla á móti þeim brtt., sem fram hafa komið, nema brtt. hv. 1. þm. Eyf., sem fer í þá átt að taka aftur inn í þetta frv. ákvæði um það að leggja á almennan tekjuskatt, sem ég tel eðlilegt, og ég tel, að heimildin megi ekki vera minni til handa ríkisstj. heldur en hún var í frv. eins og það var upphaflega lagt fyrir.

Það kann vel að vera vinsælt að halda því fram, að þeir, sem hér þyrftu að greiða samkv. þessu frv., geti ekki greitt þessi gjöld og það sé ósanngjarnt að leggja þau á þá. En ég er alveg sannfærður um það, að síðar, þegar það kemur í ljós, hvernig þróun þessara mála verður, þá munu einmitt þessir menn, sem nú vilja mest draga úr þessum ráðstöfunum, óska þess, að þessi gjöld hefðu verið lögð á á þessum tíma, til þess að koma í veg fyrir þessa þróun, sem fyrirsjáanleg er.

Það má vel vera, að dregið verði úr þessu máli hér í hv. d. Ég vil þá a. m. k. taka það skýrt fram, að þeir, sem nú hafa viljað reyna að koma í veg fyrir meiri þróun með þessu frv., verði ekki kvaddir til ábyrgðar út af þeirri stefnu, sem þessir menn taka, sem eru á móti þeim ráðstöfunum, sem frv. felur í sér.

Ég geri svo ekki ráð fyrir, að ég muni taka hér meira til máls, ég vildi aðeins segja þessi almennu orð um málið og þær brtt., sem fyrir liggja og allar ganga í þá átt, að undanskilinni brtt. hv. 1. þm. Eyf., að rýra möguleikana til þess að fullt gagn geti orðið að framkvæmd málsins.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég gleðst yfir þessu frv., því að ég tel það ágætt, ef ríkisstj. tekst að leysa þessi tvö höfuðvandamál, sem við höfum nú við að glíma og frumv. er ætlað að leysa. En áður en ég sný mér að því, ætla ég að tala ofurlítið um frv. almennt, og get ég ekki látið hjá líða að leiðrétta hv. 1. þm. Reykv. og að öðru leyti að lýsa hér atriði, sem ég er honum mjög ósammála um, og þá sérstaklega einu atriði, sem ég tel, að ekki megi standa ómótmælt í þingtíðindum.

Hv. 1. þm. Reykv. segir, að það sé undarlegt að ætla nú að fara að leggja nýtt gjald á þegna landsins, ekki síst þegar nýbúið sé að samþ. eins vel undirbúna löggjöf og skattalöggjöfin er. Það er von, að honum finnist þetta. Hann sat í þeirri n., sem átti að undirbúa þá löggjöf. Og þessi n. sat í nokkur ár og kom aldrei með neinar till. Ég álít, að þrátt fyrir þá vinnu, sem lögð hefur verið í þetta skattafrv., þá hafi skattalöggjöfin verið illa undirbúin og illa afgr. í alla staði. Og þegar við komum á næsta þing, sem ég vona, að við lifum báðir, þá vona ég, að hv. 1. þm. Reykv. hafi rækt það hlutverk sitt að koma með skattafrv., sem sé vel undirbúið, því enn starfar nefndin, og frumvarpið í vetur var aðeins samþ. til bráðabirgða.

Í öðru lagi tel ég það alveg sérstaklega háskalega kenningu á þessum tímum, sem hv. þm. hélt fram í sinni ræðu, að hver og einn eigi að vinna að því, sem bezt borgar sig. Hvernig stæði þjóðin, ef þessu væri framfylgt nú? Það er vitað mál, að þrátt fyrir það, þótt hækkað hafi verð á landbúnaðarafurðum, og þrátt fyrir það, þó að það komi til með að hækka enn, þá er það sú atvinnugrein í landinu, sem borgar sig langsamlega verst. Það borgar sig betur í augnablikinu að fara í Bretavinnu. Að prédika það á Alþ., að menn eigi að fara þangað, sem þeir fá mesta aura fyrir vinnu sína í dag, er herfilegur misskilningur.

Í þessu sambandi sagði hv. þm., að bændur fengju ekki nema ⅓ af útsöluverði mjólkur heim til sín. Ég vil benda honum á það, að bændur fengu 30,095 aura fyrir lítrann árið 1940. Og þetta eru þær einustu upplýsingar, sem fyrir liggja. En mjólkurverðið í útsölu byrjaði á 40 aurum og endaði á 56 aurum. Ég kann ekki við þann reikning, að segja, að bændur hafi ekki fengið nema ⅓ af útsöluverði mjólkur heim til sín, því að þeir fengu ca. 75% af útsöluverði hennar.

Í þessu máli virðist mér vera tvö meginatriði, að stöðva verðbólguna, sem nú er í landinu, og festa þar með vísitöluna. Ég sé fram á, að nú á næstunni hlýtur vísitalan að hækka, verði ekkert að gert. Þingið er nú búið að samþ. breyt. á húsaleigul., sem mun hafa í för með sér milli 5—10 stiga hækkun á vísitölunni. Þm. veit það, að það er nýlega búið að hækka verð á mjólk og mjólkurvörum, og hann veit líka, að það hækkar meira. Og hækkun á þessum afurðum mun hafa í för með sér tveggja til þriggja stiga hækkun á vísitölunni. Og ég sé af þessu o. fl., að á næstu tímum mun vísitalan hækka verulega, ef ekkert verður að gert. En því meira sem vísitalan hækkar og kaup á eftir, því erfiðara verður fyrir þjóðina, þegar skriðan fer að fara niður á við, allt fer að lækka. Vegna þessara afleiðinga, sem fyrirsjáanlegar eru, vil ég láta gera það, sem hægt er, til þess að draga úr því, að vísitalan hækki meira en orðið er. Ég álít, að það sé stórt spor stigið með framkvæmd 2. gr.

frv., ef frv. verður samþ., þar sem er heimild til að setja hámark á farmgjöld. Reikningar Eimskipafélags Íslands sýna, að það hefur grætt fullar fjórar millj. króna síðastliðið ár. Og ef maður gerir ráð fyrir, að á farmgjöld hefði verið lagt eins og annað vöruverð, og ef við reiknum með 50% álagningu, þá hefur almenningur þurft að borga gróða Eimskipafélagsins með 6 millj. kr., sem þýðir 6 stig á vísitöluna, sem nú er, eða ⅙ hluta hennar. Ég harma það, að ekki skuli hafa verið tekið fyrr til þeirra ráðstafana að lækka farmgjöld, og þykir leitt, að ekki skuli hafa náðst samkomulag um það innan ríkisstj. En ég vona, að þeir, sem með þessi mál fara, beiti sér fyrir því að takmarka fragtina og lækka hana verulega. Ég sé, að með þeim tolllækkunum, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frv., er töluvert stórt spor stigið í þá átt að lækka vísitöluna, þó að það sé miklu minna en með farmgjöldin, og mundi það ekki hafa áhrif á vísitöluna nema um 1—2 stig. En hitt er ekki síður að athuga, að einmitt nú í vor hafa atvinnuskilyrði öll stórbreytzt og allt samræmi milli tekna manna í hinum ýmsu atvinnugreinum breytzt þar með. Verkamannakaupið hér var áður miðað við, að menn hefðu mjög takmarkaða vinnu, og þegar skýrsla mþn. í atvinnumálum kom út, upplýsti hún, að meðalverkamannskaup hafði verið 1933 1880 kr. Nú hefur þetta breytzt þannig, að nú er stöðug vinna alla virka daga, sunnudagavinna og stöðug eftirspurn eftir verkamönnum í eftir- og næturvinnu, og mun nú verkamannskaupið vera komið upp í 6—8 þús. kr.

Ég hef farið yfir einn staf í stafrófinu til þess að sjá, hvernig þetta lítur út, og sé, að það er almennt, að verkamenn hafi þetta kaup yfir árið. Áður vildu menn fara í sveit í fastavinnu fyrir lægra kaup en tímakaup, sem hér er borgað, vegna þess hve vinnan var ótrygg. Nú er þetta allt breytt. Nú telja þeir sig ekki þurfa þess; nú er vinnan stöðug. Og afleiðingin verður sú, að landbúnaðurinn er nú rekinn með miklu hærra kaupi en áður, og það miðað við verkamannskaup eða jafnvel hærra. Því að menn vilja ekki taka tillit til þess að hafa frítt húsnæði og fæði. Afleiðingin er augljós, að landbúnaðarafurðirnar hljóta að hækka til þess að bændur fái upp borið þó ekki sé annað en að geta greitt það, sem þeir þurfa að borga út, jafnvel þó að þeir sjálfir hafi ekki meira kaup en áður. Sú hækkun mundi aftur hafa áhrif á vísitöluhækkunina, hún á kaupið, og svo koll af kolli.

Það er því ekki smáræði, sem þarf til þess að halda vísitölunni í skefjum, því að það þarf bæði fé til þess að borga þann mismun á verði, sem nú er á landbúnaðarafurðum, og því, sem þær þurfa að hækka í, ef maður vill halda þeim í sama verði og nú er. Og það þarf líka fé til þess að lækka aðrar nauðsynjar og húsaleigu, til þess að koma í veg fyrir hækkun vísitölu af hennar völdum. Þess vegna hefur hv. Nd. limlest frv. með því að fella úr því mjög réttlátan skatt, eins og skattal. voru afgr. og urðu að lögum.

Ég hef gáð að því, hvernig þetta hefur komið út á mér. Í fyrra borgaði ég 1200 kr. í tekju- og eignarskatt, nú borga ég 460 kr. eftir nýju skattal. Ef ég hefði fengið þann skatt, sem Nd. felldi úr frv., hefði ég fengið í viðbót 400 kr., eða um ⅔ af því, sem ég borgaði í fyrra, og eru launin þó óbreytt. En hv. Nd. tók þetta út úr frv., og þess vegna hefur ríkisstj. miklu minna í sínum höndum til þess að takmarka verðbólguna, sem sýnilegt er, að við þurfum að mæta á næstunni. En svo þarf hún líka fé til fleira. Það er alveg vitanlegt, að sumar þær vörur, sem ekki er komizt hjá að framleiða, eru ekki seljanlegar neitt nálægt því verði, sem framleiðendur þeirra þurfa að fá fyrir þær. Englendingar hafa enn þá haldið kjötinu í sama verði hjá sér eins og var fyrir stríð. Fyrir kjöt, sem selt hefur verið þetta ár til Englands, hefur fengizt ca. ein kr. fyrir kg. Þá er ekki til annar markaður fyrir gærur og ull en til Englands eða Ameríku, og á þeim er sama verð eins og var fyrir stríð. Það er því ljóst, að ef bændur hafa verið við sitt starf og ekki hlaupið frá því, eins og hv. 1. þm. Reykv. taldi rétt, að þeir gerðu, þá þurfa þeir að fá uppbót á þetta verð sinna framleiðsluvara.

Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að frysta inni í Englandi nokkurn hluta af verði þess ísfiskjar, sem seldur hefur verið til Englands. Og við því er ekkert að segja. En aftur á móti hefði ég talið rétt að frysta inni nokkurn hluta af þeim peningum, sem borgaðir eru fyrir vinnu hjá Bretum hér á landi. Það er alveg augljóst mál, að sú vinna er í raun og veru verðmæti, útflutt úr landinu. Og þegar sú vinna er eftirsótt, af því að menn vilja lifa eftir kenningu hv. 1. þm. Reykv., að hlaupa eftir því, sem bezt borgar sig í dag, er rétt að frysta nokkuð af verði hennar inni. Þessi vinna lamar framleiðsluna í landinu, og þá er spursmál, hvort ekki á að frysta eitthvað af peningunum fyrir hana inni. Þetta vildi ég að hæstv. ríkisstj. athugaði. Það gæti vel verið, að það gæti leyst betur úr þeirri eklu, sem nú virðist vera á fólki til sjós og lands vegna Bretavinnu, heldur en flest annað.

Ég mun fylgja brtt. hv. 1. þm. Eyf., en verð á móti hinum öllum, því að þær eru allar til þess að draga úr þeirri fjárhæð, sem ríkisstj. þarf á að halda, og ég er viss um, að það fjárframlag, sem farið er fram á í frv., verður ekki of mikið.

Viðvíkjandi brtt. 10. landsk. vil ég segja það, að ég treysti ríkisstj. fullkomlega til þess að hafa þann mismun á útflutningsgjaldi, sem eðlilegur er eftir söluverði varanna og tilkostnaði við framleiðsluna, og sé ég ekki, að það sé þörf á því að liða það eins í sundur og hv. 10. landsk. vill.

Á brtt. hv. 5. landsk. tel ég ekki neina þörf, þó að ég viðurkenni virðingarverðan tilgang hennar, þann, að hv. þm. er það ljóst, að það þarf að gera það, sem hægt er, til að tryggja það, að landbúnaðarframleiðslan dragist ekki saman, og sérstaklega á þessum tímum, þegar svo getur farið, að við höfum ekki af öðru að lifa en landbúnaðarafurðum og fiski, sem við þó ekki lifum af einum saman.

Ég vil að lokum óska þess, að brtt. hv. 1. þm. Eyf. næði fram að ganga, svo hæstv. ríkisstj. fengi meira fé til umráða heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv., eftir að það kom til þessarar hv. d.

*Bjarni Snæbjörnsson: Mig langaði til þess að segja hér nokkur orð í umr. um þetta stóra mál, sem hér liggur fyrir, og skal ég reyna að takmarka mál mitt sem mest. Hæstv. forseti bað um, að þm. reyndu að takmarka mál sitt sem allra mest.

Það lá í loftinu, þegar þingið kom saman, að nokkuð mundi verða rætt um dýrtíðarmálin og reynt að stemma stigu við því kapphlaupi, sem verið hefur hingað til milli verðlags og kaupgjalds og leitt hefur til þeirrar miklu aukningar dýrtíðar, sem orðin er. Samt varð talsverð töf á, að nokkuð kæmi fram um þetta. Það lá líka í loftinu, að koma mundi till. frá hæstv. stj., en langur tími leið, þar til nokkuð heyrðist frá henni um þessi mál. Það var ekki fyrr en síðari hluta síðasta mánaðar, að ég a. m. k. hafði nokkra hugmynd um, hverjar till. stj. ætlaði sér að gera í þessu máli, og þá voru þær till. mjög svo reikular í mörgu og margt óákveðið um það, hve mikið fé þyrfti til þessara ráðstafana og hvernig skyldi verja því. Ég var þá strax þeirrar skoðunar, að þar sem málið væri ekki betur undirbúið en þetta, ættu sérfróðir menn að taka það til athugunar og vinna úr gögnum þeim, sem hæstv. stj. hefði í höndum, en þingið ætti að senda heim og kalla það saman aftur eftir þrjár vikur eða mánuð, til þess að ráða málinu til lykta. Ég hygg, að ef horfið hefði verið að þessu ráði, hefði margt verið ákveðnara í þessu frv. en nú er. En nú er þetta frv. komið fram, og harma ég, að ekki voru fyrr gerðar ráðstafanir í þessa átt og ekki farin sú leið, sem ég benti á, því að öllum, sem um málið hugsa, er vitanlegt, að mikil hætta er á ferðum að því er snertir þetta dýrtíðarmál.

Nú er frv. komið fram, og eru í því sambandi tvö atriði, sem ég vil leggja áherzlu á, að lagfæra þurfi. Annað er það, að gæta verður þess, að sama fáist fyrir sömu krónutölu af brýnustu nauðsynjum sem nú, og hitt er það, að ráðstafanir verði gerðar til, að framleiðslan í landinu dragist ekki saman. Það þarf ekki að færa rök fyrir því, að alltaf er varhugavert að fella verðgildi peninganna. Þegar þjóðstj. var mynduð og ákveðið var að fella krónuna, áleit ég, að með því væri svo stórt skref stigið, að þetta ætti ekki að gera á Alþ., heldur ætti að spyrja þjóðina um það, og yrði þá gengið til kosninga. Þetta var mín afstaða, og harma ég, að það ráð var ekki tekið. Ég er þess fullviss, að hefði það verið gert, þá hefði krónan ekki verið felld í verði. Þing hefði þá ekki komið saman fyrir haustið, en þá var stríðið skollið á, og vonir manna voru þá farnar að glæðast um það, að sjávarútvegurinn gæti grætt á stríðinu, svo að verðfelling krónunnar hefði ekki komið til greina. En nú hefur krónan verið lækkuð hvað eftir annað, eftir að hún var felld fyrst. Og með vaxandi dýrtíð hefur það orðið svo, að lítið fæst nú fyrir hana á móts við það, sem áður var.

Við vitum allir, að hyrningarsteinn fjárhagsafkomu hverrar þjóðar er það, að menn spari fé, leggi það á vöxtu og hjálpi svo til, að fjárhagsstarfsemi dafni í landinu. En ef menn hætta því, má gera ráð fyrir, að menn eyði fé sínu eða hjálpi til að hækka óeðlilega í verði ýmsar eignir í landinu, af ótta við verðfellingu peninganna. Þar sem vitað er, að ekki er hægt að hækka krónuna með því einu að skrá gildi hennar hærra, er ekki önnur leið til að sporna við þessari skriðu en sú að reyna að sporna við því, að dýrtíðin í landinu vaxi.

Um hitt veigamesta atriðið, nauðsynina á því, að framleiðslan í landinu dragist saman, ætla ég ekki að tala langt mál, því að það hafa margir gert hér á þingi og í blöðunum. En það eru ófyrirsjáanleg vandræði, sem hlotizt gætu af því, að framleiðslan drægist saman. Er ljóst, að við höfum ekki of mikið að bíta og brenna, þó að framleiðslan héldist í því horfi, sem nú er, ef siglingar til landsins stöðvuðust, og þyrfti því framleiðslan að aukast.

Þess vegna virðist mér þetta frv. mjög mikilvægt, og þó að það sé ekki eins og ég hefði kosið, er það spor í þá átt að fyrirbyggja þetta tvennt, sem ég minntist á, og bæta hag þjóðarinnar í framtíðinni. Hins vegar þykir mörgum, eins og minnzt hefur verið á, of langt gengið með því að krefjast mikils gjalds af útflutningsafurðum eða veita ríkistj. þá heimild, sem í frv. getur, en hún á að fá heimild til að leggja á allt að 10% af fob-verði afurðanna. Nú er það vitanlegt mál, og hef ég heyrt það af umr., líka frá hæstv. ríkisstj., að ætlunin sé að hafa gjaldið misjafnt eftir því, hverjar vörurnar eru og hvaða verð fæst fyrir þær, eða eftir því, hvaða skatt þær þola. Ég er hv. 10. landsk. sammála um það, að frá þessum tíma til áramóta sé ekki hægt að leggja nema mjög lítið — og ef til vill ekkert — útflutningsgjald á sjávarafurðir eins og ísfisk, sem bátar afla til útflutnings. En það má segja, að á vertíðum eftir áramót séu oft, eins og var í byrjun þessa árs, svo mikil uppgrip, að hægt sé að leggja á útflutningsgjald, er sé talsverður hluti af því, sem hér er farið fram á. Eins og hann drap á, má segja um síldarafurðir og aðrar afurðir, að hæpið sé, að hægt sé að leggja útflutningsgjald á þær, ef ekki verður breytt samningum, sem gerðir hafa verið. En þess má geta, að togurum er heimilt að selja vöru til Englands, ef siglingar hefjast aftur, og ef sama verðlag helzt og fyrri hluta þessa árs, er ég ekki í vafa um, að sölurnar þyldu talsvert útflutningsgjald. Enn fremur er ekki útilokað, samkv. till. frá Bretum, að nokkur skip fengju að sigla til Englands með afla, sem þau hefðu keypt af öðrum. Því finnst mér ekki fráleitt, að þetta 10% gjald gæti staðizt í sumum tilfellum.

Svo er hitt atriðið, sem er jafnmikils virði: Hvernig verður því fé varið, sem kemur til kasta ríkisstj. að úthluta? Þar kemur fram sú skoðun mín, sem líka kom fram hjá hv. 5. landsk., en hann minntist á, að sjálfsagt væri að hafa verðuppbætur til bænda fyrir framleiddar afurðir misjafnar, því að allir vita, hve misjafnlega auðvelt er að framleiða t. d. kjöt og mjólk, eftir því, hvar á landinu er. Tökum t. d. mjólkina. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru bágar horfur fyrir bændur að því er snertir þessa framleiðslu. Í Borgarfirði eru líka mikil vandræði bænda, sem verða að búa við miklar skuldir mjólkurvinnslunnar, sem þar er. En austanfjalls hefur

mjólkurbúið vexti af sinni innstæðu og skuldar ekkert. Ástæður eru því mjög misjafnar. Þetta er einnig misjafnt að því er kjötið snertir, því að víða á landinu er, sem betur fer, ekki um neinar sauðfjárpestir að ræða, kjötframleiðslan gengur þar sinn vanagang, og bændur græða á búskapnum, en í þeim héruðum, þar sem fjárpestirnar ríkja, gengur búskapurinn saman, og er við búið, að margir bændur flosni upp af jörðum sínum. Mér finnst því rétt að hafa styrkinn breytilegan eftir héruðum.

Ég ber svo mikið traust til þeirra ráðh. í hæstv. ríkisstj., sem eru sjálfstæðismenn, að þeir muni viðhafa fullkomna sanngirni í þessum tveim málum og undir engum kringumstæðum samþ., að sjávarútveginum verði íþyngt um of, þó að stj. fái þessa heimild.

Ég býst við og vænti þess, og vildi gjarnan fá yfirlýsingu frá hæstv. stj. um það mál, að þing verði kallað saman aftur, ef verulegur ágreiningur verður innan ríkisstj. um það, hvernig haga skuli skattinum, hve hár hann skuli vera og hvernig skuli verja honum. Ég vil vita, hvort ætlunin muni vera að láta aðeins meiri hl. atkv. ráða, ef ágreiningur verður um þetta.

Hér liggja fyrir brtt. frá 4 hv. þm. í þessari d. Ég segi fyrir mig, að ég er að miklu leyti sammála brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. Ég get líka sagt um till. hv. 10. landsk., að ég get að miklu leyti fallizt á þær. En meðan ég fæ ekki annað upplýst, stend ég í þeirri meiningu, að ef nokkur brtt. verður samþ. hér í hv. d., þá sé frv. þar með dautt, en ég vil ekki undir neinum kringumstæðum stefna málinu í voða, svo að það fengi ekki afgreiðslu á þessu þingi. Mér kom því nokkuð á óvart, er hæstv. viðskmrh. mælti með því, að till. hv. 1. þm. Eyf. yrði samþ. hér í hv. d. Ég álít, að með því væri málinu stefnt í voða. Því vil ég spyrja hæstv. viðskmrh., hvort hann álíti ekki, að málinu væri stefnt í hættu með því að samþ. þessa till., því að ef hann álítur það ekki, mun ég greiða atkv. með nokkrum af þeim brtt., sem komið hafa hér fram.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri. En ég vonast til þess að fá svar, sérstaklega við þessum tveimur atriðum, í fyrsta lagi, hvort málinu sé ekki stefnt í voða, ef einhverjar brtt. verða samþ. hér í þessari hv. d., og í öðru lagi, hvort það sé svo, að ef ágreiningur verður innan ríkisstj. um það, hve hátt þetta gjald skuli vera á einstökum afurðum, og líka um það, hvernig skuli verja því, þá verði kallað saman þing aftur til þess að fá úr því skorið, hvað skuli verða gert.

*__Jóhann Jósefsson:__ Herra forseti! Ég verð að segja það, að niðurlag ræðu hv. þm. Hafnf. (BSn) kom mér dálitið ókunnuglega fyrir, fyrst og fremst vegna þess, að ég hef nú ekki heyrt neins staðar koma fram þá skoðun, að þessi hv. d. hefði ekki neinn rétt til þess að koma fram breyt. á málum án þess að það þar með væri dauðadæmt, og í öðru lagi vegna þess, að mér finnst, að það líti út nærri því eins og hv. þm. Hafnf. sé að fiska eftir því, að slík hótun komi fram í ræðu einhvers af hæstv. ráðh. Ég veit nú, satt að segja, ekki, til hvers verið er að vísa málum til þessarar hv. d., sem eru jafnyfirgripsmikil og þetta mál, sem hér um ræðir, ef því eiga að fylgja þau ummæli, að málið sé dautt, ef nokkur stafur í frv. er hreyfður. Það er sannarlega ekki þessari hv. þd. að kenna, að málið kemur ekki til hennar fyrr en á elleftu stundu. Og það má bæta því við, að það hefur nú verið vakað hér á Alþ. yfir minni háttar málum heldur en því, sem nú liggur hér fyrir til umr., ef marka má það, sem ýmsir hv. þm. hafa látið fara frá sér viðvíkjandi því, að þetta mál sé fyrir alla þjóðarheildina. Ég held þess vegna, að þessir útúrdúrar hjá hv. þm. Hafnf. séu allsendis óþarfir. Ég vil fyrir mitt leyti algerlega mótmæla því, að kallaðar séu fram yfirlýsingar til þess að kúga þessa hv. d. til þess að láta þetta mál afskiptalaust frá sér fara.

Annars hefur nú margt komið hér fram. Og ég ætla mér ekki þá dul að koma inn á allar þær ræður, sem hér hafa fluttar verið í þessari hv. d. um þetta mál. En ég vil sérstaklega segja það við hæstv. ríkisstj., að mér finnst það dálitið hæpinn leikur að halda því fram, að hæstv. Alþ. beri ábyrgð á því, hvort allar þær ráðstafanir geti orðið framkvæmdar, sem hér eru nú hafðar fyrir augum, og að hæstv. ríkisstj. hafi nægilegt fjármagn fyrir hendi til þess að koma í veg fyrir verðbólguna, vinna bug á dýrtíðinni, bæta upp afurðir o. s. frv. o. s. frv. Ég vil í þessu sambandi minna hæstv. ríkisstj. á það, að það var fyrir alllöngu síðan nokkuð auðséð, að verðlag í landinu mundi hækka, dýrtíð aukast. Það hefur sennilega ekki verið dulið fyrir hæstv. ríkisstj. frekar en öðrum landsmönnum. Og í öðru lagi tel ég, að hæstv. ríkisstj. geti ekki með fullum rétti varpað fram ásökunum á hendur þeirra manna, sem nú vilja ekki gina yfir hverri flugu, sem frá henni kann að koma í þessu efni, af því að ég álít, að ríkisstj. sjálf hafi látið ónotuð tækifæri, og það jafnvel löngu áður en þing kom saman, til að draga úr þeim voða, sem menn þykjast nú sjá framundan og mála mjög svart. Hæstv. ríkisstj. kann að segja, að hún hafi ekki haft neitt fjármagn til þess fyrir hendi. Ég vil því þar til svara, að henni hefði verið innan handar að kalla þing saman. Það eru ekki orðin nein vandræði á þessu landi að kalla saman þessa 40—50 þm., ef mikið liggur við.

Hæstv. ríkisstj. og hv. þm. yfirleitt hafa fest mjög augun við þann stórkostlega gróða á sölu sjávarafurða, sem ég ber ekki á móti, að hafi átt sér stað, og var öllum kunnur, líka hæstv. ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. hefur gert ýmsar ráðstafanir, sem að vísu eru ekki beinar skattaálögur, en þó geta komið fram óbeint sem nokkurs konar skattur á þessar sölur, og það á milli þinga. Það er kunnugt, að snemma á þessu stríðstímabili kom í ljós, að Bretar vildu gefa eftir svo kallaðan ísfiskstoll, þá 10 af hundraði, sem menn voru vanir að borga í toll af fiski þar í landinu. Það mun hafa verið einhver fyrsta samningsniðurstaðan milli brezk-íslenzku samninganefndarinnar og Breta, að þessi tollur skyldi niður falla. Jafnframt fóru sölur togara og fiskútflutningur síhækkandi. Það hefði ekki verið fráleit ráð-

stöfun, ef hæstv. ríkisstj. hefði hugkvæmzt á þessu tímabili að gera einhverjar ráðstafanir til þess að svipuð upphæð hefði verið lögð í sjóð til að byrja með eins og numið hefði þessum ísfiskstolli, og sem á vissu tímabili hefði haft tiltölulega litla þýðingu fyrir útflytjendur landsins. Hæstv. ríkisstj. mun svara mér því, að hún hafi ekki haft heimild til að gera slíkt, Ég vil þá benda á, að á þessum sama tíma hafði hæstv. ríkisstj. heimild til þess að skipa stjórn, sem kölluð var útflutningsráð, til þess að úthluta leyfum fyrir útflutningi á vörum til Bretlands og annarra landa. Mér er nær að halda, að sumpart með úthlutun slíkra útflutningsleyfa og sumpart með samkomulagi við þá, sem skipin áttu og græddu stórfé á þessum ísfisksförmum, hefði þessu mátt til leiðar koma. Og hugsum okkur, að eitthvað slíkt hefði verið gert með samningum milli ríkisstj. og útflytjendanna. Það væri orðin lagleg fúlga, sem ríkisstj. hefði nú handa á milli.

Hæstv. ríkisstj. taldi sér fært að láta útflytjendur gera ráðstöfun, þó að það sé kannske ekki bein innheimta fjár, sem kom niður á svipaðan hátt þessu, sem ég var að tala um, og skal ég nefna dæmi. Hæstv. ríkisstj. gerir — að vísu ekki ótilneydd — samning við Breta um það, að helmingur af öllu þorskalýsi í landinu skuli fara til Bretlands. Það er vitað, að þorskalýsisframleiðendur áttu vísan markað í Ameríku fyrir allt það þorskalýsi, sem hér er framleitt, og miklu meira. Þessi samningur kom þannig við útflytjendur, að útflutningsráð hefur gert það að skilyrði fyrir hverri sendingu á þorskalýsi til Bandaríkjanna, að viðkomandi útflytjandi leggi til hliðar þorskalýsi og hafi til reiðu til útflutnings til Bretlands; annars fær hann ekki útflutningsleyfi fyrir þessari vöru til Bandaríkjanna. Þetta er búið að baka útflytjendum þorskalýsis allmikið vaxtatap og á kannske eftir að baka þeim enn meira slíkt tap, og hver veit hvaða tap. Ég bendi ekki á þetta sem ásökunarefni á hendur ríkisstj. fyrir það, að hún neyddist til að ganga inn á þessa samninga, heldur til þess að staðfesta það, að hæstv. ríkisstjórn hefur haft, gegnum sínar mörgu undirnefndir, ýmis ráð til þess að hafa hönd í bagga um það, hvernig vara útflytjenda er seld. Þetta segi ég til þess að styðja þá skoðun, að hæstv. ríkisstj. megi ekki ásaka hv. alþm. svo mjög fyrir það, þó að þeir nú vilji, að þessi nýi skattur sé a. m. k. eðlilegur og eitthvað reglulegur og með nokkrum jöfnuði látinn koma á landsfólkið, og telji það ekki sem einhverja uppreisn móti hennar viðreisnarráðstöfunum, eins og orð hæstv. viðskmrh. virtust gefa til kynna, að ríkisstj. teldi, þar sem hann var að tala um, að hv. þm. geystust hér fram og þættust vilja gera stóra hluti, en vildu engu til þeirra fórna. Það eru nokkuð harðar ásakanir, og ekki sízt frá þeim mönnum, sem búa í hálfgerðu glerhúsi, eins og hæstv. ríkisstj. gerir að því er snertir hennar aðgerðaleysi á síðasta ári í þessum efnum um að hafa verulegan hemil á dýrtíðinni.

Hæstv. viðskmrh. lýsti því yfir í sinni framsöguræðu í hv. Nd., að eftir hans meiningu yrði að fara upp í topp með útflutningsgjaldið, og að mér skildist líka hafa þessa aukalegu skattaálagningu, sem þá var í frv. Ég get mér þess til, að honum finnist, eftir því, sem nú horfir við, að þess muni ekki síður þörf að því er snertir útflutningsgjaldið nú, eftir að álaginu á tekjuskattinn hefur verið breytt, eins og frv. ber með sér, í hv. Nd. Og þetta gerir mig allvarfærinn í í því, að hæstv. ríkisstj. hafi heimildir svo ótakmarkaðar sem í frv. greinir gagnvart sjávarútvegsvörum. Ég skal ekkert vantreysta þeim góða vilja, sem fram kemur hjá hæstv. ríkisstjórn í því að reyna nú að spyrna á móti dýrtíðinni. Og fyrirfram skal ég engar spár koma með um það hvernig það megi takast. En vissulega hefði þetta verið mun auðveldara, ef fyrr hefði verið gefinn gaumur að hugsanlegum úrlausnarleiðum í þessu efni heldur en orðið er, þegar svo horfir við eins og nú er, að það er eins og meginþunginn af útgjaldabyrðinni vegna þessara ráðstafana eigi að falla yfir á sjávarafurðirnar og þá menn, sem að þessari framleiðslu standa.

Það er sannast mála, að þær brtt., sem hér liggja fyrir, eru allvíðtækar og stefna nokkuð sín í hvora áttina. Ég tel, að hv. 1. þm. Reykv. fari ekki með allsendis óhæfa till., þegar hann heldur því fram, að hæstv. ríkisstj. gæti látið sér nægja að hafa til að byrja með 5 millj. kr. heimild í þessu efni og svo aðgang að því að skattleggja sjávarafurðir upp í 5%, eins og þar stendur, af því að hún hefur alltaf þá leið opna að kalla saman þing til ákvarðana, ef henni þýður svo við að horfa.

Annars skal ég segja það um brtt. hv. 10. landsk., að mér virðist í henni gæta mikillar sanngirni í garð þeirra, sem að sjávarútvegi standa, og ég sé ekkert við það að athuga, þó að nokkuð sé kveðið nánar á, eins og í þeirri brtt. er gert, um það, hvernig þeirri álagningu skuli hagað, sem hugsað er að leggja á sjávarafurðir. Því að vitanlega liggur ekkert fyrir frá hæstv. ríkisstj. um álagið annað en það, að hún óskar eftir að fá heimild til þess að fara með þetta útflutningsgjald upp í 10%.

Hæstv. viðskmrh. talaði um, að með því sem fram hefði farið í hv. Nd. hefði verið rýrð sú áætlun, sem gerð hefði verið innan ríkisstj. um framkvæmdir í þessu efni. Mér hefur heyrzt, bæði við umr. í hv. Nd. og raunar líka hér í hv. d., að það hafi verið lýst dálítið eftir því, hvað ríkisstj. hefði í huga að gera. En hennar áætlun um það hefur enn ekki verið lögð fram. Og eins og tekið hefur verið fram við þessar umr. af hv. þm., hafa verið uppi óskir um það frá mörgum hv. þm., að það væri gefin nokkur þingfrestun og þá væri unnið að því að undirbúa slíka áætlun, áður en þing kæmi saman aftur, og eins áætlun um það, hve mikið fé þyrfti til framkvæmdanna. Þegar haldið er á þessu máli þannig, að talað er um, að hér sé verið með undirbúning einhverra ráðstafana, sem geti talizt hliðstæðar gengisbreyt., eða hækkun krónunnar, þá virðist mér ekki vera sagður nema hálfur sannleikurinn. Það er að vísu rétt, að útflytjendur, sem verða að borga svo eða svo háan aukaskatt í ríkissjóð, þeir verða fyrir sama áfalli, sem kemur fram eins og verðlækkun á þeirra vörum, eins og tilsvarandi gengishækkun

hefði haft. En gengishækkun hefur allt önnur áhrif á það, hvað vara umreiknast í íslenzkum krónum. En hún hefur líka áhrif á það, hvað framleiðsluvörur kosta. Það er kosturinn við að koma slíkum jöfnuði á með gengishækkun, að um leið og greiðsla lækkar að krónutölu fyrir hvert skippund fiskjar, þá lækkar verðið líka að krónutölu á því, sem útgerðarmenn verða að kaupa af línum, salti og öðru, sem þeir þurfa til útgerðarinnar. En hér er ekki um það að ræða að hafa áhrif á verð á útlendum vörum, eins og ef um gengishækkun væri að ræða, en hins vegar er um það sama að ræða viðkomandi verði til framleiðenda á vörum þeirra eftir krónutölu í íslenzkum kr., eins og um gengishækkun væri að ræða. Það er því ekki nema hálfur sannleikurinn sagður með því að líkja þessari aðferð við gengishækkun, og á því í raun og veru ekki við að tala um slíkt í þessu sambandi.

Ég get, satt að segja, ekki séð, að neinn stórvoði væri á ferðum, þó að takmarkað væri það fé, sem hér um ræðir, í bili við þessar 5 millj. kr. og lögð væri áherzla á það, sem mér finnst, að þurfi að leggja mesta áherzlu á, sem sé að styðja landbúnaðarframleiðsluna, og þá held ég, að 5 millj. kr. mundu vera alldrjúgur stuðningur í þessu efni. Þegar svo fram á það sæist, að þær mundu ekki hrökkva til, þá mætti, eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv. og allmikið hefur verið rætt um í mínum flokki, kalla saman þing til frekari ráðstafana eða átaka.

Hv. 1. þm. Eyf. ber hér fram brtt. um það að kippa málinu í það horf eins og það var fram borið í hv. Nd., og ég skal ekki um það segja, hvernig þeirri brtt. kann að reiða hér af. En það er alvarlega athugandi mál, frá sjónarmiði framleiðenda séð, ef allt á að standa óbreytt og engin lagfæring að fást fram á orðalagi eða skilgreiningu á till. gagnvart framleiðsluvörum sjávarútvegsins, hvort það er í sjálfu sér allsendis rétt að láta málið verða í því formi, sem það komst í í hv. Nd. Því að því verður ekki neitað, að þar hefur sjónarmið annara manna heldur en framleiðenda verið dregið fram, án þess að skeytt væri um hina hliðina, tekjuöflunarleiðina.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Hv. þm. Hafnf. spurðist fyrir um það, hvað mundi verða gert, ef ríkisstj. yrði ekki sammála um það, hvernig ætti að nota þær heimildir, sem þingið kann að fá ríkisstj. í hendur, ef þetta frv. verður samþ., og hvort atkv. mundu verða látin ráða í ríkisstj. um þetta. Sú stjórnaraðferð er ekki viðhöfð í ríkisstj., og er ekki hægt að viðhafa hana í þjóðstjórn og hún er heldur ekki viðhöfð þó að flokksstjórn sé. Því að hver ráðh. ber ábyrgð á sínum störfum fyrir Alþ. Og ef ráðh. gerir ráðstafanir, sem einhver hinna ráðh. getur ekki sætt sig við, þá getur hann sagt af sér eða óskað þess, að þing verði kallað saman til þess að skera úr því, hvort hans málstaður eða hinna verði ofan á. Þetta eru þær aðferðir, sem hægt er fyrir ráðh. að nota, en ef einhver ráðh., þó að hann sé óánægður með einhverja ráðstöfun, býst ekki við því, að meiri hluti Alþ. mundi fylgja hans stefnu, þá getur líka verið, að hann beygi sig fyrir því. En ef ágreiningur er alvarlegur, mundi það leiða til þess, að kalla yrði saman þing.

Það er enn fremur rætt um það, hvort frv. yrði stofnað í hættu með því að samþ. þær brtt., sem hér liggja fyrir. Ég lít svo á, að skeika verði að sköpuðu um það, hverjar breyt. á frv. verði samþ. Það er ekki nema sjálfsagt, að vilji hæstv. Alþ. komi skýrt fram í þessu máli, og svo vel, sem meiri hluti þingsins telur sig vilja bera ábyrgð á.

Ég vænti þess, að ég hafi þá svarað þessum fyrirspurnum og að hv. þm. Hafnf. geti, vegna þessarar vinnuaðferðar, sem er viðhöfð í ríkisstj., verið þess fullviss, að heimildirnar verði ekki notaðar á þann hátt, sem hugsað er, að þær verði framkvæmdar, nema með því móti, að hæstv. ráðherrar hans flokks, sem hann lýsti, að hann bæri fullt traust til, séu ráðstöfununum samþykkir.

En fyrst ég þurfti að svara þessari fyrirspurn, ætla ég aðeins að segja örfá orð um þetta mál, enda þykir kannske við eiga, að það sé gert, þar sem þetta er eitt af stærstu málum þingsins. En þá vil ég í fyrsta lagi svara þeim ásökunum í garð ríkisstj., sem komu fram frá hv. þm. Vestm. Þær ásakanir hans voru í þá átt, að ríkisstj. hefði of lítið gert fyrr til þess að draga úr dýrtíðinni; hún hefði átt að sjá, hvert stefndi, og gera ráðstafanir fyrr. Hins vegar taldi hann þær kröfur, sem gerðar eru til framleiðenda nú, vera vafasamar. En hann benti á, að það hefði mátt leggja á útflutningsgjald fyrr og leggja það í sjóð. Og þessi sami hv. þm. taldi hæstv. viðskmrh. tæpast fært að leggja fram till. þær, sem hann ber fram, af því að hann byggi í glerhúsi, þar sem hann hefði ekki fyrr undirbúið þetta. En hæstv. viðskmrh. hefur, ekki aðeins á þessu ári, heldur líka á fyrra ári, komið fram með till. um það, að ríkisstj. legði á útflutningsgjald. Og kom hann með þessa till. skrifaða eftir áramótin, ég hygg, að það hafi verið í marz, en það fékkst ekki samkomulag um þessa till., og þess vegna var hún ekki framkvæmd. Enn fremur hafði komið fram till. frá honum í ríkisstj., að farmgjöldin, sem hafa viljað auka dýrtíðina í þessu landi, yrðu sett undir verðlagsákvæði eins og annað, en það fékkst ekki heldur samþ., og varð því ekki af framkvæmdum í þessu efni. Það er því að beina skeytum sínum í skakka átt að ávarpa hæstv. viðskmrh. eins og hann gerði. (**JJós:** Má ég skjóta inn í? Ég undanskildi engan í hæstv. ríkisstj.). Það hefði þó áreiðanlega verið óhætt að undanskilja hann. En vegna þeirra vinnuaðferða, sem ég skýrði frá, er ekki hægt að koma þessu fram, og ekki heldur heimild, nema með því móti að ríkisstj. sé sammála. A. m. k. annað eða jafnvel bæði þessi atriði hafa verið upplýst í blöðum, og þar sem þessi ásökun kemur fram, sé ég ekki á móti því sem forsrh. að endurtaka þetta hér. Annars virðist mér, eftir þeim undirtektum, sem mál þetta hefur fengið, að það sé nokkuð almenn skoðun á Alþ., að í raun og veru væri eðlilegast að gera lítið eða ekki neitt í þessu máli. Undirtónninn í ræðunum er á þá lund.

Viðvíkjandi verðfellingu krónunnar er það að segja, að verðgildi hennar verður ekki breytt

nú, vegna þvingunarsamninga, sem við urðum að gera. En við stigum æðistórt skref í áttina til verðbólgnunar, þegar ákveðið var að kaupgjald allt skyldi hækka í fullu samræmi við vísitöluna. Og þó að fjöldi manna áliti, að það hafi verið gert fyrir verkalýðinn í þessu landi, þá segi ég fyrir mitt leyti, að ég er ekki einn þeirra manna, sem fylgdu því. Það er kannske vinsælt að hafa fylgt þeirri ráðstöfun, en ég hefði komið í veg fyrir hana, ef ég hefði haft möguleika á því. Þessi yfirlýsing má gjarnan standa hér í þingtíðindum, af þeirri einföldu ástæðu, að þessi ráðstöfun er eitt fyrsta og stærsta skrefið í þá átt að koma því ólagi á okkar fjármál, sem þau eru nú í. A. m. k. vita sumir af ráðherrunum það, að ég taldi þessa ráðstöfun svo alvarlega og stefna öllu fjármálalífi í landinu út í það öngþveiti, að ég hef aldrei verið í meiri vafa en þá, hvort ég ætti að vera áfram í ríkisstj. Ég spyr: Í hvaða landi hefði það komið fyrir, að kaupgjald og laun væru hækkuð um 100%? Hver hefði treyst sér til þess? Það var a. m. k. sama, af hvaða flokki hagfræðingarnir voru, hvar sem maður mætti þeim; þeir voru ekki í vafa um, að þetta var ekki framkvæmanlegt, vegna þess að verðskrúfan heldur áfram að vaxa, þar til hún er óviðráðanleg eða ekki hægt að koma henni niður aftur, nema á þann hátt að stefna að hruni og byrja á nýjan leik. Þetta er a. m. k. þeirra kenning, sem mér sýnist ekki mjög mikil vandræði að skilja. Það má t. d. benda á það, að Danir gerðu þessar ráðstafanir og voru eina þjóðin um þær í byrjun styrjaldar, en tóku þær aftur með hinni hendinni. Svíar, sem m. a. hafa jafnaðarmannastjórn og 6 manna meiri hl. á þingi, létu ekki hækkunina verða nema 75%, vegna þess að þeir vita, að verkalýðurinn hefur enga blessun af verðbólgnun, — að haldið sé áfram að þenja út dýrtíðina, þangað til hrunið skellur yfir. Svíar eru allt of góðir hagfræðingar til þess að álíta þetta blessun. Slíkt myndar sjúkt ástand í fjármálalífi hvers lands, nema gagnráðstafanir séu gerðar, sem við höfum ekki þrek eða þol til að gera. Atvinnuleysið og hrunið kemur verkalýðnum í koll, eins og þjóðfélaginu öllu. Þess vegna gera Svíar ekki þessar ráðstafanir, þó að þeir hafi atkvæðamagn til þess og áreiðanlega fullan mátt til þess í sínum verkalýðsfélögum. Það er því tvímælalaust, að með þessu var stigið stórkostlegt ógæfuspor, ekki aðeins fyrir verkalýðinn, heldur fyrir alla þjóðina. Þetta var það fyrsta, sem myndaði þann straum af verðbólgu, sem við nú erum að súpa seyðið af, og þó ekki nema lítið enn þá. Það er líka auðsætt, hvernig verðbólgan hagar sér; það hefur skapazt aukinn kaupmáttur og hækkuð vísitala. Það verkar ekki aðeins tölulega, heldur einnig sálfræðilega. Maður, sem sparar saman fé núna, kaupir sér bifreið; hann segist hafa grætt 8 þús. kr. Annan þekki ég, sem hefur lagt 15 þús. kr. í bát, sem hann keypti dýru verði. Menn láta úti peninga núna og hugsa ekki um verð, af því að þeir sjá, að krónan lækkar. Að vísu standa okkar peningar sæmilega, og menn eru langt á undan að meta peningana minna virði en þeir eru, og þannig hraða menn stöðugt aukning dýrtíðarinnar.

Við gætum unnað verkalýðnum að hafa hátt kaup, ef það hefndi sín ekki á honum síðar. Við skulum líta á þá staðreynd, að fyrir nokkru, áður en taxtakaup var hækkað, höfðu verkamenn ekki vinnu nema tvo daga af þremur í mesta lagi, en nú hafa verkamenn vinnu hvern dag. Þeir fengu þess vegna 50% hækkun í aukinni vinnu, og síðan í ofanálag vísitöluna eins og hún liggur fyrir. Þetta verkaði þannig, sem ekki hefur verið nægilega dregið fram í sambandi við atvinnurekstur bænda, að menn unnu fyrir 100 kr. á mánuði eða 1200 kr. á ári, og þótti hátt, hér í nágrenni Reykjavíkur, og lægra árskaup annars staðar, því að þetta var stöðug vinna, sem ekki er í kaupstöðunum. Nú er þetta kaupgjald 300 kr. á mánuði, og hefur því ekki hækkað um 50%, heldur þrefaldazt. Og síðan er ætlazt til, að bændur, sem kaupa vinnu þrefalt dýrar, fái hækkun á sínum vörum í samræmi við almenna vísitölu, nú 53%. Kaupgjald í sveit hefur víða þrefaldazt samanborið við fyrir stríð. Og það er sérstaklega í nágrenni við Bretavinnuna. En eitt af því, sem veldur beinlínis hræðslu við þessar ráðstafanir, er það, að bæta eigi bændum upp verð á þeirra útflutningsvörum, og kveður þetta mjög við t. d. í blöðunum, að það eigi að bjarga þannig einni stétt. Þegar þess er gætt, hvað hækkun kaupgjalds er mikil hjá bændum, og þegar þess er gætt, að þetta er stétt, sem vissulega nú — og kannske aldrei fremur en nú — er lífsnauðsynleg fyrir þetta þjóðfélag, og þegar þess er gætt, að engir samningar hafa náðst um sölu á afurðum þeirra til útlanda og ekki er útlit fyrir annað en að þeir verði að selja sínar vörur fyrir fyrirstríðsverð og borga hærri fragt (maður vonar, að ekki takist svo illa til, en það getur vel hent), hvernig getur þá nokkur hv. þm. búizt við því, að ein stétt í þjóðfélaginu eigi að lifa við slíkt réttlæti? Bændurnir mundu verða gerðir gjaldþrota í stórhópum. Nei, svo mikið réttlæti er til meðal þessarar þjóðar, að undir slíku verður þessi stétt aldrei látin búa. Enda lýsi ég yfir því, að þetta frv. á að miða að tvennum hliðstæðum ráðstöfunum: að koma í veg fyrir, að ein stétt í þjóðfélaginu, bændurnir, sem þurfa að selja til útlanda fyrir það tiltölulega lágt eða ónógt verð, fari í stórhópum á vonarvöl. Jafnframt er hinn tilgangurinn að nota þetta fjármagn til að halda niðri vörum, fluttum frá útlöndum, og innlendum vörum, seldum í landinu. Tilfellið er, að það er ekkert undarlegt, þótt það sé óvinsælt að taka peninga til að gera þessar ráðstafanir. Það er alltaf óvinsælt að innheimta peninga, hvort heldur af útflutningi eða af skattþegnum beint. Og sannast að segja efa ég, að það sé auðvelt, ef það er þá mögulegt, að gera aðrar ráðstafanir viðvíkjandi dýrtíðinni — þær, sem skynsamlegar eru, — en þær, sem eru óvinsælar í bráðina. Þjóðin er ölvuð af gróða, sem hún heldur, að hún hafi handa á milli, gætandi ekki að því, að þessir peningar geta orðið verðlitlir, ef engin ráðstöfun er gerð. Menn tala um það, að Eimskipafélagið hafi lagt upp 2—3 milljónir. Eftir nokkur ár gæti þetta verið samsvarandi einni milljón. Þegar frankinn lækkaði, svo að hann að síð-

ustu var kominn ofan í einn sjötta af fyrra verðgildi, varð afleiðingin, að aldrei var hægt að koma á skynsamlegu og heilbrigðu fjármálalífi í Frakklandi eftir það, né heldur þar, sem skriðan komst enn þá lengra, eins og gerðist annars staðar. Ég harma það, svo nauðsynlega sem ég álít þessa ráðstöfun, að enn þá skuli vera komnar fram till., sem draga úr því fjármagni, sem ríkisstj. fær handa á milli til þess að draga úr dýrtíðinni og framkvæma annað, sem frv. ræðir um. Eins og frv. var borið fram af hæstv. viðskmrh., þá taldi hann og við ráðh. Framsfl. okkur hafa ástæðu til að ætla, að það væri samkomulagsgrundvöllurinn. Það mega allir gera sér ljóst, að ef gera á ráðstafanir, sem um munar, þarf mikið fjármagn. Og engan þarf að undra, þótt ekki sé hægt á slíkum tímum sem nú eru, með þeim breyt., sem eru á öllu verðlagi, að gera nákvæma áætlun fram í tímann, hvað mikið fjármagn þurfi til þessara ráðstafana. Það eina, sem Alþingi getur gert, er að gefa ríkisstj. heimild til að gera þessar ráðstafanir. Ef menn geta ekki fengið þessari ríkisstj. þessa heimild í hendur, þá eiga þeir að fá sér aðra ríkisstj., sem þeir treysta. Því að öðruvísi en að treysta stj. nokkuð, er ekki hægt að ráða fram úr þessu.

Ég mun því með mínu atkv. í þessari d. leggja á móti þeim brtt., sem komið hafa hér fram til að draga úr fjáröflun til þess að ná markmiði þessa frv. Hins vegar mun ég greiða atkv. með þeirri till., sem eykur þessa heimild til fjáröflunar, till. hv. 1. þm. Eyf.

*Erlendur Þorsteinsson: Ég gæti nú að miklu leyti sparað mér að svara hæstv. viðskmrh., vegna þess að það, sem kom fram í ræðu hv. þm. Vestm., er mjög sama eðlis. En ég vil nú samt sem áður endurtaka það, ef ske kynni, að hæstv. ráðh. yrði þó ljósara eftir en áður, hver geysimunur er á gengislækkun og útflutningsgjaldi, þ. e. a. s. á því, hvaða áhrif það hefur á framleiðslu landsmanna. Ef gengislækkun er, þá er að vísu tekin úr vasa útgerðarmanna sama upphæð og taka mætti með útflutningsgjaldi, sem væri jafnhátt að hundraðstölu gengislækkuninni. Ef gengislækkun er í staðinn fyrir útflutningsgjald, þá eru allar vörur, sem keyptar eru inn og koma þessari framleiðslu við, einnig lækkaðar sem sömu prósenttölu nemur. Því er geysimunur á þessu tvennu. Og það getur hver farið í sinn eigin barm, hvort hann vil ekki borga nokkrar krónur til gengislækkunar, ef honum er tryggt, að varan, sem hann kaupir til sinnar framleiðslu, lækkar að sama skapi.

Það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Vestm., að það er vanræksla — og það mikil vanræksla — af ríkisstj., að hún skyldi ekki hafa farið þá leið fyrr, t. d. síðari hluta ársins 1940 og fyrri hluta 1941, að taka útflutningsgjald af ísfiski, sem seldur var til Englands. Ég veit ekki enn af svari hæstv. forsrh., hvers vegna þetta var ekki gert, en mér er tjáð, að hann hafi lagt fram till. í ríkisstj. (Forsrh.: Viðskiptamálaráðh.), að þetta gjald væri tekið upp, en ekki hafi náðst samkomulag. Ef þessum hæstv. ráðh., sem hér eru staddir báðir, er það jafnmikið áhugamál og þeir vilja vera láta, þá var vitanlega skylda þeirra seinni hluta ársins 1940 að kalla saman þing og skýra fyrir því málið, og láta síðan meiri hl. þingsins skera úr. Ég skal náttúrlega ekkert segja, hverjir ráðherrar komu í veg fyrir, að gjaldið var upp tekið, en víst er, að það var ekki ráðh. Alþfl., með því að því var lýst yfir áður, að hann hefði verið með útflutningsgjaldi hvenær sem var, eftir að þessi stórsala á ísfiski hófst, enda er á þetta bent í málgagni Alþfl. á þeim sama tíma.

Ekki vil ég deila um það við hæstv. viðskmrh., hvort það sé vinsælt eða óvinsælt fyrir okkur að mæla móti því að hafa þetta gjald svo hátt sem í frv. er. En ef á að verja því aðallega til þess — eins og mér virtist koma fram í ræðu hæstv. forsrh. — að greiða bændum uppbót á sínar vörur, ef ekki fengist nægilegt með þeim 5%, sem við leggjum til, þá ætla ég, að óvinsældir af hendi þeirra, sem eiga að fá fé, mundi bitna á okkur, en hæstv. ráðh. yrði vinsæll af sinni afstöðu, og mundi mega vega þetta að jöfnu. Þá vil ég einnig benda hæstv. viðskmrh. á það, og jafnframt hv. þm. Hafnf., að ef þetta útflutningsgjald verður lagt á með þeirri upphæð, sem nú er í frv., og verði henni beitt til hins ýtrasta, sem útlit er fyrir samkv. yfirlýsingum af hendi stj. í umr. í þessari d., þá hygg ég, að sú hætta sé fyrir hendi, að framleiðslan hljóti að dragast saman. En mér skilst, að þeir báðir, hæstv. viðskmrh. og hv. þm. Hafnf., hafi lýst yfir, að þeir vildu ekki verða þess valdandi, að framleiðslan drægist saman. En hvernig ætla þeir sér að halda mönnum við atvinnu við sjávarútveginn, ef þeir bera ekki að öðru jöfnu það sama úr býtum og hægt er að fá annars staðar? Hvernig ætlast þeir til, að menn fáist til að vinna þar, fremur en þeir ætlast til að bændur beri nægilegt úr býtum, ef þeir fá ekki greiðslu úr ríkissjóði?

Að þessu frv. sé nokkur hætta búin, — á slíkt vil ég ekki hlusta. Því að ég vil halda fram, að í þessari d. hljóti að vera sami réttur til að gera breyt. á frv. eins og í Nd., og að það væri í raun og veru ekkert annað en skerðing á þingmannsrétti þeirra manna, sem í þessari d. sitja, ef ætti að neyða þá til að gera enga brtt. af hættu við það, að frv. færi aftur til Nd. Og ég verð að segja um annað eins stórmál, að það væri ekki goðgá, þó að þinginu yrði frestað um einn dag, svo að hv. Nd. gæfist kostur á að fara yfir frv. eftir að breyt. hafa komið við það frá þessari d.

Mér er ekki alveg ljóst, hvernig átti að skilja orð hæstv. forsrh., ef ágreiningur er innan stj. um framkvæmdir. Hann sagði, að hver ráðh. bæri ábyrgð á sinni stjórnardeild. Mér skilst þá, að ráðh., sem ekki heyrir undir að ákvarða útflutningsgjald, gæti ekki — eftir þessari skýringu hæstv. forsrh. — komið í veg fyrir, að útflutningsgjaldið væri ákveðið jafnhátt og atvmrh. vildi, sem mér skilst málið heyra undir.

Þá kom hæstv. forsrh. inn á það, sem reyndar virðist vera orðin nokkurs konar trúarjátning hjá framsóknarmönnum, að það sé kaupgjaldið eitt í þessu landi, sem ræður vísitölu, og ef

kaupgjaldið vaxi um 100, hljóti vísitalan líka að vaxa, mér virðist næstum að sama skapi. Ég er hissa á, að slík firra skuli yfirleitt koma fram. Að vísu er rétt, að þetta hlýtur eitthvað að hækka vísitölu. En við verðum að gá að því, að kaupgjaldið er ekki nema lítill hluti framleiðslukostnaðarins, ef miðað er við það, sem goldið er í ákveðnu kaupi. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvernig hann ætlar að koma í veg fyrir, að hlutur sjómanna hækki við það, að fiskverð hækkar. Hæstv. forsrh. verður að gera sér ljósan þann geysimun, sem er á hækkun vinnulauna, sem goldin eru í ákveðnu kaupi hér, og í Svíþjóð og Danmörku. Þar er það svo, að hér um bil hver einasti verkamaður, ef ekki hver einasti, í iðnunum, hefur kaup í ákveðinni krónutölu. Hann er ekki hlutarráðningarmaður, eins og á Íslandi. Það er stór hluti þjóðarinnar, sem tekur laun sín í ákveðnum hluta af aflanum, þess vegna hafa vinnulaun í krónum ekki hækkað jafnmikið hjá verkamönnum.

Ég vil út af ummælum hæstv. forsrh. og þá einnig um leið hæstv. viðskmrh., minna þá á, hvernig ástandið var 1940, þegar samið var um kaup þeirra manna, sem taka sín laun í ákveðinni krónuupphæð. Þá fengu verkamenn og sjómenn ekki bætt upp laun sín nema að litlum hluta, samanborið við dýrtíðina, og hafa enda ekki fengið það síðan.

Mér virðist, að það sem fram hefur komið í þessum umr. um verðlag framleiðsluvaranna, bendi til þess, að verðlag á þeim hafi ekki verið eins hátt á hinum erlenda markaði 1940 og af var látið á þeim tíma. Hæstv. forsrh. sagði, að bændastéttin gæti ekki unað við það nú, að fá ekki meira fyrir sínar afurðir heldur en þær seldust á innlendum og útlendum markaði fyrir styrjöldina. Ég veit, að þetta er alveg rétt, en verkamenn geta ekki heldur unað við það að vera eina stéttin í þjóðfélaginu, sem lætur verulegan hluta af sínum launum til þess að bæta öðrum stéttum það upp, sem hæstv. forsrh. vill neita henni (þ. e. verkamannastéttinni) um að fá.

*Magnús Jónsson: Það fer að líða að því, að rétt sé að stytta umr., og skal ég því ekki taka þátt í þeim deilum, sem upp hafa komið. Ég verð þó að víkja nokkrum orðum að þeim, sem hafa talað síðan ég gerði grein fyrir brtt. minni.

Mér þótti það mikils virði, að hæstv. viðskmrh. játaði, að þetta væri í rauninni gengismál, því að þar með hefur hann gengið inn á það, að tvær leiðir séu færar út úr þessum ógöngum. Hitt er annað mál, að það getur verið deiluefni, hvora leiðina eigi að fara. Ég skal ekkert um það segja, hvort hægt er að breyta genginu, það er svo mikil hula yfir þessum samningum við Englendinga, að jafnvel utanrmn. lætur ekkert uppi um það, hvað hún viti í þeim efnum, eða hvort hugsanlegt væri að fá genginu breytt. Hv. þm. hljóta að geta séð það, að með öðrum ráðstöfunum en gengisbreyt. er ekki unnt að gera verulegar umbætur á þessum málum. Nú er það auðvitað, að ef ekki er hægt að framkvæma gengishækkun, þá á að fara sem líkasta leið. Ég verð þó að segja það, að ég tel frv. hafa tekið miklum breyt. til bóta frá því, sem það upprunalega var, þó að enn séu á því stórir gallar.

Hv. 1. þm. N.-M. talaði hér, og mér kom dálítið á óvart sá tónn, sem var í ræðu hans, af því að ég vissi ekki til þess, að ég hefði gert neitt á hluta þessa hv. þm. En hann virtist vera mér mjög reiður út af því, að ég hafði talið það vera röskun á tekjuskattsl. þeim, sem samþ. voru á þessu þingi, ef það álag á tekjuskattinn hefði verið látið gilda, sem upphaflega var stungið upp á í þessu frv. Hv. þm. fannst það hin mesta fjarstæða, að ég skyldi tala um illa undirbúna löggjöf í sambandi við þetta frv. En ég verð að segja það, að ef nokkur löggjöf hefur verið illa undirbúin, þá er það þetta frv. eins og það upphaflega var.

Þá verð ég að halda því fram, að hv. 1. þm. N.-M. hafi ekki haft heyrnartólin í sem beztu lagi, fyrst hann heldur því fram, að ég hafi sagt, að menn ættu að þjóta úr einni atvinnugreininni í aðra eftir því, sem bezt gengi með að fá vinnu. Ég held, að þessi misheyrn þm. hljóti að stafa af því, að hann sé nú orðinn syfjaður. Það, sem ég sagði, var það, að menn þyrftu að gæta hagsýni og stunda þá atvinnugrein, sem borgaði sig bezt. Þá virtist hv. þm. ekki hafa haft heyrnartólin í lagi, þegar ég talaði um mjólkurmálið, því að hann sagði, að ég hefði sagt, að bændurnir fengju ekki nema ⅛ af því, sem borgað væri fyrir mjólkina hér. Ég sagði ekki eitt einasta orð um það, en ég sagði, að búið væri með þessu mikla mjólkurskipulagi að koma því til leiðar, að ⅛ af neyzlumjólkinni færi í hverja hækkun, sem á henni yrði. M. ö. o., að hver hækkun mjólkurinnar til neytenda deildist með þremur til þeirra manna, sem framleiða hana.

Ég verð að segja það, að ég þori varla að fara út í það að deila um reikning við þennan hv. þm., en undarlegt þykir mér það, hvernig hv. þm. fer að fá það út, að breyt. á húsaleigul., sem samþ. var hér á þinginu, hafi þau áhrif á vísitöluna, að hún breytist um 10—15 stig. Ég verð að segja það, að þetta er hreinasta met í reikningi hjá hv. þm. Þessi breyt., sem gerð var á húsaleigul., getur numið eitthvað nálægt 10% hækkun á húsaleigunni, en fer þó náttúrlega eftir því, hvað viðgerðarkostnaður er mikill, en að þetta geti numið 10—15 stigum á vísitölunni, það er aðeins fyrir hv. 1. þm. N.-M. að fá slíkt út. Ég veit, að þessi hv. þm. er góður reikningsmaður, en að geta komið þessu svona fyrir, það er hreinasta met í reikningi. Við skulum segja, að húsaleigan, sem borguð væri hér í bænum, næmi einni millj., þá ætti hækkunin að nema um það bil 10—15 millj. kr., — en hvar ætli þetta endaði, ef þetta væri rétt hjá hv. þm? Það er anzi hætt við því, að vísitalan gengi þá út í hreinustu botnleysu, og sannast að segja held ég, að enginn gæti fengið þetta út nema hv. 1. þm. N.-M.

Ég held, að ég fari ekki öllu lengra út í ræðu hv. 1. þm. N.-M., en vil þó aðeins bæta við nokkrum orðum í sambandi við það, þegar hann talaði um, að framleiðslan mætti ekki dragast saman. Hann sagði, að það væri lífsspursmál, að framleiðsla landsmanna drægist ekki saman.

Hins vegar virðist þetta brjóta í bága við þá kenningu, að það þurfi endilega að stofna til sérstaks sjóðs til verðuppbótar á útflutt kjöt. Eftir því að dæma virðist sem svo mikið kjöt sé til í landinu, að ekki sé hægt að torga því, og veit ég þá ekki, hvort rétt er að segja, að það sé lífsspursmál að hafa svona miklar kjötbirgðir í landinu til þess að borga á það verðuppbætur. Það er rétt hjá hv. þm., að það er slæmt, ef landbúnaðurinn þarf að dragast saman, en að stórvandræði stafi af þessu, það get ég nú ekki séð.

Að lokum skal ég koma að því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, en hann lýsti því yfir, að hann mundi greiða atkv. með einni brtt., og með því hefur hann kveðið það niður, að menn megi ekki greiða atkv. með brtt. vegna þess, að þá þurfi frv. aftur að fara til Nd. Ég sé ekki, að það þyrfti að vera neitt athugavert við það, þó að frv. færi aftur til Nd. og þm. gæfist kostur á að athuga betur ýmsar hliðar þessa máls, sem er viðurkennt að vera eitthvert stærsta málið, sem þetta þing hefur haft til meðferðar. — Ég vil ekki ganga inn á það, sem hv. forsrh. sagði, að gengismál væru alltaf skaðleg fyrir þjóðina. Hann tók til dæmis Frakka. En þess er að gæta, að það var bara allt annað, sem skeði þar í landi; þeir vildu ekki borga skatt. Þeir eru yfirleitt ófúsir á að borga skatta. Frakkar sögðu: Við viljum heldur lána ríkinu. — Þetta fór með frankann að lokum; það verður maður að játa. En ég vil benda á aðra þjóð, sem lækkaði sinn gjaldeyri ákaflega mikið, en kom samt sínum fjármálum á góðan grundvöll með því meðal annars. Þetta voru Finnar, sú þjóð, sem stóð ein allra Evrópuþjóða í skilum með sínar gífurlegu stríðsskuldir við Bandaríkin, og hafði lokið við að greiða þær, þegar Rússar réðust á þá, enda voru Bandaríkin mjög fús á að veita Finnum lán í styrjöld þeirra við Rússa. En Finnar felldu markið svo, að þegar ég kom til Finnlands um þessar mundir, þá gat ég fyllt alla mína vasa með peningum. En með gengisbreyt. unnu Finnar ákaflega þarft verk.

Ég skal ekki fara út í þann kafla ræðu hæstv. forsrh., þar sem barlómurinn var hæstur f. h. bænda. Það er einkennilegt, en ég hef ekki talað við nokkurn þónda, sem segir ekki, að síðasta ár, 1940, hafi verið mesta veltiár. Hefur hæstv. ráðh. talað við bændur í Mosfellssveit? Bændur í Mosfellssveit eru þjakaðir af löggjöf hæstv. forsrh., og bændur í Borgarfirði líða undir aðgerðum hv. 1. þm. N.-M. Það er blandað hér saman óskyldum málum og rokið til að fá löggjöf, ef eitthvað skortir á, að mjólkurbændur í Rvík geti komizt af. Nú dynja yfir bændur erfiðleikar vegna hins háa kaupgjalds. Mér dettur ekki í hug, að bændur eigi að selja sínar vörur fyrir það verð, sem var fyrir stríð, en borga tvöfalt kaupgjald. En það er ekki nema lítill partur af framleiðslukostnaðinum, og það er enginn að mótmæla því, að það verði bætt upp, og eftir minni brtt. er það alhægt. Hver vara verðbætir sjálfa sig, eða réttara sagt, ríkissjóður verðbætir vöruna. Það á að halda vörunum í því verði, sem talið er hæfilegt, til neytenda. Alveg eins og það hefur verið gert áður, mætti gera það nú. Mismunurinn kemur svo úr ríkissjóði til verðbóta.

Hæstv. ráðh. lýsti því, og ég var honum sammála, hvernig það verkaði á menn, þegar peningagengi er að falla. Það er voðalegur dans og síaukinn hraði. Það er eins og fólkið sé ölvað, sagði hæstv. ráðh. Ég greip fram í og sagði, að ölvunin væri skýrust á frv., og það er í sannleika aðaleinkenni þess. Það þýðir ekki að bjóða fram 5 millj. Slíkt þykir smánarboð. Það á að taka millj. eftir millj. í það, sem enginn veit, hvað er. Það er þegar komið fram í seinni hluta júnímán. Þá þarf að gera margháttaðar rannsóknir og athuganir, áður en hægt er að framkvæma l. Brátt kemur hinn stutti sláttartími og mesti bjargræðistími ársins, þegar ekki er hentugt að kalla saman þing. Það væri hægt í haust; en þessar 5 millj. eru skoðaðar sem banatilræði við málið. Ég er hv. þm. Hafnf. sammála um, að ágætt væri að hafa einn mánuð til að rannsaka ýmislegt, er að þessu lýtur. Það er sannarlega betra að hafa reynsluna og vera búinn að safna skýrslum og gögnum. Þá geta þm. valið og hafnað. Þetta legg ég megináherzluna á með mínum brtt., að ekki má samþ. svona óákveðna heimild.

Forseti (EÁrna): Það er svo til ætlazt, að þeir, sem vakandi eru, fái kaffi á Hótel Borg kl. 1. Það mundi gleðja mig, ef menn vildu hjálpa til, að umr. gæti orðið lokið þá.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég hefði getað haft mörgu að svara, bæði meðnm. mínum og öðrum. En nú er komið fram yfir miðnætti, og þinglausnir eru ákveðnar á morgun, svo að ég ætla að neita mér um að svara ýmsu. Ræður sannfæra yfirleitt ekki og breyta ekki afstöðu manna, úr því sem komið er. Ég vil þó minna hv. meðnm. mína á það, sem þeir og vita, að hér er ekki um að ræða að samþ. l., sem fyrirskipa að innheimta 10% af öllum útfluttum vörum. Hér er aðeins verið að samþ. heimild til ríkisstj., bæði að því er útflutningsgjaldið og skattinn snertir. Því hefur verið lýst yfir af hæstv. forsrh., að þessi heimild verði ekki notuð, nema því aðeins, að samkomulag náist með ríkisstj. Mér finnst, að þm. geti því borið nokkurt traust til þess, að ekki verði farið lengra í þessu efni en góðu hófi gegnir. Ég get ekki neitað því, að mér finnst það bera vott um lítið traust til ríkisstj., hversu mikið kapp sumir þm. leggja á að draga úr frv., en ég skal ekki fara lengra út í það.

Tilefnið til, að ég tók til máls, var aðallega ræða hv. þm. Hafnf. Mér skildist, að hans afstaða til brtt. vera mörkuð af því, að hann vildi ekki setja málið í hættu. Hann álítur, að málið þurfi að fá afgreiðslu á þessu þingi og sér það réttilega, að ef það getur ekki orðið hér í d. og málið þarf að fara til Nd. aftur, getur því verið hætta búin, þar sem nú er komin nótt og þinglausnir ákveðnar á morgun. Ég er sammála honum um þetta. En hann furðar sig á, að ég skuli þá bera fram brtt. Ég þóttist nú gera grein fyrir því atriði. Það er vegna þess, að ekki fékkst annað en að meðnm. mínir bæru fram brtt. En ef frv. verður breytt á annað borð, þá vil ég, að

minar breyt. komi líka til greina. Þá er og það, að minar brtt. eru við 6. gr., en aðalbrtt. hv. 1. þm. Reykv. við 1. gr. og svo við 4. og 5. gr. Enn fremur er aðalbrtt. hv. 10. landsk. þm. við 5. gr. og brtt. hv. 5. landsk. þm. við 1. gr. Allar þessar brtt. verða því bornar undir atkvæði á undan minni brtt. Ef eitthvað af þeim verður samþ., held ég mínum brtt. til streitu, en verði þær allar felldar, tek ég mína till. aftur. Frv. er því engin hætta búin af minni till., því hún kemur ekki undir atkv. nema því aðeins, að frv. verði breytt hvort sem er.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég hafði ætlað að láta umr. fara fram hjá mér, en nú er málið komið á þann vettvang, að ég get ekki látið ómótmælt ýmsu, sem fram hefur komið. Áður en ég vík að því, vil ég segja fáein orð um frv. og geta þess, að ég er því fylgjandi, að ráðstafanir verði gerðar til að reyna að hafa hemil á vaxandi dýrtíð. Hins vegar mun ég greiða vissum till. atkv. og tel það enga goðgá, þó að frv. verði breytt hér í hv. deild, þegar um svo mikilsvert mál er að ræða.

Þá vil ég vekja máls á því, sem er upphaf þessa máls, að þegar þjóðstj. var mynduð árið 1939, stóð það í nánu sambandi við gengislækkunina, sem átti að vera hjálp til atvinnuveganna, og þá sérstaklega sjávarútvegsins. Um leið voru gerðar ráðstafanir, sem ég var andvígur, um að lögbinda kaupgjald hins vinnandi fólks. Þingheimur var sammála um að mynda þjóðstj., sem var falið það verkefni að framfylgja þeim ráðstöfunum, sem fólust í gengislögunum. Hún innti sín störf vel af hendi fram á árið 1940 og virtist geta haldið niðri verðlagi á nauðsynjum almennings. En á árinu 1940 varð mikil hækkun á landbúnaðarafurðum. Þess var getið af hv. 10. landsk. þm., hvað skeði með breyt. á gengisl. í árslok 1940. Verðlagið á landbúnaðarafurðunum var ekki lengur látið fylgjast með vísitölu kauplagsn., en því var lofað af ríkisstj., að það skyldi ekki verða misnotað um hækkun á landbúnaðarafurðum, þó að verðlagið á þeim væri ekki bundið í lögunum, eins og gert var með lögunum frá 1939. Ég var svo bjartsýnn að treysta loforði hæstv. ráðherra Framsfl. um þetta efni. En 1940 gengur sjávarútvegurinn svo vel, að stórgróði varð af. Það kom fram í blöðum hæstv. ráðh., að landbúnaðurinn yrði að fá nokkurn gróða eins og sjávarútvegurinn. Bein afleiðing af þeim áróðri framsóknarblaðanna var sú, að kjöt og mjólk hækkuðu tvisvar sinnum á nokkrum mánuðum meira en kaupið sagði til um og olli því, að verkalýðurinn heimtaði fulla dýrtíðaruppbót á kaup sitt. Þetta var fyrsta sporið. Það voru mistök hjá hæstv. ráðherrum og öðrum í stjórninni, er fylgja þeim að málum, þegar stjórnin sleppti lausu verðlagi á landbúnaðarafurðum. Hún mátti vita, að það mundi hafa sínar afleiðingar. Þegar svona var komið, var eðlilegt, að launastéttirnar í landinu fengju einnig uppbætur á laun sín, og nú var kapphlaupið byrjað. En það er rétt að geta þess, hverjir gengu á undan um fulla dýrtíðaruppbót til launastéttanna. Það voru formenn Framsfl. og Sjálfstfl. í bankaráði Landsbankans, sem ákváðu fulla dýrtíðaruppbót fyrir starfslið bankans. Þetta ætti hæstv. ráðh. að muna. Þar með var brautin rudd fyrir aðra launþega í landinu.

Ég get ekki fallizt á þá kenningu hæstv. forsrh., að það sé kaupgjaldið, sem sé aðalliðurinn í hinni auknu dýrtíð, því að eins og hv. 10. landsk. þm. benti á, er það svo mikill minni hluti af tilkostnaðinum við framleiðsluna, og þá sérstaklega við sjávarsíðuna, að það getur ekki verið hið ráðandi afl um dýrtíðina.

Hæstv. forsrh. bar saman Norðurlönd og Ísland í þessu efni og sagði, að það mundi ekki þekkjast á byggðu bóli, að menn fengju bætta dýrtíð upp í 100%. Ég er sennilega ekki eins fróður maður og hann um þessa hluti. Ég hygg þó, að í því landi utan Norðurlandanna, sem frjálsast telst„ Bandaríkjunum, sé ekki mikill munur á launum og dýrtíðarvísitölu, en dýrtíðarvísitölur hef ég ekki séð nýlega frá Svíþjóð. En frá Danmörku hef ég í höndum verðvísitölur frá síðustu áramótum. Um Noreg er vart hægt að tala í þessu sambandi. Þau löud eru ekki heldur sambærileg við Ísland í þessu efni. Utanríkisverzlun Dana hefur gengið gífurlega mikið saman síðan stríðið hófst. Það er vitanlegt, að í Danmörku hafa verkamenn fengið dýrtíðina að fullu bætta allt fram að þeim tíma, að landið var hertekið. Þó voru laun í Danmörku miklu betri heldur en hér á landi, áður en stríðið hófst.

Um Svíþjóð er það að segja, að það er ekki rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að sænskir verkamenn fái aðeins 30% uppbót miðað við dýrtíð. Í Svíþjóð, eins og í flestum öðrum löndum, hafa atvinnuvegirnir dregizt mjög saman. Auk þess hefur þjóðin lagt hundruð milljóna kr. til eflingar landvarna og annarra ráðstafana vegna stríðsins. Þrátt fyrir þetta hafa verkamenn þar ¾ af dýrtíð. Þó voru þeir hærra launaðir en verkamenn annarsstaðar á Norðurlöndum, og velmegun þessarar stéttar þar meiri en hjá hinum Norðurlandaþjóðunum.

Er þetta sambærilegt við okkur, sem aldrei höfum aukið eins okkar þjóðarauð? Utanríkisverzlun okkar hefur batnað svo, að við eigum tugi milljóna í eignum í staðinn fyrir skuldir. Er það nokkuð óeðlilegt, þó að verkalýðurinn í landinu segi, að það minnsta, sem hann eigi að hljóta af þeim mikla gróða og þeirri miklu velgengni atvinnuveganna, sé að fá dýrtíðina að fullu bætta.

Svo kemur hæstv. forsrh. og segir: Það lá við borð, að ég segði af mér, úr því að þingið féllst á að veita launastéttum fulla dýrtíðaruppbót. Ég verð að segja það, að mér þótti vænt um að fá þessa yfirlýsingu frá hæstv. ráðh. Hún sýndi hans góða hug til verkamanna og launastéttanna í landinu. Eftir margra ára þrengingar og atvinnuleysi máttu hinar vinnandi stéttir til sjávar og sveita ekki njóta góðs af því góðæri, sem veltist yfir þjóðina. Aðeins hinir auðugustu máttu fleyta rjómann, en ekki verkalýðurinn. Þetta felst í yfirlýsingu hæstv. forsrh., og verði honum bara að góðu.

Þá kemur hæstv. ráðh. og segir, að kaupið í sveitum landsins hafi þrefaldazt. Ég dreg í efa, að þetta sé rétt. Hvað viðkemur árinu 1940 er

þetta a. m. k. ekki rétt. Það er alveg víst, að í byrjun heyanna, í hverjum bændur taka helzt fólk til vinnu, var ekkert þrefalt verð komið á kaupgjald. Yfirleitt mun það hafa verið svo, að bændur borguðu að vísu nokkuð hærra en áður, en ekkert í tiltölu við það, sem þeir þá fengu fyrir sínar afurðir, og er ég síður en svo að telja það eftir. En svo má ekki gleyma því, að ofan á sæmilegt góðæri 1940, þá berast þeim upp í hendurnar 5 millj. kr., sem Bretar hafa lagt fram til verðjöfnunar á útflutningsafurðum. Það virðist sem þetta sé einskis virði. Ég er ekki viss um, hve margir bændur eru í landinu, en áætla, að þeir séu um 5 þús. Ef við deilum því, eru það 1 þús. kr. á hvern bónda. Það hefur stundum þótt laglegur skildingur. (**Forsrh.**: Fá þeir það allt?). Mér skilst, að það sé ætlazt til þess. Og ég er nú ekkert að sjá eftir því. Ég held, að sjávarútvegurinn hafi ekki ástæðu til að kvarta, og þess vegna séu ekki líkur fyrir, að það gangi til hans.

Þá sagði hæstv. ráðh., að bændur verði að selja vörur sínar til útlanda með sama verðlagi og var fyrir stríð. Ég geri ráð fyrir, að þetta hafi gilt um kjötútflutning, og annað ekki. Og hvort það verður svo framvegis, hef ég ekki fengið upplýsingar um. (**Forsrh.**: Það gilti um s. l. ár.) En það hefur verið minnzt á það hér í hv. d., að það þurfi ekki margar millj. til að bæta upp þann halla, sem verður á kjötinu einu. Ég vil halda því fram, að með þeirri kaupgetu, sem nú er í kaupstöðum og kauptúnum landsins, sé ekki ólíklegt, að verkamenn og aðrir mundu vilja auka við sig kjötbita, ef verðið yrði ekki hækkað úr hófi fram. Þá þyrfti ekki að verðbæta það til útflutnings.

Þegar við komum að því, hvar eigi að selja landbúnaðarafurðirnar, þá mun það verða svo, að tryggasti og bezti markaðurinn verða kauptúnin og bæirnir. Og því betri viðskiptamenn verða þessir aðilar, sem laun þeirra eru betri og vinnan meiri. Þess vegna á það að vera í „interessu“ bændanna, að kaupgetan í bæjum og kauptúnum sé sem mest, til þess að þeir fái sem beztan markað fyrir afurðir sínar þar. Þetta er yfirlýst skoðun, sem mér skilst, að framsóknarmenn hafi viðurkennt í öðru orðinu, þó þeir vilji taka það aftur í hinu.

Það hefur verið talað um, að bændur fái hlutfallslega minna fyrir sitt strit en verkamenn. Þetta get ég ekki séð. Dæmið, sem ég ætla að setja upp, nær að vísu ekki langt. En áður en verðlag hækkaði, í byrjun ársins 1939, gat verkamaður fengið hér í Rvík 36 l. af mjólk fyrir dagkaup sitt, en nú 29, eða 7 l. minna en í ársbyrjun 1939. Það eru nú kannske ekki margir í láglaunastéttunum, sem hafa ráð á að veita sér smjör. En ef einhverjum datt í hug að fá það, fékk hann í ársbyrjun 1939 4 kg. fyrir dagkaupið, en nú 2½. Þetta er bara dæmi. Ég get ekki séð, að hagur verkamannsins sé neitt sérlega góður, þegar hann á að fara að kaupa þessa hluti til að næra sig á.

Hæstv. ráðh. sagði enn fremur, að þjóðin væri ölvuð af gróðanum. Þessu hefur líka verið haldið fram af öðrum hv. þm., og það má kannske undirstrika þetta að vissu marki. En ég veit ekki, hvað hann hefur meint með orðinu þjóð. Sennilega þá menn, sem mest hafa grætt. En mér skilst nú, að þessi ölvun sé komin í höfuð forsvarsmanna bændanna. Það virðist sem þeim þyki gróði bændanna of lítill og þeir þurfi að græða meira. Það hefur komið berlega fram í blaði Framsfl., að bændur verði að græða, eins og útgerðarmenn og fiskkaupmenn, sem hafa fengið skyndigróða.

Þá kem ég að því, sem er mergur málsins, en það er það, að þessar 13 eða 14 millj., sem hér á að skrapa saman, átti að gera á þann skemmtilega hátt að leggja 10% aukaskatt ofan á þá skatta, sem Alþingi hafði nýlega lagt á. Og í frv., eins og það fyrst var lagt fram, kom skatturinn þannig niður, að hann var tiltölulega hæstur á lág laun. Það var nú umhyggjan fyrir láglaunamönnunum. Það er vitanlegt, að Alþfl. reis í öndverðu gegn þessu. (**Viðskmrh.**: Ég held, að Alþfl. hafi langað til að vera með því, en ekki þorað það.) Hann hefur aldrei viljað vera með því. Hann hefur verið á móti því frá byrjun. (**Viðskmrh.**: Hv. þm. veit það vel, að þeir hættu við að ljá frv. fylgi af hræðslu.) Ég skil það mætavel, að þetta mál út af fyrir sig sé afskaplega góð „bomba“ hjá bændunum, ef einhvern tíma þarf að leita atkv. hjá þeim. Og ef til vill er það flutt í þeim tilgangi.

Ég held ég hafi svarað því, sem ég tel nauðsynlegt af því, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh. En áður en ég sezt niður, vil ég mótmæla því, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði um laun verkamanna hér í Rvík, ef einhver skyldi hafa trúað hans orðum.

Það vita allir, að hann er í ríkisskattanefnd og á aðgang að ýmsum plöggum. En hann heldur því fram, að laun verkamanna hafi verið 7—8 þús. kr. árið sem leið. Ég leyfi mér að mótmæla þessu sem staðlausu og röngu. Til sannindamerkis vil ég geta þess, að við stofnun, sem ég vinn hjá og hefur marga verkamenn í vinnu, — þar á meðal marga, sem aldrei féll verk úr hendi neinn dag og unnu mikla eftirvinnu —, komust þeir í rúmlega 6 þús. kr. árslaun, og munu ekki aðrir daglaunamenn hafa haft betri árstekjur. Á þessu getur maður séð, hversu mikil staðleysa það er að halda því fram, að laun verkamanna hér í Rvík séu eins mikil og hv. þm. vill telja mönnum trú um.

Þetta vildi ég taka fram sem svar við hans fullyrðingum, og láta það koma í Alþt. sem svar við þeim. Nú mun komið að þeim tíma, að fundarhlé verði veitt, og skal ég láta þar með máli mínu lokið.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Ég vil taka það fram, að ástæðan til þess, að ég svara ekki ýtarlega, er sú, að ég vil ekki tefja fyrir málinu, þegar svona framorðið er og vegna þess að það á að slíta þinginu á morgun.

En ég vil segja það út af þeirri yfirlýsingu, sem ég gaf um það, hvernig ætti að haga kaupgjaldinu, að ég ætti að fá að vera í friði með þær óvinsældir, sem hún kann að skapa. En við skulum láta reynsluna skera úr því, hvernig litið verður á það síðar. Þess vegna vil ég, að það komi opinberlega fram, hvaða skoðun ég

hef á þessu máli. Ég hef mjög marga kjósendur, sem eru verkamenn, en ég kæri mig bara ekkert um fylgi, ef það er ekki í samræmi við þá skoðun, sem ég held, að sé rétt.

Allur þingheimur veit, að ég hef beitt mér gegn þeirri till., sem fram hefur komið um það að lögfesta verð á landbúnaðarafurðum svo og svo hátt. Og mér kemur það jafnlítið við, þó það skapi mér óvinsældir meðal bænda, af því að ég veit, að þetta kapphlaup endar með því, að menn öðlast ekki neina fjármuni, heldur endar það á sama hátt og þegar menn elta sinn eiginn skugga.

Hv. 2. landsk. þótti ákaflega vænt um að fá þessa yfirlýsingu, og við skulum ekki rökræða frekar um það. Við skulum láta reynsluna skera úr um það, hvor hefur rétt fyrir sér, — og það áður en langt um líður.

Það má taka það fram, að það er ekki rétt, sem hv. þm. sagði um það, að sú kreppa, sem kom inn í viðskiptalíf Norðurlanda, hafi verið komin þegar ákveðið var að borga 75% uppbót á móti dýrtíð í Svíþjóð. Hjá ríkisstj. lágu fyrir símskeyti um þetta mál frá Svíþjóð, og ég held líka Danmörku, sem sýndu, að áður en Danmörk var hernumin og meðan báðar þessar þjóðir seldu afurðir sínar fyrir hátt verð, treystu þær sér ekki til að fara hærra en í 75%. Þessar upplýsingar lágu fyrir, þegar lögin um þetta fóru í gegnum þingið. Það er þess vegna ekki rétt, að sú kreppa, sem þessar þjóðir búa við nú, hafi verið komin yfir þær þá.

Þá vitum við líka, hvaða ráðstafanir Englendingar gera til þess að koma í veg fyrir verðfellingu sinna peninga. M. a. hafa þeir fyrir 2 mán. varið til þess 100 millj. punda, og jafnframt taka þeir veltuskatt, sem ekki er reiknaður með í vísitölu, í sama tilgangi, til að vinna á móti dýrtíðinni.

Ég veit, að þetta skapar óvinsældir. Mér dettur ekki annað í hug. En það er nú einu sinni svo, að ef á að stjórna þannig, að heildinni farnist sem bezt, þá verða þm. stundum að gera annað en það, sem almenningi þykir vinsælt í það og það skiptið.

*__Bjarni Snæbjörnsson:__ Ég ætla að segja fáein orð í viðbót við það, sem ég sagði síðast, í tilefni af umr., er fram hafa farið síðan. Ég gat þess áðan, að mér finnst of stutt síðan þetta mál var tekið fyrir hér á hv. Alþ., og ég get tekið undir það með hv. þm. Vestm., að ríkisstjórnin hefði fyrir löngu átt að vera búin að leggja þetta mál hér fyrir til athugunar, en það er búið, sem búið er, og þýðir ekki að fást um það. Ég lít svo á, að nú verði að bjarga því, sem bjargað verður. Það má segja, að þetta sé gengismál, og ég álít, að svo sé, og þó ekki fáist það, sem fást mundi með hækkun krónunnar, þá er þó reynt að bæta úr að miklu leyti, að verðgildi krónunnar hækki. Það er hér talsverð bót á ferðinni, sem er svipuð og hækkun krónunnar, sem vitað er, að mun óframkvæmanlegt. Mér virtist koma fram sama skoðun hjá hv. 1. þm. Eyf. og mér í því, að þó að 10% skatturinn næði fram að ganga, yrði hann samt ekki notaður nema brýnustu nauðsyn bæri til. Til þessa treysti ég sjálfstæðismönnum í ríkisstj., og ég vænti einnig, að hæstv. ríkisstj. reyni eftir fremsta megni að halda verðlagi niðri og sjái um, að verðlagsnefnd fylgi ákvæðunum betur en hingað til. Enn fremur vona ég, að hæstv. ríkisstjórn fylgist með gerðum kjöt- og mjólkurverðlagsnefndar og sjái um, að þær vinni sitt hlutverk vel.

En það er eitt atriði, sem mér finnst dálítið einkennilegt. Það er þegar hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh. mæla með breytingum á frv. hér í þessari hv. d., því ég álít, að þar sem þingslit eiga að fara fram á morgun, að frv. sé þá dautt, ef nokkrar breytingar verða hér á því gerðar.

Ég er samþykkur brtt. hv. 1. þm. Reykv., því ég tel, að þær falli í sömu átt og það, sem ég tel heppilegast, sem sé að takmarka fé til þessara þarfa, og að ennfremur fengist grundvöllur fyrir, hvernig því fé verði skipt. Hæstv. viðskmrh. reiknar með tugum milljóna, en ég lít svo á, að þetta sé framkvæmanlegt án svo mikils fjármagns. Bæði þyrfti ekki að verðbæta afurðir, sem hagnaður er að í ýmsum landshlutum, og það atriði kemur hér mikið til greina, og eins og nú hefur árað, það sem af er sumri, þá má gera ráð fyrir góðri afkomu um öflun heyja og annarra jarðávaxta. Og þess vegna má gera ráð fyrir því, að þrátt fyrir það, þó að kaupgjald verði hátt, þá verði samt sem áður töluverður ávinningur einmitt af því, hve árferðið er gott. Ég vil þess vegna endurtaka það, að mér virtist af ræðu hæstv. forsrh., að hann áliti, að ekki væri neitt á móti því í sjálfu sér að gera breytingar á frv. nú í þessari hv. d. Og þá vildi ég beina því til hans og annarra hv. þdm., einnig til þeirra, sem vilja gera breyt. á frv., hvort þeir séu ekki sömu skoðunar og ég um það, að málinu sé stefnt í hættu með því að samþ. á frv. breyt., þannig, að þá fáist engin afgreiðsla á því nú á þessu þingi. Og ég tek það fram aftur, að þetta mál er mér svo mikið alvörumál, að eitthvað verði gert á þessu þingi til þess að stemma stigu fyrir því, að dýrtíðin aukist, að ég get ekki fylgt neinum brtt. við frv., svo framarlega sem því er stefnt í hættu með því að breyta því. Hæstv. forsrh. hefur sagt, að fyrirhuguð séu þingslit á morgun, 17. júní, sem má fara að kalla í dag, og skilst mér frv. vera komið í mikla hættu, ef samþ. eru á því breyt. Þar sem hins vegar hæstv. forsrh. sagði, að hann hefði ekki á móti því í sjálfu sér að gera breyt. á frv., kemur þetta mér til þess að vera dálítið hikandi í þessu máli. En eins og ég hef tekið fram, hef ég mikla löngun til að fylgja a. m. k. einni brtt. við þetta frv.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Út af þessum ummælum vil ég taka fram, að ég tel alls óviðeigandi, að ríkisstjórn eða aðrir setji mál þannig fram, að menn þurfi að greiða atkv. svo eða svo til þess að setja ekki málið í hættu. Ég tók það fram, að vitanlega yrðu menn að greiða atkv. hér um brtt. eftir sinni skoðun á málinu, og það yrði þá að setja málið í hættu, ef verkast vildi, og þeir, sem þannig greiddu atkv., yrðu að taka afleiðingunum af því. Hitt tel ég alveg óviðeig-

andi, að ráðh. hóti nokkru um það, að ef svo eða svo verði afgr. brtt. við mál, þá fari þetta eða hitt þannig. Ég býst við, að hv. þingmenn viti það nákvæmlega eins vel og ríkisstj., hvernig málið er á vegi statt, ef brtt. við frv. verða samþ., og tel ég ekki viðeigandi, að frá neinum ráðh. komi fram nokkrar hótanir í þessu sambandi. Og ég veit, að þessi hv. þm., sem síðast talaði, getur eins vel myndað sér skoðun um það eins og ég, hvaða afleiðingar það hefur, ef brtt. verða samþ. við þetta frv. Ég tók það fram viðkomandi atkvgr. í málinu, að málið yrði vitanlega að ganga sinn gang, og svo yrði sá meiri hluti hv. þdm., sem ákveður, hvaða afgreiðslu málið fær í hv. d., að taka afleiðingunum af því. Hv. þdm. verða að gera það upp við sína eigin skoðun og sannfæringu, hvernig þeir vilja greiða atkvæði um málið til þess að forða því frá að fá þá afgreiðslu, sem þeir kjósa, að það fái ekki.

Forseti (EÁrna): Nú vildi ég eindregið óska þess, að hv. þdm. fari að stytta mál sitt. Þetta er orðin löng umr., og ég hef enn ekkert gert til þess að takmarka ræðutíma hv. þm. En ég vil ógjarnan, að það þurfi að vaka yfir þessu máli í alla nótt. Þess vegna vænti ég þess, að hv. þdm. stytti nú mjög mál sitt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það eru aðeins nokkur orð, sem ég þarf að svara og leiðrétta.

Ég gleðst af því, að hv. 1. þm. Reykv. er svo lítillátur, að hann er ánægður með sitt starf í milliþn. í skatta- og tollamálum. Það er gott að vera ánægður með það, sem lítið er. Annars skilst mér, að hvorki hann eða sumir aðrir hafi skilið, við hvað ég miðaði, þegar ég sagði, að sú breyt., sem gerð var á húsaleigul., gæti orðið til verulegrar hækkunar á vísitölunni. Þegar ég sagði það, studdist ég við grg., sem fasteignaeigendafélag Reykjavíkur sendi öllum hv. þm. Þar töldu þeir viðhaldskostnaðinn 23,5% af ársleigutekjum húsanna. Grunnvísitalan, sem byggt er á, er miðuð við 1939 og húsaleigan er um ¼ hluti af heildarútgjöldunum 1939.

Í þessari grg. segja þeir enn fremur, að viðhaldskostnaður hafi hækkað, þegar þeir tala um þetta, sem er í apríl s. l., um fulla 100%. Og nú var mér sagt fyrir fáum dögum, að hann mundi hafa hækkað upp í 135%. Ef þessi kostnaður hefur hækkað úr 100% upp í 135%, miðað við 100% 1939 og það er athugað, hvaða áhrif það hefur á vísitöluna, þá munu menn komast að raun um, að þetta verkar þannig á vísitöluna að hækka hana um 5—6—8 eða jafnvel 10 stig. Það var þetta, sem ég sagði, en ég held, að hv. þm. hafi ekki skilið rétt hjá mér.

Þá var það hv. 2. landsk., sem hélt því hér alveg blákalt fram, að það, hvað afurðaverðið hafi verið sett hátt í haust, hafi orðið til þess, að ekki aðeins full dýrtíðar uppbót hafi verið greidd á kaup um síðustu áramót, heldur hafi það einnig haft áhrif á grunnkaup manna hingað og þangað. Hann hélt því einnig fram, þessi hv. þm., að afurðaverðið hefði verið sett svo hátt, að bændur hefðu verið búnir að fá meira en fulla dýrtíðaruppbót, og þá hefði verið eðlilegt, að verkamenn hefðu fengið hana líka.

Mjólkin er borguð mánaðarlega. Þess vegna er hún spegillinn af því, hvaða verðhækkun á afurðir bænda hafa orðið. Það þarf því ekki að taka tillit til annars en yfirstandandi tíma, þegar mjólkurverðið er sett. Meðalvísitala kauplagsn. árið 1940 var 132, miðað við 100 þrjá fyrstu mánuði ársins 1939. Miðað við sama tíma hækkaði mjólkin úr 100% 1939 upp í það að vera 129% til bænda 1940 að meðaltali. Hvor talan er nú hærri, 132 eða 129? Ég álít því, að mjólkin hafi ekki hækkað að fullu, miðað við vísitöluna. Hins vegar hækkaði kaup verkafólks það ekki heldur, því þá var einungis greitt 75% af vísitölunni sem hækkað kaupgjald. Mjólkurhækkun er því mitt á milli og sízt of há, þegar þess er gætt, að kaup í sveit hækkaði heldur 1940.

Hvað kjötið snertir, þá er þar um allt annað viðhorf að ræða. Það er lagt inn á haustin, og bændur hafa enga peninga til þess að borga þarfirnar til næsta hausts aðra en þá, sem þeir fá fyrir kjötið og gæruinnleggið. En kjötið hækkar ekki eins og aðrar vörur, eftir vísitölunni mánaðarlega til bænda. Það er gert ráð fyrir, að úr Bretasjóði komi uppbót á kjöt, og ég vona, að hún verði það há, að það kjöt, er út var flutt, nái sama verði og það, er selt var í landinu. Ef þetta verður, geri ég ráð fyrir, að verðvísitala kjötsins til bænda verði 146, eða nokkru hærra en dýrtíðarvísitalan. Og þegar tekið er tillit til þess, að þetta kjötverð á að vera bændanna kaup fram á næsta haust, þangað til þeir næst fá kjöt til að selja, þá geri ég ráð fyrir, að hv. þm. sjái, að þarna var líka stillt í hóf. Það er því ekki hægt að halda því fram, að hækkun á kjötverðinu 1940 hafi haft þau áhrif, að kaupgjald hafi þurft að hækka þess vegna. Að halda slíku fram er ekki annað en tylliástæða eða að það er byggt á misskilningi. Þeir, sem hafa haldið fram, að kjötverðið hafi verið of lágt, hafa meira til síns máls heldur en hinir, sem segja, að það hafi verið of hátt, enda þó ég kannist ekki við það, að kjötverðið hafi ekki verið ákveðið með beggja hag fyrir augum, neytenda og seljenda.

Þá veik hv. þm. að því, að ég hefði sagt, að meðaltalstekjur verkamanna 1940 hefðu verið 6—8 þús. kr. Ég sagði það ekki. En ég fór yfir alla, er áttu A í framtölum fyrir Reykjavík, og ég sá, að þar voru þessar tölur algengastar. Hver meðaltalstalan er, læt ég ósagt. En árið 1933 voru 1880 kr. meðaltekjur verkamanna hér. Og ef þessar tölur, hvorar fyrir sig, eru bornar saman við hlutfallið milli tekna bænda á þessum tímum, 1933 og 1940, þá er munurinn á kaupi þessara stétta augljós. Meðalbóndi hefur 67 lömb á ári og á 3½ kú og mjólk úr þeim. Það er ekki meira, sem meðalbóndi á landinu hefur. Tekjur af þessu voru árið 1933 um 2400 kr., en árið 1940 nær 6000 kr. Þetta er nettóhækkunin.

Þá vil ég aðeins víkja að því, af því að það hefur hvað eftir annað komið fram hér á Alþ., og síðast hjá hv. 1. þm. Reykv., og líka hefur það komið fram í sameinuðu Alþ. hjá hv. þm. Vestm., að þeir eru að glósa um það, að það, hvernig búskapurinn borgaði sig nú, sérstaklega

í Borgarfirði, væri að einhverju leyti mér að kenna. En aldrei hafa þessir herrar þorað að segja, hvað þeir eiga við. En þeir eru að flika með það og reyna að kenna mér um, að sauðfjársjúkdómarnir hafi borizt til landsins. Munu þeir þar eiga við, þegar flutt var inn karakúlfé. Ég var með því, þegar ég var spurður um það, að það væri flutt inn. En ég taldi rétt að gera það þannig, að flytja þetta fé til Málmeyjar eða annarrar byggðrar eyjar, og hafa það þar með íslenzku fé til þess að rannsaka, hvort veiki væri í því og gera tilraunir með það, hvort það mundi verða hagnaður af því að flytja það inn í landið eða ekki. Þegar þessir menn næst tala um mínar tillögur um innflutning þessa fjár, þá ættu þeir að taka þetta fram jafnframt, og svo athuga, hver skaði hefði orðið, ef mínum ráðum hefði verið fylgt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal ekki lengja umr. En ég sé ekki betur en að við hér í hv. Ed. séum komnir í dálitla kví. Þetta mál hefur komið til þessarar hv. d. með mikilli skyndingu. Frá því að nál. var útbýtt til okkar um málið er ekki nema tæpt dægur, og ef við getum ekki afgr. málið nú frá hæstv. Alþ., þá berst það aftur til hv. Nd. En hins vegar er það alveg óviðunandi fyrir allan landslýð, að ekki sé eitthvað gert hér á hæstv. Alþ. í þessu máli. Við verðum því að ganga frá málinu á viðunandi hátt. Hv. Nd. hefur haft betra tækifæri heldur en þessi hv. d. til þess að búa sig undir að afgr. þetta mikilsverða mál og hefur þess vegna getað lagt grundvöllinn að þessari lagasmíð eftir sínum vilja. Við eigum erfiðara með að koma okkar vilja að í þessu máli, því að ef við breytum einhverju í þessu frv. frá því, sem hv. Nd. hefur samþ., þá vofir yfir voði um það, að svo geti farið, að ekkert verði úr þessu máli og að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi frv. um þetta mál. Við hv. þm. Ed. erum því komnir hér í sjálfheldu í þessu máli. Og ég sé ekki betur en að það verði mjög erfitt að koma hér fram breyt. á málinu, en að það verði aðallega að treysta á þá hæstv. ríkisstjórn, sem nú situr, að hún taki þann hlut upp í framkvæmdum málsins, sem hyggilegastur verður. Og meira að segja, þó að við samþ. það um þetta mál hér, sem við teljum á þessari stundu hyggilegast, þá geta aðstæður eftir viku, og kannske tvo eða þrjá daga, orðið þannig, að það, sem við nú samþ. hér, væri ekki hyggilegt að framkvæma. Það er allt á hverfanda hveli á þessu landi. Og úr því að við höfum valið okkur þjóðstjórn, verðum við að treysta því, að hún dugi vel til þess að gera það, sem heppilegt er fyrir þjóðina. En ef þjóðstjórnin treystir sér ekki til að taka ákvarðanir um þau vandamál, sem að steðja, þá verður hún að kalla saman þing sér til aðstoðar, á hvaða tíma, sem það kann að verða. Það er auðvitað kostnaður við það. En í slíku stórmáli sem þessu hlýðir ekki að horfa í 30—50 þús. kr., þar sem um er að ræða meðferð á tugum millj. kr., ef hæstv. ríkisstj. treystist ekki án ráðuneytis hæstv. Alþ. til að ráðstafa því fé. Og ég segi það fyrir mig, að ef talið er, að mikið sé í húfi um afgreiðslu þessa máls, samkv. því, sem hér hefur verið rætt um, þá hygg ég, að bezt sé að beygja sig fyrir því, sem hv. Nd. hefur gert í þessu máli, þótt það sé ekki alltaf það hyggilegasta í málum, sem sú hv. d. lætur frá sér fara. Og jafnvel þó að við óskum eftir umbótum á frv., þá álít ég, að við eigum frekar að beygja okkur fyrir því, sem hv. Nd. hefur gert í þessu máli, heldur en að fara að setja málið í hættu með því að samþ. brtt. við frv. Ég er tilbúinn, ef aðrir hv. þm. vilja taka aftur sínar brtt. við frv., að taka aftur að mínu leyti brtt. við málið. Því að ef við getum ekki leyst þetta mál nokkurn veginn sæmilega, — og þó að við séum ekki ánægðir með úrlausn hv. Nd. á málinu, og það er kannske ekki von —, þá mun þó vera betra að hlíta þeirri afgreiðslu í bili, heldur en að setja allt málið í voða og vanda.

***Erlendur Þorsteinsson:** Mér þykja furðulegar yfirlýsingar hv. 5. landsk. og hv. þm. Hafnf., sérstaklega þegar þess er gætt, að þær koma þvert ofan í það, sem hæstv. forsrh. lýsti yfir, að hann mundi greiða atkv. með brtt. hv. 1. þm. Eyf. (**BSt:** Hún verður tekin aftur, ef aðrar brtt. verða teknar aftur.) Og mér skilst, að málið væri ekki sett í voða, þó að brtt. væru samþ. á frv. Það nær ekki nokkurri átt, að hæstv. ríkisstjórn ákveði þingslit þannig, að önnur deild hæstv. Alþ. verði að gera sínar samþykktir með tilliti til þess, að ekki þurfi að breyta málinu. Og ég veit þá ekki, til hvers er verið að hafa efri deild og láta 16 þingmenn eiga þar sæti, ef þeir mega ekki greiða atkv. um mál vegna þess, að ef breyt. verða á frv., nái það ekki fram að ganga. Ég man eftir, að þetta hefur verið gert áður. En það var ekki um mál, sem skipti eins miklu afgr. á eins og er um þetta mál. Það getur ekki verið alvara hæstv. ríkisstj. að halda því fram, að hér sé um neitt sérstakt stórmál að ræða, ef hún á sama tíma álítur, að hv. Ed. hafi ekkert um það að segja, og vill, að hv. þm. þeirrar d. séu þvingaðir til þess að greiða atkv. óðruvísi en þeir sjálfir vilja um þetta mál.

Um ræðu hv. 1. þm. N.-M. (PZ) vil ég segja það, að það er lengi hægt að leika sér að tölum. Ég gæti komið með tölur, sem sýna gerólíka niðurstöðu þeirrar, sem hann komst að við sinn tölulestur. Það er líka í fyrsta skipti nú, að ég heyri því haldið fram, að bóndinn, sem framleiðir kjöt, fái með greiðslu á því borgað kaup fyrir árið á eftir. Ég hef heldur heyrt, að bændur væru með því, sem þeir fá fyrir kjöt sitt, að fá kaup fyrir árið, sem þá er að líða.

Mér skildist helzt á hv. þm. Hafnf., að hann kysi, að brtt. hv. 1. þm. Reykv. væru samþ. En það er ekki á valdi hæstv. ríkisstj. að framkvæma þessa brtt. hv. 1. þm. Reykv., ef hún verður ekki samþ., því að hún er gerólík að efni til þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Annars er það svo, að sá ráðh. Sjálfstfl., sem mér virðist þetta heyra undir, er ekki hér í hv. d., og þykir mér kynlegt, að hann skuli ekki vera hér. Það getur verið, að einhverjar af þessum brtt., sem fyrir liggja, yrðu teknar aftur, ef skýlausar yfirlýsingar hefðu fengizt frá honum um það, hvernig mál þetta yrði framkvæmt. Ef hæstv. ráðh. hefði gefið yfirlýsingar í sambandi

við brtt. mína á þskj. 768, þá vildi ég gjarnan heyra þær áður en gengið er til atkv.

*Jóhann Jósefsson: Ég var einn af þeim mönnum, sem voru í 6 manna n., og hef því komið dálítið við sögu þessa máls. Ég hélt því alltaf fram í þeirri n., og einnig á fundum í stjórnarráðinu, þar sem n. var kölluð til umr. um málið, og því sama hef ég haldið fram á fundum Sjálfstfl. hvað eftir annað, að ég treystist ekki til þess að greiða atkv. með 10% álaginu á útflutningsgjaldið. Nú skal ég við þetta bæta því, vegna þess að brtt. hv. 1. þm. Reykv. mundi hafa fullnægt mínum óskum í þessu efni, að jafnvel þótt hún hefði ekki náð fram að ganga, þá hefði ég haft tilhneigingu til þess, af því að ég vil ógjarnan ganga á móti málinu, að vera þrátt fyrir það með brtt. hv. 10. landsk. og hans skilgreiningu á því, hvenær og í hvaða falli 10% gjaldinu skuli beitt, nefnilega þegar um er að ræða heilar farmsölur togara eða sölu annarra fiskiskipa, svipaðar þeim, og sem hafa gefið tilefni til þess, að þessu gjaldi er nú beint að útveginum svo að segja eingöngu. En ég hef enn ekki orðið var við það, að það hafi verið tekið undir þessa hans till. eða skýringu og skilgreiningu hans á þessu. En ef svo hefði verið, mundi það hafa getað sætt mig mikið til við þetta mál.

Að lokum vil ég segja það, að ég er svo alveg stórsleginn furðu af ræðum sumra hv. þm. hér í þessu máli, sem fjallar um skattaálagningar sem nema mörgum millj. kr., og sumir hafa sagt, að þetta frv. væri komið upp í eins háa upphæð og fjárl. Það, sem mig furðar svo mjög, er, að sumum hv. þm. fallast hendur um það að láta koma fram breyt. á málinu frá þessari hv. d., vegna þess að þeir halda, að málinu sé stefnt í hættu, ef það er ekki afgr. næstum að segja á þessum klukkutíma. Það er hægt að afgr. þetta mál, þó að því væri breytt hér í hv. d., með því að þingið stæði einum degi lengur, sem ég teldi nú enga goðgá, þegar um þetta stórmál er að ræða. Mér finnst, að svona málsmeðferð og ræðuhöld hljóti að rýra ákaflega mikið álit manna á lýðræði og þingræði, ef þannig má haga gerðum og framkvæmdum í svona stóru máli, að önnur d. þingsins telji sig komna í þá kví, að hún geti ekki hreyft svo mikið sem einn staf í frv., jafnvel þó að þeir sömu menn, sem viðhafa svona ummæli, telji æskilegt, að brtt. gangi fram við frv., eins og kom fram hjá hv. þm. Hafnf. Það liggur ekkert fyrir um það, að hæstv. ríkisstj. hafi þvingað þessa menn. Og hæstv. forsrh. hefur beinlínis tekið það fram, að hann vildi ekki beita sér fyrir neinni slíkri þvingun, svo að þar með er sýnt, að því er ekki til að dreifa. Þess vegna á ég enn þá bágara með að skilja þá afstöðu, sem þessir hv. þm. taka.

Það verður þá að vera svo, að þessi atvinnugrein verði að sætta sig við, að hennar málstað verði gerð þessi skil. Það verður ekki hjá því komizt, ef meiri hl. d. er alveg ófáanlegur til þess að gera nokkra leiðréttingu, sem ég teldi, að mundi fást með því að samþ. aðra hvora þeirra brtt., sem ég hef lagt hér fram. En ég ætla að bæta því við, að þrátt fyrir það, að svo fari, mun ég leggja fram brtt. við 3. umr.

Alþt. 1941. B. (56. löggjafarþing).

þessa máls, þar sem enn verður gerð tilraun til að rétta við hag smáútvegsmanna, sem hafa orðið að bera byrðar fyrir stórútgerðina mánuðum saman, meðan hægt var að fá fé í þetta, en nú fást menn ekki til að gera neina leiðréttingu á þeim skatti, sem nú á að leggja á herðar þeim útvegsmönnum, sem margir hafa af litlum gróða að miðla.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ástæðan til þess, að ég hef ekki svarað ýmsum fjarstæðum, sem hafa verið sagðar hér, er ekki sú, að ég hafi samþ. réttmæti þeirra, heldur hef ég ekki viljað munnhöggvast við þessa menn. Vil ég þar sérstaklega nefna hv. 2. landsk. og hv. 1. þm. Reykv. Ég vil bara segja það, að breyt., sem gerðar kynnu að vera á frv. nú, mundu nokkuð auka hættu á því, að það yrði óútrætt á þinginu, en það er þó ómögulegt annað en hv. þm. verði í því efni að fara eftir, hversu mikið þeir leggja upp úr því annars vegar að fá breyt. samþ. og hins vegar úr þeirri hættu, að frv. kunni að verða óafgr. Sumir hv. þm. leggja mikið kapp á að fá breyt. samþ. við frv. Það er eins og þeir vantreysti ráðh. sínum til að standa í ístaðinu fyrir sinn málstað, því að það þarf ekki nema einn ráðh. til að koma í veg fyrir, að þessi heimild sé notuð að einhverju eða öllu leyti. A. m. k. er það alveg áreiðanlegt, að afstaða eins ráðh. hefur mjög mikil áhrif á, hvernig slík heimild er notuð.

Ég vil þess vegna benda mönnum á, að það ætti ekki að vera svo hættulegt að afgr. frv. óbreytt, þar sem allir þm. eru á því að gefa talsverða heimild til skattaálagningar eins og gert er ráð fyrir í frv.

ATKVGR.

Brtt. 767,1.a felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, BrB, JJós, MG, MJ.

nei: PZ, SÁÓ, BSt, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.

ÞÞ, BSn, ErlÞ greiddu ekki atkv.

1 þm. (PHerm) fjarstaddur.

Brtt. 769 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, ErlÞ, JJós, MG, ÞÞ.

nei: BSt, BSn, HermJ, IngP, JJ, PZ, EÁrna.

MJ, SÁÓ, ÁJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (PHerm) fjarstaddur.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Bjarni Snæbjörnsson: Ég er að vísu efni till. samþykkur, en ég tel, að málinu öllu, eins og hv. flm. sjálfur hefur tekið fram, sé stefnt í hættu, ef brtt. verða samþ., og segi því nei.

Erlendur Þorsteinsson: Ég sé, að flm. till. hefur engin alvara verið með að málinu gæti stafað nokkur hætta af að samþ. brtt., og þó að ég sé till. ekki fyllilega samþykkur, vil ég prófa þetta og segi því já.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Efni þessarar till. verður uppfyllt, ef frv. verður samþ., eftir því sem hægt er og eftir því sem fé verður veitt til samkv. þessu frv. Ég segi þess vegna nei.

Magnús Jónsson: Af því að ég sé ekki betur en að stj. hafi á sínu valdi að láta Búnaðarfélagið rannsaka þetta, þá greiði ég ekki atkv.

1. gr. samþ. með 13:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSn, ErlÞ, HermJ, IngP, JJós, JJ, MG, PZ, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSt, EÁrna.
nei: MJ, BrB.
1 þm. (PHerm) fjarstaddur.
Brtt. 767,1.b tekin aftur.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 767,2.b tekin aftur.
4. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 767,3 tekin aftur.
— 768,1 felld með 8:7 atkv.
5. gr. samþ. með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, PZ, ÞÞ, BSt, BSn, ErlÞ, HermJ, IngP, EÁrna.
nei: JJós, BrB.
MG, MJ, SÁÓ, ÁJ greiddu ekki atkv.
1 þm. (PHerm) fjarstaddur.
Brtt. 767,4 felld með 9:5 atkv.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Erlendur Þorsteinsson: Eins og ég hef lýst áður, er ég ekki fyllilega ánægður með 1. gr., en ég tel hana út af fyrir sig viðunandi og segi því já.

Magnús Jónsson: Enda þótt efni þessarar brtt. gæti í sjálfu sér staðizt, þá er hún stíluð þannig, að hún fær ekki staðizt, ef 1. gr. er óbreytt, svo að ég tek hana aftur.

Jóhann Jósefsson: Eins og gr. er orðuð segi ég nei.

Brtt. 766 tekin aftur, en tekin upp af 10. landsk. þm. og felld með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: BrB, JJós.
nei: BSt, BSn, HermJ, IngP, JJ, MG, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, ErlÞ, MJ, PZ, EÁrna greiddu atkv.
1 þm. (PHerm) fjarstaddur.
9 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Bernharð Stefánsson: Ég hef flutt þessa brtt. og tel, að frv. tæki miklum breyt. til bóta, ef hún yrði samþ., en þar sem mér er ljóst, að þessi brtt. er tekin upp eingöngu í því skyni að reyna að koma öllu málinu fyrir kattarnef, þá segi ég nú nei.

Brynjólfur Bjarnason: Þar sem þessi till. er tekin upp til þess að koma málinu fyrir kattarnef, segi ég já.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er vitað, að það er ekkert fylgi fyrir þessari brtt. á Alþ., og þar sem hún er tekin upp til þess að eyðileggja málið, segi ég nei.

Jóhann Jósefsson: Ég tel, að með samþykkt þessarar till. eins og nú horfir stefni til meiri jafnaðar á því, hvernig þessi gjöld yrðu borin uppi, og segi því já.

Magnús Gíslason: Með því að ég vil ekki eiga á hættu, að till. sé samþ., segi ég nei.

Magnús Jónsson: Með því að ég tek ekki þátt í atkvgr., greiði ég ekki atkv.

Páll Zóphóníasson: Með því að það er vitað, að þessi till. hafði mikinn minni hl. í Nd. og það þýðir ekki að senda frv. þangað aftur með þessari breyt., greiði ég ekki atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég tel, að þessi till. sé nú sem fyrr ranglát og fjarstæða, og af því að ég vil ekki hafa nein óheilindi í frammi við málið, segi ég nei.

Þorsteinn Þorsteinsson: Eins og allt er í pottinn búið segi ég nei.

6. gr. samþ. með 8:1 atkv.
Brtt. 767,5 tekin aftur, en tekin upp af 1. landsk. þm. og felld með 10:1 atkv.
— 768,2.a felld með 8:6 atkv.
— 768,2.b tekin aftur.
7. gr. samþ. með 9:1 atkv.
8. gr. samþ. með 8:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 83. fundi í Ed., 17. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:2 atkv.

***Jóhann Jósefsson:** Ég gat þess við 2. umr. málsins, að ég myndi freista þess við 3. umr. að bera fram till. til þess að reyna það, hvort það er alvarlegur ásetningur þessarar d. að stefna þessu máli svo, að meginþunginn af þeim kostnaði, sem af þessu leiðir, hljóti að verða borinn uppi af útvegsmönnum og sjómönnum.

Þó að þannig færi, sem fór með þeim undarlegu forsendum, sem voru viðhafðar við 2. umr., vil ég leyfa mér, ásamt hv. 10. landsk., að leggja hér fram skrifl. brtt., sem fer í þá átt, að í stað þess, að heimildin um útflutningsgjaldið nái 10%, komi 5%, og í stað þess, að ríkisstj. skuli heimilt að ákveða, að gjaldið skuli aðeins ná til þeirra afurða, sem framleiddar verða eftir að reglugerðin öðlast gildi, komi, að gjaldið skuli aðeins ná til þeirra afurða o. s. frv. Og þar sem það hefur alltaf verið mín skoðun, að þessi kostnaður ætti að berast uppi sem jafnast af þeim, sem orku hafa til þess í landinu, er hér flutt brtt. við 6. gr. um, að í stað 10% komi 15%. Vil ég leyfa mér að leggja fram þessar brtt. og vonast til, að þær fái að koma til atkv.

Ég held, að ég þurfi ekki að orðlengja um þetta frekar. Það er búið að ræða málið svo mikið. En ég vil til þess ýtrasta reyna að halda fram rétti þeirra manna, sem annars verða algerlega fyrir barðinu á þessum útgjöldum, og hef þess vegna lagt fram þessar brtt.

Forseti (EÁrna): Mér hafa borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Vestm. og hv. 10. landsk. þm., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 776].

Brtt. eru of seint fram bornar og auk þess skrifl., og verður því að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum, til þess að þær megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Magnús Jónsson: Það þýðir víst lítið að bera fram brtt. við málið, þar sem það virðist vera öllum rökum ofar, að þessi d. megi engu breyta. Ég vil benda hv. þm. á það, hvað í þessu felst. Það þýðir bara það, að þessi d. afsalar sér öllum afskiptum af þessu máli og er ekkert annað að gera hér en að leika skrípaleik, því ég veit ekki, hvað umr. í d. hafa að þýða, ef svo atkv. stjórnast að lokum af því, að ekki megi breyta neinu. Það er sjálfsagt ánægjulegt að lesa ræður, en þær eru þýðingarlausar fyrir málið, ef þær eiga engu að ráða um úrslitin. Það sjá allir, hvert með þessu er stefnt.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að málinu væri stefnt í hættu, ef brtt. væru samþ., en ég vil segja það, að ef málið dagar uppi fyrir það, að brtt. eru samþ., þá ber enginn annar ábyrgð á því en hæstv. ríkisstj., því vitaskuld er það á valdi hennar að halda þinginu þangað til málið er afgr., ef henni er nokkurt áhugamál, að það verði afgr. Og það væri eiginlega gaman að vita, hvað sagan segir um svona viðburði í einu af stærstu málunum, sem líklega sjást ávextir af í nokkuð mörg ár, — að það hafi í upphafi fengið slíka afgreiðslu af því að þm. vildu ekki af einhverjum ástæðum vera einum degi lengur á þingi. Hvað ætli menn segi um þetta á eftir, þegar menn eru ekki alveg eins þreyttir og nú? Ég held það þyki undarleg framkoma hjá löggjafarþingi þjóðarinnar. En það getur verið, að maður eigi að hugga sig við það sama, sem fram kom í máli hér á undan, að enda þótt við afgr. málið eins álappalega eins og verkast vill, geri það ekkert til, því að stj. setji bráðabirgðalög. Það er séð, hvernig er að treysta hinni d., að hún tekur vel undirbúin mál héðan og setur inn í þau endileysur, svo að breyta þarf l. aftur með bráðabirgðal. Það er ekki furða, þó að við eigum að afhenda málin annarri d., sem svona fer að.

Ég bar fram brtt. við 2. umr. og minntist á í sambandi við hana, að ef ríkisstj. þætti ástæða til að afla sér frekar heimilda áður en mjög langt liði, þá væri alltaf á valdi hennar að kalla saman þing. Ég taldi ekki líklegt, að þess þyrfti, því að ég gæti búizt við, að ef frv. hefði verið einskorðað við það, sem allir telja aðalatriðið, að berjast á móti dýrtíðinni, þá myndu 5 milljónir nægja. En mér finnst mikil ástæða — eins og frv. þetta verður afgr. —, að þingið fái að fjalla um málið ekki síðar en í haust aftur. Ég vil því bera fram brtt. um, að við 8. gr. bætist: „Og gilda til ársloka 1941“. Þetta felur ekki annað í sér en það, að þegar ríkisstj. er byrjuð að framkvæma málið, — ég vil segja, þegar ríkisstj. er byrjuð að undirbúa málið, því að það er samþ. nú óundirbúið, — þá komi þingið saman til að fjalla um málið, áður en lengra er haldið. Ég mun afhenda hæstv. forseta till. og biðja hann að leita afbrigða um hana, og tel ég skylt að veita þau, þar sem málið er keyrt svo hratt í gegnum deildina.

Ég vil svo eins og mitt „testamentum“ til þessa frv., áður en það er afgr. sem l. frá Alþingi, aðeins segja það, að mér virðist það vera eins konar „láns- og leigufrv.“. Það felur stj. fullkomið einræði í þessum málum, sem eru svo víðtæk, að margt má undir þau draga. Þarna er heimiluð upphæð, sem að vísu er ekki alveg eins há og öll upphæð sjálfra fjárlaganna, og hefur stj. nokkurn veginn óbundnar hendur um, hvernig hún úthlutar. En það er bara sá stóri munur á þessari fjárhæð og fjárhæð fjárl., að þessarar sér hvergi stað. Það á ekki að byggja nokkra vegi, ekki nokkra brú, engan vita, enga höfn, ekki að halda fyrir hana skóla eða sjúkrahús, ekki að styðja listir og vísindi. Allt þetta fé, fast að því eins og fjárl.upphæðin, á bara að fara í þessar framréttu hendur, þessa hít, sem ríkisstj. á að ausa peningunum í. Ég vil ekki neita því, að nokkur ástæða sé til að gera einhverjar ráðstafanir í þá átt, sem hér er um að ræða. En mér finnst, að þessi 20 ár, síðan ég kom á þing, hafi aldrei verið frv. afgr. líkt þessu, aldrei jafnstórt og viðurhlutamikið mál afgr. með jafnalgerlega ónógum undirbúningi. Og ég vil svo að lokum bara spyrja: Ef þörf er á því núna, eftir að nýlega er endað það ár, sem allir játa, að er eitt hið mesta uppgripaár, sem okkar þjóð hefur nokkurn tíma lifað, sérstaklega til sjávar og líka til lands, og meðan sú velmegun ríkir, hvort sem hún nú er fölsk eða rétt, — ef þm. álíta, að þá þurfi fyrst að spandera þeim peningum, sem eru saman sparaðir af stórum sköttum frá árinu, sem leið, og síðan leggja á stórkostlega skatta í viðbót, — til hvers ætla menn að grípa þegar mögru árin koma? Þá má búast við að verða að fara að klífa niður brattann, og hefði ég haldið, að menn hefðu ekki neitt á móti því, frekar en forðum í Egiptalandi, að eiga nokkurt korn í hlöðunum. En menn virðast ekki hugsa þannig nú. Nei, ölvunin er á hámarki, og þá spara menn ekki venjulega. En þegar svo erfiðleikar koma og atvinnuleysi og ill afkoma steðja að, þá verða færri úrræðin.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 777) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hef hlustað með mikilli þolinmæði á það, sem sagt hefur verið um þetta mál í nótt, og ætla ekki enn, fremur en áður, að svara þeim fjarstæðum, sem sumir hv. þm. hafa látið sér um munn fara. En ég vil aðeins út af því, að hv. 1. þm. Reykv. hefur sífellt endurtekið það hér, að þetta mál hafi verið illa undirbúið, alveg sérstaklega minna á það, til þess að það standi í þingtíðindunum ómótmælanlegt, að þetta mál var til meðferðar í þingflokkunum og stj. í marga mánuði. Fyrir þing var lögð fram í ríkisstj. skýrsla um þetta mál, sem hefur verið undirstaða að þeirri athugun og tillögum, sem gerðar hafa verið síðan. Og það er nokkuð hart að heyra því haldið fram, að mál, sem fengið hefur slíka meðferð, sé illa undirbúið. Ætlast ég til þess, að hv. þm.

leiki sér ekki að því að eyða nóttum hér á Alþ. með fjasi af þessu tagi.

*Erlendur Þorsteinsson: Ég á að vísu brtt. ásamt hv. þm. Vestm., sem ég vona, að verði samþ., en ég stóð þó ekki aðallega upp til að mæla fyrir henni, heldur vildi ég gjarnan vekja athygli á því, hvað það er, sem hefur í raun og veru gerzt við 2. umr. þessa máls, þegar felld er brtt., sem samkv. umr. — þar á ég sérstaklega við ræðu hv. þm. Hafnf. — hefði verið samþ., ef ekki hefði vofað yfir að slíta þingi á morgun, og af því að hann telur, að málinu sé stefnt í hættu, ef breyt. á því er samþ. Og þessu til stuðnings vil ég jafnframt benda á það, að þótt forsrh. hafi áður í umr. lýst yfir því, að hann myndi greiða atkv. með ákvæðinni till., — till. sem hv. 1. þm. Eyf. lagði fram —, þá greiddi hann atkv. á móti henni með þeirri skýringu í nafnakalli, að það væri vegna þess, að hann teldi þessu frv. stefnt í hættu, ef breyt. yrði á því gerð. Og með því hefur hæstv. forsrh. lýst yfir, sem að vísu hafði komið fram að nokkru leyti áður, þótt ekki væri beinlínis í hans ræðu um málið, að það er í raun og veru að ganga á rétt þessarar deildar um afgreiðslu á máli þessu, sem hér liggur fyrir. Ég vil nú beina því til hæstv. ríkisstj., hvort hún virkilega sjái ekki þá hættu fyrir þingræðið og lýðræðið í þessu landi, sem hún segist og þykist vilja styðja og styrkja, er felst í slíkri afgr. sem þessari. Ég vil leyfa mér að benda ríkisstj. á það, að það eru ekki nema örfáir dagar og örfáar vikur síðan í Sþ. var fyrir forgöngu ríkisstj. samþ. till. þess efnis, að kosningar, sem fram áttu að fara í vor, féllu niður. Með því að stuðla að því, hefur hæstv. ríkisstj. beitt sér fyrir því meðal annars, að þetta mál gæti ekki fengið þá afgreiðslu, sem það annars hefði fengið hjá þjóðinni, ef til kosninga hefði verið gengið. Og það er líka athyglisvert, að það er ekki fyrr en ríkisstj. er búin að fá þennan kosningafrest samþ. í Sþ., sem hún leyfir sér að leggja fram frv., sem leggur milljóna útgjöld á alla menn í landinu, sem ég og margir fleiri telja þannig á lögð, — komi óneitanlega svo misjafnlega niður, — að til þess hafi ekki þekkzt dæmi áður. Það hefur líka skeð í þessari hv. d., að einn hæstv. ráðh., sem ekki er viðstaddur nú, atvmrh., hefur komið í veg fyrir, að það væri samþ. frv. til l. um vigt á síld, með því sí og æ að fara þess á leit við hæstv. forseta d., að málið yrði ekki útrætt fyrr en hann gæti verið við. En hann hefur aldrei verið við í hv. d., svo að hægt væri að ræða málið. Þetta mál er búið að ganga gegnum Nd. með miklum meiri hl. atkv., enn fremur er sjútvn. þessarar d. búin að halda fundi um málið og afgr. nál. um það. N. er öll sammála um, að samþ. beri frv. Einn nm. skrifar undir með fyrirvara, en sá fyrirvari er einungis bundinn við það, að hann sé ekki viss um, hvort takast megi að útvega þessi áhöld, sem til þarf. (Forseti: Þm. er kominn út fyrir efnið). Þetta kemur við þessu efni, vegna þess að ég er hér að tala um afgreiðslu mála með þeim hætti, að ekki getur verið annað en brot á þingræði, og mun ég koma nánar að því. Það er vitað, að frv. átti fylgi mikils meiri hl. þm. Samt leyfir einn ráðh. sér (sem óskaði eftir kosningafrestun) að koma í veg fyrir, að þingvilji fái að ráða í þessu máli. Það er einmitt það sama, sem nú hefur verið gert í þessu dagskrármáli, sem liggur fyrir. Eftir því, sem hv. þm. Hafnf. og hv. 5. landsk. gerðu grein fyrir sínu atkv., þá hefur ríkisstj. ég vil segja kúgað þessa d. og svipt þm., sem hér sitja, þeim rétti, sem þeir hafa, með því að hafa svo skamman frest á þessu máli, að brtt. fást ekki samþ., sem þó má vera, að þingvilji sé fyrir.

Ég tel þess vegna, að hæstv. ríkisstj. hafi gengið miklu lengra en sæmilegt er í því að hafa ekki í heiðri það skipulag í þjóðfélaginu, lýðræði og þingræði, sem hún þykist vilja fylgja og berjast fyrir, að framfylgt sé. Sem sérstakt dæmi þess vil ég benda á einu sinni enn, að það frv., sem fær slíka afgreiðslu, er einmitt borið fram eftir að stj. er búin að beita sér fyrir því, að þjóðin geti ekki neitt um málið sagt á þessu vori.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er ekki hægt að ganga algerlega fram hjá þessum ásökunum. Og það er þá fyrst, að málið sé óundirbúið. Það er vitað mál, að bæði hér og í öðrum löndum, þar sem lýðræði er fullkomlega *fylgt, eru mál* undirbúin fyrir þing, síðan í flokkunum og í nefndum. Og málin fá þar betri athugun, rannsókn og yfirvegun heldur en í umr. sjálfum í þingsal. Og þar, sem flokkaskipun er viðurkennd, þá er þetta á allan hátt jafneðlileg og ég vil segja eðlilegri og betri þingræðislegur undirbúningur á málum heldur en umræðurnar sjálfar í þingsal. Og það verður að koma fram í þingtíðindum, að þetta mál hefur verið rætt í flokkum. A. m. k. höfum við ráðh. Framsfl. lagt það á fyrstu fundum hvað eftir annað fyrir miðstjórnina og varið fleiri dögum til að ræða það. Enda hefur ekki komið fram kvörtun frá þm. Framsfl. um, að það hafi ekki verið gert. Og flokkurinn hefur hvað eftir annað kallað þá menn til ráðagerða, sem sitja í ábyrgðarmiklum fjármálastöðum fyrir flokkinn. Þess vegna vil ég alls ekki, að þessari staðhæfingu um slæman undirbúning sé ómótmælt. Ég geri ráð fyrir, að málið sé eitthvað svipað undirbúið annars staðar, því að það var rætt í ríkisstj. og gert ráð fyrir, að þannig væri frá því gengið. Málið var síðan lagt fyrir Alþ. eftir að það var rætt í ríkisstj., og satt að segja hefur hæstv. viðskmrh. ástæðu til að ætla, að frv. yrði samþ. óbreytt eða með aðeins tveim litlum breyt. Þetta er rétt að komi líka fram. Og þegar málið var tekið fyrir hér á Alþ. og ætlazt til, að n. í báðum d. fjölluðu um það jafnsnemma, þá vildi svo til — eftir því sem mér er sagt —, að sú þingn., sem átti að fjalla um það frá þessari d., var ekki viðstödd. Eftir að málið hafði verið rætt í tvo dagsparta og breytt í það horf, sem það var lagt fyrir Nd., þá var gengið út frá því, að fyrir því væri verulegur meirihlutaþingvilji í báðum d. Og þegar gengið var frá málinu af hendi okkar flokks, var málið rætt á tveim fundum til að athuga, hvaða afstöðu flokkurinn gæti tekið.

Þannig var málið undirbúið. Ég vil ekki, að það standi ómótmælt, að ríkisstj., a. m. k. *ég*

sem forsrh., vilji láta það koma fyrir, að nein þvingun sé á þm. lögð. Ég hef aldrei gert það í öll þessi ár, sem ég hef farið með völd, og mun ekki gera.

Að heimildir þessar séu víðtækar, þarf engum að þykja óeðlilegt. Engan þarf heldur að undra, þótt ekki liggi fyrir áætlun fyrir framtíðina, þar sem frv. er úr garði gert til að mæta óvissu. Því hefur verið líkt við láns- og leigufrv. í Bandaríkjunum. Það er ákaflega góð samlíking. Einmitt sú þjóð, sem berst fyrir lýðræðinu, gefur út slíkar heimildir, sem að vísu ganga margfalt lengra en þetta frv. Hv. þm. hefur því líkt okkur við þá þjóðina, sem stendur einna fremst í fylkingu í baráttu fyrir lýðræði. Vegna óvissu tímanna verða slíkar þjóðir að gefa víðtækar heimildir sínum stjórnum.

Ég vil ekki ganga inn á að ræða efni þeirra till., sem liggja fyrir. Vil þó geta þess um till. hv. 10. landsk., að hún er að efni til fyrir ríkisstj. nákvæmlega sama heimild og sú í frv. Þetta er allt lagt undir dóm ríkisstj., og hún á að meta þær ástæður, sem fyrir hendi eru. Hún getur því notað þessa heimild um 100%. Og þegar á að dæma um söguna, er rétt, að lesendur þingtíðinda geti borið þær till. saman og séð, að hér er farið með rétt mál. Það er ekki hægt að benda á einn staf í brtt., sem hamli ríkisstj. að fara að á sama hátt og ef frv. verður samþ. óbreytt. Að slíkar till. séu svo ekki samþ., á að vera þetta reginhneyksli, að mér skilst, og jafnvel brot á öllu þingræði.

Enn fremur ber á það að líta, að málið tafðist af ófyrirsjáanlegum ástæðum í Nd., án þess að ég reki það.

Í sambandi við það, að hv. 1. þm. Reykv. sagði að peningum þessum væri kastað í hít og að ekki ætti að vinna neitt fyrir þá, vil ég geta þess, að vel getur svo farið, ef sú framkvæmd tekst, sem hér á að stefna að, að við verðum færari um margar verklegar framkvæmdir síðar heldur en við munum verða, ef ekkert er reynt af þessu tagi til að afstýra því, sem vofir yfir okkar fjármálum, ef því fer fram, sem nú horfir.

Forseti (EÁrna): Ég vildi mega óska þess, eftir allar þessar umr. um frv., að menn héldu sér við þær brtt., sem nú liggja fyrir, og jafnframt óska eftir því, að menn takmarki mál sitt.

***Magnús Jónsson:** Mér þykir leiðinlegt, að báðir þeir ráðherrar, sem ég vildi gjarnan tala við, hafa nú vikið þarna til hliðar. Ef „aukaþinginu" þarna inni skyldi vera lokið, munu þeir heyra mál mitt. Það má náttúrlega segja, að engri þvingun hafi verið beitt, eins og hæstv. forsrh. hefur tekið fram hvað eftir annað, að hann vilji ekki gera. En tveir þm. hafa lýst yfir, að það hafi ráðið þeirra afstöðu, að ófært væri að samþ. brtt. vegna eindaga málsins.

Út af undirbúningi málsins vil ég segja við hæstv. forsrh., sem ræddi þetta stillilega og taldi undirbúninginn góðan, það hefði verið rætt í flokkum allt þingið. Hvernig stendur á því, að nú fyrir fáum dögum, um hvítasunnuna, var fyrst skipuð n.? Og það er hún, skilst mér, sem fer að banga og klambra saman till., sem ekki eru till., heldur bara svona kastað fram ýmsu, sem þyrfti að taka fram í málinu. Það er fyrst eftir hvítasunnu, sem eitthvað kemur fram. Ég veit ekki, hvort framsóknarmenn hafa haft eitthvert leyniplagg; en það eru ekki lagðar fyrir till. fyrr en 6 manna n. kom með sínar. Og ég vil segja það, að þó að málið sé hér rætt, þá neitaði ég fyrir mitt leyti að fara í þessa n., af því að ég álít ekki, að það sé það, sem mest þyrfti að gera, að spjalla um málið, heldur þyrfti að rannsaka það og fá upplýsingar.

Ég veit varla, hvað var í hæstv. forsrh. út af þessu máli. Það var að heyra, ekki aðeins, að ekki mætti samþ. brtt. við frv., heldur var hreytt í okkur ónotum fyrir að vera yfir höfuð að tala um málið. Því ekki þá að svipta þm. málfrelsi og koma svo saman, eins og í vissu landi, til þess að hlusta á lög, sem eiga að verða samþ. Hve lengi eru þessar umr. nú búnar að standa? Allar umr. um málið í þessari hv. d. hafa verið háðar á einum eftirmiðdegi og fram eftir nóttunni á eftir, það er allt og sumt, sem umr. í þessari hv. d. hafa staðið um þingsins langstærsta fjármál, annað en fjárl. En úr því undirbúningur málsins er svo góður, að ekki þykir þörf á lengri umr. hér í þessari hv. d. um málið, þá dettur mér í hug að spyrja um nokkur atriði, sem mér þætti æskilegt að fá upplýst. Hve mikið fé er áætlað, að þurfi á einu ári til þessara aðgerða? Hve mikið er áætlað til þess að gera hvað fyrir sig af því, sem á að framkvæma? Hve mikið er áætlað t. d., að þurfi til þess að bæta upp mjólkurverðið, ef á að haldast sama verð á mjólkinni? Hvaða vörur á að verðbæta af útflutningnum, og hve mikið fé er áætlað, að þurfi til þess? Hve mikið býst hæstv. ríkisstj. við, að muni verða hægt að lækka farmgjöldin? Hve mikið álítur ríkisstj., að sé hægt að lækka vöruverð með strangara eftirliti með verðlagi á útlendum vörum? Hverju álítur ríkisstj., að tekjuskatturinn þessi nýi, hvort sem hann hefði verið tekinn eftir fyrri till. í upphaflega frv. eða eftir tekjuskattsviðaukanum, mundi nema? Hversu hátt verður útflutningsgjaldið? Er ríkissjóður fær um að greiða þessar 5 millj. kr. af tekjum ársins 1941? Í hvaða vísitölu ætlar ríkisstj. að halda dýrtíðinni? Ég held, að ég gæti haldið áfram að telja svona upp blaðsíðu eftir blaðsíðu af spurningum. Það er engri af þessum spurningum svarað, — engri. Málið er aðeins sett fram á þessa leið: Það er þörf á að afla mikils fjár — heilmikils fjár, eins og hæstv. viðskmrh. sagði í sinni fyrstu ræðu. En hve mikils fjár er þörf og hve mikið fé fæst og til hvers á að nota það, það er ekki upplýst. Og það er ekki gaman að spjalla um þetta mál í n. og á þingi með þessum forsendum. Mér fannst það, satt að segja, nokkuð stíft hjá mér að líkja þessu frv. við láns- og leigufrumvarpið í Bandaríkjunum. Og mér þykir því dálítið merkilegt, eða einkennilegt, að hæstv. forsrh. hefur nú játað, að þetta sé svipað. Láns- og leigufrv. er neyðarráðstöfun stórveldis, sem fer í stríð upp á líf og dauða. Rómverjar fólu einum manni diktatorsvald, þegar mikil hætta steðjaði að þjóðinni, er varðað gat líf hennar og sjálfstæði. Og ég man nú ekki, hve margar vikur láns- og leigufrv. tók í Banda-

ríkjunum. Það var ekki hespað af á einni nóttu. Afgreiðsla þess stóð yfir vikum eða mánuðum saman. En hér má helzt ekki í þessari hv. d. samþ. eina einustu brtt.; hæstv. forsrh. vill reyndar ekki beinlínis lýsa yfir, að hann sé á móti því. En það á nú að slíta þinginu á morgun (eða má nú orðið segja í dag), og það er því ekki fært að breyta neinu. Þetta er hljóðið í hæstv. ráðh. og fleiri hv. þm. Þetta frv. hefur verið lagt fyrir þessa hv. þd. upp á punt, — því að málið á að vera svo ákaflega vel undirbúið, — til þess að fullnægja formsatriðum. En það liggur ekkert fyrir af upplýsingum. Bara ekkert.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég ætla nú ekki að svara miklu. En vegna þess, að hv. þm., sem síðast talaði, sagði, að ekki lægju fyrir neinar áætlanir um það, hve mikið þyrfti í þetta eða hitt, þá ætla ég að svara honum aftur með spurningum og segja: Hvaða verð verður á aðfluttum vörum? Vilja hv. þm. segja mér það? Hvað verða farmgjöldin há? Eftir þeim fer verðið á aðfluttum vörum. Hversu há verða vátryggingagjöldin? Því að eftir því fer, hvað þarf til þess að farmgjöldin lækki. Hvað verða útflutningsvörurnar í háu verði? Því að eftir því fer það, hve mikið þarf til þess að bæta upp verð á þeim. Hve mikið verður flutt út? Eftir því fer það, hver útflutningsgjöldin verða. Vilja hv. þm. svara þessu?

*Jóhann Jósefsson: Það var aðeins stutt aths. vegna þeirra ummæla hæstv. viðskmrh., að menn væru að fjasa fram eftir nóttu um þetta mál. Og það var svo að heyra, að í þessu lægi heldur lítilsvirðing á háttv. þm., a. m. k. þeim, sem að hans dómi halda uppi þessu fjasi. Ég verð að telja þetta ákaflega ómerkileg ummæli. Það er búið að sýna fram á það, hversu langan tíma þessi hv. þd. hefur haft þetta mál til meðferðar. Og hann er ekki svo óhæfilegur, að það verði með nokkrum rétti kallað fjas, sem nú hefur verið sagt um málið, eða það fært undir það, að það sé ónytjuhjal. Hitt er dálítið eðlilegt, að mönnum verði nokkuð hverft við það, að það er notað sem rök fyrir því, að engar aths. eða leiðréttingar megi koma fram og vera samþ. á þessu frv. frá þessum þriðja hluta hv. þm., sem í þessari hv. d. eiga sæti, að málinu er stefnt þannig inn í þessa hv. d., þegar svo nærri er komið þingslitum sem raun ber vitni.

Ég veit það vel, að hæstv. ríkisstj., eins og nú stendur, hefur mikið vald og getur ráðið málum til lykta þrátt fyrir það, þó að allstórir hópar af þm. séu óánægðir með afgreiðslu þeirra. En það er nú svo, að aðferðir eins og hér er beitt og ummæli eins og hér eru viðhöfð, þau eru ekki til þess fallin að vekja eða efla traust á þingræðisvilja hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég hefði kosið fremur, að minni einræðiskennd hefði komið fram heldur en gerði vart við sig í framkomu og ummælum hæstv. ráðh. Það er heldur skemmtileg tilhugsun, ef sá háttur á að fara að verða hér á hæstv. Alþ., að kastað sé hreint og beint köpuryrðum til hv. þm., ef þeir ekki í einu og öllu vilja samþ. það, sem ríkisstj. leggur fyrir. Þetta lítur ekkert betur út fyrir það, þó að hæstv. ríkisstj. hafi látið fresta kosningum til Alþ., eins og gert var, frá þeim löglega tíma. Ég vil frekar meina, að það taki sig enn þá verr út í því ljósi, og vildi óska þess, að slík lítilsvirðingarummæli úr ráðherrastóli ættu sér ekki stað eins og hér voru viðhöfð í sambandi við umr. um þetta mál. Ég held, að það sé, sem sagt, alveg óþarfi. Við 1. umr. málsins var til þess mælzt, að hv. þm. færu ekki út í almennar umr. um málið, sem var ekki heldur gert. Hitt þarf engan að undra, eins og málið horfir við, þótt þeir þm., sem ekki eru ánægðir með afgreiðslu málsins, vilji nokkuð ræða málið til hlítar nú og freista þess til þrautar að fá lagfært það í frv., sem lagfæra þykir þurfa. Einhver hæstv. ráðh., ég held hæstv. viðskmrh., mælti svo í garð okkar sjálfstæðismanna hér í kvöld, að við gætum varla vantreyst okkar eigin ráðherrum til framkvæmda í þessu máli. Hvað, sem um það má segja, þá vil ég vísa til þess, að það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. hér fyrr í kvöld sem svar við þeirri ádeilu frá mér, að hæstv. ríkisstj. hefði fyrr og á annan hátt átt að taka í þessa tauma hvað snertir ráðstafanir gegn dýrtíðinni og ráðstafanir til uppbóta á verð landbúnaðarafurða, — það kom þá fram í svari hæstv. forsrh., að það hefði ekki verið samkomulag innan ríkisstj. um það, hvernig á þessum málum skyldi tekið. Það, sem hefur skeð í þessu, það getur aftur skeð. Og þessi ummæli hæstv. forsrh. gefa ekkert sérstakt fyrirheit um það, að full eining eða samkomulag verði heldur um framkvæmd þessa máls. Þó að það þyki nauðsynlegt að gefa svo að segja takmarkalausar heimildir, eins og hér liggja fyrir till. um, þá tel ég, að það sé næsta lítil trygging fyrir því, í fyrsta lagi að samkomulag eða eining verði um framkvæmd málsins, og því síður, að þær framkvæmdir nái því takmarki, sem menn virðast hafa fyrir augum. Þess vegna er það, að ég fyrir mitt leyti vil reyna, á meðan málið er í höndum hæstv. Alþ., að koma inn einhverjum takmörkunum. Því að ég álít það algerlega óþarft, að það liggi svona gersamlega á valdi hæstv. ríkisstj., hve langt er farið innan ramma þessara 10% skattálagningar í þessu máli. Því að ég hef enga tryggingu fyrir því, að sanngjarnlega verði farið í það mál. Ég vil vona, að svo verði. En trygging er ekki hægt að segja, að liggi fyrir, sízt af öllu, þegar fyrir liggur yfirlýsing frá hæstv. forsrh. um það, að innan hæstv. ríkisstj. hafi verið uppi ákveðnar till. á vissu tímabili til úrlausnar á þessu máli, till., sem e. t. v. margir hefðu fellt sig við, en hann hætti við, að um þær hefði ekki náðst samkomulag hjá hæstv. ríkisstj. Ég held, sem sagt, að hæstv. ríkisstj. ætti að hafa það í huga, að hv. þm. geta, enn sem komið er, ekki fullkomlega sætt sig við það, að það sé bara talið fjas, þó að þeir vilji koma sínum vilja fram í svona stórmáli eins og þessu.

*Bjarni Snæbjörnsson: Það eru aðeins örfá orð nú. — Ég vildi fyrst gera ofurlitla aths. við það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um tvennt í sambandi við þetta mál. Hann sagði, að umr. um þetta mál hér í þessari hv. d. hefðu ekki verið

til neins, vegna þess að brtt. hefðu ekki komizt að til samþykktar, rök hefðu ekki haft neitt að segja o. þ. l. En ég vil álíta, þvert á móti, að umr. hér í þessari hv. d. hafi verið til mikilla bóta, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur orðið vör við vilja hv. þm. í þessu máli hér í þessari hv. d. Og ég efast ekki um, að hún taki til fullkominnar athugunar þær brtt., sem hafa komið hér fram (JJós: Og verið felldar), og þær umr., sem hafa farið fram hér í hv. d. um málið, þegar kemur til framkvæmda í þessu máli.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði líka, að þau 20 ár, sem hann hefði setið hér á Alþ., hefði engin slík löggjöf komið fram til samþykktar sem þessi. Það er alveg rétt, og ég er ekki í vafa um það, að ef eitthvað hefði verið gert til þess að stöðva dýrtíðina eftir stríðið 1914—1918, þá hefði betur farið heldur en raun varð á. Sá afturkippur, sem varð eftir það stríð í atvinnulífinu við krónuhækkunina á eftir, sem reið ýmsum framleiðendum að fullu, hefði ekki komið, a. m. k. ekki eins tilfinnanlegur, ef eitthvað hefði verið gert til þess að draga úr dýrtíðinni þá.

Viðvíkjandi brtt., sem hér liggja fyrir, verð ég að segja það viðkomandi þeirri brtt., að ekki megi fara hærra með útflutningsgjaldið en í 5%, þá tók ég það fram við 2. umr. málsins, er ég minntist á brtt. hv. 10. landsk., að eins og hún var orðuð, þá virtist mér hann álíta það, og ég var honum sammála um það, að það gæti svo farið, að útflutningur sjávarafurða gæti ekki þolað þennan skatt. En t. d. ef jafngóð sala yrði á ísfiski hjá togurum (og þeir sigla með hann til Englands) eins og fyrri hluta þessa árs, þá er ég ekki í vafa um, að slíkar sölur hefðu getað borið uppi þetta gjald. Og eins ef það hefði fengizt, að íslenzk skip mættu flytja ísfisk til útlanda og selja hann þar á frjálsum markaði fyrir svipað verð eins og var á fiskinum fyrri hluta þessa árs, þá er ekki vafi á því, að slíkar sölur hefðu getað borið 10% gjaldið. Þess vegna vil ég ekki algerlega taka þessa heimild í burtu, sem er í frv. Því að ég álít, að það geti komið þeir tímar, að það sé full ástæða til þess að nota heimildina til að taka þetta gjald. Og mér virtist líka, að hv. þm. Vestm. hefði ekkert við það að athuga, að þegar skatturinn var afnuminn í Englandi, þá hefði sá skattur, eða skattur í staðinn fyrir hann, átt að vera notaður til þess að safna í sjóð, til þess að nota þann sjóð svo til að hamla á móti dýrtíðinni.

Viðvíkjandi hinni breyt. í sömu gr., að í staðinn fyrir orðin „heimilt er ríkisstj. að ákveða, að gjald þetta skuli aðeins ná til þeirra afurða, sem framleiddar eru eftir að reglugerðin um útflutningsgjaldið öðlast gildi“ komi það ákvæði, að gjald þetta skuli aðeins ná til þeirra afurða, sem fluttar eru út úr landinu og ekki hefur verið aflað, þegar lög þessi koma í gildi, viðvíkjandi þessu ákvæði veit ég það, að innan Sjálfstfl. hefur einmitt verið talað um það, að það komi ekki til mála að skattleggja þær vörur, sem framleiddar eru áður en þessi reglugerð gengur í gildi, nema þær hafi þá hækkað svo gífurlega í verði, að þær muni þola útflutningsgjaldið. Þetta veit ég, að hv. þm. Vestm. hefur líka heyrt. Og ég vil vona, að við báðir berum það traust til þeirra hæstv. ráðh., sem við Sjálfstæðismenn höfum í ríkisstj., að þeir muni fylgja þessu fram.

Fleiri orð ætla ég ekki að hafa um þetta mál, enda álít ég bezt, að farið verði að ganga til atkv. um frv.

*Erlendur Þorsteinsson: Ég skal nú vera stuttorður. — Ég verð að segja það, að það gladdi mig mjög sú yfirlýsing, sem frá kom frá hæstv. forsrh., þar sem hann lýsti yfir, að þó að brtt. mínar á þskj. 768 hefðu verið felldar, mundi ríkisstj. samt fara eftir þeim og framkvæma ráðstafanir sínar nákvæmlega á sama hátt eins og hún mundi gera, þó þessar brtt. hefðu verið samþ., og vil ég leyfa mér að leggja þann skilning í þessa yfirlýsingu, að hæstv. ríkisstj. muni ekki taka sem útflutningsgjald nema 5%, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, þá fari hún með útflutningsgjaldið upp í 10%. Og ég vil leyfa mér líka að leggja þann skilning í þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh., að útflutningsgjaldið verði aldrei haft hærra en svo, að samanlagt útflutningsgjald og framleiðslukostnaður nemi ekki hærri upphæð en söluverði afurðanna, og líka, að þegar afurðir eru fluttar út hálfunnar eða fullunnar, þá verði útflutningsgjaldið reiknað aðeins af hráefnisverði. Og í þriðja lagi vil ég leyfa mér að leggja þann skilning í þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh., að gjald þetta verði aðeins tekið af þeim útfluttum afurðum, sem framleiddar verða eftir að það hefur verið ákveðið með reglugerð.

Að fengnum þessum yfirlýsingum hæstv. forsrh. get ég fyrir mitt leyti tekið aftur brtt. þá, sem ég hefi flutt með hv. þm. Vestm.

Brynjólfur Bjarnason: Ég hef ekki tekið þátt í þessum umr. hér í kvöld eða nótt. Ég ræddi nokkuð um málið almennt við 1. umr. og sýndi þá fram á, að þær ráðstafanir, sem felast í þessu, eru í raun og veru sama eðlis eins og þegar Münchausen barón dró sjálfan sig upp úr feninu á hárinu. Engin af þeim röksemdum, sem ég bar þá fram í þeirri ræðu, hefur verið hrakin hér í kvöld. Og yfirleitt hafa umr. verið þannig, að ég hef ekki talið neina ástæðu til að taka til máls. Og þess vegna hef ég ekki heldur verið neitt að skaprauna hæstv. ráðherrum, sem eru ákaflega geðillir yfir því, að þm. skuli yfirleitt leyfa sér að láta sínar skoðanir í ljós. Ég hef haft dálítið gaman af þessum umr., sem hér hafa farið fram í kvöld, því að enda þótt mér frá upphafi hafi verið ljóst, hve mikil hringavitleysa frv. alltaf hefur verið, þá er mér það enn ljósara nú eftir þær umr., sem hér hafa farið fram. Í upphaflega frv. var til þess ætlazt af hv. flm., — og þá fyrst og fremst af hæstv. viðskmrh., sem var aðalfrumkvöðull að frv., og fyrir hans tilmæli var frv. flutt, — að þessu fé, þessum tugum millj., sem áttu að fást með þeim sköttum, sem ákveðnir eru í frv., skyldi varið eingöngu til þess að bæta upp verð á útfluttum afurðum, m. ö. o. að þessum millj., sem þarna fengjust inn með sköttum, skyldi stungið í vasa ákveðinna ríkisborgara, sem flyttu út vörur á erlendan markað. Þetta var tilgangurinn, og

ekkert annað. Hæstv. ríkisstj. mátti ekki heyra nefnt, að hún fengi heimild til þess að hafa áhrif á verð á kjöti og mjólk.

Í umr. þeim, sem hér hafa farið fram í kvöld, hafa hæstv. ráðh. þeir, sem talað hafa, lagt alveg sérstaka áherzlu á, að frv. þetta miðaði að því að draga úr dýrtíðinni. Þeir hafa algerlega snúið við blaðinu. Hins vegar hef ég ekki fengið neina skýringu á því, hvernig þetta mætti ske, — ekki neina. Með hvaða hætti eða aðferð ætla þeir að draga úr dýrtíðinni? Það hefur ekki verið bent á eitt einasta atriði, sem framkvæma eigi í þessu sambandi. Ég spyr: Á að nota þetta fé, sem þarna fæst með því að skattleggja sjómenn og útgerðarmenn, fyrst og fremst, — og svo aðra landsmenn með því að hækka tekjuskattinn, — á að nota þetta fé til þess að styrkja kaupmenn til þess að selja ódýrar vörur? Er þetta meiningin? Þetta minnir mig dálítið á það, sem sagt er frá í Heljarslóðarorustu, að ástandið hafi einhvern tíma verið þannig, að kaupmenn gáfu aleigu sína til þess að menn gætu keypt af þeim, og fóru á hausinn hrönnum saman. Ef það hefði átt að draga úr dýrtíðinni, ef það hefði átt að gera ráðstafanir til þess að lækka verð á innfluttum vörum, — og dýrtíðin í landinu stafar fyrst og fremst af því, að verð á innfluttum vörum hækkar, og til þess að hamla á móti verðhækkun, verður að hamla á móti því, að verð á innfluttum vörum hækki, — hvers vegna var þá ekki til þess tekið að lækka tollana? Á síðasta ári hefur ríkissjóður fengið í tolla um 12 millj. kr. Hvers vegna á ekki að lækka þessa tölu t. d. um helming? Það hefði mátt fá inn fé í ríkissjóðinn í staðinn með því að leggja gjald á útfluttar vörur, svo að tollurinn af útfluttu vörunum gæti verið notaður til þess að endurgreiða þessa tolla af innfluttum vörum til þeirra, sem raunverulega greiða þá, ef það væri meiningin að hamla á móti dýrtíðinni. En auðvitað er þetta ekki annað en fals. Ég get ekki séð, að með þessari aðferð, að leggja 12 millj. kr. tolla á innfluttar vörur og síðan aðrar 12 millj. kr. með tolli á útfluttar vörur, til þess að endurgreiða innflutningstollana, sé annað unnið en að skapa atvinnu við að innheimta þessa tolla. Heimskan og hringavitleysan í þessum hugsunarhætti er svo mikil, að það er alveg furðulegt, að menn skuli geta enzt til þess að sitja næstum heila nótt við það að vera með einhverjar „spaklegar“ og „vísdómslegar“ ræður um þetta, eins og þetta sé eitthvert óskaplegt hjargráð, sem eigi nú algerlega að snúa við öllu og breyta þróuninni, sem nú á sér stað í atvinnu- og viðskiptalífi landsmanna. Enda er það svo, að nú í sínum síðustu ræðum hafa hæstv. ráðh. lagt alveg sérstaka áherzlu á það, hversu mál þetta hafi verið vel undirbúið, — þeir hafi haft hagfræðinga sér til aðstoðar til að semja þessa vizku. Svo eigum við að vera ánægðir, fyrst hagfræðingar hafa búið þetta til. Hvað viljið þið þá vera að glenna ykkur og fetta fingur út í það, sem þessir vitru menn hafa saman sett? Enda gaf hæstv. viðskmrh. það í skyn, að það væri eins og hver önnur ósvífni, að þingmenn taki til máls og láti álit sitt í ljós um þetta mál.

Það hefur komið fram í umr. hér í kvöld, að afgreiðsla þessa máls verður ekki í samræmi við vilja hv. þd. Tveir hv. þm. hafa lýst því yfir, að þeir hafi greitt atkvæði og muni greiða atkv. um þetta mál öðruvísi en þeir mundu — (**Rödd af þingbekkjum:** Öðruvísi en samvizkan býður þeim.) — Öðruvísi en samvizkan býður þeim og öðruvísi en þeir mundu hafa gert, ef þeir hefðu verið sjálfum sér ráðandi. Hæstv. forsrh. lýsti því nú yfir, að þetta væri í raun og veru ekki nema formsatriði að taka málið fyrir þingið, því að það hefði verið afgr. á miklu réttari hátt að hann taldi, sem sé af flokkunum. Hvernig sú afgreiðsla hefur farið fram í flokkunum, veit ég náttúrlega ekki vel. En ef þessi afgreiðsla mála í flokkunum, sem að ríkisstj. standa, er sú rétta afgreiðsla mála, hvers vegna á þá að hafa þing með miklum kostnaði við þinghaldið bara til þess að koma formi á afgreiðslu mála?

Annars, að því er snertir afgreiðslu málsins í flokkunum, þá hafði ég ákaflega gaman af framígripi hæstv. viðskmrh. í ræðu fulltrúa Alþfl., það var víst hv. 2. landsk. Hæstv. ráðh. sagði þá, að Alþfl. hefði orðið svo hræddur, að hann hefði skipt um skoðun, fyrst hefði hann verið með málinu, en svo hefði hann orðið svo hræddur, að hann hefði ekki þorað annað en að snúast á móti málinu. Ef þetta er rétt, þá hefur Alþfl. orðið tvisvar sinnum hræddur. Fyrst hefur hann orðið svo hræddur, að hann hefur ekki þorað annað en að snúast á móti málinu, en svo hefur hann orðið svo hræddur, að hann hefur ekki þorað annað en að vera með því aftur. Því að ég veit ekki betur en að hv. þm. Alþfl. í Nd. hafi greitt atkv. með málinu eins og það var afgr. þaðan. Og mér skilst, að hv. þm. Alþfl. hér í d. muni líka greiða atkv. með frv. héðan úr þessari hv. d., enda þótt brtt. þeirra hafi verið felldar.

Annars er það svo, að það hefur verið upplýst, að meðferð þessa máls hefur verið óþingleg og ólýðræðisleg að öllu leyti og afgreiðsla þess ekki í neinu samræmi við þingvilja. En ég get líka upplýst það, að þetta mál er ólöglega afgr. Við umr. málsins voru þingsköp brotin í hv. Nd. Ræðutími var þar takmarkaður niður í tvær mínútur eftir að umræður höfðu farið fram í 1½ klukkustund. En það er ekki heimilt samkv. þingsköpum að takmarka ræðutíma meira en svo, að umr. fari fram í þrjár klukkustundir.

ATKVGR.

Brtt. 776,1 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, JJós, MG, MJ, ÁJ.

nei: BSn, HermJ, IngP, JJ, PZ, ÞÞ, BSt, EÁrna, ErlÞ, SÁÓ greiddu ekki atkv.

1 þm. (PHerm) fjarstaddur.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Bjarni Snæbjörnsson: Með því fororði, sem ég gat um í ræðu minni, segi ég nei.

Erlendur Þorsteinsson: Með skírskotun til þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf og ég lýsti í ræðu minni, tek ég aftur brtt. að mínu leyti og greiði því ekki atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Með skirskotun til yfirlýsingar hv. 10. landsk. greiði ég ekki atkv.

Brtt. 776,2 felld með 8:5 atkv.
— 777 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, MG, MJ, ÁJ, BrB.
nei: IngP, JJ, SÁÓ, ÞÞ, BSt, HermJ, EÁrna.
PZ, BSn, ErlÞ greiddu ekki atkv.
1 þm. (PHerm) fjarstaddur.
Frv. samþ. með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, SÁÓ, ÞÞ, BSt, BSn, ErlÞ, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.
nei: BrB, JJós, MJ.
ÁJ, MG greiddu ekki atkv.
1 þm. (PHerm) fjarstaddur.
4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Magnús Gíslason: Ég er óánægður með þetta frv., en vil hins vegar ekki standa í vegi fyrir því, að þessar ráðstafanir verði gerðar, og greiði því ekki atkv.

Erlendur Þorsteinsson: Með skirskotun til þeirra yfirlýsinga, sem mér skilst, að fyrir liggi frá hæstv. ríkisstjórn, að hún muni fara eftir þeim brtt. mínum, sem ekki voru samþ., segi ég já.

Jóhann Jósefsson: Ég hafði búizt við að geta fylgt þessu máli, ef sýnt þætti, að Alþ. ætlaðist til, að kostnaður þeirra ráðstafana, sem hér ræðir um, væri borinn uppi sem jafnast af þeim landsmönnum, sem getu hefðu til þess. En þar sem nú er augljóst orðið, og þá sérstaklega af því, sem sumir hv. þm. hafa lagt til þessa máls hér í hv. d., að samtök virðast hafa átt sér stað um að leggja útgjaldabyrðina, sem af þessu frv. leiðir, eingöngu á herðar sjómanna og útvegsmanna, en losa aðra landsmenn við þær byrðar, segi ég nei.

Magnús Jónsson: Ég held, að ég segi nei, enda þótt ég búist við, að ríkisstj. gefi út bráðabirgðal. og lagi þetta eitthvað með þeim.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 780).

Önnur mál.

I. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 6. fundi í Nd., 24. febr., utan dagskrár, mælti

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég hef fyrir framan mig eitt stuðningsblað hæstv. ríkisstj. Það er Skutull frá 8. febr. Þar er smágrein, þar sem sagt er frá, að hv. þm. Ísaf. hafi ætlað að halda þingmálafund, sem ekki hafi orðið af. Í lok þessarar greinar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Af einhverjum leyndum ástæðum hefur ríkisstjórnin ákveðið, að þing skuli kallað saman í skyndi.“

Ég vil beina því til hæstv. forseta og ríkisstj., hvort eitthvað sé hæft í því, sem þetta blað hæstv. stj. segir, að stj. hafi af einhverjum leyndum ástæðum ákveðið að kalla saman þing í skyndi og að það hafi átt að koma saman fyrir þann 15. febr. Það er æskilegt að fá þetta upplýst.

Forseti (JörB): Hvað mig áhrærir, þá get ég engar upplýsingar gefið frekar en það, sem þm. allir vita, að þing er kvatt saman á þeim síðasta degi, sem heimilt er samkvæmt stjórnarskránni, 15. febr. Um önnur atriði þessarar fyrirspurnar get ég ekki upplýst.

Einar Olgeirsson: Ég þakka forseta fyrir hans hluta af skýringunni. Mér skilst, að hæstv. ráðh. hafi einhverjar leyndar ástæður til að þegja.

Á 20. fundi í Nd., 19. marz, utan dagskrár, mælti

*Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort hún hafi hugsað sér að gera ráðstafanir til þess, að togarar og önnur fiskflutningaskip hætti ferðum til Englands. Það er vitað, að nokkrir útgerðarmenn hafa þegar stöðvað sín skip. Hins vegar hafa nokkrir útgerðarmenn, og það jafnvel þeir sterkustu og ríkustu, haldið áfram í dag tilraunum sínum til þess að fá sjómenn til þess að sigla áfram á togurunum, þótt allmargir þeirra hafi neitað að fara. Það er því sjáanlegt, að ríkisstj. verður að grípa í taumana, því að það er ekki mögulegt fyrir þm. að fá afgr. frv. eða þál. nógu snemma á Alþ. til þess að koma í veg fyrir að þessar hættulegu siglingar haldi áfram. Mælist ég til, að hæstv. ríkisstj. skýri Alþ. frá fyrirætlunum sínum hér að lútandi. Í Reykjavík og raunar um land allt er beðið með kvíða eftir því, hvað hér verður ofan á.

Í gær munu útgerðarmenn hafa talað við ríkisstj., en samkomulag mun ekki hafa náðst milli útgerðarmanna sjálfra. Ég vil því fyrir mitt leyti eindregið skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að fiskflutningar til Englands stöðvist nú þegar, og ef hún treystir sér ekki til þess á annan hátt, þá leiti hún til Alþ. og noti þá möguleika, sem hún hefur til þess að fá lagafrv. þess efnis samþ. án tafar.

Forseti (JörB): Það er enginn ráðherranna viðstaddur í deildinni, en ég skal koma þessum orðum hv. þm. áleiðis til ríkisstj.

Á 23. fundi í Nd., 26. marz, utan dagskrár, mælti

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að spyrjast fyrir um þáltill. okkar hv. 4. landsk. um skipun nefndar til að rannsaka tjón landsins af innflutningstálmunum á síðasta ári. Till. þessi hefur tvisvar verið tekin á dagskrá, en verið tekin af dagskrá í bæði skiptin.

Þá vil ég beina fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. í tilefni af því, að annar ófriðaraðilinn hefur lýst hafnbanni á Ísland. Vil ég spyrja þess, hvort hæstv. ríkisstj. hafi ekki hugsað sér að ræða við Alþingi um ráðstafanir, sem hægt væri að gera til að draga úr afleiðingum hins harðnandi hafnbanns á landið, þar sem augljóst er, að siglingar til Ameríku geta einnig orðið hættulegar. En slíkar ráðstafanir geta ekki komið að verulegu gagni, nema þær séu gerðar þegar í stað. Ég veit til dæmis, að sakir vanrækslu hæstv. ríkisstj. er nú lítið til af nauðsynjum í landinu. Væri æskilegt, að ríkisstj. svaraði þessari fyrirspurn, ef hún telur sig á annað borð ábyrga gagnvart þinginu og þjóðinni, en ekki einhverjum öðrum aðilum.

Á 24. fundi í Nd., 27. marz, utan dagskrár, mælti

Bergur Jónsson: Ég vil leyfa mér að bera hér fram fyrirspurn til ríkisstj., þar sem ég sé, að hæstv. utanríkisráðh. er viðstaddur.

Við höfum fengið dálitla sendingu frá herveldinu Þýzkalandi, þar sem það lýsir Ísland í hafnbann. Nú mun ég ekki spyrja hæstv. ríkisstj. að því, hvaða ráðstafanir hún muni gera til þess að þetta hafnbann valdi sem minnstu tjóni, en ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til stj., hvort hún álíti ekki rétt að mótmæla a. m. k. þeim háðulegu ummælum, sem Þýzkaland hefur leyft sér að viðhafa um Ísland, þar sem það telur Ísland „danska eyju".

Það fer ekki hjá því, að Þjóðverjum, sem hertekið hafa sambandsríki vort Danmörku, er fullkunnugt, að Ísland er frjálst og fullvalda ríki og Danmörku algerlega óháð. Þessi óvirðulegu ummæli koma því úr hörðustu átt.

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Vegna fyrirspurnar hv. þm. Barð. vil ég upplýsa, að ríkisstj. hefur tekið þetta mál til rækilegrar íhugunar, en tel, að eins og málið liggur fyrir, sé ekki rétt að birta ákvarðanir ríkisstj. fyrr en þau boð, sem hún kynni að vilja koma á framfæri, væru komin rétta boðleið í hendur þeim aðila, er hlut á að máli.

Bergur Jónsson: Ég vildi með fyrirspurn minni einungis láta í ljós þá skoðun mína, að ég álít rétt og sjálfsagt, að stjórnin mótmæli frammi fyrir öllum heiminum yfirlýsingu Þýzkalands og noti til þess allar þær diplomatisku leiðir, sem frekast er unnt.

Pétur Ottesen: Ég vil taka undir ummæli hv. þm. Barð. En þessi boðskapur Þjóðverja þarfnast margvíslegrar íhugunar og gefur tilefni til skjótra aðgerða. Ég sé í blöðunum í dag, að ríkisstj. hefur til athugunar ýmsar ráðstafanir t. d. að því er snertir að dreifa betur en verið hefur kornvöru- og nauðsynjaforða landsmanna, sem talið er, að geymdur hafi verið fram að þessi í einu stóru húsi hér við höfnina og jafnvel á sjálfum hafnarbakkanum. Er þess full nauðsyn að koma þessum vörubirgðum, sem bæði eru ætlaðar Reykjavík og öðrum landshlutum, á öruggari staði. — En það er ástæða til þess að gera fleiri ráðstafanir en þær, sem nú hafa verið nefndar, og álít ég, að ríkisstj. ætti nú þegar að ræða það mál bæði í flokkunum og á fundi í sameinuðu þingi.

Að því er snertir heiti það, er Íslandi hefur verið valið í hinni þýzku tilkynningu, þá er það von mín, að sú aðvörun, sem í því felst, muni verða til þess að sameina meira en verið hefur hugi manna um sjálfstæðismálið og að Alþ. sýni án tafar, hvert okkar hugur stefnir, og taki þær ályktanir,er marka vilja þjóðarinnar, og sýni, hvernig við lítum nú á réttarstöðu landsins. Vænti ég, að þetta verði það lóð í skálina, að eigi dragist nú lengur að gera skarpar og skeleggar ályktanir þar að lútandi.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Síðastl. ár, eða síðan ég tók að mér störf viðskiptamálaráðherra, hef ég lagt á það fyllsta kapp að draga til landsins nauðsynjavörur, sem frekast hefur verið kostur, enda hafa öll skip komið með fullfermi. Við höfum átt við margvíslega örðugleika að stríða við að dreifa þessum vörum út um land, m. a. vegna þess, hve skipakostur hefur verið takmarkaður, og höfðu um tíma safnazt svo miklar vörubirgðir hér í Reykjavík, að Ameríkuskip varð eitt sinn að bíða í þrjá daga eftir afgreiðslu vegna þrengsla í vöruskemmum. Nú hefur þessum vörubirgðum verið dreift út um land eftir því, sem unnt hefur verið, og með þeim árangri, að kornvörubirgðir eru nú mjög vel dreifðar, eftir því, sem þeir hafa tjáð viðskiptamálaráðuneytinu, sem þessum málum eru kunnugastir. Einn af örðugleikunum við dreifingu varanna er og sá, að kaupmenn og kaupfélög úti um land liggja enn með ull og gærur í geymsluhúsum sínum og eru því í vandræðum með að taka við kornvörunum. En eins og ég tók fram áðan, hefur þetta tekizt svo vel, að t. d. Samband ísl. samvinnufélaga, sem hér er einn stærsti aðilinn, telur sig ekki eiga meiri vörur geymdar hér í Reykjavík, en nauðsynlegt þykir á hverjum tíma.

Þá hefur það enn fremur verið athugað í sambandi við loftárásahættu á höfnina að láta Ameríkuskipin losa farm sinn að einhverju leyti á Ísafirði og Akureyri, en þetta er einnig örðugleikum bundið vegna þess, hve geymslurúm er þar takmarkað.

Loks vil ég geta þess, að viðskiptamálaráðuneytið hefur undanfarna 2—3 mánuði látið sérstakan mann fylgjast með því, hvaða vörur lægju í vöruskemmum til kaupmanna og kaupfélaga í Reykjavík og hve ört þær vörur hafa verið teknar af hafnarbakkanum. Þetta hefur borið mikinn árangur.

Ég álít því, að allt það hafi verið gert, sem unnt hefur verið, til þess að koma í veg fyrir, að vörur söfnuðust á einn stað við höfnina, en þó geta verið ýmsar ástæður til þess, að eigendur varanna geti ekki nálgazt þær og þær af þeim orsökum legið lengur í birgðaskemmum en æskilegt væri, og er t. d. sú ein ástæðan, að nauðsynleg skjöl hafi ekki borizt eigendunum í hendur.

Ég vildi aðeins gefa þessar upplýsingar nú, svo að ekki líti þannig út sem þessu máli hafi ekki verið gaumur gefinn fyrr en nú eftir hafnbannstilkynningu Þjóðverja.

Á 31. fundi í Ed., 4. apríl, utan dagskrár, mælti

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég bið um að fá að leggja eina fyrirspurn fyrir hæstv. ríkisstj. í sambandi við þau mál, sem nú eru efst á baugi, sem sé öryggisráðstafanir til varnar því, að skaði hljótist af árásum, sem fyrir kynnu að koma á landið. Beinist fyrirspurn mín að því, hvað hæstv. ríkisstj. hafi í hyggju að gera gagnvart tryggingum á fasteignum, sem kynnu að verða fyrir skaða frá hernaðaraðila eða í sambandi við hernað. Í öðru lagi langar mig til að spyrja, hvort þessari tryggingu, ef til kemur, sé einnig ætlað að ná til lausafjár, og á ég þar einkum við framleiðsluvörur, sem kunna að liggja á þeim stöðum, sem kynnu að verða fyrir slíku tjóni. Í þriðja lagi vildi ég spyrja um það, ef

dráttur verður á þessari löggjöf og eitthvað kemur fyrir, áður en hún kemst á, hvort ganga mætti út frá því, að lög, sem um þetta kynnu að verða sett, verkuðu aftur fyrir sig, þannig að það tjón, sem á er orðið, þegar löggjöf væri um þetta sett, yrði líka tekið með sem bótavert eða bótaskylt.

Þessar þrjár spurningar vildi ég bera hér fram fyrir hæstv. ríkisstj. Ég tala hér um löggjöf vegna þess, að mig minnir, að það hafi eitthvað verið talað um það í blöðunum. Það er víst dálítið um liðið síðan, að í ráði var, að svona löggjöf yrði sett.

Nú er skammt til þess, að þetta þing sé búið að sitja um tveggja mánaða skeið, og ég hef enn þá ekki séð bóla á neinum tilþrifum í þessu efni. Ég vil hins vegar benda á það, að viðsvegar, sérstaklega í veiðistöðvum, fara nú að liggja fyrir birgðir af dýrmætum framleiðsluvörum, sem einstaklingar þeir, sem hlut eiga að máli, eiga ekki kost á að fá tryggðar í þessum almennu tryggingafélögum fyrir því tjóni, sem verða kynni af hernaðaraðgerðum. Þetta mál er, að því er mér virðist, mjög aðkallandi, og ég verð að láta í ljós nokkuð mikla undrun yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki vera farin að leggja fram neitt frv. um þetta mál fyrir Alþingi.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Síðastl. sumar hafði ríkisstj. talsvert til athugunar, hvaða ráðstafanir væri unnt að gera til þess að tryggja eða bæta tjón af völdum hernaðaraðgerða, ef til kæmi, og fékk sér til ráða í þeim efnum menn, sem sérstaklega voru fróðir um tryggingamál. Niðurstaðan af þessum umræðum og rannsóknum varð sú, að það var samið eða gert uppkast að frv. um tryggingar á fasteignum með sérstökum hætti, sem ég kann ekki að greina fyrirvaralaust vegna þess, að það liggur ekki fyrir hér. Var frv. þetta rætt í ríkisstj. og miðstjórnum flokkanna, og það virtist vera samkomulag um það, að ef til kæmi, að tjón yrði á fasteignum, þá yrði komið skipulagi á þessar tryggingar, sem nánar er greint í þessu frv. Hins vegar var það sameiginlegt álit ríkisstj. þá, að ekki væri ástæða til að setja það í lög með bráðabirgðalögum. Þannig hefur þetta mál staðið síðan.

Nú ekki alls fyrir löngu hefur það verið tekið upp á ný innan ríkisstj., m. a. vegna þess, að innflytjendur, sem eiga hér nokkrar vörubirgðir, hafa látið í ljós kvíða um, að komið gæti til mála, að þeir yrðu fyrir skaða, ef til loftárása kæmi. Ég hef spurt, hvort ekki verði komið á löggjöf um tryggingar á vörubirgðum, en undirbúningi málsins að öðru leyti en því, er snertir fasteignatryggingar, er ekki það langt komið, að hægt sé að segja um það, hvort stjórnin muni gera sérstakar till. um tryggingar á vörubirgðum eða hvernig þeim yrði fyrir komið. En það er rétt hjá fyrirspyrjanda, að þetta er vandamál, sem á næstunni verður að taka til slíkrar rannsóknar, að niðurstaða fáist um það, hvort réttmætt sé og nauðsynlegt að setja þessa löggjöf. Það virtust vera meiri agnúar á að láta slíkar tryggingar ná til vara heldur en til fasteigna, sem yrðu fyrir skaða, en ég fer ekki út í það á þessu stigi. Hins vegar get ég út af síðustu spurningu hv. þm. Vestm. látið þess getið, að eftir að búið var að gera þetta uppkast eða drög að frv. um fasteignatryggingar, þá hugsuðu menn sér, að þó að lögin væru ekki formlega sett, þá mundi vera hægt að láta tjónið koma undir þau á sínum tíma. (JJós: Með öðrum orðum verka aftur fyrir sig.) Hins vegar hefur ekkert verið rætt um það, sem vörubirgðir snertir, hvort eins yrði með þær. — Ég verð sem sagt að taka undir það með hv. þm. Vestm., að það er fullkomlega tímabært, að þessu máli sé hreyft á Alþingi, og mun stjórnin hafa opin augun fyrir því að leiða þessa athugun til lykta á einhvern hátt, áður en langt um líður. Annars liggur það náttúrlega opið fyrir, að einstakir þm. geri um þetta till. En hins vegar er það rétt aðferð hjá þm. að leita fyrirspurna um þetta hjá ríkisstj., áður en till. koma frá öðrum. En ég geri ráð fyrir, að þetta hljóti að bera á góma með einhverju móti áður en langur tími líður.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur látið hér í té, — upplýsingar, sem mér þykja því miður ná skemmra heldur en þörf væri á þessu stigi málsins. Það hefði einmitt verið ástæða til fyrir hið háa Alþingi að láta þetta mál jafnvel ganga fyrir öllum öðrum innanlandsráðstöfunum og lausn annarra deilumála eins og sakir standa. Að einstakir þm. eða hópar þeirra hafa ekki hafizt handa um að hreyfa þessu máli hér á þingi, tel ég vera út af þessum orðasveimi, að það hafi sem sagt þótt liggja í loftinu, að hæstv. ríkisstj. hefði einhvern undirbúning í þessu máli, sem og er staðfest af orðum hæstv. viðskmrh. Ég verð að segja það, að mér þykir nokkuð mikill seinagangur vera á framkvæmdum hæstv. ríkisstj. í jafnmikilvægu máli, þegar þess er gætt, að það er hvorki meira né minna en á síðastl. sumri, sem hæstv. ríkisstj. lætur sérfræðinga athuga þetta mál. Ég veit ekki, hvort ég hef réttar upplýsingar um þessa athugun, en mér hefur borizt til eyrna, að henni væri lokið, og er mér þá spurn: Hvað hindrar þá hæstv. ríkisstj. að láta skírast, þegar vatnið er við höndina og þegar rannsókn er fyrir hendi, — hvað hindrar hana þá að koma þessu mjög þýðingarmikla máli á framfæri?

Hæstv. viðskmrh. sagði, að það væru meiri agnúar á því að tryggja vörubirgðir og því um líkt í landinu heldur en fasteignir. Það kann að vera. Ég vil ekki staðhæfa, að ekki kunni að vera meiri agnúar á því. En ég vil benda á hitt, að það er næsta þýðingarmikið, að einmitt vörubirgðir og þá ekki síst framleiðsluvörur landsmanna njóti þessara trygginga, — já, mér liggur við að segja allt eins fljótt eða jafnvel fyrr en fasteignir, því að tjón, sem verður á óvátryggðum framleiðsluvörum, getur verið svo geipilegt. Þó að maður haldi húsinu yfir höfði sér, verður það næsta þýðingarlítið fyrir afkomuna, ef framleiðsluvörurnar tapast. Ég vil leggja áherzlu á það, að tryggingar á framleiðsluvörum séu alveg eins nauðsynlegar og tryggingar á fasteignum. Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á það, að einmitt þetta atriði, hvort trygging fæst á framleiðsluvörum landsmanna, má í raun og veru ekki

liggja lengur í láginni, því eins og ég tók fram áðan, eru framleiðsluvörur landsmanna þegar farnar að safnast saman á einstaka stöðum, sem jafnvel skipta millj. kr. að verðmæti.

Að því er snertir framtíð framleiðslunnar, við skulum taka til dæmis saltsíldarframleiðsluna og framleiðslu úr síld yfir höfuð, þá er alveg nauðsynlegt, ef hægt er, að framleiðendur í landinu fái vitneskju um, hvað hæstv. ríkisstj. og Alþingi hugsar sér að gera í þessu efni. Það þarf undirbúning af hálfu einstaklinganna við þessar atvinnugreinar eins og aðrar og getur því haft afgerandi þýðingu fyrir það, hvort menn eigi að leggja út í dýran undirbúning, t. d. að bræða eða salta síld, hvort hægt verður að fá þessar vörur tryggðar eða eigi.

Ég vil þess vegna endurtaka tilmæli mín til hæstv. ríkisstj., að þessu máli verði hraðað svo, að við fáum að sjá lagt fram frv. af hálfu hæstv. ríkisstj., áður en páskafríið tefur þingið frá störfum.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það hefur ef til vill verið ástæða til að misskilja það, sem ég sagði áðan. En ég vil bæta því við, að rannsókn á vörutryggingunni var ekki lokið, þegar málið var til athugunar í fyrra sumar, heldur komu aðeins fram till. um fasteignatrygginguna. Þá ráku menn sig á svo marga erfiðleika í sambandi við vörutryggingunna, að þeirri rannsókn er enn ekki lokið. En ekki alls fyrir löngu hefur þetta mál verið tekið upp að nýju, og er vonazt eftir, að sú sérfræðinganefnd, sem hefur þetta til meðferðar, geti mjög fljótlega lagt fram sínar till. fyrir ríkisstj. Það hefur staðið á því að gera sér ljósa möguleikana á vörutryggingunni, en vonazt er eftir till. hennar fljótlega.

Á 11. fundi í Sþ., 30. apríl, utan dagskrár, mælti

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti! Á þingfundi í Nd. þ. 27. marz spurði hv. þm. Barð. (BJ), hvað ríkisstjórnin hefði gert út af þeirri yfirlýsingu Þjóðverja, að Ísland væri lýst í hafnbann, og að Ísland væri kölluð „dönsk eyja". Ég gat þess þá, að ríkisstj. hefði þetta mál til athugunar, en ekki væri á því stigi hægt að greina frá því, hvað stj. hefði aðhafzt í sambandi við það.

Í annan stað var flutt í hv. Nd. till. til þál. á þskj. 176 um mótmæli gegn hafnbanni Þjóðverja, og var þessi sami hv. þm. flm. þeirrar till. Þegar sú till. kom til umr. í Nd., gat ég þess einnig, að ekki væri enn tímabært að skýra frá, hvað gert hefði verið, en strax og málin lægju þannig fyrir, yrði það gert hér á Alþingi. Nú liggur málið þannig fyrir, að ég get skýrt frá því, sem gerzt hefur. En fyrst vil ég geta þess, að áður en yfirlýsingin um hafnbann Þjóðverja hafði borizt ríkisstj., þá höfðu skeð aðrir atburðir. Það hafði verið ráðizt á tvö íslenzk fiskiskip með þeim afdrifum, að annað var skotið niður og fórst öll skipshöfnin, að 2 undanteknum, og auk þess 1 farþegi, og voru þessir menn ýmist skotnir til bana eða drukknuðu, en ráðizt á hitt með skothríð með þeim afleiðingum, að 5 skipverjar voru skotnir til bana á hinn hryllilegasta hátt. Ríkisstjórnin aflaði sér upplýsinga um þessar árásir og fékk sannanir fyrir því, að þær voru gerðar af þýzkum kafbátum, og var einmitt að gera ráðstafanir til að koma fram mótmælum út af árásum þessum, þegar tilkynningin barzt um hafnbann Þjóðverja.

Nú er svo ástatt, að Ísland hefur engan útsendan fulltrúa í Þýzkalandi, en sænska ríkisstjórnin hefur tekið að sér að gæta hagsmuna Íslands í Þýzkalandi fyrir milligöngu sendisveitar sinnar í Berlín. Þess vegna verður íslenzka ríkisstj. fyrst að snúa sér til sænsku stjórnarinnar með milligöngu sendifulltrúa Íslands í Stokkhólmi, því Þýzkaland hefur engan útsendan fulltrúa hér á landi, þó að sænski sendifulltrúinn í Reykjavík gæti hér hagsmuna Þýzkalands.

27. marz, eða tveim dögum eftir hafnbannsyfirlýsingu Þjóðverja, sendi íslenzka ríkisstj. áleiðis til sænska utanríkismálaráðuneytisins mótmæli út af áðurnefndum árásum á íslenzk skip, sem því var falið að koma á framfæri við þýzku stjórnina. Samtímis var þetta mótmælaskjal afhent sendifulltrúa Svía hér, bæði sem umboðsmanni sinnar stjórnar og einnig sem þeim aðila, er gætir hagsmuna Þýzkalands hér.

Í þessu mótmælaskjali var sérstaklega skýrt frá árásinni á l/v „Fróða" og það tekið fram, að sú árás hafi verið gerð utan þess svæðis, er var yfirlýst ófriðarsvæði af hálfu Þjóðverja, og því væri enn ríkari ástæða til mótmælanna. En auðsætt þótti af þeim gögnum, sem fyrir lágu um þessa árás, að hún hafi verið framin af þýzkum kafbát.

Í annan stað var og mótmælt árásinni á b/v „Reykjaborg", sem var gerð með þeim árangri, eins og fyrr segir, að margir íslenzkir þegnar biðu bana, auk þess sem skipinu var sökkt.

Í þessu skjali var enn fremur mótmælt þeim árásum, sem gerðar voru úr lofti af þýzkum hernaðarflugvélum á togarann „Skutul" frá Ísafirði og togarann „Arinbjörn hersi" frá Reykjavík.

Í mótmælaskjali því, sem, eins og áður segir, var sent til þýzku ríkisstj., var öllum þessum árásum mótmælt mjög eindregið og íslenzku stj. áskilinn réttur til fullra skaðabóta fyrir það tjón, sem af þeim hlauzt. En þegar ríkisstj. hafði nýlokið við að ganga frá þessum mótmælum, barst henni til vitundar yfirlýsing um hafnbann Þjóðverja frá 25. marz, og enn fremur, að Ísland væri í yfirlýsingu þessari nefnt „dönsk eyja".

Út af þessu voru með öðru símskeyti send þ. 27. marz sérstök mótmæli gegn þessu til sendifulltrúa Íslands í Stokkhólmi, sem honum var falið að koma á framfæri við sænsku utanríkisstj., en hún legði þau svo fyrir þýzk stjórnarvöld.

Í þessum mótmælum voru m. a. tekin fram eftirfarandi atriði:

Í 1. lagi: Ísland sé samkv. sambandslagasamningnum við Dani frá 1. des. 1918 frjálst og fullvalda ríki, og þess vegna sé þess vænzt, að orðin „dönsk eyja" verði leiðrétt hið skjótasta.

Í 2. lagi var þess getið, að íslenzka stj. hefði þegar í stað mótmælt hernámi Breta á landinu, 10. maí s.l., en Þjóðverjar færðu það fram sem aðalástæðu fyrir hafnbanninu, að Bretar hefðu hér á landi hernaðarbækistöðvar.

Í 3. lagi var þess og getið, að Ísland skoðaði sig eins og áður hlutlaust land og reyndi eftir megni að fylgja hlutleysi sínu fram eftir venjulegum reglum.

Enn fremur var bent á það, að Ísland væri mjög háð öðrum löndum um verzlun og viðskipti og að Íslendingar notuðu sjálfir allan venjulegan innflutning sinn, og hann kæmi því ekki hinum hernaðaraðilanum að gagni, á nokkurn hátt.

Þá var og mjög eindregið mælzt til þess, að tekið yrði fyllsta tillit til vilja þjóðarinnar til að varðveita hlutleysi sitt, þótt landið hins vegar geti ekki komizt hjá að halda uppi viðskiptum við önnur ríki og nauðsynlegum siglingum í sambandi við þau.

Um leið og bent var á þessi atriði, var svo sjálfu hafnbanninu mótmælt harðlega með þeim rökum, sem fólust í því mótmælaskjali, sem sent var.

Loks var lögð áherzla á skjót svör við þessum mótmælum. Einnig var sendifulltrúa Íslands í Danmörku símað, og hann beðinn að vekja athygli dönsku stj. á því, að þýzka ríkisútvarpið hefði í hafnbannstilkynningu sinni nefnt Ísland „danska eyju", og að dönsku stjórninni beri að lýsa yfir því við þýzk stjórnarvöld, sem raunar er alkunnugt, að Ísland er frjálst og fullvalda ríki.

En vegna þess, hversu allar venjulegar samgönguleiðir eru nú torfærnar og öll skeyti lengi á leiðinni, auk þess sem ríkisstj. verður að fara nokkrar krókaleiðir til þess að koma slíkum erindum áleiðis, leið alllangur tími frá því að ríkisstj. hafði afgr. málið af sinni hálfu, þar til hún fékk fulla vitneskju um, að mótmælin væru komin á réttan ákvörðunarstað.

Mótmælin voru afhent í hendur þýzkra stjórnarvalda þ. 24. þ. m., að því er hermir í skeyti frá sendifulltrúa Íslands í Stokkhólmi, en það skeyti barst ríkisstj. síðdegis í gær. Það er því fullvíst, að mótmælin eru komin í hendur hlutaðeigandi aðila. En fyrr en það er orðið, er ekki venja að birta efni slíkra mótmæla.

Yfirleitt er ekki venja að birta slík mótmæli orðrétt opinberlega. Engin slík mótmæli, sem ríkisstj. hefur sent á seinasta ári, hafa verið birt orðrétt, en þau eru nú orðin mörg. Aðeins mótmælin gegn hernámi Breta 10. maí s.l. voru birt opinberlega orðrétt.

Samkv. þessu er þess ekki að vænta, að mótmæli þau, sem ég hef gert að umtalsefni hér, verði birt in extenso. Aðeins aðalefni þeirra, svo sem það, að mótmælt hafi verið, hverju hafi verið mótmælt, og með hvaða aðalrökum.

Að lokum skal ég geta þess, að um hádegi í gær afhenti ég í umboði ríkisstj. sendiherra Breta hér í bænum mótmæli gegn handtöku og brottnámi þriggja Íslendinga og banni á útgáfu íslenzks dagblaðs. Í þessum mótmælum var tilfærð orðrétt ályktun Alþingis út af handtöku og brottflutningi íslenzks alþingismanns.

Eru þessi mótmæli komin til réttra aðila, og þótti því einnig rétt að skýra frá þessu hér.

Bergur Jónsson: Það er réttilega tekið fram af hæstv. félmrh., að ég hef gert fyrirspurn út af mótmælum gegn hafnbannsyfirlýsingu Þjóðverja þ. 25. marz s.l. á fundi 27. marz s.l. Og sömuleiðis flutti ég þáltill. síðar, þegar ekki hafði komið nein vitneskja til Alþ. né heldur almennt um það, hvort gert hefði verið nokkuð í málinu.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann nú hefur gefið Alþ. um aðgerðir ríkisstj. í þessu máli, og vil taka það fram út af þáltill. þeirri, sem ég bar fram hér á þskj. 176, — ég man ekki, hvaða dag, — að ég mun vitanlega ekki halda henni til streitu hér í þinginu á þann hátt, sem hún liggur fyrir.

Ég vil taka það fram út af því, sem komið hefur fram í ræðu hæstv. ráðh., að ég sá mér ekki fært, þegar ég leitaðist við að skilgreina þau atriði, sem rétt væri að mótmæla gagnvart þeim ófriðaraðila, sem hér er um að ræða, og því ranglæti, sem ég tel hann hafa beitt Ísland, þá taldi ég mér ekki fært að minnast á þær árásir, sem gerðar hafa verið á íslenzk skip, vegna þess, að ég taldi mér ekki fært að sanna, hver það hefði gert, þótt ég hins vegar teldi það alllíklegt, að það sé rétt að draga það af hafnbannsyfirlýsingu Þjóðverja, að varla sé um aðra að ræða, sem að þessu hafa staðið, þar sem mér er sagt, að auk þess hafi komið fram yfirlýsing í þýzka útvarpinu um, að aðgerðir Þjóðverja hafi orðið til þess að stöðva siglingar milli Englands og Íslands.

Hæstv. ráðh. hefur upplýst það, og auðvitað vil ég í eitt skipti fyrir öll lýsa yfir, að ég ber engar brigður á neitt í þessu efni, sem hann heldur hér fram, að þegar þ. 27. marz hafi verið sett fram mótmæli út af þeim árásum, sem gerðar voru á „Fróða" og „Reykjaborgina", og sömuleiðis hafi með símskeyti 27. marz verið send mótmæli gegn hafnbannsyfirlýsingunni til fulltrúa Íslands í Danmörku, og þess hafi verið getið við fulltrúa Svía hér, sem jafnframt hefur tekið að sér umboðsmennsku fyrir Þjóðverja hér á landi.

Ég hef í sjálfu sér ekkert við þetta að athuga að því leyti, að ég álít, að ríkisstj. hafi þar fullkomlega gætt skyldu sinnar út á við að því er aths. gagnvart Þjóðverjum og aðgerðum þeirra snertir. Hins vegar er hér um eitt atriði að ræða, sem ég minntist á í framsöguræðu minni fyrir þáltill., sem ég bar fram, og einnig kemur fram í lok grg. fyrir þáltill. Ég álít, að það sé mjög vafasamt, á þeim tímum, sem nú eru, að halda sér fast við gamlar þjóðréttarreglur um það að bíða eftir því, að vitneskja komi frá ríki, sem mótmæli eru send til, — þó að rétt sé að fara þær diplomatisku leiðir, sem fyrir hendi eru —, að bíða eftir vitneskju fyrir því, að mótmælin hafi komizt í hendur stj. viðkomandi þjóðar, áður en mótmælin eru birt. Eftir því, sem ég hef orðið áskynja gegnum útvarpsfréttir um framkomu erlendra ríkja, sem hafa orðið fyrir slíkum hlutum, sem þau hafa talið sér rétt að mótmæla, held ég, að það sé ekki núna álitin

rétt þjóðréttarleg regla að bíða eftir slíkum upplýsingum, heldur sé það talið fullkomlega heimilt fyrir það land, sem telur sér þörf á að mótmæla einhverju ranglæti í einhverri mynd, sem það kann að verða fyrir, eða einhverju því, sem það álítur, að það þurfi að mótmæla, að láta þegar í stað vita um það, bæði innanlands og utan, að það hafi látið mótmæli frá sér fara. Þetta er auðvitað bara persónuleg skoðun mín. En ég hygg nú, að við nánari rannsókn mundi koma í ljós, að hér sé ekki farið mjög langt frá því rétta.

Eftir að það er nú vitað, að mótmæli þessi, sem um hefur verið rætt, hafa komizt til sendiherra Svía í Berlín þ. 24. apríl, þá legg ég ríka áherzlu á það, að nú sé ekki lengur eftir neinu að bíða með að gera ráðstafanir til þess að geta efnis þeirra mótmæla, sem hér hafa átt sér stað. En auðvitað vil ég ekki láta ætla mig það barn, að ég búist við, að mótmæli gegn yfirlýsingu Þjóðverja hafi nokkuð að segja til lagfæringar ranglætinu, sem í henni felst, þar sem Þjóðverjar lýsa landið ófriðarsvæði, sem að mínu áliti er sama sem að segja, að Íslendingar skuli vera réttdræpir í landi sínu og við siglingar meðfram ströndum þess, m. ö. o. það má segja, að Þjóðverjar hafi kveðið upp sams konar dóm yfir þjóð vorri eins og fornmenn kváðu upp yfir skógarmönnum sínum, að þeir væru óalandi, óferjandi og óráðandi öllum bjargráðum.

Þó að þessi mótmæli breyti sennilega engu um framkomu þess aðila, sem þeim er beint til, þá er þó eitt atriði í mótmælunum, sem hæstv. ráðh. upplýsti, að hefðu verið sett fram, og einnig var getið í minni till., sem er mótmæli gegn því, að Ísland sé kallað „dönsk eyja“. Ég veit ekki betur en að það sé yfirleitt vilji Íslendinga að halda a. m. k. fast á því, að íslenzka ríkið hafi ekki misst sjálfstæði sitt, það sjálfstæði, sem viðurkennt var með sambandsl. 1918, hvað sem segja má um frekari aðgerðir viðvíkjandi sambandi voru við sambandsþjóðina. Árið 1918 er Ísland viðurkennt sem algerlega fullvalda ríki í sambandi við Danmörk um einn og sama konung, alveg jafnrétthár aðili eins og danska ríkið sjálft. Við Íslendingar höfum alltaf lagt mikið upp úr því, hvort erlendir menn litu svo á, að við værum hjálenda annarrar þjóðar eða ekki. Þjóðverjarnir hafa nú með þessari yfirlýsingu gefið sérstakt tilefni til þess, að við birtum ákveðin mótmæli, með því að þeir hafa látið það berast um víða veröld, hvaða álit þeir telji sig hafa á okkar réttarstöðu.

Ég ætla ekki að gefa yfirlýsingu nú um það, að ég taki aftur þáltill. mína að svo stöddu, en veit, að hún á ekki við eins og hún er orðuð nú. En ég áskil mér rétt til þess að athuga, hvort ekki sé rétt að breyta henni að einhverju leyti í það horf, sem á við nú, t. d. að þáltill. verði staðfesting Alþ. á þeim gerðum ríkisstj., sem hæstv. ráðh. hefur nú lýst yfir, að stj. hafi haft í frammi, og í öðru lagi, að í till. sé lögð áherzla á, að þegar búið er að birta það nú fyrir þingheimi, að mótmælt hafi verið, þá verði gerðar ráðstafanir til þess að reyna að láta það berast út um veröldina á þann hátt, sem unnt er, vegna þess að eitt atriði a. m. k. af því, sem mótmælt hefur verið, hefur virkilega þýðingu um réttarstöðu okkar eða álit annarra þjóða á réttarstöðu okkar.

Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðh. fyrir hans greinagóðu upplýsingar og get ekki séð í fljótu bragði, að ég hafi nokkuð við að athuga gerðir ríkisstj. í þessu máli annað en það, sem ég sem þm. tel réttara að fylgja, að hæstv. Alþ. sé haft að einhverju leyti í ráðum, áður en ráðist er í svona framkvæmdir. Skal ég ekki fara meira út í það að sinni.

*Ísleifur Högnason: Viðvíkjandi síðari hluta yfirlýsingarinnar, sem hæstv. ráðh. gaf, vildi ég segja, að mér þykir ekki hafa verið undið nógu skjótt að því að tilkynna mótmæli þau, er Alþ. samþ. vegna atburðanna s.l. sunnudag, þar sem liðið hafa allt að 24 klst. frá því að verknaðurinn var framinn og þangað til mótmælt var. Þessir hernumdu Íslendingar, sem sendir voru úr landi sem herfangar, voru í svo miklum lífsháska á þeirri ferð, að ekki er ómögulegt, ef mótmæli hefðu komið strax til brezku herstjórnarinnar, að herstjórnin hefði látið snúa skipunum við og flytja þá aftur hingað til lands, ekki sízt þegar vitað er, að alþýða í landinu er æf yfir þessum aðgerðum og brezka herstjórnin hefur haldið, að fólkið væri sömu skoðunar og blað utanrmrh. um, að Þjóðviljann ætti að banna og forystumenn Sósíalistafl. ætti að múlbinda. Ég lýsi vanþóknun minni á þeim drætti, sem orðið hefur á því að mótmæla þessum aðgerðum brezku herstjórnarinnar. Og jafnvel hefði ríkisstj. átt að senda mótmæli áður en Alþ. gat samþ. mótmæli. Ég álít það hafa verið skyldu ríkisstj. vegna þeirrar lífshættu, sem mennirnir voru settir í, að mótmæla tafarlaust, þegar stj. vissi um handtökuna, en það hefur verið látið undir höfuð leggjast.

Þá vil ég spyrja um það, hvort ekki hafi verið gerð krafa til brezku herstjórnarinnar um það, að dagblað Sósíalistafl. fái að koma út sem fyrst og hvaða ráðstafanir ríkisstj. hafi gert til þess að fá upplýsingar um það hjá brezku herstjórninni, með hvaða takmörkunum blaðið mætti koma út, því að ég býst ekki við, að það hafi verið með hálfum huga gert að mótmæla því hér, að blað þessa flokks var bannað. Ef brezka herstjórnin setur það eitt fyrir sig, að í blaðinu hafi verið andbrezkur áróður, sem ég álít ekki að hafi verið meiri en réttlátt var og ekki meiri andbrezkur áróður heldur en hafður er hér í útvarpinu, þar sem herstjórnartilkynningar Þjóðverja eru birtar þrisvar á dag. Þegar þetta er athugað,virðist mér ætti að vera vegur til þess, ef ríkisstj. óskar eftir því, að þetta blað fái að halda áfram að koma út. Ég vona, að hv. þm. skilji, að mikill hluti þjóðarinnar er með þessum aðgerðum sviptur aðalmálgagni sínu, — að verkamenn, sem ég þori að fullyrða, að er meiri hluti verkamanna í landinu, eru sviptir málgagni sínu, sem er það vopn, sem þeir nauðsynlega þurfa að hafa til þess að vernda rétt sinn gagnvart þeim, sem vilja á þeirra rétt ganga.

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég skal aðeins geta þess út af orðum hv. þm. Barð. (BJ),

að ég held, að það sé ekki nákvæmlega rétt hjá honum, að það sé horfið frá þeirri reglu nú á síðari tímum að greina ekki opinberlega frá mótmælum til erlendrar ríkisstj., fyrr en þau eru komin í hendur réttra hlutaðeigenda. Ég hygg, að þeirri reglu muni vera almennt fylgt. En sá aðstöðumunur er víða úti í heimi miðað við það, sem hér er, að þar er víða hægt svo að segja samstundis, kannske með einni upphringingu eða öðru slíku, að gera ráðstafanir til að koma mótmælum fram við rétta hlutaðeigendur fyrir milligöngu fulltrúa ríkjanna á viðkomandi stöðum, sem hvorir fyrir sig hafa sambönd við sitt ráðuneyti.

Ég vil taka fram, út af ummælum um, hvort ekki mundi rétt að láta vitneskju um mótmælin berast til erlendra ríkja, að það mun verða gert á þann hátt, að fulltrúum Íslands erlendis munu tilkynnt þessi mótmæli, sem hafa verið framkvæmd af hálfu íslenzku ríkisstj., og þeir munu gera þær ráðstafanir, sem réttar mega teljast á hverjum stað, til þess að þau verði kunn erlendis.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Barð., að það, sem sérstaklega gerir æskilegt, að mótmælin verði kunngerð á erlendum vettvangi, er, að Þjóðverjar hafa haft röng orð um réttarstöðu Íslands, sem getur verið, að hafi óþægilegar afleiðingar fyrir Ísland og óheppileg áhrif á álit erlendra þjóða á réttarstöðu okkar.

Út af því, sem hv. 4. landsk. (ÍslH) tók fram, um að mótmælin út af handtöku og brottflutningi íslenzkra manna, og þar á meðal þm., og banni við útkomu íslenzks blaðs muni hafa komið nokkuð seint til réttra hlutaðeigenda, þá vil ég aftur taka það fram, að ég get ekki verið þar á sama máli. Sþ. afgr. þessa ályktun kl. 5 síðd. á mánudaginn var, sem sé mótmælin, þar sem einnig var tekin upp í enska þýðingu ályktun Alþ. og þar sem fylgir grg. fyrir málinu. Mótmælin voru afhent sendiherra Breta hér á landi kl. 12¼ daginn eftir. Ég hygg, að varla verði til þess ætlazt, að hafður sé meiri hraði á um framkvæmd mótmæla heldur en þarna var gert.

Að öðru leyti gefur ræða þessa hv. þm. mér ekki tilefni til aths. En að sjálfsögðu liggur það í mótmælunum gegn handtöku og brottflutningi þm. (EOl) og gegn banni við útkomu blaðs, að það er mælzt til þess, að horfið verði frá þeim ákvörðunum, sem mótmælt er, og því, sem mótmælt er, verði kippt í það lag, sem það var í áður en þær ráðstafanir voru gerðar, sem mótmælt er.

Bergur Jónsson: Mér skildist á hæstv. utanrráðh., að hann áliti þá leið réttasta til þess að vinna að birtingu mótmælanna að leggjafyrir erindreka Íslendinga erlendis að vinna að því. Ég vildi aðeins í því sambandi minna á það, að Ísland hefur verið að mér skilst viðurkennt sem sjálfstætt og fullvalda ríki af tveimur stórveldum heimsins, þar sem eru Bretland og Bandaríkin í Ameríku, með því að þau hafa sent erindreka hingað til lands, sérstaklega Bretland, sem hefur sent hingað sendiherra. Ég vildi beina því til hæstv. utanrmrh., hvort hann teldi nokkuð á móti því, að ríkisstj. sjálf geti snúið sér til þeirra um það, hvort þeir vildu koma óskum Íslendinga á þessu sviði fram.

Ég ætla ekki að fara að tala um það, sem hefur komið til umtals hér á landi, hvort það hafi verið einhverra aths. von af hálfu þeirrar þjóðar, sem hefur hertekið okkur ef við ætluðum að breyta þjóðréttarstöðu okkar að nokkru leyti. En hitt vil ég minna á, að ég veit ekki betur en að í fyrravor, þegar hernám Breta á Íslandi fór fram, hafi það verið talið koma greinilega fram af hálfu þeirra, að þeir viðurkenndu réttarstöðu okkar með tilliti til sambandsl. eins og við höfum álitið hana þá vera, og eins og við höfum gert hana með bráðabirgðaþál. Alþingis eða yfirlýsingu um réttarstöðu okkar, sem gerð var strax eftir að Danmörk var hernumin. Og ég veit ekki betur en að það hafi verið talið koma fram hjá Bretum þá, að þeir mundu ekki gera tilraun til að hagga þeirri réttarstöðu. Ef þetta er rétt hjá mér, finnst mér rétt af þeirri ástæðu að ályktа þannig, að það geti tæplega verið um neina fyrirstöðu að ræða af hálfu Stóra-Bretlands um að taka undir yfirlýsingar íslenzka ríkisins um það, að það hafi aðra réttarstöðu heldur en þá, sem ranglega hefur verið gefið í skyn í útvarpi, sem heyrzt hefur um heim allan.

***Ísleifur Högnason:** Vegna andsvars hæstv. utanrmrh. vildi ég segja, að hann hefur ekki breytt skoðun á því, sem ég tel óafsakanlegan drátt á mótmælum, því að ég tel, að þau hefðu jafnvel átt að vera komin fyrr frá ríkisstj. til hlutaðeigandi aðila heldur en Alþ. gerði sín mótmæli, vegna þeirrar lífshættu, sem þeir, er handteknir voru, voru settir í og stj. var vorkunnarlaust að vita um.

Sömuleiðis vildi ég árétta fyrirspurn mína um það, hvort ríkisstj. vildi gera allt, sem hún getur, til þess að blað Sósialistafl. fái að halda áfram útkomu sinni og til þess þá einnig að fá að vita, með hvaða takmörkunum það mætti koma út.

Ég geri kröfu til þess fyrir hönd Sósialistafl., að blað hans fái að koma út áfram án nokkurra takmarkana. Og álit okkar sósialista er, að Þjóðviljinn hafi ekkert af sér brotið. Og til þess að vernda lýðræðið í landinu, þá er nauðsyn, að flokkurinn fái að hafa sitt eigið málgagn.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrmrh., út af þeim mótmælum, sem gerð voru hér á Alþ. út af handtöku eins alþm. og fleiri manna, hvernig á því stendur, þar sem þingið samþ. ekki þessi mótmæli fyrr en kl. 5 og Alþ. hafði leynilegar umr. um málið og hér í þinginu er þáltill. um mótmælin ekki birt að neinu leyti fyrr en hún er samþ., að samt skuli það koma út í dagbl. Vísi fyrir kl. 5 sama dag, að Alþ. hefði samþ. mótmælin. Það virðist svo sem sama launungin, sem átti að gilda hér á hæstv. Alþ., hafi ekki gilt fyrir alla, a. m. k. í þessu tilfelli, hvort sem vitneskja hefur komið frá þeim, sem staðið hafa fyrir till., eða beint frá ríkisstj. til blaðsins. Einkennilegt virðist mér það, að það skuli í þessu efni hafa verið látnar gilda alveg sérstakar reglur fyrir

þetta blað. Og ég vil um leið gera þá fyrirspurn, hvort ríkisstj. muni ekki vilja reyna að sjá um, að þetta eða því líkt komi ekki fyrir framvegis.

Út af því karpi, sem hér hefur átt sér stað um mótmæli gegn aðförum kafbáta og annarra herskipa við íslenzk skip, vil ég geta þess, að ég er þeirrar skoðunar, að enda þótt bíða mætti að segja nákvæmlega frá því, hvernig mótmælum væri hagað gegn slíku og þvílíku af hálfu ríkisstj., þá virðist mér það hin mesta firra, að ekki skuli skýrt frá því af hálfu ríkisstjórnarinnar, að mótmæli séu gerð gegn því, að myrtir séu menn tugum saman á íslenzkum fiskiskipum, algerlega óvopnuðum. Og þessir menn eru myrtir af áhöfn skipa þeirrar þjóðar, sem ríkisstjórnin hér stendur ekki í stríði við. Finnst mér mesta firra, að ríkisstjórnin skuli þurfa að bíða á annan mánuð með að birta mótmæli gegn slíku atferli.

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Út af síðari ræðu hv. 4. landsk. vil ég taka fram, að ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að það, hvort mótmælin væru borin fram nokkrum klukkustundum fyrr eða síðar, hefði ekki haft nein áhrif um það að auka eða minnka lífshættu þeirra manna, sem handteknir voru. Þá vil ég líka taka það fram, að ég tel mér ekki fært að gera samning við brezk yfirvöld um það, á hvern hátt Þjóðviljinn mætti vera ritaður, til þess að hann fengi að koma út. Ef þeir, sem að honum standa, vildu gefa herstjórninni yfirlýsingu um þetta, kynni það að hafa einhver áhrif, en ríkisstj. getur ekki samið um það.

Út af þeim ummælum hv. 3. þm. Reykv., að blaðið Vísir hafa skýrt frá mótmælunum, áður en þau voru afgr. frá Alþ., vil ég taka það fram, að mér er ókunnugt, hvaðan blaðið hefur haft þær upplýsingar.

Viðvíkjandi mótmælunum út af árásum á íslenzk skip tek ég það enn fram, að það er venja, að mótmæli séu ekki birt fyrr en ríki það, sem mótmælin eru send, hefur fengið þau í hendur. Þessari reglu hefur íslenzka stj. fylgt, eins og tíðkast annars staðar.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég get ekki stillt mig um að gefa nokkrar upplýsingar út af ummælum hæstv. utanrmrh. í síðustu ræðu hans. Ég var ekki viðstaddur, þegar hv. 4. landsk. hélt ræðu sína, sem hæstv. ráðh. var að svara, en mér skildist, að hv. 4. landsk. hefði furðað sig á því, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki koma mótmælunum við brottflutningnum á framfæri fyrr en raun varð á. Hæstv. utanrmrh. sagði, að það hefði enga þýðingu haft, þó að mótmælin hefðu verið send fyrr en þetta, og er það í samræmi við þau svör, er hann veitti mér, þegar ég átti tal við hann um kvöldið, skömmu eftir handtökurnar. Vegna þessa tel ég mér skylt að skýra frá málinu eftir því, sem ég veit sannast og réttast. Menn hljóta að spyrja, hvað hæstv. ríkisstj. hafi gert til að koma í veg fyrir brottflutning mannanna. Um það, hvort árangur hefði orðið af viðleitni hennar, má deila, en hvað sem því líður, hljóta allir Íslendingar að vera sammála um það, að hæstv. stj. hefði átt að gera allt, sem í hennar valdi stóð, án tillits til þess, hverjar líkur væru fyrir árangri.

Það mun hafa náðst í þrjá af ráðherrunum þá um kvöldið. Kona Sigfúsar Sigurhjartarsonar náði í hæstv. fjmrh., að því er ég bezt veit, og spurði hann, hvort ríkisstj. gæti ekki gert neinar ráðstafanir þá um kvöldið, en hann svaraði, að stj. gæti ekkert gert fyrr en morguninn eftir. Honum var þá bent á, að það gæti verið orðið of seint, því að líkur væru til, að mennirnir yrðu fluttir burt þá um nóttina. En hæstv. ráðh. hélt fast við sitt, þó að hann viðurkenndi hættuna.

Með aðstoð lögreglunnar tókst loks að ná sambandi við annan ráðh. þá um kvöldið. Var það hæstv. utanrmrh., og talaði ég við hann. Spurði ég hann, hvort hann gæti engar ráðstafanir gert til að reyna að koma í veg fyrir brottflutning mannanna, með því að setja sig í samband við brezku sendisveitina. Hann kvað það ekki vera hægt. En afstaða hans er, eins og hann hefur þegar sagt, sú, að það hefði ekki verið til neins. Hinu getur hver trúað, sem vill, að nokkur ríkisstj. í víðri veröld sé svo aum, að hún geti ekki náð í sendiherra erlends ríkis seint á degi, þegar mikið liggur við.

Þá voru loks gerðar ráðstafanir til að ná í hæstv. forsrh. Kom brátt í ljós, hvar hann var niður kominn. Hann var í veizlu. Lögreglustjóri nær í hæstv. forsrh., og ég hringi til hans. Hann lætur svara því, að nú sé enginn viðtalstími, og spyr, hvort ekki megi afgreiða málið á morgun. Ég bið þá um ákveðið svar við þeirri spurningu, hvort hann vilji tala við mig þá um kvöldið eða ekki. Var lofað að skila þessu. Ég bíð eftir svarinu, sem kemur ekki, hringi síðan aftur, og er mér þá sagt, að ráðh. sé farinn.

Þegar slíkir atburðir gerast sem handtaka og brottflutningur fyrrnefndra manna, er þetta svo kaldranaleg framkoma íslenzku ríkisstj., að erfitt er að átta sig á því, að það sé í raun og veru íslenzk ríkisstj., sem á slík skipti við íslenzka borgara.

Viðvíkjandi hinu, sem hæstv. utanrmrh. sagði, að ríkisstj. gæti ekki gert samninga við brezku herstjórnina um skilyrði fyrir því, að Þjóðviljinn fengi að koma út, eða reglur þær, sem hann yrði að haga sér eftir í skrifum sínum, til þess að útkoma hans yrði leyfð, vil ég upplýsa þetta: Brezka herstjórnin hefur haft stöðugt eftirlit með Þjóðviljanum sem öðrum blöðum hér og tilkynnt ritstj. hans, að blaðinu væri frjálst að skrifa eins og það vildi og ræða jafnvel afstöðu sína til Breta eftir sinni stefnu, en Bretar gætu hins vegar ekki þolað, að birtar væru upplýsingar varðandi hernaðaraðgerðir, er talizt gætu öryggi þeirra hættulegar. Þjóðviljinn hefur reynt eftir megni að þræða þetta. Hefur herstjórnin oft fundið að ýmsu í skrifum blaðsins, en það hefur komið í ljós, að sams konar óvarkárni hefur einnig átt sér stað hjá hinum blöðunum, og hafa Bretarnir sjálfir viðurkennt, að Þjóðviljinn hafi verið varkárari en önnur blöð í þessu efni, svo sem líka er eðlilegt. En þess var ekki að vænta, að Þjóðviljinn færi að marka sér þrengri bás en krafizt var. Hefði herstjórnin

markað honum þrengri bás, þá hefði hann vitanlega reynt að hegða sér eftir því.

Skömmu eftir brottflutninginn talaði ég við yfirmann þann í brezka hernum, sem er aðili málsins, og spurði ég hann, hvaða skilyrði þeir settu fyrir því, að blaðið fengi að koma út. Hann sagði, að Bretar gætu ekki þolað áróður gegn hernaðarráðstöfunum þeirra hér á landi. Hér á landi, sagði hann. Ég spurði hann þá, hvort Þjóðviljinn mundi ekki fá að koma út, ef hann væri skrifaður í samræmi við þessa kröfu, en hann svaraði, að héðan af kæmi það ekki til mála. Þessar upplýsingar gef ég í tilefni af þeim ummælum hæstv. utanrmrh., að það standi opið að semja við herstj. Það stendur alls ekki opið. Þjóðviljinn er bannaður undir öllum kringumstæðum. En hitt tel ég skyldu hæstv. ríkisstj., að krefjast þess, að eini andstöðuflokkurinn í landinu fái að gefa út blað sitt. Undan þessari skyldu getur hún ekki skotið sér.

Á 57. fundi í Nd., 12. maí, utan dagskrár, mælti

*__Ísleifur Högnason:__ Hv. alþingismönnum mun vera það ljóst, sem um er getið í blöðum stjórnarflokkanna, að nýtt hafi komið fram, sem gerir nauðsynlegt að fresta kosningum. Ég vil gera þá fyrirspurn til ríkisstj., hvað nýtt hafi komið fram, svo kosningum þurfi að fresta, og hvers vegna allir alþm. fá ekki að vita um þessa nýju ástæðu. Ég vil biðja hæstv. forseta að koma fyrirspurn minni til ríkisstj. og vænti svars hið bráðasta.

*__Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):__ Ég heyrði, að hv. þm. hefur séð í blöðum, að ný ástæða sé komin fram, svo nauðsynlegt sé að fresta kosningum. Ég hef nú ekki tekið eftir orðalaginu í blöðunum, en mér er ekki kunnugt um neinar nýjar ástæður þessu viðkomandi.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Ég hef heyrt, að Helgi Briem sitji enn þá í Portúgal og fáist ekki viðurkenndur sem fulltrúi Íslands, þar sem hann hafi átt að vera á Spáni. Hann fór þangað í september, og nú vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanríkismálaráðherra, hvort ætlazt sé til, að hann sitji þarna ótakmarkað, eða hvort hans sé bráðum von heim.

*__Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):__ Í tilefni af fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. er því til að svara, að Helgi Briem verður ef til vill skipaður sendifulltrúi Íslands á Pyreneaskaga, og mun hann þá annaðhvort sitja í Madrid eða Lissabon. Enn þá er ekki hægt að koma því við, að hann verði gerður sendifulltrúi, svo nú gegnir hann störfum sem fiskifulltrúi Íslands erlendis og er í Lissabon. Á meðan ekki verður skorið úr, hvort sendifulltrúi verður skipaður á Pyreneaskaga, þá mun Helgi dvelja þarna sem fiskifulltrúi.

*__Ísleifur Högnason:__ Mér þykir ekki svar hæstv. félmrh. fullnægjandi, og mun ég því ítreka fyrirspurn mína. Til þess að gera hana ljósari, skal ég vitna í dagblaðið Vísi, en þar stendur þessu viðvíkjandi:

„Í leiðara blaðsins í dag skýrir Árni Jónsson alþm. frá því, að ýmsar upplýsingar hafi komið fram á fundi þessum, sem valdið hafi því, að margir þeir þingmenn, sem ekki hafi getað hugsað til þess, að kosningum yrði undir neinum kringumstæðum frestað, séu alveg hiklaust þeirrar skoðunar eftir fundinn, að kosningar verði óframkvæmanlegar nú. Hins vegar sé ekki heimilt að skýra frá upplýsingum þessum að svo komnu máli opinberlega."

Þess vegna vil ég nú endurtaka fyrirspurn mína um, hvort ekki sé hægt að fá þetta upplýst. Okkur, þessum þremur þingmönnum, er það nauðsynlegt, ef við eigum að greiða atkv. um tillögu, sem yrði lögð fram af ríkisstj. að þessu lútandi.

*__Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):__ Eins og síður er, þá ræðir stjórnin oft vandasöm viðfangsefni við stuðningsflokka sína, og ríkisstj. hefur rætt við stjórnarflokkana um að fresta kosningum. En eins og málið stendur nú, þá er ekki hægt að leggja það fyrir Alþingi, og ef það verður gert, þá verður það á venjulegan hátt, og hv. fyrirspyrjandi fær þá þau rök og þær upplýsingar, sem hann æskir eftir.

Á 60. fundi í Nd., 15. maí, utan dagskrár, mælti

*__Ísleifur Högnason:__ 3. þ. m. sendum við þm. Sósíalistafl. ríkisstj. bréf með tilmælum um, að hún kæmi því til leiðar, að haldinn yrði fundur með fulltrúum flokksins og fulltrúum Breta til þess að ræða möguleikana á því að fá gefið út blað fyrir flokkinn. Enn fremur að fá skýrt frá því, hvers vegna Þjóðviljinn var bannaður, og fá tilgreint, hvaða greinar í blaðinu það hafa verið, sem orsökuðu bannið. Afrit af þessu bréfi sendum við til sendiráðs Breta, sem svaraði 2 dögum seinna. Aftur á móti höfum við ekkert svar fengið frá ríkisstj. Nú er liðinn hálfur mánuður, síðan þetta bréf var skrifað, og vildi ég ekki láta undir höfuð leggjast að láta d. vita um þetta mál. Það lítur út fyrir, að ríkisstj. ætli að hundsa okkur í þessu, en hins vegar hefur okkur skilizt, að almennur áhugi sé fyrir því á Alþ., að við fáum að gefa út blað.

Ég verð að átelja þennan slóðaskap ríkisstj. harðlega og spyrjast fyrir um það, hvort það sé meiningin að sniðganga málið.

__Forseti (JörB):__ Hæstv. utanrmrh. er ekki viðstaddur í d., en ég skal koma þessari fyrirspurn áleiðis.

Á 63. fundi í Nd., 20. maí, utan dagskrár, mælti

*__Ísleifur Högnason:__ Þann 28. apríl s. l. samþ. hæstv. Alþ. mótmæli við stjórnarvöldin brezku út af handtöku íslenzkra ríkisborgara og þar á meðal íslenzks alþm. og banni því, er Bretar höfðu lagt við útkomu íslenzks dagblaðs.

Nú vil ég gera þá fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort brezk stjórnarvöld hafi gersamlega hundsað þessi mótmæli hæstv. Alþ. eða hvort nokkuð hafi komið frá brezku ríkisstj. sem svar við þessum mótmælum. Vil ég enn fremur gera

þá fyrirspurn til hv. flm. þessarar þáltill. um mótmælin, sem voru hæstv. forseti sameinaðs Alþ., þm. Seyðf., Haraldur Guðmundsson, hæstv. forseti þessarar d., 1. þm. Árn., Jörundur Brynjólfsson, og háttv. varaforseti þessarar d., Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., og fyrirspurn mín til þessara hæstv. forseta, sem voru flm. þáltill., er um það, hvort þeir sætti sig við þessa hundsun brezkra yfirvalda og aðgerðaleysi þeirra í málinu, og hvort þeir ekki vilja taka málið að nýju fyrir í sameinuðu Alþ. og ítreka þessi mótmæli með kröfu um það, að mönnunum verði tafarlaust skilað heim, og þá ekki sízt þeim alþm., sem um ræðir í þáltill.

Forseti (JörB): Hæstv. ríkisstj. er nú ekki hér til staðar, en það er hægt að koma fyrirspurn hv. þm. til ríkisstj., svo að hún viti um hana.

Viðvíkjandi þeirri fyrirspurn hv. 4. landsk., sem hann beindi til forsetanna, þá munum við eiga tal saman um það, ef ekkert gerist í þessu máli. (ÍslH: Og vonandi þá áður en þingi er slitið.)

Á 28. fundi í Sþ., 16. júní, utan dagskrár, mælti

Brynjólfur Bjarnason: Ég vil nota tækifærið, vegna þess að hæstv. forsrh. er viðstaddur hér í d., til að leggja fyrir hann sem dómsmrh. þá spurningu, hvort honum sé kunnugt um atvik, sem gerzt hefur í fangahúsinu á Litla-Hrauni. Fangarnir þar hafa sem sé verið lokaðir inni á herbergjum sínum í nokkra daga, án þess að þeim sé kunnugt um ástæðuna. Hallgrímur Hallgrímsson hefur verið fluttur í fangahúsið í Reykjavík, og hafa ekki verið leyfðar heimsóknir til hans. Er ekki heldur kunnugt um ástæðuna að þessu. Ef hæstv. dómsmrh. veit ekki ástæðuna, eru það tilmæli mín, að hann láti rannsaka þetta mál, og komi það í ljós, að hér sé um tilefnislausar aðgerðir að ræða, þá geri hann ráðstafanir til þess, að slíkt handahóf endurtakist ekki.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég hef ekki fengið skýrslu frá fangaverðinum um ráðstafanir þær, sem hann hefur gert út af atviki, sem gerzt hefur og komið honum til að gera þessar ráðstafanir, og ég get því ekki skýrt nánar frá þessu.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vildi leggja ríka áherzlu á það, að þetta mál yrði rannsakað til hlítar. Áður en þetta gerðist, munu fangarnir hafa skrifað bréf til stj. vinnuhælisins og farið þess á leit, að helgidagafrítíminn yrði lengdur. Er þetta í alla staði kurteislegt bréf, svo að ekki virðist líklegt, að það sé ástæðan. En þess hefur verið getið til, að Hallgrímur hafi verið rægður af einhverjum smáþjóf þarna, sem tilheyrir soranum og er að fiska eftir náðun. Ef þetta er rétt (og ég fullyrði ekkert um, að þessi ágizkun sé rétt), ef fangavörðurinn lætur fanga, sem eru að reyna að koma sér í mjúkinn, skrökva að sér og framkvæmir svo grófar og tilefnislausar refsingar á þeim grundvelli, sjá allir, að hér er um lélega uppeldisstofnun að ræða, og fangavörðurinn óhæfur til stöðu sinnar. Enda er það upplýst, t. d. um hreinlætið á vinnuhælinu, að það er þjóðarhneyksli, og hef ég rætt það mál áður í sambandi við fjárl. Það er hægt að leggja fram sannanir fyrir því, að á Litla-Hrauni skríður allt út í lús.

Reynist þessi ágizkun, sem ég gat um áðan, rétt, er þar fengin sönnun þess, að fangavörðurinn á Litla-Hrauni á ekki heima í þeirri stöðu, sem hann gegnir nú.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég fer ekki að svara ágizkunum hér. Það hafa komið fram getsakir, sem eru ekki óvenjulegar frá þessum hv. þm., og venjan hefur verið sú að svara því ekki. Hins vegar, ef rökstuddar skýrslur koma til dómsmálaráðuneytisins, frá hverjum sem er, um að fangahúsið sé ekki eins og það á að vera, þá verða þær teknar til greina. Ég býst við, að borgarar landsins hafi ekki undan því að kvarta, að ekki hafi verið rannsakaðar allar kærur, sem dómsmálaráðuneytinu hafa borizt. Væri fróðlegt að heyra um dæmi þess, að svo hafi ekki verið, því að slíkt er móti vilja mínum. Tel ég óviðunandi og óviðeigandi að kasta þessum aðfinnslum á fangavörð, og ef þær eru á sömu rökum reistar og gagnrýnin á fangavörð fyrir að hafa lokað fangana inni af því að þeir hafi ætlað að efna til samblásturs, þá eru þær ekki mikils virði, því að samkvæmt okkar hegningarl. eiga fangar að taka út refsingu sína í fangaklefunum, með vissum undantekningum, eftir því, hvernig dómurinn er. En hér hefur verið gerð sú undantekning, að fangarnir hafa verið látnir vinna í flokkum, og er þetta undantekning frá því, sem tíðkast um refsingar nær alls staðar í álfunni. En ef vinnuflokkarnir gera sig líklega til að mynda samblástur, þá verða þeir að taka út refsingu sína í fangaklefunum, og annað hefur ekki gerzt. Ef aðfinnslurnar um sóðaskapinn eru á sömu rökum reistar og þessar aðfinnslur, þá er ekki mikið mark á þeim takandi. Ég hef ekki annað af fangaverðinum að segja en það, að hann hafi rækt starf sitt með skyldurækni, eins og við var að búast af honum, og að hann sé sómamaður í hvívetna, og þykir mér ósennilegt, að óþrifalega sé gengið um á þessum stað. Geta allir um það dæmt, sem séð hafa hans bújörð, að hún er ein hin þrifalegasta, sem sést, og er ekki líklegt, að þar sé sóðaskapur hafður í frammi. En ef eitthvað er til í þessu, þá ber að senda kæru um það í stjórnarráðið, og sé þeim ekki sinnt, ber dómsmrh. að svara til saka, en það á ekki að koma fram með ásakanir eins og þessa hér á Alþ.

Brynjólfur Bjarnason: Ég get upplýst það, að kærum, sem ég og aðrir hafa sent í dómsmálaráðuneytið hefur ekki verið sinnt, og geri ég því ráð fyrir, að lítið muni stoða, þó að ég og aðrir færu enn að senda þangað kærur. Ég get lagt fram sannanir um það, að allt skríður út í lús á Litla-Hrauni. Ég get lagt fram skyrtur, sem hafa verið soðnar, og eru þær svartar eftir nit.

Eggert Þorbjarnarson og aðrir hafa skrifað bréf til fangahússtjórnarinnar og beðizt lagfær-

ingar á þessu, og væntanlega hefur eitthvað verið lagfært. Annars þótti mér vænt um, að hæstv. dómsmrh. skyldi viðurkenna, að það væri réttur orðrómur, að sú ráðstöfun að loka fangana inni væri sérstök refsiráðstöfun, og að sending Hallgríms Hallgrímssonar til Reykjavíkur væri til komið af rógi. Hann sagði, að verið hefði um mótblástur að ræða, og slíkar upplýsingar hlýtur hann að hafa frá einhverjum fanganna. Eru líkur fyrir því, að hér sé um einn ákveðinn fanga að ræða, sem vill sleikja sig upp við yfirvöldin, til þess að fá náðun. Er margt, sem bendir á, að þessi grunur muni reynast réttur. Er það skylda hæstv. dómsmrh. að reyna að fá þessu kippt í lag og sjá um, að fangavörðurinn sé settur af, ef svo reynist, að hann er ekki starfi sínu vaxinn. Það er nógu mikið hneyksli, að pólitískir fangar séu hafðir innan um glæpamenn, sem er verra en var í Rússlandi á keisaratímunum, þó þar við bætist ekki, að mætir menn, eins og Hallgrímur Hallgrímsson og Eggert Þorbjarnarson, þurfi að vera seldir undir handahófsrefsingar menningarsnauðra bitlingamanna.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég ætla ekki að svara þessu með öðru en því að vita slíkar umr. á Alþ. — En viðvíkjandi kærum þeim frá hv. þm., sem hann minntist á, vil ég geta þess, að ég hef ekki einu sinni heyrt þær nefndar fyrr en nú. Þær hljóta þá að hafa verið sendar stjórnarráðinu rétt í þessu, hafi þær verið til. (BrB: Þær voru sendar hæstv. dómsmrh. í febrúarmánuði.) Og hef ég aldrei heyrt getið um neitt ólag á Litla-Hrauni, fyrr en kvartanir um það koma frá kommúnistum, eftir að þeir voru sendir þangað.

*Jóhann Jósefsson: Ég vil leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. utanrmrh. viðvíkjandi því, hvort hæstv. ríkisstj. hafi tekið upp nokkra stefnubreytingu að því er snertir störf utanríkismn. Ég á sæti í þessari n., og fram að ófriðnum voru oft haldnir fundir í henni. Hafa að vísu verið haldnir nokkrir fundir í n. síðan, en mér virðist sem nokkur breyting hafi á orðið, því að áður fyrr voru samningar við erlend ríki oft ræddir á fundum n., en fyrir það er nú tekið, og er nú orðin á þessu allmikil breyting. Mér er orðið svo að segja í barnsminni, hvenær fundur var haldinn í þessari n. Og síðasti fundur, sem haldinn var í n., var ekki haldinn að tilhlutun ríkisstj., heldur var það form. n., sem boðaði til hans út af töku á íslenzkum dreng, sem tekinn var og fluttur af landi burt í vetur. En utanríkismál virðast vera fjarlæg þessari n. og afskiptum hennar, af hvaða ástæðum sem það kann að vera. En upphaflega mun hafa verið ætlazt til þess, að utanríkismn. væri að öllum jafnaði ríkisstj. til ráðuneytis við samninga þá, sem gerðir væru við erlend ríki, og um önnur mál, sem snerta útlönd. Það er nú svo, að í hugum flestra hv. þm. mun það vera enn, að þeir búist við, að þeim, sem sæti eiga í þessari hv. n. sé eitthvað kunnugt um slíka samninga, og að þeir hafi einhvers staðar fengið að láta sitt álit í ljós, og er það von, meðan það er ekki upplýst, sem ég leyfi mér að halda fram, að undir þessa n. eða hennar afskipti sé minna og minna borið af þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru í þessum samningaefnum. Út af þessu vil ég leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort það sé tilviljun, að svona er komið, eða hvort það sé stefna hæstv. ríkisstj. að sniðganga þessa n. framvegis, eins og mér virðist, að gert hafi verið nú að undanförnu.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að þessari minni gagnrýni er sérstaklega beint að hæstv. ríkisstj. nú, en ekki að formanni n. Því að þótt hann stundum hafi kvatt n. saman til þess að ræða um minni háttar mál, þá liggur í hlutarins eðli, að það er hæstv. ríkisstj., að eiga frumkvæðið að því, að þessi n. sé kvödd til funda, þegar við þykir eiga, en ekki formanns n. né einstakra nefndarmanna.

Svo að ég drepi á eitt dæmi, þá hefur verið um það deilt, hvort samið hafi verið um það eða ekki við erlent ríki, að gengi íslenzku krónunnar héldist óbreytt. Sumir segja, að þetta hafi verið gert. Af öðrum hefur það verið borið til baka, að svo hafi verið. Svona kann að vera um fleira. Og þeir, sem í þessari n. sitja, eru á engan hátt betur inni í þessum hlutum heldur en menn utan þings. Mér virðist, að hér sé brugðið frá þeirri venju, sem áður tíðkaðist, og þessari n. vikið frá því hlutverki, sem henni var ætlað, þegar hún var sett á stofn hér af hæstv. Alþ.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Út af fyrirspurn hv. þm. Vestm. skal ég taka það fram, að eftir því, sem mér er kunnugt um, hefur það ekki verið nein föst venja að leggja viðskiptasamninga sérstaklega fyrir utanríkismálan., áður en þeir væru afgreiddir. Ég man ekki til þess, að það hafi verið gert að reglu undanfarin ár. Þess vegna hefur ekki þótt sérstök ástæða til að kalla þessa n. saman, þegar gerðir voru nú síðast viðskiptasamningar við Bretland, sem gerðir voru af viðskiptan. í samráði við ríkisstj. Ef ég man rétt ákvæðin um utanríkismálan. í þingsköpunum, sem sett voru í þau, þegar þessi n. var stofnuð, þá var aðallega verkefni hennar að vera með ríkisstj. í ráðum um það, sem við kemur utanríkismálum almennt. Þau utanríkismál, sem ríkisstj. hefur sérstaklega séð ástæðu til að ráðfæra sig við, utanríkismálan. um, hafa verið fyrir hana lögð. Sum mál hafa jafnvel verið lögð fyrir þingmannafundi, og það meira heldur en fyrir þessa n. Og ég hygg, að ekkert sérstakt utanríkismál hafi komið upp nú nýverið, þann tíma, sem fundir hafa ekki verið haldnir í n., sem sérstök ástæða hefur þótt til að kalla n. saman út af. Það mikla mál, sem í sjálfu sér er mikið utanríkismál, afstaða íslenzka ríkisins til Danmerkur, var ekki aðeins rætt innan utanríkismálan., heldur á fundum flokkanna og á fundum þingmanna þeirra, sem styðja ríkisstj. Það mál var ekki farið með af ríkisstj. einni út af fyrir sig, heldur í samráði við hæstv. Alþ. og í samráði við alþm. yfirleitt.

Ég held því varla, að það sé hægt að segja, að það hafi orðið nokkur stefnubreyting hvað

snertir störf utanrmn. nú upp á síðkastið, þó að því sé ekki að neita, að ríkisstj. þótti það mjög miður, að eftir að á fundi utanrmn. var lagt fyrir n. mál, sem snerti utanríkismál Íslands og afstöðu þess til annarra ríkja, þá virtist það mál upp úr þeim fundi verða hljóðbært um allan bæinn. Og eitt blað hér í bænum skýrði nokkuð frá því máli, þar sem það var að vísu rangfært. Og ætla má, að einhver vitneskja hafi borizt út um þetta mál, þegar það var rætt af ríkisstj. við trúnaðarmenn sína í utanrmn. Ég vil ekki segja, að vegna þessa hafi utanríkismn. ekki verið kölluð saman upp á síðkastið, heldur vegna þess hvað mig snertir, að í því ráðuneyti, sem ég hef með að gera, hefur ekkert mál komið fyrir, sem ég hef séð sérstaka ástæðu til að kalla n. saman út af og leggja fyrir hana til sérstakrar athugunar. Það er að vísu alveg matsatriði fyrir hverja ríkisstj., hvaða mál, sem snerta utanríkismál, eigi að bera undir og ræða við utanrmn. Og það getur risið ágreiningur um það innan ríkisstj., hvort ástæða sé til að ræða eitthvert visst mál við þessa n. En mín skoðun er sú, að þau utanríkismál, sem upp hafa komið nú þann tíma, sem fundir hafa ekki verið haldnir í utanrmn., hafi ekki verið þess eðlis, að sérstök ástæða væri til þess að leggja þau fyrir þessa n. Hitt er atriði, sem ég vil ekki um dæma, hvort eðlilegt sé, að viðskiptasamningar, sem gerðir eru af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, séu ræddir í utanrmn. Ég hygg, að um það hafi ekki myndazt nein föst venja, sem út af hafi verið brugðið á síðustu tímum.

Forseti (HG): Það væri mjög æskilegt, ef menn styttu mál sitt um þetta mál svo sem kostur er.

***Gísli Sveinsson:** Það er nú svo, að ég held, að hæstv. forseti verði að virða þm. það nokkuð til vorkunnar, þó að þeir leituðu lags um að koma einhverjum fyrirspurnum fram utan dagskrár í sameinuðu þingi, í þeirri von, að þá væru einhverjir hv. þm. viðstaddir á fundi, og í öðru lagi ef það heppnaðist, að einhver úr hæstv. ríkisstj., helzt fleiri en einn, sæist í þingsalnum. Ég tel því eðlilegt, að þessar fyrirspurnir komi fram, því að þetta mál er þess virði, að því sé hreyft hér, og engin tök eru á, að koma slíkum fyrirspurnum fram, nema í sameinuðu Alþ. utan dagskrár.

Ég hefði nú óskað, að hæstv. forsrh. sæi sér fært að vera viðstaddur, því að ég vildi aðeins drepa á það, sem nú hefur verið talað um, því að það snertir alla hv. þm., störf utanrmn.

Samkv. 16. gr. þingskapa, er þessari n. ætlað sérstakt hlutverk. Í fyrsta lagi er það hlutverk hennar að starfa meðan Alþ. situr á sama hátt og aðrar n. í sameinuðu þingi. Þess vegna mætti það vera gefið, að háttv. þm. gætu ekki vænzt þess, að utanrmn. væri eins konar stjórnarn. með utanríkismrh. og hans ráðuneyti, meðan Alþ. situr. Þessi n. á að taka við málum eins og þessi 16. gr. hljóðar um, sem sameinað þing eða þingdeildir vísa til hennar, á sama hátt og aðrar n. þingsins. En henni er ætlað annað hlutverk, af því að menn töldu þess nauðsyn, þ. e. a. s. að á milli þinga má hún starfa eða jafnvel á hún að starfa, og þá „skal ráðuneytið ávallt" eins og í 16. gr. þingskapa stendur, „bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga", og er hér átt við utanríkismál, samkvæmt því sem stendur fyrr í 16. gr. Þess vegna skilst mér, að hv. þm. Vestm. þurfi ekki að kvarta yfir því, þó að nm. í þessari n. væru ekki kvaddir til starfa meðan þing situr. En annað mál er það, hvernig n. hefur rækt starf sitt, meðan þing sat. En vilji hæstv. ríkisstj. ráðgast við þm. meðan Alþingi situr, þá er við þingheim að ráðgast eða aðra, sem til þess eru kvaddir af Alþingi, en ekki við utanríkismálanefnd, sem eingöngu á að starfa á milli þinga sem slík ráðuneytisnefnd.

Vil ég beina fyrirspurnum til hæstv. ríkisstj., að vísu nokkuð á sama hátt og áður, meður því, að oft hefur verið vegið í sama knérunn.

Eins og kunnugt er, var fyrir nokkru af herstjórn Breta hér á landi ráðizt í að handtaka íslenzka borgara, þar á meðal einn alþm. Þessi alþm. hefur, ásamt þeim öðrum, sem þá voru teknir, að því er bezt verður vitað, setið í Englandi. Og upplýst er, að ríkisstj. hefur mótmælt þessari handtöku og líka krafizt þess, að því er ætla má, að þetta fólk yrði laust látið og flutt heim, og þá ekki sízt, að alþingismanninum yrði skilað til Alþ. Nú hafa engin svör borizt frá hæstv. ríkisstj. um það, og hefur þó áður verið spurt um það, hvernig þessu máli gangi. Hvað líður þessu máli?

Nú hefur það komið fyrir enn á ný, að herstjórn Breta hefur tekið fjölda fólks vestur á Ísafirði, sem ekkert er upplýst fyrir almenningi, hvaða sakir eru, sem eiga að vera orsök þess, að þetta fólk er handtekið og flutt af landi brott. Ég þykist vita, að hæstv. ríkisstj. hafi nú sýnt sömu rögg af sér sem hið fyrra sinn, er íslenzkir ríkisborgarar voru handteknir og brott fluttir, að hún hafi nú mótmælt þessu harðlega við Bretastjórn, enda þótt ekkert hafi um það verið birt opinberlega, og krafizt þess, að fólkinu verði skilað aftur, a. m. k. eftir að herstjórnin hefur gefið skýrslu um, fyrir hverjar sakir þetta fólk hefur verið handtekið, sem ekkert hefur verið birt um fyrir hæstv. Alþ., og því síður fyrir almenningi. Það eina, sem komið hefur fram um sakir þessa fólks, er þannig, að enginn maður fulltíða getur talið það neinar sakir, því að eftir íslenzkum l. geta þær ástæður ekki talizt þannig vaxnar, að ástæða sé fyrir þá hluti að taka fólkið höndum og því um síst að koma því til útlanda. Og þá er spurningin: Hvað hefur þetta fólk brotið af sér við Stóra-Bretland, sem sé ástæða til að koma því af landi burt fyrir, til þess að gera það óskaðlegt? Mörgum finnst það vera með undrum og ódæmum og virðist þurfa skýringa við, þar sem maður á hlut að máli, sem er konsúll Breta á Vesturlandi. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi fengið skýrslu frá herstjórninni um þetta og viti, hvernig tekið hefur verið í kröfur hennar um heimflutning fólksins. Ég beini því til hæstv. ríkisstj., að hún gefi upplýsingar um þessi atriði, sem ég hef spurt um. Og væntanlega mun ráðh. sá, sem fer með utanríkismál, svara þessu.

Forseti (HG): Það hafa nokkrir hv. þm. kvatt sér hljóðs. Þetta mál er utan dagskrár, og mörg mál eru á dagskrá. Ég vil því mjög biðja hv. þm. að stytta mál sitt. Það er ekki gert ráð fyrir almennum umr. um mál, þegar mál eru tekin fyrir utan dagskrár. Ef ræður verða haldnar langar um málið, má því búast við, að ræðutími verði takmarkaður.

***Jóhann Jósefsson:** Upplýsingar hæstv. utanrmrh. þóttu mér næsta furðulegar. Hann hélt því fram, að ekki hefði verið venja, síðan utanrmn. var stofnuð, að hún hefði verið höfð til ráðuneytis um samningagerðir við erlend ríki. Þetta fer svo fjarri því, sem rétt er í málinu, að það hefur alltaf verið svo, að þessi mál hafa verið tekin fyrir á fundum þessarar n. ásamt ríkisstjórninni, og það svo gaumgæfilega, að orðalag skeyta til manna í útlöndum hefur verið rætt og síað á fundum utanrmn. Hæstv. núverandi utanrmrh. hefur einnig ávallt fylgt þessari reglu, að undanskildum þeim síðasta tímanum, sem hér hefur verið getið, svo langt sem mér er kunnugt, að hafa fundi um slík mál með þessari n. Nú hefur út af þessu brugðið, og hæstv. utanrmrh. segir, að sér hafi ekki þótt ástæða til að kveðja þessa n. til ráðuneytis, vegna þess að viðskiptanefnd hafi starfað að samningamálunum og síðan hafi málin verið borin undir þingflokkana. Það er þá þar með komin stefnubreyt. í þessu efni undir stjórn þessa hæstv. ráðh. En ég vil benda á, að þessi hv. viðskiptanefnd er eins og hver önnur samninganefnd við útlönd, og samninganefndir við útlönd hafa einmitt verið háðar því, að ríkisstj. hefur tekið þeirra erindisrekstur fyrir til athugunar á fundum með utanríkismálan. Ef ekki er tilætlunin að mynda hér á landi einhverja einræðisstjórn, þar sem ákveðnir aðilar eigi að fjalla um þessi mál, og forðast mest að aðrir geti komið þar að nokkrum aths., þá álít ég, að hæstv. utanrmrh. ætti að breyta um stefnu í þessu máli.

Hvað það snertir, að eitthvað hafi lekið út frá ráðuneytinu eða þessari n. um eitthvert sérstakt mál, skal ég ekkert segja. En mér er ekki kunnugt um það mál. En fyrir nokkrum árum var gerður samningur við erlent ríki, sem fór frá ráðuneytinu, — áður en þessi hæstv. ráðh. kom í ríkisstj. —, og komst sá samningur í blöð, og að vísu afbakaður. Það er engin ástæða frambærileg fyrir því að útiloka utanrmn. frá afskiptum af þessum málum, þó að eitthvað slíkt hafi komið fyrir.

Út af því, sem hæstv. ráðh. vitnaði til í ræðu sinni, að þessi mál séu borin undir þingflokkana, þá verð ég að segja það frá mínu sjónarmiði, að það ráðuneyti, sem hæstv. ríkisstj. getur haft af því að bera málin undir þingflokkana önnum kafna, er tiltölulega lítils virði. Og þó að skýrt sé frá málum í helztu atriðum á fundum þingflokka, þá eru þau ekki mikið athuguð í þingfl. og á allt annan hátt en gert var í utanrmn., áður en hæstv. núv. ríkisstj. tók við stjórnartaumunum. Mér virðist, eftir því sem hæstv. utanrmrh. lýsir þessu, að hann ætti að leggja til, að utanrmn. skyldi vera lögð niður og í hennar stað kæmi sú n., sem hann minntist á, eða eitthvað annað. Það er betra að leggja utanrmn. alveg niður heldur en að láta hana verða áfram aðeins að nafninu til.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Út af ræðu hv. þm. Vestm. skal ég fyrst vísa til þeirra ákvæða þingskapa, sem fjalla um utanríkismálanefnd, og hv. þm. V.-Sk drap á. Samkv. ákvæði 16. gr. þingskapa á utanrmn. meðan þing situr að fjalla um þau mál, sem sameinað Alþ. eða önnur hvor þingd. vísar til hennar. Það er þess vegna á þingsins valdi, meðan það situr, hvaða mál utanríkismálan. fær þar sérstaklega til athugunar. Nú er hv. fyrirspyrjandi sjálfur þingmaður og gæti þess vegna e. t. v. haft einhver áhrif á það, annaðhvort í sameinuðu þingi eða í þeirri d., sem hann á sæti í, að einhverjum málum, sem hann er settur í, væri til þessarar n. sérstaklega vísað. Þá mundi að sjálfsögðu formaður n. kalla hana saman og taka fyrir þau mál, sem þannig væru lögð fyrir hana eftir réttum reglum. Hins vegar á þessi n. utan þings að vera til ráðuneytis ríkisstj. í þeim málum sérstaklega, sem eru utanríkismál. Það voru haldnir mjög margir fundir í utanrmn. skömmu fyrir þetta þing, og veit ég, að hv. þm. Vestm. kannast vel við það. Þar voru lögð fram öll þau mál, sem ríkisstj. sá ástæðu til að ráðfæra sig við þessa n. um. Þar voru þau rædd og gefnar skýrslur o. s. frv. Þess vegna álít ég, að fylgt hafi verið reglum um þessa n. samkv. þingsköpum að því er ráðuneytið snertir. Um hitt atriðið, hvort það hafi verið föst regla að ræða viðskiptasamninga sérstaklega í utanrmn., þá vil ég ekki kannast við, að það sé eða hafi verið föst regla. Ég átti sjálfur sæti í utanrmn. á tímabili. Man ég að vísu eftir því, að þá komu fyrir n. mál viðskiptalegs eðlis oftar en einu sinni. En ég hygg, að ekki hafi borið meira á þeim í n. þá heldur en nú. En að mál, sem snerta afstöðu landsins út á við, hafi verið rædd í n., kannast ég yfirleitt ekki við sem fasta reglu. Þetta tel ég nægja til að svara hv. þm. Vestm.

Út af þeim atriðum, sem hv. þm. V.-Sk. talaði um, er sjálfsagt að gefa þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru um þau mál. Út af brottnámi íslenzks alþm. voru þegar afhent mótmæli gegn brottnámi alþm. og annarra, sem með honum voru teknir, og ályktun Alþ., sem gerð hafði verið áður þar að lútandi, var þar tilfærð orðrétt. Í þeim mótmælum var sérstaklega gerð krafa um það, að mennirnir væru látnir lausir og þeim skilað heim aftur. Skömmu eftir að þessi mótmæli voru afhent, barst bréf frá sendiherra Breta, þar sem kvittað er fyrir móttöku mótmælanna og tilkynnt, að hann hafi sent bréf til ráðuneytis Breta, og þegar ráðuneytið hefði athugað málið, mundi það sjálfsagt senda sér bréf um málið. Samtímis því, sem þetta var gert, var símað sendifulltrúa Íslands í London um að setja sig í samband við þessa menn og greiða götu þess, að þessir menn yrðu lausir látnir og þeir fluttir heim. Sendifulltrúinn hefur skipzt á bréfum við ríkisstj. um þessi atriði, og veit ég, að hann vinnur að þessu máli svo sem hann frekast getur. Annað er ekki hægt að segja um

þetta nú, en að svar brezka utanríkismálaráðuneytisins er ókomið enn.

Um brottnám Vestfirðinganna er þess að geta, að strax er um það var vitað, var sett sig í samband við brezka sendiherrann, og gaf hann skýrslu um brottnámið. Ríkisstj. tók skýrslu þessa fyrir á sameiginlegum fundi og kom sér saman um að gera þá kröfu til herstjórnar Breta, að þessir menn yrðu ekki fluttir utan, þar sem ekki lægju fyrir þær upplýsingar, sem gerðu það að verkum, að frá íslenzku sjónarmiði væri ástæða til slíkra aðgerða. Hins vegar töldum við sjálfsagt, að mál þessara íslenzku þegna yrði rannsakað af íslenzkum dómstólum. Eftir að ríkisstj. hafði komið sér saman um það, var átt tal við sendiherra Breta og þessar kröfur íslenzku stj. fram bornar. En hann svaraði því til, að hann mundi aftur ræða við brezku herstjórnina þann sama dag og síðan láta íslenzku stj. vita niðurstöðuna. Seinni hluta sama dags lét hann íslenzku stj. vita um, að hann hefði rætt við brezku herstjórnina hér á landi og að hún héldi mjög fast við ákvörðun sína um brottflutning á mönnunum úr landi, og frekari upplýsingar yrðu ekki gefnar að sinni. Þá var líka símað til sendifulltrúa Íslands í London og hann beðinn að setja sig í samband við þessa menn og greiða götu þeirra og aðstoða ríkisstj. í að vinna að því, að menn þessir yrðu látnir lausir og fluttir til Íslands aftur. Enn þá hefur ekkert frekar skeð í þessu máli. En ég tel, að ríkisstj. hafi gert í þessu málefni það, sem henni bar, þó að árangur hafi ekki orðið sá, sem menn hefðu viljað.

*Ísleifur Högnason: Ég þakka hv. þm. V.-Sk. fyrir, að hann bar fram fyrirspurn til ríkisstj. um, hvað liði máli hinna þriggja ríkisborgara, sem fluttir voru til Englands. Ég hafði áður gert fyrirspurn, en stj. kom sér hjá því að svara. Ég ætla þá að beina til hv. alþm., hvort ekki sé athugandi fyrir þingið að senda ítrekuð mótmæli og láta þau fela í sér vanþóknun á því, að brezka ríkisstj. beinlínis hundsar þær samþykktir, sem Alþ. gerir, og hefur látið dragast í allt að 2 mánuði að svara.

Þá vil ég einnig bera fram ósk við hæstv. stj. að hún hlutist til um það, að bréf fái að berast á milli þessara handteknu manna og skyldulíðs þeirra hér á landi. Það eru bráðum liðnir tveir mánuðir, sem ekkert hefur frá þeim heyrzt, eða síðan skeyti kom frá sendifulltrúa Íslands í London. Fólk þeirra er mjög kvíðið, sérstaklega af því að þeir eru í miðri London og borgin hefur einatt orðið fyrir loftárásum síðan þeir komu þangað. Þess vegna vil ég gera fyrirspurn til hæstv. stj., hvort hún vilji ekki hlutast til um það, að að minnsta kosti hálfsmánaðarlega berist skeyti um líðan þessara fanga. Og í öðru lagi að það geti farið fram bréfaskipti milli þeirra og skyldulíðs þeirra, reglulega og án mikilla tafa.

Í þriðja lagi óska ég svars um það, hvort ríkisstj. getur ekki séð sér fært að gera aðstandendum allra þessara manna jafnt undir höfði með lífeyri. Hæstv. ríkisstj. hefur greitt lífeyri til fjölskyldna tveggja, Sigfúsar og Einars, en ellihrum móður Sigurðar Guðmundssonar blaðamanns hefur ekkert fengið.

Ég ætla að verða við ósk hæstv. forseta og lengja ekki málið, og vona, að hæstv. stj. svari.

*Bergur Jónsson: Ég vildi leiðrétta nokkuð af því, sem hæstv. utanríkisráðh. hefur sagt út af fyrirspurn hv. þm. Vestm. Ég get sagt honum það, að það var venja, föst venja, sem aldrei var brugðið út af, þangað til þessi núverandi styrjöld hófst, að hvert einasta skjal utanríkismálan. var sent nefndarmönnum, og fundir voru alltaf haldnir í sambandi við þau málefni og ávallt í sambandi við millirikjasamþykktir. Þetta breyttist skyndilega, þegar stríðið hófst, og síðan hafa svo að segja engir fundir verið haldnir í þessari nefnd. Svo að það hlýtur að vera af ókunnugleika mælt að segja, að engin stefnubreyting hafi átt sér stað gagnvart utanríkismálum. Það er náttúrlega rétt hjá hv. þm. V.-Sk., að meðan þing stendur er gert ráð fyrir því, að utanríkismálanefnd fái þau ein mál, sem þangað er vísað. Og það er kannske ekki óeðlilegt, þó að hæstv. ráðh. hafi ásakað hv. þm. Vestm. og aðra þm., að þeir skyldu ekki hafa tekið þá leið, þegar utanríkismál hafa verið tekin fyrir í deildinni. En ég vil benda á, að venjulegt frumkvæði í því máli hefur verið af hendi stj. sjálfrar. Og að því er t. d. sjálfstæðismálið snertir var hagað þannig vinnubrögðum í fyrravor, þegar afgr. var þál. um skipun á æðsta valdi í málefnum ríkisins, að þennan sólarhring, sem rætt var um það mál af þm., voru ýmist haldnir stjórnarfundir, utanríkismálanefndarfundir, flokksfundir, sameiginlegir þingfundir og loks opinberir fundir. Þetta var ekki gert í sambandi við sjálfstæðismálið nú í ár.

Ég vil taka undir með hæstv. ráðh. um, að það var leiðinlegt, að eitt ákveðið mál, sem vitanlega átti að vera algert leyndarmál, skyldi leka út eftir að haldinn var fundur í utanríkismálanefnd snemma á árinu. En ég vil benda honum á, að það er ósannað mál, hvort það voru nefndarmenn eða viðstaddur ráðh., sem sögðu frá því. En ef við ætlum að fara að tala um leyndarskylduna og draga þá ályktun af henni, að ekki sé rétt að hafa utanríkismálanefnd í ráðum um þau mál, sem til er ætlazt samkv. þingsköpum, þá þykir mér dálítið einkennilegt, að það skuli vera haldnir lokaðir fundir kannske með 40—46 þm. og birt fyrir þeim ýmis leyndarmál, en ekki óhætt að halda fund í 7 manna n. um sömu málefni.

Sem sagt, það er ekki hægt á neinn hátt að komast undan því, að það hefur orðið mjög mikil breyting um afstöðu gagnvart utanríkismálanefnd upp á síðkastið frá því, sem verið hefur. Og ég get ekki séð, að fyrir því sé nein önnur ástæða heldur en sú, að það sé eitthvert vantraust, sem hæstv, stj. hefur á n. Og ef svo er, þá væri náttúrlega bezta ráðið að taka upp þann, sem hv. þm. Vestm. gat um, að leggja bara þessa n. niður. Ég gat þess áðan, að rétt á meðan þing stendur yfir væri ekki skylda, enda þótt verið hafi venja áður, að leggja utanríkismál fyrir utanríkismálanefnd. En ég vil geta eins máls, sem sent var utanríkismálan. á þessu

þingi. Það var till. til þál., sem vísað var til allshn. Nd. N. var sammála um að leita álits utanríkismálan. um þetta mál, sem var almennt, opinbert þingmál, sem getið var um í útvarpi og blöðum, svo ekki var nein ástæða til mikillar leyndar þar. En n. var aldrei kölluð saman. (GSv: Það var formannsins!) Formaðurinn sagði, að fundur ætti að vera haldinn, en að hæstv. stj. hefði ekki fengizt til að mæta. Þetta er það, sem er rétt í málinu. Ég veit náttúrlega ekki, hver er afstaða nm. yfirleitt, en menn kæra sig kannske ekki um að auka störf sín eða sækjast eftir að auka dagsverk sitt, — við höfum flestir nóg að gera. Hitt er annað mál, hvort við kærum okkur um að liggja undir því ámæli til lengdar, að ekki sé óhætt að treysta okkur. Ég held það væri hægurinn nær að fá nefndarmenn til að bindast þagnarheiti um það, sem vitanlega má ekki fara af fundum, og láta þess getið áður en rætt er um málið á fundi. Ég fyrir mitt leyti mun ekki segja frá því, sem ég má ekki segja frá, meðan ég er í n.

*Magnús Jónsson: Ég ætlaði ekki að blanda mér inn í þetta mál yfirleitt, en út af því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, þá finnst mér ekkert óeðlilegt, þó að talað væri við utanríkismálanefnd einnig um þingtímann. Því að eins og kunnugt er, hefur fjmrh. viðtækar umræður við fjvn., sem ekki koma til þingsins kasta að öðru leyti. Sama er að gegna um aðra ráðh. og sjútvn. og landbn., sem hafa margvísleg störf, sem ekki koma fyrir þingið nema stundum í þál. eða frv.formi. Og það liggur í augum uppi, að ekkert er eðlilegra en það, að utanríkismál séu rædd við utanríkismálan. einnig um þingtímann, þó að hennar starf sé sérstaklega utan þingtímans. Ég vil ekki mótmæla því, sem hæstv. utanríkismálaráðh. sagði, að samningar séu jafnan bornir undir utanríkismálan. eða skýrt frá þeim. Það voru þá fréttir! Ég verð að segja, að ég veit ekki, hvernig þessi nefnd ætti að starfa, ef ekki á að segja henni frá slíkum aðalatriðum og þeim, að viðtækir samningar hafi verið gerðir við önnur ríki. Það er bókstaflega talað ekki verandi í n., ef nm. eiga að frétta utan að sér um stóra samninga við önnur ríki, sem aldrei hefur verið við þá rætt um né tilkynnt um.

En það, sem kom mér til að standa upp, er sérstaklega það, sem hæstv. ráðh. sagði, að n. liggi undir þeirri grunsemd, að einhverjir nm. hafi sagt frá nefndarmálum. Það er náttúrlega óþolandi fyrir n. að liggja undir þessu. Ef ég hefði haft hugmynd um þetta, mundi ég fyrir mitt leyti hafa hreint og beint óskað eftir rannsókn á þessu. Ef utanrmn. á varla að fá að koma saman um þingtímann og ef í öðru lagi á að fjalla um stærstu og mest varðandi utanríkismál án þess svo mikið sem að segja n. frá því á eftir, þá er nóg komið. En þegar n. liggur undir grunsemd um, að hún blaðri frá því, sem hún heyrir á fundum, þá er farið þannig að búa að n., að ég held það ætti að hætta að hafa hana. Þessi grunsemd á n. er annars algerlega órökstudd. Það er hver hópurinn af öðrum, sem hefur vitað um þessi mál, og ómögulegt er að segja, þó að eitthvað kvisist, að það sé frá utanrmn.mönnum komið, en ekki frá ráðh. sjálfum eða starfsmönnum í stjórnarráðinu.

Mér finnst, að þessar umr. hafi leitt í ljós, að mikill vafi sé, hvort þingið eigi ekki að taka til athugunar að leggja niður þessa nefnd.

II. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 24. fundi í Nd., 27. marz, utan dagskrár, mælti

*Bjarni Bjarnason: Fyrir nokkuð löngu síðan var lagt fyrir þessa hv. deild frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana. Áður hafði mál þetta verið rætt innan flokkanna, og var víst litið svo á, að það yrði afgr. með samkomulagi milli þeirra. Fór frv. þetta að því er ég bezt veit umræðulaust til n. og hefur nú legið þar lengi.

Nú vil ég leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort honum sé kunnugt um, hvers vegna mál þetta fær ekki afgreiðslu hjá nefndinni. Í öðru lagi vil ég spyrjast fyrir um, hvort hv. þm., sem fengið hafa þingfararkaup sitt greitt með fullri verðlagsuppbót, þyki þessi dráttur á afgreiðslu málsins viðkunnanlegur. Það kann að vera, að einstakir þm. hafi ekki hafið verðlagsuppbótina, en ef flestir þeirra hafa þegar hlotið fulla verðlagsuppbót, svo sem frv. gerir ráð fyrir, samir ekki að draga aðra starfsmenn ríkisins, sem verr eru settir og mega ekki við slíkum töfum, á afgreiðslu þessa máls.

*Einar Olgeirsson: Um leið og ég vil taka undir ummæli hv. 2. þm. Árn., vil ég leyfa mér að minna á það, að nokkru áður en stjórnarfrv. um verðlagsuppbót á laun embættismanna ríkisins kom fram, fluttum við þm. Sósíalistafl. í þessari deild frv. með álíka fyrirsögn og sama efnis. Nú hefur frv. stj. gengið í gegnum Ed. og er komið til n. í þessari hv. deild, en frv. okkar hefur ekki einu sinni verið tekið til umræðu. — Ég vil leyfa mér að minna á þetta, til þess að sýna, að ekki hefur staðið á okkur, að mál þetta hlyti sem skjótasta afgreiðslu.

*Forseti (JörB): Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Árn. vil ég geta þess, að ég hef átt tal við form. fjhn. og óskað eftir, að mál þetta fengi skjóta afgreiðslu, einkum með tilliti til þeirra útreikninga, sem gera þarf í því sambandi og þurfa að vera tilbúnir um næstu mánaðamót. Form. fjhn. tjáði mér, að frá sinni hálfu væri ekkert því til fyrirstöðu, að málið fengi afgr., en þó mun um einhverja hindrun vera að ræða innan n. Þegar álit fjhn. liggur fyrir, má vænta þess, að málið fái skjóta afgreiðslu, því að eins og hv. 2. þm. Árn. tók fram áðan, var fullt samkomulag um það innan flokkanna.

Vegna ummæla hv. 4. þm. Reykv. vil ég geta þess, að þegar ég sá, að hæstv. ríkisstj. hafði borið fram sams konar frv. í Ed. og þm. Sósíalistafl. höfðu flutt hér, og þar sem vænta

mátti, að afgreiðslu stjfrv. yrði hraðað sem mest, *tók ég ekki frv. þeirra á dagskrá hér, og vænti ég*, að hv. þm. skilji, að sú er ein ástæðan. Um hug hv. þm. til málsins hefur enginn þurft að efast.

***Sveinbjörn Högnason:** Vegna fyrirspurnar hv. 2. þm. Árn. vil ég upplýsa, að mál það, sem hér er um að ræða, hefur verið til umræðu á allmörgum nefndarfundum, þar sem ýmislegt hefur þurft að athuga. Nál. mun væntanlegt alveg á næstunni, að öllum líkindum á morgun.

Á 19. fundi í Sþ., 23. *maí*, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Forseti (HG): Þann 2. þ. m. barst forseta sameinaðs Alþingis svo hljóðandi bréf, dags. þann sama dag:

„Eins og kunnugt er, lítum við þannig á, að skylt sé að hafa útvarp við frh. 1. umr. fjárlaga, en nú hafa stjórnarflokkarnir komið sér saman um að láta ekki útvarpa þeirri umræðu.

Þess vegna förum við þess á leit við yður, herra forseti, að þér leitið samþykkis þingflokkanna fyrir því, að almennar útvarpsumræður fari fram við 2. eða 3. umræðu fjárlaga fyrir árið 1942.

Virðingarfyllst.

Ísleifur Högnason, alþm.
Brynjólfur Bjarnason, alþm.
Jóhannes Jónasson úr Kötlum, alþm.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Samdægurs var sent til formanna allra þingflokkanna svo hljóðandi bréf:

„4. landsk. þm. (Ísleifur Högnason), 1. landsk. þm. (Brynjólfur Bjarnason) og 4. (vara)þm. Reykv. (Jóhannes Jónasson) hafa í dag ritað mér á þessa leið:

„Eins og kunnugt er, lítum við þannig á, að skylt sé að hafa útvarp við frh. 1. umr. fjárlaga, en nú hafa stjórnarflokkarnir komið sér saman um að láta ekki útvarpa þeirri umræðu.

Þess vegna förum við þess á leit við yður, herra forseti, að þér leitið samþykkis þingflokkanna fyrir því, að almennar útvarpsumræður fari fram við 2. eða 3. umræðu fjárlaga fyrir árið 1942."

Tilmælum þessum vil ég hér með beina til yðar með ósk um, að þér leitið álits þingflokks yðar um málið svo fljótt sem unnt er og látið mig síðan vita um afstöðu flokksins.

Haraldur Guðmundsson

Formaður þingflokks Alþýðuflokksins
— — Bændaflokksins.
— — Framsóknarflokksins.
— — Sjálfstæðisflokksins."

Nú hafa borizt svör allra flokkanna við þessari málaleitun, og telja þeir sig ekki geta orðið við þeirri beiðni. — Ef einhverjir hv. alþm. óska að lesa svör flokkanna, liggja bréfin frammi í skrifstofunni.

***Eiríkur Einarsson:** Snemma á þingi var borin fram till. til þál. um aukningu Sogsvirkjunarinnar, en umr. var frestað og málinu vísað til allshn. Nú hefur n. haft málið lengi til athugunar, en hefur ekki enn skilað áliti. Með því að nú er mjög liðið á þingtímann, vildi ég biðja hæstv. forseta að stuðla að því, að allshn. skilaði áliti um málið og að forseti tæki þá málið á dagskrá. Þessi till. til þál. er borin fram af mér, og vænti ég, þar sem svo mikilsvert mál er á ferðinni, að fleiri hv. þm. láti sig nokkru skipta um afdrif þess.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti! Á öndverðu þingi flutti Alþfl. till. til þál. um orlof sjómanna og verkamanna, og fór fyrri umr. fram 22. apríl. Vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hafi áhrif á hv. allshn., að hún skili áliti hið fyrsta, og þar sem heill þingflokkur á hér hlut að máli, vænti ég, að n. afgreiði málið án tafar.

***Einar Árnason:** Ég vil f. h. allshn. geta þess, að hún hefur rætt báðar þessar till. á fundum sínum, en samkomulag hefur ekki náðst um þær. Ég get ekkert um það sagt, hvenær eða hvort það samkomulag næst, en á morgun verður fundur í nefndinni.

Forseti (HG): Ég hef litlu við að bæta það, sem hv. form. allshn. sagði, en ég mun að sjálfsögðu gera mitt til að flýta fyrir afgreiðslu þessara mála.

Áður en gengið er til dagskrár, vil ég geta þess, að flokksfundir hefjast kl. 6, og verður því að hraða afgreiðslu dagskrármálanna svo sem unnt er.

Á 65. fundi í Nd., s. d., utan dagskrár, mælti

***Finnur Jónsson:** Þann 15. þ. m. var samþykkt hér til 3. umr. frv. til l. um sjómannaskóla, sem hingað kom frá hv. Ed. Það var einróma álit sjútvn., að þetta frv. ætti fram að ganga á þessu þingi, og voru allir sammála um það í Ed., og veit ég ekki annað en að fullt samkomulag sé um þetta mál. Vildi ég því eindregið beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann taki þetta mál á dagskrá á næsta fundi.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég vil taka það fram, að forseti hefur ekki sett þetta mál á dagskrá eftir ósk frá mér, vegna þess að þetta er stjórnarfrv., en ég mun gera grein fyrir því í sambandi við umr. um fjárlögin á morgun.

***Finnur Jónsson:** Ég vænti þess, að ummæli hæstv. atvmrh. eigi að hljóða svo, að þrátt fyrir það, að tveir þm. hafi fyrr flutt frv., sem ríkisstj. hefur ef til vill ætlað sér að flytja, þá hygg ég, að það, sem ríkisstj. mundi vilja gera í því efni, verði því á engan hátt til tafar, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi.

Það virðist mega líta svo á, að það sé ekki óeðlilegt, að Alþingi, nú á þessum tímum, reisi þeim sjómönnum, sem fallið hafa, bæði í styrjöldinni við Ægi og í þeirri heimsstyrjöld, sem nú geisar, þann minnisvarða á 50 ára afmæli

sjómannaskólans, að það yrði kveðið á um byggingu sjómannaskóla á þessu ári.

Ég vænti þess fastlega, að það sé ekki meining hæstv. atvmrh. að tefja þetta mál, svo að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi. Sé það hins vegar ætlun hans að koma með einhverjar breytingar, sem yrðu til þess, að þessu máli yrði veitt enn þá betra brautargengi en gert er ráð fyrir í frv., þá þori ég að fullyrða, að það er þakksamlega þegið.

*Bergur Jónsson: Mér finnst það ekki óeðlilegt, í sambandi við þetta mál, að minnast hér á annað mál og beina fyrirspurn til hæstv. forseta viðvíkjandi því.

Þann 17. apríl s. l. var vísað til allshn. frv. til l. um þjóðfána Íslendinga. Þetta frv. er borið fram sem stjórnarfrv., og hver ástæðan er fyrir lagafrv., þá er vísað til þál., sem samþ. var á síðasta þingi. Nú áður en allshn. hafði afgr. þetta mál, þá kom hæstv. fjmrh. að máli við mig sem formann n. og óskaði eftir því, að þessu máli, ásamt öðrum málum, sem hjá n. væru, yrði flýtt. Ég hef gert þetta eftir mætti og notið stuðnings meðnm. minna, með því að halda kvöldfundi, jafnvel fram á nætur, og var þetta mál afgr. með nákvæmu nál., sem allir nm. voru sammála um, og var það á fundi 6. mai s.l. Síðan mun málið hafa komið tvisvar hér á dagskrá í hv. deild, en í bæði skiptin verið tekið út, í annað skiptið, að því er mig minnir, með þeim ummælum, að atvmrh. hefði óskað þess.

Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það, hvort það er meiningin, að þetta nál., sem auðvitað er ætlað deildinni til meðferðar eins og önnur nál., eigi ekki að komast til umr. hér í hv. d.

Það hefur verið venja, ef menn hafa kvartað undan afgreiðslu nefnda, að þeir hafa snúið sér til forseta og beðið hann að reka á eftir n. Hitt hefur ekki verið venja, svo mér sé kunnugt, að nál., sem komið hafa frá n. í heildinni eða frá minni eða meiri hl. nefndar, hafi ekki fengið afgreiðslu í d.

Ég held, að það sé shlj. ósk allra nm., að d. fái að segja sitt álit um till. n. í þessu máli.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. þm. Barð. vil ég geta þess, að það er í samráði við hæstv. forsrh., að þetta mál er ekki komið á dagskrá aftur, og ég hef beðið eftir því, að ég fengi bendingu um það, hvenær það skuli koma á dagskrá, og er ég reiðubúinn að taka það hvenær sem er.

*Bergur Jónsson: Ég vil taka það fram, að þegar mál, hvort sem það er flutt af stj. eða þm., er komið til nefndar og nefndin hefur skilað nál., þá er málið ekki lengur eingöngu mál flm., heldur einnig þeirrar nefndar, sem hefur afgr. það til d. Mig langaði því til að fá upplýsingar um það, hvort það sé nokkuð frá hálfu n., sem gefur tilefni til þess, að málið hefur ekki komið hér á dagskrá.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að þetta mál er undirbúið skv. þál. Ed. Alþingis, og tel ég þess vegna, að það sé ekki hægt að líta þannig á, að stjórnin ein hafi um það að segja, hvort málið kemur á dagskrá eða ekki.

Forseti (JörB): Ég ætla mér ekki að gera upp á milli réttinda manna um málið, en vil aðeins endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að ég er reiðubúinn að taka málið á dagskrá hvenær sem er.

*Gísli Guðmundsson: Ég hygg, að það hafi verið um miðjan apríl, sem ég flutti hér í d., ásamt hv. þm. Barð., till. um síldarmjöl til skepnufóðurs. Þetta mál var tekið út af dagskrá og vísað til landbn., og vildi ég leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvað afgreiðslu þessarar till. liði í þeirri n.

Forseti (JörB): Mér hefur láðst að forvitnast um, hvað meðferð þessa máls líður í landbn., en vænti þess, að n. sinni málinu, því að það er þess vert, að það sé gert, og skal ég grennslast nánar eftir því, hvað meðferð þess líður.

Á 77. fundi í Ed., 12. júní, utan dagskrár, mælti

*Bernharð Stefánsson: Mig langar til að spyrjast fyrir um það hjá hv. allshn. þessarar deildar, hvað því valdi, að hún hefur ekki enn skilað nál. um frv., sem við þm. Eyf. fluttum um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitum uppsprettum í Skútudal í Siglufirði. Þessu frv. var vísað til allshn. 18. apríl, og eru nú liðnir nærri 2 mánuðir síðan.

Ég er ekki vanur að rekast í störfum nefnda, en ég hef nokkra ástæðu til þess að spyrjast alveg sérstaklega fyrir um þetta, því að ég get sagt það alveg eins og það er, að ég hef orðið þess var, að álitið er, að þetta stafi frá okkur flm. sjálfum. Slíkt er vitanlega með öllu tilhæfulaust, ef einhverjir segja það, og þess vegna vildi ég gjarnan spyrjast fyrir um þetta.

Þá vil ég í öðru lagi beina þeirri fyrirspurn til hv. sjútvn., hvernig standi á því, að ekki hefur verið afgr. frv., sem hingað kom frá Nd. fyrir alllöngu, um dragnótaveiði í landhelgi. Ég er að vísu ekki riðinn við flutning þess máls, en það er mikill áhugi fyrir því í mínu kjördæmi, að vísu á báða bóga.

Ég geri reyndar ráð fyrir, að það þýði ekki að ganga eftir nál. héðan af, þar sem komið mun vera að þinglokum, eða maður vonar það að minnsta kosti, en ég vildi aðeins fá að vita ástæðuna fyrir því, að þetta mál hefur ekki verið afgr.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Eyf. um eignarnámsheimild í Skútudal skal ég taka það fram, að það er rétt, að málinu var vísað til allshn. 18. apríl s.l.

Mér er ekki grunlaust um, að fullkomin alvara hafi ekki fylgt hjá hv. þm. við þetta mál, þar sem ekki er nema örskammt á milli okkar hér í þessari hv. deild, og ef mikill áhugi hefði verið fyrir þessu hjá honum, þá mundi hann hafa orðað það við mig eða einhvern annan nm. á öllum þessum tíma, en það hefur hann nú ekki

gert. Hins vegar get ég frætt hann á því, að það virtust vera mjög skiptar skoðanir innan n. um þetta mál, og enginn samfelldur meirihl.vilji, og skal ég játa, að ég taldi ekki rétt, þegar þannig átti að fara að skila minnihl.áliti, sennilega einu af þremur, og þar sem ekki virtist neitt sérstaklega vera ýtt á eftir því, að málið kæmist áfram, þá er, þegar nefndin er svona sundruð, mjög hæpið, hvaða afgreiðslu málið fær.

Hins vegar vil ég taka það fram út af því, sem kom fram í ræðu hv. þm., þá hef ég ekki orðið var við það, að það væri ekki vilji flm., að málið fengi afgreiðslu. Það hefur ekki legið fyrir n. á þá lund, svo það er ekki á rökum reist, en ástæða er til þess að ætla, að málið sé flutt í fullri einlægni, en af þessum sökum, sem ég hef þegar greint, hefur málið ekki verið afgr.

*__Bernharð Stefánsson:__ Ég þakka hv. form. allshn. fyrir þessa yfirlýsingu. Það er alls ekki rétt hjá honum, að það hafi ekki verið í fullri alvöru, sem minnzt var á þetta mál, því að það var það, en ég varð þess var úr vissri átt, að talið var, að það hefði komið til n., að við flm. hefðum ekki svo mikinn áhuga á þessu máli.

Hann minntist á það, að það væri ekki svo langt á milli okkar hér í deildinni, og ég hefði ekki gengið eftir þessu hjá honum eða öðrum nm., en það er ekki rétt. Ég hef kannske ekki beint talað um það við hann, en ég hef talað um það við meðnm. hans, sem er flokksbróðir minn, og það er nú venjulega þannig, að menn snúa sér frekar til flokksbræðra sinna, og hann hlýtur að kannast við það. Ég bað hann enn fremur fyrir skjal viðkomandi þessu máli, sem ég óskaði, að yrði prentað sem fylgiskjal með nál. Mín ósk var því vitanlega sú, að n. afgr. málið, sem skylda hennar var.

*__Ingvar Pálmason:__ Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Eyf. um frv. það, sem er fyrir nokkrum dögum komið til sjútvn., um breyt. á l. um dragnótaveiði í landhelgi, vil ég aðeins svara því, að eins og honum er kunnugt og kom fram í fyrirspurn hans, þá er þetta mikið deilumál.

N. hefur aðeins minnzt á það á einum fundi og tók þá enga afstöðu til málsins, en ég get lýst því yfir, að þetta mál er þannig vaxið, að það liggur fyrir Alþingi áskorun, bæði með og móti, og hvað mig snertir, þá tel ég, að það hafi ekki enn komið í ljós, hvort sú breyt., sem gerð var á þessum l. á síðasta þingi, sé sú rétta leið í þessu efni, sem ég tel þó miklar líkur til.

Ég get ekki sagt um þetta fyrir hönd minna meðnm., en ég lít þannig á þetta, að þar sem þetta er mikið deilumál, þá sé rétt að láta þau lagaákvæði, sem sett voru á síðasta þingi, sýna betur, hvort þau ná þeim tilgangi, sem ætlazt var til með þeim, áður en farið er að vinna að málinu á ný, og þess vegna má gjarnan falla sá dómur á mig sem form. n., að ég hafi ekki flýtt fyrir málinu. Ég vildi gjarnan, að þetta sé skjalfest, svo það sjáist, að meðnm. mínir eru ekki sekari en ég, nema síður sé, en þó held ég, að mér sé óhætt að segja, að hv. þm. Vestm. hafi eitthvað svipaða skoðun á þessu máli og ég.

Að því er snertir hina fyrirspurn hv. þm., um hitaveitumál Siglufjarðar, þá vil ég taka það fram að gefnu tilefni, að það eru a. m. k. 3 vikur síðan hv. 1. þm. Eyf. afhenti mér plagg, sem hann óskaði eftir að kæmi í nál. á sínum tíma. Ég svaraði honum þá frá mínu eigin brjósti, a. m. k. ber ég ábyrgð á því, að afstaða mín í n. væri sú, að ég teldi þetta mál vera þannig, að engin ástæða væri til þess fyrir Alþingi að blanda sér í það að svo komnu. Ég skal játa það, að hann taldi, að þó að svo kynni að vera ástatt fyrir n., þá óskaði hann, að það kæmi fram nál., sem hefði fólgna í sér dagskrá, ef n. gæti ekki fallizt á frv. eins og það lægi fyrir.

Ég tel rétt, að þetta komi líka fram, úr því að þess var getið, að ég væri líka að nokkru leyti við málið riðinn. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess, að skýra nánar frá þessu.

III. Kosning ríkisstjóra.

Á 20. fundi í Sþ., 17. júní, kl. 1½ miðdegis, fór fram kosning ríkisstjóra Íslands. Er fundur hafði verið settur, mælti

__forseti (HG):__ Samkvæmt dagskránni fer nú fram kosning ríkisstjóra, samkv. nýafgreiddum lögum frá þinginu, og gildi kosning hans til eins árs, frá deginum í dag til jafnlengdar 1942.

Vil ég biðja þingskrifara að útbýta kjörseðlum meðal þingmanna, taka síðan við þeim og færa mér, er þingmenn hafa greitt atkvæði.

[Þingskrifarar útbýttu alls 44 kjörseðlum. Tveir þingmenn (Thor Thors, sem ekki sat þingið, og Páll Hermannsson, sem var veikur) voru ekki á fundi, en þrír þingmenn (Brynjólfur Bjarnason, Jóhannes Jónasson og Jóhann G. Möller) voru ekki komnir á fund, er atkvgr. hófst, en gengu inn í salinn í þann mund, er forseti hóf að telja atkvæði.]

Kosningin fór svo, að

__Sveinn Björnsson,__ sendiherra,

hlaut 37 atkvæði. — Jónas Jónsson hlaut 1 atkv., en 6 kjörseðlar voru auðir.

__Forseti (HG):__ Samkvæmt þessu er Sveinn Björnsson, sendiherra, rétt kjörinn ríkisstjóri Íslands frá deginum í dag til 17. júní næsta ár.

Háttvirtir alþingismenn! Nú mun forsætisráðherra ganga á fund hins nýkjörna ríkisstjóra og kveðja hann til að taka við embætti sínu. Vil ég biðja háttvirta þingmenn að bíða í sætum sínum komu þeirra.

[Forsætisráðherra gekk af fundi, en kom að vörmu spori aftur inn í salinn í fylgd með ríkisstjóra og leiddi hann til sætis í miðjum salnum, andspænis forseta. Þingmenn risu úr sætum sínum, er ríkisstjóri gekk inn í salinn.]

__Forseti (HG):__ Herra Sveinn Björnsson! Þér hafið verið kosinn ríkisstjóri Íslands á fundi Alþingis í dag, til jafnlengdar næsta ár, og ber

yður nú að undirrita eiðstaf eða drengskaparheit um að halda stjórnarskrá ríkisins.

[Skrifstofustjóri Alþingis, Jón Sigurðsson, lagði fyrir ríkisstjóra til undirskriftar, í tveim eintökum, svo hljóðandi drengskaparheit:

„Ég undirritaður, sem kosinn er ríkisstjóri Íslands, heiti því, að viðlögðum drengskap mínum og mannorði, að halda stjórnarskrá ríkisins.

Gert í tveim samhljóða eintökum.

Reykjavík, 17. júní 1941."

Þingmenn risu úr sætum sínum og stóðu meðan ríkisstjóri undirritaði heitið.

Að því loknu afhenti skrifstofustjóri forseta drengskaparheit ríkisstjórans.]

*Forseti (HG): Hinn kjörni ríkisstjóri hefur nú undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrá ríkisins.

Hæstvirtur forsætisráðherra tekur nú til máls.

Forsætisráðherra (HermJ): Samkvæmt ályktun Alþingis 10. apríl 1940 um æðsta vald í málefnum ríkisins var ráðuneyti Íslands falin meðferð þess valds, sem konungi er fengið í stjórnarskránni.

Með ályktun um sama efni frá 17. maí 1941 og lögum frá 16. júní sama ár hefur sama vald verið falið ríkisstjóra, er Alþingi kýs.

Þér, herra Sveinn Björnsson, hafið nú verið kjörinn ríkisstjóri og undirritað lögboðið drengskaparheit að stjórnarskránni. Fyrir hönd ráðuneytis Íslands afhendi ég yður því úr höndum ráðuneytisins meðferð þess valds, er ráðuneytið hefur haft með höndum frá 10. apríl 1940.

Forseti (HG): Hinn kjörni ríkisstjóri hefur nú tekið við starfi sínu. Ég vil óska þess, að honum megi auðnast að rækja svo ríkisstjórastarfið, að landi og þjóð verði til heilla.

Hæstvirtur ríkisstjóri ávarpar nú þingheim.

[Ríkisstjóri gekk því næst til ræðustóls og flutti eftirfarandi ávarp til þings og þjóðar. Ávarpinu var, ásamt allri athöfninni, útvarpað.]

Ríkisstjóri (Sveinn Björnsson): Herra forseti! Ég þakka hinu háa Alþingi Íslendinga fyrir það traust og þá sæmd, sem það hefur sýnt mér með því að kjósa mig fyrsta ríkisstjóra Íslands. Og ég þakka yður, herra forseti, fyrir þær hlýju árnaðaróskir, er þér fluttuð mér.

Herra forsætisráðherra! Ég þakka yður og ráðuneytinu fyrir það, með hve einlægum trúnaði þér hafið afhent mér í hendur það æðsta vald, sem ráðuneytið hefur farið með í rúmt ár, þannig að allir munu viðurkenna, að því hafi farið úr hendi með sæmd. Ég vil bæta við þakklæti mínu fyrir góða og mér hugljúfa samvinnu við ráðherrana um langan tíma og von minni um, að góð samvinna megi haldast einnig eftir breytingu þá, sem nú er orðin.

Háa Alþingi! Hæstvirt ráðuneyti! Allir þér, sem heyrið mál mitt! Íslendingar!

Um leið og ég tek við þessu virðulega og áþyrgðarmikla starfi, tel ég skylt, að vér minnumst þess manns, sem allt fram að 10. apríl 1940 fór með æðsta vald Íslands, sem mér er nú trúað fyrir í eitt ár, Hans Hátignar Kristjáns X., sem frá 1. desember 1918 hefur verið konungur Íslands og Danmerkur, fyrsti konungur með þeim titli.

Eins og kunnugt er, var það Kristján konungur X., sem á 7. ríkisstjórnarári sínu í Danmörku staðfesti með undirskrift sinni, að Ísland skyldi vera frjálst ok fullvalda ríki, að alþjóðalögum jafnrétthátt Danmörku og öðrum frjálsum og fullvalda ríkjum.

Auk annarra mannkosta hans, sem ég hef átt kost á að kynnast, tel ég mig geta fullyrt það, að hann hefur jafnan rækt konungsstörf sín sem konungur Íslands, án þess að víkja af þeirri braut, sem samkvæmt viðurkenndum venjum nútímans er mörkuð þingbundnum konungi í lýðræðisríki.

Ég vil einnig nú í dag minna á annað. Það féll í minn hlut að tilkynna Kristjáni konungi, nokkuð óviðbúið, þá ályktun Alþingis 10. apríl 1940, að vald það, sem hann hafði til þess dags farið með sem konungur Íslands, væri nú falið ráðuneyti Íslands, að svo stöddu. Konungur tók þessari tilkynningu eigi aðeins með virðulegri stillingu, heldur, svo að segja umhugsunarlaust, með fullkomnum skilningi. Hann samsinnti skilyrðislaust réttmæti og nauðsyn þessarar ákvörðunar Alþingis.

Og nú hefur Kristján konungur X. reynzt þjóð þeirri, sem hann er borinn af, Dönum, betur en nokkru sinni fyrr. Nú, er Dönum reið mest á, hefur hann orðið allt í einu: Forustumaður, einingarmerki og næstum þjóðhetja dönsku þjóðarinnar.

Þá ber oss að minnast sérstaklega og með hlýjum hug þeirrar frændþjóðar vorrar á Norðurlöndum, sem við höfum átt mest samband við á liðnum öldum, dönsku þjóðarinnar. Erfiðleikar þeir, sem Danir eiga nú við að búa, hljóta að gera það eðlilegt oss öllum Íslendingum að hugsa til dönsku þjóðarinnar með sérstakri samúð einmitt nú. En þótt eigi væri um þessa erfiðleika að ræða, hygg ég óhætt að fullyrða, að ekki mundi skorta hlýhug vor Íslendinga í garð dönsku þjóðarinnar nú á þessu augnabliki, hvað sem fortíðinni líður. Því veldur margt, sem ég tel óþarft að telja upp. En ein af ástæðunum er vafalaust sá skilningur ábyrgra manna meðal Dana, sem hefur farið vaxandi ár frá ári síðustu áratugina, á íslenzku þjóðerni og á þörf Íslendinga á því að ráða sjálfir og einir öllum málum sínum á eigin ábyrgð. Mér hefur gefizt sérstakt tækifæri til þess að fylgjast með þessu. Enda hafa forustumenn Dana látið þennan skilning í ljós opinberlega, á ýmsan hátt og við mörg tækifæri á síðari árum.

Ég hygg, að fullyrða megi, að nú búi í brjóstum flestra eða allra Íslendinga einlæg virðing fyrir þessari bræðraþjóð vorri. Úr þeirri virðingu hefur ekki dregið á núverandi reynslutímum dönsku þjóðarinnar. Síður en svo. Og við hana hefur bætzt samúð vor innilegri en vér höfum átt kost á að bera í brjósti nokkru sinni áður.

Því veit ég, að vér Íslendingar óskiptir óskum þess einlæglega og af heilum hug, að sú stund megi ekki vera allt of fjarri, að danska þjóðin fái aftur fullkomið og óskorað frelsi sitt og fullveldi og megi halda því óáreitt um aldur og ævi.

Með sams konar hug ber oss að minnast hinna frændþjóðanna á Norðurlöndum:

Finnsku þjóðarinnar, sem er enn í sárum eftir geigvænlega vopnaárás voldugs nágrannastórveldis, varðist meðan fært var með ógleymanlegri hetjudáð, en á þó ennþá óvissu framundan.

Norsku þjóðarinnar, sem á fósturjörð sína í höndum erlends hervalds og varið hefur land sitt með þeirri hreysti, sem sagan mun jafnan minnast. Hún hefur ekki enn gefið upp þá hetjuvörn, þótt konungur, ráðuneyti og margt annað góðra manna sé landflótta um stund. Vér sameinumst öll í þeirri ósk, að norska þjóðin fái sem fyrst land sitt og óskorað frelsi og fullveldi um alla framtíð.

Sænsku þjóðarinnar, sem hefur sýnt oss Íslendingum vaxandi vinarhug. Hún á það kjarki sínum og dugnaði að þakka, að hún hefur enn komizt hjá hernámi sér voldugri þjóða eða vopnaárás erlends valds, en hlýtur þó að vera mjög aðþrengd á ýmsan hátt vegna viðburða styrjaldarinnar.

Það er von mín og ósk — og ég held okkar allra —, að við Íslendingar eigum eftir að eiga sem mest mök við allar þessar fjórar frændþjóðir vorar á Norðurlöndum. Að þess verði kostur í framtíðinni að halda áfram að auka það samneyti vort við þessar þjóðir á sviðum menningar og á öðrum sviðum, sem sífellt fór vaxandi árin fyrir styrjöldina. Mér virðist öll rök leiða til þess, að vegna blóðskyldleika, menningaraðstöðu, sameiginlegra hugðarefna og líkra aðstæðna á ýmsum öðrum sviðum, munum vér Íslendingar hvergi fá betur notið vor en í þessum vina- og frændahóp.

Ég tel mér heimilt að fullyrða, að það er nú sem fyrr eindreginn vilji og ósk Íslendinga, að þótt vér óskum fyrst og fremst að teljast í hópi frjálsra Norðurlandaþjóða, megum vér einnig í framtíðinni eiga heima í hópi þeirra annarra lýðræðisþjóða, sem vilja byggja líf sitt, framtíð og gagnkvæm viðskipti á grundvelli réttarins, með gagnkvæmri virðingu fyrir rétti hver annarrar og ordheldni. Enda finnst mér það leiða af sjálfu sér. Því að ég kem ekki auga á nokkurn möguleika á því, að hægt sé að tryggja og varðveita framtíðartilveru Íslands sem frjáls og fullvalda ríkis, og íslenzku þjóðarinnar, á nokkrum öðrum grundvelli.

Af þessu leiðir, að jafnframt því, sem vér verðum að standa einhuga saman um það að halda fast og einarðlega á því, sem sannfæring vor segir, að sé réttur vor, munum vér og vera jafneinhuga um að ganga ekki á rétt annarra þjóða. Vér munum virða réttinn, einnig er aðrir eiga í hlut, — en aldrei máttinn án réttarins.

Enginn mun vænta þess, að ég geti í dag sagt nánar um störf mín á því ári, sem kjör mitt nær til. Starfið er nýtt, og margt getur breytzt á miklu skemmri tíma en einu ári.

En hitt er ekki óeðlilegt, að ég skýri nokkrum orðum frá því, með hverjum hug ég tek við starfinu.

Allir vita það, að vegna hernáms erlends ríkis njótum vér sem stendur ekki fyllsta frelsis og fullveldis í athöfnum vorum. Hitt veit ég ekki, hvort allir Íslendingar hafa gert sér nægilega ljóst, hve lítill er raunverulega munurinn á aðstöðu vorri nú og aðstöðu þeirra þjóða, sem eiga í ófriði. Það er skoðun mín, að munurinn sé sáralítill. Vér eigum ekki sök á þessu. Vér reyndum og reynum enn að gera vort ýtrasta til þess að vera hlutlausir í þeim hildarleik, sem nú er háður. Vér höfum viljað og viljum enn eiga frið við allar þjóðir. Vér höfum ekki viljað og viljum ekki enn bera vopn á aðrar þjóðir, ekki einu sinni til varnar. Og svo hygg ég, að muni einnig verða framvegis.

Hér í landinu er á móti vilja vorum setulið frá öðrum ófriðaraðilanum og hernaðaraðgerðir hans. Hinn aðilinn hefur, án þess að oss finnist, að vér höfum unnið til saka, bannfært oss, lýst allt hafið umhverfis Ísland, allar leiðir að landinu og frá því, ófriðarsvæði, og beitt hernaðaraðgerðum gegn íslenzkum ríkisborgurum.

Um afleiðingar þessara staðreynda, sem að minni skoðun hafa sama sem dregið oss inn í ófriðinn, þótt gegn vilja vorum sé, skal ég ekki reyna að spá neinu fram í tímann. En ég lít svo á, að nauðsyn sé öllum Íslendingum að gera sér ljóst, að þannig er þessu farið, öllum þeim, sem hafa ekki gert sér það ljóst áður. Og þá jafnframt, að öll aðstaða vor hlýtur að mótast af þessu. Því að fyrsta skilyrði til þess að geta hagað sér á þann hátt, sem góðum og hyggnum mönnum sæmir, er að gera sér ljóst, alveg ljóst, hvar vér erum staddir, hvort sem það er ljúft eða leitt.

Og það nægir ekki að horfast í augu við staðreyndirnar. Vér verðum einnig að reyna að sýna hug, kjark, þrek, gætni og drengskap. Í því efni virðist mér vera nú ástæða til þess að leita fyrirmynda hjá þjóðum, sem lent hafa raunverulega í ófriði, svo langt sem sá samburðarleiki getur náð. Tilgangurinn er sá sami: að bjarga því og varðveita það, sem þjóðinni er dýrmætast og kærast. Að bjarga frelsi sínu og tryggja það í framtíðinni. Að bjarga þjóðerni sínu og varðveita það. Að varðveita virðinguna fyrir sjálfum sér. Að tryggja sem bezt, að til verði að ófriðnum loknum sem mestur forði orku og verðmæta til þess að byggja upp nýtt og betra þjóðfélag.

Þetta hefur allt reynzt kleift, en þeim þjóðum einum, sem hafa nógu einlægan ásetning um að varðveita frelsi sitt og fullveldi og vilja öllu fórna heldur en að missa það.

Sem betur fer er ófriður eins og sá, sem nú stendur yfir, ekki varanlegt ástand. Hann stendur takmarkaðan tíma, skamman eða langan. Þess vegna er mögulegt að færa fórnir í bili, sem mundu vera nær því ofraun, ef um varanlegt ástand væri að ræða. Ekki mun ofmælt að líkja viðhorfinu þennan takmarkaða tíma við beinan lífsháska fyrir þjóðina sem þjóð. Enda sýnir

sagan, að þjóðir hafa, án þess að þær hafi viljað ófrið, glatað fjöri sínu sem sjálfstæð ríki á ófriðartímum og orðið að berjast og þola hvers konar raunir og hörmungar, jafnvel svo öldum skiptir, áður en þær hafa fengið nokkra rétting mála sinna.

Ég vil nú nefna nokkur dæmi þess, sem slíkar þjóðir hafa talið nauðsynlegt til þess að ná tilganginum — að varðveita fjöregg sitt.

Fyrsta dæmið verður **einhugur allrar þjóðarinnar.** Það er ekki hægt að einbeita kröftunum sér til lífsbjargar á neinn annan hátt. Sá einhugur, ef hann tekst, leiðir að vissu leyti af sér það annað, sem ég mun taka til dæmis. Það þarf engan spámann til þess að segja það fyrir, hve lítil er lífsbjargarvon þjóðar, sem er sjálfri sér sundurþykk á slíkum hættutímum. Ein meginuppistaða lýðfrelsisins er spunnin úr þrem sterkum þáttum: Skoðanafrelsi, frelsi orðsins og hollri gagnrýni á stjórnmálasviðinu. Gunnreifir menn, sem berjast fyrir hugsjónum sínum, halda þjóð sinni lifandi og vakandi. Án baráttu er ekkert líf til. En einmitt vegna þess, hve sterkir og haldgóðir eru þeir þættir, sem ég nefndi, geta þeir einnig orðið hengingaról lýðfrelsisins undir sérstökum kringumstæðum. Þegar önnur sjónarmið, óvenjulega stór, skapast, slíðra menn því sverðin um stundarsakir. Þá forðast menn óþarfar deilur í ræðu og riti, í blöðum og á mannfundum, — óþarfan ríg eða krit á stjórnmálasviðinu, milli einstaklinga, stétta og flokka. Einstaklingar sem slíkir hverfa ekki. Stéttirnar hverfa ekki. Flokkarnir hverfa ekki. Skoðanir einstaklinganna og áhugamál á innri stjórnmálum, skoðanir og áhugamál stéttanna og flokkanna dofna eigi né hverfa, þótt hvíld sé í bili um stuttan tíma. En menn láta ekki þessar skoðanir sitja í fyrirrúmi, þannig að orðið geti þjóðinni til meins þessa stund, sem máske veltur allt á um líf eða dauða þjóðarinnar.

Annað dæmi er þrek það og vilji, sem slíkar þjóðir sýna um að bera hver annars byrðar þennan takmarkaða tíma. Þeir, sem þjóðin sjálf hefur trúað fyrir því að stjórna björgunarstarfinu, verða oft að gera óvenjulegar kröfur til borgaranna, ekki af löngun til þess að ganga á hlut nokkurs manns, heldur af nauðsyn, brýnni nauðsyn. Þetta sætta menn sig við án óþarfa möglunar, tortryggni eða öfundar við samfélaga sína, þótt þeim kunni að finnast í bili, að einn verði harðar úti en annar. Þeir láta ekki hugsunina um eigin hagsmuni eða stundarhagnað, sem oft getur verið fallvaltur, sitja í fyrirrúmi fyrir því, sem talið er þurfa til björgunarinnar. Fórnfýsi er meira aðalsmerki einstaklingsins en möglunarsemi á slíkum tímum, þótt mönnum kunni að finnast þeir verða fyrir stundaróþægindum. Endurminningin um þau óþægindi hverfur fljótt, er skipið er komið heilt í höfn.

Þriðja dæmið er gætni í orðum og athöfnum. Ég hef oftar en einu sinni farið um og dvalið í ófriðarlöndum. Ég hef ekki komizt hjá því að taka eftir því, hve sérstaklega mikil áherzla er lögð á það af stjórnarvöldum að brýna fyrir mönnum slíka gætni í orðum og athöfnum — og hve skylt borgararnir telja sér að verða við slíkum brýningum. Ég hef oft velt því fyrir mér, hver geti verið tilgangur sumra manna með því að láta fá tækifæri ónotuð til þess að lýsa skoðun sinni í orðum eða athöfnum á þann hátt, sem kann að vera öðrum hvorum ófriðaraðilanum viðkvæmt, særa hann og tilfinningar þjóðar hans og máske verða sú vala, sem veltur á stað og veldur tjóni á leið sinni. Að menn hafi tilfinningar, sem séu með öðrum ófriðaraðila og móti hinum, er mannlegt, óumflýjanlegt og hverjum manni að sjálfsögðu heimilt. En að láta þær tilfinningar — og oft þær einar — án nokkurrar skynsamlegrar hugsunar ráða orðum sínum og athöfnum, virðist mér vera of mikið hugsunarleysi og oftast tilgangslaust.

Fjórða og síðasta dæmið er **þjónustuskylda einstaklingsins við þjóðarheildina.** Það er máske heppilegra að kalla þetta **þjónustuhug** eða **þjónustuvilja** en þjónustuskyldu. Því að það, sem ég á við, kemur innan að, úr brjósti hvers einstaklings. Svo sem farið er hugsunarhætti lýðfrjálsra þjóða, er erfitt að beita nauðung og hörku af hálfu þeirra, sem með völdin fara. Einstaklingurinn býður af fúsum hug fram orku sína og hæfileika til þjónustu við heildina, við þjóð sína og fósturjörð. Og allir reyna um leið að samstilla sig svo við aðra landsmenn, að sem mest gagn megi verða af þessari þjónustu einstaklingsins. Menn forðast að láta þjónustu við sína eigin sérhagsmuni sitja í fyrirrúmi, ef hún samræmist ekki þjónustunni við heildina. Menn inna af hendi þessa þjónustu, er til þeirra er kallað, og við það verk, sem hæfileikar hvers eins, kunnátta og allar aðrar aðstæður eru líklegar til að koma heildinni og framtíðaröryggi og frelsi fósturjarðarinnar að gagni, hvort sem það samræmist fyrri hugmyndum hans og lífsvenjum eða ekki.

Það er nú bón mín til allra Íslendinga, sem heyra mál mitt á þessari stundu, að gera sér það ómak að gera skoðanir þær, sem ég hef lýst, og dæmi þau frá öðrum þjóðum, sem ég hef nefnt, að íhugunarefni. Ég fer ekki fram á annað. Niðurstöðunni ræður sannfæring og samvizka hvers einstaklings.

Af því, sem ég hef sagt, hygg ég, að menn geti nokkuð ráðið í það, með hverjum hug ég tek við starfi mínu. Ég hef því ekki nema fáum orðum við að bæta.

Í lögum þeim, sem Alþingi hefur samþykkt um ríkisstjóra Íslands, eru tvenn ákvæði um starf hans.

Í 1. gr. laganna segir, að hann fari með vald það, sem konungi er falið í stjórnarskránni.

Í 9. gr. laganna segir: „Ríkisstjóri er ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum. Hann verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis."

Öllum almenningi er það kunnugt, hvert vald konungi er falið í stjórnarskránni.

Af ábyrgðarfrelsinu um stjórnarathafnir leiðir að minni skoðun það, að ríkisstjórinn verður að gæta þess vandlega að gera ekki neitt það í stjórnarathöfnum sínum, sem telja mætti með rétti misnotkun þessa ábyrgðarfrelsis. Hann verður og sérstaklega að gæta þess að víkja ekki af þeirri braut, sem þeim manni ber að þræða,

sem falið er æðsta valdið, samkvæmt viðurkenndum venjum nútímans í lýðræðisríki, þar sem þetta æðsta vald er þingbundið.

Ég hef þann ásetning að reyna að fullnægja þessum kröfum eftir því, sem ég hef hæfileika til. Það er og ásetningur minn að forðast á allan hátt að vekja sundrung, en reyna að stuðla að sem mestum einhug íslenzku þjóðarinnar, að því er til minna kasta kann að geta komið.

En framar öllu öðru lít ég á starf mitt sem **þjónustu**, þjónustu við heill og hag íslenzku þjóðarinnar, þjónustu við málstað Íslendinga, hvað sem framundan kann að vera. Það er því ásetningur minn að leggja fram alla krafta mína, andlega og líkamlega, til þess að sú þjónusta megi verða landi mínu og þjóð til sem mestra heilla.

En mér er ljóst, að ásetningurinn einn nægir ekki.

Því bið ég höfund tilverunnar, hann, sem á bæði ríkið, máttinn og dýrðina, að gefa mér — og okkur öllum — þann styrk, það þol og þann kjark, sem okkur er öllum nauðsynlegur. Og ég bið hann að gefa mér kærleika og auðmýkt, svo að þjónusta mín megi verða Íslandi og íslenzku þjóðinni til góðs.

Guð blessi Ísland og íslenzku þjóðina.

[Þá söng útvarpskórinn þjóðsönginn, og hlýddi þingheimur standandi á.

Að loknum fundi gekk ríkisstjóri út á svalir alþingishússins og bað mannfjöldann úti fyrir að minnast fósturjarðarinnar með ferföldu húrrahrópi. Mannfjöldinn hyllti síðan ríkisstjóra með nýjum húrrahrópum.

Að athöfn lokinni í alþingishúsinu fór ríkisstjóri ásamt forsetum Alþingis til kirkjugarðs, að leiði Jóns Sigurðssonar forseta, en þennan dag var 130 ára afmæli hans. Ríkisstjóri flutti þar ávarp og lagði blómvönd á leiðið, en forsetar blómsveig frá Alþingi.]

IV. Slysfarir á sjó — sjómannaminning.

Á 5. fundi í Sþ., 13. marz, utan dagskrár, mælti

forseti (HG): Mikil tíðindi og voveifleg hafa gerzt síðustu vikur og daga. Þá 26 daga, sem liðnir eru síðan Alþingi hófst, hafa 40 manns farizt í sjó, auk 10 manna, er drukknað hafa fyrr á árinu, og annarra slysfara. En 53 sjómenn fórust síðastl. ár, og er sú tala stórum hærri en meðaltal undanfarinna ára.

Skýrsla Slysavarnafélags Íslands um manntjón á sjó síðan Alþingi hófst er á þessa leið:

Febr. 19. Tók stórsjór út 3 menn af m.b. „Hjördís“ frá Ísafirði, 2 drukknuðu.

Febr. 27. Fórst m.b. „Hjörtur Pétursson“ frá Siglufirði með öllu, og drukknuðu þar 6 menn.

Febr. 28. Fórst b.v. „Gullfoss“ með öllu, og drukknuðu þar 19 menn.

Marz 6. Fórst opinn bátur í brimlendingu í Vík í Mýrdal með 7 mönnum. Einn bjargaðist, 6 drukknuðu.

Marz 7. Fórst einn maður af m.b. „Olga“ frá Vestmannaeyjum, er sigldur var í kaf af ljóslausi skipi.

Marz 11. E.s. „Fróði“ varð fyrir árás þýzks kafbáts, að því er talið er, 180 sjómílur vestur af Vestmannaeyjum. 5 skipverjar af 11 voru skotnir til bana, einn særður. Hinir björguðust á bátnum til Vestmannaeyja.

Enn fremur féll Þórarinn Pálsson í marzmánuði út af flutningaskipi á leið frá Englandi til Íslands. Náðist líkið og var flutt til Vestmannaeyja.

Skýrslan er stutt og gagnorð. En hún greinir frá ægilegri baráttu. Baráttu hraustra manna við skynlaus máttarvöld lofts og lagar. Baráttu, sem er einn þáttur í daglegri starfsemi sjómannanna okkar. Oftast lánast þeim með hugprýði og karlmennsku að vinna sigur. Hverja þrekraun þeir sigrar kosta, veit sá einn, sem reynir. En oft, of oft, megnar enginn mannlegur máttur að afstýra slysum og líftjóni. Svo hefur farið nú.

Sjómennirnir okkar eru títt nefndir stríðsmenn íslenzku þjóðarinnar. Vissulega heyja þeir stríð. Ekki við aðrar þjóðir til tortímingar lífi og eignum. Þeir berjast við náttúruöflin fyrir björg og brauði. Sjórinn er örlátur og stórgjöfull, þegar vasklega er eftir sótt. En hann er líka ósjaldan stórhöggur.

„Mik hefir marr
miklu ræntan,
grimmt es fall
frænda at telja.“

Svo kvað Egill. Og ótaldir eru þeir Íslendingar, sem eins hefðu mátt mæla öll þau ár, sem síðan eru liðin. Og íslenzka þjóðin öll finnur „opið og ófullt standa sonarskarð“, er særinn vann henni nú.

Íslenzku stríðsmennirnir, sjómennirnir, hafa eigi stundað mannvíg. Þeir hafa stundað mannbjörg. Mörgum hundruðum mannslífa hafa þeir bjargað, síðan styrjöldin hófst. Báðir ófriðaraðilar hafa þann veg notið hjálpfýsi þeirra, áræðis og öruggrar sjómennsku. Er því þungt til þess að hugsa, að til viðbótar ógnum vatns og vinda eru nú komnar ógnir vopna og vítisvéla. Öflin, sem styrjöldinni valda og ráða því, hversu hún er háð, virðast okkur því nær jafnskynlaus og hin blindu öfl náttúrunnar, jafngrimmlynd og gersneydd mannlegum tilfinningum.

Þess er skammt að minnast, að íslenzkir sjómenn björguðu sex tugum þýzkra skipbrotsmanna norður í hafi. Nú hafa útlendir — að því er talið er, þýzkir — sjóliðar skotið á varnarlaust fiskiskip íslenzkt, því nær í heimahöfum, grandað 5 af sjómönnum og laskað skipið svo, að tvísýnt mátti telja um líf og björgun hinna. Vígahrammur styrjaldarinnar hefur þegar seilzt til okkar. Við höfum nú orðið að greiða vopnaskattinn fyrsta. Hann féll á sjómennina ofan á skattinn til Ægis.

Orð eru fánýt. Við fáum lítið að gert. Tjón þjóðarinnar verður ekki metið í tölum né bætt manngjöldum. Hún hefur goldið mikið afhroð. Mennirnir, líf þeirra og starf, er hennar dýrasta eign. Og þó er missirinn stærstur og sárastur fyrir fjölskyldur og ástvini;

„Sleit marr bönd
minnar ættar
snaran þátt
af sjálfum mér."

Feður og mæður, sem hafa látið sonu sína, konur og börn, sem hafa misst menn og feður, hafa ekki aðeins verið svipt ástvinum og fyrirvinnu. Þau hafa misst snaran þátt úr sínu eigin lífi, verið lostin harmi og hugraun eins og skáldið forðum við sonarmissinn.

Við hryggjumst með þeim og vottum þeim okkar innilegustu hluttekningu.

Að svo mæltu bið ég háttvirta þingmenn að minnast hinna látnu sjómanna með því að rísa úr sætum.

[Allir þm. stóðu upp.]

V. Minning Þorleifs Guðmundssonar.

Á 24. fundi í Sþ., 6. júní, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (HG): Áður en fundarstörf hefjast, vil ég minnast nokkrum orðum nýlátins fyrrv. þingmanns, Þorleifs Guðmundssonar frá Háeyri. Hann andaðist hér í bænum í gær, 59 ára að aldri.

Þorleifur Guðmundsson var fæddur 25. marz 1882 á Stóru-Háeyri á Eyrarbakka, sonur Guðmundar Ísleifssonar, bónda og kaupmanns þar, og konu hans, Sigríðar Þorleifsdóttur, kaupmanns á Stóru-Háeyri Kolbeinssonar. Í æsku naut hann ekki annarrar menntunar en venjulegrar barnaskólafræðslu. Á árunum 1905—1906 var hann pöntunarfélagsstjóri á Eyrarbakka og næstu 2 ár, 1907—1908, sölustjóri kaupfélagsins Ingólfs s. st. Á næstu 5 árum, 1909—1914, stundaði hann verzlunarstörf og kaupmennsku í Reykjavík og á Eyrarbakka, en gerðist bóndi og útvegsmaður í Þorlákshöfn 1914. Þar var hann í 14 ár, til 1928, en fluttist þá að Garði á Eyrarbakka og bjó þar til 1930, en þá fluttist hann til Reykjavíkur og starfaði hér framan af einkum að fiskverzlun, en á síðari árum helgaði hann starf sitt eingöngu Góðtemplarareglunni, gerðist regluboði og ferðaðist um landið í því skyni.

Hann var 2. þingmaður Árnesinga á fjórum þingum 1920—1923, og mörg önnur trúnaðarstörf voru honum falin í héraði. Hann var m. a. sýslunefndarmaður Ölfushrepps 1919—1922, formaður verkamannafélagsins Bárunnar á Eyrarbakka 1929—1930 og formaður fiskifélagsdeildarinnar Framtíðarinnar s. st. á sömu árum, eða þar til hann fluttist úr héraðinu.

Árið 1924 hlaut hann heiðursmerkið „For Saving Subjects" fyrir björgun skipshafnar af enskum togara, „Viscount Allanby" úr sjávarháska við Þorlákshöfn.

Þorleifur Guðmundsson var maður skapmikill, en stillti þó skap sitt að jafnaði vel, afrenndur að afli og vaskleikamaður, svo sem hann átti kyn til, áhugasamur um þjóðmál, hagyrðingur góður, léttur í máli og þýður í viðmóti, enda naut hann hvarvetna mikilla vinsælda.

Ég vil biðja hv. þm. að votta minningu þessa látna manns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

(Þingmenn risu úr sætum.)

VI. Rannsókn kjörbréfs.

Á 47. fundi í Nd., 29. apríl, utan dagskrár, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 29. apríl 1941.

Með því að 4. þm. Reykvíkinga, Einar Olgeirsson, hefur, eins og kunnugt er, verið tekinn höndum og fluttur úr landi, leyfi ég mér hér með fyrir hönd Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins að skýra yður, herra forseti, frá því, með skírskotun til 144. gr. kosningalaganna, að flokkurinn óskar þess, að varamaður Einars Olgeirssonar, Jóhannes úr Kötlum, taki sæti hans í þinginu, meðan hann er fjarstaddur.

Brynjólfur Bjarnason.

Forseti neðri deildar."

Á 11. fundi í Sþ., 30. apríl, mælti

forseti (HG): Mér hefur borizt eftirfarandi bréf frá forseta Nd.:

„Alþingi.

Neðri deild, 29. apríl 1941.

1. landskjörinn þingmaður, Brynjólfur Bjarnason, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Með því að 4. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hefur, eins og kunnugt er, verið tekinn höndum og fluttur úr landi, leyfi ég mér hér með fyrir hönd Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins að skýra yður, herra forseti, frá því, með skírskotun til 144. gr. kosningalaganna, að flokkurinn óskar þess, að varamaður Einars Olgeirssonar, Jóhannes úr Kötlum, taki sæti hans í þinginu, meðan hann er fjarstaddur."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér boðið sem skjótast til fundar í sameinuðu þingi til þess að rannsaka og bera upp til samþykktar kjörbréf varamanns.

Jörundur Brynjólfsson.

Forseti sameinaðs þings."

Varamaðurinn mun vera mættur hér á þingi, og kjörbréfanefnd verið afhent kjörbréf hans til rannsóknar.

Frsm. kjörbréfan. (Gísli Sveinsson): Herra forseti! Kjörbréfanefndin kom saman á fund í dag, eftir ósk forseta Sþ., til þess að taka til meðferðar bréf það, er hæstv. forseti las, svo og að rannsaka þau gögn önnur, er lúta að þessu efni.

Upplýst er, að sá flokkur, sem við síðustu kosningar kom að hv. 4. þm. Reykv., og þá kallaði sig Kommúnistaflokk, er sami flokkurinn og nú heitir Sameiningarflokkur alþýðu — Sósialistaflokkurinn, enda kallar hann sig nú því nafni bæði innan þings og utan. Flokkurinn hafði við kosningar í Reykjavík 1937 D-lista. Sá listi hlaut atkvæði þannig, á hvern frambjóðanda: Segir

svo um þetta atriði í útdrætti úr gerðabók yfirkjörstjórnar í Reykjavík, dags. 23. júní 1937: „..... reyndust atkvæði innan listanna hafa fallið þannig á þingmannsefni, er kosningu náðu sem aðalmenn og varamenn:

Af D-lista:
Einar Olgeirsson, ritstjóri.
Sem varamenn voru kosnir:
Af D-lista:
1. Brynjólfur Bjarnason kennari.

Af öðrum frambjóðendum þeirra lista, sem komu að þingmönnum, reyndust atkvæðatölur þessara manna innan listanna þessar:

Af D-lista:
Jóhannes Jónasson úr Kötlum, skáld, 2265½ atkv.

.....
.....

Rétta útskrift staðfestir
Lögmaðurinn
í Reykjavík
(stimpill)
Björn Þórðarson."
(sign.)

Þetta var útdráttur úr gerðabók yfirkjörstjórnarinnar í Reykjavíkur-kaupstað.

Það virðist samkv. þessu ekki skipta máli hér, hvað sá flokkur heitir nú, sem hafði lista þennan í kjöri við síðustu kosningar og fékk menn kosna af honum, heldur er miðað við listann.

Þar sem 1. varamaður D-listans hefur setið hér á Alþingi sem 1. landskjörinn þingmaður, átti um varamannssæti Jóhannesar úr Kötlum að fara eftir 3. mgr. 117. gr. kosningalaganna, en hún hljóðar þannig:

„Nú hreppir varaþingmaður af lista í Reykjavík uppbótarþingsæti, og skal yfirkjörstjórnin í Reykjavík þá koma saman að nýju og gefa næsta frambjóðanda á þeim lista, ef til er, kjörbréf sem varaþingmanni."

N. hefur leitað sér upplýsinga um, hvort þetta ákvæði hafi verið framkvæmt, og kom þá í ljós, að ekki hafði verið gefið út sérstakt kjörbréf. En lögmaðurinn í Reykjavík, sem er formaður yfirkjörstjórnar, hefur tjáð n., að yfirkjörstjórn komi saman á fund í dag til þess að ganga frá kjörbréfi til handa Jóhannesi úr Kötlum.

En samkv. því, sem alvitað er og úrskurðir hafa fallið um í landskjörstjórn, og samkv. opinberri skýrslu útgefinni af hagstofunni um alþingiskosningar 1937, hefur Brynjólfur Bjarnason hreppt þingsæti sem landskjörinn þingmaður, *en næsti varamaður af sama lista er Jóhannes úr Kötlum.* Með tilliti til þessa hefur kjörbréfan. bókað eftirfarandi:

„Nú með því að Brynjólfur Bjarnason hefur hreppt uppbótarþingsæti á Alþingi og situr þar sem 1. landskjörinn þingmaður, virðist Jóhannesi Jónassyni (úr Kötlum) bera varamannssætið samkv. síðustu málsgr. 117. gr. kosningalaganna. Hann hefur að vísu ekki lagt fram formlegt kjörbréf, en þar sem opinber gögn sanna, að hann er úrskurðaður varamaður af D-lista í Reykjavík, **leggur nefndin til, að þingseta hans verði tekin gild.**"

ATKVGR.

Till. kjörbréfan. um að þingseta Jóhannesar Jónassonar úr Kötlum verði tekin gild, samþ. með 36 shlj. atkv.

VII. Kosningar.

1. Þingfararkaupsnefnd.

Á 7. fundi í Sþ., 22. apríl, var tekin á dagskrá **kosning þingfararkaupsnefndar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 9. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta þrír listar, A, B, og C. — Á A-lista var FJ, á B-lista BJ, PZ, og á C-lista SK, SEH. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bergur Jónsson,
Sigurður Kristjánsson,
Páll Zóphóníasson,
Sigurður E. Hlíðar,
Finnur Jónsson.

2. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 78. fundi í Ed., 13. júní, var tekin til meðferðar

kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árabilið frá 1. jan. 1942 til 31. des. 1945, skv. 7. gr. l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Kosningu hlaut
Sigurður Ólafsson, gjaldkeri,
með 9 atkv. — Sigurjón Á. Ólafsson alþm. fékk 2 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

3. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 26. fundi í Sþ., 14. júní, var tekin á dagskrá **kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1940, að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 16. júní, var kosningin tekin til meðferðar.

Forseta bárust þrír listar, og voru á þeim jafnmörg nöfn og kjósa skyldi menn til starfsins. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kosnir án atkvgr. alþingismennirnir:

Jörundur Brynjólfsson (af B-lista),
Jón Pálmason (af C-lista),
Sigurjón Á. Ólafsson (af A-lista).

4. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 26. fundi í Sþ., 14. júní, var tekin á dagskrá **kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, skv. 3. gr. í reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 16. okt. 1912.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 16. júní, var kosningin tekin til meðferðar.

Forseta bárust tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Þorkell Jóhannesson (af A-lista),
Matthías Þórðarson (af B-lista),
Þórður Eyjólfsson (af A-lista).

5. Landsbankanefnd.

Á 26. fundi í Sþ., 14. júní, var tekin á dagskrá **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landsbankanefnd fyrir árabilið frá 1. jan. 1942 til 31. des. 1947, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 34. gr. l. nr. 10 15 apríl 1928, um Landsbanka Íslands, og l. nr. 40 12. febr. 1940, um breyt. á þeim lögum.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 16. júní, var kosningin tekin til meðferðar.

Forseta bárust þrír listar, A, B og C, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn aðalmanna og varamanna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Páll Hermannsson (af B-lista),
Jakob Möller (af C-lista),
Skúli Guðmundsson (af B-lista),
Sigurður Kristjánsson (af C-lista),
Sigurjón Á. Ólafsson (af A-lista).

Varamenn:
Guðmundur Kr. Guðmundsson (af B-lista),
Garðar Þorsteinsson (af C-lista),
Hannes Jónsson (af B-lista),
Jón Pálmason (af C-lista),
Emil Jónsson (af A-lista).

6. Gjaldeyrisvarasjóðsnefnd.

Á 26. fundi í Sþ., 14. júní, var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í nefnd samkv. 6. gr. nýafgreiddra laga frá þinginu um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum, að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 16. júní, var kosningin tekin til meðferðar.

Forseta bárust þrír listar, og voru á þeim samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi í nefndina. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Sigurður Kristinsson (af B-lista),
Björn Ólafsson (af C-lista),
Haraldur Guðmundsson (af A-lista).

VIII. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 19. febr. skýrðu forsetar frá, að ráðnir hefðu verið af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Svanhildur Þorsteinsdóttir, Björgvin Magnússon, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Andrés Eyjólfsson:

Lestrarsalsgæzla:
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson.

Innanþingsskriftir:
Ólafur Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Björn Franzson, Jóhann Hjörleifsson, Kristján Thorlacius, Björn Sigfússon, Gísli Gíslason, Auðbjörg Tryggvadóttir, Róbert Bjarnason, Sigrún Pálsdóttir.

Dyra- og pallagæzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Jón Bjarnason, Jens Magnússon, Baldur Kristjónsson, Ríkharður J. Jónsson, Gunnar Bergmann, og til aðstoðar Einar Ólafsson.

Þingsveinar:
Einar Runólfsson, Haukur Heiðar, Steinþór Steingrímsson, Valgarður Kristmundsson, Pétur Valdimarsson, Rögnvaldur Jónsson, Haraldur Guðjónsson.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir.

Fatagæzla:
Ragna Þorvarðardóttir, Sigríður Brynjólfsdóttir, Vigdís Torfadóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

Síðar voru ráðnir innanþingsskrifarar: 26. febr. Aðalheiður Sæmundsdóttir og Svanhildur Ólafsdóttir, 25. marz Ingibjörg Jónsdóttir, Þorvaldur Þórarinsson, Ársæll Júlíusson og Guðjón Kristinsson, og loks 6. maí Helgi Tryggvason.

Þá var ráðinn vörður 2. maí Guðmundur Jónsson, í stað Baldurs Kristjónssonar, sem hvarf frá starfinu.

Þingsveinar hurfu flestir frá starfi fyrr eða síðar á þingtímanum, og voru ráðnir í þeirra stað: Sigurður Örn Sigurðsson, Stefán Valdimarsson, Hörður Bjarnason, Ólafur Kjartansson, Svafar Ársælsson, Sigurgeir Guðmannsson og Gunnar Guðmannsson.

IX. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 83. fundi í Ed., 17. júní, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (EÁrna): Þar sem þetta er síðasti fundur deildarinnar og gerðabækur síðustu funda hafa ekki getað legið fyrir, þá mun ég síðar skrifa undir þessar fundargerðir, ef hv. þdm. mótmæla því ekki.

Ég vil svo þakka mjög hv. þdm. fyrir samvinnuna á þessu langa þingi. Það hafa verið mörg erfið og vandasöm mál til meðferðar á þessu þingi. Og það er ekki vafi á því, að þetta þing verður, a. m. k. síðar meir, þó að það verði ekki viðurkennt nú, talið merkilegt í sögu þjóð-

arinnar. Við höfum unnið hér saman að þessum vandamálum, og ég verð að segja það, að mér er það ánægjuefni að hafa unnið með hv. þdm., fyrir það, hvað samvinnan hefur í alla staði verið góð.

Ég vil svo óska öllum hv. þdm. alls góðs í framtíðinni, og þeim, sem heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar heimferðar og heimkomu, og þakka svo að lokum allt samstarfið.

Magnús Jónsson: Þessi deildarslit fara nú fram á nokkuð óvenjulegum tíma dags. Sumum finnst það kannske nokkuð seint dags, en ég vil segja, að það sé óvenjulega snemma á degi, sem þessi deildarslit fara nú fram. Og störfum þessarar d. hefur lokið hér með hörðum átökum, þar sem heyrzt hafa nokkuð þung orð manna á milli, og getur vel verið, að ýmsum þdm. sé nokkuð þungt í skapi yfir þeim ályktunum, sem hafa verið gerðar nú að síðustu í þessari hv. d. Og ég efast um, að þetta þing verði eins rómað fyrir ágæti eins og það mun vissulega, eins og hæstv. forseti sagði, koma inn í söguna sem merkilegt þing — og þing, sem hefur gert ályktanir, sem marka djúp spor.

En þó að á þessari nóttu hafi átt sér stað í þessari hv. d. býsna hörð átök, þá hefur það verið svo nú, eins og ávallt, að þessi hæstv. forseti d. hefur stjórnað hér umr. og málsmeðferð þannig, að enginn maður mundi hafa getað séð fyrr en á hans atkvgr., hvar hann var í flokki eða hvaða afstöðu hann hefði til málsins og vissra tillagna. Og það er höfuðkostur forseta, að hann sé réttlátur og mismuni mönnum ekki eftir því, hvaða afstöðu hann hefur til mála, og þetta hefur nú sem fyrr einkennt stjórn okkar ágæta hæstv. forseta. Og ég veit, að allir hv. þm. d. munu viðurkenna þetta.

Þessi deildarslit eru í raun og veru ekki með alveg sama blæ eins og við hefðum e. t. v. búizt við. Það er vanalega sérstakur blær yfir deildarslitum á síðasta þingi fyrir kosningar, því að enginn veit, hverjir það muni verða, sem koma aftur til þingsetu frá þeim leik, sem þá er háður, kosningunum. En atvik, sem ekki gleðja okkur, hafa orðið þess valdandi, að ekki hvíla nú þessi dimmu ský yfir þessum deildarslitum, sem hér fara fram, heldur vonumst við til þess, að forsjónin gefi það, að við komum saman aftur hér á tilsettum tíma, og mætumst hér allir heilir og hæstv. forseti þar á meðal. Og hygg ég þá, að eitthvað töluvert megi gerast til þess og mjög óvænt, að annar taki forsætið af þessum hæstv. forseta.

Ég vil fyrir mína hönd, og vonast til, að það sé fyrir hönd allra hv. þdm., þakka hæstv. forseta fyrir góða og lipra fundarstjórn á þessu þingi og óska honum allra heilla. Hæstv. forseti hefur alltaf verið að gera sér það upp á þessu þingi, að hann væri orðinn svo gamall, — og í næstum hvert skipti, sem kosningar hafa verið fyrir dyrum, hefur hann sagt það sama —, að hann mundi ekki sjást hér oftar. En nú vonast ég eftir, að við sjáum hann aftur heilan hér á næsta þingi.

Óska ég forseta svo allra heilla og góðrar heimferðar, þegar hann fer heim til síns heimilis.

Forseti (EÁrna): Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir hans hlýju orð í minn garð, og jafnframt öllum hv. þdm. fyrir þá viðurkenningu, sem þeir hafa sýnt, og allt samstarfið.

Segi ég svo fundi slitið.

b. Í neðri deild.

Á 82. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (JörB): Starfi deildarinnar er nú lokið að þessu sinni.

Ég vil þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir, hvað þeir hafa gert mér auðvelt allt mitt starf hér í þessari deild nú, eins og svo oft áður, og um leið óska ég þeim allra heilla og blessunar á komandi tíð. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég vil leyfa mér í nafni þingdeildarmanna að þakka hæstv. forseta fyrir hans röggsamlegu fundarstjórn. Það er rétt, að þetta hans virðulega hlutverk hefur stundum verið erfiðleikum bundið.

Ég óska honum góðrar heimferðar og heimkomu og vil láta í ljós þá ósk mína, að við megum allir hittast hér heilir á næsta þingi, og þá mun hann áreiðanlega taka aftur við sínu virðulega embætti, með samþykki allra þingdeildarmanna.

Forseti (JörB): Vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir hans hlýju orð í minn garð og óska honum allra heilla og blessunar, og endurtek ósk mína til allra hv. þingdeildarmanna.

Segi ég svo fundi slitið.

X. Þinglausnir.

Á 30. fundi í Sþ., 17. júní, las forseti eftirfarandi yfirlit um störf Alþingis:

Þingið hefur staðið frá 15. febr. til 17. júní, **eða samtals 123 daga.**

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	82
- efri deild	83
- sameinuðu þingi	30
Alls	195 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild		25	
b. — — efri deild		12	
c. — — sameinað þing		2	
		—	39
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild		62	
b. — — í efri deild		36	
		—	98
			— 137

Þar af:
a. Afgreidd sem lög:
Stjórnarfrumvörp 33
Þingmannafrumvörp .. 55
— alls 88 lög
b. Felld:
Þingmannafrumvörp ... 2
c. Afgr. m. rökst. dagskrá:
Þingmannafrumvörp ... 4
d. Ekki útrædd:
Stjórnarfrumvörp 6
Þingmannafrumvörp ... 37
137

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í neðri deild 9
b. — — í efri deild .. 3
c. — — í samein. þ. . 22
— 34

Þar af:
a. Þingsályktanir afgr. til stj.:
1. Ályktanir Alþingis 11
2. Ályktanir efri deildar . 2
3. Ályktanir neðri deildar 6
— alls 19 þál.
b. Afgr. með rökst. dagskrá: 1
c. Vísað til ríkisstj. 1
d. Ekki útræddar 13

III. Fyrirspurn:

Borin fram í efri deild 1 1
Kom ekki til umræðu.

Mál til meðferðar í þinginu alls 172

Síðan mælti

forseti (HG): Störfum þessa Alþingis er nú lokið. Það er hið 56. löggjafarþing, en 71. samkoma frá því Alþingi var endurreist. Frá stofnun Alþingis eru liðin 1011 ár, en 679 frá því Ísland játaðist undir yfirráð erlends konungs. Eitt ár er liðið síðan meðferð hins æðsta valds í málefnum ríkisins var aftur flutt inn í landið, og nú segir í fyrsta sinn kjörinn íslenzkur ríkisstjóri Alþingi slitið.

Aldrei hefur Alþingi verið háð við slík skilyrði sem nú. Erlendur her situr í landinu, en utan við valdssvið íslenzkra laga og býr við sjálftekinn rétt. Að vísu eru hersveitir þessar frá þjóð, sem jafnan hefur sýnt okkur Íslendingum fullan vinskap og lítur svipuðum augum og við á gildi lýðræðis og rétt smárra þjóða til þess að ráða sér sjálfar. Stjórn setuliðsins hefur og lýst yfir því, að hún muni á engan hátt hafa afskipti af íslenzkum málefnum og vilji virða rétt vorn í hvívetna. Skal sá vilji ekki vefengdur. En heitorð þetta er bundið því skilyrði, að eigi fari í hága við hernaðarlega nauðsyn. Og mat slíkrar nauðsynjar er á valdi herstjórnarinnar, en ekki Íslendinga. Við eigum ekki annars úrkosta en að vænta þess, að réttsýni og drengskapur þeirra, er herstjórnina hafa, sé slíkur, að þeir misbeiti eigi þessu valdi, og þá ekki síður hinu, að hver Íslendingur gæti jafnan þeirrar skyldu að gefa ekkert réttmætt tilefni til afskipta af íslenzkum málefnum.

Stórveldastyrjöldin hefur nú geisað í nærfellt 2 ár. Æ fleiri þjóðir dragast inn í þennan hildarleik og verða að láta frelsi og sjálfsforræði eftir dýrar fórnir. Átökin harðna stöðugt. Átakasvæðið færist nær og nær. Í 13 mánuði hefur herlið annars aðila ófriðarins dvalið hér. Hinn aðilinn hefur lýst yfir því, að landið sé innan hernaðarsvæðisins, lagt blátt bann við öllum siglingum að því og frá og hótað að tortíma hverjum þeim, sem freistar að brjóta það bann. Tugir sjómanna hafa verið skotnir vopna- og varnarlausir og án fyrirvara. Flugvellir og afgreiðslustöðvar skipa er að okkur fornspurðum byggt hér í þarfir setuliðsins. Flugvélar hins ófriðaraðilans sjást öðru hverju sveima yfir landinu, svo honum er sýnilega kunnugt um þessar framkvæmdir. Tundurduflum hefur verið lagt nálægt ströndum landsins og fiskimiðum þess þar með lokað. Íslenzkir borgarar hafa verið teknir og fluttir úr landi, þar á meðal einn, sem á setu á þessu Alþingi, og útgáfa íslenzks blaðs verið stöðvuð, allt án þess að málin hafi verið borin undir íslenzka dómstóla. Stjórnarvöld ríkis og bæja hafa gert ráðstafanir til þess að flytja börn og konur úr þeim bæjum, þar sem hættan við loftárásir er talin mest, og sveitir manna eru æfðar við björgunarstörf, til þess að liðsinna særðu fólki og draga úr tjóni af völdum slíkra árása. Enginn veit, hvað hans bíður næsta dag. Allt er í óvissu, öryggi og afkoma.

Aldrei hafa viðfangsefni Alþingis verið vandasamari en nú. Aldrei hafa starfsskilyrði þess verið erfiðari en nú. En eins og hver einstaklingur verður að rækja dagleg störf og skyldur, þrátt fyrir óvissu og öryggisleysi, á sama hátt verður Alþingi að rækja sín störf, gegna sínum skyldum.

Það hefur orðið hlutskipti þessa Alþingis að meta það og úrskurða, hvort unnt væri að láta fram fara almennar alþingiskosningar í samræmi við tilgang stjórnarskrár og kosningalaga við þau skilyrði, sem nú eru fyrir hendi. Alþingi gat ekki vísað þeim vanda frá sér án þess að bregðast skyldu sinni. Í stjórnarskrá Íslands eru engin ákvæði um það, að víkja megi frá hinum almennu fyrirmælum um þetta efni, þótt svo sé ástatt sem nú er. En það er viðurkennd réttarregla, að nauðsyn sé lögum ríkari. Mat Alþingis varð á þá leið, að eigi væri fært að treysta því, að kosningar gætu fram farið með eðlilegum hætti eða í samræmi við tilgang stjórnarskrárinnar og anda lýðræðisins, og úrskurður þess sá, að því skyldi fresta almennum alþingiskosningum fyrst um sinn og framlengja núverandi kjörtímabil, þar til ástæður breytast þannig, að fært þykir að láta kosningar fara fram. Það er einlæg von okkar alþingismanna allra, að þess verði sem skemmst að bíða.

Þegar Alþingi tekur upp störf samkvæmt ályktun þessari, verður það að sjálfsögðu, ef gerðir þess verða vefengdar, að hlíta úrskurði dómstóla landsins um það, hvort hér hafi verið lengra gengið en heimilt var og rétt og nauðsyn krafðist.

Og þess verður að vænta, meðan almennar alþingiskosningar hafa eigi fram farið, að Alþingi gæti þess jafnan vandlega að breyta ekki grund-

vallaratriðum löggjafar eða framkvæmdavalds í landinu, nema ótvíræða, knýjandi nauðsyn beri til.

Skal þá vikið að öðrum þingstörfum.

Síðasta ár og það, sem er af þessu verður að teljast mjög hagstætt að því er snertir fjárhagsafkomu ríkisins og landsmanna yfirleitt. Þrátt fyrir siglingaörðugleika og margvíslegar hættur hefur tekizt að flytja út afurðir þjóðarinnar og að afla henni nægilegra nauðsynja til lífsþarfa og til framleiðslustarfseminnar. Verður þeim, sem hafa lagt líf í hættu við þessi störf og náð slíkum árangri, seint fullþakkað.

Verðlag á þýðingarmestu útflutningsvöru okkar, fiskinum, hefur verið hátt, aflabrögð yfirleitt góð eða sæmileg, og fjárhagslegur árangur af starfsemi landsmanna í heild því mjög góður, jafnvel þótt tillit sé tekið til hækkunar á verði aðfluttra vara.

En hins er ekki að dyljast, að allt er í óvissu um framtíðina, og margt bendir til, að í þessum efnum sé breyting í vændum og erfiðir tímar framundan, einnig á þessu sviði. Verðlag innan lands fer stöðugt hækkandi, og mjög hefur á flestum sviðum dregið úr þeim framkvæmdum, sem í eru varanleg verðmæti. Ekki hefur reynzt kleift að fylla þau skörð, sem orðið hafa á skipastól okkar, þótt nægilegt laust fé sé fyrir hendi. Er það nú eitt höfuðviðfangsefnið, sem framundan er, hversu bezt megi verja þessu lausa fé þjóðinni til frambúðarnytja.

Hinar auknu tekjur atvinnufyrirtækja og einstaklinga hafa gert Alþingi fært að breyta skattalöggjöfinni mjög verulega í þá átt að létta skatta á þeim, sem hafa lágar tekjur eða miðlungstekjur, og tryggja þó ríkissjóði um leið rýmri fjárhag. Jafnframt hefur Alþingi gert ráðstafanir til þess, með ákvæðum hinna nýju skattalaga um nýbyggingarsjóð, að allmikill hluti hinna hærri tekna verði lagður til hliðar til endurnýjunar og aukningar framleiðslutækjanna, og verði þannig undirstaða vaxandi atvinnu og afraksturs, en eigi eyðslueyrir.

Á sama hátt hafa hinar auknu tekjur ríkissjóðs gert Alþingi fært að sinna í ríkari mæli en áður margháttuðum verkefnum, er miða að því, að bæta afkomuskilyrði almennings og auka atvinnu í landinu til frambúðar.

Má í því sambandi nefna löggjöf um landnám ríkisins og jarðakaup vegna kauptúna og sjávarþorpa, ásamt stofnun lánadeildar smábýla, aukningu á starfsfé fiskveiðasjóðs Íslands og veðdeildar Landsbankans. Enn fremur breytingu á lögum um verkamannabústaði, um byggingar- og landnámssjóð og stóraukin framlög til allra þessara framkvæmda, svo og til nýbýla og endurbyggingar sveitabæja.

Framlög ríkisins til alþýðuskóla, svo sem gagnfræðaskóla, héraðsskóla, ungmennaskóla, húsmæðraskóla og annarra, sem ekki eru eign ríkisins, hafa og verið aukin til stórra muna. Þá hefur Alþingi og afgreitt ný lög um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum og breytt nokkuð eldri lögum um sams konar fræðslu í sveitum og loks heimilað ríkisstjórninni að leggja fram þegar á næsta ári hálfa milljón króna til byggingar sjómannaskóla. Er þess að vænta, að ríkisstjórnin sjái sér fært að nota þessa heimild og að þessi stétt fái nú skóla, sem er henni samboðinn. Þá hefur og verið breytt lögum um háskóla Íslands, og ákveðið að láta fram fara endurskoðun á skólamálum landsins í heild.

Sýnir þetta, að Alþingi er ljós nauðsyn þess að hlúa sem bezt að uppeldis- og fræðslustarfsemi í landinu, engu síður en að bæta atvinnuskilyrði og auka framleiðsluna.

Vegna sívaxandi dýrtíðar og aukinnar áhættu við siglingar og sjóferðir allar, hefur Alþingi talið nauðsynlegt að gera víðtækar breytingar bæði á alþýðutryggingalögunum og lögum um stríðsslysatryggingu sjómanna og auka verulega framlag til þeirra mála. Ákveðin hefur verið undirbúningsrannsókn almennra persónutrygginga gegn slysum af völdum ófriðarins og ný löggjöf afgreidd um ófriðartryggingar fasteigna og lausafjár. Þá hefur Alþingi einnig ákveðið með lögum, að greidd skuli full verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna og á lífeyri og eftirlaun fyrir opinbera þjónustu. Enn fremur hefur Alþingi falið ríkisstjórninni að hefja undirbúning að almennri löggjöf um orlof verkafólks og láta fram fara athugun á því, hverjar ráðstafanir þurfi að gera til þess, að slík leyfi komi hlutaðeigendum að sem beztum notum. Er hér um merkilegt nýmæli að ræða.

Að sjálfsögðu hefur eigi verið unnt að auka svo framlög ríkissjóðs til margháttaðra framkvæmda sem gert hefur verið, án þess að hækka fjárlögin. Alþingi hefur eigi talið fært að lækka framlög til almennra verklegra framkvæmda, heldur hljóta þau að aukast vegna hækkandi verðlags. Hið sama er að segja um lögboðin gjöld og kostnað allan við starfsemi ríkisins. Þarf því engan að undra, þótt fjárlög þau, sem Alþingi afgreiddi að þessu sinni, séu hærri en verið hefur.

Eitt síðasta verk Alþingis var að veita ríkisstjórninni heimildir til þess að gera margháttaðar ráðstafanir í því skyni að stöðva eða draga úr hækkun verðlags í landinu og að innheimta sérstök gjöld til þess að standast kostnað af þeim. Er hér um óvenju víðtækar heimildir að ræða, enda mikil nauðsyn að koma í veg fyrir sívaxandi dýrtíð og þær afleiðingar, er henni hljóta að verða samfara. Það er von Alþingis, að ríkisstjórninni lánist að halda svo á þessum málum, að tilgangi laganna verði náð.

Nokkrir kunna að líta svo á, að Alþ. hafi sýnt of mikinn stórhug og jafnvel ofrausn í meðferð fjármálanna og að meiri varúðar hafi verið þörf, einkum þegar tillit er tekið til þeirrar óvissu, sem framundan er. En grundvöllur stórra framkvæmda, hvort heldur er í verklegum eða andlegum efnum, er trúin á landið og þjóðina, sem byggir það, — trúin á vilja og mátt þjóðarinnar til þess að bæta lífskjör sín og menningu, — trúin á það, að þjóðin sé þess megnug að afla mikils úr skauti moldar og á miðum úti og kunni að nota rétt fenginn afla. Og verður því fé, sem nú hefur borizt í hendur þjóðarinnar umfram daglegar þarfir, annan veg betur varið en til þess að treysta grundvöllinn undir framtíðarstarfsemi þjóðarinnar?

Á Alþingi hinn 10. apríl 1940 var ákveðið, að

Ísland tæki að svo stöddu í sínar hendur meðferð allra sinna mála, enda gat Danmörk þá eigi farið með þau mál, sem hún tók að sér að fara með í umboði Íslands með sambandssamningi Íslands og Danmerkur frá 1918.

Enn er þetta ástand, að liðnum 14 mánuðum, óbreytt. Ísland og Danmörk eru á valdi andstæðra styrjaldaraðila. Enn er með öllu óframkvæmanlegt hið stjórnarfarslega samband milli landanna samkv. sambandslagasáttmálanum.

Alþingi hefur því ályktað að lýsa yfir því:

að það telur Ísland hafa öðlazt rétt til fullra sambandsslita við Danmörku,

og enn fremur því,

að af Íslands hálfu verði ekki um að ræða endurnýjun á sambandslagasáttmálanum, þótt ekki þyki að svo stöddu tímabært, vegna ríkjandi ástands, að ganga frá formlegum sambandsslitum og endanlegri stjórnarskipun ríkisins, enda verði því ekki frestað lengur en til styrjaldarloka.

Hinar sömu ástæður, er komu í veg fyrir það, að Danmörk gæti farið með málefni Íslands samkvæmt sáttmálanum, voru þess á sama hátt valdandi, að konungi vorum var ókleift að fara með þau mál, er honum bar að fara með samkvæmt stjórnarskrá ríkisins.

Samkvæmt ályktun Alþingis sama dag hefur því ráðuneyti Íslands síðan farið með vald konungs hér á landi.

Alþingi hefur nú ályktað að kjósa sérstakan ríkisstjóra, er fari með æðsta vald í málefnum Íslands, þar til gengið verður frá endanlegri stjórnarskipun ríkisins. Alþingi hefur einnig sett lög um störf og skyldur ríkisstjóra og í dag kosið herra Svein Björnsson til þess að gegna þessu starfi til jafnlengdar næsta ár. Tók hann við embætti á Alþingi í dag.

Loks hefur Alþingi ályktað að lýsa yfir þeim vilja sínum, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi jafnskjótt og sambandinu við Danmörku verður formlega slitið.

Þessar ályktanir Alþingis þurfa engra skýringa við. Þær tala sínu máli.

En á þessum merkilegu tímamótum er þess gott að minnast, að sambúð íslenzku þjóðarinnar og dönsku þjóðarinnar hefur jafnan verið góð og stöðugt batnandi, síðan sáttmáli þjóðanna var gerður fyrir 23 árum. Samtímis því, sem hin stjórnarfarslegu bönd milli þjóðanna urðu lausari og færri, jókst vináttan og samvinna á mörgum sviðum. Það er von mín og einlæg ósk, að svo megi aftur verða, þegar þeim ógnum linnir, sem nú ganga yfir heiminn. Sterkar taugar margháttaðra samskipta, frændsemi og sameiginlegrar norrænnar arfleifðar hljóta ávallt að tengja þessar þjóðir saman og þær báðar við hinar aðrar þjóðir Norðurlanda.

Eins og danska þjóðin og forráðamenn hennar hafa virt sáttmálann í hvívetna og við hann staðið, meðan fært var, eins höfum við Íslendingar viljað virða sáttmálann á allan hátt og engum skyldum bregðast. **En rétt okkar viljum við eiga, fullan og óskoraðan.**

Ég leyfi mér að bera fram þakkir Alþingis til sambandsþjóðarinnar og forráðamanna hennar fyrir síðustu áratugi, og þá um leið fyrir hlý orð forsætisráðherra hennar í okkar garð nú fyrir skemmstu.

Hans hátign Kristján konungur hinn 10. hefur farið með æðsta vald í málefnum Íslands nærfellt þrjá tugi ára. Á þessu tímabili hafa orðið miklar og merkilegar breytingar á lífi þjóðarinnar og háttum. Stórstígar framfarir á flestum sviðum. Þróttur þjóðarinnar og trú hennar á sjálfa sig og land sitt hefur aukizt. Ég veit það af orðum konungs, að honum er þetta til óblandinnar gleði. Hann ann Íslandi og hefur heimsótt land og þjóð oftsinnis. Enginn þjóðhöfðingi hefur reynzt okkur Íslendingum réttsýnni en hann eða samvizkusamari. Í öllu hefur hann farið að réttum lögum. Fyrir þetta hefur konungur hlotið ástsæld þjóðarinnar og virðingu Alþingis.

Háttvirtir alþingismenn! Alþingi fær tíðast misjafna dóma. Okkur þingmönnum getur oft skeikað, eins og öðrum mönnum. Og jafnan sýnist nokkuð sitt hverjum. En í einu hefur Alþingi áreiðanlega ekki skeikað. Alþingi trúir á lífsþrótt og framtíð íslenzku þjóðarinnar, og það hagar störfum sínum eftir því. Það trúir því, að íslenzka þjóðin hafi bæði vilja og mátt til að varðveita sjálfstæði sitt, tungu og þjóðerni. Alþingi trúir því, að þjóðin sé þess megnug að hagnýta gæði okkar fagra og kostamikla lands og ríku fiskimiða og hún sé fær um að skipa svo félagsmálum sínum, að landsmenn geti allir með starfi sínu tryggt sér og sínum sæmileg lífskjör og menningu og þann rétt, sem hverjum frjálsum manni er dýrmætastur og um leið hyrningarsteinn þjóðfrelsis og lýðræðis.

Yfirlýsingar Alþingis eru ekki nægilegar til þess að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar. Og víst er það, að meðan styrjöldin geisar og erlendur her situr í landinu, skortir mjög á fullveldið. Enginn veit, hvað að höndum kann að bera, áður styrjöldinni lýkur, né hversu fer við endalok hennar. Rétt er að vænta hins bezta, en jafnframt skylt að vera við öllu búinn, jafnvel í hinni þyngstu raun. Í raun skal manninn reyna.

Í dag eru liðin 130 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Alþingi hefur leitazt við að stefna að því marki, er hann setti. Og enga ósk á ég betri íslenzku þjóðinni og Alþingi til handa en þá, að henni og því megi lánast að gera að veruleika þá hugsjón, er hann helgaði allt sitt líf og allt sitt dáðríka starf.

Að svo mæltu þakka ég öllum háttv. þingmönnum gott samstarf á þessu Alþingi. Þingmönnum þeim, er heima eiga utan Reykjavíkur, óska ég fararheilla og góðrar heimkomu.

Og öllum okkur, landsbúum, óska ég árs og friðar.

Fjmrh. (Jakob Möller): Fyrir hönd Alþingis þakka ég hæstv. forseta, fyrst og fremst þessar árnaðaróskir til þingmanna og í öðru lagi röggsamlega stjórn þingstarfa á þessu þingi, og óska ég honum sjálfum góðra sumardaga. Ég bið háttv. þingmenn að standa upp til heiðurs hæstv. forseta.

[Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (HG): Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra og þingmönnum öllum.

Ríkisstjóri (Sveinn Björnsson): Nú eru liðin 1011 ár síðan Alþingi var stofnað, og er þetta 71. samkoma, en 56. löggjafarþing frá því er Alþingi var endurreist.

Með því að Alþingi hefur nú lokið störfum sínum að þessu sinni, segi ég þinginu slitið.

Ég vil biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.

Þingheimur stóð upp, og **Ingvar Pálmason**, 2. þm. S.-M., mælti: „Lifi Ísland.“

Tóku þingmenn undir það með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.